Þingsályktunartillögur.

A.
Afgreiddar til ríkisstjórnarinnar.

1. Krafa á hendur Dönum um forngripi.

Á 4. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um að krefja Dani um forngripi (A. 36).

Á 5. fundi í Nd., fimtudaginn 12. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 13. fundi í Nd., laugardaginn 21. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg er alveg í efa um, hvort hv. þdm. muni heyra mál mitt, svo hás sem jeg er, en þótt erindi mitt verði nú ekki flutt svo skörulega sem skyldi, má enginn ætla, að málstaðurinn sje ekki jafngóður. Hygg jeg, að flestir muni mjer sammála um það, að fullilt sje til þess að vita, að margir dýrmætir hlutir og dýrmæt handrit eru horfin í önnur lönd með heimildum, sem ekki verða vjefengdar, þ. e. með gjöfum og kaupum. Er þetta að miklu leyti sjálfskaparvíti þjóðarinnar, því að hún hefir á undanförnum árum, og alt til þessa, verið svo ræktarlaus við sig og sitt, að hún hefir jafnvel viljað skafa hina goðbornu íslensku af vörum sínum, og ekki horft í að selja öðrum dýrmæta gripi til eignar sama og engu verði. Hún hefir látið þá gripi af hendi, sem ómögulegt er að vega upp með gulli nje öðrum gersemum, því þeir eru margir hverjir einstakir í sinni röð í heiminum og meira virði en nokkrir fjársjóðir, hve gildir sem eru. En þótt svo illa hafi til tekist, sýnist engin þörf á að bæta ofan á þetta tómlæti um að heimta aftur það, sem horfið er landinu á rangan hátt, og sækja heim aftur þá gripi, sem rænt hefir verið með þeim hætti, að þeir eru afturkræfir, því hjer þarf því eigi við að bæta, að leita eigi rjett-

ar síns þar sem hann er. Nú tel jeg samt allra líklegast, að margur telji þessa tillögu mína ástæðulausa og telji víst, að þar sje alt með góðum heimildum, og sje það því aðeins einhver sjerviska eða kredda úr mjer að bera fram þáltill. um að krefjast aftur fornra íslenskra muna úr dönskum söfnum. Skal jeg ekki neita, að svo hefir mjer fundist sumir taka í þetta mál. En eins og menn vita, hefir á síðari þingum einum 4—5 sinnum verið óskað eftir því, að stjórnin gerði gangskör að því að ná aftur íslenskum handritum og skjölum, sem sannanlega eru ekki eign Dana. Og veit jeg ekki betur en að stjórnin nú hafi tekið vel í það mál. Sýndist mjer því rjett, að um leið yrði krafist gripa og muna, sem með jafnlitlum heimildum eru í dönskum söfnum. En þar eð jeg bjóst við, að hæstv stjórn kynni illa við að taka þetta algerlega upp hjá sjálfri sjer, þá taldi jeg, að það væri til góðs eins, að þingið bæði hana að gera gangskör að því að krefjast aftur munanna um leið og skjalanna.

En þótt sumir líti svo á, að lítil ástæða sje til þess af minni hálfu að bera fram þessa þáltill., þá hefi jeg þá trú, að hv. þdm. muni ekki fylla þann flokk, og jeg er sannfærður um, að þeir muni sannfærast um þörf hennar, þegar jeg hefi flutt fram þau dæmi, er jeg hefi um málið. Og til þess að þagga niður andmæli, sem ókunnugir kynnu að koma með, vil jeg geta þess, að jeg bar till. fram fyrir orðastað ágæts fræðimanns, sem þekkir vel sögu vora, en fór síðan til þeirra manna, sem fróðastir eru um þessa hluti sjerstaklega, sögukennara háskólans og fornmenjavarðar. Með þeirra hjálp hefi jeg fljótlega fundið nægilega mörg og merk atriði til þess, að þingið láti rannsaka þetta mál og semja um að fá aftur muni vora. Segja allir þessir menn vert að rannsaka til hlítar, hve mikið af dýrgripum hafi hjeðan flust til annara landa, einkum Danmerkur.

Eftir skýrslu frá sagnfræðingunum verður ásælni konungs í dýrgripi hjeðan af landi þegar vart í upphafi siðskifta, á 16. öld, vafalaust þó ekki af listamannsáhuga, heldur af fjárþröng vegna herkostnaðar mikils. Kristján III. hjet á fyrirmenn landsins, einkum biskupa, að duga sjer eftir styrjöld þá, er hann hafði átt í, til þess að brjóta undir sig ríki á Norðurlöndum. Brugðust þeir allir sæmilega við því, bæði Skálholtsbiskupar (Ögmundur og Gissur) og Jón biskup Arason og enn aðrir síðar. Eru útgreiðslur þessar til konungs raktar nægilega í ritinu Menn og menntir siðskiptaaldar á Íslandi, I. bls. 246—7 og III. bls. 188—90. En um dýrgripi má geta þess, að þá fjekk konungur frá Skálholtskirkju gullkaleik, sem vá 4 merkur og 1 lóð (sbr. kvittun konungs sjálfs 6. ág. 1541 í konungsskjalabók: Register paa alle Landene 4, 10). Ægilegra miklu varð flóðið 1551, er þeir Kristófer Trondson og Axel Juul með tilstyrk Ólafs biskups Hjaltasonar rúðu Hólakirkju og þrjú klaustur í Hólabiskupsdæmi (Munkaþverár-, Möðruvalla- og Þingeyraklaustur); var það ógrynni fjár í gulli og silfri, sem þá barst konungi, eins og talið er upp í Menn og menntir III. bls. 189—90. En af dýrgripum má hjer nefna gullkaleikinn mikla frá Hólum, monstranziu með 8 glertöflum, 9 gylta kaleika með diskum, 3 krókstafi úr rostungstönn, silfurslegna, og „3 kal-

konske Nödderbeslagne med Sölv og en beslagen med Kobber". Þetta alt má rekja eftir kvittun konungs sjálfs, dags. 17. okt. 1551, í konungsskjalabók: Register paa alle Landene 5, 126.

Næst má t. d. geta þess, að af listaáhuga ljet konungur Raben aðmírál, sem hjer var stiftamtmaður, safna hjeðan gripum og fornmenjum í listasafn sitt (Kunstkammeret). Mætti sjálfsagt ýmislegt tína saman um þá söfnun. Hjer skal þó aðeins á það mint, að í fornum úttektum Skálholtsstóls er meðal annars getið minnishorna (þ. e. drykkjarhorna) allmargra. Jón biskup Vídalín, sem ekki var jafnmikill hirðumaður sem kennimaður, sendi Raben með brjefi, dags. 25. ág. 1720, 17 þessara horna; eru nú 16 þeirra í þjóðmenjasafni Dana (Nationalmuseet); eru þetta hinir prýðilegustu gripir, skreyttir og útskornir. Í sama brjefi segist Jón biskup senda Raben öxina Rimmugýgi, sem talin er eign Skálholtsstóls í úttektum stólsins frá 1674, en þó virðist öxi þessi (hvernig sem til er komin) hverfa aftur til stólsins og glatast löngu síðar, þá í eign Gríms Thorkelíns.

Loks mætti geta þess, að þegar fornfræðafjelagið, Det kongel. nordiske Oldskriftsselskab, var stofnað, var lagt nokkurt kapp á það af forstöðumönnum þess að ná hjeðan fornmenjum til Danmerkur. Mun það t. d. af þeim rótum runnið, að Valþjófsstaðarhurðin fræga lenti í höndum Dana. Hurð þessi er einn hinn merkasti forngripur og listaverk, ekki yngri en frá ca. 1200—1250. Oldnordisk Museum í Kaupmannahöfn fjekk hurðina 1851 og ljet í skiftum nýja kirkjuhurð úr eik og tvo altarisstjaka. Þegar Fornleifafjelagið íslenska var stofnað, gaf Oldnordisk Museum til forngripasafnsins eftirlíking af hurðinni úr gipsi, í fullri stærð.

Sami maður upplýsir, að Norðmenn mættu gjarnan skila oss drykkjarhorni Eggerts lögmanns Hannessonar, hinum mesta dýrgrip. Í Saurbæjarráninu mikla 1579, er Eggert var ræntur, hefir hann og mist hornið. Það er nú í Kunstindustrimuseet í Osló.

Þetta er um eldri tímann, en það, sem jeg hefi flest dæmi um, er tíminn eftir að fornmenjanefndin var skipuð, 22. maí 1807, sbr. Lovsaml. f. Isl. VII. bls. 131: Reskript til Overhofmarschal Hauch m. fl., ang. Oprettelse af en Commission for Oldsagers Opbevaring. Þar geta menn lesið, hvað nefndin átti að gera, því að þótt Ísland sje að vísu ekki nefnt við nefndarskipunina, þá er tekið fram, að sjerstaklega eigi að láta presta safna saman og gefa skýrslur um stórfeld minnismerki, sem ekki verði flutt, og varða, sem ekki verði hreyfðir. Var þó ekkert hafst að í málinu fyr en 1817, því að eins og menn muna, kom upp á sama tíma stríðið milli Dana og Englendinga, sem ekki lauk fyr en með Kielarfriðnum. Eftir það kemur frá þessari nefnd umburðarbrjef til ýmsra embættismanna á Íslandi um forngripi o. fl., dags. 5. apr. 1817, sbr. Lovsaml. f. Isl. VII. bls. 658, og fylgir brjefinu skrá um þær fornaldarleifar, sem nefndin óskar skýrslna um. Vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa skrána upp, því ekki er víst, að öllum sje bókin kunn, þótt hv. þdm. hafi aðgöngu að henni í þingbókasafninu. Skráin hljóðar svo:

„FORNALDAR-LEIFAR, um hverjar hin konúnglega nefnd til þeirra við-

urhalds óskar sér tilhlýðilegrar skýrslu.

1) Haugar eður fornmanna-leiði, sérílagi þeir, er hafa það sköpulag, er sýnir berlega, að þeir sé af mönnum gjörðir — eður að lík hafi verið í þeim skiplögð, ellegar þeir sem eru eður hafa verið umkríngdir með settum steinum — svo og mannagrafir eður stein-þrór, er finnast kynnu á víðavangi. [Aðgætandi er við opnun slíkra hauga, að gröfin ei sé gjörð beint frá toppnum, þar stórar hellur oftastnær liggja yfir byrginu sjálfu, heldur ættu menn þá helzt að grafa op á austur-eður suðurhlið haugsins]. — 2) Stórir steinar eður klettar, sem líklegt er að reistir sé af mönnum, eður önnur mannaverk sé á. Hér til heyra í Íslandi þau svokölluðu Grettistök. Nefndin æskir sér greinilegrar skýrslu um slíkra steina afstöðu, tölu, stærð og sköpulag, hvarvið og ætti að aðgætast, hvort þeir efri steinar, er liggja á undirstöðu klettum, ekki megi hrærast, ef fastlega er á þeim tekið, og þannig leiki á nokkurskonar völturum. Nokkrir slíkir klettar voru í heiðni kallaðir hörgar. Sérílagi óskast greinileg skýrsla um þá svokölluðu blótsteina á fornum hof- eður þíngstöðum — og um aðrar heiðindómsins leifar, er ennþá kynnu meinast að vera til. — 3) Fornir þíngstaðir eður dómhríngar á víðavángi, er fyrrum hafa verið umkríngdir með steinum eður veböndum í hríng eður ferkant. Þessháttar leifar finnast líklega enn í dag á Þórsnesi í Snæfellssýslu. — 4) Rúnasteinar, eður steinar, á hverjum fornir rúnastafir eru eður hafa verið sjáanlegir, hvar helzt sem þeir finnast kunna, hvort sem steinarnir eru heilir eður brotnir. Flestir rúnastafir eru þannig útlítandi:

(Rúnaletur).

Stundum finnast slíkar ritgjörðir í hellrum og á stórum björgum. — 5) Sömuleiðis aðrar fornar, grafnar eður úthöggnar ritgjörðir með rúnum, höfðaletri eður öðrum lítt kunnum stöfum, í kirkjum, kirkjugörðum eður annarstaðar, á trjá- eður málm-smíði, klukkum, kaleikum, skírnarfötum o. s. frv. — eins þótt þær sé ofnar eður saumaðar á höklum, altarisklæðum, veggjatjöldum o. s. frv. — Höfða- eður múka letur er nokkurskonar settaskrift, snúin eður köntuð á undarlegan hátt. — 6) Gamlar myndir og bílæti, af hverju efni sem vera kunna, hvort heldur þau eru tálguð, grafin, úthöggvin eður útskorin, máluð, ofin eður saumuð. — 7) Allskyns leifar úr pápiskri öld, t. d. krossmörk, helgra manna myndir, reykelsis- eður vígsluvatns-ker, paxspjöld eður altarissteinar, pergamentsskjöl eður bækur, o. s. frv. — 8) Rústir eður leifar af fornmannabyggingum, er á einhvern hátt kynnu að virðast merkilegar, sérílagi af virkjum, málm- eður rauða-smiðjum, undirgaungum, o. s. frv. — 9) Allt hvað upp er grafið eður héreptir kann að uppgrafast úr jörðu eður haugum, t. d. vopn úr steinum eður málmi, herklæði, hríngar, festir, nisti, verktól, drykkjareður blástrarhorn, bikarar, myntir eður peníngar, bílæti o. s. frv. — 10) Sögusagnir meðal almúgans um fornmenn (aðrar en þær sem til eru í rituðum sögum), merkileg pláz, fornan átrúnan eður hjátrú á ýmsum hlutum, sérlega viðburði o. s. frv., einkum nær þær viðvíkja slíkum fornaldarleifum.

Um alla þessháttar hluti, hvar sem þeir eru, hvort heldur þeir geymast í kirkjum, eður annarstaðar, og hverjum sem þeir kunna til að heyra, væntir hin fyrrtéða nefnd, að henni eptir konúnglegri fyrirskipan tilsendist þær eptiræsktu skýrslur, svo fljótt sem skeð getur, ritaðar á íslenzku, dönsku eður latínu, á viðlagt blað, í innsigluðum bréfum hingað til Kaupmannahafnar með þessari utanáskrift: „Til den kongelige Commission for Oldsagers Opbevaring i Kjöbenhavn".

Þessar skýrslur voru nú gefnar, og eftir fyrirskipun nefndarinnar var henni síðar sent m. a.:

1819: Kirkjutjald (refill) úr Hvammskirkju í Dalasýslu.
Altarisklæði úr Kálfafellskirkju.
Korporalhús frá sama stað.
Altarisklæði úr Reykjahlíðarkirkju.
Altarisklæði úr Höfðakirkju.
1820: Altarisklæði úr Stafafellskirkju.
1822: Kaleikur og patína úr Eiðakirkju.
1823: Helgidómaskrá úr Keldnakirkju.
1826: Altarisd., brún og klæði frá Miklabæjarkirkju.
1828: Ýmsir kirkjugripir frá Hvammi í Norðurárdal.
1844: Legsteinar 4 með rúnum.
1850: Altarisklæði frá Hálsi.
1855: Altarisklæði frá Völlum.
1856: Kirkjugripir úr Hóladómkirkju.

Auk þessara gripa voru nefndinni sendir ýmsir aðrir dýrmætir kirkjugripir og forngripir, og eru þeir nú allir í þjóðmenjasafninu í Kaupmannahöfn (Nationalmuseet), flestir í 2. deild þess.

Þessi dæmi, sem jeg nú hefi talið eftir fróðra manna sögu, sýna ótvírætt, að vjer eigum marga dýrmæta gripi í dönskum söfnum, sem þangað hefir verið komið til geymslu.

Þetta er alt saman íslensk eign, íslenskir gripir. Konungur Íslands hefir ekki rjett til þess að gefa Danmörku þessa eign. Rjetturinn frá Íslands hálfu er ótvíræður.

Allir vita, sem lesið hafa um Kílarfriðinn, að þegar samið var milli Danmerkur og Svíþjóðar, voru gerð ákvæði um Noreg og Ísland, sem enga þýðingu eða gildi hafa fyrir þau ríki. Tvö óviðkomandi ríki geta ekki samið um þriðja ríki svo að gilt sje. Það liggur í augum uppi, að jeg get t. d. ekki samið við sessunaut minn um hús ráðherrans þarna, og er það þó engu fráleitara en hitt. Þarf raunar ekki að rökstyðja þetta, það er svo augljós hlutur og viðurkent um allan heim. Má nefna sem dæmi frá Dönum sjálfum, að í friðarsamningunum milli Þýskalands og Austurríkis voru ákvæði um Danmörk, sem alls ekki voru uppfylt. En Danir gátu einskis krafist, af því að þeir voru eigi samningsaðili. Eru auðvitað mörg fleiri dæmi til, þó að jeg nefni þetta, af því að það er kunnugt. Að alþjóðalögum er það, sem fram fer frá 1814—1918, óskuldbindandi fyrir Ísland. Segi jeg þetta sem athugasemd, en ekki af því, að mjer detti í hug, að slíku þurfi að beita í væntanlegum samningum. Jeg efa ekki, að gripum vorum verði skilað með góðu geði, þegar sýnt er með rannsókn, hvað oss ber. Þetta er ekki nema sjálfsögð sanngirniskrafa, og mjer dettur ekki í hug, að Danir sýni oss neina tregðu í þessu máli. Þeir hafa ótilkvaddir skilað merkilegum grip til Finnlands, og vænti jeg þess, að þeir komi ekki ver fram gagnvart Íslandi.

Jeg bið háttv. þingmenn að minnast þess, að það, sem jeg hefi talið, eru aðeins nokkur dæmi frá fræðimönnum. Eflaust er hjer um að ræða miklu fleira, sem í ljós kemur við rannsókn málsins.

Jeg sje þá ekki ástæðu til, í byrjun, að fara fleiri orðum um þetta mál, það er svo sjálfsagður hlutur, að það nái fram að ganga. Vænti jeg þess, að þingið veiti stjórninni nauðsynlegan stuðning og stuðli þannig að því, að gripir þessir fái sitt rjetta heimilisfang. Hjer kemur ekki til greina neitt vanþakklæti við Dani, sem geymt hafa hlutina. Þeir eiga að sjálfsögðu til engrar skuldar að telja þess vegna.

Jeg vona, að hv. þm. samþykki þáltill. og hvetji stjórnina, ef umræður verða, til þess að leggja áherslu á að fá sem flest af þessum dýrgripum heim aftur.

Forsætisráðherra (JM): Það er sjálfsagt, að stjórnin láti rannsaka þetta mál. Það hefir annars komið til orða hjá lögjafnaðarnefndinni, og vona jeg, að stjórnin geti haft aðstoð hennar í málinu. Finn ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta að svo komnu.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg tel óþarft að fara mikið fleiri orðum um till. en hv. aðalflutningsmaður (BJ) hefir gert. Hann hefir talað fyrir þessu máli mjög vel, og er jeg honum þakklátur fyrir hin mörgu og merkilegu gögn, sem hann hefir lagt fram. En jeg vildi leyfa mjer að vekja máls á öðru, sem að vísu heyrir ekki undir þetta mál, en er þó náskylt.

Á síðasta þingi var afgreidd þingsályktunartillaga um endurheimt íslenskra skjala úr dönskum söfnum, og var stjórninni falið að annast málið. Vil jeg nú leyfa mjer að spyrja hæstv. forsrh. (JM), hver árangur hefir af þessu orðið. Tel jeg skyldu mína að krefjast vitneskju um, hvernig tekist hefir í þessu máli.

Það var Alþingi 1907, sem fyrst bar fram kröfu í þessa átt, svo segja má, þó öll sanngirni sje viðhöfð, að biðin sje orðin nokkuð löng.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hefi ekkert á móti því, að minst sje á þetta mál um leið, því að það er hinu skylt. En af því er það að segja, að lögjafnaðarnefndin tók það til umræðu á fundi sínum í sumar er leið, eftir tilhlutun minni. Mun nefndin taka málið til meðferðar á næsta fundi sínum, og er þá ráð fyrir því gert, að hún fái sjerfróða menn sjer til aðstoðar. Jeg hygg, að ekki sje hægt að saka núverandi stjórn um neitt tómlæti í málinu. Vona jeg eftir góðum árangri af þeim ráðstöfunum, er þegar eru gerðar í þessu efni.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg get þakkað hæstv. forsrh. (JM) svarið. Læt mjer það nægja í bili. En mjer virðist, að ekki hafi verið annað gert í málinu en að ráðgera að senda mann til Kaupmannahafnar til rannsókna.

Jeg verð að segja, að þetta þykir mjer alt of mikill seinagangur.

Árið 1907 fól Hannes Hafstein dr. Jóni Þorkelssyni að rannsaka þetta mál, og skrifaði þá dr. Jón um það mjög merkilega skýrslu. Síðan hefir lítið verið gert, en svo má ekki vera lengur. Úr þessu verður eitthvað að fara að ganga í málinu.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 74).

2. Kleppshæli og landsspítali.

Á 38. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um viðbótarbyggingu við geðveikrahælið á Kleppi og byggingu landsspítala (A. 236).

Á. 39. fundi í Ed., fimtudaginn 26. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 51. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. apríl, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vil leyfa mjer að mælast til þess, að hæstv. forseti taki málið af dagskrá, þar eð nú standa sem hæst samningaumleitanir við stjórn landsspítalasjóðsins.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Ed., fimtudaginn 16. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr. (A. 236, 337).

Flm. (Halldór Steinsson): Greinargerðin fyrir þessari tillögu getur varla verið styttri en hún er, enda hafði jeg hugsað mjer að skýra efni tillögunnar nokkru nánar við þessa umræðu.

Tillagan er í tveimur liðum, og mun jeg fyrst víkja að fyrri liðnum.

Þegar geðveikrahælið á Kleppi var reist, var gert ráð fyrir, að það ætti að rúma 40—50 sjúklinga. En það voru ekki liðin mörg ár, þegar reynslan hafði sýnt, að hælið var alt of lítið fyrir geðveika menn hjer á landi. Það var þá farin sú leið, sem farin hefir verið á síðari árum við flest stærri sjúkrahús landsins, að taka inn á þau fleiri sjúklinga en rúm leyfði og ætlast hafði verið til upphaflega. Þetta er í sjálfu sjer mjög varhugavert og æskilegast, að til þess þyrfti ekki að taka. En þrátt fyrir það, þó að hælið á Kleppi hafi á síðari árum verið yfirfullt, með upp undir 70 sjúklinga, þá hefir það samt sem áður ekki nándar nærri getað fullnægt þörfinni. Margir geðveikir menn hafa orðið út undan og ekki komist þar að, til mikilla óþæginda og örðugleika fyrir aðstandendur þeirra.

Það eru tvær aðalástæður fyrir nauðsyn þessarar byggingar, og hvor þeirra um sig svo veigamikil, að þótt ekki væri nema um aðra að ræða, yrði ekki komist hjá því að taka hana til greina. Önnur ástæðan er hinir miklu erfiðleikar á að koma geðveikum mönnum fyrir utan hælis og hinn gífurlegi kostnaður, sem því er samfara. Þessir sjúklingar geta með rjettu kallast olnbogabörn þjóðarinnar, að því leyti sem flestir heilbrigðir vilja losna við návist þeirra. Og þeir fáu, sem fást til að vera samvistum við þá, gera það varla fyrir nema ærna borgun. Það mætti nefna mörg dæmi þess, að árs-

dvöl þessara sjúklinga hefir kostað hreppsfjelögin, sem venjulega verða að taka þá á sína arma, svo þúsundum króna skiftir, og ef margir slíkir sjúklingar eru í einu í einhverju hreppsfjelagi, þá getur það hreint og beint orðið til þess að sliga það fjárhagslega.

En það er ekki nóg með það, að kostnaðurinn sje mikill við uppihald þessara sjúklinga, heldur er hitt enn verra, að það reynist oft ómögulegt að koma þeim fyrir, hvað sem í boði er. Jeg gæti nefnt nokkur dæmi úr mínum praxis þessu til sönnunar. Í einu tilfelli reyndist algerlega ómögulegt að koma geðveikri manneskju fyrir, og hafði hreppsnefndin þá ekkert annað ráð en að ganga með hana frá einu heimili til annars og setja hana niður dag eða daga í bili, til mestu skapraunar og óþæginda fyrir þá, sem fyrir því urðu.

Í öðrum tilfellum hefir það komið fyrir, að það hefir orðið að byggja hús eða leigja yfir eina geðveika manneskju, og fá svo stundum hjúkrun á henni annarsstaðar að, dýru verði keypta. Auk hins mikla kostnaðar, sem þessu er samfara, getur það tæplega talist forsvaranleg meðferð á sjúklingnum, eins og jeg mun síðar víkja að. Svipaðar sögur og þessar má sjálfsagt segja úr flestum læknishjeruðum landsins.

Þetta er nú kostnaðarhliðin á þessu máli, sú hlið, sem veit að aðstandendum sjúklinganna.

Þá kem jeg að hinni aðalástæðunni, sem er líknar- og mannúðarhliðin á þessu máli.

Af því að flestir vilja losna við þessa aumingja og af því að svo erfitt er að koma þeim fyrir, þá leiðir það til þess, að menn verða oft að sætta sig við misjafna og miður góða staði fyrir þá, heldur en að láta þá deyja úti á klakanum.

Þessir sjúklingar geta talist skynlitlir eða skynlausir, en samt megum við, sem taldir erum „normal" á geðsmunum, ekki fara með þá eins eða jafnvel ver en skynlausar skepnur, því að þó að þá bresti skynsemi eftir okkar mælikvarða, þá hafa þeir þó tilfinningar og þær oft í ríkum mæli. Þess vegna er það einmitt afar áríðandi að beita mestu nákvæmni og samviskusemi við þessa menn, ekki aðeins vegna þess, að með því er fengin meiri trygging fyrir bata þeirra, heldur einnig, þótt um engan bata væri að ræða, af hreinni og beinni mannúðarskyldu. Mjer þætti þakkarvert að sjá kúlu skotið í gegnum höfuðið á þessum aumingjum, heldur en að sjá þá vera hrakta eins og skepnur frá einum stað í annan, alstaðar óvelkomna, alstaðar til ama, og meðferðin þá stundum í samræmi við þetta tilfinningarleysi um kjör þeirra.

Þessar ástæður, sem jeg nú hefi nefnt, gera það óumflýjanlegt, að landið eigi nægilega stórt geðveikrahæli, og það getur tæplega talist afsakanlegt af þingi og stjórn að hafa dregið fram á þennan dag að koma þessu máli í framkvæmd.

Þá vil jeg snúa mjer að seinni lið tillögunnar, landsspítalanum. Jeg ætla mjer ekki að fara langt út í sögu þess máls, því að hún mun hv. þm. kunn.

Um og eftir síðustu aldamót fóru að heyrast ýmsar raddir um það, að nauðsyn bæri til þess að reisa landsspítala, og víst er um það, að þá þegar var flestum læknum landsins sú nauðsyn ljós, og margir þeirra fundu sárt til

spítalavöntunar. En þó að þessar raddir og kröfur heyrðust við og við á fyrsta tugi aldarinnar, þá voru þær þó ekki fluttar með þeirri alvöru og festu, sem hverju máli er nauðsynlegt til sigurs. Jeg hygg, að það, sem mest hefir orðið til þess að draga úr þessum kröfum, hafi verið það, að einmitt þá, þegar spítalavandræðin voru hjer sem mest, reistu Frakkar hjer tvö sjúkrahús, sem bættu úr mestu neyðinni, og þau sjúkrahús eigum við enn að búa við. Þetta mál fer eiginlega ekki að verða áhugamál alþjóðar fyr en kvenþjóðin tekur það í sínar hendur.

Það mun hafa verið á árinu 1915, sem kvenfjelögin tóku þetta mál á stefnuskrá sína og strengdu þess heit að berjast fyrir því, og það verður ekki sagt með sanni, að þær hafi brugðist því heiti. Síðan hefir verið óslitin barátta fyrir málinu frá þeirra hálfu, og árangurinn eftir íslenskum mælikvarða framar öllum vonum, þar sem safnast hefir þegar í sjóð hátt á þriðja hundrað þús. kr., auk nálega 100 þús. kr. í minningarsjóð, sem einnig er ætlast til, að síðar komi spítalanum að notum.

Jeg get því ekki látið hjá líða að votta íslensku konunum þakklæti, fyrst og fremst frá læknum landsins, fyrir þeirra ódrepandi áhuga á þessu máli, og þá sjerstaklega þeirri konu, sem á sæti í þessari deild, háttv. 6. landsk. (IHB), sem jafnan hefir staðið með þeim fremstu í fylkingu í þessari baráttu. Þó að okkur hafi stundum greint á um ýms fyrirkomulagsatriði spítalans, þá hefir okkur þó jafnan komið vel saman í aðalatriðum málsins.

Árið 1919 voru samþykt á Alþingi lög um byggingar fyrir ríkið. Samkvæmt þeim lögum er stjórninni heimilað að láta byggja landsspítala, viðbótarbyggingar á Kleppi og á Eiðum og ýmsar fleiri opinberar byggingar. Þessi heimild hefir ekki verið notuð nema að litlu leyti. Raunar tók ríkissjóður lán til viðbótarbyggingar á Kleppi, en meiri hluti þess var uppjetinn í aðrar þarfir ríkissjóðs.

Á þinginu 1922 flutti 2. þm. Reykv. (JBald) í sameinuðu þingi þáltill., þar sem skorað er á stjórnina að láta hið allra fyrsta byrja á byggingu landsspítala. Þessi tillaga var þá samþykt.

Á þinginu 1923 ber svo hv. 6. landsk. (IHB) fram þáltill. í Ed., sem fór í svipaða átt og till. á næsta þingi áður, en gekk þó lengra að því leyti, að í henni var skorað á stjórnina að láta landsspítalabygginguna sitja fyrir öllum öðrum opinberum byggingum. Þessi síðari hluti till. var þá feldur, og mun það aðallega hafa stafað af því, að það var löngu áður margyfirlýstur vilji þings og stjórnar, að viðbótarbyggingin á Kleppi skyldi sitja fyrir öðrum byggingum ríkisins. En fyrri hluti till. var samþ., og hafði hún þá svipað gildi og till. frá árinu áður.

Á þinginu 1924 er svo enn á ný borin fram þáltill. af hv. 6. landsk. (IHB) og hv. 5. landsk. (JJ). Sú till. gengur miklu lengra og er ákveðnari en þær till., sem áður höfðu komið fram í málinu. Þar er skorað á stjórnina að undirbúa málið undir næsta þing á þeim grundvelli,að gerður verði nýr uppdráttur af spítalabyggingunni og ný áætlun, er ekki fari fram úr 700 þús. kr. Ennfremur er gert ráð fyrir, að byggingunni sje hagað svo, að til hennar verði varið 150—200 þús. kr. árlega, og leit-

að verði samninga við stjórn landsspítalasjóðsins um 75 þús. kr. lán árlega til byggingarinnar, gegn jafnmiklu tillagi úr ríkissjóði árlega eða ríflega það. Ennfremur var ætlast til, að leitað yrði samninga við bæjarstjórn Reykjavíkur um afnot af heitu vatni úr Laugunum til hitunar á spítalanum. Þessi till. var samþykt á síðasta þingi.

Þetta er stutt ágrip af sögu þessa máls fram á þennan dag.

Það eru margar hliðar á þessu máli, og allar vita þær að þjóðarheildinni og þjóðarheillinni. Eins og jeg hefi áður tekið fram, eru öll stærri sjúkrahús landsins yfirfull af sjúklingum. Síðan berklavarnalögin gengu í gildi hefir heilsuhælið á Vífilsstöðum reynst alt of lítið fyrir berklaveika menn í landinu. Afleiðingin af því hefir orðið sú, að þessir sjúklingar hafa verið settir í önnur sjúkrahús, og það er því komið svo nú, að í flestum sjúkrahúsum er ½—$^2/_3$ allra sjúklinga berklaveikir. Það geta þó allir skilið, að berklaveikir sjúklingar, sem margir hverjir eiga litla eða enga batavon, þeim liggur ekki nándar nærri eins mikið á sjúkrahússvist eins og mörgum öðrum sjúklingum, sem oft eiga á hættu að missa lífið, ef þeir eru ekki teknir inn í spítala á ákveðnum tíma til ákveðinnar aðgerðar. Það er nú einu sinni svo, að til þess að trygging sje fyrir góðum árangri af öllum stærri handlæknisaðgerðum, þá verða þær að fara fram í góðum sjúkrahúsum, undir góðum læknishöndum. Þess vegna er það, til að lina þjáningar manna og lengja líf manna, að það er fyrst og fremst nauðsynlegt, að landsspítalinn sje reistur. Þetta er nú sú hlið málsins, sem veit að sjúklingunum í landinu.

En það eru fleiri hliðar á þessu máli, sem snerta mjög heilbrigðismál landsins og koma við jafnt heilbrigðum sem sjúkum. Við höfum nú á 2 síðustu áratugum eignast sæmilega læknastjett. En án þess að jeg vilji niðra stjettarbræðrum mínum, þá held jeg, að mjer sje óhætt að fullyrða það, að íslensku læknarnir standa ekki jafnfætis læknum í öðrum menningarlöndum. Og vegna hvers? Vegna þess, að við höfum ekki átt neinn landsspítala. Til þess að læknir geti orðið vaxinn lífsstöðu sinni, þá er ekki nóg, að hann læri mörg þúsund blaðsíður í læknisfræði. Hann þarf jafnframt að sjá sem allra flest sjúkdómstilfelli og hafa sem mesta æfingu við sjúklinga, meðan á náminu stendur, til þess að það komi honum að notum. Þegar jeg varð kandidat í læknisfræði, var jeg af kennurum mínum talinn sæmilega að mjer í bóklegum fræðum. En samt verð jeg að játa það, að þegar jeg kom út í praxis, stóð jeg oft máttlaus gagnvart ýmsum sjúkdómstilfellum, sem jeg ýmist alls ekki hafði sjeð áður eða ekki kynst nægilega. Eins og landafræði verður ekki kend án þess að hafa landabrjef við höndina, eins verður læknisfræði ekki kend án þess að hafa mannlegan líkama við höndina í ýmsum myndum, bæði heilbrigðan, sjúkan og dauðan, sem „kort" við kenslu na. Læknisnemar hjer á landi hafa alt of litla æfingu og sjá alt of fáa sjúklinga á námsárunum, að jeg ekki tali um, hve bagalegt það er fyrir hjeraðslækna, sem búnir eru að vera árum saman í meir og minna afskektum hjeruðum, að eiga ekki kost á að endurnýja og bæta þekkingu sína með því að ganga við og við í góðan landsspítala. Þess vegna má hreint og beint slá

því föstu, að við eignumst ekki verulega góða læknastjett í þessu landi fyr en ríkisspítali er reistur.

Öll hjúkrunarstarfsemi hjer er fremur ljeleg og ófullkomin. Vegna hvers? Vegna þess, að okkur vantar landsspítala. Ef vel ætti að vera og nokkuð í samanburði við það, sem gerist með öðrum þjóðum, þá ættum við að eiga a. m. k. 1—2 lærðar hjúkrunarkonur í hverjum einasta hreppi á landinu, auk þeirra, sem hafa fasta stöðu í sjúkrahúsum. En það er nú síður en að svo sje, því að við eigum ekki einu sinni nægilegar hjúkrunarkonur í stærri kauptúnum landsins, hvað þá heldur uppi til sveita. Nám þessara kvenna verður erfitt og slitrótt, af því að þær vantar „materiale" — það vantar sjúklinga, sem þurfa að vera við höndina, samfara námi þeirra. Þær komast fáar að í spítölunum í einu, og afleiðingin af öllu þessu verður sú, að þær verða, að afloknu námi hjer heima, að sigla og ganga í erlenda spítala til þess að vera færar um að taka við lífsstarfi sínu. Það skilja engir fyllilega nema læknar og þeir, sem hafa reynt það, hve ómetanlegt hagræði það er fyrir lækninn, sjúklinginn og aðstandendur hans, að hafa góða hjúkrunarkonu við hlið sjúklingsins. En góða hjúkrunarkvennastjett fáum við ekki í þessu landi fyr en landsspítali er reistur.

Sama má segja um yfirsetukonurnar. Námstími þeirra er of stuttur, og þó hann væri lengdur nokkuð á síðasta þingi, þá er hann samt töluvert styttri en gerist í öðrum löndum. Námsmeyjar þessar hafa alt of litla æfingu á námsárunum, og sjá alt of fáar fæðingar. Afleiðingin af því er auðsæ — yfirleitt ljelegri yfirsetukonur en annarsstaðar. Á þessu verður ekki ráðin bót með öðru móti en því, að ljósmæðraefnin verði látin sigla að afloknu námi hjer og ganga í fæðingarstofnun í öðrum löndum, eða hjer verði sett á stofn fæðingardeild við ríkisspítalann.

Læknisfræðin hefir tekið meiri framförum á síðari árum heldur en ef til vill nokkur önnur vísindagrein. Með hverju ári koma fram nýjar og nýjar uppgötvanir, sem hafa mikilvæga þýðingu fyrir líf og heilsu manna. Þó að við Íslendingar sjeum fámenn þjóð, þá erum við áreiðanlega fremur gáfuð þjóð, og við eigum að gera þær kröfur til okkar, að við a. m. k. hlutfallslega við fólksfjölda getum lagt okkar tiltölulega skerf til vísindanna í heiminum. Þetta höfum við hingað til ekki getað gert nema á einstökum afmörkuðum sviðum. Í læknisvísindum höfum við því miður enn sem komið er lítið getað látið af hendi rakna, og mest vegna þess, að okkur hefir vantað góða spítalastofnun. Niels Finsen hefði aldrei getað orðið heimsfrægur maður, ef hann hefði alið allan sinn aldur á Íslandi. Og hver getur sagt um, hve mörg ljós hafa sloknað í læknastjettinni fyrir það, að þau vantaði skilyrði til að geta lifað. Þá fyrst, þegar ríkisspítali er reistur, getur myndast hjer vísir til vísindalegrar starfsemi í læknisfræði. En það er bráðnauðsynlegt, ef við eigum ekki alveg að dragast aftur úr öðrum þjóðum í þeirri grein. Af því, sem jeg hjer hefi sagt, vona jeg, að hv. þm. sjái, að hjer er alvörumál á ferðinn, sem ekki má eða á að svæfa lengur.

Till. gerir ráð fyrir því, að í byrjun verði varið jöfnum höndum til byggingarinnar fje úr ríkissjóði og landsspít-

alasjóðnum, en þegar sá sjóður er upp-eyddur, kosti ríkissjóður að öllu leyti áframhald byggingarinnar, og að henni verði lokið fyrir árslok 1929. Þetta þykir nú mörgum nokkuð langur tími, og jeg verð að segja það, að mjer þykir fulllangt að bíða í tæp fimm ár eftir þessari byggingu. En fjárhagurinn er nú einu sinni eins og hann er, og svo framarlega sem ekki á að taka ríkislán til þessa fyrirtækis, sem jeg hygg að stjórnin gangi ekki inn á, þá verður þess tæplega vænst, að því verði lokið á skemri tíma. Jeg hefi altaf verið, og er enn, mótfallinn lántökum ríkisins og vil ekki, að sú leið sje farin nema brýn nauðsyn sje fyrir hendi. En jeg verð að segja það, að jeg hefði talið fyllilega rjettmætt, að ríkið hefði tekið lán til þessarar byggingar. Við verðum vel að athuga það, að ríkisspítali er að litlu leyti reistur fyrir núlifandi kynslóð, en að mestu leyti fyrir seinni kynslóðir. Og það felst í sjálfu sjer ranglæti í því, að við, sem nú lifum, berum allar byrðar af því, sem eftirkomendum vorum kemur aðallega að notum. En þetta geri jeg mjer ekki að kappsmáli, ef hægt er að standast kostnaðinn við þetta fyrirtæki án lántöku ríkisins. Hitt geri jeg frekar að kappsmáli, að byggingunni verði lokið fyrir ársbyrjun 1930, og þá kem jeg að síðustu að metnaðarhliðinni á þessu máli, sem að minni hyggju hefir hingað til verið gert alt of lítið úr.

Jeg hefi altaf haft andstygð á öllum þjóðarrembingi. Eins og t. d. þegar því var haldið fram hjer á Alþ., að við ættum ekki að þiggja skip af Dönum til landhelgisgæslu, þó að það sje skýlaust ákvæði í sambandslögunum, að Danir skuli annast þessa gæslu,a.m.k. með einu skipi. Það kemur því ekki til mála, að við sjeum hjer að þiggja nokkra gjöf af Dönum, heldur aðeins taka rjett okkar. Þessar og þvílíkar fullyrðingar eru því mesti barnaskapur og algerður misskilningur á sjálfstæðishugmyndinni. En hitt á að vera hverjum ríkisborgara skylt, að sjá um, að þjóðin verði sjer ekki til minkunar í augum annara þjóða. Þegar við höfum fengið fullveldið, þótti okkur sjálfsagt að fá hæstarjett inn í landið. Það þótti einnig sjálfsagt að fá sendiherra erlendis, og ýmsar aðrar breytingar þóttu sjálfsagðar í sambandi við fullveldið. Við þessu er ekkert að segja. Jeg var sjálfur samþykkur flestum þessum breytingum. En það felst herfileg mótsögn í því að telja þetta sjálfsagt, en telja það ekki sjálfsagt að fá um leið sjerstakan ríkisspítala. Okkur þótti það þá sæmandi að vera komnir upp á náð annarar, okkur fjarskyldrar þjóðar með sjúklinga okkar. Jeg held satt að segja, að sjálfstæðistilfinningin sje ekki rík í þeim mönnum, sem ekki finna, hve vansæmandi þetta er fyrir þjóðina.

Árið 1930, á 1000 ára afmæli Alþ., getum við búist við fjölda útlendinga víðsvegar að hingað til lands. Ef nú landsspítalinn verður þá ekki reistur, og þessir menn spyrjast fyrir um það, hvar ríkisspítalinn sje í þessu ríki, sem haft hafi fullveldi í ellefu ár, þá verð jeg að segja það, að jeg mundi sárlega vorkenna þeim, sem yrðu fyrir slíkum spurningum, því að þeir gætu ekki nema með dýpstu smánartilfinningu og mesta kinnroða sagt sannleikann: „Við eigum engan ríkisspítala. Við lifum á bónbjörgum hjá Frökkum með sjúklinga okkar". Þessi hlið málsins er því ekki eins þýðingarlítil eins og margur ætlar, því að álit okkar í augum annara þjóða

fer áreiðanlega eftir því, á hvaða menningarstigi við stöndum. En sú þjóð, sem á engan ríkisspítala, getur tæplega talist standa á háu menningarstigi.

Jeg hefi orðið langorðari í þessu máli en jeg á vanda til, og er það af því, að það er svo mikilsvert, að það verður ekki skýrt í fáum orðum.

Forsætisráðherra (JM): Það er ekki af því, að núverandi stjórn eða fyrverandi stjórnir hafi ekki sjeð nauðsynina á því að byggja landsspítala og viðbótarbyggingu á Kleppi, að slíkt hefir ekki komist í framkvæmd enn, heldur af hinu, að ekki hefir þótt vel fært, fjárhagsins vegna, að byrja á þessu verki nú um hríð. En nú vona menn, að fram undan sjeu þeir tímar, að þetta verði bráðum hægt.

Það er rjett, að því hefir verið haldið fram af þingi og stjórn, að rjett væri að halda áfram með viðbótarbyggingu Kleppsspítalans. En jeg er aftur ekki viss um, að menn hafi í rauninni verið sammála um það, að Kleppur ætti að ganga á undan landsspítalanum, af því hann í sjálfu sjer væri nauðsynlegri. Heldur mun hitt hafa valdið, að byrjað var á honum og þar hefir legið efni talsvert og talið nauðsynlegt að koma honum undir þak. Og hvort sem þessi till. verður samþ. eða ekki, þá mun jeg stuðla að því, að reynt sje sem fyrst að koma þessu verki áfram á Kleppi. En eins og jeg sagði áðan, þá mun það hafa ruglað menn dálítið í þessum málum, að byrjað var á Kleppi. Jeg lít ekki svo á, að Kleppur sje ekki í sjálfu sjer nauðsynlegur, engu síður en landsspítalinn. En á þingi 1919 er lögð meiri áhersla á byggingu landsspítalans, því hann er fyrst talinn af þeim byggingum, sem stjórninni er heimilað að láta reisa.

En að hvorki stjórnin nje stjórn landsspítalasjóðsins hefir á þessu þingi farið fram á aðgerðir í þessu efni — það stendur í sambandi við það, að nú, og reyndar áður, hefir verið leitað samninga við stjórn landsspítalasjóðsins um það, að þegar yrði látið fje úr sjóðnum til byggingarinnar. Þessum samningi er nú sama sem lokið, svo innan fárra daga mun verða hægt að leggja málið fyrir þingið á þeim grundvelli. Mjer hefir fundist hv. Nd. hafa flýtt sjer nokkuð mikið að ráðstafa fje sjóðsins, áður en þessi samningur var gerður. En jeg vona sem sagt, að þetta geti lagast, svo allir megi vel við una. Það er von mín, að úr þessu verði hægt að byrja á byggingu landsspítalans mjög bráðlega.

Ingibjörg H. Bjarnason: Hv. þm. Snæf. (HSteins) hefir nú flutt snjalla og ítarlega ræðu um báða liði till. á þskj. 236 og sýnt fram á, hve nauðsynlegt er að hraða viðbótarbyggingunni á Kleppi sem allra mest. Jeg er hv. flm. sammála í öllum aðalatriðum till. og kannast fyllilega við nauðsynina á því, að haldið sje áfram með Klepp. Þótt jeg hafi ekki beitt mjer neitt fyrir það mál — áleit, að það ætti svo marga og öfluga formælendur hjer á þingi — sbr., að á þinginu 1923 var því haldið fram af þáverandi stjórn, að Kleppsviðbótarbyggingin yrði að ganga fyrir öllu. Þessi liður till. er því gamall kunningi, sem jeg beygi mig fyrir enn þá, ekki síst eftir að jeg hefi nú heyrt ástæður hv. flm. (HSteins). Get jeg svo látið útrætt um þennan fyrri lið till.

Hv. flm. hefir í ræðu sinni rakið sögu landsspítalamálsins á tveimur undanförnum þingum, og hv. þdm. er því ljóst, hvernig málið horfði við í byrjun þessa þings.

Fyrir rás viðburðanna hefi jeg ekki getað hreyft landsspítalamálinu fyr á þessu þingi.

Jeg átti kost á að vera meðflm. till. þeirrar, sem hjer liggur fyrir, á þskj. 236, en þótt jeg teldi mjer það sóma og í alla staði ljúft, þá gat jeg það ekki að svo búnu máli.

Hv. þdm. er ef til vill ekki kunnugt um, að stjórn landsspítalasjóðsins hefir á síðustu árum reynt á ýmsa lund að hafa áhrif á það, að byrjað yrði sem fyrst á byggingu landsspítalans, og því til sönnunar má benda á tilboð landsspítalasjóðsnefndarinnar til ríkisstjórnarinnar $^{26}/_{10}$. 1922, þar sem hún býðst til að leggja fram fje, 20000 kr., til þess að hraða undirbúningi landsspítalabyggingarinnar. Þar næst bauð stjórn landsspítalasjóðsins með brjefi 21. febr. 1924 ríkisstjórninni að lána alt að helmingi sjóðsins, þá rúmlega 120000 kr., gegn tvöföldu framlagi úr ríkissjóði og því skilyrði, að byrjað yrði á verkinu, þ. e. byggingu spítalans, þegar eftir að lánið væri tekið.

Þetta sama tilboð lá enn fyrir í byrjun þessa þings; sjóðsnefndin hafði ekki afturkallað það og var líkleg til þess að teygja sig enn þá lengra, ef trygging fengist fyrir því, að fje þetta gæti hrundið málinu í framkvæmd. Auðvitað hafa konur ekki viljað afhenda fje það, er þær hafa safnað á síðastl. 10 árum með allmikilli fyrirhöfn, án þess að sýnt væri, að það kæmi að tilætluðum notum.

Í skipulagsskrá sjóðsins frá 19. júní 1916, staðfestri 24. nóv. s. á., segir, að konur þær, er standa að fjársöfnun í landsspítalasjóð Íslands, ætli að styðja að því, bæði í orði og verki, að reistur verði sem fyrst fullkominn landsspítali hjer í Reykjavík. Að reisa spítalann hafa konur aldrei ætlað sjer, því það var ofurefli þeirra.

Eins og hæstv. forsrh. (JM) tók fram í síðustu ræðu sinni, hafa undanfarið staðið yfir samningar milli ríkisstjórnarinnar og landsspítalasjóðsnefndarinnar um það, að sjóðsstjórnin ljeti þegar á þessu ári fje af hendi til þess að hægt væri að byrja á byggingu landsspítalans þegar á þessu sumri.

Það gleður bæði mig og aðra vini þessa máls, að svo virðist, sem landsspítalinn eigi marga stuðningsmenn í báðum deildum þingsins. Og það er aðalatriðið, að nú er vaknaður almennur áhugi fyrir því að koma spítalanum upp. En hitt greinir menn á um, bæði hvenær spítalinn skuli reistur og fyrir hvaða fje. Á fundi, sem stjórn landsspítalasjóðsins boðaði til 15. mars síðastl. og hv. þingmenn voru boðnir á, var landsspítalamálið rætt frá ýmsum hliðum, og allir, sem tóku til máls á fundinum, virtust vera sammála um, að málið væri svo nauðsynlegt, að ekki væri unt að slá því enn á frest um óákveðinn tíma.

Bæði í fyrra og nú hefi jeg fengið yfirlýstan vilja læknafjelags Reykjavíkur og læknadeildar háskólans um þetta mál, og hafa öll plögg, sem að því lúta, legið frammi hjer í lestrarsal Alþingis. Þannig hafa hv. þdm. átt kost á að kynna sjer, hvernig þeir, sem mesta þekkingu hafa á nauðsyn landsspítalans, líta á málið.

Það kemur bæði fram í álitsskjali læknanna og till. hv. flm., hve nauð-

synin er margföld á því að koma hjer upp landsspítala, enda virðast nú allir sammála um þörfina. Háttv. flm. (HSteins) taldi fram ýmsar ástæður um nauðsyn landsspítala, þar á meðal þá, að hann ætti að búa læknanemendur undir starf sitt og sömuleiðis hjúkrunarkonur og ljósmæður. Þetta er alveg rjett, og þegar við athugum það, að hjúkrunarnemar eru útilokaðir frá því að stunda nám við Landakotsspítalann, getur manni skilist, að ekki sje vel ástatt í því efni fyrir þeim konum, er það nám vilja stunda. Þær eiga ekki í annað hús að venda en þessa þrjá spítala: Vífilsstaði, Klepp, eða sjúkrahúsið á Akureyri. En sú mentun, er þær geta fengið á þessum stöðum, er hvergi nærri fullnægjandi.

Fyrir tilstilli frú Bjarnhjeðinsson, sem manna mest hefir látið mentun íslenskra hjúkrunarkvenna til sín taka, er þó svo komið, að stúlkur, er numið hafa hjúkrunarfræði hjer heima og ætla sjer að ljúka fullkomnu hjúkrunarnámi, geta komist að í ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn, og er þá tekið tillit til þess náms, er þær hafa notið hjer heima. Þetta getur þó ekki orðið viðunandi í framtíðinni.

Jeg er hv. flm. (HSteins) þakklát fyrir hlýleg ummæli hans í garð okkar kvenna, fyrir það, að við höfum látið málið til okkar taka og lagt á okkur mikið starf þess vegna. Og jeg get fullvissað hv. þdm. um það, að konur munu styðja málið uns það er komið í framkæmd. En það hefir orðið erfiðara með hverju árinu að fá konur og karla til að styðja málið, vegna þess, að þeim hefir fundist framkvæmdir dragast alt um of á langinn. Jeg hygg samt sem áður, að þegar ráðist er í framkvæmdir, muni vakna nýr áhugi fyrir málinu og aukast tillög í landsspítalasjóðinn. Jeg tel gott, að málið er komið á þennan rekspöl, því að margar hendur vinna ljett verk, og áhugi sá, sem nú er vaknaður fyrir landsspítalamálinu hjer á Alþingi, er mjer gleðiefni. Hinu get jeg ekki neitað, að mjer kom það allkynlega fyrir, að tveir hv. þm. í Nd. höfðu ráðstafað fje landsspítalasjóðsins, sem hvorki þeir nje jeg gat ráðstafað án samþykkis rjettra hlutaðeigenda, þ. e. landsspítalasjóðsnefndarinnar. Má vera, að þeir hafi gert þetta af áhuga fyrir málinu.

Jónas Jónsson:*) Jeg skal byrja á því að lýsa ánægju minni út af þáltill. þeirri, er hjer liggur fyrir. Þó er ekki víst, að hún sje nauðsynleg, ef málið væri tekið upp í fjárlög. Vil jeg beina því til hv. flm. (HSteins), hvort ekki væri rjett, að 1. liður till. væri tekinn upp í fjárlög fyrir árið 1926. Líka vil jeg beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh. (JM), hvort hann telji ekki líkur til þess, ef þáltill. verður samþykt, að úr framkvæmd verði.

Hún er skynsamleg sú uppástunga hv. flm. (HSteins) að fullgera sem fyrst spítalann á Kleppi, því að líkur eru til þess, eftir því sem landlæknir og húsameistari ríkisins segja, að sje ein hæð bygð ofan á kjallarann þarna, þá muni það bæta úr brýnustu þörfinni um stund. Jeg skal hjer geta þess sem dæm-

*) Ræðu þessa hefir þingmaðurinn ekki lesið yfir, og er hún því prentuð eftir hndr. innanþingsskrifarans. Þessa hefir þingmaðurinn óskað getið.

is um þörfina, að mjer er símað frá Austurlandi og sagt, að þar sje ungur maður brjálaður, og er jeg beðinn að koma honum fyrir á Kleppi og sagt, að hann verði sendur hingað með næsta skipi. Læknirinn á Kleppi segir, að hælið sje alveg fult, en þó skuli hann reyna að taka við manninum, vegna þess, að hann telur miklar líkur til þess, að honum geti batnað. Er hörmulegt til þess að hugsa, að menn, er veikjast þannig skyndilega, skuli ekki geta fengið læknishjálp vegna þess, að fult er fyrir á Kleppi af ólæknandi sjúklingum. Og einmitt þess vegna er viðbót við Kleppsspítalann nauðsynleg, til þess að hægt sje að lækna sjúklinga, er hafa veikina á byrjunarstigi. Vil jeg því mæla hið besta með þessum lið tillögunnar og vona, að hv. fjvn. taki liðinn upp í fjárlög. En um leið vil jeg beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh. (JM), hvort ekki mætti bæta við þáltill. atriðinu um Laugavatnið og aðstoð bæjarstjórnar um að leyfa endurgjaldslaust notkun vatns þaðan til upphitunar. Jeg á brtt. á þskj. 337 um þetta atriði, en hefi hugsað mjer að taka hana aftur, ekki vegna þess að jeg álíti, að hún sje ekki nauðsynleg, heldur vegna hins, að verið getur, að fleiru þurfi að breyta í þessu sambandi, formsins vegna.

Það muna allir, að ástæðan til þess, að feldur var partur af till. hv. 6 landsk. (IHB) 1923 um landsspítala, var aðeins sá, að mönnum óaði kostnaðurinn við spítalann. Þurfti því að breyta 2. lið, minka byggingunа og draga úr rekstrarkostnaði. En vegna þeirra bæjarbúa, er heyra á mál mitt, vil jeg segja það, að úti um land er mikil óánægja út af þessu og eins út af hinu, að Reykjavíkurbær skuli ekki leggja neitt sjerstaklega fram til spítalans. Er hætt við því, að Seyðisfjörður, Akureyri og fleiri staðir verði tregir á að leggja fram fje til hans, ef Reykjavík gerir ekki neitt. Nú horfir svo við, að Reykjavík hefir ekki verið krafin um nein fjárframlög, en jeg hygg, að almenningi úti um land finnist, að það sje hið minsta, er Reykjavík getur gert, að leggja til hita handa spítalanum. Borgarstjóri, sem sjálfur er verkfræðingur, hefir sagt, að vatnsmagn Lauganna sje 8—9 tonn á sólarhring, og er það meira en nóg til þess að hita bæði barnaskóla og landsspítala. Vil jeg því æskja þess, að hæstv. stjórn gefi yfirlýsingu um, hvers megi vænta í þessu efni, því að fyrir mörgum mönnum mun málið horfa þannig við, að þeir yrðu hikandi að greiða því atkvæði, ef Reykjavíkurbær ætlaði að bregðast undan þeirri kvöð, sem lögð mundi á hann með þessu.

Eins og jeg hefi sagt, þá tek jeg aftur brtt. mína á þskj. 337, og vona jeg, að hæstv. forsrh. (JM) tali um málið, því að áætlun Guðjóns Samúelssonar er bygð á því, að heita vatnið úr Laugunum fáist. En fáist það ekki, verður að breyta og hækka að stórum mun áætlun um byggingar- og rekstrarkostnað. Þess vegna vona jeg, að hæstv. stjórn láti ekki undir höfuð leggjast að fá ákveðin svör Reykjavíkurbæjar sem fyrst.

Forsætisráðherra (JM): Háttv. 5. landsk. (JJ) kom með tvær fyrirspurnir til mín, en jeg verð að segja, að ráðuneytið er ekki tilbúið að svara þeim, vegna þess, að það hefir ekki tekið þær til yfirvegunar. Um möguleikann til þess að nota laugavatn til hitunar vil jeg segja það, að það er hv. þm.

(JJ) eins kunnugt og mjer, en jeg tel ekki ólíklegt, að talsverða rannsókn þurfi um það atriði, áður en því sje slegið föstu. Og hvernig undirtektir bæjarstjórnar muni verða, get jeg ekki sagt, en undirtektir borgarstjóra hafa verið góðar og vinsamlegar. En það er ekki hægt að krefjast þess af bæjarstjórn, að hún gefi bindandi yfirlýsingu nú þegar um þetta atriði, en jeg býst þó við því, að bærinn verði góður við að eiga. Reykjavík verður nú sjálf að halda uppi 2 spítölum, farsóttahúsi og bæjarspítala, og hefir af því mikinn kostnað.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að tala um brtt. á þskj. 337, þar sem hún er tekin aftur, og þarf því ekki að tala frekar að sinni.

Sigurður Eggerz: Það er aðeins örstutt athugasemd.

Jeg held, að það sje ekki rjett, sem hv. 6. landsk. (IHB) sagði, að áhuginn sje nú meiri en áður fyrir byggingu landsspítalans. Jeg held, að áhuginn hafi altaf verið jafnmikill, og er það að þakka því, hvernig kvenþjóðin hefir haldið á þessu máli frá öndverðu. Og að enn skuli ekki hafa verið byrjað á byggingu landsspítalans, stafar eingöngu af fjárhagsörðugleikum ríkissjóðs, eins og hæstv. forsrh. (JM) tók fram.

Jeg lofaði núverandi hæstv. forseta deildarinnar (HSteins), að byrjað skyldi á viðbótarbyggingu Klepps árið 1923. En því miður var mjer ekki unt að standa við það loforð, eins og jeg skýrði frá þegar á næsta þingi. Og ástæðurnar voru þær sömu og nú, fjárhagsörðugleikar ríkissjóðs. Og það var fleira á þeim árum, sem heimild var fyrir í lögum að láta gera og jeg hafði fullan áhuga á að framkvæma, en alt bar að sama brunni, ekkert var hægt að gera vegna hinna miklu fjárhagsvandræða.

En nú horfir alt öðruvísi við, og nú er alt bjartara framundan. Síðastliðið ár hefir verið svo hagstætt í alla staði, að langt mun síðan, að þjóðarbúskapurinn hafi gengið betur. Að vísu verður ekki með sannindum enn sem komið er sagt, hve mikið hefir græðst á rekstrinum, vegna þess að ýmsar skýrslur vantar enn. En líklegt er, að þjóðarhagurinn af ársbúskapnum muni nema um 24 miljónum króna, og er það meira en allar skuldir ríkissjóðs. Þetta mun einsdæmi, og ári vel áfram, sem engin ástæða er til að efa, eins og þetta ár byrjar, þá er síst að furða, þó að menn sjeu bjartsýnir, er þeim verður hugsað til slíkra framkvæmda, sem þáltill. þessi nefnir.

Í landsspítalamálinu hefir það tvent gerst nú um þessar mundir, er jeg tel mestu máli skifta. Í fyrsta lagi var það yfirlýsing hv. 6. landsk. (IHB) um það, að landsspítalasjóðsnefndin væri reiðubúin að leggja nú þegar fram á þessu ári alldrjúga upphæð, svo hefja mætti byggingu spítalans, og í öðru lagi hefir hv. Nd. samþ. allmyndarlega upphæð til byggingarinnar, sem jeg efast ekki um, að þessi hv. deild láti standa óbreytta í fjárlögum. Með þessu er því málið hafið, og engin hætta á, að kvenþjóðin og Alþingi beri ekki gæfa til að bera það fram til sigurs.

Hvað viðbótarbyggingu Klepps snertir, þá er nú ekki fært að fresta henni lengur.

Mjer þóttu rök hæstv. forseta okkar (HSteins) fyrir þáltill. svo veigamikil, að jeg minnist ekki að hafa heyrt mál þetta áður betur rökstutt.

Og þar sem landsspítalasjóðsstjórnin hefir nú lýst því yfir, að hún leggi fram fje þegar á þessu ári, og hv. Nd. er búin að samþ. allríflegan styrk til byggingarinnar, sem þessi hv. deild hlýtur að fallast á, þá sje jeg ekki betur en að mál þetta sje komið út úr umr. inn í framkvæmdirnar. Og yfir slíkum málalokum hljóta allir að gleðjast.

Flm. (Halldór Steinsson): Jeg hefi sannarlega ekki ástæðu til annars en vera ánægður yfir því, hversu hv. þdm. hafa tekið í þetta mál, og þakka því hinar góðu undirtektir, sem það hefir fengið. Jeg hefi heldur ekki ástæðu til að svara miklu að þessu sinni.

Mjer skildist á ræðu hæstv. forsrh. (JM), að honum þætti þessi þáltill. fullsnemma fram komin, vegna þess, að enn stæðu yfir samningar milli ríkisstjórnarinnar og landsspítalasjóðsstjórnarinnar.

Jeg get ekki verið sammála því, að þáltill. sje óþörf, þó að samningar þessir standi yfir. Það er líka svo áliðið þings, að um seinan getur orðið að bjarga málinu, ef t. d. samningar stranda, sem þó er ekki ástæða til að ætla. En takist samningarnir, þá er þáltill. aðeins til leiðbeiningar stjórninni og gengur miklu lengra heldur en fjárveiting sú, sem hv. Nd. setti inn í fjárlögin 1926. Þáltill. segir, að halda eigi áfram byggingunni eftir 1926. Og þál., sem samþ. er í báðum deildum, er meiri styrkur stjórninni heldur en einföld fjárveiting í fjárlögum, sem aðeins er bundin við eitt ár. Eftir þál. getur stjórnin ekki látið undir höfuð leggjast að halda byggingunni áfram.

Hv. 5. landsk. (JJ) hefi jeg litlu að svara. Jeg er honum þakklátur fyrir að taka brtt. sína aftur til síðari umr. Hún gæti líka orðið málinu að falli, eins og hún er nú orðuð, enda er með öllu órannsakað, hversu takast mætti að leiða heita vatnið úr Laugunum til byggingarinnar.

Fleira er það ekki, sem jeg hefi ástæðu til að svara að þessu sinni.

ATKVGR.

Brtt. 337 tekin aftur til síðari umr.

Fyrri liður tillgr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Síðari liður tillgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 13 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 22. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 236, 337, 365).

Jónas Jónsson:*) Jeg talaði nokkur orð um brtt. mína við fyrri umræðu málsins. En vegna þess, að aðalefni brtt. 337 er fólgið í brtt. þeirri, er jeg flyt ásamt hv. 6. landsk. (IHB) og hv. þm. Snæf. (HSteins), hefi jeg ákveðið að taka brtt. 337 aftur.

Það mun öllum þykja sanngjarnt, að Reykjavíkurbær leggi til landsspítalans náttúrugæði sín, eftir því sem föng eru á, með því að bærinn mun eigi leggja annað til spítalans opinberlega, en hefir hinsvegar meiri not af spítalanum, er

---

*) Óyfirlesin ræða.

hann er kominn upp, en nokkur annar landshluti.

Borgarstjóri hefir gefið þær upplýsingar, að vatnsmagn Lauganna muni vera 5—8 sinnum meira en þörf er á til þess að hita upp barnaskólann. Er því óhætt að gera ráð fyrir, að hægt verði að nota Laugavatnið til upphitunar á báðum stöðum. En jafnvel þótt svo væri ekki, virðist þó sjálfsagt, af fjárhagslegum ástæðum, að láta landsspítalann sitja fyrir. Barnaskólinn þarf ekki upphitun nema 7 mánuði ársins, en landsspítalinn hinsvegar alt árið.

Sú teikning af landsspítala, sem báðar deildir hafa hallast að, er bygð á því, að heitt vatn verði notað til upphitunar. Fari svo, að samningar náist ekki um það atriði, breytist áætlunin bæði um stofnkostnað og rekstrarkostnað. Því höfum við flm. viljað skora á stjórnina að fylgja þessu máli fast eftir. Ef hjer væri um verkfræðilegan (tekniskan) ómöguleika að ræða, horfði málið öðruvísi við, en slíka skoðun hefir enginn verkfræðingur látið uppi.

Forsætisráðherra (JM): Jeg álít þessa viðaukatill. óþarfa, en þó að líkindum alveg meinlausa. Það, sem jeg helst hefi út á hana að setja, er sú tortrygni til bæjarstjórnar Reykjavíkur, sem í henni felst. (**JJ:** Alls ekki). Bæjarstjórnin hefir jafnan tekið vel í slíkar málaleitanir af ríkisins hálfu. Þessi tortrygni er því ástæðulaus. Borgarstjóri hefir þar að auki óskað samvinnu við ríkisstjórnina í þessu efni. Hann sagði, að hann hygði, að engum hefði dottið annað í hug en að sjálfsagt væri að láta vatnið endurgjaldslaust. Hinsvegar geri jeg ráð fyrir, að hættulaust sje að samþykkja till., enda þótt jeg telji hana óþarfa.

Ingibjörg H. Bjarnason: Háttv. 5. landsk. (JJ) hefir þegar sagt það flest um viðaukatill. okkar, sem jeg vildi sagt hafa, en þó vildi jeg bæta við nokkrum orðum.

Þegar rætt hefir verið um landsspítalann, hefir talið oft borist að rekstrarkostnaðinum við væntanlegan spítala, og hygg jeg, að allir muni vera sammála um, að síst sje vanþörf á að draga eitthvað úr honum. Það er því í mesta máta eðlilegt að taka til greina hvern þann lið, sem hægt er að spara eitthvað á, og upphitun spítalans verður æfinlega allstór liður. Hitt mun þá liggja í augum uppi, að upphitun með heitu vatni, t. d. úr Laugunum, muni verða ódýrari, bæði í nútíð og framtíð. Þess vegna finst okkur flm. það miklu máli varða, að sú leið sje farin, sem till. okkar bendir á.

Till. er alls ekki borin fram af neinni tortrygni til bæjarstjórnar. Borgarstjóri hefir tekið vel í málið. En hinsvegar fanst okkur rjett að herða á því, að rannsókn þessi færi fram sem fyrst, því ella gæti einmitt töf í því efni orðið til þess, að eigi yrði byrjað á landsspítalanum í haust, eins og þó er gert ráð fyrir. Að vísu mun engin áætlun um rekstrarkostnað væntanlegs landsspítala vera fyrir hendi og þar af leiðandi heldur engin áætlun um upphitunarkostnað. En með því að athuga upphitunarkostnað þeirra spítala, sem hitaðir eru upp með kolum, má sjá, hversu hár sá liður er í rekstrarkostnaði spítalanna. Á Vífilsstöðum kostar hiti og ljós 25 þús. kr. á ári. Á Kleppi

nemur þessi upphæð 12000 kr., og í holdsveikraspítalanum 13400 kr. Þetta eru háir útgjaldaliðir og vel þess vert að reyna að draga úr þeim við landsspítalann.

En fleira kemur til greina en fjárhagshliðin. Ef hitað er upp með heitu vatni, sparar það mikla vinnu. Og enn má geta þess, sem ekki er minst um vert, en það er heilbrigðishliðin á máli þessu. Þar sem ofnar eru er jafnan hætt við kolareyk og sóti, sem berst gegnum glugga inn í húsin, og er vitanlega síst til hollustu fyrir sjúklinga. Upphitun með vatni hefir því bæði sparnað og hollustu í för með sjer.

Jeg býst ekki við, að ástæða sje til að ætla, að Reykjavíkurbær verði ófús á að láta spítalanum heita vatnið í tje. Þegar spítalinn er upp kominn, verður það fyrst og fremst Reykjavík, sem hefir bæði beinan og óbeinan hagnað af honum. En þrátt fyrir það tel jeg till. okkar alls ekki óþarfa.

Úr því að jeg mintist á þann sparnað, sem við búumst við að leiði af heita vatninu, á rekstrarkostnaði spítalans, skal jeg geta þess, að einmitt væntanlegur rekstrarkostnaður hefir vaxið mörgum í augum. Oss, sem höfum unnið að fjársöfnun til landsspítalans, hefir verið þetta ljóst, og því var ákveðið 1916, er farið var að gefa minningargjafir til landsspítalans, að halda þessum sjóði alveg sjerstökum og láta, þegar stundir liðu, sjúklinga um alt land eiga jafnan rjett til hans. Þessi sjóður er að vísu ekki stór enn þá, en þó 89 þús. kr., og væntum vjer þess, að hann eigi enn eftir að vaxa mikið. Síðastliðið ár óx hann um 14 þús. kr.

Jeg hefi þá tekið fram það helsta, er jeg vildi segja um þessa till. okkar, og get jeg því látið staðar numið.

Jónas Jónsson:*) Jeg er glaður yfir þeim upplýsingum, sem hæstv. forsrh. (JM) hefir gefið í þessu máli. En hinsvegar álít jeg alls ekki, að þær upplýsingar geri till. okkar óþarfa, enda þótt jeg efist ekki um, að það sje rjett, sem hann hafði eftir borgarstjóra. En það svar mun hafa verið öllum ókunnugt nema hæstv. forsrh. (JM). Þó hygg jeg, að engin atkvgr. hafi enn farið fram um málið í bæjarstjórn. (**JM**: Nei).

Jeg held, að stjórninni ætti að geta verið styrkur í þessari till.

Hjer er vinsælt mál á ferðinni, og síður hætta á, að komið gæti fyrir, að bærinn gæfi neitandi svar, ef sýnt væri fram á, að stofnun landsspítalans gæti einmitt oltið á svari bæjarstjórnar.

Hinsvegar þarf ekki að skoða það sem tortrygni gagnvart bæjarstjórn, þótt þingið togi í skikann sín megin þar, sem hagsmunir bæjarins og ríkisins fara ekki saman. Auðvitað geta altaf hlaupið snurður á þar á milli. Frammistaða bæjarstjórnar í lóðamálinu gefur líka ástæðu til að hafa vaðið fyrir neðan sig. Mörgum hefir þótt það hart aðgöngu, að bæjarstjórnin skuli heimta endurgjald fyrir lóð undir landsspítalann suður í holtum.

ATKVGR.

Brtt. 337 tekin aftur.

Brtt. 365 samþ. með 11 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

*) Óyfirlesin ræða.

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 24. apríl, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 377).

Á 64. fundi í Nd., laugardaginn 25. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 66. fundi í Nd., þriðjudaginn 28. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 21 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., fimtudaginn 30. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., næsta dag, var till. aftur tekin til síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 427).

3. Frestun embættaveitinga og sýslana.

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um að fresta veitingu nokkurra embætta (A. 325).

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 68. og 69. fundi í Nd., dagana 30. apríl og 1. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., laugardaginn 2. maí, var till. enn tekin til einnar umr. (A. 325, 434).

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg þarf ekki að fjölyrða um þetta mál, og í raun og veru gæti jeg vel sætt mig við, að greidd yrðu atkv. án nokkurrar umræðu; þarf í raun og veru ekki frekari greinargerðar við en þeirrar, sem fylgir till. Þar stendur það ljóst, hver er tilgangurinn með því að flytja hana. Tilgangurinn er sá að greiða fyrir, að hægt verði að framkvæma það, sem oft og margsinnis hefir verið reynt að framkvæma: að fækka eitthvað embættum í landinu. Slíkt hefir mörgum sinnum verið reynt, en langoftast mistekist. Aðalskerið, sem strandað hefir á, er það, að menn sitja fyrir í embættunum, og þess vegna eru menn miklu ófúsari á að leggja þau niður.

Í till. eru talin þau embætti, sem aðallega hefir komið til tals að leggja niður, og þau, sem gætu orðið sameinuð öðrum. Hefði mönnum þótt upptalning mín ófullnægjandi, þá hefði jeg búist við brtt. um að bæta við, en engin till. hefir komið.

Rjett í þessu sje jeg, að verið er að útbýta brtt. á þskj. 434. Mjer skilst hún fara fram á alveg það sama og mín till., en embættin eru ekki nefnd. Jeg get

með ánægju gengið inn á þá brtt., því aðalatriðið fyrir mjer er alls ekki það að telja þau upp sjerstaklega, heldur aðeins að það náist, að þingið eigi kost á að greiða atkv. um þetta.

Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv. um brtt. 434, sem of seint var útbýtt.

Ágúst Flygenring: Það er í raun og veru óþarft að fara að mæla með till. okkar, því innihald hennar er næstum því alveg það sama og hv. þm. Str. (Trþ) fer fram á með sinni tillögu, nema hvað upptalningu er slept í okkar. Okkur virtist það mjög varhugavert, að í till. hv. þm. eru talin 2 eða 3 embætti, sem við álítum að varla gæti komið til mála að tekin yrðu út. Hinsvegar sáum við, að það eru nokkur önnur embætti og sýslanir í landinu, sem vel gæti komið til mála annaðhvort að nema burtu eða þá að sameina öðrum. Þess vegna höfum við borið fram brtt. þá, er hjer liggur fyrir.

Jeg skal ekki þreyta hv. deild á að ræða frekar um brtt., þar sem jeg strax hefi orðið var við rjettan skilning á henni, og legg þess vegna einungis undir dóm hv. þdm., hvorri till. þeir fylgja.

Með þessari brtt. er tekið yfir alt, þannig að það eigi að hafa vakandi auga á embættum og sýslunum þeim, sem losna. Býst jeg við, að allir geti gengið inn á þetta, þar sem vel flestir eru þeirrar skoðunar, eins og hv. flm. (Trþ), að það beri að vinna að því að fækka embættum og sýslunum á landinu, að svo miklu leyti sem það skerðir ekki um of þau störf, sem hagnýt eru fyrir þjóðfjelagið, ef þau verða falin öðrum starfsmönnum; en samt má ekki ganga svo langt í þessu efni, að vanræksla hljótist af sökum of mikils annríkis.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vildi aðeins bæta því við, eftir að hafa lesið till. nákvæmlega, að jeg vænti þess, að hæstv. stjórn hafi hliðsjón af þessu, sem talið er upp í till. minni, og yfirleitt af því, sem fram hefir komið á þinginu um niðurlagningu embætta, þegar hún leggur sinn dóm á það, hvað hún telur ástæðu til að leggja fyrir þingið.

Jón Baldvinsson: Af því hv. þm. Str. (Trþ) gekk inn á till. á þskj. 434, þá vildi jeg segja fáein orð um hana. Í stuttu máli finst mjer það lakari till. en till. hv. þm. Str. (Trþ), og það er af því, að það er stjórnin, sem eftir þeirri tillögu á að ákveða það, hvort hún gefi þinginu kost á að láta í ljós álit sitt um niðurlagning embætta. Till. hv. þm. Str. (Trþ) er miklu ákveðnari, og í raun og veru finst mjer það miklu eðlilegra, að þingið ljeti í ljós, hvaða embætti það væru, sem það teldi helst mega missa sig eða sameinat öðrum, heldur en leggja það algerlega á vald stjórnarinnar. Sem sagt, stjórnin getur annars gert það, sem henni sýnist, og án þess að láta neitt koma til þingsins kasta, þar sem hún getur fullyrt við þingið, að ekki sje hægt að komast af án þessa og þessa embættis. Þingið þarf ekkert af því að vita, að hún veitir embættin, og eftir till. er hún sýkn saka, og enginn getur rengt hana um skoðun hennar á nauðsyn þeirra embætta, sem um kann að vera að ræða.

Jakob Möller: Það er eitt atriði í þessari brtt. sem mjer finst ekki hafa verið athugað, þar sem eingöngu er talað um þau embætti, sem stjórnin telur unt að komast af án. Mjer skilst, að það muni ekki ná þeim tilgangi, sem í aðaltill. felst. Því ef hugsað er um að sameina embætti, þá ætti það sama að ganga yfir þau embætti eins og hin, sem hægt er að komast af án. Það þarf að koma í ljós, að þetta eigi við, hvort sem um er að ræða að leggja niður eða sameina. Í upptalningunni í till. hv. þm. Str. (Trþ) er t. d. talið sýslumannsembætti í Strandasýslu og Dalasýslu, sem oft hefir verið talað um að sameina. Það má þá líta svo á, að hægt sje að komast af án sýslumanns í Dalasýslu, en ekki í Strandasýslu, og þess vegna verði Strandasýsla veitt, þó Dalasýsla sje ekki veitt. (**ÁF:** Þetta er orðaleikur). Það er ekki orðaleikur; því hv. flm. hefði verið ofurauðvelt að orða þetta á aðra leið: „sem hún telur hægt að komast af án eða að rjett sje að sameina við önnur embætti". Það hefði verið nóg.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þó að jeg sje ekki yfirleitt veitandi embætta hjer á landi, skal jeg benda á, að mjer skilst, að tillaga hv. flm. sje sú, að þau embætti verði ekki veitt, sem hægt er að sameina öðrum eða leggja niður. Það finst mjer það eina skynsamlega, en eftir orðalagi till. má ef til vill hártoga þetta, eins og hv. 3. þm. Reykv. (JakM) benti á. En jeg geri ráð fyrir, að hver stjórn sem er mundi fremur líta á tilganginn en hengja sig í orðin.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg sem sagt sá ekki þessa brtt. fyr en jeg var byrjaður að tala, eins og hv. þdm. hafa heyrt. Jeg fjekk nærri því snuprur hjá hv. 2. þm. Reykv. (JBald), en jeg verð að segja, að mjer finst ekki hægt að skilja brtt. nema á einn veg, nefnilega í samræmi við mína till. Jeg geng inn á að sleppa upptalningunni, með þeirri hugsun, að það, sem stjórnin sjerstaklega fari eftir, það sjeu þær raddir, sem fram hafa komið í þinginu. Að vísu vita það allir, að jeg ber ekki sjerstakt traust til hæstv. stjórnar, hvorki í þessu efni nje öðrum, en mjer finst hjer vera svo bein gata og óvandrötuð, að hún geti ekki vilst.

ATKVGR.

Brtt. 434, 1. (ný tillgr.) samþ. með 18:1 atkv.

Brtt. 434, 2. (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, með fyrirsögninni: **Till. til þál. um frestun embættaveitinga og sýslana,** samþ. með 19 shlj. atkv., og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 440).

4. Skipströnd.

Á 70. fundi í Nd., laugardaginn 2. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun laga um skipströnd (A. 421).

Á 71. fundi í Nd., mánudaginn 4.

maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 72. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Kjartansson): Þeir, sem hafa kynt sjer lög um skipströnd, frá 14. jan. 1876, munu hafa veitt því eftirtekt, að þar er aðaláherslan lögð á, að sem mestu verðmæti sje bjargað úr skipunum. Er mikil skylda lögð á herðar mönnum til að aðstoða við björgun. Mæla þau lög svo fyrir, að allir fulltíða menn sjeu skyldir að hlýða boði hreppstjóra eða sýslumanns við björgunina, láta af hendi hverskonar áhöld, sem að gagni mega koma, og lána hús til að geyma í muni, sem bjargað er, Þessi skylda er svo víðtæk vegna þess, að venjulegast er mikið verðmæti samfara strandinu, og eins eru þeir, sem hagsmuna eiga að gæta með tilliti til skips og flutnings, sjaldnast viðstaddir.

En þrátt fyrir það, þótt lög þessi sjeu svo ströng og ítarleg, þá kemur það ekki ósjaldan fyrir, að skip stranda og alt eyðilegst með þeim, án þess að tilraun sje gerð til björgunar. Á jeg hjer ekki við þau tilfelli, þar sem ekki verður neinni björgun komið við, heldur þau tilfelli, þegar björgun er framkvæmanleg, en henni ekki sint. Þetta kemur til af því, að skipstjórinn, sá maður, sem að lögum er umboðsmaður skipseiganda og annara, sem hagsmuna eiga að gæta á skipinu, gerir tíðast einungis þær ráðstafanir, að strandið skuli yfirgefið, og neitar því að gera tilraunir til að bjarga. Stundum getur átt sjer stað, að slík ráðstöfun af hendi skipstjóra líti í bili út sem eðlileg, sjerstaklega ef líkur eru til, að skipið náist út. En oftast er þetta ekki tilfellið, og engu síður getur verið rangt af skipstjóra að haga sjer svona, þó hann ætli, að skipið kunni að nást, því skipið getur hæglega sokkið fyr en varir í sand og sjó, eins og svo oft á sjer stað við Skaftafellssýslu, og verður þá engu bjargað. Hjálpar það þó skipinu heldur til að haldast uppi, ef losaður hefir verið farmur úr því. Er því rangt að reyna ekki strax að ljetta skipið, ef gera á tilranir til að ná því út.

Bæði strandlögin og 10. kap. siglingalaganna, sem um þetta fjallar, leggja algerlega á vald skipstjóra að ákveða, hvort bjarga skuli úr strönduðu skipi eða ekki. Þetta ákvæði getur ekki verið komið inn í lögin til þess, að ver fari fyrir þeim, sem hagsmuna hafa að gæta, heldur einungis með það fyrir augum, að björgunin verði ódýrari og ef til vill öruggari, ef skipstjórinn semur um hana eða lætur sína menn framkvæma hana. En mörg dæmi þess mætti nefna, að skip hefir farist með öllu verðmæti vegna þeirra ráðstafana skipstjórans, að strandið skuli yfirgefið og engin björgun reynd. Get jeg nefnt í þessu sambandi tvö skip, er strönduðu síðastliðinn vetur; var annað flutningaskip og hitt togari, sem hægt hefði verið að bjarga miklu og ef til vill öllum farmi úr, ef reynt hefði verið strax, en í stað þess vildu skipstjórarnir ekkert við það eiga, og þannig sukku skipin í sand og sjó með öllum farmi, svo engu varð bjargað. Venjulega leita skipstjórarnir aðeins aðstoðar valdsmanns um flutning á skips-

höfninni. Nokkru seinna er strandið auglýst til sölu, en þá fæst venjulega lítið eða ekkert boð, því skipið er þá oftast sokkið í sjó og lítið upp úr því að hafa.

Nú er það ætlun flm. þáltill., að strandlögin verði endurskoðuð og jafnframt að fá athugað, hvort eigi megi koma að í lögunum ákvæðum til frekari tryggingar því, að verðmæti í strönduðu skipi verði bjargað. Raunar geng jeg þess ekki dulinn, að ekki er hægt að svifta skipstjórann þeim rjetti, sem hann hefir til að ráðstafa skipi og farmi, en þykist hinsvegar fullviss, að einhverjar skorður megi reisa við því, að ráðsmenska hans fari í öfuga átt við tilgang laganna. Vona jeg því, að hv. deild lofi till. okkar að ganga fram og eins að hæstv. stjórn muni ljúft að athuga þetta mál. Mætti það verða henni stuðningur að bera saman löggjöf annara þjóða um þetta efni. Hjer er oft um mikið verðmæti að ræða, og það getur ekki verið neinum til góðs, að það verðmæti eyðileggist með öllu.

Fleiri orð mun ekki þörf á að láta fylgja þessari till.

Forsætisráðherra (JM): Eins og hv. flm. (JK) getur til, mun verða örðugt að takmarka umráðarjett skipstjóra og annara umboðsmanna eiganda og ábyrgðarfjelaga skipa og farms, og sje jeg ekki í fljótu bragði, hvernig það megi ske. Skaðinn eða ábatinn er hjer auðvitað eingöngu þeirra, sem rjett hafa yfir skipi og flutningi. Í því sambandi kemur ekki til álita, hvort björgun góssins er þeim happ, sem nærri strandstaðnum búa. Hinsvegar mun stjórninni ljúft að athuga þetta mál. Það mun orðið tímabært að endurskoða alla strandlöggjöf vora. Hún er frá 1876, og er því ekki furða, þó hún sje í ýmsum efnum orðin á eftir tímanum. Hvort því verði við komið fyrir næsta þing, læt jeg aftur á móti ósagt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 463).

5. Landhelgisgæsla fyrir Austurlandi.

Á 68. fundi í Ed., þriðjudaginn 5. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um að skora á stjórnina að halda upp landhelgisgæslu fyrir Austurlandi (A. 458).

Á 69. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 70. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., næsta dag, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Ingvar Pálmason):*) Jeg geri ráð fyrir, að eigi muni þörf langra umræðna um þessa þáltill., því að aðal-

*) Óyfirlesin ræða.

ástæðurnar og flest annað, sem segja þurfti, er tekið fram eða drepið á í greinargerðinni. Þó ætla jeg að láta henni fylgja nokkur orð frá mjer í viðbót, til árjettingar því, sem í greinargerðinni segir. Það er alkunnugt, hversu fiskisæl grunnin eru meðfram Skaftafellssýslum og fyrir Austurlandi víðar; þetta sjest meðal annars á því, hversu erlendir botnvörpungar eru áleitnir á þessum slóðum og hyllast mjög til að veiða þar í landhelgi, einkum á vetrarvertíðinni, og þarna er ætíð mikill fiskur fyrri hluta vetrar. Þessi hjeruð eru þannig sett, að þar eru alstaðar hafnleysur, nema ef telja skyldi Hornafjörð, sem bæði hefir litla höfn og illa. Á síðustu áratugum hefir risið upp eigi alllítil verstöð í Hornafirði, og hefir sá útvegur oftast gefist vel, þrátt fyrir erfiða aðstöðu að ýmsu leyti. Nú er það víst, að botnvörpungar sækja þangað mjög inn fyrir landhelgi fyrri hluta vetrar, og er það mikið álitamál talið, hvort eigi valdi þeir stórspjöllum öllum almenningi, þrátt fyrir það, að allflestum landsmönnum eða öllum er meinað að sækja þangað björg; stafar það sjerstaklega af hafnleysinu.

Það er alment álit manna þar austur, sem jeg að vísu ekki veit við hve mikil rök hefir að styðjast, að miklar botnvörpuveiðar tefji fyrir og trufli fiskigöngur þar austur með landinu. Jeg veit að vísu ekki, hversu mikið er hæft í þessu, en þó hygg jeg, að flestum geti skilist, að of miklar botnvörpuveiðar fram undan Skaftafellssýslum gætu truflað fiskigöngu þaðan austur eftir.

Jeg hefi ekki þorað að fara fram á sjerstaka fjárveitingu til strandvarna á þessum slóðum, þar sem þar verður ekki við komið vjelbátagæslu, eins og á þeim slóðum, þar sem styrkur hefir verið veittur til, en aðalefni og tilgangur þessarar till. til þál. er að fá því komið til leiðar, að ríkisstjórnin láti halda uppi þar og víðar á Austfjörðum landhelgisgæslu á sjerstaklega ákveðnum tíma, þegar slíkrar gæslu er þar mest þörf. Til upplýsingar fyrir hæstv. stjórn get jeg getið þess, að fyrir Austurlandi er óvíða mikið um ágang botnvörpunga að sumrinu, fyr en kemur fram í ágústmánuð, en þá er þar mjög þörf landhelgisgæslu vegna tilsóknar þessara fiskiskipa. Þá er þar einnig svæði af fiskimiðunum, sem landhelgin tekur yfir, en þau virðast hafa gleymst, þegar eftirlitsskipin hafa farið um fyrir Austurlandi, og á jeg þar við miðin kringum Geirfuglasker, sem eru á einu hinu fiskisælasta grunni fyrir Austurlandi sunnanverðu. Eru mið þessi nú oftast nefnd „á Hvalbak“, og er vitanlegt, að nokkur hluti þeirra liggur innan íslenskar landhelgi. Á þessi mið sækja menn á bátum af Austfjörðum á vorvertíð, en einmitt þá (í maí) er ágengni botnvörpunga þar mikil, og hafa smáskip oft komið þaðan veiðarfæralaus. Hafa botnvörpskip, erlend eða innlend, tekið öll veiðarfærin í vörpurnar eða eyðilagt. Það er því augljóst, að það hefir gleymst löggæslunni, að landhelgin tekur út yfir Geirfuglaskerin eða þessi svonefndu Hvalbaksmið að miklu leyti, og er þar því mikil þörf eftirlits. Jeg get nú vel búist við því, að einhverjir muni svara mjer því, að landhelgisgæslu sje miklu síður þörf fyrir Austurlandi en víða annarsstaðar, en jeg álít, að einnig þar austur sje mjög mikilla og almennra hagsmuna að gæta, og stafar það af misskilningi eða ókunnleika, ef bornar eru á það brigður. Það

eru sum mið þarna alþekt fyrir fiskisæld, og einnig vita allir, að fiskur gengur fast upp að landi víða við sandana og sumstaðar annarsstaðar. En smábátaveiðar (róðrarbáta) eru mjög stundaðar á þessum slóðum, og er sá útvegur aðalatvinnuvegur manna víða á Austfjörðum.

Þá liggur næst að athuga, hvort hægt muni vera að halda þarna uppi landhelgisgæslu, t. d. strax á þessu ári. Og jeg fyrir mitt leyti held, að það væri hægt. Það er t. d. vitanlegt, að björgunarskip þeirra Vestmannaeyinga, „Þór", er enn á vegum ríkisstjórnarinnar og verður notaður eitthvað framvegis til landhelgisgæslu. Þannig var það í fyrra og verður í ár og sennilega lengur. Eins og kunnugt er, hefir „Þór" haft aðallega á hendi landhelgisgæslu fyrir Norðurlandi á sumrum um síldveiðitímann, en þegar þeirri veiði er lokið (um miðjan september), er ekki eins mikil þörf á landhelgisgæslu fyrir Norðurlandi, enda hefir „Þór" þá oftast verið sendur til Vestmannaeyja, án þess að jeg viti til, að þess hafi verið brýn þörf að halda uppi gæslu þar á þeim tíma árs, og getur það þó vel verið, að svo hafi verið. En jeg veit ekki til, að neinar ráðstafanir hafi verið gerðar um „Fyllu", hvar það skip skuli vera á verði eftir að síldveiðinni er lokið, og jeg veit ekki heldur, hvort hæstv. ríkisstjórn hefir full umráð yfir því skipi, en þó vænti jeg, að hún hafi þar ákveðinn tillögurjett. Mjer hefir dottið í hug, hvort ekki mundi framkvæmanlegt að láta „Fyllu" hafa aðalbækistöð sína einhversstaðar á Austurlandi síðari hluta sumars og að haustinu. Um þetta ætti að vera hægt fyrir ríkisstjórnina að ná samkomulagi við dönsku stjórnina, að „Fylla" hefði aðalbækistöð sína t. d. á Seyðisfirði. Þaðan er ekki langt á vettvang, hvort sem farið yrði norður eða suður með landinu, enda eru þar og góð fiskimið mjög nærri, sem þurfa verndar við, og útgerðarkostnaður „Fyllu" þyrfti alls ekki að aukast neitt við þessa tilhögun. Jeg veit vel, að það er víðar þörf á strandvörnum á þessum tíma árs, en jeg hygg t. d., að þó hafi „Fyllu" aldrei verið ætlað að verja Faxaflóa eða Suðurland á þessum tíma; til þess hafi verið ætluð önnur skip, og líkt væri hægt að gera fyrir Vesturlandi. Að undanteknum máske Vestfjörðum er þörfin fyrir landhelgisgæslu á þessum tíma árs langmest á Austurlandi, og jeg held, að það sje alls ekki of djúpt tekið í árinni í greinargerð þessar þáltill., þó þar sje svo að orði kveðið, að undanfarin ár hafi engin landhelgisgæsla verið framkvæmd fyrir Austurlandi, og jeg treysti mjer til að finna þeim orðum stað, ef þörf krefur. Jeg vænti þess fastlega, að háttv. deild sjái þær sanngirniskröfur, sem eru á bak við þessa áskorun til stjórnarinnar, og samþykki því till. eins og hún liggur fyrir. Jeg get ekki búist við því, að till. mæti neinni alvarlegri andstöðu, og hefi því ekki þessa ræðu lengri.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get búist við, að háttv. flm. till. (IP) líti, eins og eðlilegt er, mest á nauðsyn landhelgisgæslunnar þar, sem hann þekkir best til. Jeg veit ekki með vissu, hvort það er nauðsynlegt að hafa fasta landhelgisgæslustöð á Seyðisfirði, en hitt álít jeg að sje alveg rjett hjá háttv. flm. (IP), að til þess sje full ástæða, að meiri athygli verði veitt landhelgis-

vörnum fyrir Austurlandi en gert hefir verið hingað til. Jeg er því fús að taka þetta mál til athugunar, og mun jeg reyna að gera ráðstafanir til, að þessu verði meiri gaumur gefinn en áður. Háttv. flm. fann að því í ræðu sinni, að mjer fanst, að „Þór" hefir verið notaður á þann hátt, sem gert hefir verið. Það er ekki fullráðið enn, hvar það skip verður látið vera í sumar; það gæti líka verið um „Fyllu" eða „Islands Falk" að ræða, og það er ekki heldur loku fyrir það skotið, að annaðhvort þessara skipa eða þá „Þór" gætu verið eitthvað á verði fyrir Austfjörðum; eins gætu þau ef til vill skotist við og við að norðan, eftir miðjan ágúst, austur fyrir landið til eftirlits. Mjer skal vera það ljúft að gera það sem í mínu valdi stendur til þess, að þessi varðskip öll verði látin vera þar á varðbergi, sem nauðsynlegt er og hægt verður að koma því við. Jeg get búist við, að þessi till. til þál. verði samþ., og mun jeg skilja hana svo, að ekki sje til þess ætlast, að stjórnin geri annað eða meira en nota sem best þau skip og varðbáta, sem hún ræður yfir eða hefir fengið til þessa. Jeg skil hv. flm. (IP) svo, sem er alveg rjett, að það er ekki kleift enn þá að bæta við nýju varðskipi í viðbót. Það er eitt atriði í ræðu hv. flm., sem jeg þarf að leiðrjetta. Hann talaði um sjerstakar landhelgisvarnir á Faxaflóa, en þær eru og hafa engar verið til, nema hvað lítill bátur hefir verið látinn hafa eftirlit með nokkrum hluta af „Garðsjónum". Annað hefir þar ekki verið gert, og verður ekki heldur hægt í ár að auka þær strandvarnir.

Jeg hefi svo ekki fleira að athuga í þessu máli, en jeg endurtek það, sem jeg hjet áðan, að það verður gert alt það, sem hægt er, til þess, að landhelgisgæslan verði betri en áður.

Flm. (Ingvar Pálmason): Jeg þakka hæstv. forsrh. (JM) fyrir undirtektir hans í þessu máli, enda bjóst jeg varla við, að meiru gæti orðið ágengt að sinni, og sætti jeg mig því fullkomlega við loforð hæstv. stjórnar um meira og betra eftirlit fyrir Austurlandi. Tilgangur minn með þessari till. til þál. var sá að beina athygli stjórnarinnar meir en áður að nauðsyn landhelgisgæslu fyrir Austurlandi. Það má vel vera, að nú sje ekki sem stendur hægt að láta nein varðskip, innlend eða erlend, hafa bækistöð á Austurlandi, en jeg vænti þess þá, að það verði gert síðar, er betur hægist um og varðskipastóll ríkisins hefir aukist. Jeg get í þessu sambandi upplýst það, að það væri þýðingarlítið að setja á fót landhelgisgæslu fyrir Austurlandi með smábátum einum saman. Sjávarútvegsnefndin ræddi þetta atriði á fundum sínum og gerði tillögur um málið til hæstv. stjórnar. Jeg bar fram fyrir nefndina vandræði okkar austanmanna vegna ónógra landhelgisvarna, og virtist nefndin fús á að taka tillit til þessa og jafnvel láta veita fje til þess, að haldið yrði úti strandvarnarbáti á þessu svæði. En jeg sýndi skýrt fram á það, að þetta væri lítt vinnandi vegur, þar eð smábátur kæmi ekki að notum nema að litlu leyti, og væri því mestu af því fje, sem til bátsins yrði varið, á glæ kastað. Því það er augljóst, að smábátar þola eigi þær útivistir, sem strandvarnarskip þurfa að hafa fyrir Austurlandi. Að öðru leyti skal jeg ekki orðlengja þetta,

en þakka hæstv. stjórn undirtektir hennar í málinu, og vænti jeg því, að till. beri góðan árangur.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 511).

6. Milliþinganefnd í strandferðamálinu.

Á 74. fundi í Nd., fimtudaginn 7. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um skipun milliþinganefndar í strandferðamálinu (A. 477).

Á 75. fundi í Nd., föstudaginn 8. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 77. og 78. fundi í Nd., dagana 11. og 12. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. maí, var till. enn tekin til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BJ, HStef, HK, JBald, JK, JS, JörB, KlJ. MT, PÞ, SvÓ, BSv.

nei: ÞórJ, ÁF, BL, JAJ, MG, MJ, PO, SigurjJ.

Fjórir þm. (BSt, IngB, JakM og JÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 546).

7. Skattskýrslur.

Á 73. fundi í Ed., laugardaginn 9. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um skattskýrslur (A 500).

Á 74. fundi í Ed., mánudaginn 11. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 75. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., næsta dag, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson):*) Jeg hefi borið fram þessa till. eftir óbeinum tilmælum eins hins elsta lögfræðisembættismanns hjer í bæ, og skal í mjög stuttu máli skýra, hvað í henni liggur. Eins og öllum er kunnugt, hafa ekki verið prentaðar skýrslurnar um eignar- og tekjuskattinn, heldur eru þær látnar liggja frammi stutta stund hjer í bæjarþingsstofunni. Nú er það þannig, að

*) Óyfirlesin ræða.

það kemur ekki fram í þessari skýrslu, hvað er eignarskattur og hvað er tekjuskattur, og hefir þetta komið sjer dálítið illa, sjerstaklega þegar menn hafa verið óánægðir með skattinn og hafa ætlað að kæra yfir honum, því að þá hafa þeir ekki getað haft jafngott yfirlit um aðra, til samanburðar, eins og ef skattarnir hefðu verið aðgreindir. Það, sem hjer er farið fram á, er eingöngu það, að skattstofan í Reykjavík sje hjer eftir látin tilfæra skattinn í tvennu lagi, eins og skattanefndir úti um land hafa gert og gera. Það er einnig dálítil hagskýrsla fólgin í því, að þessu sje þannig fyrir komið.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 549).

8. Hressingarhæli og starfsstöð fyrir berklaveika.

Á 74. fundi í Ed., mánudaginn 11. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um að gera frumdrætti að hressingarhæli og starfsstöð fyrir berklaveikt fólk (A. 523).

Á 75. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 76. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Flm. (Jónas Jónsson):*) Jeg ætla aðeins að láta fáein orð fylgja þessari till. Hún er framhald af þáltill., sem mentmn. bar fram á síðasta þingi og þá var samþ. í þessari hv. deild. Þar var farið fram á að láta húsameistara ríkisins og landlækni athuga, hvort heppilegt væri að reisa einskonar framhaldsverustað að lokinni heilsuhælisvist. Þeir gerðu þetta og komust að þeirri niðurstöðu, að einna hentugasti staðurinn fyrir slíkt hressingarhæli og starfsstöð mundi vera Reykir í Ölfusi. En þar sem búist er við, að ekki verði að sinni neinar verklegar framkvæmdir í málinu, kemur sú hlið málsins ekki til greina enn sem komið er. Okkur í mentmn. fanst það skylda okkar að halda málinu vakandi, og þar sem hæstv. stjórn veit, hvað þessir ráðunautar álíta um heppilegan stað, þá er sjálfsagt, að þeir haldi áfram að athuga málið, og annað stigið er þá ekki annað en það að gera frumdrætti að byggingu og fyrirkomulagi slíks hælis. Þar sem hjer er um að ræða fólk, sem er í afturbata og margt að hálfu leyti fært til vinnu, þarf tilhögun öll í þessu hæli að vera við það miðuð, en fyrirkomulagið ekki að vera með sama hætti sem á öðrum heilsuhælum.

Eins og jeg hefi tekið fram áður, er það óþarft, á þessu stigi málsins, að gera nákvæma kostnaðaráætlun, en hinsvegar gott að fá þessa menn til að segja álit sitt um það, hvernig þessu hæli yrði best fyrir komið, og svo vitanlega að gera meira fyrir þetta mál

*) Óyfirlesin ræða.

síðar, ef eitthvað yrði farið að hefjast handa í því. Það er ekki gert ráð fyrir því af nefndarinnar hálfu, að þetta verði nein veruleg vinna, frekar en það, sem þeir gerðu að tilmælum síðasta þings; en þeir gætu þó ýtt málinu vel áfram, án þess að það tefði þá nokkuð verulega frá störfum þeirra.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 548).

9. Verndun frægra sögustaða.

Á 76. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um verndun frægra sögustaða (A. 540).

Á 77. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 78. fundi í Ed., s. d., var till. tekin til e i n n a r u m r.

Of skamt var liðið frá því er ein umræða var ákveðin. — Afbrigði til að taka málið til meðferðar leyfð af stjórninni, en deildin synjaði þeirra með 4:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: IHB, IP, JM, JJ, SE, SJ, BK, EP, GÓ.

nei: HSn, JJós, EÁ, HSteins.

Á 79. fundi í Ed., föstudaginn 15. maí, var till. aftur tekin til e i n n a r u m r. (A. 540, 553).

Flm. (Jónas Jónsson):*) Jeg get verið stuttorður um þessa till. Jeg vænti þess, að hún verði borin undir atkv. í tvennu lagi, því sumir kunna að vilja greiða atkvæði með A-lið, þótt þeir fallist ekki á B-lið. Tilgangur þáltill. er fyrst og fremst að vekja sjerstaka athygli á verndun Þingvalla. 1000 ára afmæli Alþingis fer bráðum í hönd, og má ekki seinna vera en að farið sje að hugsa til einhverra framkvæmda til verndunar og umbóta á staðnum. Jeg ber ekki þessa till. fram samkv. ósk Þingvallanefndarinnar, en hitt veit jeg, að nefndarmenn óska allir einhverrar löggjafar um Þingvöll. En bæði nefndin og aðrir líta í rauninni svo á, að ekki þurfi annars með en að gefa þessari nefnd, sem þegar er skipuð og starfar að undirbúningi hátíðahaldanna, víðtækara starfssvið. Að fimm árum liðnum má búast við miklum fólksstraumi til Þingvalla víðsvegar af landinu og frá öðrum löndum, til þess að vera við hátíðahöldin. Það þarf því að hefjast handa sem allra fyrst, bæði um friðun á þessum helga stað þjóðarinnar og að gera nauðsynlegan undirbúning undir hátíðahöldin og til að taka á móti öllum þeim mannfjölda, sem þangað mun leita, án þess að leggja alt of mikið

*) Óyfirlesin ræða.

í kostnað. Og það verður að líta jafnt eftir verndun staðarins utan þinghelginnar sem innan. Ef t. d. einhver fyndi upp á því að byggja hús á vestari bakka Almannagjár, sem er utan þinghelginnar, yrði það til að stórspilla þessum fornhelga stað.

Um annan lið till. er það að segja, að sæmd þjóðarinnar krefst þess, að staðir, sem frægir eru úr fornsögum vorum, falli ekki í niðurníðslu. Mætti t. d. nefna staði eins og Hlíðarenda, Bergþórshvol og Hjarðarholt í Dölum og fleiri.

Jeg ætla að nefna eitt dæmi um staðreyndir þær, sem hjer eru hverjum manni sýnilegar, um meðferð þessara frægu sögustaða, enda þótt mörgum sje þetta allviðkvæmt mál. Fyrir 40 árum síðan var hjer á ferð W. Morris, merkismaður mikill og hinn mesti Íslandsvinur. Segir hann í ferðaminningum sínum, að sig hafi brostið orð til að lýsa hrifning sinni, er hann kom í landsýn, enda var maðurinn búinn að lesa mikið um land og þjóð og mjög fróður í sögu okkar. Hann ferðaðist hjer víðsvegar um landið og kom meðal annars að Hlíðarenda, Bergþórshvoli og víðar. En maðurinn var alt of kurteis og vinveittur í okkar garð til þess að lýsa tilfinningum sínum, þegar hann kom þangað. En það er auðsætt, að koma hans á þessa fornhelgu staði hefir verkað á hann eins og ískalt steypibað.

Jeg vil ekki mæla í gegn till. hv. 2. þm. S.-M. (IP), en jeg hugsa mjer, að hæfir menn verði fengnir til að gera skynsamlegar tillögur um endurreisn fornra sögustaða, þegar að því verður horfið. Enda þótt B-liður till. minnar og viðhorf háttv. 2. þm. S.-M. (IP) við henni sje ekki gagnhugsað enn, eru þar þó nefndir ýmsir þeir staðir, sem einna brýnust nauðsyn ber til að teknir verði til varðveislu og verndunar.

Ingvar Pálmason: Jeg á brtt. við þessa till., en jeg vil strax taka það fram, að jeg tel sjálfan mig ekki öðrum færari til að benda á einn sögustað öðrum frægari, er ganga skyldi fyrir öðrum, er þeir verða endurreistir. Ef að því yrði horfið, að fje yrði veitt til þess að byggja upp slíka staði, ætti að minni ætlun að skifta því fje á milli landsfjórðunganna. Brtt. mína ber að skoða sem bending aðeins, en ekki sem bindandi fyrirmæli. Ennfremur er upptalning sögustaðanna alls ekki tæmandi, því benda má á ýmsa fleiri staði, sem vert er að kæmu til greina, t. d. Haukadalur í Biskupstungum o. s. frv. Einnig vil jeg leyfa mjer að benda á það, hvort ekki þætti rjett, að ríkið reyndi að reisa skorður við því, að slíkir merkisstaðir gengi úr eign þess, ef það á þá enn þá, og eins að það næði eignarhaldi á þeim jörðum fornfrægum, sem ekki eru lengur ríkiseign.

Eggert Pálsson: Jeg get lýst yfir því, að jeg mun greiða atkvæði með þáltill., en ekki með brtt. 553, sem mjer er nokkur þyrnir í augum, því hún fer fram á að fella niður part af þáltill., en er engin viðbót við hana, þó að brtt. sje orðuð svo sem væri hún aðeins viðaukatillaga.

Viðvíkjandi Hlíðarenda og Bergþórshvoli skal jeg taka það fram, vegna þess, hve vel jeg þekki til þar, að það væri sjerstök ástæða til að byggja þá bæi upp. Hjarðarholt og Reykholt munu vera sæmilega hýst, en Bergþórshvoll er

í hinni mestu niðurníðslu nú sem stendur. En þangað er nú nýlega kominn ungur prestur, sem getur ekki sætt sig við annað en að bærinn verði bráðlega bygður upp að nýju. Enda hlýtur það að verða gert innan skamms, eins og á öðrum föllnum prestssetrum, með beinni og óbeinni aðstoð ríkisins, og er því tækifæri til að stuðla að því, að þar yrði bygt í viðeigandi stíl. Hvað Hlíðarenda snertir, þá horfir nokkuð öðruvísi við um hann en Bergþórshvol. Hann er sem sje ekki ríkiseign. En það væri þó innan handar, eins og nú stendur á þar, að fá jörðina keypta handa ríkinu fyrir mjög hæfilegt verð. Þar er, eins og allir geta skilið, hin mesta nauðsyn á, að ávalt sje vel húsað, því hjer kemur varla sá erlendur ferðamaður til Suðurlands, að ekki fari hann að Hlíðarenda, auk alls þess fjölda af innlendu fólki, sem fer þangað til að skoða staðinn. Ríður því næstum því eins mikið á að hressa þennan stað við sem sjálfan Þingvöll. Og þetta er líka í sjálfu sjer auðvelt til framkvæmda, enda þótt Hlíðarendi sje nú „prívat"eign. Því eins og jeg tók fram, mun enginn þröskuldur verða á vegi þess, að ríkið eignist þá jörð fyrir sanngjarnt verð, svo framarlega sem óskað væri eftir því.

Forsætisráðherra (JM): Jeg tel þessa þáltill. algerlega óþarfa í sjálfu sjer. Að því er A-liðinn snertir mun Þingvallanefndin hafa fyrirskipanir um að athuga þá hluti, sem hann ræðir um, og hefi jeg því ekkert við það að athuga, þó sá liður verði samþyktur. Hitt álít jeg alls ekki tiltækilegt, að mæla fyrir um endurbyggingu fornra sögustaða á næstu árum, og nóg annað mun vera til, sem gera þarf, en fara að gera kostnaðaráætlanir um þetta fyrir næsta þing. Það getur verið, að Þingvallanefndin hafi einhverjar ákveðnar skoðanir um, hvað sje forn stíll, en yfir höfuð mun vera erfitt að gera út um það, svo allir verði ásáttir, eða hvort bæina skuli byggja í 10., 11. eða 13. aldar stíl. Það má vel sjá það á fornum brjefum og öðrum skilríkjum, að húsagerð hefir verið mjög mismunandi á hverri öld. Það hefir ekki svo mikið að segja, hvaða staðir eru taldir upp í þáltill., því þá ber að skoða fremur sem dæmi um, við hvaða staði sje átt, heldur en að þá beri að taka öðrum fremur. Jeg get t. d. nefnt á Norðurlandi Þverá í Eyjafirði, sem á síðari öldum hefir heitið Munka-Þverá, og einnig mætti nefna Grund í Eyjafirði. Brtt. hv. 2. þm. S.-M. (IP) tel jeg allsendis óþarfa og yfir höfuð ekki til bóta, og mun fáum þykja þörf að byggja upp á næstunni staði eins og t. d. í Vatnsfirði, Ljósavatn o. s. frv.

Ingvar Pálmason: Jeg ætla ekki að gefa tilefni til neinnar togstreitu, því brtt. mína ber aðeins að skoða sem bendingu um, hvað jeg vildi sjerstaklega leggja áherslu á. Jeg benti og á, að jeg teldi æskilegt, að ríkið fargaði ekki úr eigu sinni stöðum, sem nefndir eru í fornum sögum og frægir eru síðan, og eins hitt, ef tækifæri byðist, að ríkið reyndi að eignast slíka staði. Jeg skildi svo ræðu hv. 1. þm. Rang. (EP), að það væri í ráði að endurbyggja staðinn að Bergþórshvoli. Væntanlega verður þá tekið tillit til þess, er bærinn verður bygður, að þetta er forn og frægur sögustaður. Ef brtt. mín verður

skilin svo, að hún gefi tilefni til togstreitu eða verði til að spilla fyrir þessu máli, tek jeg hana heldur aftur, því jeg vil ekki verða valdur að því, að málið strandi hennar vegna.

Sigurður Eggerz: Jeg vil taka í sama strenginn og hv. 1. þm. Rang. (EP). Jeg álít, að einna mest ríði á að byggja upp og vernda Hlíðarenda og Bergþórshvol, og það ætti að vera auðvelt að koma því í framkvæmd. Það er dagsanna, sem háttv. 1. þm. Rang. (EP) sagði, að nær allir útlendir ferðamenn, sem hingað koma, fara þangað austur, og er leitt til þess að vita, að þeir skuli þurfa að horfa upp á þá niðurníðslu, sem þar á sjer stað eins og nú standa sakir.

Jónas Jónsson:*) Jeg vil svara hæstv. forsrh. (JM) því, að það yrði nefnd sagnfróðra manna, sem úr því yrði látin skera, hvað væri forn stíll. Fræðimenn vita vel, hvernig hýst var á söguöldinni á Hlíðarenda og á Bergþórshvoli. Það er svo sem auðvitað, að bærinn á Flugumýri var öðruvísi en bæir voru á söguöldinni. Fornaldarfróðir menn mundu t. d. miða við lýsingar Njálu, því menn koma auðvitað að Hlíðarenda til að sjá staðinn þar sem Gunnar bjó. Jeg er yfir höfuð ánægður með þær undirtektir, sem þessi till. mín hefir fengið hjá deildinni, og vil jeg skjóta því til hv. 1. þm. Rang. (EP), að hann undirbúi það, að landið taki Hlíðarenda undir sína vernd í náinni framtíð. Það er ekki eingöngu, að æskilegt væri, að þar risi bær í fornum stíl, heldur er þar og að öðru leyti mikil þörf gistihúss, sjerstaklega handa erlendum ferðamönnum.

ATKVGR.

Brtt. 553 tekin aftur.

A-liður tillgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

B-liður tillgr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 564).

10. Skýrslur um kjör útvegsmanna í verstöðvum.

Á 75. fundi í Nd., föstudaginn 8. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að útvega skýrslur um kjör þau, er útvegsmenn verða að sæta í helstu verstöðvum (A. 489).

Á 76. fundi í Nd., laugardaginn 9. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 77. og 78. fundi í Nd., dagana 11. og 12. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. maí, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þessi till. er fram borin vegna þess, að það þykir

*) Óyfirlesin ræða.

brenna við í ýmsum verstöðvum hjer á landi, að útvegsmenn sæti verri kjörum heldur en ástæða er til. Hjer er ekki farið fram á annað, með þessari till., en að skora á stjórnina, í samráði við stjórn Fiskifjelags Íslands, að útvega upplýsingar viðvíkjandi búðaleigu og öðrum kvöðum á báta þar, er sjerstaklega geta verið athugaverðar, svo sem þær kvaðir, sem lagðar eru á sölu sjávaraflans, þar sem slíkar stöðvar eru eignir einstakra manna. Jeg hefi sjeð einn eða tvo samninga um þetta, og það er sannast að segja, að þar eru ýms ákvæði, sem menn varla geta ímyndað sjer að nokkur væri svo heimskur að skrifa undir, en menn eru neyddir til þess, vegna þess, að í nánd við verstöðvarnar liggja fiskimið, sem menn verða að sækja til, og eru menn því neyddir til þess að skrifa undir alt það, sem eigendurnir setja upp. Þar er t. d. áskilinn kauprjettur á öllum fiski, allri lifur, hrognum og öðru, sem aflast. Alt er þetta skuldbinding, sem gerir það að verkum, að ekki er frjálst að bjóða út og selja afla sinn öðrum. Þessir menn fá því oft lægra verð en þeir annars myndu fá. Í þessum samningum, sem jeg hefi sjeð, er lagt á bátana ljósagjald, þar sem rafmagnsljós eru. Jeg á hjer við Sandgerði. Þar eiga þeir að borga alt ljósagjald, samkvæmt reikningi stöðvarinnar, sem miðast við þóknun til stöðvarinnar sjálfrar, viðhald á tækjunum og kannske fleira; það getur verið óákveðið, og svo og svo hátt, ef svo vill verða. Þetta er svo mikilsvert mál, hvernig kjörum þessir menn sæta, að það er ekki rjett að láta það alveg afskiftalaust, heldur ætti hið opinbera að hafa hönd í bagga þar um. Þetta eru ástæður okkar flutningsmanna fyrir till., en þó er ekki farið fram á meira en að stjórnin útvegi skýrslur um þetta og geri svo tillögur um að ráða bót á því, sem henni þykir aflaga fara. Jeg vænti, að háttv. deildarmenn fallist á þessa till., og vona, að hæstv. stjórn framkvæmi það, sem hjer er farið fram á.

Ágúst Flygenring: Jeg vil aðeins bæta því við ræðu hv. frsm. (JBald), að Fiskifjelagið vildi, þegar það fer að rannsaka þetta málefni, því að það verður vitanlega látið gera það, þá um leið rannsaka þau kjör, sem ýmsir útgerðarmenn verða að sæta á ýmsum stöðum hjer á landi, bæði fyrir það, sem þeir þurfa að fá keypt og lánað, svo sem hús, land til að leggja á afla og þvíuml., og að Fiskifjel. gleymi þá ekki að rannsaka líka, hvernig þeir eru meðhöndlaðir af viðkomandi bæjarstjórnum eða hreppsnefndum; því að það er áreiðanlega versta meðferðin, sem þeir þar fá; engir okrarar geta jafnast á við þær stofnanir. Ásælni þessara hreppsnefnda og bæjarstjórna gengur oft og tíðum mjög langt.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal ekki hafa á móti þessari till., en verð að taka það fram, að jeg mun fela Fiskifjelaginu að gera þessar rannsóknir, og það verður að sitja við þær upplýsingar, sem þetta fjelag útvegar, og það verður sömuleiðis að skera úr því, hverjar verða að teljast þessar helstu verstöðvar, sem till. nefnir; en annars vil jeg segja það, að það er náttúrlega ekki skylt þessum verstöðvaeigendum, og ekki heldur þessum útvegsmönnum, að láta af hendi þessa samninga, svo að ef þeir neita að gera það, þá er ekki

hægt að knýja þá til þess. Það yrði því aðeins með samkomulagi, og jeg ætlast til þess, að Fiskifjelagið leiti þessa samkomulags. Að öðru leyti þarf jeg ekki að ræða um þetta. En út af því, sem hv. flm. (JBald) sagði um kvaðir, sem lagðar væri á aflann um kauprjett, þá verður erfitt að sporna við því, því að það er samningur, sem þessir menn gera um það, en það getur verið álitamál, hvort slíkir samningar sje heppilegir, en í því, að áskilinn er forkaupsrjettur, þarf ekki að liggja neitt óhagkvæmt fyrir samningsaðilja.

Jeg mun fela stjórn Fiskifjelagsins að leysa þetta starf af hendi og skoða svo, að með því sje fullnægt því, sem er tilætlunin hjá hv. flm.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 547).

11. Milliþinganefnd um seðlaútgáfu o. fl.

Á 73. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga, hvernig seðlaútgáfu ríkisins skuli fyrir komið, og aðra bankalöggjöf landsins (A. 464).

Á 74. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 75. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jakob Möller): Jeg þarf ekki að vera langorður um þetta mál. Háttv. deild er það kunnugt, að fyrir Ed. hefir verið lagt frv. um Landsbanka Íslands, bæði á síðasta þingi og aftur nú, þess efnis að fela honum seðlaútgáfuna. En frv. var vísað til stjórnarinnar á síðasta þingi, til frekari undirbúnings, og það virðist nú á ný munu stranda í Ed.; að minsta kosti er bersýnilegt, að það getur ekki náð fram að ganga á þessu þingi. En þar sem þetta mál vissulega er mjög mikilvægt og varðar miklu í framtíðinni, að því sje vel fyrir komið, þá virðist það ekki nema sjálfsagt, að það sje athugað gaumgæfilegar en venja er um flest önnur þingmál. Fyrir því höfum við borið fram þáltill. um að skipa milliþinganefnd til þess að athuga það til næsta þings. Af því leiða engar tafir fyrir málið sjálft. En milliþinganefnd ætti að geta haft svo mikið að segja og geta undirbúið málið þannig til næsta þings, að samkomulag verði betra um afgreiðslu málsins en ella. Því eins og málinu er nú komið, þá er eiginlega ekki hægt að gera sjer miklar vonir um betra samkomulag á næsta þingi, ef ekki verður aðhafst í millitíð.

Jeg ætla ekki að fara neitt út í málið sjálft, þ. e. a. s. hvaða aðferð eigi helst að taka upp í þessu efni. Það er í greinargerð með till. vísað til nál. meiri hl. fjhn. í Ed., og þykist jeg vita, að allir hv. þdm. hafi lesið það gaumgæfilega, og skal jeg þar sjerstaklega benda á sjerálit hv. 2. þm. G.-K. (BK), sem er allítarlegt og ræður eindregið frá því að fara þá leið, sem farin er í frv. um

Landsbankann. Hinsvegar verð jeg að segja það, að sjerfræðingsumsögnin, sem hefir verið látin fylgja þessu máli til þingsins, hún er á þá leið, að mjer virðist, að þar sje ekkert sjerlega sannfærandi um það, að það sje ráðlegast að fara þá leið, sem þar er lagt til.

Það er skýrt tekið fram, að ætlunarverk þessarar nefndar er fyrst og fremst að íhuga og gera till. um, hvernig seðlaútgáfunni verði best fyrir komið; nefndin verður náttúrlega að fá upplýsingar utan að frá, því það er ekki þeim sjerfræðingum í þessum efnum til að dreifa hjer á landi, að það sje í sjálfu sjer á því byggjandi. En það verður að ætlast til þess, að nefndin leiti sjer aðstoðar þar sem hana er besta hægt að fá, og álits fræðimanna í öðrum löndum, fleiri en eins og fleiri en tveggja, og jafnvel í fleiri löndum en einu. Það má gera ráð fyrir, að því fylgi nokkur kostnaður, og er ómögulegt að gera áætlun um, hvað hann muni verða mikill; en jeg hygg, að þegar á það er litið, hve afskaplega þýðingarmikið þetta mál er, þá geti menn fallist á, að ekki sje rjett að horfa í það, þótt þetta kosti nokkurt fje, ef það miðar til þess að fá heppilegri lausn á þessu máli en ella yrði fengin. Að öðru leyti er nefndinni ætlað að íhuga bankalöggjöf landsins alment.

Eins og kunnugt er, eru hjer til aðeins tveir bankar, sem hvorum er stjórnað eftir sínum lögum, með sínum sjerrjettindum. En það er ástæða til að íhuga, hvort ekki væri rjett að setja almenn bankalög þar að auki, og þá sniðna eftir bankalögum annara þjóða. En eins og kunnugt er, hefir þeim verið breytt allmjög víða í löndum einmitt nú síðustu árin. Er ekki ósennilegt, að heppilegt væri fyrir okkur að taka eitthvað eftir þeim þjóðum, sem lengra eru komnar og hafa meiri reynslu í þessum efnum, ef með því mætti takast að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í, þó að slíkar varúðarlagasetningar hafi víða í öðrum löndum ekki verið settar fyr en þegar ósköpin voru skeð.

Með tilliti til þess, að áliðið er fundartímans og fjárlögin eru eftir á dagskrá, skal jeg ekki orðlengja frekar, enda mega umræður eins vel bíða til síðari umr.

Fjármálaráðherra (Jþ): Jeg get vel fallist á að láta umræður um þetta mál frá minni hálfu bíða til síðari umr., sem jeg þá leyfi mjer að vænta, að verði ekki fyr en á mánudag, ef við eigum að sitja nú langt fram eftir kvöldinu. Get jeg því í raun og veru látið bíða mínar athugasemdir við ræðu hv. flm. (JakM). En þó verð jeg að segja það, að mjer þykir það frá upphafi vera nokkur lýti á flutningi þessarar tillögu, að hv. flm. skuli finna sig til knúðan í framsöguræðu sinni að taka afstöðu til þess atriðis, sem nefndin á að rannsaka, en það gerði hann með ummælum sínum um nál. hv. 2. þm. G.-K. (BK) og með ummælum sínum um álitsskjal Axels Nielsens prófessors.

Flm. (Jakob Möller): Það var alls ekki mín meining að lýsa sjerstakri afstöðu til þessa máls, því jeg skal fúslega játa, að jeg er að svo komnu máli alls ekki búinn að setja mig svo vel inn í málið, að jeg treysti mjer til að kveða upp neinn dóm. En jeg segi þetta eins og það hefir verkað á mig, eftir því sem jeg hefi átt kost á að kynna mjer

skjöl málsins. En að öðru leyti skal jeg taka það fram, að jeg þykist ekki á nokkurn hátt hafa skapað mjer endanlega skoðun um það, hvernig þessu máli verði heppilegast ráðið til lykta.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 14 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., laugardaginn 9. maí, var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Nd., mánudaginn 11. maí, var till. aftur tekin til síðari umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hafði reyndar búist við, að flm. þessarar þáltill. hefðu meira að segja en fram kom við þær stuttu umræður, sem hjer urðu við fyrri umr. þessa máls. Fyrst svo virðist ekki vera, skal jeg leyfa mjer að segja örfá orð. Jeg skal þá fyrst taka það fram, að þó að jeg að vísu álíti ekki nauðsynlegt að skipa slíka milliþinganefnd, og af ýmsum ástæðum æskilegt að hliðra sjer hjá því, m. a. vegna þess kostnaðar, sem af því hlyti að leiða, eftir því verkefni, sem henni er ætlað, þá sje jeg ekki frá stjórnarinnar sjónarmiði ástæðu til þess að setja sig á móti slíkri nefnd. Nú mun svo fara, að frv. um seðlabanka verður ekki útrætt á þessu þingi og bíður því hins næsta, og þó að jeg telji, að stjórnin geti framkvæmt á forsvaranlegan hátt þann undirbúning þess máls, sem enn kann að vera eftir, þá get jeg ekki haft neitt á móti þessum verkaljetti á stjórninni, sem hv. flm. vilja koma fram. Ef þingið finnur ástæðu til þess að taka á ríkissjóðinn þau útgjöld, sem þessu eru samfara, þá hefi jeg ekki á móti því. Viðvíkjandi verkefni nefndarinnar skal jeg benda á það, að jeg álít ummæli till. um það alt of óáreðin og óþarflega víðtæk. Það er talað um, að nefndin skuli íhuga og gera tillögur um, hvernig seðlaútgáfunni skuli hagað, og einnig að öðru leyti undirbúa endurskoðun á bankalöggjöf landsins.

Eins og kunnugt er, hafa þeir bankar, sem starfa hjer, meiri sjerrjettindi en hægt er að veita bönkum með almennri bankalöggjöf. Það hefir oft verið stungið upp á að fjölga bönkum hjer á landi, en það hefir altaf komið upp, að meðan einkabanki, eins og Íslandsbanki, starfar eftir sjerstökum lögum með miklum sjerrjettindum, geta aðrir bankar ekki starfað jafnframt eftir almennri bankalöggjöf. Þetta mun haldast óbreytt þar til leyfistími Íslandsbanka er útrunninn. Fyr þýðir ekki að setja nýja bankalöggjöf. Auðvitað er hægt að setja lög um sparisjóði landsins, en vegna þess verkefnis álít jeg þó líka ótímabært að skipa milliþinganefnd.

Jeg álít, að fyr en till. í þessu efni frá eftirlitsmanni banka og sparisjóða eru komnar sje ekki tímabært fyrir stjórnina að taka þetta mál til undirbúnings, eða Alþingi að skipa milliþinganefnd í því skyni. En það er eitt sjerefni í bankalöggjöfinni, fyrir utan skipun seðlaútgáfunnar, sem liggur fyrir næsta þingi, og það er tilhögun á veðbankastarfsemi í landinu. Þar stendur svo á, að 4. flokkur veðdeildar Landsbankans mun útseldur næsta ár.

svo að það getur ekki beðið lengur en til næsta þings að ákveða um það, hvort auka eigi við veðdeild Landsbankans og umsteypa þá að nokkru leyti löggjöf hennar, að því leyti sem næstu flokka hennar snertir, eða að setja á fót stofnun í líkingu við ríkisveðbankann, sem ákveðið er að stofna með lögum frá 1921, en ekki hefir enn komið til framkvæmda. Þetta er eitt það verkefni, sem jeg get hugsað mjer að slík nefnd geti tekið til athugunar, þótt jeg álíti, að stjórnin einnig gæti undirbúið það fullsæmilega undir næsta þing. Þegar jeg þess vegna hefi ekki beinlínis á móti skipun slíkrar nefndar, þá geri jeg það með það fyrir augum, að það verði þessi tvö ákveðnu verkefni, sem henni er ætlað að undirbúa í hendur stjórnarinnar, þannig að stjórnin geti stuðst við þann undirbúning og lagt fyrir næsta þing, en svo sje það algerlega óbundið, hvort nefndin skuli halda áfram störfum frekar eftir næsta þing.

Jakob Möller: Manni þykir það að vísu eðlilegt, að hæstv. fjrh. (JÞ) byggist við því, að við flm. myndum gera nokkra frekari grein fyrir þessari till. heldur en við fyrri umr. Það var, eins og kunnugt er, talað um það þá að fresta öllum frekari umræðum til þessarar umr., en jeg verð að afsaka mig með því, að jeg er ekki vel fyrirkallaður nú. Jeg hefi verið lasinn undanfarna daga og er enn með nokkurn hita. Annars virðist mjer, eftir ræðu hæstv. fjrh. (JÞ), ekki þörf á miklum málalengingum um þetta mál. Mjer finst jeg geta fyrir hönd flm. þakkað honum fyrir undirtektirnar. Það er, að því er mjer virðist, ekki ágreiningur að öðru leyti en því, að hæstv. ráðherra (JÞ) telur ólíklegt, að slíkur undirbúningur málsins, sem tillagan fer fram á, geti haft þá þýðingu, sem gert er ráð fyrir, og að um endurskoðun eða setning almennrar bankalöggjafar geti varla verið að ræða, meðan svo er ástatt sem nú er hjer, að tveir bankar starfa eftir sínum ákveðnu lögum og með ákveðnum sjerrjettindum. Jeg drap einmitt á það í minni stuttu ræðu á dögunum, að þannig væri ástatt og því minni ástæða til að framkvæma slíka endurskoðun. Þó held jeg, að við athugun á bankalöggjöf annara landa mætti finna eitthvað, sem hægt væri að taka hjer til athugunar og eftirbreytni nú þegar. Jeg skal þó játa, að jeg er þessu ekki svo kunnugur, enda eru víða slíkar breytingar á bankalöggjöfinni aðeins í undirbúningi, en hinsvegar virðist ekki nema rjett, úr því að þessa nefnd á að skipa, að hún tæki þá einnig þetta verkefni með, ef ástæða þætti til. Hitt get jeg fullkomlega fallist á, að það verður einnig að vera í fullu samráði við stjórnina.

Hæstv. ráðherra (JÞ) sagði, sem vita mátti, að hann teldi það fyrirkomulag seðlaútgáfunnar, sem gert er ráð fyrir í frv. því, sem liggur fyrir hv. Ed., fullforsvaranlegt. Jeg skal á engan hátt mæla á móti því, en vísa til þess, sem jeg sagði á dögunum. En úr því að svo er komið, að þetta frv. nær ekki fram að ganga að þessu sinni, enda allmikið um það deilt, þá virðist okkur flm. rjettara að hafa þennan undirbúning og vænlegra til samkomulags á næsta þingi. Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta, þar sem gott sam-

komulag virðist ætla að verða um málið. Jeg er fyllilega sammála hæstv. ráðherra (JÞ) um það, að það verði fyrst og fremst þessi tvö verkefni, sem komi til að liggja fyrir þessari milliþinganefnd, seðlaútgáfan og svo fyrirkomulag fasteignaveðslána, enda hefi jeg einnig drepið á það, að mjer þætti æskilegt, að það yrði athugað, hvort ekki væri einmitt hugsanlegt, að koma mætti seðlaútgáfunni í samband við veðlánastofnun ríkisins. Jeg hefi aldrei fullyrt neitt um það, að það væri sjálfsagt, eða látið svo sem þetta væri þrauthugsað. Það er aðeins uppástunga, sem jeg hefi gert, en tel mig ekki hafa haft ástæður til að rannsaka til hlítar. En jeg ætlast til, að þessi nefnd taki það til athugunar.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af ummælum hv. flm. (JakM) um sambandið milli seðlaútgáfunnar og veðlánastarfsemi vil jeg einungis taka það fram, út af því, að það eru þessi tvö mál, sem koma munu fyrir næsta þing, að jeg vildi ekki þar með hafa gefið hv. þm. neitt tilefni til að setja þetta tvent í neitt samband hvað við annað. Jeg skal ekkert um þetta segja, annað en það, að jeg veit ekki til, að slíkt samband eigi sjer stað neinsstaðar í veröldinni.

ATKVGR.

Till. samþ. með 19:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 74. fundi í Ed., mánudaginn 11. maí, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 464).

Á 75. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 76. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til fyrri umr.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi aðeins, í viðbót við það, sem tekið hefir verið fram í nál. á þskj. 367, um frv til laga um Landsbanka Íslands, leyfa mjer að mæla með því, að þessi till. verði samþ.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 9 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., fimtudaginn 14. maí, var till. tekin til síðari umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vildi einungis gera stutta grein fyrir því, hvernig jeg hefi látið í ljós afstöðu mína til þessarar þáltill. við 2. umr. í hv. Nd. Till. fer fram á það, að Alþingi kjósi 5 manna milliþinganefnd í sameinuðu þingi til þess að gera tillögur um, hvernig seðlaútgáfu ríkisins skuli fyrir komið, og einnig að öðru leyti að undirbúa endurskoðun á bankalöggjöf landsins. Eins og kunnugt er, var frv. um seðlabanka lagt fyrir þetta þing, en hefir ekki orðið útrætt og verður því að bíða næsta þings. Þó að jeg telji, að stjórninni hefði verið vel kleift að annast það, sem nauðsynlegt er í þessu máli milli þinga, þá get jeg frá mínu sjónarmiði ekki haft neitt á móti því, að kosin sje sjerstök nefnd til þess að hafa á hendi frekari undirbúning máls-

ins. Er þá ætlast til þess, að nefndin skili tillögum sínum til stjórnarinnar í tæka tíð, til þess að þær verði athugaðar af stjórninni áður en endanlegar tillögur hennar koma fram fyrir þingið. En hvað snertir hina hlið verkefnis hennar, að undirbúa bankalöggjöf landsins, þá vil jeg biðja hv. þm. að gera sjer grein fyrir því, að eins og bankamálum okkar er nú komið, að hjer starfa einungis bankar eftir sjerstakri löggjöf, sem veitir þeim mjög mikil rjettindi, þá mun þýðingarlítið að fara að undirbúa almenna bankalöggjöf, því að það hefir sýnt sig hvað eftir annað, að á meðan þessi sjerrjettindi haldast, sem nú eru, treysta engir sjer til þess að stofna aðra banka, nema með því að fá hliðstæð forrjettindi, en þau verða ekki veitt með almennri bankalöggjöf, heldur með sjerstakri löggjöf í hvert sinn. Jeg sje því ekki, að það liggi sjerstaklega mikið á því nú að undirbúa almenna bankalöggjöf, þótt hún þurfi að vera tilbúin áður en sjerleyfi Íslandsbanka er á enda. Þó er það eitt, sem þarf að vera tilbúið fyrir næsta þing. Það eru ákvæði um tilhögun veðlána, því að þá verður 4. flokkur veðdeildar Landsbankans uppseldur, og því getur ekki beðið lengur en til næsta þings að ákveða um það, hvort stofna eigi nýjan flokk við veðdeildina og breyta löggjöf hennar að meira eða minna leyti, eða þá að setja á stofn sjerstakan banka í því skyni. Þetta þarf að undirbúa, og þó að jeg telji einnig þar, að stjórninni sje ekki ofvaxið að gera það, er gera þarf í því máli, þá get jeg vitanlega ekki haft á móti því, ef Alþingi kýs heldur að ljetta verkinu af stjórninni, með því að fela það sjerstakri nefnd. Þess vegna er afstaða mín sú, að jeg finn enga ástæðu til að hafa á móti nefndarskipuninni, ef það er gert með því fororði, að þetta tvent eigi sjerstaklega að vera verkefni nefndarinnar, að undirbúa þessi tvö mál undir næsta þing, en að þingið sje svo algerlega óbundið um það, hvort nefndin haldi áfram störfum eftir að þingi er lokið, og í hv. Nd. skildist mjer svo, að flutningsmenn, eða aðalflm., sem þar hafði orð fyrir þeim, fjellist á þennan skilning, sem jeg vildi leggja í till.

Jóhann Jósefsson: Eins og kunnugt er, þá var jeg sá eini af þeim 5 nefndarmönnum þessarar deildar, sem skipa fjhn., sem lagði áherslu á það, að málinu um fyrirkomulag seðlaútgáfunnar yrði lokið á þessu þingi, og jeg taldi það vera viðunanlega lausn, sem var fólgin í því frv. um Landsbanka, sem stjórnin lagði fram, með þeim brtt., sem jeg var byrjaður á að bera fram, og bjóst við að mundu koma fram á þinginu síðar meir. Jeg tók það fram við 2. umr. málsins, að jeg geymdi mjer að taka afstöðu til þess, sem gert yrði, þar til jeg sæi, hvað úr Landsbankafrv. yrði, hvort það gengi fram eða ekki. Það er nú sýnilegt, að þetta mál gengur ekki fram á þinginu, og þá get jeg fyrir mitt leyti fallist á, að tímabilið á milli þinga sje notað til þess að koma seðlaútgáfunni í sem haganlegast horf, en vil einungis láta þá von í ljós, að sú nefnd, sem skipuð verður, geti lagt fram till. sínar fyrir hæstv. stjórn svo tímanlega, að það þurfi ekki að dragast lengur en til næsta þings, að gengið verði endanlega frá fyrirkomulagi seðlaútgáfunnar. Með þessari skilgreiningu get jeg

aðhylst það, að nefnd sje kosin í málið á milli þinga.

Sigurður Eggerz: Jeg sje enga ástæðu til þess að fara inn á bankamálið, sem var rætt svo rækilega þegar frv. um seðlaútgáfuna var hjer á ferðinni. Jeg get verið sammála hæstv. fjrh. (JÞ) um það, að fyrst og fremst þurfi að athuga fyrirkomulag seðlaútgáfunnar og fyrirkomulag veðlána, en jeg get ekki skilið, að hæstv. stjórn hafi neitt á móti því, að sú nefnd, sem skipuð verður til að athuga þetta, athugi hitt atriðið, bankalöggjöfina, líka. Jeg fyrir mitt leyti legg áherslu á það líka, að þessi nefnd ljúki störfum sínum svo fljótt, að stjórnin geti athugað till. hennar fyrir næsta þing.

ATKVGR.

Till. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 556).

12. Steinolíuverslunin.

Á 72. fundi í Ed., föstudaginn 8. maí, og á 75. fundi í Nd., s. d., var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um steinolíuverslunina (A. 493).

Á 4. fundi í Sþ., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 5. fundi í Sþ., mánudaginn 11. maí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurjón Jónsson): Nú um 20 ára skeið hefir innflutningur til landsins af steinolíu vaxið mjög og að heita má jafnt og þjett. Að vísu er dálítill áramunur í þessum vexti, en á þessum 20 árum hefir árlegur innflutningur vaxið úr nokkrum þúsundum fata upp í 45 þúsund föt, en það var hann 1924. Þessi geysimikli vöxtur á innflutningi steinolíu stafar auðvitað af mjög mikilli fjölgun vjelbátanna hjá okkur. Fyrstu vjelbátana fáum við hjer við land rjett eftir aldamótin síðustu, en sá bátaútvegur vex ákaflega ört og þá jafnframt notkunin á steinolíu.

Verslun landsmanna með þessa vörutegund hefir oft verið mjög óhagkvæm, sakir þess, að einstök fjelög hafa haft steinolíuverslunina í hendi sjer. Hafa þessi einstöku fjelög því ráðið verði olíunnar, og naut frjáls verslun sín því ekki með þessa vöru. Þannig var þessu varið hjer á landi, og þannig var þessu varið um öll Norðurlönd, alt fram að 1920. Eftir stríðið eða sjerstaklega frá 1920 fer að skapast samkepni í sölu á steinolíu, einkum á þeim tegundum af olíu, sem notaðar eru til vjela. En samkepni þessi kemur af framleiðslu olíunnar í Austur-Evrópu og Asíu.

Eins og jeg sagði, hefir verslunin með steinolíu oft þótt landsmönnum mjög óhagkvæm. Hefir þetta oft komið mjög skýrt fram, bæði í ræðu og riti. Einkum þótti fjelag það, er um mörg ár hafði hjer steinolíuverslunina á hendi, harðdrægt við landsmenn um samninga og verð á olíunni. Kemur þetta berlega fram í ræðum háttv. þm. hjer á Al-

þingi 1912, er rætt var um einkasölu á steinolíu. Á þinginu 1912 komu fram frv. um einkasölu á kolum og steinolíu. Frv. þessi voru fram borin til þess að afla ríkissjóði tekna á þennan hátt, en afstaða þingmanna til þessara mála sýnir það ljóslega, að Alþingi kunni þá sem oftar að meta verslunarfrelsi okkar, því aðalástæðan hjá þeim, sem vilja sinna steinolíueinkasölunni, er sú, að einokun sje á þessari vöru hvort sem er, og þetta sje eina ráðið til þess að bæta verslunina með þessa vöru. Sje varan á annað borð einokuð, þá sje betra, að landið einoki hana en aðrir. Samt voru þá í þinginu nokkrir þingmenn svo einlægir vinir frjálsrar verslunar, að þeir tjá sig mótfallna hverskonar einkasölu sem er. Eiga sumir þeirra þingmanna sæti hjer enn, eins og hv. þm. N.-þ. (BSv), hv. þm. Dala (BJ) og hv. 2. þm. G.-K. (BK). Hefir mjer þótt sjerstaklega ánægjulegt að lesa það, sem hv. þm. N.-þ. sagði þá um þessi mál.

Á stríðsárunum og einnig á árunum eftir stríðið hneigðust hugir margra manna að margskonar einkasölu, og var það eðlileg afleiðing af þeim mörgu og miklu takmörkunum, sem lögðust á öll verslunarviðskifti manna á þeim tímum. Árið 1917 eru nokkur einkasölufrv. á ferðinni hjer á Alþingi, svo sem frv. um einkasölu á kolum, sementi og steinolíu. Af þessum frv. verður frv. um einkasölu á steinolíu eitt að lögum. Vilji þingsins 1917 er enn sá sami og áður, að ganga ekki inn á einkasölubrautina nema alveg sjerstakar ástæður sjeu til. En þær ástæður voru, að því er steinolíuna snerti, að verslunin með þessa vöru var í raun inni ekki frjáls. Samt var það einmitt á þessum árum, 1917—21, að hugir fleiri manna en nokkru sinni áður hneigðust að einkasölu ríkisins á ýmsum vörum.

Til þess nú að sjá ljóslega tilgang þessara einkasölulaga frá 1917 verð jeg að athuga gang þessa máls þá á Alþingi. Frv. er stjfrv., lagt fram samkvæmt ósk og sniðið eftir frv. frá tveim hv. núverandi þm., þm. N.-þ. (BSv) og 2. þm. Árn. (JörB), á næsta þingi á undan. Í umræðunum um málið kemur það berlega í ljós, að aðaltilgangurinn er sá, að tryggja landsmönnum næga steinolíu með sem lægstu verði. Hinsvegar voru skiftar skoðanir um það, hvort ríkissjóður ætti að hafa nokkrar tekjur af þessari einkasölu. Í stjórnarfrv. var gert ráð fyrir 6% álagi, en þegar í byrjun umræðnanna um málið kemur það skýrt fram, að gjald þetta þykir of óákveðið og of hátt. Hv. þm. N.-þ. (BSv), sem flutt hafði frv. það, er stjfrv. var sniðið eftir, tekur það ótvírætt og ákveðið fram, að þessi einkasala megi ekki og eigi ekki að skoðast sem tekjulind fyrir ríkissjóð, en eitthvert gjald verði ríkissjóður að hafa, til þess að tryggja hann fyrir áhættu. Hv. 2. þm. Árn. (JörB) fær gjaldið af hverju fati lækkað ofan í 4 kr., þegar nefnd hafði lagt það til, að álagningin skyldi verða 5 kr. af fati. Varð sú niðurstaðan, að þetta 4 króna gjald skyldi að jöfnu skiftast milli ríkissjóðs og varasjóðs Landsverslunarinnar, en varasjóður átti þá líka að sjálfsögðu að greiða þau töp, er Landsverslun biði, að því leyti sem varasjóðurinn hrykki, en ríkissjóður að taka við, ef meiri töp yrðu. Þegar nú á það er litið, að vörutollur af steinolíu fellur niður með einkasölunni, en það gjald

væri nú til ríkissjóðs um kr. 1.40 á fat:ð, og þegar jafnframt er tekið tillit til, hvernig þessi lög eru til orðin 1917, þá er ekki rjett, og hefir aldrei verið rjett, að skoða þessa einkasölu sem tekjulind fyrir ríkissjóð. Er það hvorttveggja, að gjaldið til ríkissjóðs er svo lágt, þegar vörugjaldið er frá dregið, en þó sjerstaklega hitt, að ómögulegt er fyrir ríkissjóð að reka þessa verslun svo, að henni fylgi ekki mikil fjárhagsleg áhætta.

Hin fjárhagslega áhætta er meira að segja svo mikil, að samlagt gjald það, er rennur í varasjóð Landsverslunarinnar, og svo gjald það, er ríkissjóður fær umfram vörutollinn, er hlutfallslega mjög lágt til þess að standast þá áhættu. Í þessu sambandi skal jeg skjóta því að, að jeg hefi fulla ástæðu til þess að ætla, að steinolíueinkasalan sje í þessu efni ekki rekin samkvæmt þar um gildandi lögum; jeg hefi ástæðu til þess að ætla, að á olíuna sje lagt fyrir afföllum skulda, í stað þess að láta varasjóð Landsverslunarinnar bera þau töp. Vitna jeg þar bæði til laganna sjálfra, en auk þess til reglugerðar um einkasölu á steinolíu, frá 28. des. 1922, 4. gr. Vil jeg skjóta því til hæstv. stjórnar að láta rannsaka þetta atriði. Gögn mín í þessu máli eru ekki rýrari en það, að þau byggjast á skýrslu frá Landsversluninni sjálfri. En reynist þetta rjett, að lagt sje á olíuna fyrir afföllum skulda, þá ákæri jeg hjer í heyranda hljóði forstjóra Landsverslunarinnar fyrir að innheimta skatt í ríkissjóð, móti lögum og rjetti, af þeim, er steinolíuna nota og hana borga, en það eru sjerstaklega útvegsmenn og sjómenn. Hafi nokkuð kveðið að því, að menn hafi þannig, þvert ofan í lög og reglugerð, verið skattlagðir, þá eiga kaupendur olíunnar fullan rjett til þess að fá það endurgreitt af varasjóði Landsverslunarinnar.

Af því, sem jeg nú hefi sagt, ætti það að vera ljóst, að einkasala landsins með steinolíu á ekki að vera tekjulind fyrir ríkissjóð, enda væri slík skattlagning í alla staði mjög ósanngjörn, þar sem aðeins nokkur hluti landsmanna væri með því skattlagður, og þá aðallega sjávarútvegurinn, mótorbátaútvegurinn.

Nei, tilgangur einkasölunnar hefir verið og á að vera, svo lengi sem hún stendur, einvörðungu sá, að tryggja landsmönnum næga steinolíu fyrir sem lægst verð. Kem jeg þá að því að tala um till. þá til þál., sem hjer liggur fyrir, út frá þeim grundvelli einum.

Ber þá að athuga tvent:

1. Hefir einkasala ríkisins á steinolíu náð þeim tilgangi, sem henni var ætlaður?

2. Eru hugsanleg önnur jafngóð ráð eða betri til þess að ná sama tilgangi?

Um fyrra atriðið er það að segja, að einkasalan hefir verið rekin með nokkurn veginn viðunanlegri forsjálni, því að ekki hefir borið á olíuþurð. En það hefir heldur aldrei skeð, sem þó mætti altaf eiga von á, að skipi hlektist á, eða einhverjar tafir aðrar kæmu fyrir, og mætti því segja, að teflt hafi verið á fremsta hlunn með að hafa ekki miklar birgðir í landinu.

Kem jeg þá að verðlaginu hjá einkasölunni. Er það skoðun mín og margra annara, er reynt hafa að kynna sjer það mál eftir föngum, að þar hafi einkasalan ekki fullnægt sínum tilgangi. Skal jeg þegar taka fram, að um þetta atriði eru skiftar skoðanir, enda hefir

einkasalan haldið fram fyrir sig allmiklum vörnum í þessu máli, en einmitt á þeim vörnum byggja meðhaldsmenn hennar aðallega skoðanir sínar.

Til þess að rökstyðja skoðun mína tek jeg hjer ákveðin dæmi um olíutegundir, sem vel eru hjer þektar.

Tek jeg þá fyrst dæmi um mótorolíu þá, sem Sólarolía er kölluð, en fyrir og um síðastliðin áramót keypti Landsverslunin talsvert af þessari olíutegund í Kaupmannahöfn — frá Alf. Olsen. —

Þessa olíutegund seldi Landsverslunin á 30 aura per kíló og fatið á 14 kr., ef fatið var keypt af þeim, sem olíuna keyptu, en annars hafa fötin verið seld á kr. 14.50 og 15.00. Jeg hefi nú farið yfir afhendingarmiða á 80 fötum af þessari steinolíu, og var meðalþungi í hverju fati 164½ kíló.

Fatið af þessari steinolíu seldi því Landsverslunin hjer:

164½ kíló á 0/30	kr. 49.35
Fatið tómt til olíukaupenda. .	— 14.00
	Kr. 63.35

Þessi olía var keypt í Kaupmannahöfn á 13½ eyri per kíló, en fatið sjálft kostaði kr. 12.00, hvorttveggja í dönskum peningum. Þessi olía hefði orðið einstökum kaupendum, sem keypt hefðu 2—300 föt, sem hjer segir, hefði einkasalan ekki verið:

164½ kíló á 13½ eyri per kíló	kr. 22.21
Fatið sjálft	— 12.00
Flutningsgjald 9/00, vátrygging 0/20	— 9.20
Gengismunur á kr. 43.41 á 4 aur. per 1/00	— 1.74
Vörutollur til ríkissjóðs 1/50	— 1.50
Hafnargjald, ef losað er hjer í Rvík	— 0.60
Uppskipun á hafnarbakkann	— 0.50
	Kr. 47.75
Mism. frá verði Landsverslunar	kr. 15.60

Þennan mismun gerði jeg dálítið hærri, er jeg mintist á þetta dæmi hjer í vetur. Gerði jeg flutningsgjaldið kr. 1.00 lægra og gengismun eins og hann þá var, 2%, í stað 4% nú. Jeg mun ekki heldur hafa tekið uppskipun, sem Landsverslunin greiðir ekki, ef hún tekur á móti steinolíunni við skipshlið.

Hver treystir sjer nú til þess að halda því í alvöru fram, að Landsverslunin í þessu dæmi, sem hjer er tekið, sje að bæta olíuverslun landsins eða stuðli að því að lækka olíuverðið í landinu?

Jeg hefi sjálfur haft handa á milli skjal, þar sem Landsverslunin reynir til þess að rjettlæta þetta verð. Er þar fyrst til að greina, að tilfært er 15% rýrnun á steinolíunni. Satt að segja get jeg nú ekki tekið alvarlega, að hráolía — Sólarolía — rýrni um 15%. Þessa olíutegund frá sömu verslun höfðum við ýmsir notað talsvert áður en einokunin komst á, og þótti 3—5% rýrnun mjög mikil rýrnun; vanalega var rýrnunin sama sem engin, enda óþarfi að taka stórar sendingar í einu, þegar olían er flutt frá þeim stað, sem tíðar samgöngur eru við.

Jæja, Landsverslunin gefur nú upp 15% rýrnun; þetta leggur hún til peninga og leggur það við innkaupsverð, flutningsgjald og allan annan kostnað; síðan tyllir hún ofan á það 20% álagn-

ingu, sem hún kallar kaupmannsálag fyrir innlendum rekstrarkostnaði og verslunarágóða, en þá er líka verðið komið 2 aurum hærra á hverju kílói en verð Landsverslunarinnar eða upp í 32 aura kíló. En þegar þetta 32 aura verð er fengið, þá fylgir Landsverslunin sinni vanaaðferð og reiknar út, hve mikið fje olíunotendur og ríkissjóður græði á því, að Landsversl. er til og að kílóið af þessari olíu er selt á 30 aura, en ekki 32 aura.

Jeg ætla ekki að fara frekar út í þetta dæmi að sinni, en aðeins skjóta því fram, í viðbót við það tilgreinda, að í nýgerðri skýrslu segir sjálf Landsverslunin:

Innlendur kostnaður: Uppskipun, vörugjald, flutningsgjöld til útbúa rekstrarkostnaðar, vextir og afföll skulda, fyrning eigna, rýrnun, ríkissjóðsgjöld og útsvör. Þetta alt kr. 13,40 — satt að segja fullhátt. —

Áðan fjekk jeg þó, að eftir væru kr. 15.60, þegar olían var uppskipuð og búið var að tilfæra greiðslu fyrir vörutolli 1/50, vörugjald 0/60 og uppskipun 0/50, alls 2/60.

Mismunurinn áður tilgreindur frá verði Landsverslunar, kr. 15.60. Hjer við bætist kr. 2.60. Alls kr. 18.20. Landsverslun segist ekki þurfa nema kr. 13.40. Mismunur kr. 4.80.

Mjer skilst, að Landsverslunin sje sjálf að segja, að þessari upphæð sje ofaukið í álagningunni.

Á blaðsíðu 3 í skýrslu Landsverslunarinnar frá í vetur stendur: „Innkaupsverð Landsverslunarinnar í London hjá British Petroleum Co. er 2—4 pence lægra hvert enskt gallon en verð fjelagsins til enskra heildsala í London".

Þetta er nú reiknað út að nemi 15—17 kr. pr. tunnu. Einhverju mun mismunurinn vera minni á hráolíu, segir skýrslan. Skýrslan gefur í skyn, að við græðum nú þessa upphæð á hverri tunnu, sem við kaupum, á því að hafa þessa samninga við B. P. Co. Það er nú ekki um litla upphæð að ræða. Jeg tel sjálfsagt, að Landsverslun láti reikna hana út. Annars er hjer nú ekki um neitt algerlega nýtt fyrirbrigði að ræða, því að altítt er, að varan er dýrari, þegar hún er seld af „lager" sem kallað er, þ. e. a. s. hefir verið flutt inn í landið og tekið á sig skatta og gjöld til ríkisins og hafnarinnar, auk annars kostnaðar; það er annað verð á henni þannig en þegar varan er seld sem „transitvara", annaðhvort í fríhöfn eða frá svokölluðum „Credit-Oplagsplads". Hvað þetta á að gefa mönnum til kynna í skýrslunni, svona alveg skýringarlaust, skal jeg ekki leiða neinar getur að.

En það vill svo vel til, að jeg get líka gefið hv. þm. dálitlar upplýsingar um olíuverð á Englandi. Sannanirnar fyrir því, sem jeg hjer tilfæri, liggja hjá hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), og eru það kvittaðir reikningar fyrir hráolíu, sem keypt var í okt. síðastl. haust í Hull. Þetta er nákvæmlega samskonar olía í samskonar tunnum og Landsverslunin seldi hjer heima, svo kölluð gasolía, og var keypt af mótorkútter, sem fór til Englands með fisk. Fatið af þessari olíu, með yfir 160 kg. af olíu, kostaði þar, komið um borð í mótorkútterinn, kr. 45.64. Á sama tíma var fatið af þessari olíu selt hjer heima á 65.20, eða kr. 19.20 dýrara, þá meira að segja nýlækkað. Þessi olía var nú keypt af smásala í Hull; hve mikið hann hefir lagt á vöru sína, skal jeg láta ósagt; en ný-

útkomin skýrsla Landsverslunarinnar segir, að 16% sje lagt á steinolíu af smásölum í Danmörku. Jeg vil nú gera ráð fyrir mun minni álagningu, en þótt hún væri ekki gerð nema 8%, þá gerir það á 4. krónu, og þegar einnig er tekið tillit til, að kostnaður var yfir kr. 3.00 á tunnu, við að koma þeim um borð og annar flutningur á þeim, þá fáum við út, að heildsalaverðið til smásalans í Englandi er orðið á fatið meira en kr. 25.00 lægra en heildsöluverð Landsverslunarinnar hjer heima. Ef smásalinn nú í Englandi hefði samt sem áður gefið svona 10 krónum meira fyrir fatið en Landsverslunin fyrir sína olíu, þá færi nú Landsverslunin að verða dýr milliliður. Þessa frásögn í skýrslunni get jeg ekki, eftir að hafa kynt mjer þetta, tekið mjög alvarlega. En þetta dæmi, sem jeg hefi hjer nefnt, sannfærir mig enn um það, að Landsverslunin hefir ekki útvegað landsmönnum lægra olíuverð.

Þá skal jeg taka hjer eitt dæmi enn, og er það af Standard White olíu, sem er hjer mjög þekt og við notum mikið af, um 20 þúsund föt. Jeg hefi hjer markaðsskýrslur frá New-York um verðið á þessari tegund árið sem leið og markaðsskýrslur og tilboð um sölu á þessari olíu frá Þýskalandi, bæði í fyrra og sömuleiðis í janúar í vetur. Verðið á Standard White hefir nú staðið alveg stöðugt síðan í apríl í fyrra. Er verðið nú sem stendur í N.-Y. l. 6½ c. pr. amerískt gallon (3.785), 50 gallons í fati. Ensk gallons eru stærri, og eru ekki nema 40 af þeim í fatinu. Verðið í Hamborg á Standard White er nú 3 doll. fyrir hver 100 kg. Með því að taka þessa steinolíu frá Hamborg með skipum Bergenska fjelagsins kostar þessi olía nú, cif á Íslandi:

1 fat, 150 kg., 3 doll. pr. 100 kg., gengi 5.54, kr. 24.23.

Leiga af járnfati 2.00, kostnaður í Hamb. 0.50 = kr. 2.50.

Flutningsgjald 11.00, vátrygging, vextir o. fl. 1.57 = 12.57.

Retur-flutningsgjald 5.00. — Alls kr. 45.00 — eða 30 a. kílóið. Þessi olía hefir verið seld hjer hjá Landsverslun, þennan tíma, sem hún hefir staðið í sama verði á heimsmarkaðinum, frá 46 aurum til 40 aura, til 1. des. síðastl. Hefir þetta mismunandi verð farið eftir mismunandi gengi krónunnar. Sje verðið lækkað ofan úr 40 aurum, þá er það alveg nýverið.

Hjer við er nú þetta ennfremur að athuga, að væri olían flutt frá Hamborg í heilum förmum, mundi flutningsgjaldið undir tómu fötin mega reiknast mjög lágt, ef farmgjaldið upp væri reiknað 11 kr., og enn það, að nú sendum við mikinn hluta af okkar lýsi til Hamborgar, og væri þar bæði að ræða um flutning til Hamborgar, og eins væri hægt að nota tómu járnfötin undir lýsið.

Þetta dæmi verður þá enn til þess að sannfæra mig um það, að Landsverslunin útvegar ekki landsmönnum þessa olíutegund fyrir lægra verð en þeir gætu fengið hana með frjálsri verslun; síður en svo.

Hvað síðustu skýrslu Landsverslunarinnar snertir, þar sem haldið er fram, að hagnaðurinn af einkasölusamningnum við B. P. Co. sje um 11 kr. á tunnu af þessari olíutegund, þá er það eina, sem jeg get um það sagt, að jeg er forviða á þeirri lítilsvirðingu, ef ekki

frekju, sem slík skýrsla ber með sjer, þar sem því er auðsjáanlega treyst, að þeir, sem skýrsluna sjá, hafi ekki vilja nje tækifæri til þess að setja sig neitt inn í málið. — Fleiri dæmi tek jeg ekki að sinni.

Kem jeg nú að öðru atriðinu, sem jeg gat um áðan. Eru ekki önnur ráð en einkasalan jafngóð til þess að tryggja næga olíu og sanngjarnt verð? Þótt við flutningsmenn sjeum sjálfir sannfærðir um, að þessari verslun sje nú svo háttað í Evrópu, að frjáls verslun ein muni tryggja okkur sanngjarnt verð á þessari vöru, þá viljum við samt ganga það til móts við þá, er mjög góða trú hafa á landsverslun með þessa vöru, að ákveðið skuli, að ríkið haldi áfram að flytja inn og versla með steinolíu, þar til að sjeð verður, að verslun þessi er komin í gott horf.

Viljum við í þessu efni ganga inn á skoðun núverandi forstj. Landsverslunarinnar, eins og hans skoðun kom fram á þinginu 1917, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkur orð í ræðu hans.

„En jeg fyrir mitt leyti hefi ekki enn þá sjeð eða sannfærst um ávinninginn af því, þótt landsstjórnin tæki að sjer einkasölu, hvort sem er á steinolíu eða öðrum vörutegundum. Hygg jeg, að til sjeu aðrar leiðir miklu heppilegri til þess að ná því takmarki, sem stefnt er að í frv.

Þar að auki mundi einkasala engu öðru koma til leiðar en því, sem einmitt nú á sjer stað, sem sje því, að landsstjórnin hafi til vörutegundir og versli með þær og haldi þeim í sanngjörnu verði, þegar verslunarfjelög eða einstakir menn, sem með vöruna versla, halda henni í alt of háu verði. En þessu takmarki, að tryggja landsmönnum sanngjarnt verð á ýmsum vörutegundum, virðist mjer að verði náð með því fyrirkomulagi, sem nú sje á landssjóðsversluninni, sem þó ekki útilokar frjálsa samkepni". (Alþt. 1917, B. 766).

Hjer, það er í ræðu Magnúsar, er sögð nákvæmlega mín skoðun á þessu máli, og treysti jeg mjer ekki til þess að búa hana í styttri eða gleggri búning en þarna er gert. Vonast jeg til þess, að sem flestir hv. þm. geti mæst hjer í þessu máli. Rætist trú okkar, sem treystum best frjálsri verslun með þessa vöru, sem aðrar, þá hverfur ríkisverslunin með olíu úr sögunni af sjálfu sjer. Rætist aftur trú hinna, sem álíta ríkisverslun nauðsynlega til þess að tryggja næga steinolíu og sanngjarnt verð á henni, þá heldur Landsverslunin áfram að versla í frjálsri samkepni við aðra innflytjendur olíunnar. Eitt vil jeg leggja áherslu á, um leið og jeg lýk máli mínu nú, að um einkasölu ríkisins á steinolíu má ekki hugsa sem tekjulind fyrir ríkissjóðinn, heldur verður ákvörðun hv. þm. um þetta mál einungis að skapast af einlægum vilja til þess að gera það eitt í málinu, sem megni að gera verslunina með þessa vöru sem eðlilegasta og óþvingaðasta, en jafnframt hagkvæmasta fyrir þá, er mest nota þessa vöru, en það er sjómannastjett landsins.

Jón Baldvinsson: Mig furðaði stórkostlega, er jeg sá, að Íhaldsflokkurinn bar fram þessa till. til þál. á þskj. 493. Mig furðaði það, að sá flokkur bæri fram till. um að láta halda áfram ríkisverslun í nokkurri mynd, jafnvel þótt í frjálsri samkepni væri, og ber að

skoða þetta sem afturhvarf frá fyrri stefnu þessara manna og einskonar iðrun og yfirbót fyrir þær kenningar, sem sá flokkur hefir haldið fram til þessa. Þeir hafa til þessa verið háværir mjög um ókosti allrar ríkisverslunar, talið hana brask eitt, sem ekki væri viðlit að líða að ætti sjer stað, og hafa viljað forða landinu frá þeim háska, sem af verslunarrekstri þess stafaði. Það er því allgleðilegt að sjá þó merki þess, að jafnvel Íhaldsflokkurinn geti iðrast synda sinna.

Hv. flutningsmenn þessarar till. hafa nú gert grein fyrir sinni skoðun á málinu. Þeir hafa lýst rekstri Landsverslunarinnar og hafa talið hana í ýmsu viðsjárvert fyrirtæki, og því virðist það ekki vera sem best í samræmi við þetta álit þeirra á Landsversluninni, er þeir gera ráð fyrir, að henni verði samt haldið áfram. Að vísu játa þeir, að verslun D. D. P. A. hafi verið óhagkvæm landsmönnum og mjög harðdræg í öllum viðskiftum, og viðurkenna þeir með því stofnun Landsverslunarinnar. En þó virðist, sem þeir nú hafi gleymt einokun D. D. P. A., sem hjer var komin á áður en Landsverslunin var stofnuð. Jeg skal ekki rengja hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) um, að hann hafi ánægju af því að lesa umr. um þetta mál í þingtíðundunum frá fyrri þingum, og ef hann athugar það, sem áður hefir verið sagt á þingi um danska steinolíufjelagið, þá ætti hann ekki að undrast það neitt, þótt nú kæmi hljóð úr horni, þegar á að fara að hleypa því aftur inn í landið. Og fyrir því er hv. þm. (SigurjJ) og flokksmenn hans að berjast.

Hv. flm. (SigurjJ) ákærði forstjóra Landsverslunarinnar fyrir að hafa farið lengra í álagningu á steinolíu en heimilt er lögum samkvæmt.

Þegar slík ákæra er borin fram hjer í þingsalnum, þá finst mjer hæstv. atvrh. (MG) eiga að standa upp fyrstur manna til andsvara og verja forstjóra einkasölunnar og sjálfan sig gegn öllum slíkum aðdróttunum. Það er ekki svo smávægileg ákæra að segja, að opinberir starfsmenn brjóti freklega í bág við gildandi landslög og jafnframt gegn hagsmunum alls almennings. Og það má undarlegt heita, ef hæstv. stjórn tekur slíkri ákæru með jafnaðargeði, þar sem hæstv. atvrh. (MG) ber ábyrgð á rekstri Landsverslunarinnar, með því að hann á að hafa umsjón með versluninni. Jeg efast ekki heldur um, að hæstv. atvrh. (MG) er kunnugt um rekstur steinolíueinkasölunnar, þó að honum finnist nú einhvern veginn best viðeigandi að halda sig utan veggja þingsalsins, í stað þess að verja einkasöluna gegn ómaklegum árásum.

Hv. flm. (SigurjJ) játaði þó, að steinolíueinkasalan hafi fullnægt einu atriði: að hafa jafnan nægar steinolíubirgðir fyrirliggjandi. Þetta er ákaflega þýðingarmikið atriði, og þar sem einkasölunni hefir tekist að uppfylla þær kröfur, sem gerðar voru til hennar í þessu efni, má vænta þess, að henni hafi einnig tekist vel á öðrum sviðum.

Þess er skemst að minnast, að þegar dansk-íslenska fjelagið hafði steinolíuverslunina með höndum, vantaði olíu stundum tímunum saman. Útveginn vantaði olíu, vegna þess að fjelagið, sem var því nær eitt um hituna, brást skyldu sinni, að birgja landið með olíu. Það er því meira en lítill kostur, að Landsverslunin hefir ávalt gætt þess-

arar skyldu sinnar. Því dýrir eru þeir dagar, þegar tugir og jafnvel hundruð vjelbáta komast ekki á sjó vegna olíuleysis. Ætti hv. flm. (SigurjJ), sem hefir svo gaman af reikningsdæmum, að fræða okkur eitthvað um þessa hlið málsins. Þó gat hv. flm. ekki gengið fram hjá þessu atriði, án þess að finna að því, að Landsverslunin hafi oft teflt á tæpasta vaðið með að birgja landið að olíu.

Jeg er nú engan veginn gagnkunnugur rekstri Landsverslunarinnar, en þó veit jeg, að hún hefir oft gert skyndilegar ráðstafanir til að fá olíu flutta inn, þegar skip hafa brugðist, sem áður var treyst á. Og það stendur ómótmælt, að einkasölunni hafi að þessu leyti algerlega tekist að fullnægja þeim kröfum, sem til hennar voru gerðar í upphafi og sjálfsagðar voru. Mega því allir vel við una.

Þegar fluttir eru í ræðu miklir og margvíslegir útreikningar, er oft erfitt að festa hendur á þeim til samanburðar. Hv. flm. (SigurjJ) hefir nú gengið á þetta lagið. En til þess að eitthvað sje leggjandi upp úr slíkum útreikningum þarf að bera saman verð hjer og erlendis á ýmsum tímum. Er sennilegt, að hv. flm. (SigurjJ) byggi útreikninga sína á erlendu verði, sem engin olía fengist fyrir, ef til kæmi, en slíka reikninga er harla lítið að marka.

Hið eina, sem gæti verið að marka, er, ef hægt væri að fá ódýrari olíu en Landsverslunin fær, og þá á ekki að miða við verð, sem einstakur útvegsmaður getur fengið olíu fyrir á einhverri aðalhöfn landsins, heldur verður líka að taka tillit til hinna, sem búa í afskektari verstöðvum og verða því að geyma olíuna lengur. Það er engan veginn rjett að leggja Reykjavíkurverð til grundvallar við samanburðinn. Við það verður að miða, að sá, sem verslar, birgi alt landið með olíu og selji hana alstaðar jafnvægu verði eins og Landsverslunin gerir. Þá fyrst fæst rjettur samanburður.

En meðalverð Landsverslunarinnar er einhver allra stærsti kostur þeirrar verslunar.

Hv. flm. (SigurjJ) hefir verið hjer með margskonar útreikninga. Fyrir ekki ýkjalöngu var hann einnig á ferðinni með svipaða útreikninga. Nú skyldi maður ætla, að þessum útreikningum bæri saman, en svo er þó ekki. Það vill svo undarlega til, að verðið, sem hann gaf upp í febr., er ekki hið sama sem hann nú gefur upp, en þó er tíminn sá sami, sem tilboðin eiga að hafa verið gerð á.

Þetta vekur ósjálfrátt þann grun, að eitthvað kunni fleira að vera gruggugt við tölur hv. flm. Í einu Reykjavíkurblaðanna hefi jeg sjeð, að hann gerði ráð fyrir 8 kr. flutningsgjaldi á tunnu, en nú hefir þessi kostnaður hækkað um 20%, skv. þeim útreikningum, sem hann hefir gert í dag, enda er munurinn á verði Landsverslunar og verðinu skv. tilboðum í dæmum hv. flm. ekki eins mikill nú og hann var í febr síðastl. Er og ekki ósennilegt, að sá verðmunur hverfi alveg, ef hv. flm. fær að átta sig betur. Ef hann t. d. tæki þetta olíutilboð upp í þriðja sinni hjer á þingi, þá yrði það líklega komið jafnhátt og verð Landsverslunar, og það myndi líka sönnu næst. Nei, það er hætt við, að tölur hv. þm. (SigurjJ) sjeu fengnar úr þessum venjulegu tylliboðum, sem voru svo þekt hjer á stríðsárunum, meðan Landsverslunin starfaði í samkepni við

kaupmenn. Þá voru þráfaldlega lögð fram brjef og önnur skilríki, sem áttu að sýna, að hægt væri að fá mun betri kaup á ýmsum vörum en Landsverslunin gerði. En þegar á átti að herða, þá var landsverslunarverðið ávalt lægra.

T. d. minnist jeg þess, að á þingi 1921 var rætt um verðlag Landsverslunar á kornvörum, og var þá lagt fram tilboð, sem sagt var að væri miklum mun lægra en söluverð Landsverslunar. En þegar tilboðið var krufið til mergjar í öllum atriðum, þá kom t. d. í ljós, að verð þess var miðað við ca. 20% ljettari poka en Landsverslun seldi og fleira þessu líkt. Jeg fyrir mitt leyti legg því ekki mikið upp úr útreikningum hv. flm. (SigurjJ)

Þá talaði hv. flm. um rekstrarkostnað Landsverslunar, sem honum þótti of mikill. Las hann upp nokkra pósta og komst að þeirri niðurstöðu, að kostnaðurinn væri ca. kr. 9,00 á fat. Ef þessi kostnaður Landsverslunar er langtum of mikill, hvað mætti þá segja um ómakslaun Steinolíufjelagsins á sínum tíma? Hv. flm. (SigurjJ) veit mjög vel, að meðan Steinolíufjelagið flutti mestalla olíuna inn, notaði það aðstöðu sína til að hækka verðið í hvert skifti sem aðrir áttu ekki olíu. Við munum allir viðskifti þess við Fiskifjelagið, sem lauk á þann veg, að Fiskifjelagið gafst upp á olíuversluninni; en þá notaði Steinolíufjelagið tækifærið og skattlagði landsmenn, til þess að vinna það upp aftur, sem það kostaði að útiloka verslun Fiskifjelagsins.

Þó hv. flm. þyki kostnaður Landsversl. nokkuð mikill, þá má hann vera alveg viss um, að Steinolíufjel., eða hver annar sem er, gerir það ekki fyrir hreint ekki neitt að sjá landsmönnum fyrir olíu.

Jeg vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkur orð úr ræðu, sem hv. þm. N.-Þ. (BSv) hjelt fram á þingi árið 1917 og sýnir, hversu miklar líkur eru til þess, að þetta góðgerðafjelag útvegi landsmönnum olíu fyrir alls enga þóknun: „Öllum er kunnugt hvert ólag hefir verið á þessari verslun. Vjer höfum lent í einokunarklóm, og fjelagið, sem fyrir nokkru tók að sjer steinolíuverslunina og kallar sig „íslenskt steinolíufjelag", er eitthvert hið illræmdasta fjelag, sem þekst hefir hjer undanfarin ár, enda er ekki góðs af von, þar sem fjelag þetta er hamskiftingur af „D. D. P. A." og afspringur af rót hins alræmda einokunarfjelags Rockefellers. Fjelagið setur mönnum afarkosti, skuldbindur menn með skriflegum skuldbindingum til þess að versla ekki annarsstaðar, án þess þó að setja nokkra tryggingu fyrir því að geta haft næga steinolíu, bregst meira að segja algerlega að birgja landið að olíu þegar allra verst gegnir; fjelagið lætur sjer nægja að auglýsa, að það eigi von á skipum þá og þegar, og varar menn við að kaupa steinolíu annarsstaðar, en oft hafa þessi skip alls ekki komið og jafnvel sannast, að sumar slíkar auglýsingar voru blekkingar einar, til þess að aftra framkvæmdum annara um útvegun vörunnar".

Þetta og margt fleira í ræðu hv. þm. (BSv) og fleiri manna á þingi, bæði fyr og síðar, bendir á, að fjelagið hafi ekki verið neitt góðgerðafjelag. En hv. flm. (SigurjJ) virtist halda, að olíuverslunin verði svo góð, þegar hún er aftur komin í hendur þessa fjelags, að það annist verslunina fyrir ekki neitt, og

þess vegna fárast hann svo mjög yfir rekstrarkostnaði Landsverslunarinnar.

En jeg er alveg viss um, að verslunarkostnaður verður ekki minni en hjá Landsverslun, hver sem tekur að sjer rekstur steinolíuverslunar, og hann var áreiðanlega meiri hjá Steinolíufjelaginu gamla, sem m. a. stafaði af því, að forstjóri þess mun hafa haft nokkurn veginn jafnmikil laun og 4—5 best launuðu starfsmenn Landsverslunarinnar hafa nú samtals.

Verði þessi þáltill., sem hjer liggur fyrir, samþ., er sennilegast, að gamla Steinolíufjelagið (H. Í. S.), eða einhver angi þess, nái hjer fótfestu aftur. Líklegast verður það látið heita svo, að íslenskt fjelag verði sett á laggirnar. Lengi vel var talið, að stórútgerðarmenn, sem vissu ekki, hvað þeir ættu að gera við gróða síðastl. árs, hafi stofnað ‚hring' til þess að reka steinolíuverslun, eftir að Landsversluninni væri komið fyrir kattarnef.

Úr því að Landsverslunin má nú hjara samkv. till., er sennilegast, að þessi hringstofnun sje nú úr sögunni, en í þess stað eigi gamla Steinolíufjelagið aftur að taka við taumunum.

Auðvitað þarf enginn að vera hræddur um Landsverslun í samkepni við kaupmenn. Sú var tíðin, að þessir aðiljar áttust við, og þá kveinuðu kaupmenn yfir því, að þeir gætu ekki staðist samkepnina, vegna þess, að Landsverslunin gæti altaf fengið betri innkaup.

Hinar hörðu árásir kaupmanna og mörgu tilraunir þeirra til þess að fá Landsverslunina lagða niður sýndu best, að þeir voru að láta bugast í samkepninni. Þeir fengu ekki staðist hina marglofuðu frjálsu samkepni, sem ekki var heldur von.

En með steinolíuverslunina er öðru máli að gegna. Ef ríkið stofnsetur samkepnisverslun með steinolíu, eins og þáltill. gerir ráð fyrir, þá er hugsandi, að einhver ameríski steinolíuhringurinn, t. d. Rockefellers-hringurinn, vilji verða hjer ráðandi aftur og telji ómaksins vert að kosta nokkrum hundruðum þúsunda til að eyðileggja ríkisverslunina, með því að selja olíu eitt ár eða svo langt undir verði og neyða ríkisverslunina til að hætta.

Hringurinn hefði síðan einhver ráð til þess að ná slíkum kostnaði inn aftur, með því að leggja þess meira á olíuna eftirleiðis, og víst er um það, að margir mundu vilja láta Landsverslun hætta, heldur en að eiga á hættu að tapa stórfje í slíkri samkepni við olíuhringana. Ekki vegna þess, að verðlag Landsverslunar myndi verða í raun og veru of hátt, heldur af því að hætt er við, að sama aðferðin yrði viðhöfð og notuð var við Fiskifjelagið, sællar minningar. Og þá er ver farið en heima setið.

Þá er hætt við, að andstæðingar landsverslunar vildu afnema ríkisverslunina á þeim grundvelli, að hún gæti ekki staðist í „frjálsri samkepni".

Það hefir sýnt sig, að innlend og ekki síður erlend stórgróðafjelög hafa jafnan átt meira en lítil ítök í þingmönnum þessarar þjóðar, og þau eru ekkert smávaxin, fríðindin, sem slíkum fjelögum hafa oft verið veitt. Við vitum t. d., hvernig hvert þingið á fætur öðru hefir látið undan kröfum Íslandsbanka og veitt honum öll þau fríðindi, sem hann hefir farið fram á, árum saman.

Jeg óttast því, að ríkisverslunin verði lögð niður áður langt um líður, enda þótt þáltill. verði samþ. óbreytt, og einhverjar ástæður fundnar til þess að láta

ríkið ekki keppa við fjelagið, sem hv. þm. N.-Þ. (BSv) lýsti svo rjettilega árið 1917, eða einhver önnur slík fjelög.

Í raun rjettri er öll andstaðan gegn Landsverslun til þess gerð að gefa erlendum stórgróðahringum kost á að festa hjer rætur aftur. En þegar hv. flm. þáltill. vilja láta Landsverslun starfa áfram í „frjálsri samkepni“ fyrst um sinn, þá stafar það af því, að þeir vita, hversu vinsæl stofnun steinolíueinkasalan er meðal alls þorra útvegsmanna landsins. Að vísu eru nokkrir á móti henni af „princip“-ástæðum eða vegna pólitiskrar andstöðu við forstjóra einkasölunnar, en yfirleitt eru menn á einu máli um hið ágæta gagn, sem einkasalan hefir unnið þjóðinni. Enda voru menn orðnir svo aðþrengdir af völdum Steinolíufjelagsins, að mönnum er ekki enn úr minni liðið, hvernig það fjefletti alla landsmenn.

Hv. flm. (SgurjJ) fullyrti, að rýrnun steinolíu væri ekki 15%, eins og Landsverslunin segir, heldur aðeins 3—4%. Mjer þykir eðlilegra, að hv. þingmenn trúi betur Landsversluninni, sem hefir þó farið með steinolíuverslun um margra ára skeið og ætti því að þekkja nokkurn veginn, hvað hæfilegt er að gera fyrir rýrnun. Og ekki mun rýrnunin hafa verið minni hjá Steinolíufjelaginu gamla. Þegar það geymdi olíubirgðir í Viðey, átti jeg tal við menn, sem unnu þar. Sögðu þeir mjer, að fjöldi af steinolíutunnum væru ekki nema hálfar eftir að hafa legið þar stuttan tíma, og sumar jafnvel tómar. Þegar svona gengur, er rýrnunin ekki lengi að ná nokkurri upphæð. Jeg tel því vafalaust, að Landsverslunin hafi rjett fyrir sjer hvað það atriði snertir, en flutningsmaður rangt.

Jeg mun nú ljúka máli mínu. Jeg skal engu spá um afdrif þessa máls. En jeg tel eðlilegt, eftir þeirri dýrkeyptu reynslu, er vjer höfum haft af steinolíuhringnum, að Landsverslun verði látin halda áfram, og jeg veit, að mikill meiri hl. útgerðarmanna í landinu er þar á sama máli og jeg.

Jónas Jónsson:*) Af því að þess má vænta, að töluverðar umræður verði enn um þetta mál, mun jeg geyma ýmislegt af því, sem jeg vildi sagt hafa. Vildi jeg taka hjer til meðferðar fáein atriði úr ræðu hv. flm. (SigurjJ).

Hann lagði áherslu á, að rangt væri, að Landsverslunin legði á fyrir skuldum á ári hverju. Virtist hann vilja láta skuldatap lenda á eldri gróða Landsverslunar. Að vísu má segja, að sama sje, úr hvorum vasanum tekið er. En að fylgja hjer skoðun hv. flm. væri að brjóta þær reglur, sem alment er fylgt í verslunarrekstri, að reyna að láta verslunina bera tap og gróða hvers árs fyrir sig. Trúi jeg því ekki, að hv. flm., sem er kaupm., skilji það ekki, að lánsverslun er áhættusamari en önnur verslun, og verður því að leggja meira á. Þegar fyrsta kaupfjelagið hjer á landi tók til starfa, var svo ákveðið, að leggja skyldi 2% á vörur út í hönd, en 6% á þær, sem lánaðar voru. Þetta virðist vera fullkomlega sanngjarnt og eðlilegt. Þetta gerði Steinolíufjelagið líka og víst svikalaust.

Steinolíuverslunin verður yfirleitt að lána vörur sínar, og hverjir eiga að bera áhættuna af þeim lánum nema notendurnir sjálfir? Alt annað væri barnaskapur.

---

*) Óyfirlesin ræða.

Hv. flm. (SigurjJ) játaði það, að aldrei hefði orðið þurð á olíu hjá Landsverslun, en hinsvegar hefðu birgðir oft verið litlar. Virðist þetta vera lítilfjörleg mótbára, úr því að ekki hefir hlekst á fyrir þá sök. Lá og beinast við að snúa sjer til atvrh. um þetta atriði, því að segja má, að slíkt sje á ábyrgð stjórnarinnar.

Jeg ætla ekki að fara lengra út í að dæma hv. flm. að sinni. Það hefir hv. 2. þm. Reykv. (JBald) þegar gert allrækilega, og mun verða betur gert síðar. En þó vil jeg benda á eitt enn, og það er hinar ákaflegu veiku heimildir, sem hann byggir á. Hann ætti að hugsa sjer, að hann væri dómari og ætti að dæma eftir þeim. Hvernig færi hann eða eigandi bátsins að sanna, að hjer væri um sömu olíuna að ræða? (**SigurjJ**: En ef nafn er á olíunni?) Jeg vil benda hv. þm. á það, sem mörgum er kunnugt, að síðan verðtollurinn komst hjer á, hafa vaðið hjer uppi falskir reikningar. Einn maður t. d. gaf upp vörur fyrir 2000 kr. Hann flutti inn vörur fyrir 20000 kr. Og þetta er ekkert einsdæmi. Landsverslunin er dæmd út frá almennum hagskýrslum, og eftir slíku ætti að sanna júridiskt. Jeg talaði eitt sinn við vjelbátseiganda, er sagði, að olían hjer væri helmingi dýrari en í Færeyjum. Jeg bað hann að sanna það. Hann sagðist hafa heyrt það. Svo mun oftast vera varið sönnunum.

Jeg mun þá víkja nokkrum orðum að málinu alment. Einhver reyndasti maður Íhaldsflokksins, hv. 1. þm. Rang. (EP), sagði 1912, að Steinolíufjelagið (D. D. P. A.) legði 145—200% á olíu sína. Jón heit. Ólafsson tók þó enn dýpra í árinni. Nokkru síðar setti fjelag þetta upp hring hjer á landi í sambandi við nokkra Íslendinga. Jeg mun síðar segja, hvað Jón heit. Ólafsson kallaði þennan hring, enda þótt það mundi ekki hafa þótt þinglegt í Ed.

Aðferð þessara okurfjelaga er sú, að stofna leppfjelög sem víðast um lönd. Er það alsiða í Ameríku, að þau gefi þar hluti ritstjórum, þingmönnum og jafnvel ráðherrum. Kenna leppfjelögin sig svo við land það, er þau hreiðra um sig í, svo að nöfn þeirra láti betur í eyrum.

Eins og áður er sagt, skaut hjer upp einu leppfjelaginu af slíku tæi. Hjelt það áfram rekstri sínum í sama húsi og móðurhringurinn og undir sama forstjóra. Hændi það drjúgum að sjer efnaða kaupmenn og áhugasama málaflutningsmenn.

Jeg man eftir einum lækni, fremur efnalitlum, sem boðinn var hlutur í fjelaginu. Vitanlega var honum þetta freistni, og hugsað gat hann sem svo, að þægi hann ekki bitann, mundu aðrir gera það. En hann sá, að hjer var verið að smeygja okurfjötrum á ættjörðina, og að því verki vildi hann ekki vera. Siðferðisþrek hans vann sigur, og hann kaus heldur að missa af olíugróðanum en svíkja samvisku sína.

En nógir aðrir urðu til að þiggja bitana, eins og hann hafði vitað. Hygg jeg, að hægt sje að útvega fleiri vitnisburði en þeirra hv. þm. N.-Þ. (BSv) og Jóns heit. Ólafssonar um framferði okurhrings þessa. Gekk svo langt, að hinn harðasti málsvari kaupmannaverslunar, hv. 2. þm. G.-K. (BK), vildi 1912, að Landsbankinn tæki að sjer einkasöluna Hann var ráðherra 1917, er heimildarlögin voru samþ., og var þá mjög framarlega í flokki um að setja upp einka-

söluna og vildi láta hana standa lengi, til reynslu. Vona jeg, að hann hafi ekki skift um skoðun enn á því máli.

Jeg skal taka eitt dæmi um hjartagæsku Steinolíufjelagsins, ekki eldra en frá 1920. Þá var að verða steinolíulaust hjer. Höfðu safnast fyrir skuldir hjá hringnum, af því að Íslandsbanki hætti í bili að geta yfirfært. Þáv. atvrh., Pjetur heit. Jónsson, kom því til manna þeirra, er fyrir hringnum stóðu, og spurði, hvort þeir vildu ekki flytja inn olíu. Þeir neituðu, af því að ekki væri yfirfært. Að lokum, eftir þref mikið, slær einn þeirra í borðið og segir: „Við flytjum inn, en — við ráðum verðinu!" Pjetri heit. Jónssyni gast ekki að þessu og ljet panta olíufarm. En hvað skeður þá? Þá kemur sami maðurinn sem fyr sló í borðið og segir, að hjer sjeu svik í tafli við hringinn, því hann eigi að ráða olíuverðinu í landinu. Vera má, af því að Pjetur Jónsson er nú látinn, að þessi saga verði rengd. En jeg veit, að hún er dagsönn og að öllum er óhætt að trúa henni.

Landsverslunin færist nú í aukana, og er fróðlegt að sjá, hvernig hún kúgar hringinn með íslensku þjónana stig af stigi niður á við. Þeir kveinuðu og veinuðu undan samkepninni. Þeim datt ekki í hug að setja þann ljósbjarma um sína vesölu tilveru undir hið síðasta, að taka verðskuldaðri niðurlægingu með þögn og þolinmæði. Þeir vildu deyja eins og þeir lifðu, upp á 145—200%.

Þeir, sem ferðast hafa erlendis, hafa víst tekið eftir því, að þar eru víðast stálgeymar fyrir olíu, sem hafa svo mikinn sparnað í för með sjer, að talið er, að þeir borgi sig á 2—3 árum. Auðvitað getur hv. flm. (SigurjJ) sagt, að Standard Oil muni byggja slíka geyma hjer. En það er ekki Landsversluninni að kenna, að hjer eru ekki slíkir geymar, heldur mótþróa Íhaldsflokksins. Ávinningurinn við slíka geyma er þó næsta mikill, eins og jeg veit að jeg þarf ekki að skýra. Hv. flm. kann að segja, að fjelögin flytji hingað geyma þessa. Þeir eru í Kaupmannahöfn frá einu fjelagi. En hverjir skyldu borga brúsann nema kaupendur? Hinsvegar er hjer á landi svo lítil olíunotkun, að slíkir geymar kæmu ekki upp með samkepni. En jeg geri ekki ráð fyrir, að hv. flm., sem reiknar með vjelbátum í Hull og Hamborg, myndi gera sjer rellu út af, þótt smáhafnirnar á Íslandi yrðu af geymum þessum. Það er einmitt hið lúsarlega við samkepnina, að þar sem hún getur ekki smogið inn í einhverja matarholu, þar er alt einskisvert. Hverjir hugsa hjer um smáhafnirnar úti um land? Hverjir styrkja kjördæmi hv. þm. Barð. (HK)? Það er líka annað en vjelbátaútvegur í Hull og Hamborg.

Jón Auðunn Jónsson: Það, sem vakir fyrir okkur flm., er einkum og sjer í lagi það að tryggja, að mótorbátaútgerðin fái olíuna með sem allra lægstu verði. Nú hefir það verið álit margra, að olían væri í óhæfilega háu verði hjer á landi, miðað við verð hennar í nágrannalöndunum, og jeg skal ekki dylja það, að mitt álit, sem jeg síðar skal rökstyðja, er að svo hafi verið. Þess utan virðist mjer, að einkasalan hafi breytt illa gagnvart þessari atvinnugrein, þar sem hún í öllum tilfellum hefir lagt mest á þær olíutegundir, sem útvegurinn notar mest eða notar eingöngu, eins og t. d. hráolíu.

Með því að gefa innflutning frjálsan hyggjum við flm., að best verði sjeð fyrir þörfum mótorbátaútvegsins í verðlagi öllu og vörugæðum. Um leið og gert er ráð fyrir því, að Landsverslun flytji inn olíu, er og sjeð fyrir því, að ekki nái neinn einstakur innflytjandi eða einstakt fjelag einokun á þessari vöru. Það er nokkur vorkunn, þó menn sjeu hræddir við erlend stórfjelög, því menn eru minnugir þess, hvernig steinolíufjelagið hagaði sjer í þessum efnum, þar til Fiskifjelagið og síðar ríkisstjórnin fór að flytja inn olíu í samkepni við fjelag þetta. En nú er svo komið steinolíuversluninni í heiminum, að þar sem áður, alt fram að 1918, voru fjórir eða fimm verslunarhringar, sem höfðu því nær alla olíuframleiðslu í höndum sjer, þá eru margir tugir fjelaga, ef ekki hundruð, um þessa framleiðslu nú.

Við friðarsamningana var það eitt af stærstu keppikeflum þjóðanna að ná þeim landskikum, þar sem olíulindir eru, og þar sem Vestur-Evrópuþjóðunum tókst ekki að ná í slíka landskika, þá var reynt að gera verslunarsamninga og fá einkaleyfi til olíuframleiðslu hjá þeim smáþjóðum, sem yfirráð höfðu yfir olíuauðugum löndum. Þetta tókst svo vel, að þar sem talið var 1914, að Ameríkumenn hefðu umráð yfir 84—86% af allri olíuframleiðslu heimsins, þá er talið, að í árslok 1923 hafi England, Frakkland, Ítalía, Holland og Belgía nærfelt 38% af olíuframleiðslunni í sínum höndum. Jafnframt er talið, að hlutföllin muni breytast Evrópuþjóðunum í hag á næstu árum.

Af þessum ástæðum eru margfalt minni líkur nú en áður fyrir einokun vörunnar. Þar við bætist það, að á allra síðustu árum er hafin samkepni milli kola- og olíuframleiðenda um eldsneyti til gufuskipa. Á hundruðum gufuskipa er nú notuð olía til brenslu, og margir kolaframleiðendur telja olíuframleiðendur afarhættulega keppinauta á þessu sviði, enda er unnið að því með öllum hugsanlegum ráðum að gera olíuframleiðsluna sem kostnaðarminsta. Vegna þessa alls er það von allra þeirra, sem olíuna nota, að hún fari lækkandi, og það er líka svo, að olíuverð t. d. í New-York er stórum lægra en flestra annara vörutegunda, saman borið við verðlagið 1914.

Tökum t. d. Pensylvanisk Standard White, sem er besta mótorolían. Markaðsverð þessarar olíu var, miðað við amerískt gallon (3,785 l.), 1914 í jan. 5¼ cent, 1924 apríl—des 6½ cent, eða pr. tunnu (189 lítra) í jan. 1914 2 $ 62 cent, í des. 1924 3 $ 25 cent.

Í skýrslu til Alþingis segir steinolíueinkasalan, að inn hafi verið flutt 1924 um 45 þús. tunnur af olíu, þar af 13400 tn. ljósaolía. Af þessum 13½ þús. tn. er eitthvað notað til mótora. Má líklega fullyrða, að útvegurinn noti um 33 þús. tn. á ári. Það er því mikils um vert fyrir þann hluta sjávarútvegsins, sem rekinn er með mótorbátum, að olían sje sem ódýrust. Af því að mjer þykir kenna ónákvæmni og missagna í þessari skýrslu verslunarinnar til Alþingis, þá vil jeg athuga hana nokkru nánar. Í þessari skýrslu segir svo: „Innkaupsverð olíunnar hækkaði mikið mánuðina febr., mars og apríl, en lækkaði svo smám saman til ágústloka, en fór þá aftur nokkuð hækkandi". Fyr í skýrslunni segir: „Innkaupsverð olíunnar er breytilegt eftir heimsmarkaðsverðinu samkv. samningi við British Petroleum Co.". Samkv. þessu hefir verslunin

hækkað venjulega mótorolíu 1. febr. úr 35 upp í 40 aura, 14. apríl upp í 46 aura, en lækkað hana 18. ágúst niður í 44 aura, 1. okt. niður í 42 aura og 1. des. niður í 40 aura, alt pr. kíló.

Heimsmarkaðsverðið var í New-York árið sem leið frá 1. jan. til 20. apr. alveg stöðugt, 7 cent pr. amerískt gallon eða 3 $ og 50 cent fatið. 20. apríl lækkar gall. um ½ cent og stendur stöðugt í því verði til ársloka og er 6½ cent pr. gallon, eða 3 $ 25 cent pr. fat. Þessar skýrslur um verðið í New-York eru teknar eftir opinberum verslunarskýrslum og sjerprentun Deutsche Bank í Berlin, að því er venjulega, besta teg. mótorolíu, Standard White, snertir. Hvaðan Landsverslun hefir sínar upplýsingar um breytilegt verð á þessari olíu, væri fróðlegt að vita, ef þær eru ekki skapaðar í heila umboðsmanns British Petroleum. Þá segir í skýrslunni, að innkaupsverð Landsverslunar hjá British Petrolium sje 2—4 pence lægra pr. enskt gallon en verð annara olíufjelaga til heildsala þar, fob.

Jeg hefi ekki í höndum „noteringar" í London til heildsala, en hitt er víst, að fá mátti í janúar Standard White fyrir miklum mun lægra verð frá Hamborg en það, sem Landsverslun seldi hjer þá.

Jeg skal, til þess að slá niður allar heimskulegar fullyrðingar verslunarinnar, lesa hjer upp reikning frá útbúi British Petroleum í Hull, dags. 21. október, yfir 29 tunnur hráolíu (gasolíu), sömu og hjer er seld. Verðið er auðvitað smásöluverð, en heildsöluverð mun 5—10% lægra, og að því er Landsverslun fullyrðir, 16% lægra.

29 föt, 1193 gallon, á 8¼
= . . . . . £ 41—0—1
Cartage . . . . . £ 3—2—2

Barrels free £ 44—2—3

á kr. 30/00 pr. £ = kr. 1223.37 eða fatið með umbúðum fob. Hull kr. 45.64. Á sama tíma var fatið af þessari olíu selt hjer hjá Landsverslun, samkvæmt reikningi yfir nokkur föt af sömu olíu, er jeg hefi í höndum, hvert fat, einnig með umbúðum, kr. 66.22, eða kr. 20.58 hærra hjer en í smásölu í Englandi. Sömu hlutföll eru á lausri olíu, sem látin var í geymi í sama bátnum frá Vestfj., sem olíuna keypti í Hull.

Í desember 1924 var verð á Standard White í New-York 6½ cent pr. gallon, laust í skip, fob. New York, eða með kr. 5.75 gengi á $ eru þá 1000 kg. kr. 124.60. Fragt til Vestur-Evrópu var 20 shillings pr. tonn, eða með 28 kr. gengi á £ = kr. 28.00; vátrygging 80 aurar pr. tonn, eða alls kr. 153.40 cif. London, Hamborg eða Amsterdam. Þessa sömu tegund af steinolíu kaupir Landsverslun af British Petroleum á um 7½ d. pr. enskt gallon, eða með 28 kr. gengi á £ nálægt kr. 235.00 tonnið fob. London. Hefir þá British Petroleum tekið fyllilega kr. 80.00 á hvert tonn fyrir upp- og útskipun, áfylling á tunnur og í verslunarhagnað.

Í skýrslunni er innanlandskostnaður talinn kr. 16.40 pr. tunnu, en í rekstrarreikningi er allur slíkur kostnaður, og þar í vextir og útsvar, skuldatap og ríkissjóðsgjald, afföll og rýrnun, ekki talið nema 10½ kr. á tunnu.

Í dæmunum á bls. 4 er rýrnun á hrá-

olíu talin 10%. Jeg hefi átt tal við menn, sem hafa um nokkur ár haft innflutning á hráolíu í fötum, og þeir hafa venjulega haft 1—2% rýrnun, oft ekki nema ½%, en einstaka sinnum upp í 4%. Að meðaltali telja þeir rýrnun ekki yfir 2%, og er þá talin með mánaðargeymsla í landi. Í skipi mun rýrnun þessarar olíu ekki nema yfir 1%.

Af öllu þessu er það augljóst, að skýrsla Landsverslunar er í mörgum atriðum villandi og alveg óábyggileg. Er það sjerlega óheppilegt, að forstöðumenn opinberrar starfrækslu skuli láta slíkar skýrslur frá sjer fara.

Jeg sá rjett áðan aðra skýrslu frá Landsverslun til hæstv. stjórnar, og þar er því haldið fram, að steinolíukaup sjeu hagfeldari hjá British Petroleum heldur en hjá danska Steinolíufjelaginu. Jeg hjelt nú satt að segja, að enginn vildi miða við það fjelag. Annars er mjer ókunnugt um, hvaða verðlag danska Steinolíufjelagið hefir, eða hvort það verð, sem tilgreint er, er útflutningsverð eða verð til notenda í Danmörk, en hygg þó, að það sje annað verð en útflutningsverð. Mjer vitanlega er útflutningsverð allra fjelaganna í Danmörk hið sama — þar með talið danska Steinolíufjelagið — á ameríkskri olíu. Og það hefir verið þetta árið sem leið:

Pensylvanian Standard White (sem er besta hreinsaða mótorolía) kostaði:

$^{1}/_{1}$. 1924 .. D. Kr. 22.75 pr. 100 kg.
$^{1}/_{7}$. 1924 .. D. Kr. 22.75 pr. 100 kg
$^{30}/_{12}$. 1924 .. D. Kr. 20.30 pr. 100 kg.

fob. Kaupmannahöfn án umbúða. Verð á einni tunnu, 150 kg., verður þá með því meðaltalsgengi, sem haft er í landsverslunarskýrslunni (kr. 117.63), kr. 40.14, en hjá British Petroleum kr. 39.97 allan fyrri helming ársins. En 30. des. er verðið D. Kr. 20.30, og með því gengi, sem þá var (Kr. 105.00), verða það 33.27 á tunnu. Á sama tíma tekur British Petroleum kr. 34.86, en Hamborgarverð er um 3 kr. lægra. Af öllu þessu virðist mjer augljóst, að olíuverð sje of hátt hjer. Þarf ekki annað en bera það saman við olíuverð í Noregi, Danmörk og Færeyjum, til þess að sjá þetta. Hinn 23. júlí í sumar var verð á hráolíu hjer 32 aurar, en í Færeyjum 20,3 aurar, ef keypt er tonn, en minna, ef 30 tonn eru keypt í einu, eins og oft kemur fyrir.

Mjer hefir virst af ræðum hv. þm., að þeir vilji miða alt við ástandið eins og það var hjer meðan D. D. P. A. var hjer einrátt og alt þótti gott annað. Nú hefi jeg ekki, og ekki heldur hv. þm., að því er jeg hygg, orðið vísari þess af ræðum hv. 2. þm. Reykv. (JBald) og hv. 5. landsk. (JJ), hvort þeir ætla að greiða atkvæði með till. eða ekki. Jeg vil nú samt í lengstu lög vona, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) greiði henni atkvæði, því að jeg hygg, að hann vilji unna sjómönnum og útgerðarmönnum þess, að reynt verði að útvega þeim lægra olíuverð en nú er.

Til þess nú að sýna, hve mikið hagsmunamál steinolíumálið og steinolíuverðið er fyrir sjómenn, sem ráðast upp á þau kjör að greiða hlutfallslega af afla sínum olíuverð, skal jeg benda á, að á stærri bátunum vestra mun að jafnaði koma olíunotkun, sem svarar 7—10 tunnum á hlut hvers háseta á tímabilinu frá því í nóvember og þangað til 1. júlí. Og þótt ekki muni meira en 5 krónum á tunnu, þá munar þó 35—50 krónum hjá þeim. Auðvitað munar útgerðarmenn meira um þetta,

því að þeir hafa fleiri hluti, en mótorbátaútgerðin stendur og fellur með lágu steinolíuverði, og henni er um að gera að fá sem allra ódýrasta steinolíu.

Sveinn Ólafsson: Það er síst tími til nú að hefja langar umræður, því að ræður eins og þær, er hv. aðalflm. (SigurjJ) og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) hafa haldið hjer, hafa teygt tímann úr hófi fram. Jeg vil yfirleitt vona, að flestir eða allir hv. þm. sjeu fyrir löngu búnir að gera sjer ljóst, hvílíkt nytjafyrirtæki Landsverslunin er og hvílík fásinna er að leggja hana niður. Sje borið saman á rjettan hátt ástandið, eins og það var áður, og ástandið nú, og það ætti að vera mjög auðvelt fyrir þá, sem urðu fyrir barðinu á svonefnda íslenska steinolíufjelaginu, þá þarf ekki lengra að leita um árangur Landsverslunar. Það er að minsta kosti auðvelt fyrir þá að gera þennan samanburð, sem búa á strjálbygðum ströndum landsins, langt frá höfuðstaðnum. Jeg er viss um það, að þeim er ekki úr minni liðið, hvernig viðskiftakjörin voru, þegar við áttum við þá. Jeg man að minsta kosti ósköp vel þrælatökin, sem þeir reyndu að hafa á okkur, og get sagt ýmsar ófagrar sögur frá þeim tíma, en jeg get ógnar vel skilið það, að þeir, sem ýmist hafa tröllatrú á frjálsri og opinni samkepni, að ekkert geti við hana jafnast, eða sem stundum víla ekki fyrir sjer að fara erindi þeirra, sem halda slíku fram, þegar svo stendur á, geti sætt sig við að víkja til hliðar þeim almennings-hagsmunum, sem tengdir eru við olíuna. Þetta má auðvitað segja að ekki sje vingjarnleg ætlun í garð þeirra, sem flytja þessa till., en þegar þess er gætt, hverju landsmenn hafa átt að venjast af þeim, sem sífelt hafa barist við Landsverslunina og reynt að hlaða henni, þá finst manni ekki ástæða til að gera sjer hærri vonir um tilgang þessara manna, og mjer finst í raun og veru ræða hv. flm. (SigurjJ) benda á einkennilega málafærslu af því tæi, sem bæði blöð og almannarómur kannast við frá undanförnum árum. Mjer kom í hug, meðan jeg hlýddi á hana, gamall og heldur ófagur leikur, sem ósiðlegir menn ljeku hjer áður og nefndur var skítkast. Jeg kann ekki annað sambærilegra að líkja við þetta. Hv. þm. (SigurjJ) bar hreint og beint stórsakir á framkvæmdarstjóra Landsverslunarinnar, bar honum það á brýn, og sagðist koma fram með þá ásökun hjer, að hann hefði lagt beinlínis óhæfilegt gjald á landsbúa og með því hreint og beint brotið lög, lögin um einkasölu á steinolíu. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. (SigurjJ) hefir athugað það, þegar hann bar fram þessa sök á hendur forstjóranum, að þá yrði hæstv. atvrh. (MG) fyrir þessu hnútukasti, því að hann er vissulega yfirmaður Landsverslunarinnar, og jeg geri ekki ráð fyrir, að framkvæmdarstjórinn leyfi sjer að fara út fyrir það, sem hæstv. atvrh. (MG) leggur fyrir. Það er sýnt, að með þessu átti þó, jafnframt því að fyrirtækinu var komið á knje sjálfu, að reyna að sverta þann mann, sem fyrir Landsversluninni stendur. En nokkuð líkt má reyndar segja um ræðu hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), því að mjög var hún í sama móti steypt og ræða hv. flm. (SigurjJ), en þó virtist hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) nokkuð vilja draga úr því, sem allra mest var öfgakent hjá hv. flm. (SigurjJ). Hv. flm. ljet það skína í gegn, að verðmunurinn á olíu hjá

Landsversluninni, borinn saman við það verð, sem er í frjálsri verslun, væri frá 15 kr., og í einu tilfelli þóttist hann hafa fundið dæmi þess, að það munaði jafnvel 25 kr. á fati. Aftur vildi hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) helst gefa í skyn, að það mundi vera um 5 kr. á fati. (**JAJ:** Jeg sagði ekkert um það). Jú, hv. þm. (JAJ) gerði tvisvar ráð fyrir því; þeim ber því talsvert á milli, hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og hv. flm. (SigurjJ). (**SigurjJ:** Hv. þm. (SvÓ) hefir ekki skilið hvað jeg sagði). Og sei, sei, jú, jeg skildi það mjög vel. (**SigurjJ:** Og sei, sei, nei.). En það var líka annað, sem sýndi, að það átti að reyna að sverta manninn, sem fyrir versluninni stendur, og að gera hana sem tortryggilegasta.

Hv. flm. (SigurjJ) var að tala um rýrnun þá á olíunni, sem Landsverslunin reiknar með, sagði að hún reiknaði með 15%, en hvorki hann nje hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) þóttust þekkja dæmi til annars eins og 15% rýrnunar á olíu. Það er þá verið að segja það, að þarna sje verið að fara með rangt mál, og að Landsverslunin, til þess að færa fram verðið á olíunni, gefi upp alt annað en það sem er.

Í þriðja lagi ljetu þessir hv. þm. skína í það, að Landsverslunin myndi gefa rangar, virkilega blekkjandi skýrslur um olíusöluna; það var þess vegna í meðallagi hæverskleg aðdróttun um skjalafölsun. Með þessu er reynt að sverta manninn, sem fyrir versluninni stendur, og þá um leið að gera stofnunina tortryggilega.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) tók það fram, eins og tilgang fyrir þeim með framkomu till., að þeir vildu útvega mótorbátaútveginum ódýrari olíu og þannig undirbyggja hann. Nú mun það vera alment álit utan Reykjavíkur, að sá útvegur hafi einmitt síðustu árin getað blómgast vegna þess, að Landsverslunin hefir sjeð fyrir þörfum hans, og það er víst, að í flestöllum hjeruðum lítur allur fjöldi útgerðarmanna svo á, að það sje undir því komið, að Landsverslunin sjái um að útvega þeim olíuna, að útvegur þeirra geti blómgast og stöð ugur staðið.

Jeg vil ekki tefja tímann með því að taka orði til orðs þær einstöku fullyrðingar, sem þessir tveir hv. þm. hafa leyft sjer að bera fram um þennan mann.

Vil jeg þá hverfa aftur að till. sjálfri og benda á eitt atriði í henni. Það er það atriði, sem lýtur að því að láta Landsverslunina halda áfram starfi sínu í opinni samkepni við aðra, eða til þess, eins og hv. flm. (SigurjJ) sagði, að tryggja sæmilegt verð á olíunni og sæmilegar birgðir. Hvernig stendur á, að þessi maður, sem ekki treystir Landsversluninni og lýsir hana óalandi og óferjandi, getur trúað þessari stofnun til þess að birgja landið og halda niðri verðinu? Stofnun, sem þeir segja að hafi lagt svo mikið á olíuna og gabbað landsmenn í viðskiftum sínum. Ósamræmið í þessu er það, að í öðru orðinu er verið að lýsa vantrausti á henni, en í hinu orðinu óbifanlegu trausti til að birgja landið og halda verðinu niðri. Jeg veit ekki, hvernig á að skilja þetta, því að jeg býst ekki við, að þeir láti Landsverslunina fara að keppa við danska fjelagið; jeg geri ekki ráð fyrir, að þeir vilji láta hana fara að reyna sig við það, heldur að hún fái að sjá um flutning á olíu meðfram ströndum, þar sem hinir vilja ekki líta

við versluninni. Jeg get því ekki skilið, hvernig þeir fara að því að koma með tvær svo allsendis ólíkar till. í málinu. Mjer fyndist það rjettara, að þeir legðu það til, að Landsverslunin hætti starfi sínu með öllu, og ljetu kaupmenn sjá fyrir því að birgja landið og sjá um skaplegt verð.

Jeg veit, að það eru margir, sem bíða eftir því að taka til máls, og vil jeg ekki taka frá þeim tímann, og ætla þess vegna að fella niður þær athugasemdir, sem jeg hafði skrifað niður út af ræðum þessara tveggja hv. þm., að öðru leyti en því, sem jeg hefi þegar athugað þær.

Ásgeir Ásgeirsson: Saga steinolíumálsins hefir nú nokkuð verið rakin hjer af öðrum hv. þm. Jeg minnist þess, að hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) rakti hana og hældi yfir höfuð öllum, sem stóðu á móti einkasölunni árin 1912 og 1917; en jafnframt lýsti hann yfir því, að steinolíuverslunin hefði verið verst og í megnasta ólagi alt til ársins 1920 og þá verið viðskiftamönnum sínum ærið þungbær. Jeg sje ekki, hvernig þetta getur farið saman, því að hv. þm. (SigurjJ) viðurkendi annarsvegar þann einokunarblæ, sem var á öllu, þegar Landsverslunin tók til starfa, en hældi þó jafnframt þeim, sem stóðu á móti því, að landið tæki að sjer steinolíuverslunina. Um hitt skal jeg ekki segja, hvort steinolíusamkepnin hefði færst hjer í aukana eftir 1920, það er engin reynsla fyrir því, og síðustu árin, sem Steinolíufjelagið starfaði hjer, var ekki um samkepni að ræða nema að litlu leyti, og sú samkepni kom ekki frá erlendu steinolíufjelagi, sem kepti við Standard Oil, heldur frá Fiskifjelagi Íslands. Nú er meiri samkepni í þessari verslun á heimsmarkaðinum heldur en var fyrir 1920, og hættan verður mest á því hjer á landi, ef eitt fjelag næði versluninni, og mundi þá engum detta í hug að fara að keppa við þetta sterka fjelag í þessu litla landi. Það hefir þekst, að hin fjelögin hafa látið það land í friði, sem eitt fjelagið hefir sigrað, og stundum skifta þau löndunum á milli sín; jeg veit t. d. ekki betur en að Standard Oil hafi, eftir samkomulagi við sína keppinauta, haft einokun á öllum Norðurlöndum þegar stríðið byrjaði. Deutsches Bank reyndi t. d. að brjóta vald þess á bak aftur í Norðurálfunni, en mistókst, því að það er ekki ljett um vik að berjast við milliarda-fjelög. Það mætti í þessu sambandi minna á það, að Jón heitinn Ólafsson, ekki meiri „Bolsjevíki" en hann var, nefndi slík fjelög kolkrabba, sem teygði armana um öll lönd og enginn rjeði neitt við. Það væri annars vel viðeigandi að rifja upp sitthvað af þeim hörðu ummælum, sem Hannes Hafstein og Jón Ólafsson viðhöfðu árin 1912 og 1913. En þeir segja, hv. flm. þessarar till., að samkepnin sje orðin svo geysilega mikil annarsstaðar í löndum álfunnar. Mjer er ekki kunnugt um, að hjer í álfunni starfi nema 3 stórfjelög, Anglo-Persian, Standard Oil og Shell. Af þessum fjelögum eru tvö náskyld, Anglo-Persian og Shell, og þegar litið er á samkepnina í Danmörku, þá höfum við orð hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) fyrir því, að verð á hreinsaðri olíu hafi staðið óbreytt í eitt ár. (**JAJ:** Eins er það í Ameríku). Það er einmitt það, sem jeg vil vekja athygli á, að ekki lítur út fyrir, að samkepnin sje mikil, fyrst verðið er hið sama frá fyrsta degi árs-

ins til hins síðasta, þó nú sje látið í veðri vaka af flm., að hún sje öflug. Hvað er þetta annað en skýr vottur um einokun? Við kaupum okkar olíu með heimsmarkaðsverði. Svo framarlega sem við ættum að kaupa hana frá einu fjelagi, þá myndum við ekki njóta heimsmarkaðsverðsins. Það er reynsla fyrir því, að þar sem fjelag hefir náð einokun í einhverju landi, hvort sem það hefir skapað sjer hana með samkepni eða náð henni með samningum við sína keppinauta, þá hækkar ávalt verðið. Okkar íslenska einkasala hefir getað trygt okkur heimsmarkaðsverð í innkaupum, en fjelag, sem hefði hjer einræði, mundi aldrei taka meira tillit til heimsmarkaðsverðsins en því fyndist nauðsynlegt til þess að hylja sinn mikla gróða.

Jeg skal svo ekki tala meira um olíusamkepnina, en aðeins benda á, að olíuverslunin er eitt af þeim sviðum, þar sem samkepnin er oft alls ekki til, eða þá ekki nema að einhverju litlu leyti.

Þá vil jeg minna á, að þeir, sem hjer þykjast berjast öflugast fyrir frjálsri verslun, með öllu sínu athæfi, hafa stundum komið með frv., sem fara í öfuga átt, t. d. frv. um innflutningsbann á hevi og ýmsu fleiru, sem á ekkert frekar skylt við frjálsa verslun heldur en einkasala eða einokun. Nei, jeg er hræddur um, að þeir láti þann verslunar-„frasa", sem þeir skilja ekki meir en svo, og er í þeirra munni orðatiltækið eitt, villa sjer svo sýn, að þeir gæti þess ekki að heimta nægilega rannsókn og nægilegar skýringar á þessum málum áður en gengið er til atkv. um það, hversu steinolíuverslun skuli hagað í framtíðinni. Má vera, að þeir sjeu hjer að berjast fyrir einokun einstakra fjelaga, en ekki frjálsri verslun.

Í greinargerð till. stendur, að mikil fjárhætta sje samfara þessari verslun, og hv. flm. (SigurjJ) lagði mikla áherslu á það. Það má vera, að svo sje, en sú áhætta er jöfn fyrir hina „frjálsu" verslun. Hún gefur ekki töpin, fremur en einkasalan, og vinnur þau rækilega upp fyrir og eftir óáranina. Landsverslunin hefir nú starfað í nokkur ár, sem hafa hreint ekki verið góð fyrir útveginn, og það væri óskandi, að ekki kæmu verri ár yfir hann en þau, sem hún hefir starfað. Það má jafnvel ætla það, að verslunin hafi hjálpað útveginum stórmikið á þessum örðugu tímum, því að eins og hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) benti á, þá hafa bátar m. a. aldrei þurft að hætta fyrir þá sök, að ekki fengist olía, þó að birgðir hafi stundum verið litlar, og er það mikil hjálp, einkum þar sem svo er, að steinolíureikningurinn er víða lítill hluti af útgerðarkostnaðinum, og veltur því mest á því, að steinolían sje altaf til, en jafnvel minna á hinu, hvað hún kostar. Er því auðskilið, hversu mikils er um vert, að trygt sje, að nægar birgðir sjeu til af olíunni, auk þess sem örugt er um gott verðlag. Mjer er vel kunnugt um það, að þetta er ekki svo alstaðar á landinu, því sumstaðar er olíukostnaðurinn svo mikill, að ekki er hægt að segja, að aðalatriðið sje, að olían fáist

Hv. aðalflm. till. (SigurjJ) bar hjer fram ákæru á stjórn Landsverslunarinnar fyrir það að hafa lagt óheimil gjöld á notendur, og komst dálítið hátíðlega að orði um það, að hann ákærði hana til endurgreiðslu til allra á því,

sem hún hefði ofheimt af þeim. Þetta mun vera um 27 aurar á tunnu, og ef miðað er við stærð Krossanesmála, þá verður þetta ekki kallað gífurlegt ákæruatriði, ef tillit er tekið til þess, að það fje, sem kallað er ofheimt, rennur ekki til einstakra gróðamanna, heldur í ríkissjóð, og er því miklu minni ástæða til þess að ákæra heldur en þegar mælt er í of stórum síldarmálum, sjerstaklega þegar þess er gætt, að lagaákvæði, nokkuð rúm, heimila þessa álagningu. Jeg má segja, að lagaákvæðin eru á þá leið, að það skuli lagður á r í f l e g u r kostnaður, og það vita allir, að ekki er hægt að reikna það svo nákvæmlega út, að þetta megi ekki heita ríflegur kostnaður. Nú, en þetta ákæruatriði verður aldrei svo stórt, að það verði nauðsynlegt, að aðrir en hæstv. atvrh. (MG) skeri úr um, hvora regluna skuli hafa, að leggja á fatið ríflega fyrir kostnaði í framtíðinni, eins og gert hefir verið, eða heldur óríflegar.

Þá hafa menn tekið hjer ýms dæmi, og hafa þau öll verið mjög lík; en með því að það er heldur ilt að fylgjast með tölum, sem lesnar eru upp á fundum, þá skal jeg ekki þreyta menn með því að þræða hvert atriði, en því tók jeg eftir hjá hv. flm. (SigurjJ), að í dæminu, sem hann tók af gasolíu, lagði hann til grundvallar söluverð Landsverslunar, og það verð bar hann svo saman við cif-verð hjá öðrum innflytjanda. Nú vil jeg segja, að það er alls ekki hægt að bera saman verð Landsverslunar til notenda, útsöluverð hennar, við verð á olíu, sem tekin er við skipshlið, og auk þess skal jeg benda hv. flm. (SigurjJ) á ýms gjöld, er Landsverslunin verður að greiða, sem hann ljet ótalin. Hann nefndi t. d. hvergi bankagjald, $^3/_4$%, hvorki vexti, 3%, nje heldur rýrnun, og neitaði algerlega, að 15% rýrnun gæti átt sjer stað, eins og verslunin tilgreinir í sinni skýrslu í þessu tilfelli, en Landsverslunin fullyrðir, að rýrnunin hafi að minsta kosti verið þetta, vegna þess, að tunnurnar hafa oft verið ljelegar og brotnar, og er ekkert við það ótrúlegt. Jeg skal ekki deila um þá hluti, en aðeins geta þess, að fleiru hefir verið slept, svo sem öllum innlendum rekstrarkostnaði, sem sjálfsagt er að taka með, þegar verið er að bera saman við útsöluverð Landsverslunar. Ennfremur slepti hv. þm. (SigurjJ) fjögra króna lögákveðnu ríkissjóðsgjaldi, en tók aðeins vörutollinn, sem ekki er nema kr. 1.50 á fat. Gengið reiknaði hv. flm. (SigurjJ) á kr. 1.02, en það var á þessum tíma kr. 1.06. Margt slíkt mætti telja, og ef reiknað er nákvæmlega saman, þá býst jeg við, að það færi nærri því, að verð Landsverslunar yrði ekki fyrir ofan, heldur jafnvel fyrir neðan það, sem hv. þm. (SigurjJ) er að bera saman við, ef alt væri talið með. En þetta sýnir það, að ekki er komið með fullnægjandi hliðstæður. Það er hætt við að reikna dæmin á miðri leið og svo borið saman við Landsverslunarverð, þar sem alt er talið. Jeg skal ekkert um það segja, hver niðurstaðan yrði við nákvæma og ítarlega meðferð á dæminu, en meðferð þessara manna á málinu er svo, að það er full ástæða til, að það vakni efi um góðan undirbúning málsins hjá hv. deildarmönnum, sem hjer hlusta á og eiga síðar að greiða atkv. um málið.

Það er vitanlegt, að þegar tekið er cif-verð, þá má ekki gleyma vöxtum og gengismun og bankagjaldi, sem nemur 3—4 krónum á tunnu. Cif-verð Landsverslunarinnar er 49.60, en cif-verðið hjá hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) er 50.75. Þetta er strax munur. Og þó er reiknað ríkissjóðsgjald í Landsverslunarverðinu, en ekki nema vörutollur á kr. 1.50 hjá hv. þm. Annars skal jeg ekki fara ítarlega út í þetta eða þreyta hv. þm. með því að lesa upp mikið af tölum, eins og hv. flm. (SigurjJ) gerði. Það er ilt í fljótu bragði að átta sig á margbreyttum útreikningum. Mál, slík sem þessi, á að sækja og verja á þingskjölum, en ekki á þingfundum. Óviljandi vitleysur geta haft mjög víðtækar afleiðingar. Menn geta hæglega ruglað saman vörugæðum, lítrafjölda o. s. frv., og getur slíkt óviljandi valdið stórskekkju. Yfirleitt er í fljótu bragði ilt að átta sig á, hvort rjett er frá skýrt eða ekki, þegar um einstök dæmi um olíuverslun er að ræða, og hvar og í hverju villan liggur. Nú er þetta mál borið hjer fram í þinglokin, og á að knýja það fram á einum degi. En það þykir mjer harla fljótfærnisleg afgreiðsla, þegar grundvöllurinn til að byggja á dómsúrskurð er ekki traustari en hjer er raun á. Mál þetta þarf að rannsaka betur. Það eru ekki litlar ákærur, sem hjer hafa komið fram á hendur stjórninni, ef það er rjett, að olíukaupendur hafi tapað 10—20 krónum á hverri tunnu. Nú hefir stjórnin haft umsjón með versluninni, og jeg get ekki betur sjeð en hún hafi bakað sjer ábyrgð gagnvart olíukaupendum með því að gera sjálf enga tilraun til að losa þá undan þessari byrði, ef nokkuð er hæft í fullyrðingum flutningsmanna.

Eins og nú er í pottinn búið, álít jeg það heppilegasta meðferð þessa máls að fella till. núna, en stjórnin geri á næsta þingi tillögur um málið, ef henni, að lokinni ítarlegri rannsókn, finst ástæða til þess að breyta til í einhverju.

Jeg get ekki sjeð, að færðar hafi verið líkur fyrir meiru en því, að heildsalar geti ef til vill fengið olíuna með sama verði og Landsverslunin, en engar líkur til þess, að smáútgerðarmenn geti fengið hana með sama verði, hvað þá heldur betra verði.

Jeg skal leyfa mjer að vitna til ummæla hv. 1. þm. Rang. (EP) á þinginu 1912, er steinolíueinkasalan var hjer fyrst til umræðu. Hann sagði, að það væri tilgangurinn, að olían yrði sem ódýrust, en landssjóður fengi þó ágóða af rekstrinum. Þetta tvent getur vel farið saman, og hygg jeg, að sú hafi orðið reyndin á.

Jeg er algerlega á móti þessari þáltill. að svo stöddu. Jeg æski eftir ítarlegri rannsókn, óska, að málið sje vel undirbúið, og vil fá skýr plögg á borðið til þess að dæma eftir. Það er svo margt, sem þarf rannsóknar í þessu máli. Það mætti athuga, hvort ekki ætti að lækka ríkissjóðsgjaldið úr fjórum krónum niður í tvær krónur. Þá ætti og að rannsaka, hvort heppilegra væri, að Landsverslunin hefði fasta samninga við fjelög um innkaup eða frjáls innkaup. Eins að athuga, hvort setja ætti hjer olíugeyma. Landsverslunin hefir fært sterkar líkur fyrir því í skýrslu til Alþingis, að það mundi vera heppilegast fyrir vjelbátaútveginn, að komið væri hjer upp olíugeym-

um. Það þyrfti ekki að íþyngja útgerðinni neitt, þó þeir væru afskrifaðir á 4—5 árum. Hjer eru margir möguleikar fyrir hendi, sem vert væri að athuga. Jeg skal engan dóm leggja á það, hver niðurstaðan gæti orðið af slíkum rannsóknum. Hún gæti ef til vill orðið sú, að leggja bæri steinolíueinkasöluna niður. En hitt er alveg óforsvaranlegt, að ætla sjer að flaustra þessu máli af hjer óathuguðu á einum einasta degi í þinglokin.

Mjer hefir skilist það svo, að flutningsmenn þessarar tillögu ætlist til þess, að landsverslun með steinolíu haldi áfram meðan hún tapar ekki. Ef þetta stendur ómótmælt, verð jeg að skoða það svo, sem þetta sje meining þeirra.

Fjármálaráðherra (Jþ): Það hefir verið lögð æðimikil áhersla á það af hv. andmælendum tillögunnar, að tillagan gerði ráð fyrir því, að landsverslun með steinolíu væri ætlað að halda áfram. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning um þetta vil jeg lýsa yfir því fyrir hönd stjórnarinnar, að hún lítur svo á, að hin mikla hækkun á útgjöldum fjárlaganna 1926, sem nú er fyrirsjáanleg, geri það óhjákvæmilegt að draga inn í ríkissjóð, til afborgunar á skuldum hans, talsvert mikinn hluta af varasjóði Landsverslunarinnar, en sá varasjóður stendur nú allur í steinolíuversluninni. Af þessu leiðir það, að starfsfje verslunarinnar mun minka að miklum mun, og þótt þess vegna steinolíuversluninni kunni að verða haldið áfram að einhverju leyti fyrst um sinn, af þeim ástæðum, sem till. gerir ráð fyrir, þá hlýtur það að minsta kosti að verða í miklu smærri stíl en núverandi einkasala er rekin í.

Flm. (Sigurjón Jónsson): Jeg get að mestu leyti slept að minnast á ræður þeirra hv. þm., sem valist hafa til andmæla, að undanskilinni ræðu hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) hefir rækilega svarað ræðu hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Sannast að segja var ræða hv. 2. þm. Reykv. mjög einhliða og lagði í raun og veru ekkert til málsins. Hjer er um það að ræða, hvort Landsverslun geti útvegað hagstæðust kjör á þessari vörutegund, en ekki um hitt, hvort Landsverslunin sjálf skerðist eða rýrnar. En það var aðalmergur málsins hjá hv. 2. þm. Reykv., og það kann að vera eðlilegt frá hans sjónarmiði, sem vill draga alla verslun og öll viðskifti inn á ríkiseinkasölubrautina.

Í fyrri ræðu minni gat jeg þess, að nú væri hægt að fá olíu keypta hvar sem er í öllum stærri borgum Norðurálfunnar, einkum í Hamborg og London, og er þess vegna engin hætta á því, að það fjelag nje nokkurt fjelag annað geti náð hjer heljartökum á olíuversluninni, jafnvel þó að Landsverslunin verði alveg lögð niður, sem við ætlumst þó ekki til fyrst um sinn.

Jeg læt mig engu skifta miður góðgjarnlegar getsakir, eins og t. d. að við flm. sjeum að reka erindi einhverra stórgróðamanna o. s. frv.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) talaði mikið um þrælatök, sem þjóðin hafi verið tekin í olíusölunni hjer áður, og mundi vafalaust tekin, ef verslunin yrði gefin frjáls aftur. Ennfremur sagði hann, að við vildum láta hag almennings víkja fyrir hagsmunum einstakra gróða-

manna. Slíkar öfgar og getsakir vil jeg alveg leiða hjá mjer, enda hrína þær ekki á okkur.

Jeg skal gjarnan koma dálítið nánar inn á ummæli mín um forstjóra Landsverslunarinnar. Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) þótti jeg vera nokkuð þungorður í garð forstjórans út af álagningu Landsverslunarinnar fyrir útistandandi skuldum. Það gerði jeg með vilja. Jeg álít, að reglugerð stjórnarráðsins um einkasölu á steinolíu taki af allan efa um það, hvað leggja megi á steinolíuna. Þar segir, að leggja skuli $2^2/_3$ aur. á hvert kg., og renni gjald þetta að jöfnu í ríkissjóð og varasjóð einkasölunnar, enda beri sá sjóður allan óvæntan halla verslunarinnar. En þegar farið er inn á þá braut að leggja sjerstaklega á olíuna fyrir afföllum á skuldum, þá er ekki gott að vita, hvar staðar verður numið. Að vísu eru 27 au. á hvert fat engin upphæð, sem skiftir verulegu máli. En ef farið er inn á þessa braut, þá eru brotin ákveðin laga- og reglugerðarfyrirmæli, og þess vegna er forstjóranum með öllu óheimilt að leggja nokkurt aukagjald á olíuna, jafnvel þó ekki væri nema 5 au. á tunnu. Ef einu sinni er komið inn á þessa braut, getur enginn vitað, nema gjaldið verði orðið 50 aur., 1 kr. eða jafnvel enn meira, áður en nokkurn varir.

Það er af þessum sökum, að jeg var nokkuð þungorður í garð forstjóra einkasölunnar.

Þá skal jeg lítillega koma inn á þau ummæli ýmsra hv. þm., að ekki kenni samræmis í till. þessari, þar sem gert er ráð fyrir að gefa verslunina frjálsa frá næstu áramótum, en þó jafnframt svo til ætlast, að Landsverslunin starfi áfram í frjálsri samkepni við aðra innflytjendur. Ósamræmið á að vera í því fólgið, að við sjeum á móti Landsverslun með steinolíu, en leggjum þó til, að henni verði haldið áfram.

Í greinargerð till. stendur, að við veljum þessa leið til að koma í móti þeim, sem hafa góða trú á landsverslun. Fæ jeg ekki sjeð nokkra mótsetningu í þessu fólgna, enda tók jeg skýrt fram, að ekki væri til ætlast, að Landsverslunin starfaði lengur en þangað til trygging væri fyrir því fengin, að innflutningur olíu verði nægur og hún seld sanngjörnu verði.

Og jeg er hræddur um, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) o. fl. hv. þm. hafi sömu trú og við, að þessa verði ekki langt að bíða, því annars mundu þeir varla leggjast svo fast á móti till. Ef olíuverslunin kemst ekki í sæmilegt horf án þess að Landsverslunin hafi þar hönd í bagga, þá verður hún að sjálfsögðu látin halda áfram og e. t. v. tekin upp einkasala aftur. En það skín út úr orðum hv. andmælenda till., að þeir eru undir niðri okkur sammála um þetta atriði. Þeir þykjast sjá, að landsverslunar verði ekki þörf eftir að verslunin verður gefin frjáls.

Meining okkar er sú, að Landsverslunin haldi áfram fyrst um sinn, að því leyti sem þörf gerist. Hinsvegar vakir það ekki fyrir okkur, að hún starfi svo lengi sem ekki verður tap á rekstri hennar.

Við viljum fela hæstv. stjórn að hafa auga með því, hvort steinolíuverslunin í landinu er hagkvæm og hvort það er fyrir tilverknað Landsverslunar eða ekki. Ef svo er ekki, þá er landsversl-

unar ekki þörf lengur, og ætlumst við þá til, að hæstv. stjórn leggi hana niður með öllu.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Jeg verð að segja, að hún stakk mjög í stúf við ræður annara hv. andmælenda till., þar sem hún kom þó dálítið nálægt því máli, sem hjer er til umr.

Hv. þm. (ÁÁ) þótti það bera vott um ósamræmi hjá mjer, þegar jeg sagði, að steinolíuverslunin hafi oft verið mjög óhagstæð áður en einkasalan tók til starfa, en samt líkaði mjer best við þá, sem væru einkasölunni mótfallnir.

Jeg er nú svo gerður, að jeg vil frelsi í verslun, eins og á öðrum sviðum. Jeg held, að einstaklingseðlið og þroski þjóðarinnar yfirleitt verði því fullkomnari, sem frjálsræðið er meira á öllum sviðum þjóðlífsins. Hinsvegar gat jeg þess, að ef steinolíuverslun landsmanna væri í ólestri og ríkið gæti kipt henni í lag, án þess að taka einkasölu, þá áliti jeg það ekki nema sjálfsagt og heppilegt. Og jeg vil minna hv. þm. (ÁÁ) á kaflann, sem jeg las úr ræðu núverandi forstjóra Landsverslunarinnar á þingi 1917, þar sem hann heldur einmitt þessu sama fram, að ef þörf gerist, sje rjett að láta Landsverslun versla með steinolíu í frjálsri samkepni, til þess að aftra því, að verðið keyri fram úr öllu hófi.

Jeg get sagt, að einmitt árin 1920—1922 var steinolíuverslun landsins í besta lagi, sem hún hefir verið, áreiðanlega betra lagi en eftir að einkasalan tók til starfa. Þá voru margir steinolíuinnflytjendur, sem störfuðu jafnhliða Landsverslun og H. Í. S., og gátu útvegað sjer ódýrari olíu en þessar stofnanir seldu.

Annars þótti mjer hv. þm. (ÁÁ) fara óvirðulegum orðum um frjálsa verslun yfirleitt. Hann sagði, að menn ljetu þennan „frasa" villa sjer sýn. Mjer þykir leiðinlegt, að svo niðrandi orð skuli viðhaft hjer á Alþingi, því hugsjón frjálsrar verslunar hefir allajafna átt svo mikil ítök í hugum okkar Íslendinga, sem vonlegt er. Þá vil jeg snúa mjer að þeim ummælum hv. þm. (ÁÁ), er hann vildi fetta fingur út í tölur þær, sem jeg fór með í morgun, og einmitt á þeim grundvelli er mjer kærast að ræða málið, að taka dæmi, sem fyrir liggja, gagnrýna þau og sjá, hver niðurstaðan verður.

Hv. þm. sagði, að jeg hafi ekki lagt öll þau gjöld á Sólarolíu, sem hljóta að leggjast á hana frá því hún kemur um borð í erlendri höfn og þar til hún er komin í hendur kaupenda. Sagði hann að jeg hafi í öðru dæminu tekið söluverð Landsverslunar, en í hinu verð olíunnar hjer á hafnarbakka. Þetta er rjett, og jeg ætlast til, að hv. þm. skildu, hvað fyrir mjer vakti með samanburðinum, enda tók jeg þennan mismun skýrt fram, að mjer fanst.

Jeg sagði í dæminu, sem jeg tók, að söluverð Landsverslunar hafi verið kr. 63.75 hvert fat, þegar fatið sjálft er reiknað á 14 kr. Þá var allur kostnaður, þar á meðal gjald til ríkissjóðs og í varasjóð, reiknaður með. Í annan stað upplýsti jeg, að sama olíutegund hefði þá fengist fyrir kr. 47.35 hvert fat hjer á hafnarbakkanum, og var jeg þá búinn að gera fyrir hafnargjaldi, kr. 0.10, uppskipun, kr. 0.50, og vörutolli, kr. 1.50, eða samtals kr. 2.60 á fatið. Til þessa kostnaðar er venjulega ekki tekið tillit, þegar talað er um cif-kaup. Hjer verður mismunurinn kr.

15.60 á hverju fati, sem gengur þá til að standast straum af öðrum kostnaði, sem legst á olíuna frá því hún er komin á hafnarbakkann og þar til hún er afhent kaupendum.

En allan kostnað við olíuna frá því hún er komin hjer á höfn, uppskipun, vörugjald, ríkissjóðsgjald, varasjóðsgjald o. fl., reiknar Landsverslunin sjálf kr. 13.40 á fat. Í mínu dæmi voru kr. 15.60 eftir til að standast þennan kostnað, og var jeg þó búinn að draga kr. 2.60 frá, sem eru innifaldar í kostnaði Landsverslunarinnar, kr. 13.40. Ef jeg hefi talað óskýrt í framsöguræðu minni, þá vonast jeg til, að hv. þm. (ÁÁ) skiljist nú, hvað jeg fór. Hinn raunverulegi kostnaður Landsverslunarinnar, miðað við verð, sem sannanlega var hægt að fá jafngóða olíu fyrir, er hjer orðinn kr. 18.20, í stað kr. 13.40, sem Landsverslunin segir sjálf að hann þurfi að vera. Niðurstaðan verður því sú, að Landsverslunin hefir lagt kr. 4.80 um of á hverja olíutunnu sem um getur í dæminu, samkvæmt hennar eigin útreikningum og í samanburði við verð, sem hægt var að fá olíuna fyrir. Auðvitað reynir Landsverslunin að forsvara þessa álagningu í varnarskjali sínu, en samkvæmt hennar eigin skýrslu og ef útreikningar mínir standast, sem enginn hefir vefengt með minstu rökum, þá er ekki annað hægt en að viðurkenna þennan mismun.

Hv. þm. (ÁÁ) sagði, að jeg hefði reiknað með 2% gengismun á danskri krónu, en þetta er ekki rjett. Jeg reiknaði með 4%. Olían, sem jeg nefndi til dæmis, var flutt inn bæði fyrir og eftir síðustu áramót og eftir að gengi sterlingspunds var komið niður í kr. 27,75; þá er síst of lítið í lagt að reikna gengi d. kr. 104.

Þá mintist hv. þm. (ÁÁ) á dæmið, sem jeg tók um gasolíu í Englandi. Það er rjett, að í þessu tilfelli reiknaði jeg ekki heldur þann kostnað, sem legst á olíuna frá því að hún er komin um borð í Hull og þar til hún er afhent kaupendum, en jeg komst líka að þeirri niðurstöðu, að fatið var 25 krónum ódýrara í Hull en útsöluverð Landsverslunar hjer. Og jeg vildi halda því fram, að þessar 25 kr. væru meira en nóg til þess að borga með allan þennan kostnað, að flutningsgjaldi meðtöldu, eftir því sem Landsverslunin gefur sjálf upp.

En með þessu dæmi vildi jeg einkum sýna það, að hver sem er getur fengið þessa olíu í Englandi fyrir ekki lakara verð en Landsverslunin, og ennfremur vildi jeg ósanna það, sem í skýrslunni stendur, að olíuverð í Englandi sje hærra yfirleitt en Landsverslunin greiðir.

Þar stendur, að verð Landsverslunar sje 2—4 d. lægra hvert enskt gallon heldur en smásalar þar á staðnum fái olíuna fyrir hjá sama fjelagi. Þetta er auðvitað ekki rjett, eins og dæmið um verðmismuninn sýndi.

Þá sagði hv. þm. (ÁÁ), að slæmt væri að þurfa að ræða þetta mál hjer nú, í stað þess að það hefði komið fram í frumvarpsformi. Jeg skal viðurkenna, að jeg hefði einnig kosið þá meðferð fremur. Enda hefði málið verið fyr borið fram, ef mjer hefði verið ljóst, að ekki væri hægt að afnema steinolíueinkasöluna, nema að fengnum þingvilja þess efnis.

En hinsvegar ætlaði hv. þm. (ÁÁ)

einmitt að gera þetta sama. Hann ætlaði að láta taka ákvörðun um þetta mál eftir einungis eina umr. um þáltill, er hann flutti sjálfur í hv. Nd.

Þess vegna getur hann allra manna síst talið ósanngjarnt af okkur að flytja þessa till.

Jeg býst við, að hv. þm. vilji ekki standa við þáð, að til mála geti komið að lækka 2 kr. gjaldið, sem nú er tekið af hverri tunnu, þannig að svifta ríkissjóð sínum tekjum, sem eiga að vera samkvæmt vörutollslögunum nálægt kr. 1,40 á tunnu. Þetta gjald er því í raun-inni ekki nema um 60 aurar, og þó minna af hráolíu. En ef þessi uppástunga hv. þm. (ÁÁ) á að ná fram að ganga, þarf að breyta vörutollslögunum, en það hygg jeg að hafi ekki vakað fyrir honum.

Jeg þarf ekki að lengja umr. meira að sinni. Jeg legg mesta áherslu á þau dæmi, sem jeg hefi tekið, enda hygg jeg, að þau sjeu svo skýr sem kostur er á.

Benedikt Sveinsson: Jeg hefi komið nokkuð við sögu þessa máls fyrrum, enda hefi jeg heyrt, að ýmsir hv. þm. hafa í dag vitað til orða minna um þetta mál, bæði fyr og síðar. Skildist mjer þær tilvitnanir vera á þann veg, að af þeim kynni að mega draga, að jeg hafi verið hvikull í málinu.

Þess vegna þykir mjer hlýða, um leið og jeg greiði atkv. um þál., að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til þessa máls á liðnum tímum.

Það er rjett, að jeg var á móti stjfrv., sem fram var borið á þingi 1912, um að heimila ráðherra að gera samning um einkasölu á olíu um tiltekið árabil.

Var svo til ætlast, að stjórnin semdi við erlent fjelag, eða einstaka menn, um að taka að sjer söluna, og var heimild stjórnarinnar mjög víðtæk skv. frv.

Annars var frv. þetta liður í víðtæku einkasölukerfi, sem jeg var mótfallinn og er enn. Átti t. d. að stofnsetja einkasölu á kolum o. fl. vöruteg., sem jeg hefi altaf verið andvígur að seldar væru í einkasölu.

En aðallega var jeg þó á móti þessu frv. vegna þess, að jeg þóttist ekki sjá fyrir, að við losnuðum úr klóm þess einokunarfjelags, sem minst lof hefir hlotið hjer í dag, að verðleikum. Meira að segja ljek grunur á, að stjórnin ætlaði sjer einmitt að semja við D. D. P. A. og fela því einkasöluna um 20 ára skeið, og má nærri geta, að jeg hafi ekki verið ginnkeyptur fyrir að veita slíka heimild þeirri stjórn, sem jeg var andvígur.

Þetta frv. var nú felt, sem von var.

En á sama þingi báru þeir Jón Ólafsson o. fl. hv. þm. fram frv. þess efnis að fela stjórninni að taka einkasölu á steinolíu, með það fyrst og fremst fyrir augum að brjóta vald Rockefellershringsins hjer á landi á bak aftur.

Angi hringsins, sem þá starfaði hjer, hafði náð svo föstum tökum á olíuversluninni, að engum tjáði við að keppa, þó að verslunin væri frjáls að nafninu til.

Þessu frv. greiddi jeg atkv. úr Nd., en í hv. Ed. var því breytt á þann hátt að heimila stjórninni að fela sjerstöku fjelagi einkasölu á olíu um 5 ára bil.

Þetta þótti mjer og mörgum öðrum, þar á meðal Jóni Ólafssyni, aðalflm. frv., svo mikill ágalli, að við greiddum

atkvæði á móti frv., þegar þingið afgreiddi það sem lög. — Aldrei varð þó úr því, að þessi heimildarlög væru notuð.

Á aukaþingi sem haldið var um áramótin 1916—17, flutti jeg, ásamt núverandi hv. 2. þm. Árn. (JörB) frv. um að heimila stjórninni að taka einkasölu á steinolíu. Það frv. var flutt í þeim tilgangi einum, að afla landsmönnum olíunnar á sem ódýrastan hátt, en alls ekki til að afla ríkissjóði tekna. Þetta frv. dagaði uppi á því þingi, en síðar á árinu 1917 var háð reglulegt þing, og þá voru heimildarlögin samþykt, sem stjórnin síðan notaði til þess að taka einkasölu á steinolíu í sínar hendur.

Jeg minnist þess, að „Tíminn" prentaði í fyrra kafla úr ræðu, sem jeg hjelt um þetta mál á þingi 1917. Virtist mjer það gert í þeim tilgangi að sýna fram á, að jeg væri ekki nú svo hollur í málinu sem skyldi (**Trþ**: Nei, nei!). Það er gott, að hv. þm. Str. (Trþ) neitar þessu, enda stend jeg við alt, sem jeg hefi sagt og gert í þessu máli frá fyrstu tíð.

Jeg hefi átt tal við fjölda manna um þetta mál, og skiftir dómum þeirra mjög í tvö horn. Sumir hafa lofað þetta fyrirkomulag mjög, aðrir lastað niður fyrir allar hellur. Og jeg hefi orðið litlu nær við þessar umr. Það er nokkuð hæft í því, að það er naumast hægt að átta sig á tölum þeim, sem kastað er fram í umr. um svona mál. Jeg veit, að svo hefir fleirum farið en mjer.

Mjer virðist besta úrlausnin, að stjórnin ljeti Landsverslunina standa fyrst um sinn, uns annað er viðurkent betra, en heimila jafnframt notendum að kaupa olíu, þeim er þess kynnu að óska. Yrði umsókn um það að koma fram með hæfilegum fyrirvara, svo að Landsverslun þyrfti ekki að birgja sig upp að óþörfu. Skil jeg ekki annað en að gremjan við Landsverslunina myndi þverra, ef horfið væri að þessu. Gætu þá þeir, er vildu, skift við Landsverslunina, en hinir leitað fyrir sjer um annað. Með þessu virðist best mega ná takmarkinu, að útvega landsmönnum sem ódýrasta olíu.

Fyrir mjer er Landsverslunin ekkert „princip"-mál, þótt sumir líti á öll þessi einkasölumál eins og einhver heilög trúarbrögð. Jeg á hjer engin önnur trúarbrögð en þau að tryggja landsmönnum sem ódýrast þessa nauðsynjavöru.

En mjer virðist það óskynsamlegt að taka verslunina alveg úr höndum ríkisins. Mætti þá fara svo, að erlent fjelag gerðist hjer ofjarl að nýju. Annars er ástæðulaust að sækja þetta mál af ofurkappi og eigna flm., að þeir berjist fyrir eiginhagsmunum einum.

Mjer fellur vel það, sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hefir sagt í málinu, og er jeg líkrar skoðunar og hann. Jeg verð því að greiða atkv. gegn till., en beini því til stjórnarinnar að veita undanþágur með þeim hætti, sem lýst er.

Ingvar Pálmason: Jeg hefi kvatt mjer hljóðs af því, að jeg er hinn eini af smærri útgerðarmönnum, sem sæti á á Alþingi. Jeg taldi því rjett að lýsa afstöðu minni að nokkru, þótt hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hafi tekið af mjer ómakið að vissu leyti um samanburð á verði Landsverslunarinnar og verði á heimsmarkaðinum.

Þá vil jeg víkja að einni af þeim ástæðum, sem hv. flm. hafa fært til. Hún er sú, að með þessu sje reynt að útvega vjelbátaútveginum ódýrari olíu. Jeg get lýst yfir því fyrir mína hönd

og margra annara, að við efumst alvarlega um, að það náist með þessari aðferð. Jeg veit, að þessi till. er ekki flutt að vilja smærri útgerðarmanna. Í ályktun síðasta fiskiþings kemur skýrt fram, að Fiskifjelagið leggur áherslu á, að Landsverslunin verði ekki lögð niður. Þetta hefir ekki breyst síðan. Og rjetta aðferðin væri að fá vissu um vilja þessara manna áður en breytt er til.

Hinsvegar hafa altaf verið raddir uppi móti Landsversluninni. En þær eru ekki sterkari nú en í byrjun. Og þær hafa altaf verið hæstar úr hópi þeirra, sem samtímis því að vera útgerðarmenn voru kaupmenn. Það er því litlum vafa bundið, að þá ræður meiru kaupmaðurinn en útgerðarmaðurinn í þeim, sem vilja leggja verslunina niður.

Því hefir verið haldið fram, að það væri engin hætta á því, að nokkurt útlent fjelag næði hjer yfirráðum, þó einkasalan væri afnumin. En síðan hafa komið fram upplýsingar, sem draga mjög úr þess. Þær komu í ræðum hv. þm. Ísaf. og hæstv. fjrh. (JÞ). Vegna þröngs fjárhags þyrfti að draga varasjóð Landsverslunarinnar inn. Það er alveg áreiðanlegt, að steinolíuverslunin yrði gerð óstarfhæf, ef þetta væri gert. En út af þessum orðum hæstv. fjrh. virðist mjer koma í ljós, hvað á bak við liggur. Undanfari þessa máls var sá að leggja tóbakseinkasöluna niður. Nú var því haldið fram í vetur, og það með rjettu, að tóbakseinkasalan væri nokkurskonar útvígi steinolíuverslunarinnar. Ef hún er afnumin, þá er steinolíuverslunin farin. Það er varasjóður Landsunarinnar, sem seilst er eftir, til þess eru refarnir skornir. Hæstv. fjrh. (JÞ) varð ekki skilinn á annan veg.

Þetta skýrir það að nokkru leyti, hvers vegna við viljum halda við Landsversluninni, og svo sú reynsla, sem við höfum af frjálsri verslun með þessa vöru. Jeg skal víkja að því nánar síðar; en svo mikið skal jeg segja strax, að það væri ekki ástæðulaust, þó við myndum enn, hve þungum búsifjum við urðum fyrir af útlenda fjelaginu.

Hv. flm. drap á rýrnun olíunnar og gerði mikið úr. Mín reynsla er ekki mikil. Jeg kaupi 40—60 föt á ári, og jeg get sagt það, að eitt hið mesta mein vjelbátaútvegsins hefir verið rýrnun olíunnar. Jeg minnist þess, að eitt stríðsárið var erfitt að fá olíu. Þá kom skip með olíufarm til landsins í byrjun vertíðar í maí. Af því að þessi olía fjekst með sæmilegum kjörum, sætti margur því og keypti sumarforða sinn. Jeg keypti 40 föt. En mjer er óhætt að fullyrða, að $^1/_3$ hluti þess fór niður. Þegar á að liggja með olíu í trjetunnum frá maí til sept., þá er mörg tunnan orðin tóm. Þetta böl, sem smáútgerðin á við að stríða, gerir Landsverslun með olíu alveg nauðsynlega. Áður var það óþekt að flytja inn í stáltunnum. Það var sagt þá, að það yrði of dýrt. Reynslan er sú, að þetta hefir orðið okkar mesti hagnaður. Og ef kannast á við það, að þessi rýrnun er einhver versti bagginn, sem á þessari útgerð hvílir, þá erum við um leið komin inn á stefnu Landsverslunarinnar, að fría útveginn með öllu við þessa hættu. Landsverslunin hefir sýnt, að þetta er hægt að framkvæma án mikils kostnaðar. Þetta er ein ástæðan til þess, að jeg vil ekki leggja hana niður.

Hversu góða samkepni sem við fáum, komumst við aldrei yfir þessa hættu, nema farið verði að flytja í skipum með

geymi og geymar verði settir upp í landinu. Þá skyldi jeg ekki efa, að verið væri að tryggja útveginn. En meðan ekki er sjeð fyrir þessu, að girða fyrir þessa hættu, þá er hagurinn enginn að því, þó hægt sje að fá olíu 1—2 aur. ódýrara kílóið.

Sumir segja, að þetta sje alt hægt án Landsverslunar. En jeg get ekki sjeð það. Ef færa á þessa hugsun út, verður verslunin að vera á einni hendi, sem jeg álít, að eigi að vera Landsverslun.

Hv. flm. verður ekki eins hægt að komast yfir þennan þröskuld og þeir halda. Jarðolíu er að vísu ekki eins afarhætt við rýrnun eins og steinolíu, en við notum hana lítið. Og það er spurning, hvort notkun hennar fer mikið í vöxt. Ef hægt er að komast hjá rýrnunarhættu, nota menn heldur steinolíu, því vjelar, sem hana nota, endast stórum lengur en hinar.

Þá hefi jeg nú bent á eina ástæðu til þess, að jeg vil ekki leggja Landsverslunina niður. Auk þess er jeg sannfærður um, að hún hefir útvegað ódýrari olíu en annars væri kostur.

Jeg skal ekki tefja tímann með því að tilgreina tölur, þó jeg geti komið með ótal dæmi á borð við hv. flm., dæmi, sem sýna mundu harla ólíka útkomu. Það er hægt að koma hjer með tölur. En þá vantar samanburð, því þó maður sje allur af vilja gerður, þá getur manni altaf yfirsjest. Hjer þarf miklu meiri rannsókn en málið hefir nú fengið, til þess að fá tölur, sem treysta megi og hægt sje að leggja til grundvallar, þegar ræða er um verð olíunnar.

Þá hefir verið sagt um okkur, sem styðjum landsverslun með steinolíu, að við miðum altaf við það ástand, sem var hjer meðan Steinolíufjelagið rjeð lögum og lofum. Þetta er ekki rjett. Þegar hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) skýtur því til okkar, sem nálægt stöndum sjómönnum, eða, eins og jeg, hafa atvinnu og uppeldi af smærri vjelbátaútgerð, hvort það hafi ekki nokkra þýðingu fyrir þann útveg að fá steinolíufatið fyrir 5 kr. lægra verð en annars, þá neita jeg því auðvitað ekki. En mjer er kunnugt um það, og líklega hv. flm. líka, að því aðeins getum við orðið þeirra kjara aðnjótandi, að við skiftum við Landsverslun. Ef við skiftum við kaupmenn, þá verðum við að borga 5 kr. meira fyrir fatið. Og þegar Landsverslun selur olíu í smásölu á 40—45 aur. kílóið, þá selja kaupmenn hana á 60—70 aur. kílóið. Þessir menn segja, að olían rýrni svo mikið, að þessi verðhækkun sje nauðsynleg, og það getur verið. Jeg veit, að hún er mikil. En þá kemur rýrnunin, eins og raunar altaf, niður á notendum, og þá ber alt að sama brunni. Hættan, sem við þurfum að fyrirbyggja í þessu efni, er fyrst og fremst rýrnunarhættan. Hitt er alveg víst, að ef við þurfum að láta olíuna ganga gegnum hendur kaupmanna, þá þarf okkur ekki að blöskra neitt, þó við verðum að borga 5 krónum meira fyrir tn. heldur en annars, frá Landsverslun. En það er satt, að í Landsverslun verður maður að borga olíuna strax eða setja trygging fyrir greiðslunni að öðrum kosti. En það getur vel verið, að einhver geti fengið lánað hjá kaupmönnum.

Þá taldi hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) óforsvaranlegt að neyta ekki allra ráða til þess að fá olíuna sem ódýrasta, og er jeg honum alveg samdóma um það. En þá verðum við að fara rjetta leið til þess. Við megum ekki horfa of mjög á það, þó við gætum fengið olíuna 2—3 aur. ódýrara kílóið, meðan ekkert er um það

hugsað, þó olían renni til hálfs í sandinn fyrir notendum. Á það ber að leggja áherslu að bæta úr því. En hitt þykir mjer undarlegast, að hv. flm. till. skuli ekki finna til með okkur smærri útgerðarmönnum á fleiri sviðum en þessu. Það er þó fleira, sem við þurfum að nota við okkar atvinnurekstur, en steinolía. Þó hún sje stór liður í útgerðinni hjá mjer, þá er hún þó alls ekki stærsti liðurinn. Jeg veit ekki betur en að þegar við þurfum að taka veiðarfæri okkar í venjulegum kaupmannaverslunum, þá sjeu þau 20—30% dýrari heldur en ef við getum fengið þau millilíðalaust gegnum kaupfjelag. Því finna hv. þm. ekki til þessa? Jeg veit þó, að þessi kjör eru ekki síður tilfinnanleg fyrir útgerðina heldur en steinolíuverslunin. Nei, þeim finst ekki til um það, þó við borgum 20—30% of mikið fyrir veiðarfærin. — Jeg get ennfremur bent á salt o. fl.

Þá vil jeg að lokum benda á það, sem reyndar hefir verið tekið fram áður, að það er einkennilegt, að hv. flm., sem bera okkur smærri útgerðarmenn svo mjög fyrir brjósti, skuli ekki hafa fundið til þess fyr en nú, þegar komið er að þinglokum. Jeg hygg nú, að fyrsta ástæðan til þess, að þáltill. kom ekki fyr fram, hafi verið sú, að fyrst þurfti að vinna útvígið, áður ráðist yrði á virkið sjálft — fyrst varð að drepa tóbakseinkasöluna og koma svo olíuversluninni fyrir kattarnef á eftir. Jeg held, að tæplega verði á móti því mælt, að þrátt fyrir góðan hug flm. til okkar útgerðarmanna, þá hefir það þó vakað meira fyrir þeim í þessu máli að koma Landsverslun fyrir kattarnef en að koma okkur til hjálpar. Jeg mundi nú ekki heldur hafa neitt á móti því, ef jeg teldi einmitt ekki meiri hættu á því, sem hv. flm. þykjast vilja koma í veg fyrir, að steinolíuverðið yrði baggi á útgerðinni, ef Landsverslun er lögð niður. Nú er jeg á móti till., af því að jeg tel engan líkur til þess, að steinolíumálinu verði ráðið sæmilega til lykta á annan hátt en með Landsverslun, og því vil jeg alls ekki, að hún sje afnumin. Mjer þætti gaman að heyra, hvernig hv. flm. hugsa sjer að koma þessu fyrir í framtíðinni svo, að smáútvegurinn hafi hag af breytingunni, því ef það er virkilega ætlun þeirra að tryggja hag smærri útgerðarmanna, þá efa jeg ekki, að þeir sjeu búnir að hugsa sjer nýja leið. Því ef það er ekki, þá liggur nærri að ætla, að alt þeirra skraf um hagsmuni notenda sje tómt fals, og eina ástæðan og eina takmarkið, sem fyrir þeim vakir, sje að leggja Landsverslun niður.

Mjer er mikill söknuður að því, að hæstv. atvrh. (MG) skuli ekki hafa látið til sín heyra í þessu máli, bæði af því að þetta mál er af mjer og hv. flm. talið mjög mikilsvarðandi fyrir hinn smærri sjávarútveg, og sú niðurstaða, sem hjer verður, hlýtur að hafa mikla þýðingu fyrir þá atvinnugrein, og þó einkum vegna þess, að sú stofnun, sem hjer á hlut að máli, hefir orðið fyrir miklum árásum af hendi hv. flm. En jeg tel engum manni skyldara en hæstv. atvrh. (MG) að skýra málið. Og jeg hefði vænst þess, að hann ljeti ekki bera þessari stofnun á brýn lögbrot og jafnvel fjárdrátt, eða ólöglega álagning og óheimila. Þar sem forstöðumaður stofnunarinnar á þess engan kost að færa hjer fram vörn fyrir sig eða stofnunina, þá hefði jeg vænst þess, að hæstv. atvrh. (MG) gerði það, því jeg veit, að

hann er kunnugur rekstri hennar, og jeg vænti þess, að hann telji sjer skylt að halda engu leyndu um ástand hennar.

Jeg hefi talið mjer skylt að lýsa afstöðu minni til málsins, og það hefi jeg nú gert. Af þeim ástæðum, sem jeg hefi nú fært fram, þá get jeg ekki greitt þessari till. atkv. mitt.

Björn Líndal: Af því að jeg er meðflm. að þessari till., þá þykir mjer við eiga að segja nokkur orð, þó umr. sjeu nú orðnar langar, og jeg vildi ógjarnan verða til þess að lengja þær enn. Jeg mun því ekki leitast við að rekja þær umr., sem hjer hafa orðið, nje svara einstökum hv. þm., en drepa aðeins á fá atriði.

Vil jeg þá fyrst minnast á ummæli hv. 2. þm. Reykv. (JBald). En honum þótti till. undarlega orðuð, þar sem við gerðum ráð fyrir að halda ríkisverslun inni áfram, þó einkasalan sje afnumin. Hann talaði um „iðrun Íhaldsflokksins", sem lýsti sjer í þessu, og hefði það átt að vera gleðiefni fyrir hv. þm., en það var þó alls ekki hægt að skilja af ræðu hans. Jeg get nú frætt hv. þm á því, að það er nokkuð sitt hvað í mínum augum, einkasala og frjáls verslun, hvort sem hún er rekin af ríkinu eða ekki, og jeg fyrir mitt leyti get miklu frekar þolað ríkisverslun í frjálsri samkepni. Við þetta bætist svo, að einkasalan hefir bitið bakfiskinn úr kaupmannastjettinni íslensku, enda engin von á því, að menn þori að setja mikla peninga í fyrirtæki eins og steinolíuverslun, þegar það vofir líka yfir, að Alþingi taki hana af þeim aftur þegar minst varir. — Þetta er nóg til þess að skýra það fyrir hv. 2. þm. Reykv. (JBald), hvers vegna við flm. viljum halda áfram ríkisversluninni, fyrst í stað a m. k.

Þá kem jeg að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Hann sagði, að þetta orð, **frjáls verslun**, væri slagorð, sem vilti mönnum svo sýn, að þeir greiddu atkvæði um málið án þess að hafa hugsað nægilega um það. Hvaðan kemur honum þessi viska? Hvaðan veit hv. þm nokkurn hlut um það, hvað við höfum hugsað um þetta mál? Við höfum nú í þrjú ár haft nægan tíma til þess að athuga þetta. Hv. 5. landsk. (JJ) sagði, að allir þeir útreikningar, sem við bygðum á, væru falskir. Þetta er auðvitað hægt að segja. En eru það ekki slagorð? Það er harla djarft að segja í heyranda hljóði, að þessar tölur sjeu falsaðar. Höfum við þá ekki enn meiri rjett til þess að segja, að tölur Landsverslunar sjeu falskar? Það hefir verið bent á það, að þær bera það með sjer, að þær eru rangar, því þær mæla hver á móti annari. Af tölum Landsverslunar sjálfrar má sanna, að hún fer með rangt mál. Landsverslun hefir nóg af hálaunuðum mönnum til þess að búa til handa sjer þessar skýrslur dag eftir dag, og hún hefir nóga menn og nóg fje til þess að láta prenta þessar skýrslur og dreifa þeim út um alt land. Þessir menn eru lærðir í þessum efnum. Þeir hafa gengið í skóla hjá útlendu einokunarfjelagi og vita því, hvernig þeir eiga að haga sjer. Þeir lemja um sig með slagorðum, segja, að það sje lífsnauðsyn að flytja olíuna í tankskipum og járnfötum, en þeir geta alls ekki neitt um það, að til þess að slíkt geti komið til mála þarf miklu meiri umsetningu en hjer er um að ræða. Kostnaðurinn við járnfötin er líka alveg afskaplegur. Eftir skýrslunum er fyrning á áhöldum 80

þús. kr. á síðasta ári, og af því mun koma á steinolíufötin 50—60 þús. kr. Auk þess er hin mesta nauðsyn á því, að hægt sje að fá föt undan steinolíu til þess að setja í þau síldarolíu og því um líkt, og sje hætt að flytja steinolíuna þannig inn, þá þarf að kaupa þessar tunnur langtum hærra verði. Öllu þessu gleyma þeir háu herrar, eða þeir fara vísvitandi með rangt mál. Þeir nota peninga ríkisins til þess að breiða út meðal almennings skýrslu, sem hver heilvita maður sjer og veit að er röng. Þegar þessir herrar eru að þykjast sanna það, að B. P. selji okkur olíu fyrir 4 pence lægra verð pr. gallon en hún er seld á Englandi, þá hætti jeg að trúa, og má hver lá mjer það sem vill. Jeg trúi ekki slíku fyr en mjer er sýnt með óhrekjandi rökum, að þetta sje sannleikur. Þessir menn segja, að öll okkar sönnunargögn sjeu röng. Hvaðan hafa þeir þetta? Hvar eru sönnunargögnin? Jeg skal ekki neita því, að jeg hefi heyrt ýmsar sögur, sem jeg á ekki gott með að trúa. Mjer er ekkert launungarmál á því, að sú saga hefir t. d. gengið, að forstjóri Landsverslunar fengi góða summu af hverju fati, sem verslunin seldi. Jeg segi þetta hjer í heyranda hljóði. En jeg leyfi mjer samt ekki að leggja trúnað á það. Ef þeir hefðu heyrt slíkar sögur um okkur, þá hefðu þeir líklega trúað þeim, eða látist gera það. En jeg bendi á þetta til þess að gera mönnum það ljóst, að varlega skal trúa öllu slúðri.

Þá langar mig til að spyrja hv. andmælendur þessarar till. að einu atriði, sem jeg hefi enn ekki skilið í rökfærslu þeirra, og það því síður, sem meira hefir verið um það rætt. Hjer var einokun áður á steinolíu, og var ríkiseinkasalan sett til þess að losa landið úr þeim einokunarböndum, og verði nú einkasalan afnumin, þá óttast menn, að þá komi gamla einokunin aftur, og jafnvel verri en áður. Þetta segja þeir. Jafnframt hefir verið talað um það, hvað þessi einokunarfjelög sjeu sterk, og fyrir stríð hafi þau blátt áfram skift Norðurálfunni milli sín, og hafi þá Norðurlönd komið í hluta Standard Oil. Og til dæmis um vald þessara einokunarhringa er svo sagt frá því, að þýska ríkið hafi gert alt, sem það gat til þess að losa sig undan þessari einokun, og varið til þess mörgum miljónum króna. En hvað dugði svo þetta? Ekki neitt. Alls ekki neitt. En nú spyr jeg: Úr því hið stóra og sterka þýska ríki gat ekki neitt að gert í þessu efni, hvernig ætti okkar litla ríki að geta brotið þennan hring? Jeg skil það ekki. Gátu ekki þjóðverjar breytt lögum sínum, og geta ekki allar þjóðir gert það? Og hví gera þær það þá ekki, ef það væri til nokkurs gagns? Það er augljóst, að hlutfallið breytist ekkert við einkasölu, og þó allra síst með því að semja við sjerstakt fjelag um olíu, fyrir það verð, sem altaf má fá olíu keypta fyrir á heimsmarkaðinum. Og ef fjelagið er nú svo sterkt, að það ræður verði á heimsmarkaðinum, hver er það þá, sem ræður verðinu til okkar? Er það ekki sjálfur steinolíuhringurinn? Þegar þess er svo gætt, að miðað er við hátt flutningsgjald, og allur kostnaður á Englandi er óvenjulega mikill, þá vakna hjá manni grunsemdir um það, hvort við í raun og veru fáum steinolíuna við markaðsverði.

En svo er nú þetta markaðsverð. Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði, að samningurinn við B. P. trygði okkur markaðs-

verð. Látum svo vera. En í raun og veru er markaðsverð það hæsta verð, sem á vörunni er á hverjum tíma.

Allir vita, að hver, sem peninga hefir, getur altaf fengið vöruna með markaðsverði. Það er einmitt aðalgalli samningins, að hann bindur við markaðsverð. En sje fje og hyggindi með, þá er altaf hægt að fá vöru undir markaðsverði, a. m. k. þegar um verulega stór kaup er að ræða. Hjer fer því fjarri, að um góð kjör sje að ræða, hvað sem hv. þm. (ÁÁ) segir.

Hjer hefir verið talað um álagningu kaupmanna, ef verslunin yrði frjáls, og sjerstaklega gerði hv. 2. þm. S.-M. (I P) mikið úr þessu. Hvort hún yrði meiri eða minni, skal jeg nú ekkert segja um. En mjer þykir það dálítið undarlegt, að þessir háu herrar eru altaf að tala um kaupmenn, en það er eins og þeir gleymi kaupfjelögunum. Þau ættu þó að geta „kontrollerað" of háa álagningu kaupmanna. Og dugi það ekki, þá ættu þau að geta slegið sjer saman eða snúið sjer til þess göfuga og mannúðarríka Sambands, og mundi það sennilega koma í veg fyrir alla slíka misbeiting.

Jeg hefi nú sýnt með óhrekjanlegum rökum, að það er óhugsandi, að steinolía verði dýrari, þó verslunin verði gefin frjáls. En áhættan fyrir ríkið hverfur, og þó við græddum ekkert annað við breytinguna en það, þá er slíkt mikils virði.

Jeg hika því alls ekki við það að bera þessa till. fram og berjast fyrir samþykki hennar, nú eða síðar. Á móti berjast þeir, sem eiga hagsmuna að gæta við sjálfa verslunina, en með berjast þeir, sem hafa hagnað af því að fá ódýrari olíu.

Þá er jeg einmitt kominn að því, sem aldrei verður of oft minst á, að alt landsverslunarfyrirkomulagið skapar pólitiskan hring, eða nokkurskonar ríki í ríkinu. Landsverslunin er m. ö. o. stofnun, sem hætta stafar af fyrir ríkið. Og hinn siðferðislega ávinning af þessu fyrirkomulagi má best marka af þeim hneykslanlegu ræðum, sem forsvarsmenn einokunarinnar hafa haldið hjer. Jeg hefi þekt að minsta kosti einn af þessum mönnum, sem mikið eru við Landsverslunina riðnir, og veit, að hann hefir síst orðið betri maður við þau afskifti. Má segja, að hjer beri alt að sama brunni.

Jónas Jónsson*) : Það hefir mikið verið rætt um steinolíueinkasöluna, en þó ekki svo, að af því megi sjá, hvernig þeir hafi litið á hana, sem komu henni á. En ef það er ætlun manna að kollvarpa öllu á einu kvöldi, sem unnið hefir verið að umbótum á steinolíuversluninni af Hannesi Hafstein og hans samherjum 1912, og því, sem Alþingi gefði 1917, og nálega öllu, sem gert hefir verið í þessu máli síðan, þá má ekki minna vera en að sagt sje frá því, hvað fyrir þeim vakti, sem fyrstir hófu barátttuna gegn útlenda valdinu, því sama sem nú er að teygja hjer klærnar inn aftur.

Vona jeg, að hæstv. forseti taki mjer það ekki illa upp, þó jeg lesi upp nokkur orð úr tillögum og ræðum sumra þeirra hv. þm., sem mest hafa um málið fjallað, því ýmislegt hefir hjer verið ósatt sagt frá um gang málsins frá byrjun.

Þegar á þinginu 1912 kom lands-

*) Óyfirlesin ræða.

stjórnin með frv. um steinolíuverslunina, sem að vísu náði ekki samþykki þingsins, en sýnir, að þá þegar var byrjuð viðleitni í þá átt að rísa móti ameríska steinolíuhringnum, og stóð Hannes Hafstein þar fremstur í flokki.

En þetta frv. líkaði ekki, svo sem sagt hefir verið, og komu þá þrír þm. með nýtt frv. til laga um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu. Af flm. þessa frv. eiga tveir sæti hjer enn þá á þinginu, en einn er dáinn (Jón Ólafsson). Frv. þetta er merkilegt fyrir það, að það getur talist forganga þess, er síðar varð. Segir svo í 1. gr. frv.:

„Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa svo mikla steinolíu, sem henni þurfa þykir til að birgja landið, og selja hana kaupmönnum og öðrum (kaupfjelögum, sveitarfjelögum o. s. frv.) fyrir það verð, er líðlega svari vöxtum og kostnaði".

Seinna, meðan frv. þetta var í nefnd, kom annar þm., hv. 2. þm. G.-K. (BK), með brtt. um einkaleyfi handa Landsbankanum til að reka steinolíueinkasölu. Segir þar svo í 1. gr.:

„Landsbankanum veitist heimild til að kaupa svo mikið af steinolíu og öðrum efnum úr steinolíu, sem notuð eru sem aflvaki eða til lýsingar, sem hann álítur þurfa til að birgja landið, og selja hana kaupmönnum og öðrum í heildsölu, fyrir það verð, sem svarar innkaupsverði, kostnaði og hæfilegu álagi fyrir áhættuna".

Gleður það mig sjerstaklega vegna hv. þm. Ísaf. (SigurjJ), að samherjar hans og flokksbræður skyldu svo löngu á undan honum hafa komið auga á, að áhættukostnaðurinn hlýtur að verða lagður á steinolíuna. Og jeg efast ekki um, að þar hafi hv. 2. þm. G.-K. haft á rjettara að standa en hann. Og enn má geta þess, að annar hv. íhaldsmaður einn af flm. till. þeirrar, sem hjer er til umræðu nú, háttv. 1. þm. Rang. (EP), dregur það ekki í efa á þinginu 1912, að það geti farið saman, að varan lækki og landið græði á versluninni. Sömuleiðis má marka það af ræðum þessa háttv. þm. þá, að honum hefir verið fullljós kaupmannsgróði steinolíufjelagsins af olíunni. Getur hann þess, að árið áður hafi hluthöfum verið greiddur 145% arður og megi, eftir hækkun olíuverðsins að dæma, búast við, að hann komist upp í 200% á næsta ári. Og hann segir ennfremur, að það sje sannfæring sín „að landinu verði ekki bjargað úr klóm þessa útl. einokunarfjel. með öðru móti en þessu einu, að samþ. þetta frv.", nefnilega einkasölufrv. Má kalla, að því víki undarlega við, að sami maður skuli nú leggjast á sveif með þeim, er afnema vilja olíuverslun ríkisins, þar sem engin líkindi eru til annars en að sama okurfjelag, sem þá hafði hjer þessa verslun á hendi, taki hana aftur í sínar hendur, ef ríkið sleppir henni. Það á hjer enn þá ýmsar eignir, hús og girðingar og jafnvel góð ítök í blöðum, kostuðum af erlendu fje, til að tala máli sínu. En jeg hefi ekkert á móti því að láta hv. þm. heyra, hvernig einn af flm. frv. 1912, Jón Ólafsson, lýsti ástandinu þá. Hann segir svo m. a.:

„Fleiri ástæður hafa heyrst fyrir hækkun þessari, hvað sem þar í er hæft. En sú líklegasta er sú, að fjelagið sje með þessu að láta Norðurálfuþjóðirnar, þær sem það hefir náð einokun hjá, borga kostnaðinn fyrir

húsbónda sinn, Rockefeller gamla, sem nýlega var í hæstarjetti Bandaríkjanna dæmdur í 40 miljóna dollara sekt, auk málskostnaðar, fyrir óleyfileg einokunarsamtök í Bandaríkjunum. Því að Bandaríkin standa það framar öðrum ríkjum, þau hafa lög í landi hjá sjer, þau er banna einstaklingum og fjelögum að hafa einokunarfjelagsskap til samningasamtaka um að hindra frjálsa verslunarsamkepni og hækka vöruverð fram úr eðlilegu hófi. Steinolíufjelagið danska, sem kallar sig D. D. P. A. og Danir lesa úr: Det danske Petroleums Aktieselskab, en Íslendingar lesa úr: „Danskur djöfull Petroleums andskoti", er ekki annað en einn angi af einokunarsamsteypufjelagi Rockefellers. Það hefir gert samninga við flestalla íslenska kaupmenn, þá er skuldbinda kaupmennina til að kaupa ekki steinolíu af neinum öðrum en fjelaginu. Fyrst mun það hafa byrjað á árlöngum samningi, svo fór það að gera samninga til fimm ára, og síðan mun það hafa farið að smálengja samningatímann, og er mælt, að síðustu samningar bindi kaupmenn við fjelagið í 40 ár."

Slíkar og þvílíkar eru þá lýsingar samtíðarmanna fjelagsins. Og jeg býst líka við, að flestir, sem hafa nokkurn veginn óbrjálað minni, muni það óslökkvandi hatur, sem þjóðin bar til þessa fjelags, og þá rótgrónu fyrirlitningu, sem hún hafði á þeim Íslendingum, sem gerðust leppar þess og stungu í sinn vasa miklu af því, er þeim tókst að svæla út af landsmönnum. En nú á á ný að gefa mönnum kost á að ganga á mála hjá þessu sama einokunarfjelagi!

Nú líða nokkur ár uns aftur er gerð tilraun til að losa þjóðina úr þessum okurklóm. Eru þá nýir menn komnir til sögunnar, og ríða þeir á vaðið hæstv. núverandi forseti Nd. (BSv) og hv. núverandi 2. þm. Árn. (JörB). Báru þeir fram á þinginu 1917 frv. um steinolíueinkasölu, sem raunar varð ekki útrætt, en telja má grundvöllinn undir stjórnarfrv. á aðalþinginu sama ár. Þá skipuðu landsstjórnina 3 menn, sem allir eru á lífi, nefnilega hæstv. núverandi forsrh. (JM), hv. 2. þm. G.-K. (BK) og hv. 2. landsk. (SJ). Sá, sem lagði frv. fyrir þingið þá, var hv. 2. þm. G.-K. (BK). Vegna þess nú, að hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) og fleiri hv. þm. hafa orðið til að víta álagningu Landsverslunarinnar á steinolíu, jafnvel þó hún sje aðeins nokkrir aurar á tunnu, þá þætti mjer gaman að minna menn á, hvernig á þetta atriði var litið 1917. Í 3. gr. stjfrv. segir svo:

„Leggja skal árlega 6% á verð aðkeyptrar steinolíu með umbúðum og flutningskostnaði, sem að hálfu leyti renni í landssjóð, en að hálfu leyti í veltufjár- og varasjóð steinolíuverslunarinnar."

Ennfremur lætur stjórnin fylgja skynsamlega skýringu. Þar segir svo m. a.:

„Þar sem ætlast er til, að verslunin byrji algerlega með lánsfje, þykir bæði ótrygt og illa viðeigandi, að verslunin eigi safni sjer veltufje og fje til að standast tap."

Þá segir stjórnin sömuleiðis:

„Gert er ráð fyrir, að ef landsstjórnin á annað borð tekur í sínar hendur alla steinolíuverslun landsins, þá muni sú verslun eigi bráðlega verða lögð niður."

Og í umræðunum segir hv. 2. þm. G.-

K. (BK), en hann var þá fjrh., að „verslunin eigi að standa lengi.“ Það verður því ljóst, hvernig menn hugsuðu sjer þetta 1917. Svo sterkur var þjóðarviljinn að baki þessara laga, að menn gerðu ráð fyrir, að stjórnarskifti gætu átt sjer stað, en skoðanaskifti alls ekki. Og það var til þess ætlast, að bygt væri þannig undir verslunina, að hún gæti safnað sjer eignum og veltufje og orðið sterk og langlíf. En nú er annað hljóð komið í strokkinn. Nú vill hæstv. fjrh. (JÞ) láta slátra gæsinni til að ná í eggið. Varasjóðurinn freistar hans svo mjög, og hann vill endilega hirða hann, þó hann á sama þingi leyfi sjer að bera fram frv., sem sviftir ríkið tekjum, sem nema um 600000 kr. á ári.

En það var ekki stjórnin ein 1917, sem leit svo á, að verslunin ætti að lifa lengi. Fjhn. hv. Nd., sem fyrst hafði mál þetta til meðferðar, komst að sömu niðurstöðu. Í þeirri nefnd áttu sæti 5 menn, og 4 þeirra tilheyrðu stjórnarflokknum. Var hæstv. núverandi atvrh. (MG) formaður og framsögumaður nefndarinnar, en auk hans voru í henni hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), hv. þm. Barð. (HK) og ennfremur þeir Þorsteinn M. Jónsson og Gísli Sveinsson.

Nú eiga þessir fyrsttöldu þrír menn úr Íhaldsflokknum sæti hjer á þinginu, og veit jeg, að þeim muni vera ljúft að standa enn þá við skoðun sína í kvöld. Leyfi jeg mjer að lesa nokkrar línur úr áliti þeirra. Þar segir:

„Rjett þykir þó að taka það fram hjer, að nefndin er sammála um að leggja talsvert hærra gjald til landssjóðs á steinolíuna en frv. stjórnarinnar gerir ráð fyrir“.

Leggur nefndin til, að lagt sje 5 kr. gjald á hvert steinolíufat (150 kg.), sem renni að $^3/_4$ hlutum til landssjóðs, en að $^1/_4$ hlut í veltufjár- og varasjóð Landsverslunarinnar. Er þetta þá ein byssukúlan til í skjöld hv. þm. Ísaf. (SigurjJ), og til að gleðja hann enn meir, skal jeg auk þessa leyfa mjer að lesa nokkur orð enn úr sama nál. Þar segir:

„Þegar versluninni hefir safnast svo mikið veltufje, að nægi til að reka með verslunina skuldlaust, þá fellur gjald það, er ræðir um í 1. málsgr. þessarar gr., að öllu leyti í landssjóð“.

Má af þessu sjá, hvernig hæstv. atvrh. (MG) hefir litið á þetta mál 1917. Hann hefir hugsað svo langt fram í tímann, að hann ráðstafar arðinum, þegar svo er komið, að verslunin hefir safnað nægu veltufje. Hann hefir m. ö. o. ætlast til þess, að verslunin stæði lengi. Þetta sýnir ennfremur, að nefndin hefir ætlast til, að verslunin væri rekin með nokkrum ágóða, og hefir hæstv. atvrh. (MG) verið manna djarfastur í að álíta, að leggja mætti á olíuna, þó aðaltilgangurinn í hans augum, sem og annara, væri auðvitað sá, að bjarga olíuversluninni úr klóm hinna erlendu kúgara. — Stjfrv. gekk í gegn í hv. Nd., en var breytt nokkuð í hv. efri deild, þannig að álagningin var færð niður, en sjálft skipulagið var látið halda sjer. Svo að menn nú að lokum sjái, að það voru engir byltingamenn, sem komu með frv. þetta inn í þingið, þá vil jeg leyfa mjer að lesa brot úr framsöguræðu þáverandi fjrh. (BK). Hann segir:

„Frv. segir sjálft til efnisins. Það felur í sjer heimild fyrir landsstjórnina til þess að taka að sjer alla stein-

olíuverslun landsins. Sennilega yrði þeirri verslun þá hagað svo, að landið ræki aðeins stórsölu. Auðvitað yrði þá um leið að setja hámarksverð á olíuna. Það mun engum dyljast, að hjer er um mjög umfangsmikið starf að ræða. En til þess að verslunin geti komið að fullum notum og varan orðið sem ódýrust, lítur stjórnin svo á, að gefa yrði verslun-inni nokkuð rúmt svið, svo að henni yrði hagað eftir því, sem arðsamast þykir, t. d. ef á þarf að halda með skipakaup, húsakaup o. s. frv. Þetta er gert til þess, að verslunin hafi sem óbundnastar hendur, svo að arðurinn lendi sem mestur hjá henni".

Ennfremur segir þar:

„Stjórnin hefir nú sett hann (þ. e. skattinn) 6%, en auðvitað má altaf víkja því við, ef mönnum líst svo. Helst væri þá, að mönnum kynni að þykja þetta oflágt gjald".

Nú mundi jeg vilja spyrja hv. þm. Ísaf. (SigurjJ), hvort honum í raun og veru finnist ekki þessi 27 aur. álagning Landsverslunarinnar harla ómerkilegt atriði, eftir að hann hefir kynt sjer þessar umræður og skoðanir flokksbræðra sinna, eins og þær komu skýlaust fram á þinginu 1917.

Jeg vil segja það til hróss hv. 2. þm. G.-K. (BK), að í sömu ræðu hefir hann tekið fram annað, sem einmitt er í samræmi við álit sjálfs mín um olíugeyma. Hann segir þar, (með leyfi hæstv. forseta):

„Ennfremur geri jeg ráð fyrir því, að ekki verði komist hjá að setja upp olíugeyma hjer á landi".

Hver kemur svo næst? Hv. þm. N.-þ. (BSv) talar um, að við höfum lent í einokunarklóm og að ekki sje von á góðu, þar sem fjelag þetta sje angi af ameríska fjelaginu. Hann talar og um, hvernig fjelagið skuldbindi menn með samningum, og yfirleitt er vitnisburðurinn hinn hraklegasti. Litlu síðar segir þáverandi hæstv. fjrh. (BK) um verslunina: „Hún (þ. e. stjórnin) ætti að sjálfsögðu að semja sjálf. Þessi verslun á að standa lengi, og engin ástæða er til að ætla nokkrum manni hag af henni, ef til vill æfilangt, úr því að um einokun er hjer að ræða".

Hann er þá orðinn svo stórhuga, að hann álítur, að minsta kosti í aðra röndina, að stjórnin gæti samið sjálf og ætlast til, að verslunin standi lengi, eins og honum gefst tækifæri til að sýna í kvöld, með því að greiða atkvæði á móti hinni vanhugsuðu tillögu hv. þm. Ísaf. (SigurjJ).

Þegar málið kom úr nefnd, vildi svo til, að sá maður, sem nú er æðstráðandi í einkasölunni, hæstv. atvrh. (MG), var framsögumaður. Hann segir í framsöguræðu sinni, að hann álíti, að steinolía sje vel fallin til að reyna einkasölu á henni og bætir við: „Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að landssjóður hafi töluverðar tekjur af einkasölunni. Fjelagið, sem steinolíusölu hefir haft hjer á landi, hefir þótt dýrselt og því verið óvinsælt. Það virðist líklegt, að landssjóður geti, með því að taka að sjer einkasöluna, bæði útvegað landsmönnum ódýrari steinolíu en verið hefir og aflað sjer nokkurra tekna". Ennfremur segir hann þessi merkilegu orð: „Vjer vildum, að það kæmi skýrt fram, að þegar landsstjórnin væri búin að taka að sjer verslunina, þá hefði hún ekki heimild til að hætta sölunni án samþykkis Alþingis". Þessi orð býst jeg við að hafi knúð hv. flm. til að bera

tillöguna fram. Þeir hafa sjeð, að ætlast var til, að einkasalan stæði lengi.

Litlu síðar í umr. segir hv. þm. N.-Þ. (BSv), að ýmislegt mæli með því, að landsstjórnin fái þegar einkaheimild til innflutnings, þó að hún tæki ekki framkvæmdirnar strax í sínar hendur. Menn þorðu ekki að ráðast strax í framkvæmdirnar, af því að þeir vissu ekki, hvort landið væri þess megnugt að annast verslunina þegar að öllu leyti.

Nokkru síðar segir hv. frsm., núverandi hæstv. atvrh. (MG), þessi merkilegu orð: „ . . . Það er eins og hv. þm. V.-Ísf. (MÓ) tók fram, að það, sem rjettlætir einkasölu landssjóðs á hvaða vörum sem er, er það, að landssjóður geti haft tekjur af henni, og sje þessu grundvallaratriði kipt burt, eða tekjurnar gerðar mjög óverulegar, vil jeg heldur, að frv. sje hreint og beint felt". Jeg vil spyrja hv. þm. Ísaf. (SigurjJ), hvort hann hafi lesið þetta og athugað það, að yfirmaður Landsverslunarinnar hefir sagt þessi orð 1917, að hann vilji, að landið græði á einkasölunni, og hugsa jeg þá, að hann komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sje ósennilegt, að hans eigin stjórn eigi hjer hlut að máli og að þessir 27 aurar, sem hann telur lagða á olíuna í heimildarleysi, sjeu ef til vill þannig til komnir, að stjórnin og hæstv. atvrh. (MG) hafi ekki skift um skoðun.

Þegar málið kemur til Ed. á þessu sama þingi, kemur hv. núv. 1. landsk. (SE) til sögunnar. Hann er þar í nefnd, sem hefir málið til meðferðar, og reiknar út og kemst að þeirri niðurstöðu, að hefði gjald það, 4 kr., sem 3. gr. einkasölulaganna ákveður, að leggja skuli á hvert steinolíufat, verið lagt á steinolíu fyrir ófriðinn, hefði það numið að meðaltali 100 þús. kr. á ári, og síðan bætir hann við: „Líkindi eru til, að steinolíuflutningur muni aukast eftir ófriðinn, og ætti gjaldið þá að gefa nokkru meira af sjer. En þó að það næmi meiru, munu allir sjá, að hjer er ekki um mikinn skatt að ræða". Þá hugsa jeg, að það muni ef til vill gera sumum flm. þungt um hjarta, þegar þeir heyra, hvað Hannes Hafstein sagði þá. Hann sagði: „Jeg hefi ekkert á móti einkasölu á steinolíu. Jeg var sjálfur í nefnd þeirri, er bjó til gott og ítarlegt frv. um þetta efni, er lagt var fyrir þingið 1912". Jeg hefði haft gaman af því, ef hv. þm. Ak. (BL) hefði verið við hjer í hv. deild, til þess að heyra, hvernig þessir samflokksmenn hans litu á þetta, og hann yrði að senda þeim út yfir gröf og dauða sín eitruðu skeyti, ef hann vildi hnekkja þeim, sem hafa verið með einkasölunni. Jeg vil bæta því við, að það var einmitt Hannes Hafstein, sem fyrstur manna skildi nauðsynina á því, að olían væri flutt hingað í stáltunnum. Það er ofureðlilegt, því að hann var einn af þeim fyrstu, sem rannsökuðu málið.

Á þessu sama þingi, 1917, kemur hv. 1. þm. Árn. (M. T.) fram á sjónarsviðið í þessu máli og leggur til svipað og Hannes Hafstein. Hann segir: „. . . eigi þessi steinolíuverslun að verða að gagni, þá er enginn vafi á, að búa þarf til ýmisleg tæki, sem kosta afarfje . . . En að eiga ekki olíugeyma er stórskattur á versluninni". Og enn bætir hann við, að flutningstækin þurfi að bæta. Hjer kemur nýr þáttur inn í, þegar hugsað er um að gera olíuna sem ódýrasta og láta landssjóð græða. (SigurjJ: Hvað segir hv. þm. um

gróða?). Landsverslunin á að græða, til þess að olían geti orðið ódýr. Hitt er aukaatriði, þó að nokkrir þingmenn vildu leggja lítið á. Þeir menn, sem rjeðu mestu, núverandi hæstv. atvrh. (MG) og þáverandi hæstv. fjrh. (BK), rjeðu, hvert gjaldið var.

Jeg hefi þá rakið ítarlega meðferð málsins á þeim tveim þingum, sem lögðu grundvöll málsins. Maður skyldi ætla, að þessu máli, sem búið er að vera á döfinni frá því 1912 og hefir haft svo mikinn byr í þinginu, þar sem ráðherrarnir og mestu áhrifamenn hafa verið með því, stæði ekki mikil hætta af mótblæstri. En það skrítna er, að það lítur út fyrir, að margir menn, sem hafa bygt þetta upp og sagt, að verslunin mundi standa lengi, hugsa sjer nú að svíkja málið. Hvað hefir komið fyrir? 1920 varð landið fyrir slíkum árekstri við Steinolíufjelagið, að varla var þolandi. Því næst byrjar landið samkepni við hringinn og kúgaði hann smám saman, þangað til steinolían loks með einkasölu komst í sannvirði. Það er tvent, sem hefir gerst. Í fyrsta lagi hafa menn gleymt gömlu kúguninni, sem eflaust kemur aftur, ef þeir fá vilja sínum framgengt,sem nú vilja afnám,og í öðru lagi hafa nú einmitt menn úr verslunarstjettinni, sem lítil áhrif höfðu á þingið 1912 og enn minni 1917, ráð yfir þeim blaðakosti, sem ekki fáir þingmenn landsins eru háðir, bæði við kosningar og í daglegu lífi.

Jeg ætla að víkja að ýmsum ræðum, sem hjer hafa verið fluttar í kvöld, og byrja á ræðu hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), sem er einn af þeim, sem áður hafa stutt þetta mál hjer á þingi. Hann sagði, að hann hefði rjett til að tortryggja skýrslu Landsverslunarinnar. Jeg skal ekkert um það segja, hvað hann telur leyfilegt, en hann hefir engin gögn fært fram máli sínu til sönnunar, og verð jeg því að telja það marklaust hjal. Hann vildi verja hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) með því, að ekki mætti leggja á fyrir skuldatapi. Jeg vil benda á þrent. Í fyrsta lagi játar hv. þm. (JAJ), að leggja eigi á fyrir tapi í almennum verslunarrekstri. Í öðru lagi, hvernig hv. flm. og stuðningsmenn þeirra litu á 1917, og í þriðja lagi, að þar sem stjórnin hefir haft svo nákvæmt eftirlit með rekstri Landsverslunarinnar, að skrifstofustjórinn í fjármálaráðuneytinu hefir endurskoðað reikningana daglega, mundi stjórnarráðinu strax vera kunnugt, ef um afglöp eða misbresti væri að ræða. Jeg vil spyrja hv. þm. (JAJ), hvernig hann álíti hugsanlegt, að stjórnin viti ekki alt um hag Landsverslunarinnar, og svo ánægð hefir hún verið með reksturinn, að hún hefir aldrei fundið ástæðu til að gera neinar athugasemdir. Hjer getur því ekki verið um neinar aðrar línur að ræða en þær, sem stjórnin fylgir. Hafi hún brotið af sjer, eiga hv. flm. að vera með vantrausti því, sem kemur til umræðu víst á morgun.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sagði, að það væri hart að nefna falska reikninga í sambandi við verðtollinn. Jeg vil minna hann á, hvað samherji hans, höfundur vörutollslaganna, hv. 2. þm. G.-K. (BK), hefir oft sagt hjer á Alþingi. Hann hefir oft tekið það fram, að auðvelt væri fyrir óvandaða menn að svíkja faktúrur, sem verðtollurinn byggir á. Þetta vita allir og hv. þm. (JAJ) líka.

Jeg er hv. þm. (JAJ) þakklátur fyrir eitt, og aðeins eitt, atriði. Hann viðurkendi galla Steinolíufjelagsins. En alt, sem hann er að gera, miðar að því að

gefa hringnum sama vald og hann hafði áður.

Þá hjelt hæstv. fjrh. (JÞ) ræðu, sem var góð að því leyti, að hún var stutt, en afleit, af því að efnið í henni var svo vont. Hann sagði, að Landsverslunin, sem altaf á að vera að tapa, væri með svo stóran varasjóð, að þessi mikli fjármálamaður knýr á dyrnar og segir: „Opnið, svo að jeg fái peninga til þess, sem ríkið þarfnast". Er hægt að fá stærra allsherjarvottorð fyrir Landsverslunina en það, að sjálfur „heili heilanna" finnur ekki annað ráð en varasjóð Landsverslunarinnar til bjargar landinu. Hæstv. ráðherra (JÞ) mun ekki hafa kynt sjer vel, hvað fyrirrennari hans hugsaði um þetta eða hvað fjármálaráðherrann 1917 ætlaðist til, að verslunin stæði lengi.

Mjer þykir leiðinlegt að koma nú að ræðu hv. þm. Ak. (BL), sem hafði engan kost, frekar en annað, sem sá hv. þm. segir eða gerir. Ræða hans var þessi venjulegi grautur og sljóva þvæla, þar sem ályktanirnar eru altaf öfugar við forsendurnar. Hann var móðgaður yfir þessum fölsku reikningum, en kom ekki með neinar röksemdir. Þegar hann veit, að einn af æðstu mönnum landsins hefir leyft sjer að flytja inn vín óleyfilega, ætti hann ekki að vera hissa, þó að fyrir minniháttar menn geti komið lagabrot. Laust fyrir stríðið varð líka að sekta kaupmann hjer í bæ fyrir tóbakstollsvik. Hv. þm. (BL) ætti að hugsa sig betur um, áður en hann með rembingi talar um, að allir sjeu heilagir hjer. Þá sagði hv. þm. (BL), að hægt væri að sanna með tölum, að steinolía væri ódýrari annarsstaðar en hjer. Það gerði hann samt ekki.

Fiskifjelagið komst að þeirri niðurstöðu í fyrra, að það væri til stórra bóta að hafa landsverslun með steinolíu og óskaði eftir, að henni yrði haldið áfram. Það er ekki til neins að halda því fram, eins og mjer skildist hv. þm. (BL) gera, að það hafi verið Framsóknarmenn í Fiskifjelaginu, sem voru á þessari skoðun. Því miður er mjer ekki kunnugt um, að einn einasti Framsóknarmaður hafi verið á Fiskiþinginu. Þar voru nálega eingöngu Íhaldsmenn, en svo samviskusamir Íhaldsmenn, að þeir beygðu sig fyrir staðreyndum, eftir öllum gögnum, sem þeir gátu náð í. Jeg býst við, að hv. þm. hljóti að álíta, að þing Fiskifjelagsins, eins og það er skipað nú, hafi betra vit á þessu máli heldur en hv. þm. Ak. (BL), sem er það vel að sjer, að hann var að tala um að flytja steinolíu á járnskipum út um landið. Hver hefir heyrt aðra eins endileysu? Til þess að þetta hefði nokkra þýðingu yrði að ganga út frá tankskipum; annars er það víst enginn nema hv. þm. Ak. (BL), sem hugsar sjer, að olía verði flutt á járnskipum frá Reykjavík og út um land. (JAJ: Þetta var auðheyrt mismæli hjá þm; hann átti auðvitað við járntunnur). Einmitt það! En þetta var þá ekki leiðrjett, og þar sem öll ræða hans var á þessa bókina lærð, þá gat maður ekki haldið annað en að þetta væri eitt af hans stóru götum.

Jeg álít það rjett að segja frá því hjer, að hv. þm. Ak. (BL) fór að dylgja um það, að núverandi forstjóri Landsverslunar myndi stela af olíunni; það væru sögur um það, að hann mundi njóta bakprósenta af innkaupunum. Mjer er það engin hrygð, þó jeg heyri þetta hjer, fyrir það að þessi maður, sem hjer er um að ræða, hefir of langa

og heiðarlega fortíð að baki til þess, að það geti verið honum nokkuð annað en „kompliment", að svona Gróusögur eru bornar um hann í Alþingi af hv. þm. Ak. (BL). Jeg vitna til þess, að í ótal greinum, sem hafa staðið í mörgum málgögnum útlendra mangara hjer á landi, hefir ekki staðið eitt einasta orð um það, að forstjóri Landsverslunar mundi stela af innkaupum, — ekki einu sinni í þessum blöðum, þar sem alt er þó látið fjúka. Og jeg get bætt því við, að jeg hefi ekki heyrt nokkurn mann annan leyfa sjer að segja þetta en hv. þm. Ak. (BL), og jeg er persónulega sannfærður um, að enginn lifandi maður hefir sagt þetta nema sá vesalings maður, sem sagði það hjer í dag, og jeg ann honum þess vel að vera sá eini maður, sem ber sjer þetta í munn; einmitt í því er fólgið mikið lof um forstjóra Landsverslunar, sem hefir komist í gegnum hreinsunareld hinnar illvígu mótstöðu án þess að vera nokkurntíma brugðið um óheiðarleik.

Sami hv. þm. talaði um það, að það væri fjarstæða að ímynda sjer, að Landsverslun hjer á landi gæti staðið á móti hringum eins og Standard Oil. Það er samt sem áður ekki meiri vitleysa en það, að Landsverslun h e f i r gert þetta. Hún byrjaði á því 1920, þegar stjórnin varð fyrir þessari ósvífni, sem jeg gat um, af fulltrúum þessa fjelags, en Landsverslun kúgaði fjelagið stig af stigi niður í heimsmarkaðsverð. Því það, sem hv. 1. þm. Rang. (EP) sagði 1912 um gróða Standard Oil, þessar 145%, sem það þá lagði á, — í því er fólgið það, sem er fram yfir markaðsverð. Það er það, sem jeg býst við, að hv. þm. Ak. (BL) vanti lengst af greind til að skilja.

Það, sem Landsverslun hefir verið að gera, er það að færa í vasa landsmanna og landssjóðs nokkuð af gróðanum, hliðstætt við það, sem sagt var 1912, að Steinolíufjelagið innbyrti árlega með því að kúga fólkið. Sami hv. þm. vjek að því, að það væri ekki svo hættulegt, þó einhver hringur kæmi hjer, því kaupfjelögin og Sambandið mundu náttúrlega taka í taumana. Jeg vildi mega spyrja hv. þm. Ak. (BL), hvort hann haldi, að fjelögum, sem eru stofnuð fyrir ákveðna fjelagsmenn, beri skylda til að inna af hendi starf fyrir alt aðra menn. Kaupfjelögin eru samtök ákveðinna manna, þeirra, sem álíta það skipulag sjer til gagns. Það eru svo fáir olíukaupendur í kaupfjelögunum, sem nokkuð um munar, að þeir hafa enn þá enga kröfu gert til kaupfjelaganna um að hjálpa þeim. Þá mintist hann á vjelbátaeigendur. Þeir hafa ekki skilið það enn þá, að þeir geta verið sterkir, ef þeir standa saman. Þeir hafa engin kaupfjelög, engin sölufjelög, og vegna þess, að þeir hafa ekki borið gæfu til þess, hefir landið orðið að hjálpa þeim. En að halda því fram, að kaupfjelögin eigi að hjálpa, það sýnir ekki annað en frámunalega fáfræði, meðan nálega engir, sem eru á þennan hátt illa haldnir, eru í kaupfjelögunum.

Jeg hefi nú fyrst leitt rök að því, hvernig þessi lög, sem nú er talað um að láta hætta að starfa, urðu til, hvernig þeir straumar voru, sem báru meiri hluta notenda olíunnar og meiri hluta þingsins 1917 inn á þá braut að koma á landsverslun með steinolíu. Í öðru lagi hefi jeg hrakið nokkur af þeim fánýtu atriðum, sem niðurrifsmenn steinolíueinkasölunnar hafa haldið fram hjer í kvöld. Vil jeg nú bæta við fáeinum

orðum um það, hvers vegna jeg get ekki greitt atkv. með þessari till. Í fyrsta lagi af því, að hún er algert brot á þeirri varnarstarfsemi, sem jeg nú hefi lýst, að hún er svik við hugsun þeirra, sem gerðu heimildarlögin 1917, hún þverbrýtur þann hugsunarhátt, sem lögin þá voru bygð á. **(Rödd í salnum:** En forstjóri Landsverslunar?). Jeg skal taka það fram, að forstjóri Landsverslunar er svo vitur maður, að þegar hann fór að hafa meiri afskifti af þessum málum, þá sá hann, að sú leið, sem hann ljet í ljós 1917, að fara ætti í málinu var ekki rjettasta leiðin. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að til þess að geta með krafti barist við steinolíuhringana, þá er miklu sterkara að hafa einkasölu. Jeg býst við, að maður, sem kemst að rjettari niðurstöðu við nánari rannsókn, sje maður að meiri, heldur en ef hann, að fenginni rannsókn, reynir að skjóta sjer undan ábyrgð fyrri skoðana sinna, sem ekki bygðust á nægilegri rannsókn.

Annað atriðið, sem fyrir mjer er aðalástæðan, er það, að jeg veit, að þetta er röng leið. Jeg veit, að þegar verið er að glíma við hringana, þá eru hinir dreifðu kraftar gagnslausir. En við Íslendingar erum svo fáir og smáir, að þegar við dreifum kröftum okkar með samkepninni, þá reisir enginn rönd við hringunum. Það stendur enn þá óhaggað dæmið frá 1912, Standard Oil er sami hringurinn og ekki fátækari, heldur ríkari, og hann hefir ennþá víða í þjónustu sinni þá sömu menn, sem unnu fyrir hann 1912 og síðar, en urðu að beygja sig 1917 og 1922. Það, sem þess vegna hlýtur að gerast nú, er það, að þessi hringur, sem jeg þykist vita að sje hjer að verki óbeinlínis, — ekki þó hjá öllum, því sjálfsagt eru einhverjir í góðri trú með þessari tilhögun verslunar — nái hjer aftur fótfestu, ef tillagan nær fram að ganga. Jeg dreg ekki í efa, að hjer eru menn, sem standa í sambandi við þann, sem barði í borðið í stjórnarráðinu 1921 og sagði: „Þá viljum við ráða olíuverðinu". Þeim nægði ekki að flytja inn olíuna með skaplegu móti, heldur vildu þeir ekkert annað en fá að kúga landsmenn.

Ennfremur er jeg á móti þessari till. af því, að hún eyðileggur möguleikana á því í náinni framtíð að stíga það stóra spor, sem við áttum eftir til þess að gera steinolíusöluna heilbrigða, nefnilega að halda áfram landsverslun og bæta svo flutningstæki og geymslu á þann hátt, sem núverandi 1. þm. Árn. (MT) lýsti 1917, með því að við eignuðumst tankskip og olíugeyma. Og þegar við vitum, að við getum endurborgað kostnaðinn við olíuhlöðurnar á tveim árum, þá er það meira en lítil ljettúð að kasta þessu frá sjer.

Það kom berlega í ljós hjá hv. þm. Ísaf. (SigurjJ), að fyrir honum vaka sjerhagsmunir, sami hugsunarháttur og sá, sem liggur bak við stjórnarfrv. um tekjuskatt. Samkv. því áttu líðlega 30 fjelög í Reykjavík og grend að fá gefnar eftir yfir 600 þús. kr. af tekjuskatti. Jeg segi, að hv. þm. byggir á sama hugsunarhætti. Hann reiknar með því, hvað einstakir menn, sem besta hafa aðstöðu, kynnu að geta náð í olíuna fyrir undir sjerstökum kringumstæðum. En hvernig heldur hv. þm. að fari fyrir ljelegri og afskektari höfnunum, ef þetta skipulag kæmist á? Hvernig heldur hann að olían verði flutt heim til þeirra? Heldur hann, að það verði hugsað um smáu hafnirnar — en þær eru margar — þeg-

ar Björgynjarskipin koma? Nei, það sem í raun og veru er barist um hjer, er líka rjettur þeirra, sem veikari eru í þjóðfjelaginu. Því um leið og þetta nýja ástand kemst á, þá verða þeir, sem á smáhöfnum eru, að borga sjerstakt gjald fyrir olíuna frá betri höfnunum; svo verða þeir að lofa fiskinum sínum og gera ýmsa ókjarasamninga við þá, sem yfir þeim hafa að ráða í þessu efni, eins og oft hefir brunnið við áður. Jeg get skilið það, að undir vissum kringumstæðum kynnu einstakir menn að geta fengið smáslatta af olíu fyrir eitthvað lægra verð en í ríkisversluninni, og væri það augnabliks-hagnaður. Ef t. d. hv. þm. Ísaf. (Sigurj J) hefði skútu í förum til útflutnings og skipið hefði ekkert heim að flytja og kæmi til Bergen, þar sem eru tankar, þá gæti hv. þm. náttúrlega grætt eitthvað á því að taka olíu, þar sem ekki þarf að reikna flutningsgjaldið. En er nokkurt vit í að ráða þessu máli til lykta eftir þessum undantekningum? Það eru sárfáir af vjelbátaeigendum okkar, sem geta notið þessara tilviljunarkjara.

Jeg held þess vegna að öllu samanlögðu, að þessi till., sem auðsjáanlega er borin fram í samráði við hæstv. stjórn, sje eitt af því, sem rjettlætir það vantraust, sem bráðum á að ræða í hv. Nd.

Hæstv. atvrh. (MG), sem átti þátt í að koma á þessu skipulagi, hefir ekki komið hjer fram í kvöld. Hann hefir ekki stöðvað „kollega" sinn, sem hefir látið í ljós, að hann ætlaði að innbyrða meiri hluta varasjóðs Landsverslunar í daglega eyðslu 1926. Þessir hæstv. ráðherrar eru — þótt þeir hafi ekki sagt það nema óbeinlínis með þögninni — í nánu sambandi við flm. Þeir eru að brjóta í bág við þá, sem reistu okkur múrvegg gegn hættunni af steinolíuhringunum; þeir eru að loka fyrir okkur möguleikunum fyrir því að geta notið olíuverslunarinnar betur en annars á næstu árum, með bættum flutnings- og geymslutækjum. Það er hörmulegt, sem hjer er að gerast í dag. Annarsvegar hefir verið eyðilagður fyrir þjóðinni gróði, sem hún hefir um nokkur ár haft af vissum óhófstegundum. Nú er um það að ræða, hvort þessi alræmdi steinolíuhringur megi rjetta sínar klær aftur inn í þjóðfjelag okkar, í skjóli þeirra, sem áhrifin hafa hjer á landi, í blöðum og víðar; og lítur út fyrir, að þessi áhrif sjeu búin að beygja stjórnina, og maður getur óttast, að þau áhrif sigri hjer í nótt.

Jón Baldvinsson: Hv. flm. till., sem hafa talað, hafa verið að kvarta undan því, að á þá hafi verið borið, að fyrir þeim hafi vakað að hleypa inn útlendu steinolíufjelagi. Jeg hefi ekkert sagt um það, að það sje tilætlun flutningsmanna, heldur bent á, hver verður afleiðingin, ef till. þeirra kemur til framkvæmda, sem sje sú, að þá mundi það illræmda steinolíufjelag byrja aftur starfsemi sína hjer á landi. En að þeir kvarta sáran undan því, sem aldrei hefir verið borið á þá, virðist ekki bera vott um góða samvisku í þessu efni.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sagði, að með samkepni þeirri, sem tekin yrði upp með því fyrirkomulagi, sem þeir vilja hafa, þá sje útilokuð einokun af útlendum fjelögum. Það er auðvitað svo, að ef þessi samkepni verður tekin upp, þá verður Landsverslun að haga sjer alt öðruvísi en hún hefir gert meðan einka-

salan er. Og þá verða það smærri útvegsmenn á útkjálkum landsins, sem verða útundan, eins og hv. 5. landsk. (JJ) sagði. Við þekkjum dálítið inn á það, hvort menn væru svo þjóðlegir, að þeir vildu helst skifta við Landsverslun og tækju hana fram yfir útlend fjelög. Við þekkjum reynsluna af Sameinaða fjelaginu og Eimskipafjelaginu. Á hverju ári þarf að styrkja Eimskipafjelagið, vegna þess, að það útlenda fjelag tekur aðeins bestu hafnirnar, þar sem mest er að fá og minstar eru tafir. Og það eru margir kaupmenn til, sem eru svo óþjóðræknir að láta Eimskipafjelagið ekki ganga fyrir viðskiftum, jafnvel að öðru jöfnu.

Við mundum ekki geta ráðið, hvernig Steinolíufjelagið hagar sínu verðlagi, en menn mundu heimta, að Landsverslun birgði upp þá afskektu staði, þar sem dýrt er að koma olíunni. Hinsvegar mun svo af þeim mönnum, sem heimta þetta, vera gerður samanburður á verði Landsverslunar og steinolíufjelagsins væntanlega. En þetta fyrirkomulag, sem við eigum við að búa nú, er fulltrygt fyrir alla hlutaðeigendur. Fiskifjelagið, sem er fjelag þeirra manna, sem er kunnugast um þetta, hefir fúslega viðurkent það.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) var með samanburð á verði á olíu, sem keypt var í Hull, við verð Landsverslunar, og sama gerði hv. þm. Ísaf. (SigurjJ), en þeim bar ekki algerlega saman um tölurnar, og þegar slíkt skeður, verða menn dálítið tortryggir. Jeg segi ekki, að þeir hafi „diktað upp" neinum tölum, en jeg er bara hræddur um, að þeir standi ekki á nægilega góðum grundvelli. Hv. þm. N.-Ísf. vílaði ekki fyrir sjer að vjefengja þá skýrslu Landsverslunar, sem hefir legið hjer prentuð frammi fyrir þingmönnum. Það hefir reyndar orðið svo, að það, sem átti að rota Landsverslunina hjá flutningsmönnum, að minsta kosti tveimur, það var þessi dæmalausa rubba af tölum, sem þeir komu með. Jeg vil lítillega athuga, hvernig þeir hafa farið með þessa útreikninga. Það er vissulega rjett hjá hv. þm. N.-Ísf. og öðrum, að ef skýrsla Landsverslunar væri þannig úr garði gerð, að ekki væri hægt á henni að byggja, þá væri þetta verulegt atriði. En dæmið, sem hv. þm. tók, var viðvíkjandi mismun á verði steinolíu samkv. aðalútreikningi verslunarinnar. Hann benti á bls. 10 og bls. 4, þar sem talað er um innlendan kostnað hjá þeim mönnum, sem fengu leyfi til að flytja inn steinolíu. Hv. þm. sagði, að eftir því, sem greinir á bls. 4, væri innlendi kostnaðurinn kr. 16,20, en við samanburðinn, þegar jeg átti tal við hv. þm., komst hann að þeirri niðurstöðu, að hann væri ekki hærri en kr. 15,54. En þetta er bara samlagningarvilla. Hjer eru tekin 3 dæmi; og innlendur kostnaður er ekki altaf sá sami, eins og altaf hlýtur að vera, þótt um sömu vörutegund sje að ræða. Og kostnaðurinn í þessum 3 dæmum er þannig: Í því fyrsta kr. 13,14, öðru kr. 12,44, og í því þriðja kr. 15,54, en ekki kr. 16,20, eins og hv. þm. sagði, enda hefir hann játað að það væri samlagningarvilla hjá sjer. Eftir þessu er um talsverðan mismun að ræða, eða líðlega 5 kr. á tn, og skiftir það talsverðu. En háttv. þm. er ekki nógu sterkur í reikningi sjálfur, því hann hefir ekki gætt þess, að hæsti kostnaður í Landsverslunni er 13 kr. á tn., en ekki 10 kr., og meðaltalsreikn-

ingur hans sýnir 13,70, og yfir höfuð er ekki um 5 eða 6 kr. mismun að ræða, heldur um kr. 1,50. Það má og sjá á kostnaðarmismun 3. dæmisins, að það getur vel munað þessari upphæð. Hann vildi leiða af þessum dæmum, að skýrslan væri óábyggileg og ætti ekki að taka hana trúanlega, en jeg vænti þá, að það muni reynast erfitt fyrir andstæðinga Landsverslunar að finna að skýrslunni með rökum. Og jeg hefi hjer hrakið það, sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) vjefengdi í skýrslu Landsverslunarinnar, og sýnt, að hann hefir ekki farið með rjett mál. Hann sagði, að andmælin gegn till. væru miðuð við D. D. P. A., sem er ofureðlilegt. Lýsing sú, sem gefin hefir verið af starfsemi þess fjelagsskapar, hvetur ekki til þess, að því sje hleypt aftur inn í landið. Hv. þm. sagði, að jeg hefði ekki gert grein fyrir, hvort jeg verð með eða móti þessari till., en það er ekki satt. Hann getur og sagt sjer það sjálfur, að úr því að jeg tel landsverslunarfyrirkomulagið langbest, hljóti jeg að snúast gegn þessari till., ekki síst þegar því er lýst yfir, ef till. verður samþ., að Landsverslunin verði framvegis rekin í sem smæstum stíl. Þess vegna ætti það að vera augljóst, á hvora sveifina jeg hallast, er jeg tel það miklu skifta, hvort sjómenn vorir fái steinolíutunnuna 5 kr. ódýrari en ella, og jeg tel það fullvíst, að þau kjör fái þeir aðeins hjá Landsversluninni, en ekki í frjálsri verslun. Hæstv. fjrh. (JÞ) kom með makt og miklu veldi og gaf yfirlýsingu fyrir hönd stjórnarinnar um steinolíuverslunina. Venjan hefir þó oftast verið sú, að slíkar yfirlýsingar væru gefnar af forsætisráðherra, en ekki neinum öðrum ráðherra, og vænti jeg því ekki,að brostinn sje flótti í þessu máli í stjórnarliðinu, eða að það sje búið að skifta þar um forystumann. En hvað um það, hæstv. fjrh. (JÞ) lýsti því yfir, að óhjákvæmilegt væri að draga inn varasjóð Landsverslunarinnar. Jeg býst við, að þetta sje nú aðallega sprottið af því, að hæstv. fjrh. leið ekki sem allra best við síðustu atkvgr. um fjárlögin. Hann varð hálfvondur í skapi þá, og nú brýst þessi vonska hans út á þann hátt, að hann þykist þurfa að hefna sín á þingheimi með því að hreyta ónotum í þm. En jeg hygg, að stjórnin geti hvorki fært saman steinolíuverslunina nje lagt hana niður með öllu, ef þessi till. verður feld, því þá hlýtur Landsverslunin að halda áfram í sama formi og áður. (JAJ: Ætlar hv. þm. ekki að fella stjórnina á morgun?) Jeg vildi gjarnan geta komið því til leiðar, að hún færi.

Mjer skilst, að Landsverslunin hafi ekki meira fje undir höndum en nauðsynlegt er, og getur hún því ekki mist neitt af því, sem neinu nemur fyrir ríkissjóð. Það getur líka farið svo, að Landsverslunin þurfi miklu meira fje til að halda uppi versluninni í frjálsri samkepni, og því er hættulegt að taka varasjóðinn frá henni og gera hann að eyðslufje ríkissjóðs. Það gæti farið svo, að einstakir menn eða fjelög hættu við að reyna að byrgja landið upp með steinolíu, ef þeir tapa á versluninni, og þá yrði Landsverslunin að koma til skjalanna. Þess vegna gæti það haft mjög illar afleiðingar, ef varasjóðurinn yrði tekinn af Landsversluninni.

Háttv. þm. Ísaf. (SigurjJ) tók aftur til máls og lýsti því yfir í annað sinn, að málið væri borið fram með hagsmuni útvegsins fyrir augum og ekki af neinum öðrum ástæðum. Þetta má vel

vera að hafi vakað fyrir hv. flm. tillögunnar, en því er nú svo varið, að það eru ekki allir útvegsmenn á eitt sáttir um það, hvað þeim sje fyrir bestu. Hæstv. forseti Nd. (BSv) talaði í gær um nokkra útvegsmenn, sem voru á alt öðru máli um þessa till. og töldu hana síður en svo stefna að því, sem þeim væri fyrir bestu. Sama hefir og háttv. 2. þm. S.-M. (IP) lýst yfir, og er hann sjálfur útvegsmaður. Telur hann landsverslunina með steinolíu vera eitt hið mesta hagræði útvegsmönnum, enda hefir hann reynsluna fyrir sjer í því. Það eru einmitt hinir smærri útvegsmenn, sem mestan hag hafa af Landsversluninni, og þeir eru mjög margir á öllu landinu, og því er ekki gott, ef hagur þeirra væri fyrir borð borinn, og svo muna menn vel enn þá, hvernig þeim vegnaði á einokunarárum D. D. P. A. Háttv. þm. Ísaf. (SigurjJ) miklast mjög af útgerðarviti sínu og lætur í veðri vaka, að jeg og aðrir beri lítið skyn á þau mál. En jeg er þó ekki svo blindur í málinu, að jeg sjái ekki, að það vantar allmikið á, að allir útgerðarmenn sjeu honum sammála, og það gæti jafnvel hugsast, að þeir væru ekki færri, sem mjer eru sammála í þessu máli, svo hv. þm. Ísaf. hefir lítið að monta af. Annars er framkoma þessa hv. þm. í þessu máli alleinkennileg. Hann þykist hafa mikil og sterk rök fram að færa og tekur það illa upp, ef einhver gerist svo djarfur að rengja útreikninga hans, en hann rengir þó sjálfur sína eigin útreikninga hvað eftir annað og hefir þegar hvað eftir annað orðið að leiðrjetta þá, þegar honum hefir verið sýnd og rakin öll saga þessa máls.

Þá vil jeg í fáum orðum snúa mjer að ræðu hv. þm. Ak. (BL). Hann fór í pontuna og talaði allgeyst, sem hann á vanda til. Sagði einhver háttv. þm., að fátt hefði verið nýtilegt í ræðu hans, og er jeg allmjög á því máli, en þó tel jeg þann einn kost við ræðu hans, að þar voru engar tölur. Að öðru leyti fanst mjer ekki til um ræðu hans. Hv. þm. Ak. (BL) sagði, að Landsverslunin hefði bitið bakfiskinn úr kaupmönnum, en hafi hún gert það, hefir hún verið hagstæð öðrum landsmönnum, þ. e. þeim, sem þurftu að kaupa vörur þær, er hún hefir að selja, og jeg tel það því gott verk, ef hún hefir getað bitið bakfiskinn úr kaupmönnum, sem hafa ætlað að okra á almenningi. Hv. þm. (BL) taldi skýrslur Landsverslunarinnar óábyggilegar, en jeg hefi þó sýnt, að það er vel hægt að byggja á þeim. Þá fann hann að því, að Landsverslunin gæfi út þessar skýrslur og hefði launaða menn til þess starfa. En hverjum var skyldara að gera þetta? Jeg veit ekki betur en að Landsverslunin sje eign ríkisins, og er hún því blátt áfram skyld til að gera þetta og láta ekki mishermi um hana ómótmælt og leiðrjetta þau, ef fram koma. Þess vegna er það kostur við Landsverslunina, að hún gefur út skýrslur um starfsemi sína, og hefir hún þann kost fram yfir kaupmenn. Hann talaði um ýmsar „slúðursögur", sem gengju um steinolíuverslunina, en jeg veit ekki til, að nokkur maður hafi heyrt þær fyr en hann kom sjálfur með þær inn í þingið. Jeg hefi að minsta kosti aldrei fyr heyrt forstjóra Landsverslunarinnar, hr. Magnúsi Kristjánssyni, brugðið um að hann drægi sjer af opinberu fje. Hv. þm. Ak. (BL)

kveðst ekki trúa þessum áburði, en hann verður þó fyrstur manna til að koma þessum sögum á framfæri. Gróa á Leiti sagðist ekki taka ábyrgð á sögum þeim, sem hún bar á milli manna, hún sagðist aðeins hafa heyrt þær, og hún vakti með þeim tortrygni, og rógi hennar var trúað. Þessi saga hv. þm. Ak. (BL) um forstjóra Landsverslunarinnar, að hann fái sjálfur sjerstaka ágóðaþóknun af hverri tunnu, er því mjög móðgandi fyrir hann, enda þótt hv. þm. Ak. (BL) segist ekki trúa því sjálfur, en það eru fjöldamargir svo gerðir, að þeir vilja heldur trúa illu um náungann. Hv. þm. Ak. (BL) á heiðurinn af því að hafa fyrstur kveðið upp úr með þessar álygar, enda þótt hann reyni að klína sökinni á aðra, en sagan verður aðeins rakin til hans sjálfs að svo komnu. Hann ætti að endurtaka þessa lygi sína utan þings, til þess að hlutaðeigendur gætu rekið rjettar síns. Það er þung sök, ef áburðurinn er tekinn trúanlegur, að opinberir starfsmenn ríkisins þiggi mútur, en það er þetta, sem felst í Gróusögum hv. þm. Ak. (BL). Hann segir, að við getum ekki spornað við því, að erlend (Ameríku) fjelög nái tökum á allri olíuversluninni, og tók sem dæmi, að í Þýskalandi hefði það engan árangur borið, þó að miljónum króna hafi verið varið til að koma í veg fyrir þetta. Í fljótu bragði virðist þetta vera rjett ályktun, en þó hefir okkur tekist þetta. Líklegast er það af því, að við erum svo mikið kotríki, að hringunum hefir ekki þótt svara kostnaði að leggja okkur undir sig. Við getum því, ef við viljum, verið lausir við þessa erlendu hringi, nema einhverjir vilji opna aftur dyrnar og hleypa þeim aftur inn í landið. Þeir segjast engir vilja gera þetta, og því síður vilja þeir viðurkenna, að þeir sjeu nú að opna dyrnar, en hver verður afleiðingin, ef till. verður samþykt? Það er annars undarlegt hjá hv. þm. Ak. (BL), er hann segir, að hann vilji losa ríkið við áhættuna við steinolíuverslunina. Jeg skil ekki, hvernig hann getur haldið þessu fram, er hann ber fram þessa till., sem eftir hans áliti hlýtur að stefna út á miklu háskalegri braut en einkasala Landsverslunarinnar er, þar sem einmitt má búast við erlendu steinolíuhringunum, ef þeim kynni þá fyrst að detta í hug að leggja okkur undir sig, þegar Landsverslunin er ekki lengur við lýði. En meðan einkasalan er óskert, er okkur óhætt fyrir þeim. Nei, hættan mesta er að opna dyrnar fyrir „Standard Oil", og er því best að búa áfram við það fyrirkomulag, sem nú er. Hv. þm. Ak. (BL) hafði á móti því, að Landsverslunin væri svo voldug, hún væri ríki í ríkinu. Hann sagði og, að forstjóri hennar væri andstæðingur sinn í stjórnmálum. Ef það á að vera mestu ráðandi, að andstæðingur hans eigi í hlut, þá er það „pólitík", sem er óframbærileg og engum þingmanni sæmandi. Það er algerlega óviðeigandi, og ekki síst í slíku stórmáli sem þessu, að þm. segi, að aðalatriðið hjá sjer sje að bola stjórnmálaandstæðingi sínum frá atvinnu. Við Landsverslunina vinna menn úr öllum stjórnmálaflokkum, líka úr íhaldsflokknum. Hv. þm. Ak. (BL) fer einmitt eins og sagt er í vísunni:

„Ekki sjer hann sína menn,
svo hann ber þá líka".

Hann vill vinna til þess, að íhaldsmenn verði sviftir starfi, aðeins ef hann getur náð sjer niðri á forstöðumönnum Landsverslunarinnar. Hann

komst að þeirri niðurstöðu í ræðu sinni, að hann sæi lítinn þakklætis- eða iðrunarvott hjá mjer eða öðrum þm. sama sinnis, þó að gert væri ráð fyrir í þessari till., sem hann ber fram, að Landsverslunin fengi að lifa framvegis, og hann bætti því við um mig, að jeg ætti litla samleið með guði almáttugum. Ekki er nú lítill ofmetnaðurinn í hv. þm. Ak. (BL). Eftir þessu á sá, sem er á móti hv. þm. Ak., enga samleið með guði almáttugum. Þetta hefði nú einhvern tíma verið kallað guðlast. Hæstv. forsrh. (JM), sem hefir þegar sýnt það, að hann er allröggsamur í því að láta hegna mönnum fyrir guðlast, ætti að taka duglega í lurginn á hv. þm. Ak. Það gæti líka verið að hv. þm. (BL) hugsi eins og Lárus „methodisti", sem sagði stundum í prjedikunum sínum, er honum mislíkaði við einhvern: „Heyrðu, góði, þú ferð nú beint niður til andskotans". Hv. þm. Ak. (BL) virðist hafa svipaða tilhneigingu, að vísa öllum andstæðingum sínum í stjórnmálum „norður og niður".

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg hefi áður lýst skoðun minni á þessu máli og þarf því ekki að skýra hana frekar. Ekki mun jeg heldur fara að svara því, sem til mín hefir verið beint. Hjer er engin nauðsyn að margþrátta. En út af ummælum hv. flm. (SigurjJ) vil jeg segja nokkur orð.

Þessi hv. þm. játaði, að tillaga hans væri nokkuð seint fram komin, og vildi kenna mjer um það og spurði, hvers vegna jeg hefði ekki komið fyr með mína tillögu. En þetta kemur málinu ekkert við. Mín tillaga gengur í þá átt að skora á ríkisstjórnina að hætta ekki einkasölu ríkisins á steinolíu á n s a m þ y k k i s A l þ i n g i s. Hún er því aðeins formsatriði, sem ekki gefur tilefni til, að rætt sje um málið yfirleitt. En tillaga sú, sem nú er til umræðu, er um það, hvort Landsverslunin skuli halda áfram eða verða lögð niður. Það er því hún, sem opnar hina víðu leið að þessum miklu umræðum. Tillögur okkar því gerólíkar. Mín er aðeins formsatriði og krefst því lítilla umræðna, enda nú óþörf orðin, þar sem hin þáltill. er fram komin. En hin heimtar svo mikla rannsókn, að óforsvaranlegt má telja að bera hana fram nú síðustu daga þingsins.

Jeg vil nú beina því til hæstv. forseta, hvort hann sjái sjer ekki fært að vísa tillögu þeirri frá, sem hjer er til umræðu, þar sem með henni er skorað á stjórnina að gera þá hluti, sem engin heimild er fyrir að gera. Það er skorað á hana að leggja niður einkasölu, sem hún hefir heimild til að reka lögum samkvæmt. Við því er í sjálfu sjer ekkert að segja frá formsins hlið, en það er ennfremur skorað á hana að láta landsverslun með steinolíu halda áfram í frjálsri samkepni, að minsta kosti fyrst um sinn. En jeg lít svo á, að engin heimild sje til þess, þar sem 2. gr. einkasölulaganna frá 1917 segir svo: „Þegar landsstjórnin hefir tekið að sjer aðflutninga á steinolíu samkvæmt 1. gr., er engum öðrum leyfilegt að flytja hingað steinolíu en landsstjórninni, nema með sjerstöku leyfi hennar". Háttv. þm. N.-þ. (BSv) óskaði, að sú leið yrði farin, að undanþágur yrðu veittar, þegar kvartanir kæmu eða umsóknir um undanþágur. Þetta er að vísu heimil leið. Og skýrsla Landsverslunar sýnir, að síðastliðið ár hafa þrjú slík leyfi verið veitt, en ekkert þeirra hefir orðið til fjár þeim, sem

fengu þau. Þar sem nú lög þessi eru einkasöluheimild, þá liggur það í augum uppi, að samkvæmt þeim er ekki heimild til þess að reka steinolíuverslun í frjálsri samkepni. Óska jeg því, að hæstv. forseti vísi tillögunni frá.

Forseti (JóhJóh): Jeg get ekki orðið við ósk hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um að vísa tillögu þessari frá, því ef hún verður samþykt, felst í henni sjálfri heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta reka steinolíuverslun í frjálsri samkepni frá þeim meiri hluta þingsins, sem samþykkir tillöguna, og þarf því ekki að reka þá verslun eftir einkasölulögunum. Heimildin felst í sjálfri þingsályktuninni.

Jón Auðunn Jónsson: Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) vildi vjefengja útreikning minn og taldi innanlandskostnað mun meiri en jeg hefði gert ráð fyrir, og eins var hann í efa um, hverja tegund olíu jeg tók í dæmi mínu. Jeg lagði til grundvallar þá olíu, sem mest er flutt inn af. Árið 1924 var innflutningur af henni 21500 föt, en alls er innflutt á því ári:

Standard White	21500 tn.
Water White	13500 —
Hráolía	10000 —
	Alls 45000 tn.

Allur innanlandskostnaður er sama árið 473543 kr., þar í vextir, ágóði til ríkissjóðs og tillag til varasjóðs. Koma því kr. 10,52 á hverja tunnu.

Hv. 5. landsk. (JJ) þóttist hafa fengið mikinn stuðning fyrir álagningu þeirri, sem nú er, þar sem núv. hv. 2. þm. G.-K. (BK) leggur til 1917, að álagningin sje 6%. En vilji hann athuga þetta nánar, þá hlýtur hann að sjá, að álagningin er meiri en 6%.

Annars var öll ræða hv. þm. miðuð við það, að við værum enn þá að berjast við erlendan steinolíuhring. En ástæðurnar í heiminum hafa breyst mjög til hins betra að því er olíuverslunina snertir síðan 1917. Þá börðust menn við raunverulega, erlenda einokun, sem jeg nú með engu móti fæ sjeð að gangi aftur. Þá voru aðeins þrjú eða fjögur fjelög, sem höfðu alla verslun með steinolíu. En eftir stríðið hefir tala þeirra margfaldast og samkepni aukist.

Umr. frestað.

Á 6. fundi í Sþ., þriðjudaginn 12. maí, var fram haldið einni umr. um till.

Jörundur Brynjólfsson: Mjer finst jeg varla geta leitt þessar umr. hjá mjer, þar sem jeg var dálítið við málið riðinn um það leyti, sem því var komið í það horf, sem við höfum búið við um hríð. Jeg skal þó reyna að vera stuttorður, til þess að þreyta ekki hv. þingheim að óþörfu, en skal aðeins drepa á fáein atriði í þessu máli, sem mestu máli skifta og lítt hafa verið rædd í þessum umræðum.

Hið fyrsta, sem jeg vil athuga, er það, að mjer finst bæði till. sjálf og allur flutningur málsins vera fljótfærnislegur og ekki gerður að nógu vel yfirlögðu ráði. Mjer virðist sem þessi till. til þál. komi mjög við fjárreiður ríkisins og það hefir ekki verið venjan til þessa, og er beint á móti lögum, að afgreiða slíkar till. með einni umr. í Sþ. Það hefði átt að ræða aðra eins till. og þessa í tveim umr. í hvorri deild þingsins. Þetta

er allmikið fjárhagsatriði fyrir ríkið, hvernig þessum málum reiðir af, og almenningur mun framvegis gera kröfur til stjórnar ríkisins um, að haldið verði áfram steinolíueinkasölunni, jafnvel þó að þessi till verði samþ.

Þessi till. er þannig orðuð, að það orkar tvímælis, hvernig beri að skilja hana. Í öðru orðinu er talað um að gefa steinolíuverslunina frjálsa, en í hinu um, að aðrir en stjórnin megi ekki reka verslun með þessa vöru, nema leyfi stjórnarinnar komi til. Það gæti því hugsast, ef till. yrði samþ., að stjórnin teldi henni fullnægt með því að veita einstökum mönnum undanþágur til innflutnings í sínar þarfir. Jeg óska því, að hæstv. forseti felli úrskurð um þessa till., hvernig beri að skilja hana, hvort hann telji flutning hennar samkvæmt þingsköpum og öðrum þingvenjum.

Þegar þetta mál var fyrst flutt, var það gert til að reyna að afla landsmönnum nægrar og ódýrari olíu en áður; tímarnir voru þá allíkyggilegir og verslunarástandið með þessa vöru alveg óviðunandi. Árin 1920—21 var olíuverslunin í höndum D. D. P. A., og var þá steinolíutunnan seld á kr. 145 í Rvík, en úti um land á kr. 160—170 pr. tn. Þá hafði nefnd þetta mál til athugunar, og leitaði hún upplýsinga um það, hvort olíuverðið þyrfti endilega að vera svona hátt. Fjelagið svaraði því, að það treysti sjer ekki til að lækka verðið nema það skaðaðist af. Nefndin leitaði tilboða um olíu annarsstaðar að, og þau sýndu, að það var hægt að selja olíuna talsvert lægra verði en þetta. En þegar svar fjelagsins barst nefndinni og hún sá, hversu D. D. P. A. var stirt í samningum, pantaði nefndin, með samþykki landsstjórnarinnar, olíufarm, og var tunnan af þeirri olíu seld á 100 kr. Þegar þessi olíufarmur kom til landsins, sendi D. D. P. A. menn út um allar hafnir landsins, með sömu skipum og þessi olía ríkisstjórnarinnar var flutt á, og áttu þeir, auk annars, að lækka verð á olíubirgðum D. D. P. A. niður í sama verð og olía ríkisstjórnarinnar var seld fyrir. Þá sýndi fjelagið í verki, að það gat sjer að skaðlausu selt olíuna við vægara verði en það hafði gert. Þessi aðferð fjelagsins mæltist hvarvetna illa fyrir, sem von var, og varð til þess, að ríkið tók alla olíuverslunina í sínar hendur og kom á fót einkasölu þeirri með steinolíu, sem stendur enn. Það kann að vera, að fjelagið hafi síðar tekið upp aðra stefnu í þessu atriði, en allir vita, að það hefir ærið fjármagn til þess að ná allri olíuverslun landsins undir sig fyrirhafnarlítið, ef það vill þegar verslunin er frjáls aftur, og þarf þá varla að vænta þess, að það verði landsmönnum þægari ljár í þúfu en það var fyrrum, ef það nær undirtökunum á okkur í annað sinn. Þetta er aðalatriðið. Fyrir mjer er málið hagsmunamál eingöngu. Mjer er alveg sama, hvort verslunin er frjáls eða það er einokun eða einkasala, ef það er aðeins trygt, svo ekki verði um vilst, að almenningur fái næga og góða vöru með eins vægu verði og unt er.

Um þann samanburð á olíuverði á ýmsum stöðum erlendis, sem hjer hefir verið rætt um, skal jeg játa, að jeg er ekki maður til að dæma. En Landsverslunin hefir gefið út skýrslu um olíuverð sitt og olíuverð í Khöfn og hefir með því sýnt, að hún hefir selt við vægara verði en í Khöfn, og nemur sá mismunur ca. 200 þús. kr. í vasa landsmanna. Upplýsingarnar um olíuverð í

Khöfn eru fengnar gegnum sendiráðið íslenska í Khöfn, svo að það ætti ekki að vera hægt að rengja þessa skýrslu Landsverslunarinnar.

Hv. flm. till. og aðrir stuðningsmenn hennar segja, að olíuverðið erlendis sje lægra en hjá Landsversluninni hjer. Hv. aðalflm. (SigurjJ) sagði, að olía frá Hamborg, hingað komin, yrði ódýrari en sú olía, sem hjer fæst, og nefndi hann ýmsar tölur því til sönnunar. Jeg treysti mjer ekki til að dæma um þetta, hvort það sje rjett. Jeg væni ekki hv. þm. Ísaf. um að fara vísvitandi með rangar tölur, en mjer dettur heldur ekki í hug annað en að skýrsla Landsverslunarinnar, sem stjórn hennar ber ábyrgð á, sje í alla staði rjett og ábyggileg. Þess vegna horfir þetta mál þann veg fyrir mjer, að nú ætti annaðhvort ríkisstjórnin eða Alþingi að skipa 3—5 manna nefnd til að rannsaka olíuverð erlendis sem allra víðast og bera það saman við verð Landsverslunarinnar. Þegar skýrsla þeirrar nefndar væri komin fram, verður fyrst hægt að mynda sjer rjetta skoðun á þessu máli, en fyr ekki. Þá væri hægt að kveða upp dóma, bygða á rjettum forsendum, en nú er það ekki hægt, og því tel jeg það ganga fjörráðum næst við fjárhag landsins og við þá menn, sem olíunnar þarfnast, að samþykkja þessa till, að jafnlítið rannsökuðu máli. Jeg álít alt annað en þetta alveg óforsvaranlegt; ef það sýndi sig að rannsökuðu máli, að Landsverslunin seldi betur en hægt væri að gera í frjálsri samkepni, greiði jeg viðstöðulaust atkvæði með því, að einkasölunni verði haldið áfram, en ef hitt yrði aftur á móti ofan á, að Landsverslunin væri ekki fær um að uppfylla sanngjarnar kröfur til hennar um verð og vörugæði, mun jeg ekki heldur hika við að greiða atkvæði með því, að hún verði lögð niður.

Þegar Landsverslunin var stofnuð, var upphaflega til þess ætlast að byggja hjer olíugeyma á stærstu höfnunum við landið, og að olían yrði flutt hingað í svokölluðum „tank"-skipum. Þetta mundi hafa orðið langódýrasta aðferðin, er frá leið, en úr þessu hefir þó ekki orðið enn, og verður varla gert hjeðan af, ef verslunin verður gefin frjáls. Ef upplýsingar væntanlegrar nefndar sýndu það, að Landsverslunin ætti tilverurjett framvegis, þá á að hraða því að koma olíuinnflutningnum í þetta horf. Þegar þetta var ráðgert í fyrstu, var miðað við olíuinnflutning, sem var miklu minni en hann er nú, og þó þótti þetta sjálfsagt þá. Þess vegna ætti að vera búið að koma þessu í það horf, að olían væri flutt inn og seld úr „tank".

Hv. flm. vilja, segja þeir, breyta skipulaginu í þá átt, að olíuinnflutningur verði frjáls, en þó ætlast þeir til, að Landsversluninni verði haldið áfram, og segja þeir, að það sje gert með það fyrir augum að tryggja nægan innflutning og gott verð. Þetta er auðvitað gott og blessað hjá öðru verra, en í þessu liggur þó játning um, að þeir sjeu ekki of sterkir í trúnni á blessun frjálsrar verslunar, að þeir þora ekki að eiga alt undir verslunarfrelsinu, innflutning og verðlag. Mjer sýnist því, er sjálfir flm. till. eru ekki trúaðri en þetta á umbætur þær, sem hún fer fram á, að þeir mættu vel una við að fallast á það, sem jeg nú hefi stungið upp á, að stjórnin láti rannsaka málið ítarlega og hafi tilbúnar skýrslur um það í byrjun næsta þings. Þá ætti að vera hægt að taka fullnaðarákvörðun um það, hvort

landið eigi að fást við steinolíuverslun eða ekki. Mjer finst þetta vera miklu betri leið en flm. till. vilja fara.

Hv. þm. N.-þ. (BSv), minn gamli og góði samverkamaður í þessu máli, stakk upp á því að vísa þessu máli til stjórnarinnar á þann hátt, að hún gæfi innflutninginn frjálsan, en annaðist fyrst um sinn um sölu á vörunni innanlands. Hann lýsti því ítarlega á árunum 1916—17, hvaða kjör það voru, sem landsmenn þá áttu við að búa að því er olíuverslunina snerti. Mjer þykir hann nú gerast helst til gleyminn, er hann vill ekki láta rannsaka málið lítið eitt betur, áður en Landsversluninni er varpað fyrir borð. Ef það reyndist, að Landsverslunin væri hagfeldasta fyrirkomulagið fyrir almenning, þá eru þessi vinnubrögð, sem hjer á að framkvæma, alveg óforsvaranleg. Jeg hjelt, að hann (BSv) mundi þegar fallast á mína skoðun og vildi leyfa sem ítarlegasta rannsókn í málinu áður en fullnaðarákvörðun yrði tekin, en nú sje jeg, að svo er ekki, er hann gengur fram fyrir skjöldu og vegur að Landsversluninni úr flokki fjandmanna hennar.

Menn hafa oft, þegar talið berst að þáverandi steinolíuverslun, talið mikla áhættu fylgja versluninni, vegna vörurýrnunar o. s. frv., og það ekki að ástæðulausu, enda er reynsla okkar ekki glæsileg í þeim efnum. Að minsta kosti get jeg búist við, að þeir hv. þm., sem búsettir eru í Reykjavík og vissu deili á, hvernig verslunin gafst, þegar Fiskifjelagið gerði sín innkaup á olíu, sællar minningar, kannist við þetta.

Menn minnast þess, að Fiskifjelagið keypti inn olíu, sem það seldi vægara verði en Steinolíufjelagið seldi á sama tíma. En undir eins og Fiskifjelagið hafði fengið sína olíu, lækkaði verð Steinolíufjelagsins og jafnframt batt það, eins og það hafði oft gert áður, viðskiftamenn sína á þann klafa, að versla ekki við annan olíuinnflytjanda, en olía Fiskifjelagsins var látin leka niður þar, sem henni hafði verið skipað upp. Menn skyldu ætla, að útvegsmenn og aðrir, sem einkum nota olíu, hefðu sjeð sjer leik á borði, þegar Fiskifjelagið lækkaði olíuverðið, og orðið manna fyrstir til að gera innkaup sín hjá því fjelagi. En því miður varð ekki sú raunin á. Þeir sneru sjer flestir til Steinolíufjelagsins og keyptu þar olíu sína, e. t. v. með eitthvað lægra verði en Fiskifjelagið krafðist, meðan olía þess var til. Þeir sögðu, að ekki væri nema gott og blessað að hafa olíubirgðir í landinu, til að halda niðri verði Steinolíufjelagsins, en gættu þess ekki, hvernig þeir með viðskiftum sínum höfðu fje af ríkissjóði og komu öllum tilraunum til að hnekkja valdi Steinolíufjelagsins fyrir kattarnef.

Mjer þykir þeir hv. þm. vera meira en lítið brjóstheilir, sem telja sig fyrst og fremst forsvarsmenn sjávarútvegsins, ef þeir vilja, að svo lítt rannsökuðu máli, hverfa frá því fyrirkomulagi, sem nú er á olíuversluninni og reynst hefir mjög vel. Mjer dytti ekki í hug að lá þessum hv. þm. afstöðu þeirra til einkasölunnar, ef sannanir lægju fyrir um það, að öllum landslýð væri fyrir bestu, að hún yrði lögð niður. En það er síður en svo, að þær ástæður sjeu fyrir hendi, og þar sem úrslit þessa máls geta varðað þjóðarheildina hundruðum þúsunda, eða jafnvel miljónum króna, þá finst mjer ekki mega minna vera en heimtað

sje af hv. þm., að þeir færi full rök fyrir máli sínu, áður en þeir fella dauðadóm yfir steinolíueinkasölunni. En þau rök brestur enn. Þessari ályktun minni til stuðnings vil jeg benda á, að það er næsta ólíklegt, að hæstv. stjórn hafi ekki fylgst betur en svo með starfrækslu Landsverslunarinnar, að hún hafi látið óátalið, ef verslunin hefir selt olíuna óhæfilega háu verði. En mjer vitanlega hefir ekki heyrst eitt orð frá hæstv. stjórn þess efnis, að einkasalan hafi verið svo óhöndulega rekin, að hagkvæmari viðskifti hefði mátt fá á annan hátt.

Hjer í umr. hefir vissulega verið horfið allmjög frá sjálfu málefninu, eins og sumir hv. þm. hafa kvartað yfir. Jeg hefi jafnvel heyrt einn hv. þm. segja, að spillingin, sem af steinolíueinkasölunni leiddi, væri orðin svo mikil, að starfsmenn hennar væru meira að segja farnir að tala opinberlega 1. maí. Jeg verð nú að játa, að þessar röksemdir hafa ekki mikil áhrif á afstöðu mína til þessa máls, þó að þær kunni að vera veigamiklar í augum sumra hv. þm. Því, eins og jeg gat um í upphafi, fyrir mjer vakir ekki annað en það, að landsmenn fái notið sem bestra kjara í steinolíuverslun sinni. Það er aðalatriðið í mínum augum. En slíkt hið sama geta þeir ekki sagt, sem nú leggja til, að hæstv. stjórn gefi olíuverslunina frjálsa, án þess að færa betri rök fyrir málstað sínum en enn eru fram komin.

Forseti (JóhJóh): Hv. 2. þm. Árn. (JörB) beindi því til mín, að jeg vísaði þál. þessari frá samkvæmt fyrirmælum þingskapanna. Út af þessu skal jeg geta þess, að ekki heyrir undir valdsvið forseta að skera úr því, hvort hæstv. stjórn skuli fara eftir ályktun Alþingis. Þar sker hæstv. stjórn úr sjálf á sínum tíma, á eigin ábyrgð gagnvart Alþingi.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg skal ekki bera olíu í þann eld, sem hjer hefir brunnið um hríð — og brunnið glatt.

Mjer virðist hjer um svo alvarlegt mál að ræða, að því verði að ráða til lykta án stórdeilna, og það því fremur, sem hv. þm. mun flestum vel ljóst, um hvað þeir eiga hjer að úrskurða.

Jeg mun ekki fara út í það, hvernig steinolíueinkasalan hefir verið rekin, eða hvort annað fyrirkomulag muni heppilegra á olíuversluninni, enda hafa svo góð rök verið færð að þessum atriðum, að jeg hefi þar engu við að bæta.

Það er einkum vegna formsatriða, sem snerta þessa till., að jeg hefi kvatt mjer hljóðs, og eins til að gera grein fyrir atkv. mínu um þá till. hv. þm. N.-Þ. (BSv) að vísa málinu til stjórnarinnar.

Ef ekkert fleira hefði fram komið hjer við umr., hefði jeg hallast að þeirri till., því undir venjulegum kringumstæðum þýðir samþykt slíkrar till. sama og að fella málið, sem er til umr. í hverju falli. En við þessar umr. hefir ýmislegt komið í ljós, sem veldur því, að jeg get ekki sætt mig við þá afgreiðslu málsins.

Hæstv. atvrh. (MG), sem nú er yfirmaður steinolíueinkasölunnar, var á þinginu 1917 frsm. þeirrar nefndar, sem hafði heimildarlögin um einkasöluna til meðferðar. Þá lýsti hann yfir því, að eftir að ríkið hefði á annað borð tekið að sjer einkasölu á steinolíu, þá mætti ekki leggja hana niður, nema að fengnum nýjum þingvilja. Í sömu átt hnigu

ummæli hv. flm. (SigurjJ) nú. Hann sagði, að sjer hafi ekki verið ljóst fyr en nú á dögunum, að stjórnin gæti ekki lagt steinolíueinkasöluna niður, nema nýr þingvilji stæði þar að baki, og því væri þessi till. svo seint fram komin.

Mjer finst harla merkilegt, að þessar yfirlýsingar hæstv. núverandi atvrh. (MG) og hv. flm. (SigurjJ) skuli falla svo saman, og því undarlegar kemur mjer fyrir sjónir annað, sem fram hefir komið við þessar umr. og fer í þveröfuga átt, að því er jeg best fæ sjeð.

Hæstv. fjrh. (JÞ) las hjer í gær skriflega yfirlýsingu af hálfu hæstv. stjórnar, og gat jeg ritað niður orðrjettan kafla úr henni.

Hæstv. fjrh. (JÞ) vitnaði til þess, að þar sem þingið hafi nú hækkað svo mjög gjaldabálk fjárlagafrv. fyrir árið 1926, þá sje svo komið, að hæstv. stjórn telji nauðsyn bera til að draga inn í ríkissjóð mikinn hluta varasjóðs Landsverslunarinnar. En þar sem mestur hluti hans standi einmitt í steinolíuversluninni, þá hljóti afleiðingin að verða sú, að sú verslun verði látin draga saman seglin til muna. Hæstv. fjrh. fórust svo orð:

„Af þessu leiðir það, að starfsfje verslunarinnar mun minka að miklum mun, og þótt þess vegna steinolíuversluninni kunni að verða haldið áfram að einhverju leyti fyrst um sinn, af þeim ástæðum, sem till. gerir ráð fyrir, þá hlýtur það a. m. k. að verða í miklu smærri stíl en núverandi einkasala er rekin í".

Þessa yfirlýsingu gefur hæstv. fjrh. f. h. hæstv. stjórnar, án nokkurs fyrirvara um, að þetta sje háð samþykt þeirrar þáltill., sem hjer liggur fyrir. Hann lýsir sem sje yfir því, að hæstv. stjórn sje þegar búin að taka ákvörðun um að minka steinolíuverslun ríkisins svo mjög; gefur meira að segja í skyn, að svo kunni að fara, að hún verði með öllu lögð niður.

Jeg efa ekki, að hæstv. ráðh. hefir talað hjer fyrir munn hæstv. stjórnar allrar, og er þá augljóst, hvaða stefnu hún hefir tekið, áður en hún veit um afdrif þessarar þáltill., áður en hún veit, hvort sá nýi þingvilji, sem hæstv. atvrh. og hv. flm. (SigurjJ) hafa skýlaust lýst yfir, að þurfi að koma, muni fást fyrir afnámi einkasölunnar. Það má vel vera, að hæstv. fjrh. hafi gefið þessa yfirlýsingu óvart að einhverju leyti, en hún er skýr eins og hann setti hana fram.

Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þá hlið málsins, hversu undarlegt það er, að hæstv. atvrh. og hv. flm. (SigurjJ) halda fram einni skoðun á þessu atriði, en hæstv. fjrh. annari af hálfu allrar hæstv. stjórnar, og þá einnig af hálfu hæstv. atvrh. Það dularfulla fyrirbrigði get jeg ekki skýrt.

En út frá þessum forsendum get jeg ekki greitt þeirri till. hv. þm. N.-Þ. (BSv), að vísa málinu til stjórnarinnar, atkvæði, þar sem það er sama og að greiða því atkv., að olíuverslun ríkisins verði dregin saman til muna, eða jafnvel alveg lögð niður. M. ö. o.: að vísa þessu máli til stjórnarinnar nú hefði alveg þveröfug áhrif við það, sem venjulegt er, þegar málum er vísað til stjórnarinnar.

Þá er annað atriði í nánu sambandi við það, sem jeg nú hefi talað um.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) beindi þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta (JóhJóh), hvort stjórninni myndi heimilt að reka

þá verslun, sem þál. fjallar um, þó að hún næði samþykki. Hv. þm. (ÁÁ) benti á, að heimildarlögin frá 1917 heimiluðu ríkisstjórninni einungis að reka einkasölu með steinolíu, en aðra verslun ekki. Hæstv. forseti (Jóh Jóh), sem jafnframt er dómari, leit svo á, að slíkur verslunarrekstur væri ekki heimilaður í lögunum frá 1917, en hinsvegar fælist í þál. sjálfri ný heimild fyrir ríkisstjórnina til að reka þá verslun, sem í till. getur.

Í ljósi þessarar skýringar hæstv. forseta verður yfirlýsing hæstv. fjrh. einnig harla einkennileg.

Hæstv. forseti lítur svo á, að ríkisstjórninni sje óheimilt að reka samkepnisverslun með steinolíu, nema samþykki þingsins komi til, en hæstv. fjrh. lýsir yfir því, að hæstv. stjórn hafi ákveðið þetta áður en nokkur veit um vilja þingsins.

Enn vil jeg víkja að einu atriði í sambandi við þetta mál.

Vitanlega ætla jeg mjer ekki þá dul að deila við hæstv. forseta um það, hvort telja megi samþykt þessarar þáltill. nægilegan grundvöll fyrir ríkisstjórnina til að reka þá olíuverslun, sem þar getur. En sem leikmaður vil jeg benda á eitt atriði.

Í niðurlagi 29. gr. þingskapanna segir svo (með leyfi hæstv. forseta):

> „Þingsályktunartillögur, sem fara fram á útgjöld úr landssjóði, skal jafnan bera upp í báðum deildum og hafa tvær umræður um þær".

Nú segir þessi þáltill. svo fyrir, að ríkisstjórnin skuli byrja, eða a. m. k. hafa heimild til, að reka nýja tegund olíuverslunar, sem samkvæmt ummælum hæstv. forseta heimilast ekki af lögunum frá 1917. Ennfremur efa jeg ekki, að enginn muni líta svo á, að slíkur verslunarrekstur sje heimill samkvæmt fyrirmælum í eldri lögum, sem sett voru til bráðabirgða vegna ófriðarins mikla. Heimildin felst því eingöngu í sjálfri þál. Nú er ekkert sennilegra, ef þessi verslun verður rekin, en að hún hafi í för með sjer útgjöld fyrir ríkissjóð. Fyrst og fremst hefir verslunarreksturinn talsvert mannahald í för með sjer. Þá þarf einhversstaðar að fá rekstrarfje o. s. frv. Ennfremur er ekki loku fyrir það skotið, að tap verði á ríkisverslun með olíu í samkepni við aðra innflytjendur.

Það er alls ekki ómögulegt, miklu fremur mjög sennilegt, að hin afaröflugu fjelög, sem reka heimsverslunina með olíu, líti hornauga þau lagafyrirmæli, sem smáríki setur hjá sjer til að hindra verslun þeirra, og vilji fórna einhverju fje til að brjóta þann mótþróa á bak aftur.

Við skulum hugsa okkur það tilfelli, sem vel getur komið fyrir, að þessi nýja ríkisverslun og einhver keppinautur hennar, innlent eða sennilegar erlent olíusölufjelag, fái hvort sinn olíufarm um líkt leyti, en olíufjelagið setti alt í einu verð sinnar olíu niður um 10, 20 eða 30 kr. hverja tunnu, langt niður fyrir sannvirði. Ríkisverslunin yrði, nauðug, viljug að feta í fótspor olíufjelagsins og lækka verð á sinni olíu. Afleiðingin yrði svo sú, að verslunin stórtapaði á farminum, og svona gæti farið oftar. Hvar á nú að taka fje til að greiða þennan halla? Auðvitað tekur landsstjórnin það úr ríkissjóði!

Af þessum ástæðum verð jeg sem leikmaður að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort forsvaranlegt sje að afgreiða slíka þál. við eina umr.

í Sþ. Ennfremur hvort ríkisstjórninni muni heimilt að stofna til framkvæmda, sem geta leitt til útgjalda fyrir ríkissjóð, á ekki öruggari grundvelli.

Þegar jeg nú dreg öll þessi atriði saman, þá finst mjer ekki ofmælt, að naumast sje verjandi að afgreiða þetta mál nú.

Þess vegna vil jeg alvarlega beina því til hv. flm. þáltill., hvort þeim, við nánari athugun, finnist mál þetta ekki verðskulda frekari rannsókn; hvort þeim finnist svo brýn nauðsyn bera til að breyta núverandi skipulagi olíuverslunarinnar, sem hefir svo mikla þýðingu fyrir mikinn hluta fiskiframleiðenda landsins, að mál þetta megi ekki bíða eitt ár enn.

Mjer blandast ekki hugur um, að hjer er um svo merkilegt mál að ræða, að mjög mikinn undirbúning þarf til þess að breyta einkasölufyrirkomulaginu eða afnema það, og er sjálfsagt, að sú ákvörðun verði tekin hjer á þingi í lagaformi. Því skýt jeg því til hv. flm., hvort þeir geti ekki sætt sig við, að málinu verði hjeðan af frestað til næsta þings og við svo búið látið sitja að þessu sinni.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. þm. Str. (TrÞ) hefir misskilið dálítið þá yfirlýsingu, sem jeg gaf hjer á síðasta fundi.

Jeg var að lýsa afstöðu stjórnarinnar til þess máls, sem nú er til umr., en vildi ekkert sagt hafa um fyrirætlanir hennar í einkasölumálinu, ef annað yrði hjer ofan á en að þessi þáltill., sem stjórnin styður, næði samþykki.

Jeg færði fram þær fjárhagsástæður fyrir fylgi stjórnarinnar við þáltill., að úr því sem komið væri bæri nauðsyn til að draga inn í ríkissjóð eitthvað af varasjóði Landsverslunarinnar, og það verður hægt, ef þáltill. nær samþykki.

Yfirleitt var efni yfirlýsingarinnar miðað við það, að till. nái fram að ganga, og snerist eingöngu um þetta mál. Það er því misskilningur hjá hv. þm. (TrÞ), að stjórnin hafi ákveðið, hvað gera skuli, jafnvel þó að þessi þáltill., sem er studd af stjórninni, verði feld. Um það efni hefi jeg ekkert sagt.

Þó að þetta mál heyri ekki undir mig, að öðru leyti en því, sem það snertir fjárhag ríkissjóðs, þá vil jeg þó, úr því umr. eru orðnar svo langar á annað borð, gera fáeinar athugasemdir sem þingmaður.

Þetta mál er stefnumál þeirra manna, sem hafa þá trú, að olíuframleiðslan í heiminum sje komin í það horf, að virkilega frjáls samkepnisverslun fáist með þessa vörutegund, ef till. nær fram að ganga. Steinolía er mikil verslunarvara og mjög mikil nauðsynjavara, og skiftir því miklu máli, hvort verslun með hana er frjáls eða ekki, svo framarlega sem landsmenn eiga kost á því að velja þar á milli, en það eiga þeir, ef skipulag framleiðslu og sölu á steinolíu er komið í það horf, að nægilega margir geti haft olíu á boðstólum.

Frá sjónarmiði ríkissjóðs vil jeg bæta því við, að jeg tel alt of áhættusamt fyrir hann að hafa alla steinolíusölu í landinu á sínum herðum. Jeg þarf varla að lýsa því, hvernig farið getur, ef afli bregst eða verðfall verður á fiski. Þá vofir yfir stórtap á olíuverslun ríkissjóðs í mótorbátaverstöðvum landsins. Enda er óeðlilegt að ríkið hafi þessa áhættu á sínum herðum, svo famarlega

sem kostur er á frjálsri verslun með steinolíu, þar sem til er annar aðili, sem á að bera áhættuna við þessa verslun, en það er verslunarstjett landsins.

Jeg veit reyndar, að nokkrum hluta verslunarstjettarinnar er engan veginn hugleikið að taka aftur við steinolíuversluninni, því að þessi verslun er áhættusöm, en gefur aftur á móti tiltölulega lítið í aðra hönd. Er mörgum því ósárt um, að ríkið beri áhættuna. En jeg verð að segja, að það fer best á því, að hver stjett inni að fullu af hendi sín skylduverk í þjóðfjelaginu, og gegnir auðvitað sama máli um verslunarstjettina. Það er hennar skylda að taka við steinolíuversluninni, ef nokkur kostur er frjálsrar verslunar með þessa vöruteg., enda hafa kaupmenn betri aðstöðu en landsverslun getur haft, þar er þeir eru dreifðir um land alt og eiga langtum hægara með að semja við kaupendur á afskektum stöðum og tryggja á þann hátt hagsmuni sína, ef illa árar.

Það hefir verið mikið um það talað, — og með rjettu —, að steinolíuverð væri hærra hjer en vera þyrfti. En mjer hefir fundist, að ekki hafi nægilega verið bent á orsakir þessa ástands. Menn hafa annað veifið kent Landsversluninni um þetta, að álagning hennar hafi verið of mikil, en ekki getað fært full rök fyrir, að því er mjer hefir virst.

Orsökin liggur og á öðru sviði, sem jeg mun nú sýna fram á.

Verð jeg þá að víkja að samningi þeim, sem nú er grundvöllur fyrir einkasölunni, og gerður var 10. ágúst 1922 milli fjelagsins British Petroleum Co. og forstjóra Landsverslunarinnar, Magnúsar Kristjánssonar, með einum vitundarvotti, Hjeðni Valdimarssyni.

Eftir samningi þessum er olían venjulega keypt í London, en verðlagið miðað við útreikning, sem samningurinn gerir grein fyrir og jeg mun nú víkja hjer að nokkrum orðum. Kaupandi skal greiða seljanda fyrir olíuna, komna til Englands, sem hjer segir:

a) Tíðkanlegt markaðsverð á fermingardegi í ameríkskri höfn. b) Farmgjöld með tankskipum frá flóahöfnum til Bretlands. c) Sjóvátrygging. d) Lekatjón á sjó.

Þegar hjer er komið og þetta er greitt, er olían komin í hendur seljendum í olíugeyma í London. Með greiðslu þessa verðs hefir seljandi aðeins fengið umboðslaun sín, sem hann vafalaust getur fengið af skráðu markaðsverði í Ameríku.

En þá kem jeg að næsta lið útreikningsins: e) Álagning seljandans. Er svo ákveðið, að hún skuli vera $^1/_4$ sterlingspunds af venjulegu steinolíufati, sem er 40 gallon, en $^1/_6$ punds af hráolíu.

Vil jeg þá fyrst gera grein fyrir, hverju þessi álagning nemur.

Samkv. skýrslum Landsverslunar voru árið 1924 flutt inn tæp 45 þús. olíuföt alls. Af þeim munu 8 þús. hafa verið hráolíuföt, en 37 þús. steinolíuföt. Það er því næsta auðveldur reikningur að finna, hverju álagningin nemur. Hún verður alls árið 1924 tæp 10600 sterlingspund. Ef sterlingspundið er reiknað á 30 ísl. kr. árið 1924, eins og mun láta nærri, nemur álagningin um 320 þús. ísl. krónum.

Um þessa álagningu væri nú ekki mikið að segja, ef hún væri sama eðlis og venjuleg álagning kaupmanna og í henni væri fólgin borgun fyrir kostnað, áhættu og vinnu við verslun þá, sem um er að ræða. En um slíkt er ekki að ræða

í þeim liðum, sem á undan eru gengnir.

Þessi álagning mun nema 30—35% af verði olíunnar, kominnar til London, samkv. áætlun um olíuverðið, sem fylgdi samningnum í ágúst 1922, er hann var gerður. Sje miðað við verð olíunnar fob. í ameríkskri höfn, er álagningin 37—49% eftir sama áætlunarverði.

Nú fyrst byrja hin eiginlegu viðskifti B. P. Co. og Landsverslunar. Olían er komin í geyma fjelagsins í London, en áður en hún er flutt til Íslands, þarf að koma henni í tunnur. Hefði mátt ætla, að fjelagið krefðist einskis sjerstaks gjalds fyrir að afhenda sínar eigin vörur, láta olíuna í tunnur og koma að skipshlið. En hvað segir samningurinn hjer um?

Næstu liðirnir, sem borga ber fyrir olíuna eru: f) og g): Fyrir ílátningu og flutning að skipshlið skal greiða 118 sterlingspund. Að vísu er gert ráð fyrir því í samningnum, að upphæð þessi geti breyst, og má vera, að svo hafi verið að einhverju leyti, það er mjer ekki kunnugt um, en þetta gjald var fastákveðið 6 fyrstu mánuði einkasölunnar. Þessi þóknun fyrir afhendingu á steinolíunni árið 1924 nemur því um 168 þús. krónur, ef reiknað er með 30 kr. gengi.

Til þess að athuga, hvort fjelagið fái nú sinn kostnað upp borinn eftir alt þetta, má bera þennan kostnað saman við kostnað Landsverslunar innanlands.

Allur kostnaður við steinolíusöluna innanlands nam árið 1924, að meðtöldum flutnings- og útskipunargjöldum, alls 162317 kr., eða nokkru minni upphæð en B. P. Co. tekur fyrir að láta olíuna í tunnur og flytja að skipshlið í sömu höfn. Allir geta því sjeð, hvort seljandanum er þessi upphæð nægileg eða ekki til að standast kostnað við afhendingu á sínum eigin vörum.

Fleira er það í samningnum, sem er næsta athugavert. Má geta þess, að afgreiðist olían í Leith, en ekki í London, skal greiða aukreitis $^3/_8$ sterl.pd. eða 11 kr. 25 au. á fat hvert. Flutningsgjald milli Englands og Íslands er 8 til 9 kr. á fatið. B. P. Co. vill fá 11 kr. 25 au. fyrir flutning á olíunni milli Leith og London — og er kaupandi víst ekki ofsæll af.

Að öllu þessu athuguðu sje jeg ekki betur en að oss hafi hent sú óhamingja með einkasölunni að lenda í höndum (jeg vil ekki segja klóm) á nýju einokunarfjelagi, sem síst gefur hinu fyrra eftir. Þótt sjálfsagt megi margt misjafnt segja um danska steinolíufjelagið og íslenska, þá efast jeg um, að þau fjelög hafi nokkru sinni gengið svo langt sem þetta fjelag, sem tekur sína álagningu fullkomlega áhættulaust, þar sem ríkissjóður er milliliður milli þess og notenda olíunnar og ber því öll skakkaföll, ef vanskil eða önnur viðskiftavandræði kæmu fyrir af hálfu notendanna.

Nærri liggur að spyrja, hvort það mundi hafa verið tilætlun löggjafans, að samningur sem þessi væri gerður. Verð jeg hiklaust að svara því neitandi, og vil jeg í því sambandi vísa til 4. gr. laganna 1917, þar sem svo segir (með leyfi hæstv. forseta):

„Landsstjórnin má þá fyrst nota þessa heimild, er hún hefir fengið banka- eða handveðstryggingu, er hún álítur fullnægjandi, fyrir því, að áreiðanleg verslunarhús selji landinu

nægar birgðir af steinolíu fyrir eigi hærra verð en alment stórkaupamarkaðsverð er á hverjum tíma á þeim stað, sem olían er keypt ....“

Jeg hefi að vísu engin gögn í höndum um olíuverð í stórkaupum í London, en eftir þekkingu minni á almennum viðskiftum þætti mjer einkennilegt, ef það ætti að fara fram úr olíuverðinu í ameríkskri höfn, að viðbættri sjóvátryggingu, flutningsgjaldi og lekagjaldi. En þá hefir líka álagning B. P. Co. verið með öllu umfram lagaleyfi.

Þessi samningur er fyrsta og fremsta orsökin til þess, hve dýr olían hefir verið í einkasölunni. Álagning fjelagsins fer fram úr öllu hófi, og auk þess sýnir það beina harðdrægni í viðskiftunum, eins og t. d. með hinu háa gjaldi, er það tekur fyrir afhendinguna á sínum eigin vörum. Þetta veldur því, að mönnum hefir virst, og með rjettu, að hægt væri að fá olíu með langtum betri kjörum í útlöndum heldur en hjer í einkasölunni.

Þrátt fyrir öll þau mistök, sem hjer hafa orðið, hefir þá farið hjer, sem víðar, þar sem einokun nær að hreiðra um sig, að kringum hreiðrið myndast ýmiskonar tengslabönd hagsmuna flokka og einstaklinga, er mynda nokkurskonar varnargarð kringum einokunina, er fram líða stundir. Þetta þarf ekki að stafa að því, að menn vilji í raun og veru veita einokuninni þjónkun sína, heldur af þeim kringumstæðum, er einokunin hefir valdið í landinu.

Þótt ótrúlegt megi virðast, hafa tveir flokkar landsins, Framsóknarflokkurinn og Jafnaðarmenn, tekið þessa steinolíueinokun að sjer til þess að verja hana með oddi og egg. Þetta mun þó ekki koma af því, að þeir vilji styrkja þetta útlenda einokunarfyrirtæki, heldur af því, að þeim finst, að þeir sjeu til knúðir fyrir rás viðburðanna. (**Trþ**: Hver hefir ráðið því, að samið var við þetta fjelag?). Jeg er ekki að ásaka neinn fyrir orðinn hlut. Samkv. lögunum var skylda að semja við eitt einstakt fjelag. (**Trþ**: En hvers vegna var þá samið við þetta fjelag?). (**BL**: Það hefði kannske átt að semja við Standard Oil?). (**Trþ**: Eru ekki fleiri til?).

Jeg lýk máli mínu í þeirri von, að þingið beri gæfu til þess að losa landsmenn úr öllum viðjum þeirrar einokunar, er jeg nú hefi gefið nokkra lýsingu á. (**JJ**: Fyrir Standard Oil og íslensku leppana).

Sú aðferð, sem stungið hefir verið upp á hjer, í dagskrártill. hv. þm. N.-þ. (BSv), að veita undanþágur frá einkasölunni, mundi að litlu eða engu gagni koma. Hin stærri steinolíufjelög mundu ekki álíta heiðarlegt eða sæmilegt að senda steinolíu sína inn á umsamið svið annars fjelags, og sú olía, sem fengist á þennan hátt, yrði því að koma frá annari eða þriðju hendi. Það er því mjög ófullnægjandi að ætla sjer að ráða bót á þessu með undanþágum.

Vjer höfum nú í 3 ár verið skuldbundnir til að greiða árlegan skatt til B. P. Co. Hann nam rúmum 300 þús. kr. árið 1924 og tilsvarandi við innflutning steinolíu hin árin.

Alþingi hefir verið brugðið um margt, og meðal annars það, hve það væri kostnaðarsamt. Þó hefir það aldrei kostað jafnstóra fúlgu sem þá, er B. P. Co. hefir tekið af oss í árlegan skatt undanfarið. Þótt það-þing, er nú stendur yfir, ljeti ekkert annað eftir sig liggja

en að ljetta þessum skatti af, með því að gefa olíuverslunina frjálsa, held jeg, að ekki yrði hægt annað að segja en að það hefði unnið fyrir sjer.

Benedikt Sveinsson: Jeg tek hjer til máls einkum út af ræðu hv. 2. þm. Árn. (JörB), sem var mjer ærið undrunarefni. Hann sagði fyrst, að sjer væri um það eitt hugað í þessu efni, að landsmenn fengju góða og ódýra olíu, en rjett á eftir fer hann að áfellast mig fyrir það, að jeg sje horfinn frá minni gömlu stefnu í málinu og vilji eyðileggja Landsverslunina. Jeg er hræddur um, að hv. 2. þm. Árn. (JörB) hafi heyrt illa, ef ekki er öðru lakara til að dreifa.

Jeg sagði einmitt, að jeg vildi alls ekki leggja landsverslun með steinolíu niður, en hinsvegar vildi jeg, að notendum olíunnar væri gefinn kostur á undanþágum frá einkasölunni, í því skyni að eyða kala til hennar. **(JörB:** Gátu notendur ekki pantað áður?) Nei. Ummæli hv. þm. (JörB) út af þeirri skoðun, er jeg ljet í ljós um þetta mál, eru rangfærslur einar. Og ef hann vildi vera sinni fyrri trúarjátningu samkvæmur, ætti hann að vera á mínu máli. **(JörB:** Jeg mun svara þessu síðar).

Mjer þykir varlegra að afnema eigi einkasöluna fyrst um sinn, vegna þeirrar hættu, að útlend ofríkisfjelög nái aftur tökum á steinolíuversluninni. Hins vegar vil jeg gefa notendum olíunnar kost á að útvega sjer hana sjálfum, ef þeir telja sjer það hagkvæmara. Ef þeir græða á því í samanburði við að kaupa hana í Landsversluninni, þá er því takmarki náð, sem fyrir mjer vakir og hv. þm. segir, að fyrir sjer vaki, en ef þeir hinsvegar tapa á þessari verslun sinni, munu þeir hverfa aftur til einkasölunnar og hætta steinolíukaupum upp á eigin spýtur. Annars heyrðist mjer á seinni hluta ræðu hv. þm. (JörB), að hann væri alveg fallinn frá sínum fyrri ummælum, að sig skifti litlu um fyrirkomulagið, ef olían fengist ódýr, því að það kom berlega fram, að hann vildi af öllum mætti halda í ákveðna tilhögun á versluninni.

Hæstv. fjrh. (Jþ) sagði, að undanþágur kæmu notendum að engu gagni vegna þess, að steinolíufjelögin myndu ekki fást til að flytja olíuna inn í landið, meðan Landsverslunin starfar, og sú olía, sem fengist, væri komin gegnum þrjá eða fjóra milliliði. Þetta kann svo að vera, en jeg sje ekkert á móti því, að mönnum væri leyft að flytja inn olíuna, ef þeir telja það sjer til hagsmuna, jafnvel þótt um einhverja „milliliði" væri að ræða.

Jeg hefi aldrei haldið því fram, að olíusamningurinn væri eins og hann ætti að vera, eða að tilhögun þessarar stofnunar væri að öllu leyti í æskilegasta lagi. Jeg hefi engan dóm á það lagt, enda þekki það ekki til hlítar.

Ef lögin frá 1917 eru svo úr garði gerð, að ekki megi breyta fyrirkomulaginu á versluninni til bóta, þá ætti vandinn ekki að vera annar en sá, að breyta lögunum sjálfum. Þótt þingið yrði lengt um viku vegna þeirrar breytingar, ættu menn ekki að láta sjer það í augum vaxa, ef það nægði til að koma steinolíuversluninni í betra horf.

Klemens Jónsson: Þessar löngu umr., sem hjer hafa farið fram um þetta mál í gærdag, í nótt og í dag, hafa ekki gefið mjer tilefni til þess að standa upp

og tala, fyr en hæstv. fjrh. (JÞ) hjelt nú sína ræðu. Hann fór nokkuð ítarlega inn á samninga þá, sem gerðir voru við B. P. Co. 10. ágúst 1922. Hann gat þess, að þeir hefðu verið gerðir af forstjóra Landsverslunarinnar, Magnúsi Kristjánssyni, annarsvegar og umboðsmanni fjelagsins hinsvegar. En þó að nú forstjóri Landsverslunarinnar, Magnús Kristjánsson, gerði þessa samninga og undirskrifaði þá, gerði hann það vitanlega í umboði ráðherrans. Þar eð jeg var ráðherra í þá tíð, verð jeg því að álíta, að jeg beri ábyrgð á, hvernig samningarnir voru úr garði gerðir, þótt Magnús Kristjánsson undirskrifaði þá. Og jeg er ekkert hræddur við að taka á mig þá ábyrgð. Jeg vil geta þess, að þessir samningar voru ekki gerðir út í loftið, síður en svo. Þeir voru vel og vandlega undirbúnir. Jeg man, að fyrsta uppkastið, sem kom til stjórnarráðsins, var mjög vandlega og rækilega skoðað og athugað og gerðar á því mjög miklar breytingar. Hæstv. fjrh. (JÞ) er innarhandar að sjá þetta sjálfur og ganga úr skugga um, að þessir samningar voru síst gerðir óhugsað eða í fljótræði. Jeg verð nú að álíta, að forstjóri Landsverslunarinnar hafi svo mikla og góða verslunarþekkingu til að bera, að honum væri vel trúandi til þess að gera þessa samninga þannig úr garði, að vel væri við unandi. Sjerstaklega verð jeg að taka það fram, að jeg veit, að hann er svo verslunarfróður, að hann veit, hvað er hið venjulega stórkaupamarkaðsverð. Í þessu efni er hann sjálfsagt miklu fremri hæstv. fjrh., enda hefir hann miklu meiri reynslu í verslunarsökum. Þar að auki er maðurinn mjög vel gefinn að öllu öðru leyti, og er því mjög hæpið fyrir hæstv. fjrh., og hvern sem er, að gera mikinn aðsúg að honum eða gagnrýna verk þau, er hann hefir unnið.

Hæstv. fjrh. kom með verð, sem hann sagði að væri miðað við útreikning samninganna, en gerði þess ekki aðra grein en þá, að hann las upp ýmsar tölur. Jeg verð nú að taka undir það með ýmsum hv. þm., að það er mjög erfitt að átta sig á tölum, sem kastað er fram í umr. öllum að óvörum, og gera sjer nokkra grein fyrir, hvort slíkar tölur og útreikningar, sem á þeim eru bygðir, sjeu nærri lagi. Bæði meðhaldsmenn og andstæðingar þessarar þáltill. hafa tekið það fram, að þetta er ekki heppileg aðferð, heldur ætti eingöngu að byggja á prentuðum skýrslum, svo að allir gætu áttað sig á tölunum. Jeg er ekki með þessu að mótmæla því, að þær tölur, sem hæstv. fjrh. fór með, sjeu rjettar. Jeg tel sjálfsagt að svo sje, þótt jeg geti ekki gengið úr skugga um það, þar sem jeg hefi ekkert til að byggja á, og ekki einu sinni sjálfan samninginn í höndum. En það er ekki nóg að koma fram með þessar tölur og segja, að fjelagið fái svo og svo mikinn ágóða, eða 350 þús. kr. á ári, að viðbættum þeim 3 kr., sem það fær fyrir að fylla hverja tunnu. Þetta sannar alls ekki neitt út af fyrir sig. Til þess að komast að hinu sanna þarf að gera samanburð á þessum tölum og öðrum tölum, og þó aðallega tölum D. D. P. A., og sjá, hverjar tölurnar eru lægstar. Það þarf að athuga, hvort verðið er nokkuð hærra nú en hjá hinu íslenska steinolíufjelagi á sínum tíma, þrátt fyrir öll þessi fríðindi, sem hæstv. fjrh. telur B. P. Co. hafa fengið með samningnum. Að þessu vjek hæstv. fjrh. (JÞ) ekki einu orði.

Öll þessi töluþula hans sannaði því ekki neitt. Nú er það vitanlegt, að þrátt fyrir alt, sem finna má þessum tölum til foráttu, þá hefir steinolía Landsverslunarinnar verið ódýrari en steinolíufjelagins upp á síðkastið, að jeg nú ekki tali um þegar steinolíufjelagið var almáttugt og rúði og fjefletti almenning og beitti til þess jafnvel ósæmilegum brögðum.

Hæstv. fjrh. játaði, að fyrra fjelagið hefði verið ilt, en hann vildi halda því fram, að þetta væri hálfu verra. Nú vil jeg minna á það, að hæstv. fjrh. hjelt því tvisvar fram í ræðu út af fyrirspurn, sem kom fram 1923, að það kæmi í sama stað niður, hvort fjelagið væri, sökum þess, að B. P. Co. væri aðeins angi af Standard Oil. Nú er ilt að skilja, ef í rauninni er um sama fjelagið að ræða, að annað sje hálfu verra en hitt. Þar verður þá sjálfsagt varla gert á milli. En nú vil jeg segja frá öðru, því, að steinolíufjelagið danska, sem í rauninni hafði útsöluna hjer, varð afar gramt, þegar þessir samningar voru gerðir og landið tók steinolíuna í sínar hendur haustið 1922. Jeg var staddur í Kaupmannahöfn, og forstjóri danska fjelagsins kom þá til mín og átti tal við mig. Var hann mjög óánægður, ekki yfir því, að landið hafði tekið að sjer verslunina, heldur yfir því, að fjelagi hans hafði ekki verið gefinn kostur á að „konkurrera". Var honum það varla láandi, en ástæður þær, er til þess lágu, voru teknar fram út af fyrirspurn, er gerð var á þinginu 1923, og getur hver sem vill lesið um það í þingtíðindunum frá því ári. Forstjórinn beiddi mig þess, er við áttum tal saman, að lofa sjer að sjá samninga þá, er gerðir höfðu verið við breska fjelagið. Hafði jeg samninganna og las fyrir honum fyrstu síðu þeirra, þar sem sjerstaklega er talað um verðið og álagninguna. Tók jeg eftir því, að hann bliknaði, er hann heyrði skilmálana, og skildist mjer af því, að hann furðaði svo mjög á, hve góð kjör við hefðum hlotið. Veit jeg, að hv. þm. er fullkunnugt um, að menn geta lesið í svip annara, og jeg var ekki í vafa um, að forstjóri þessi stórfurðaði sig á því, að hve góðum samningum við hefðum komist.

Þess vil jeg og geta, að hafi þessi landsverslun reynst svo illa, sem hæstv. fjrh. vildi vera láta, þar sem hann sagði, að við hefðum lent í nýjum okurklóm, þá undrar mig, að þetta skuli ekki hafa valdið meiri óánægju úti um land en orðið hefir. Jeg þori þvert á móti að fullyrða, og fleiri hv. þm. hafa tekið í sama strenginn, að þessi steinolíuverslun hefir valdið almennri ánægju. Að vísu munu ýmsir kaupmenn óánægðir með hana. Er þeim það vart láandi, því vitanlega er hún, sem önnur einkasala, þeim til nokkurs óhags, og leiðir það til þess, að þeir eru á móti henni, jafnvel þótt þeir geti ekki fært rök fyrir, að hún sje landinu til óheilla. Jeg er og jafnsannfærður um, að í hjarta sínu er hæstv. fjrh. fullviss um, að ekki mun rjett að afnema þessa landsverslun. En hann er svo ákveðinn og einlægur vinur frjálsrar verslunar, að hann vill fórna öllu fyrir hana, eins og sást meðal annars, er rætt var um tóbakseinkasöluna á dögunum. Þá hjelt hæstv. fjrh. því fram, að það hefði verið óheimilt af stjórninni að gera samninginn. Á hann þar við fyrirmæli 4. gr., að ekki megi kaupa olíuna hærra

verði en almennu stórkaupamarkaðsverði. En hæstv. fjrh. kom ekki með neitt, sem sannaði það, að verðið hefði farið fram úr því. Tölurnar, sem hann var með, upplýstu aðeins, hvað B. P. Co. fengi olíuna á, en ekki að það seldi okkur hana fyrir ofan stórkaupamarkaðsverð. Jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að ómögulegt er að færa rök að slíku. Þvert á móti er jeg alveg sannfærður um, að við höfum hjer sætt meiri vildarkjörum en nokkru sinni fyr. Hinsvegar segi jeg ekki, að við getum ekki komist að enn betri kjörum. Þess vegna var það, að jeg lofaði danska forstjóranum því, að ef jeg mætti ráða, skyldi samningnum verða sagt upp 1925. Þetta loforð er skrifað á skjal, sem málið snertir, í stjórnarráðinu, og býst jeg við, að það finnist þar enn. Skráði jeg þetta loforð skömmu áður en jeg fór frá í fyrra, af því að þá þóttist jeg sjá, að jeg mundi fá litlu um það ráðið, hvort samningnum yrði sagt upp 1925, eins og nú er komið á daginn. En jeg vildi sýna, að jeg hefði munað eftir loforði mínu. Af þessu, sem jeg nú hefi sagt, kom mjer það síður en svo á óvart eða illa, að hæstv. stjórn sagði nú þessum samningum upp. Jeg hefði gert það sjálfur, ef jeg væri nú í stjórn. En þetta loforð gaf jeg af því, að jeg var sannfærður um, að forstjóri danska fjelagsins mundi gera sitt ítrasta til þess að komast að samningum við íslensku stjórnina, og þá yrðu altaf tvö fjelög til að „konkurrera" um þennan markað, og gæti það aðeins orðið þessari þjóð til gagns, því að þá væri ætlandi, að steinolían yrði ódýrari. Jeg fann það á forstjóranum, að hann mundi leggja hið mesta kapp á að ná samningum aftur og teygja sig svo langt sem honum fyndist fært. Þess vegna tel jeg og rjettast, að steinolíueinkasölunni yrði haldið áfram, en fleiri fjelögum gefinn kostur á að láta henni olíu í tje. Mjer er nefnilega sama, hvaða fjelag selur til Landsverslunarinnar, hvort það er íslenskt eða danskt eða breskt, bara að það sje áreiðanlegt fjelag, sem uppfyllir skyldur sínar og veitir Íslendingum þau bestu kjör, sem völ er á. Þetta gæti unnist, ef einkasölunni verður haldið áfram. Því er það glapræði, ef nú á að hætta við hana, jafnvel þótt leyft sje, að Landsverslunin megi „konkurrera". Mjer liggur við að segja: Mikið var að hún mátti það! En það er þó skiljanlegt, því svo greindir eru þó flm. þáltill., að þeir vita, að ef stjórnin hættir að hafa hönd í bagga með þessari verslun, þá er komið í sama horfið og áður, sem Fiskifjelagið getur fullkomlega upplýst um hvernig var.

Jeg hefi nú svarað hæstv. fjrh. og reynt að skýra frá afstöðu minni til þessa máls. Jeg hefi sýnt, að það var ekki rjett, sem hæstv. fjrh. gerði í þessu máli, því þótt jeg geti ekki rengt tölur hans, þá er hvorki sannað eða hrakið neitt með þeim. Hin ummæli sín hefir hæstv. fjrh. alls ekki sannað, þau, að við höfum lent í verri okurklóm en við áður vorum í. Til þess vantar samanburð á olíuverðinu nú og verðinu þegar D. D. P. A. hafði steinolíuverslunina.

Jeg ætla mjer ekki að ræða mikið meira um málið, en úr því að jeg er staðinn upp á annað borð, get jeg ekki komist hjá því að segja, að jeg kann illa við sumt, er hv. aðalflm. (SigurjJ) sagði í gær. Mjer virtist í fyrstu, sem hann ætlaði sjer að tala rólega og hlutdrægnislaust um málið, en svo kom hann með þungar ákærur á hendur for-

stjóra Landsverslunarinnar. Hann ákærði hann hreint og beint fyrir að hafa skattlagt neytendur. Jeg skrifaði eftir honum: „Hafi hann skattlagt neytendur, er hann sakaverður". Hv. aðalflm. ætti nú að vita, að það er miklu verri ákæra að segja um einhvern mann: Hafi hann gert þetta eða hitt, er hann sekur, heldur en að segja hreinlega: Hann hefir gert þetta. Við þessu hefði jeg alls ekki búist af hv. aðalflm. því þetta „hafi", „hafi" eru dylgjur og ekkert annað. Nú er það jafnviðurkent af öllum, og jeg býst við, að hv. aðalflm. (SigurjJ) viðurkenni það líka, að þessi forstjóri er flekklaus og alkunnur heiðursmaður. Enda hefði stjórnin ekki falið honum forstöðu Landsverslunarinnar á sínum tíma, nema hún hefði verið sannfærð um fullkominn heiðarleik hans. Nú hefir hann gegnt þessum forstjórastörfum, sumpart með öðrum og sumpart einn í 7—8 ár, og aldrei hefi jeg heyrt það, að honum hafi verið brugðið um óheiðarleik af einum eða öðrum. Jeg get nú sagt það, að jeg álít ekki, að það megi skattleggja neytendur í þessu skyni, en jeg get ekki sagt, að maðurinn sje óheiðarlegur, þó það hefði verið gert. Má vera, að hann hafi fengið leyfi stjórnarinnar til þess. Um það getur hæstv. stjórn sagt, og ef svo er ekki, ber henni að rannsaka, hvort það hefir verið gert. Jeg álít, að eftir reglugerðinni megi ekki leggja aukaskatt á neytendur í þessu skyni, heldur álít jeg, að brúka eigi varasjóðinn til þess að bæta úr þessu.

Jeg sje ekki ástæðu til að taka meiri þátt í þessum löngu umr. Sýnist mjer og tími til kominn að hætta þeim og láta atkv. sýna, hvort það er bláköld alvara hv. þm. að leggja niður þessa einkasölu, sem að minni ætlun hefir gefist einkar vel, og láta landið aftur lenda í klóm þess fjelags, sem drotnaði lengst yfir þessari verslun hjer á landi. Því það hygg jeg að verði afleiðingin, ef þessi þáltill. verður samþykt.

Björn Líndal: Hv. 5. landsk. (JJ) hefir nú í nálega tvö ár ekki aðeins hælt sjer sjálfur, heldur og látið aðra hæla sjer af því, að jeg hafi ekki þorað að svara honum á fundi einum norður á Akureyri fyrir nál. tveim árum.

Jeg býst nú við, að ef jeg virti hann ekki svars nú, þá myndi hann æðilengi og að minsta kosti ekki skemmri tíma hæla sjer af því, að jeg hafi ekki þorað að svara sjer. Þar eð jeg helst vil hlífa þjóðinni sem mest við hólræðum hans um sjálfan sig og þó einkum þeim, sem hann lætur borga sjer fje fyrir að skrifa níð um aðra og hrós um sjálfan sig, þá vil jeg nú beina til hans nokkrum orðum, en jeg skal samt vera afarstuttorður.

Jeg heyrði aðeins byrjunina á ræðu hv. þm. (JJ) í gær, en er lengja tók klausurnar, er hann þuldi upp úr þingtíðindunum, þreyttist jeg og fór út. Jeg vildi líka satt að segja, að jeg þyrfti aldrei að hlusta á þennan hv. herra, og komist jeg ekki hjá því, þá vil jeg heyra sem allra minst. Ber tvent til. Fyrst það, að jeg græði aldrei neitt á mælgi hans, nema þá það að kynnast innræti mannsins enn betur en hingað til, en það þekki jeg nægilega vel áður, og satt að segja hálfhryllir mig við því að kynnast því betur en orðið er. Önnur ástæða til þess, að jeg fer út, er þm. (JJ) talar, er sú, að þá hættir manni fremur en ella til þess að svara honum einhverju,

ef á hann er hlýtt. En mín skoðun er sú, að þá sje sóma hins háa Alþingis best borgið, ef allir góðir þm. gerðu það að skyldu sinni að virða þennan hv. herra sem allra fæstra orða. Jeg hefi ógeð á því að heyra hann tala, samskonar ógeð og að heyra illa uppalinn götustrák kasta ókvæðisorðum eða saur á heiðvirt fólk, sem fer um götuna og ekkert hefir til saka unnið. Aldrei getur þessi hv. herra talað alvarlega um alvarlega hluti, nei, hann veður fram og aftur úr einu og í annað og altaf í kringum kjarna málanna, sem hann kemur aldrei að. Ef einhver virðir hann svars, þá verður úr því endalaust rifrildi, því hv. þm. kann sjer ekkert hóf í deilum og hættir aldrei. Alveg er og sama, hversu oft og greinilega ósannindi hans eru ofan í hann rekin og sýnt fram á, hve frámunalega vitlausar ræður hans eru. Þessi hv. þm. getur aldrei gert greinarmun á rjettum málstað og röngum, og kemur það auðvitað af því, að hann virðist ekki þekkja sannleika frá lygi. En hann er hagsýnni að því er hann sjálfan snertir en margur annar. Hann lætur ekki aðeins Sambandið kosta prentun allra sinna óhróðursgreina í blöðum flokks síns, og auk þess borga sjer sjálfum ríflega fyrir, heldur lætur hann líka ríkissjóð gjalda stórfje fyrir, að þvættingur hans komi í Alþingistíðindunum, auk alls þess feiknatíma, sem hann eyðir fyrir þinginu.

Jeg ætla mjer nú ekki að nota hið háa Alþingi til þess að bera af mjer persónulegar sakir, og jeg get sagt þessum hv. herra það, að jeg mun hvorki leita til Alþingis eða í blöð til þess að bera af mjer ásakir hans. Mig langar alls ekki til að verjast þeim nje losna við þær, því jeg tel mjer þær miklu fremur til sóma en vansæmdar. Og jeg er viss um, að hver maður vinnur við það að vera rægður af þessum hv. herra. Jeg segi þetta af reynslu. Fáeina menn þekki jeg, sem hafa glæpst til að trúa sumu af því, er hv. þm. hefir sagt um aðra, en þeir eru margfalt, margfalt fleiri hinir, sem hafa litið svo á, að það væri hverjum manni til vegsauka, að þessi hv. herra bæri út um hann róg og níðsögur. Sjálfum mjer hefir stórlega aukist álit manna við allar árásir hans á mig, og sennilega væri jeg nú ekki þm. Ak., ef þessi maður hefði ekki skammað mig eins og hann hefir gert.

Það tekur því ekki að tefja umr. lengur með því að tala meira við þennan hv. þm. (JJ), enda býst jeg við, að við hittumst einhvern tíma á öðrum vettvangi, þar sem það kostar landið minna, að við tölumst við. (JJ: Ætlar hv. þm. ekki að tala um málið?). Jeg ætla að halda mjer jafnt við málið og hv. þm. (JJ) gerði í gær. Þegar jeg kom aftur inn, spurði jeg marga, hvað hann hefði sagt. En það vissi enginn. Menn vissu það eitt, að hann hafði verið að skammast, eins og venjulega, og að efnið hefði verið samantvinnað slúður, rógur og illgirnisgetsakir um náungann.

Jeg læt svo útrætt um þennan hv. herra, en sný mjer að hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Vildi jeg aðeins drepa á tvö atriði í ræðu hans hinni löngu. Hv. þm. (JBald) mintist á, að jeg hefði sagt, að einkasalan hefði bitið bakfiskinn úr kaupmönnunum. Taldi hann, að það sannaði vel, hver gróði þjóðinni væri að einkasölunni. Þetta sýnir skýrleik hv. þm. (JBald). Hann hefir ekki hugmynd um, að það er hægt að gera einstaklingum stórtjón án þess að nokkur hafi

minsta gagn af því. Jeg get bent á, að þótt hv. þm. (JBald) tækist að gera alla vinnandi menn að ómennum — hver græddi á því? Nei, sannleikurinn er sá, að þessi einkasala hefir tekið atvinnu af fjölda dugandi og góðra manna, sem þekking voru búnir að fá á þessu sviði, en svo var verslunin seld í hendur öðrum, sem aldrei höfðu komið nærri neinu slíku og báru ekki skyn á það.

Jeg vil rjett minnast á annað í ræðu hv. þm. (JBald). Það var guðlastið, sem hann sagði að jeg hefði drýgt. Hvernig átti jeg að gera það? Jú, með því að segja, að hv. 2. þm. Reykv. gleddist ekki eins og guð almáttugur yfir einum syndara, sem bætti ráð sitt. Jeg á mjög bágt með að skilja, að það geti rjettilega talist guðlast, þótt jeg leyfi mjer að fullyrða, að guð almáttugur sje alls ekki líkur þessum hv. þm. Að sönnu hafði Alþýðublaðið orð á því hjerna um árið, að geislabaugur hefði sjest um höfuð þessa hv. þm. En bæði er það, að í því blaði er mörgu logið, og auk þess gæti hjer verið um þá missýningu að ræða, að þetta hafi verið eldglæringar, en enginn geislabaugur, og þær telur þjóðtrú og þjóðsagnir vera í sambandi við alt aðrar verur en þær, sem guði vilja líkjast.

En eitt var það í ræðu hv. þm., sem jeg vildi sjerstaklega athuga. Hann sagði, að jeg hefði ámælt Landsverslun inni fyrir, að hún hefði gefið skýrslur. Þetta er ekki satt. Jeg ámæli henni fyrir að gefa ekki rjettar skýrslur. En það er margsannað af hv. aðalflm., að tölurnar í skýrslunni eru rangar.

Alt, sem um þetta hefir verið sagt, er af andstæðingum okkar talið ósannindi, rógur og fals, og þýðir því ekkert um það að tala.

Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hjelt því jafnvel fram, að á tölunum væri ekkert að byggja. Yfirleitt er ekki til neins að bera fram rök gegn þeim mönnum, sem engin rök vilja skilja eða viðurkenna. Það er áreiðanlegt, að aðstaða þingmanna breytist ekki úr þessu til þessa máls, hversu lengi sem um það verður talað hjer á háttv. Alþingi, og óska jeg því, að atkvæða sje leitað sem fyrst.

Magnús Torfason: Eins og kunnugt er, var í þingbyrjun ráðist á útvígi Landsverslunar, tóbakseinkasöluna, og er nú búið að koma henni fyrir kattarnef. En jafnvel áður en búið er að koma henni í gröfina er ráðist á aðalstofnunina, steinolíuverslunina. Hvað snertir afnám tóbakseinkasölunnar, þá var það mál borið fram á eðlilegan hátt. Það var gert í frumvarpsformi og sætti venjulegri meðferð eftir þingsköpum og stjórnarskrá. En að því er snertir höfuðvígið, þá virðist eiga að leggja það að velli undirbúningslaust á nokkrum klukkutímum. Og þetta er stofnun, sem mörg ár var verið að undirbúa og mörg ár myndi kosta að undirbúa og koma á laggirnar aftur, ef nú er feld niður. Það stingur mjög í stúf um meðferð þessara mála, enda er sjerstök ástæða til þess, er síðar skal vikið að. Með þáltill. er farið fram á að gefa heimild til almennrar verslunar á steinolíu, og það var sagt í gær, að verið væri að leita að þingviljanum með þessari till. En hjer er um löggjafaratriði að ræða, og það eitt hið mikilvægasta, sem fyrir þingið getur komið. Því er ekki rjett að fara þessa leið, að bera málið upp í sameinuðu þingi. Til breytingar með þál. þyrfti meiri hluta þingviljans í báðum deildum, að því áskildu, að engin lög-

gjöf sje á því sviði, sem um er að ræða. En á þessu sviði er einmitt sjerstök löggjöf. Og það er ekki rjett að brjóta fastan löggjafarvilja nema með fullkomnum lögum. Jeg veit að vísu, að þetta eru heimildarlög og að stjórnin getur lagt verslunina niður, ef þingið felur henni að gera það. En hún hefir enga heimild til þess að taka upp frjálsa verslun. Tillaga í þá átt verður að fara gegnum hreinsunareld löggjafarvaldsins. Það verður kannske sagt, að hjer sje aðeins um form að ræða, en það er meira. Af einkasölunni á að vera viss gróði, annars er landið ekki fært um að hafa verslunina á hendi. Í frjálsri verslun yrði vandinn miklu meiri, því að Landsverslun yrði lögð sú skylda á herðar að birgja landið, og stæði hún því miklu ver að vígi heldur en þeir, sem kaupa steinolíu aðeins þegar best lætur. Það eru einnig miklar líkur til þess, að útlendir keppinautar gerðu alt, sem þeir gætu, til þess að hlunnfara landsverslun og koma henni fyrir kattarnef. Jeg verð að segja það, að ef framvegis á að reka frjálsa verslun með steinolíu fyrir landsins hönd, þá er lagt út á hættulega braut. Þá er um mikið, alvarlegt og ískyggilegt fjárhagsatriði að ræða. Í 29. gr. þingskapanna er svo fyrir mælt, að þáltill., sem fer fram á útgjöld úr ríkissjóði, skuli borin upp í báðum deildum, en ekki í Sþ. Málið er því hjer óformlega fram borið. En hjer er þó ekki um formið eitt að ræða, heldur liggur veruleiki á bak við. Og til þess að ákveða megi með þingsályktun eitthvað um fjármál í Sþ., verður fullur vilji beggja deilda að standa á bak við. En jeg neita því, að meiri hluti Nd. vilji leggja niður einkasölu á steinolíu. Með öðrum orðum: Stjórnin ætlar að nota þann ríflega meiri hluta, sem hún hefir í Ed., til þess að eyðileggja neikvæði Nd. Með þessu er verið að brjóta fjárhagsvald Nd., sem á þó að hafa töglin og hagldirnar, og verð jeg eindregið að mótmæla slíkri aðferð, sem vera mun alveg einsdæmi. Við vitum, að í hvorri deild fyrir sig þarf að bera undir atkvæði smávægilegar fjárhæðir, en hjer er verið að hafa stórfje af landinu og stofna til fjárhættuverslunar, sem getur valdið stórkostlegu tapi. Allir sjá, hve ótækt þetta er.

Jeg fer ekki út í að deila hjer um málið sjálft. Það er alveg óundirbúið og svo margt, sem þarf að taka afstöðu til, að jeg hefi ekki haft tök á að mynda mjer skoðun um einstök atriði, t. d. hvort við ættum að koma hjer upp olíugeymi. Við gætum látið Landsverslun halda áfram og koma upp geymi. Það færi sennilega best á því. Við gætum líka samið við eitthvert fjelag um að birgja landið og koma upp geymi. Um fleiri leiðir gæti verið að ræða. Þessum spurningum og ótal öðrum er ósvarað, og það hefir ekki verið reynt að svara þeim. Jeg get því ekki greitt þessari till. atkv.

Jeg get lýst því yfir, að fyrir mjer vakir hið sama um þetta mál og hv. 2. þm. Rang. (KlJ), að aðalatriðið sje að fá sem ódýrasta steinolíu. (**SigurjJ**: Hvernig er það með gróðann?). Verslunin getur verið góð, þó að ríkið græði. Annars þarf ekki að brýna mig á þessu, því að upphaflega átti Landsverslun að fá $^3/_4$ af gróðanum, eftir frv. frá 1917, en það var jeg, sem kom með brtt. um, að það væri lækkað niður í $^1/_4$. Annars átti að verja gróðanum til þess að gera olíuverslunina sem hagkvæmasta fyrir landsmenn.

Þá skal jeg víkja fáeinum orðum til hæstv. fjrh. (JÞ). Hann gaf þá yfirlýsingu hjer í gær, að vegna tekjuhallans yrði að taka varasjóð Landsverslunar til þess að borga skuldir. Þetta var nú í gær ástæðan til þess, að leggja varð niður Landsverslunina. Þetta var öll sú leiðbeining, sem þingið fjekk hjá stjórninni í gær, og hv. þingmenn voru látnir rífast fulla 8 tíma án annara leiðbeininga. Þegar jeg minnist ræðu hæstv. fjrh. í dag, verð jeg að halda, að hann hafi ekki sagt þetta að yfirlögðu ráði. Hann hefir verið dálítið úfinn í skapi, og ef hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hefir sjeð forstjóra D. D. P. A. jafnbleikan og hæstv. fjrh. var í gær, þegar greidd voru atkvæði um fjárlögin, þá hefir honum ekki skjátlast. Hæstv. fjrh. (JÞ) var sem sagt nokkuð skapúfinn og hefir víst þurft að hreyta úr sjer ónotum þess vegna, sem ekki voru sæmileg gagnvart hv. þingmönnum. Það var einmitt í gær, sem þingið bjargaði nokkrum hundruðum þúsunda úr klónum — eða höndunum á hæstv. fjrh. Og í gær fjekk hæstv. fjrh. samþykt lög, sem samkvæmt hans yfirlýsingu ættu að gefa ríkissjóði nokkur hundruð þús. kr. í toll næsta ár. Þetta hvorttveggja er víst óhætt að segja, að vega muni fullkomlega upp á móti þessum ½ milj. tekjuhalla, einkum þegar á það er litið, hve tekjur ríkisins eru varlega áætlaðar. Jeg held því, að hæstv. fjrh. hafi ekki sagt þetta með fullkomlega yfirlögðu ráði.

Því hefir verið haldið fram af ýmsum ræðumönnum hjer, að hæstv. fjrh. hafi talað fyrir hönd stjórnarinnar. Jeg skildi hann ekki svo, og yfirlýsing hans í dag styrkti mig í þeirri skoðun, að hann hefði aðeins talað fyrir sinn munn. Hann lagði áherslu á, að þetta væri sín eigin yfirlýsing, en ekki stjórnarinnar, og jeg vil trúa því, meðan unt er. Jeg trúi því ekki, að hæstv. atvrh. (MG) gefi þessari þáltill. atkv. sitt.

Jeg verð að skjóta því inn í, að hjer hefir verið ráðist á mann og honum brugðið um óráðvendni. Þessi maður er Magnús Kristjánsson Landsverslunarforstjóri. En það er svo um þann mann, að hann hefir ekki einungis notið trausts og verið mikils metinn í Framsóknarflokknum, heldur einnig í Íhaldsflokknum. Jeg verð að segja, að jeg þekki ekki ráðvandari mann nje merkilegri til orða og gerða, og jeg efa ekki, að þegar hann lætur af starfi sínu, þá verður um hann sagt, að hann hafi verið allra manna dyggastur og drottinhollastur.

Að síðustu skal jeg koma að því, sem talað hefir verið um samningana. Jeg get ekki tekið yfirlýsingu hæstv. fjrh. svo alvarlega sem ella, vegna yfirlýsingar hans í gær um, að á peningunum þyrfti að halda. Jeg sje ekki, að samningarnir komi þessu máli beinlínis við, þar sem þeir eru útrunnir, og hæstv. fjrh. hefir sjálfur heimild til þess að gera nýja samninga. Nú hefir hæstv. fjrh. lýst því yfir, að hann hafi ekki reynt að gera samninga, og alt bendir á, að hann sje staðráðinn í að reyna það ekki. Með öðrum orðum, hvað góðum kjörum sem hann kynni að komast að, er hann reiðubúinn til þess að drepa Landsverslun. Fyrir honum er þetta hreint og beint stefnumál. Jeg hefi að vísu heyrt áður, að þessi samningur væri ekki eins góður og vera bæri. En jeg hafði aldrei búist við, að við fengj-

um svo góðan samning, að hægt væri að segja, að samið hefði verið við okkur af tómum kærleika. Það er vitanlegt, að í engri verslun eru öflugri hringar en einmitt þessari. Jeg er samt ekki í neinum vafa um það, að steinolíuverslunin hefir verið mun hagfeldari hjer síðan Landsverslun tók við. Þó skal jeg gera þá játningu, að það getur verið, að einstaka menn geti fengið betri kjör undir frjálsri verslun, þeir menn, sem hafa á hendi útsölu fyrir D. D. P. A., því að ekkert fjelag borgar víst fulltrúum sínum jafnvel og þetta. Því er ant um að hafa duglega menn í þjónustu sinni, en lítur minna á hitt, hvaða kostum almenningur verður að sæta. Það má minna á þetta gamla, sem einn forstjórinn sagði, þegar kvartað var undan verðinu: „Við ætlum að fá 200% og spyrjum engan að því". Sjerstaklega verð jeg að taka það fram, að mjer fellur mjög illa, að hæstv. fjrh. skuli ekki ætla að bera við að leita samninga, því á þessu sviði gat kaupmannsvit hans orðið landinu að gagni. En það lítur ekki út fyrir, að hann vilji láta það skína í þarfir landsins.

Að lokum verð jeg að segja það, að ef nú á að knýja fram, að Landsverslun sje lögð niður athugunarlaust, nauðsynjalaust og að óreyndu, þá tekur hæstv. fjrh. á sig þá ábyrgð, sem síðar mun svíða undan.

Flm. (Sigurjón Jónsson): Það var önnur ræða hv. 5. landsk. (JJ), sem jeg ætlaði að minnast ofurlítið á. Jeg verð að segja það, einkum um fyrri hluta þessarar ræðu, að hún hafði á sjer annan og betri blæ en fyrsta ræða hans. Hún snerist um málið, sem lá fyrir, og tildrög þess, og er sjálfsagt að eiga orðastað við hann á þeim grundvelli. Jeg sagði, að þessi ræða hv. þm. hefði haft á sjer annan blæ en fyrri ræða hans. Það er af eðlilegum ástæðum, því að hann las mikið upp úr ræðum merkra manna og tilfærði orð þeirra, svo að ræða hans lýsti oft meira skoðun annara en hans eigin skoðun. Þessi upplestur hv. þm. átti að sýna tvent. Í fyrsta lagi, hverjar aðalástæður væru fyrir heimildarlögunum 1917 og hvað þá vakti fyrir þingmönnum, og í öðru lagi, hvort lögin væru sett til að afla ríkissjóði tekna. Jeg ætla að víkja dálítið að þessu tvennu. Það kom fram í fyrstu ræðu minni, að ástæður þeirra þm., sem fylgdu lögunum 1917, voru óttinn við, að einokunin, sem hafði verið óhagstæð, mundi halda áfram. Jeg tók fram þá, að það væri í alla staði eðlilegt, að þm. settu þessi heimildarlög 1917, en hitt var jafnsjálfsagt, að ef þm. komust að þeirri niðurstöðu við að rannsaka málið, að höfuðástæðan til að hrinda því áfram var ekki lengur til, sje gengið inn á aðra braut. Það er hjer, sem okkur greinir á, hv. 5. landsk. og mig.

Jeg lýsti því yfir í fyrstu ræðu minni, og get gert það enn, að jeg hefði talið heppilegra, að þingið hefði 1917 fylgt þeirri stefnu, sem núverandi forstjóri Landsverslunarinnar, Magnús Kristjánsson, lagði til að þingið fylgdi, sem sje að ríkið hefði áfram, í frjálsri samkepni, olíuverslun hjer, svo lengi sem þyrfti, til þess að tryggja mönnum hagstæð olíukaup. Þar fyrir var afstaða þingmanna 1917 til málsins ofureðlileg.

Jeg þykist hafa sýnt með dæmum, sem ekki verða hrakin, að þessar ástæður, sem þá voru fyrir hendi, eru ekki lengur til. Markaðurinn er orðinn það

frjáls hjer í Evrópu, að það á ekki að vera og getur naumast verið hætta á því, að við lendum í einokun, eins og hjer átti sjer stað fyrir 1917, í mörg ár. Jeg tók dæmi um innkaup Standard White frá Hamborg, og það sýnir, að það hefði verið hægt að kaupa þessa olíu, sem er notuð að hálfu leyti hjer í landi, það er að segja 20 þús. tunnur af 44 þúsundum, og það verð, sem yrði á henni, hingað kominni, ætti að sanna, að hægt er að kaupa þessa olíu með eins góðu verði og Landsverslunin með einokun getur útvegað okkur. Önnur dæmi mín stefndu að þessu sama. En það er ekki hægt að eiga orðastað við hv. þm., ef hann vill ekki trúa þeim gögnum, sem fram eru lögð í málinu, og segir bara, að best sje að hafa Landsverslun. Maður heyrir altaf þetta sama, að ekkert sje að marka tölurnar, að það sje alt ósannað, sem við segjum, að Landsverslun sje best og því um líkt. Jeg vil því taka það fram, að það, sem okkur greinir á um, er það, að jeg álít, að þær ástæður, sem voru fyrir hendi 1917, sjeu nú ekki lengur til.

Þá kem jeg að hinu atriðinu, viðvíkjandi því, að ýmsir þm. hefðu 1917 álitið, að þessi verslun ætti að vera tekjulind fyrir ríkissjóð. Þessu mótmælti jeg strax í framsöguræðu minni og gat um, að ríkisverslunin væri nú ekki rekin sem ágóðafyrirtæki. Þó að ríkissjóður fái 60 aura af hverju fati umfram lögákveðinn vörutoll, eru það engar tekjur, allra síst þegar þess er gætt, að hann á að bera áhættuna við verslunina, jafnhliða varasjóði hennar, eins og greinilega kemur í ljós, bæði í heimildarlögunum og reglugerðinni. En þar sem hv. þm. vitnaði í ræður þingmanna 1917, vildi jeg, með leyfi hæstv. forseta, mega lesa upp örfáar línur úr umsögn annara þm. um þetta sama atriði. Hv. þm. N.-Þ. (BSv) segir 1917: „Um 2. brtt. er það að segja, að mjer finst steinolía vera vara, sem í versta lagi er til þess fallin, að skattur sje á hana lagður. Jeg hefi áður bent á, að slíkur skattur getur komið ranglátlega niður, því að það getur vel viljað til, að útgerðarfjelag eða útvegsbóndi, sem eyðir lítilli olíu móts við aðra, afli mjög vel o. s. frv.“. Hann leggur sem sje áherslu á, að ekki sje stofnað til verslunarinnar til þess að afla ríkissjóði tekna. Þá segir hv. þm. V.-Ísf. (MÓ): „. . . en eins og málið horfir nú við, eru allar líkur til, að það verði samþykt. Eins og jeg hefi áður tekið fram, þá álít jeg, að 5 kr. gjaldið, sem fyrst var stungið upp á, sje of hátt, og jeg er einnig á því, að 4 kr. gjaldið sje líka of hátt. Jeg get fallist á það, sem einnig hefir verið stungið upp á, að gjaldið sje 2 kr.“. Þetta segir annar þingmaður um þetta atriði. Þá ætla jeg enn að vitna í ummæli þáverandi þm. Ak. (MK). Hann segir: „En það er annað, sem athuga þarf í þessu máli. Það er, hvort tilgangur frv. sje ekki ef til vill sá að útvega landssjóði tekjur. Ef svo skyldi vera, þá verð jeg að álíta, að hjer sje aðeins um grímuklætt skattafrv. að ræða, og virðist það ekki úr vegi, að því sje gaumur gefinn þegar í byrjun, o. s. frv.“. Seinna segir hann: „Þess vegna mun jeg leyfa mjer við næstu umr. að koma fram með brtt. við 3. gr. frv., þannig lagaða, að lækka skuli eða fella niður með öllu fjögurra króna gjaldið, sem þar er um að ræða“. Þannig leit þáv. þm. Ak. (MK) á málið.

Núverandi hv. 1. þm. Árn. (MT),

sem þá var þm. Ísaf., tók í sama strenginn. Þó að hægt sje að tilfæra þm., sem 1917 litu eins á málið og hv. 5. landsk. (JJ) gerir nú, þá eru aðrir, sem ekki höfðu þá skoðun, og stefna þeirra varð ofan á í þinginu.

Mjer þótti leiðinlegt, að hv. 5. landsk. (JJ) virtist illa snortinn, þegar lesinn var samningurinn, sem gerður var við British Petroleum Co. Jeg veit ekki, hvort fleiri þm. hafa veitt því eftirtekt, en mjer fanst það koma meira við hv. þm. en þótt upplýst væri, að steinolíufatið væri selt nokkrum krónum yfir sannvirði. Jeg veit ekki, hvort það var af því, að hv. 5. landsk. (JJ) áliti samninginn óheppilegan sínum málstað. Jeg hefi ekki rætt um samninginn, þótt mjer væri hann kunnur.

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að því, sem bæði hv. 5 landsk. (JJ) og aðrir komu að í sambandi við þau orð, sem jeg ljet falla í garð Magnúsar Kristjánssonar um álagningu fyrir afföllum skulda. Jeg stend við það, sem jeg sagði þá, að jeg álít óheimilt að leggja á útsöluverð olíunnar fyrir afföllum skulda. Jeg get vísað í reglugerð um einkasölu á steinolíu 1922, þar sem segir í niðurlagi 4. gr.: „Hvers árs arður, sem til kann að falla umfram hið ákveðna $2^2/_3$ eyris gjald, leggist í veltufjár- og varasjóð Landsverslunar, enda ber hann og það tap, sem verslunin kann að verða fyrir".

Jeg get sagt hv. 5. landsk. (JJ) það, og öðrum hv. þm., að jeg hefi talað við lögfræðing um þetta, og að hans áliti var það ekki leyfilegt við ákvörðun á útsöluverði á olíu að taka tillit til affalla á skuldum. Hitt er annað mál, að ekki væri hægt að reikna svo nákvæmlega, að ekki gæti orðið neinn hagnaður á þessum rekstri fram yfir sem svaraði $2^2/_3$ eyris. Hitt hjelt jeg að jeg hefði tekið greinilega fram, þegar jeg skaut því til hæstv. stjórnar að láta rannsaka þetta, að ef það reyndist rjett, að við ákvörðun á verði olíunnar hefði verið lagt á fyrir afföllum skulda, þá ásakaði jeg forstjóra Landsverslunar og krefðist þess, að þeim yrði endurgreitt, sem hafa keypt olíuna með hærra verði en leyfilegt var að selja hana fyrir. Hjer þurfti enginn óheiðarleiki að koma til greina. Það er rangt að segja, að maður beri þessum manni á brýn óheiðarleika, þó hann hafi skilið regluna öðruvísi en jeg geri. Jeg kom ekki nálægt því, að hann hefði gert þetta í eiginhagsmunaskyni, en hann hefir þarna skarað of mjög eld að köku Landsverslunar. **(Rödd í salnum:** Stjórnin á að svara fyrir þetta). Jeg er óviss um, að hæstv. stjórn hafi verið búin að sjá þessa skýrslu, þegar jeg sá hana, því hún er nýkomin. Jeg get látið þetta nægja til allra þeirra hv. þm., sem talað hafa um ásökunarorð í garð forstjóra Landsverslunar.

Þá skal jeg koma dálítið inn á till. hv. þm. N.-þ. (BSv) í þessu máli, að vísa málinu til stjórnarinnar. Það mundi leiða til þess, að jafnframt því að steinolíueinkasalan hjeldi áfram veitti stjórnin framvegis meiri undanþágur frá þessari einkasölu heldur en verið hefir hingað til, og mjer skilst, að það mætti ótakmarkað flytja inn til eigin afnota. Því er nú svo varið, að okkur flutningsmönnum og öðrum hv. þm. greinir ekki mjög á í þessu máli. Við kysum það ábyggilega helst, að verslunin kæmist í það horf, að landið þyrfti ekki að hafa verslun með þessa vörutegund. En ýmsir hafa ekki eins góða

trú eins og við, að þetta geti tekist bráðlega. Jeg verð að segja hv. þm. (BSv) það, að þessi leið, sem hann leggur til að sje farin, er ekki fær leið, og jeg vonast til, að jeg geti með einstöku dæmi sýnt fram á, að hún nær ekki tilgangi sínum. Með því að gefa einstökum mönnum leyfi til að panta olíu til eigin nota, þá vill hv. þm. (BSv) tryggja það, að Landsverslun selji ekki dýrara en hæfilegt er. En með því að láta einkasöluna standa áfram, en gefa samt einstökum notendum leyfi til að panta olíu fyrir sig, þá mundi þetta reka sig á það, að heildsalar erlendis skiftu alls ekki við þessa menn, af því einkasala er til, og yrðu þeir því að eiga kaup sín við smásala. Jeg hefi heyrt dæmi um þetta, frá verslun í Kaupmannahöfn, sem er ein af stærstu verslunum þar með þessa vörutegund. Eftir að einkasalan komst á var það maður nokkur, sem fór fram á það við þessa verslun, hvort hún vildi ekki halda áfram að senda sjer olíu til Ísafjarðar, ef undanþága gæti fengist hjá stjórninni. Kaupmaðurinn skrifaði ósköp kurteist brjef og kvað það vera móti sínu „principi", því þar sem einkasala væri til í landinu, vildu heildverslanir ekki selja öðrum en einkasölunni, af því að hún væri heildverslun. Þó einstakir menn fengju leyfi til að panta olíu, þá ná þeir ekki þeim hagkvæmu kaupum, sem hægt er að ná með frjálsri verslun. Meðal annars af þessu get jeg ekki gengið inn á till. hv. þm. N.-Þ. (BSv). Þess utan sýnist það hálfkátlegt, ef við ljetum einkasöluna halda áfram, en að jafnframt gætu menn fengið leyfi til að panta olíu eins og þeir vildu til eigin notkunar.

Jeg skal gjarnan geta þess nú, að jeg þykist ekki þurfa að eiga neinn orðastað við hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Okkar skoðanir á verslunarmálunum eru svo fjarri hvor annari, að það er ekki til neins fyrir okkur að vera að karpa. Það leiðir af sjálfu sjer, að þótt hægt væri að sýna það deginum ljósara, að verslun yrði hagkvæmari með því, að einstaklingar ræku hana, myndi hann aldrei ganga inn á það, því hans stefna er einokun á allri verslun. Svo það snertir mig alls ekki illa, þó þessi hv. þm. segi þetta alt hringavitleysu vera. Það er hans orðatiltæki um stefnur yfirleitt, sem hann stendur mjög fjarlægur. Þessi hv. þm. vill sem sagt einoka alt, jafnvel persónulegar skoðanir og athafnir. (**JBald**: Þetta þekkist nú ekki nema í Íhaldsflokknum). Það þekkist ekki í Íhaldsflokknum, enda er það eftir rússneskri fyrirmynd.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) vil jeg enn þá segja það, að breytingin, sem varð á olíuversluninni 1923, þegar einkasalan komst á, hún var ekki til bóta, eftir því sem jeg hefi vit á þeirri verslun. Steinolíuverslunin hjá okkur frá 1920—1922 var að mínu viti það besta fyrirkomulag, sem við höfum haft af að segja í verslun þessari. Jeg viðurkenni, að ólag var á þessari verslun, og það mikið, fyrir þann tíma. En eftir að einstaklingar fóru að flytja inn olíu og Landsverslun kepti við þá um innflutning, þá var olíuverðið það hagkvæmasta sem hefir verið. Jeg get sagt það hv þm., að það, sem einstaklingar fluttu inn þá af olíu, var ódýrara en sú olía, sem Landsverslun hafði á boðstólum.

Þá vil jeg ofurlítið víkja að því, sem þessi hv. þm. og fleiri hafa haldið fram, að þessa till. hefði alls ekki átt að bera hjer fram og ekki að ræða við eina

umræðu. Hv. 2. þm. Árn. (JörB) sagði, að ekki ætti að ræða hana í sameinuðu þingi. Jeg vil segja hv. þm. það, samkvæmt því sem jeg hefi áður sagt í þessu máli, að jeg get ekki skoðað þetta mál sem fjárhagsmál fyrir ríkið, því jeg álít ekki, að þessi einokunarverslun sje tekjulind fyrir ríkissjóðinn, enda ekki sett í þeim tilgangi eða rekin.

Jeg gekk inn á það í gær, að þessi till. væri nokkuð seint fram komin, en sagði ástæður til þess, sagði blátt áfram, að jeg hefði ekki fyrir nema svo skömmum tíma vitað, að það þyrfti yfirlýstan þingvilja til þess að breyta þessu fyrirkomulagi. En eftir að hafa lesið framsöguræðu hæstv. núverandi atvrh. (MG) í þessu máli duldist mjer ekki, að það þurfti þingvilja til breytingar.

Þá var það hv. 1. þm. Árn. (MT), sem hjelt því fram, að stórhættulegt væri að láta Landsverslun versla í frjálsri samkepni. Hv. þm. fór mjög lofsamlegum orðum um forstjóra Landsverslunar, sem hann lýsti sem mjög ábyggilegum og drottinhollum og áreiðanlegum manni í alla staði, og ætla jeg alls ekki að bera brigður á það. En það vill nú svo vel til, að það er hægt að vitna til orða þessa manns fyrir því, að hann áleit heppilegra fyrirkomulag að halda áfram versluninni í frjálsri samkepni; það var 1917, eftir að hann hafði kynst talsvert innflutningi á olíu til landsins. Þó hann gengi inn á einkasölu, þá hnekkir það ekki þeirri skoðun hans að hafa frjálsa olíuverslun, en láta jafnframt Landsverslun flytja inn. Ef hv. þm. vill lesa það, sem forstjóri Landsverslunar sagði á þingi 1917, þá ætti hann að geta sannfærst um það, að þessu fylgir engin sjerstök áhætta, og að það er ekki verið að ganga inn á neina nýja braut. Fyrir 1922 bar ekki á vöntun á olíu, og fluttu þá inn bæði Landsverslun og kaupmenn. Jeg geri ráð fyrir, að það yrði lagt Landsverslun nokkurn veginn í vald, hvar hún verslaði, og það er trúa mín, að hennar þyrfti ekki lengi við.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta meira. Jeg hefi viljað komast hjá því að kasta hnútum til hv. þm. í þessu máli, og býst ekki við að taka oftar til máls, enda geri jeg ráð fyrir, að þó menn haldi áfram að ræða málið mikið lengur, komi ekkert nýtt fram.

Forseti (JóhJóh): Mjer hefir borist ósk frá 9 þingmönnum, svolátandi:

„Undirritaðir óska, að umræðum verði slitið, þegar þeir hafa talað, er þegar hafa kvatt sjer hljóðs".

Alþingi, 12. maí 1925.

H. Steinsson. Þórarinn Jónsson.
Einar Árnason. Ingvar Pálmason.
Eggert Pálsson. Björn Kristjánsson.
Aug. Flygenring. Guðm. Ólafsson.
Pjetur Ottesen."

Mun jeg bera þessa ósk undir atkv. þingsins.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi leyfa mjer að mæla á móti því, að menn fari svo háðulega með sjálfa sig og þingið að taka fyrir munninn hver á öðrum. Jeg álít ekki, að meiri hluti þingmanna hafi rjett til að taka fyrir munninn á þó ekki sje nema einum þingmanni, sem rjett hefir samkv. þingsköpum til að tala. Jeg vil láta þessa getið, af því jeg tel þetta þann versta þingósið, sem nokkur þjóð getur leyft sjer.

Sigurður Eggerz: Jeg verð að telja

það óhæfilegt að slíta þessum umræðum, því undirbúningur þessa stórmáls er svo lítill, að það er það minsta, sem hægt er að krefjast, að þingmenn fái að ræða það nú.

Forseti (JóhJóh): Jeg skal taka það fram, að þingsköp heimila 9 þingmönnum í Sþ. að heimta að fá það borið undir þingið, hvort slíta skuli umræðum, og ef það verður samþ. með meiri hl. atkv., verður að fara eftir því. Mun jeg því bera hina fram komnu ósk undir atkv.

ATKVGR.

Till. um að slíta umr. samþ. með 20:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞórJ, ÁF, BK, BL, EP, EÁ, GÓ, HSteins, HSn, IHB, IP, JJós, JK JM, JS, KlJ, MG, PO, SJ, SvÓ.

nei: ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSv, BJ, HStef, HK, IngB, JAJ, JBald, JÞ, JJ, JörB, MJ, PÞ, SE, SigurjJ, JóhJóh.

Fjórir þm. (BSt, JakM, MT, TrÞ) fjarstaddir.

Jörundur Brynjólfsson: Hv. aðalflm. (SigurjJ) vildi meina, að þessi till. væri löglega borin fram og samkv. þingvilja, en jeg er þar á gagnstæðri skoðun. Hann rökstuddi mál sitt með því, að þar sem ekki væri ætlast til, að þessi tilhögun á verslun væri tekjuauki fyrir landið, þá þyrfti ekki að bera till. upp í báðum deildum.

Nú er till. þess eðlis, að búast má við, að það varði töluvert fyrir landið fjárhagslega, hvort samþ. verður eða ekki. Jeg vil leyfa mjer að fullyrða, að það ákvæði þingskapanna, að ekki megi samþ. útgjöld með þál., taki af öll tvímæli um það, hversu löglega er hjer að farið. Hvað sem að öðru leyti má segja um þetta mál, þá er það ólöglega fram borið og flutt inn í þingið þvert ofan í þingsköp. Það má hvorki leggja skatta nje önnur útgjöld á landsmenn nema með lögum, en þál. er ekki lög.

Hv. þm. virtist hafa mikla trú á því, að tímarnir væru gerbreyttir frá því, sem var fyrir stríð og á stríðsárunum, en lítið hafði hann við að styðjast. Þetta var aðeins hans góða og mikla trú, og getur hver ráðið við sig, hvað hann leggur mikið upp úr henni hjá hv. þm. Það er rjett, sem hann tók fram, að það hefði ekki verið meiningin með þessari tilhögun að skapa tekjulind fyrir landið. Aðalástæðan til þess, að horfið var að þessu ráði, var sú, að útvega landsmönnum ódýrari olíu. Og þetta litla gjald, sem lagt var á olíuna, var meira tryggingargjald en gróði.

Þá verð jeg að víkja nokkrum orðum að mínum forna samherja hv. þm. N.-Þ. (BSv). Hann vildi halda því fram, að jeg misskildi sig, og okkur bæri í raun-inni ekki svo mjög á milli. Hann sagði, að jeg væri horfinn frá því að vilja hafa þessa vörutegund í frjálsri verslun. En jeg sagði, að jeg mundi vera með frjálsri verslun, ef mjer væri sýnt fram á það, að kaupin reyndust hagkvæmari með því móti. Ef svo er, að Landsverslunin hefði haft hagstæðari innkaup heldur en ef olían hefði verið í frjálsri verslun, þá vil jeg ekki taka steinolíuverslunina af Landsversluninni og með því rýra þann möguleika, að allir landsmenn fái olíuna jafnódýra. Ef menn kaupa olíuna til eigin nota, en ekki til sölu, þá get jeg fallist á það, að þeir, sem nota olíu í stórum stíl, geti kom-

ist að jafnhagkvæmum kjörum og Landsverslun. En það yrðu aðeins þeir, sem búsettir eru í stærri stöðunum. En hvernig ætli að færi um þá menn, sem búsettir eru í smærri verstöðunum? Þeim yrði olían miklu dýrari. Þeir yrðu að hafa mikinn kostnað við það að ná olíunni til sín. En sje það skoðun hv. þm. N.-Þ., að landið eigi að birgja slíka staði upp, þá hygg jeg, að það sje erfitt fyrir Landsverslunina að birgja þær hafnir, sem erlend skip koma lítið á. Og ekki trúi jeg öðru en að hv. þm. N.-Þ. geti látið sjer skiljast það, að með þessum hætti yrði olían dýrari útvegsbændum á Skálum á Langanesi en útgerðarmönnum hjer í Rvík og Vestmannaeyjum. Jeg verð að lýsa yfir því, að jeg get alls ekki greitt atkv. till. hv. þm. N.-Þ. um að vísa málinu til stjórnarinnar. Jeg vil heldur, að þessi þáltill. gangi sinn gang. Mál þetta hefir nú verið svo mikið rætt hjer, að jeg verð að sleppa mörgum atriðum, sem jeg hefði gjarnan viljað minnast á. Þó get jeg ekki gengið alveg fram hjá ræðu hæstv. fjrh. (JÞ). Mjer fanst ræða hans vera á þá leið, að ekki yrði hjá því komist að láta í ljós skoðun sína á henni. Jeg er honum þakklátur fyrir það, að hann ljet menn heyra ýmislegt úr steinolíusamningnum. Jeg skal játa það, að mjer fundust ýms atriði samningsins athugaverð. Þar voru ýmsir kostnaðarliðir háir, og furðumikið tekur fjelagið fyrir margar sínar fyrirhafnir. Jeg hygg, að hægt mundi vera að fá hagfeldari samning, en jeg get ekki verið samþykkur ályktun hæstv. ráðherra, að ekkert skuli reynt frekar. Athugaverð atriði, sem verða á vegi manns, ættu að vera manni hvöt til þess að komast lengra í áttina. Það væri fróðlegt, ef maður hefði gögn í höndunum til þess að gera samanburð á útsöluverði í Danmörku, áður en Landsverslunin tók steinolíusöluna í sínar hendur, og útsöluverði hjer. En því miður hefi jeg engin tækifæri til þess.

Hæstv. ráðherra sagði meðal annars, að verslunarstjett landsins ætti að taka áhættuna af þessari verslun í sínar hendur, og hann gerði töluvert úr áhættunni. En jeg held fast við það, að því fleiri, sem hafa innflutninginn á hendi, því meiri áhætta er, að landið verði ekki altaf birgt af vörutegundinni. Hæstv. ráðherra gat þess og, að þeir yrðu að tryggja sig fyrir áhættunni. En með hverju tryggja menn sig fyrir áhættunni, nema með því að leggja á vöruna? Hæstv. ráðherra efaðist um, að gamla steinolíufjelagið hefði verið verra en fjelag það, sem Landsverslunin verslar við. Mjer þykir nú fjelag það, sem Landsverslunin skiftir við, að mörgu leyti ekki álitlegt, en að líkja því við hið gamla illræmda D. D. P. A., nær þó engri átt.

Hæstv. ráðherra sagði, að Framsóknarflokkurinn og jafnaðarmenn væru hjer að verja hagsmuni erlends fjelags. En þetta eru orð, sem ráðherrann getur ekki staðið við. Eg hefi alftaf tekið það skýrt fram, að fyrir mjer vakir í þessu máli ekkert annað en það, að útvega landsmönnum öllum sem ódýrasta olíu. Þetta stend jeg við. Orð mín hnigu í þá átt, að afla ætti upplýsinga um það, hvernig Landsverslunin væri rekin. Ef það kæmi í ljós við slíka rannsókn, að þetta fyrirkomulag væri óhagkvæmara en frjáls verslun, þá teldi jeg sjálfsagt að leggja Landsverslunina niður. Þetta kalla jeg ekki að verja erlent fje-

lag, og hæstv. ráðherra þarf ekki að gera mjer það upp, að jeg breyti ekki samkvæmt þessari skoðun minni.

Jeg vil enn á ný ítreka það, að þetta mál þarf rækilegrar rannsóknar við, svo að við getum greitt atkvæði eftir þekkingu á málinu, en þurfum ekki að byggja á staðhæfingum, sem stangast eins og mannýgir hrútar, og svo er maður engu nær að afloknu öllu skvaldrinu. Jeg mun því að svo stöddu greiða atkvæði á móti þessari þáltill. og skal svo ekki tefja umræðurnar meir.

Jónas Jónsson:*) Jeg get verið stuttorður núna. Þó vil jeg lítillega drepa á tvö atriði í þessu máli. Annað er saga þess, hitt reynslan. Jeg drap á það í gær, að 1912 var fyrst reynt að brjóta á bak aftur verslunarok D. D. P. A. Var inn á það gengið af öllum, og gerði það óbeit manna á hinum erlenda hring. Þingið 1917 gaf stjórninni svo heimild til einkasölu. Það var nú játað af hv. flm. (SigurjJ), að fyrst eftir að Landsverslunin tók að versla með olíu, hafi steinolíuverslunin verið ágæt. Enda er sannleikurinn sá, að Landsverslunin kúgaði steinolíufjelagið þrep af þrepi, uns náð var venjulegu heimsmarkaðsverði. Í sömu átt og þetta gengur álit Fiskifjelags Íslands. Það hefir lýst því yfir, að það vilji halda þessu söluformi áfram.

Þetta er þá saga málsins í aðaldráttunum. Og ef svo skyldi fara, að meiri hluti þingsins breytti þvert ofan í reynsluna, þá verð jeg að segja, að sú þjóð, sem slíkt þing hefir, á ekki betra skilið en að lenda aftur í klóm þess okrarafjelags, sem lagði á okkur 100—200% aukaskatt. Og nöfn þeirra, sem slíkt styðja, skulu vandlega verða geymd.

Þá vil jeg víkja örfáum orðum að háttv. þm. Ak. (BL). Hann rjeðst hjer í gær á forstjóra Landsverslunarinnar með dylgjum um, að forstjórinn stæli af versluninni. Að sjálfsögðu mótmælti jeg þessari árás, en út af mótmælum mínum reis hann upp og hjelt þá vitlausustu ræðu, sem nokkurn tíma hefir verið flutt á Alþingi Íslendinga, að minsta kosti síðasta mannsaldurinn. Ekkert nema fúkyrði og vitlausar staðhæfingar.

Af því nú að sumir hafa lagt það illa út, að forseti skyldi ekki svifta manninn orðinu, vil jeg taka það fram, forseta til afsökunar, að ástæðan mun hafa verið sú, að hann, eins og fleiri, mun vita, að maður þessi er ekki heilbrigður, heldur veikur, og það þannig veikur, að hann á betur heima í annari landssjóðsstofnun en Alþingi.

Það er sem sje alkunnugt, og haft eftir merkum lækni, að þegar maður þessi var ungur, þá hjelt hann altaf, að setið væri á svikráðum við sig og stöðugt væri einhver að ofsækja sig. Og eftir að hann varð fulltíða maður og bauð sig fram í Eyjafjarðarsýslu til þingsetu, þá fylgdu honum þessi sömu ósköp. Hann hjelt, að altaf væri verið að ofsækja sig eða tala illa um sig.

Þannig er t. d. sagt, að eitt sinn, er hann kom heim úr einum kosningaleiðangrinum, alveg uppgefinn, þá hafi hann andvarpað og sagt: „Nú hefi jeg hevrt, að maður úti í Svarfaðardal hafi talað illa um mig". Þetta var nóg til þess að gera hann ólukkulegan.

*) Óyfirlesin ræða.

Það hefir nú orsakast svo, að jeg hefi óviljandi orðið manni þessum þyrnir í augum. Hann sagði t. d. eitt sinn við kosningar í Þingeyjarsýslu, að eiginlega væri verið að kjósa um mig og þann mann, sem hann studdi. En svo fóru samt leikar, að maður sá, sem jeg studdi, fjekk tvö atkvæði á móti hverju einu, sem stuðningsmaður hans fjekk, þrátt fyrir það, þó að sá maður væri viðurkendur sæmdarmaður.

Litlu síðar mættumst við á Akureyri, og vita allir, sem viðstaddir voru, hvernig viðskifti okkar voru þar. Síðast í vetur bar hann það í Akureyrarblöðin, að jeg hefði greitt atkvæði móti kjöttollsmálinu. Þetta var vitanlega rekið ofan í hann og hann gerður opinber ósannindamaður. Var þá skorað á hann að bera það af sjer, en í stað þess að gera það í Akureyrarblöðunum, þá segist hann munu gera það hjer. En hvað skeður? Hann hreyfir sig ekki í þá átt.

Jeg áfelli því hæstv. forseta ekki, þó að hann svifti þennan aumingja ekki orðinu, því að hjer sannast hið gamla orðtæki, að ómerk eru ómaga orð. Er því sama, hvað hann veður.

Annars er þetta aumingjamál alveg í samræmi við háttv. þm. Ak. (BL).

Tryggvi Þórhallsson: Jeg skal aðeins bera af mjer sakir, sem hæstv. fjrh. (JÞ) bar á Framsóknarflokkinn, en beindi þó sjerstaklega til mín, þar sem hann var að svara fyrirspurn, sem jeg gerði til hæstv. stjórnar í fyrri ræðu minni.

Hæstv. fjrh. sló því fram, að við, sem viljum halda steinolíueinkasölunni áfram, ljetum stjórnast af persónulegum hagsmunum í máli þessu. Hæstv. ráðh. fór jafnvel svo langt að segja, að við hefðum slegið skjaldborg um British Petroleum Co., og vildi meira að segja líkja afstöðu okkar til þessa fjelags nú við afstöðu sumra innlendra manna til dansk-íslenska olíufjelagsins fyrir daga einkasölunnar.

Slíkt nær vitanlega ekki nokkurri átt. Þeir Íslendingar, sem stóðu að D. D. P. A. eða H. Í. S., sem það hjet síðar, græddu beinlínis peninga á því að vera í fjelaginu. Þeir voru þar hluthafar og höfðu þar af leiðandi beinan hag af því, að það fjelag og ekkert fjelag annað færi með steinolíuverslun landsins.

Ef okkar afstaða væri þessu lík, þá ættu till. okkar að vera þær, að ekki væri tekið annað í mál en að B. P. Co. seldi hingað alla steinolíu, sem landsmenn þörfnuðust. En það höfum við vitanlega aldrei sagt.

Mjer fyrir mitt leyti er nákvæmlega sama, hvað fjelagið heitir, sem selur hingað olíu, hvort það er angi af Rockefellers-hringnum eða Anglo-Persian o. s. frv. Jeg vil einungis skifta við þá, sem bjóða bestu kjörin, hvað svo sem beir heita. Enda veit hæstv. fjrh., að okkur gengur ekki annað til en að landsmönnum megi verða verslunin sem hagkvæmust.

En málið er nú svo illa undirbúið og órannsakað, að mjer finst Alþingi sýna furðumikla ljettúð, ef það samþykkir báltill. nú. einkum þegar þess er gætt, að Fiskifjelag Íslands, sem skoða má sem aðilja af hálfu smáútgerðarmanna, beirra manna, sem nota olíu langmest, hefir óskað eftir, að steinolíueinkasalan starfi áfram.

Jeg þarf aðeins að víkja nokkrum orðum að öðru atriði.

Hæstv. forseti vjek sjer undan að

svara þeirri fyrirspurn, hvort löglegt væri að stofnsetja slíka verslun, sem þáltill. gerir ráð fyrir, án frekari heimildar. Vísaði hæstv. forseti til landsstjórnarinnar og sagði, að hún yrði að bera ábyrgð á því, á hvaða grundvelli hún stofni verslunina, ef til kemur. Þess vegna er rjett að beina nokkrum orðum til hæstv. stjórnar.

Nú blasir við, að steinolíueinkasalan verði lögð niður, en farið verði í þess stað að reka nýja verslun, samkv. þál. einni saman.

Nú kemur samkepnin með allri áhættunni, sem henni fylgir.

Við skulum hugsa okkur, að afskekt hjerað, sem ekki kemur til að njóta hinna góðu kjara væntanlegra steinolíukaupmanna, verði svo afskift, að búast megi við beinum steinolíuskorti. Þá verður skylda hinnar nýju verslunar ríkisins að hlaupa undir bagga, hvernig sem á stendur, og má búast við, að verslunin geti tapað á slíku. Sama gegnir, ef einhverjir voldugir „hringar" vilja nota fjármagn sitt til að koma ríkisversluninni á knje, með því að selja olíu undir sannvirði. Þá blasir við tap, og það er einmitt afarsennilegt, að eitthvað slíkt komi fyrir.

Nú vil jeg beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjrh., með hvaða heimild hann ætlar að greiða slíkt tap. Engin heimild er til þess gefin í fjárlögum eða nokkrum öðrum gildandi lögum. Ekki er heimildin heldur gefin með þál., sem hefir gengið rjetta boðleið gegnum þingið. Ekki er hún til í sjerstökum lögum. Heimildin er ekki til.

Gæti jeg þegar lýst yfir því, að verði leitað fjárveitingar í þessu skyni í fjáraukalögum, mun jeg telja mjer skylt að leggjast á móti henni.

Ef hæstv. stjórn ætlar að reka slíka verslun, sem í þáltill. segir, án frekari heimildar, þá lít jeg svo á, að hún og hv. Íhaldsflokkur verði að taka á sínar herðar áhættuna af versluninni.

Sigurður Eggerz: Jeg er í engum vafa um, að þetta mál verður ekki afgreitt á rjettan hátt með slíkri þáltill. Ef nú á að stofnsetja slíka steinolíuverslun, sem stungið er upp á í þáltill., þá verður það að gerast með nýrri lagaheimild. Það er eina örugga formið.

Að vísu má segja, að nái þessi þáltill. samþykki, þá felist í því yfirlýsing meiri hl. þingsins, þess efnis, að hann muni ekki draga hæstv. stjórn til ábyrgðar, þó að hún láti reka samkepnisverslun með steinolíu, án frekari heimildar en felst í sjálfri þáltill. En úr því að hæstv. stjórn og hv. stjórnarflokkur hefir áformað að fara þessa leið, þá finst mjer rjettara, að frumvarp yrði borið fram hjer í þinginu, sem færi þá í sömu átt og þáltill.

Jeg veitti þeirri stjórn forstöðu, sem tók ríkiseinkasölu á steinolíu samkv. heimildarlögum frá 1917.

Ástæður stjórnarinnar fyrir þessari ráðabreytni hefi jeg oft skýrt. Þá var um það tvent að velja, hvort ríkiseinkasala eða því nær einvaldur steinolíuhringur ætti að fara með verslunina. Um frjálsa verslun var ekki að ræða. Stjórnin tók því ríkiseinkasölu fram yfir einokun útlends hrings.

Jeg hefi enn engar sannanir fyrir því, að verslunin lendi ekki aftur í hönd-

um einokunarfjelags, ef einkasölunni sleppir.

Þetta þarf að rannsaka og sú rannsókn ætti að fara fram undir löglegri meðferð málsins hjer á þingi. Vildi jeg því skjóta því til hæstv. stjórnar, hvort hún sæi ekki fært að lengja þingtímann eitthvað og bera nú þegar fram frv. í þessa átt, heldur en að hrapa svo að málinu, sem nú lítur út fyrir að gert verði.

Jeg get ekki sætt mig við þessa afgreiðslu málsins og mun hiklaust greiða atkv. á móti þáltill., ef hrapað verður þannig að málinu, þó að jeg annars vilji stuðla að frjálsri samkepnisverslun á öllum sviðum, eins og hv. þm. má vera kunnugt.

ATKVGR.

Till. frá þm. N.-þ. (BSv) um að vísa málinu til stjórnarinnar tekin aftur.

Tillgr. samþ. með 22:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EP, HSteins, HK, HSn, IHB, JJós, JAJ, JK, JM, JS, Jþ, MG, MJ, PO, SigurjJ, þórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BK, BL, JóhJóh.

nei: EÁ, GÓ, HStef, IngB, IP, JBald, JJ, JörB, KlJ, MT, Pþ, SE, SJ, SvÓ, Trþ, þorlJ, ÁÁ, BSv.

Tveir þm. (JakM og BSt) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 545).

B.
Um framkvæmdir innanþings.

Grænlandsnefnd.

Á 72. fundi í Ed., föstudaginn 8. maí, og á 75. fundi í Nd., s. d., var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um skipun nefndar til að rannsaka rjettarstöðu Grænlands gagnvart Íslandi (A. 498).

Á 4. fundi í Sþ., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 5. fundi í Sþ., mánudaginn 11. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Sþ., næsta dag, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Sveinsson): Öllum er kunnugt um deilur þær hinar miklu, er verið hafa um nokkur ár milli Norðmanna og Dana um rjettarstöðu Grænlands.

Deilur þessar hófust alvarlega eftir för konungs vors til Grænlands sumarið 1921, þá er hann lýsti yfirráðum Dana yfir öllu landinu.

Skömmu áður höfðu fulltrúar Dana viðurkent jafnrjetti Íslendinga til veiða við Grænland, og síðan hafa Danir gert bráðabirgðasamning við Norðmenn um rjettindi til aðseturs og veiða á Austur-Grænlandi.

Þótt margt og mikið hafi verið rætt um rjettarstöðu Grænlands nú um hríð á Norðurlöndum, og af ærnu kappi, þá hafa Íslendingar setið hjá þeim málum hingað til — ekkert lagt til málanna opinberlega, nema það sem einstakir áhugamenn hafa látið málið til sín taka í blöðum, svo sem fyrst og fremst Einar skáld Benediktsson, er allra manna best hefir lagt til þessara mála.

Ekki er þögn þessi fyrir þá sök, að það sje oss óskylt mál, heldur liggja til þess aðrar ástæður.

Stöðu sjálfra vor hefir verið svo háttað, að vjer höfum fyrst þurft að leita rjettar sjálfra vor og fullra yfirráða í landi voru. Nú, er vjer höfum loks fengið viðurkent fullveldi vort, höfum vjer náð nokkru færi á að leita annars þess rjettar vors, er oss var áður með öllu fyrirmunað og í salti hefir legið.

Jafnframt þeim atburðum, deilum og umræðum, er orðið hafa um Grænland í millum frændþjóða vorra á Norðurlöndum, hefir að vísu vaknað áhugi Íslendinga á Grænlandsmálum, miklu meiri en áður hefir verið. Þess er og von, að Íslendingar þykist fullkomlega vera svo nákomnir þessum málum, að þeir megi eigi til langframa sitjandi hlut í eiga. Grænland liggur næst Íslandi allra Norðurálfulanda. Má eigi gleyma því, að Grænland fanst og bygðist frá Íslandi af íslenskum þegnum eingöngu. Íslensk nýlenda stóð þar um 500 ár. — Þótt hafið væri torsótt milli Grænlands og Íslands í þann tíma, var þó viðskiftasamband milli landanna um langan aldur — alt þar til er konungar bönnuðu siglingar á milli, og jafnvel lengur — svo að Íslendingar sættu stundum afarkostum, ef þeir fóru til Grænlands.

Þingið í Görðum í Einarsfirði (Igaliks) samsvaraði að sumu leyti vorþingum hjer á landi, og á Grænlandi gengu íslensk lög. Þessu til sönnunar eru ýmsir staðir í Grágás, þar sem ákvæði eru um þá menn, sem eru „hér í landi eða í órum lögum". Sbr. V í g s l ó ð a (Staðarhólsbók): „Ef maðr verðr sekr á Grænlandi ok er hverr þeira manna sekr hér, er þar er sekr. En svá skal hér sækja um björg ens sekja manns, er út þar varð sekr fullri sekð, sem hann yrði hér sekr á várþingi, þar til er sagt er til sekðar hans á alþingi" — o. s. frv.

Grænland hefir verið talin n ý l e n d a Í s l a n d s að fornu og er alment nefnt svo í ritum, útlendum sem innlendum, fram á síðustu tíma.

Nýlendusamband getur verið mjög margvíslegt, og þótt það sje harla lauslegt, getur það þó verið traust og haldgott og samkvæmt skilningi þeirrar þjóðar, sem nú er ríkust í heimi og mest hefir við nýlendumál fengist, en það eru Englendingar. Jeg vil í þessu sambandi minnast á greinir dr. Jóns Stefánssonar, er fyrir skemstu hafa birst hjer í blöðum. En út í það fer jeg nú eigi frekara.

Bókmentir Íslendinga bera þess ljóst vitni, hversu þeir töldu landið nákomið sjer. Ari Þorgilsson hinn fróði ritar heilan kapítula um fund og bygging Grænlands í hið örstutta ágrip Í s l a n d s s ö g u, Íslendingabók, sem alls er 10 kapítular. Eins telja Landnámabækur Í s l a n d s ágrip landnáma í Grænlandi. Íslendingar færðu og í letur sögu Eiríks rauða og aðra merka atburði vestur þar, rituðu forsagnir um siglingaleið þangað, kirknaskrá, bæjatölu o. s. frv. Í þessu felst að vísu engin sönnun um stjórnskipulegt samband landanna, en sýnir, hve Íslendingar töldu landið sjer nákomið. Annálar segja, að Grænlendingar hafi gengið á hönd Hákoni gamla Noregskonungi 1261. Hafa sumir talið það vitni um fullveldi Grænlands, en þetta sannar ekkert um stjórnarlegt sjálfstæði eða fullveldi þess. Goðorðin íslensku komu sama konungi í hendur á ýmsum árum þessa tímabils, en á þeim árum, er „gamli sáttmáli" var ger, hafðist hjer við Ólafur Grænlendingabiskup (1262—4), og kom hann hingað utan af Grænlandi.

Því verður varla með rökum hrundið, að Grænland hafi verið nýlenda frá Íslandi á þessu tímabili. En hvenær glataðist þá hinn forni rjettur Íslands til þessarar nýlendu? Það er einmitt eitt

höfuðefni þeirrar rannsóknar, sem tillagan ætlast til að verði ger, að svara þeirri spurning.

Nýlendan týndist og eyddist fyrir samningarof konunga, siglingabann þeirra til annara manna og fullkomið siglingaleysi af sjálfra þeirra hálfu.

Mundu þessar „ráðstafanir" konunganna hafa svift Ísland fornum rjetti sínum til Grænlands?

Þá þarf að athuga breytingar þær, sem urðu á ríkjaskipun Norðurlanda 1814, og afskifti og athafnir Dana síðan á Grænlandi, hvort lokunlandsins komi heim við alþjóðarjett o. s. frv.

Þá er að athuga það, hvort hjer sje einungis um rökleg rjettindi að ræða af hálfu Íslendinga, er eigi skifti neinu um hagsmuni vora í framkvæmd.

Skoðanir manna eru að vísu allmjög skiftar um kosti Grænlands á sjó og landi og hagsmuni þá, er Íslendingar muni hafa þangað að sækja.

Enginn vafi er þó á því, að veiðiskapur má vera mikill við Grænland. Nýjasta dæmi er reynsluför Norðmanna til Vestur-Grænlands í fyrra. Danir, sem voru þar í sama mund, undruðust fiskigengd þá, er þar var. Nú er í ráði, að 40 skip fari þangað frá Noregi og Færeyjum í sumar, og nokkur áhugi er einnig vaknaður hjer á landi til framkvæmda í sömu átt.

Á fundi Fiskifjelags Íslands í Reykjavík var í vetur skorað á Alþingi að veita 50000 kr. til tveggja skipa frá Íslandi, er reyna skyldu veiðar við Grænland í sumar, en það mál hefir ekki komist lengra.

Á hinn bóginn hefir það margoft verið tekið fram í ræðu og riti — meðal annars í Alþýðublaðinu — að einkar hagkvæmt mætti verða að stunda veiðar við Grænland á íslenskum botnvörpungum um hásumartímann, þegar hjer er tregast um afla.

Mjög leikur á tveim tungum um aðra landskosti á Grænlandi. Þó vita menn, að þar eru málmar í jörðu og námugröftur nokkur rekinn. Kol eru þar á sumum stöðum. Landbúnaður var þar allmikill meðan Íslendingar sátu landið. Útigangur er mikill og góður. Hefir þróast ágætlega fje það, er þangað var flutt frá Íslandi fyrir nokkrum árum og lifað hefir á útigangi.

Blaðið „Dimmalætting" bollaleggur um það fyrir skemstu, að Færeyingar byggi landið, flytji þangað sauðfje úr eyjunum.

Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri, sem komið hefir til Grænlands og ferðast þar um — að vísu um hávetur — hefir hvatt danska bændasyni til þess að hverfa til Grænlands, að stunda þar landbúnað, að því er „Nationaltidende" skýrðu frá í vetur. Virðist þá, sem Íslendingar hefðu þar og eftir nokkru að slægjast, því að hingað til eru þeir eina þjóðin, sem hefir sýnt, að hún gæti rekið búskap á Grænlandi, og sakir staðhátta líklegastir til þess að kunna einna best tök á búskap þar.

Um gögn og gæði landsins skal nú annars ótalað.

En hver er rjettur vor til þessara hlunninda? Eru ekki „öll sund lokuð" — harðlega lokuð og læst þeirri þjóð, sem fyrst fann og bygði landið, hæfust mundi að hagnýta sjer það og liggur því næst?

Ríkisþing Dana setti lög í vetur um bann gegn fiskveiðum í landhelgi Grænlands og ströng sektarákvæði. Nær bann þetta til allra nema Skrælingja og

þeirra, sem eru í þjónustu einokunarinnar.

Þing Norðmanna hefir og sett lög í vetur — eða hefir með höndum — um athafnir Norðmanna á Austur-Grænlandi.

Það er því með öllu tími til kominn, að Alþingi Íslendinga taki alt Grænlandsmálið til rækilegrar athugunar.

Alþingi setti þriggja manna nefnd á einkafundi í þinglok í fyrra til þess að kynna sjer og rannsaka þessi mál. Nefndinni hefir orðið nokkuð örðugt um aðdrætti nauðsynlegra rita og upplýsinga, því þeirra er lítt kostur hjer í landinu. Hefir starfið orðið miklu torsóttara fyrir þá sök, að nefndin var ekki opinberlega skipuð. Hefir hún því ekki lokið starfi sínu. Nefndarmenn hafa nú orðið ásáttir um að flytja tillögu þá um skipun nýrrar nefndar, samkvæmt þingsköpum, sem hjer kemur fram, á þskj. 498. Ætlumst vjer til þess, að nefnd þessi verði kosin nú þegar hjer á fundi, og munum vjer afhenda þeirri nefnd það, sem einkanefndin hefir saman dregið af gögnum og hefir til málanna að leggja. Tilætlun vor er, að nefndin starfi ríkissjóði kostnaðarlaust.

Jeg hefi þegar drepið á verksvið nefndarinnar. Það er í stuttu máli, eins og tillagan greinir, að rannsaka alla rjettarstöðu Grænlands að fornu og nýju, að því er Ísland varðar — eða bæði „fornstöðu“ og „nýstöðu“ landsins í sambandi við ríkjandi rjettarhugmyndir nútímans.

Jeg vil að lokum taka það skýrt fram fyrir hönd einkanefndarinnar, að vjer teljum mál þetta alþjóðarmál Íslendinga, en alls ekki flokksmál, jafnvel þótt skoðanir kunni að vera — eða verða — nokkuð mismunandi um einhver einstök atriði þess, og hver sem niðurstaða rannsóknarinnar verður að lokum.

Tel jeg þjóðinni það holt og gagnvænlegt að hafa stór og göfugleg mál fyrir stafni, þau er tengt geti saman krafta hennar og eflt sjálfstæðismeðvitund hennar. Nóg er til, sem tvístrar og sundurdreifir.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 29:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Nefndarkosning.

Var síðan kosið í nefndina og hlutfallskosning viðhöfð. Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista voru: Benedikt Sveinsson, Magnús Jónsson og Tryggvi Þórhallsson, en á B-lista: Stefán Jóhann Stefánsson.

Kosning fór svo, að
A-listi hlaut 32 atkv.,
B-listi hlaut 1 atkv.,
en 2 seðlar voru auðir.

Lýsti forseti því rjett kjörna í nefndina alþingismennina
Benedikt Sveinsson,
Magnús Jónsson og
Tryggva Þórhallsson.

C.
Feldar.

1. Krossanesmálið.

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 14. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um skipun nefndar til þess að rannsaka Krossanesmálið (A. 180).

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. mars, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 20. mars, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg heyrði það utan að mjer um daginn, er mál þetta kom fyrst á dagskrá, að menn bjuggust við miklum hvelli út af því. Og jeg sje líka nú, að menn hafa búist við hinu sama, og þess vegna er líklega svo margt um manninn á þingpöllum og í hliðarherbergjum. En jeg vil taka það fram þegar, að það verða vonbrigði fyrir menn, sem það vona. Frá minni hálfu verður ekki gerður neinn hvellur út úr málinu nú, hvað sem síðar kann að verða.

Mál þetta hefir vakið mikið umtal og árásir miklar verið hafnar út af því á hæstv. atvrh. (MG), og er jeg einn í tölu þeirra manna, sem um það hafa ritað. En um mig er að því leyti öðru máli að gegna en aðra, að jeg hefi ekki ráðist á hæstv. atvrh. sjerstaklega.

Þetta er ekki flokksmál. Öll blöð hafa um það rætt, og sum, sem stjórninni eru handgengin, hafa áfelst hana. En það hefir ekki eingöngu verið rætt í íslenskum blöðum, heldur einnig norskum. Og það er eðlilegt, vegna þess, að annar málsaðilinn er norskur stórþingsmaður, og þar í landi hefir farið fram opinber skýrslugerð um málið. Og það er einmitt vegna þess, sem gerst hefir í Noregi, að jeg vil ekki efna til hvells um málið. Vil jeg heldur, að það sje athugað hyggilega í nefnd og að á þessu stigi sjeu engar deilur um það hafnar. Og vegna þess, að þetta er orðið utanríkismál, álít jeg, að við eigum ekki að

berjast um það innbyrðis Íslendingar, a. m. k. ekki fyr en öll gögn eru komin á borðið.

Að svo mæltu vil jeg rifja upp í stórum dráttum, hvað í málinu hefir gerst. Það, sem hleypti því fyrst af stað, er það, að íslenskur embættismaður kemur því upp, að mælikar Krossanesverksmiðjunnar sjeu of stór, svo að oft munar miklu, og ljóst er, að um svik hefir verið að ræða. Atvinnumálaráðherra gengur í málið og leggur á það úrskurð, að minsta kosti í bili. Og af afskiftum þessara opinberu starfsmanna er það opinberlega sannað, að notuð hafa verið röng mál. Að vísu eru ekki til nein lagafyrirmæli um það, hvað síldarmælikar eigi að vera stór, en á það er komin hefð, að þau skuli vera 150 lítra. Að röng mælikar hafi verið notuð, er sannað með yfirlýsingu Þorkels Þorkelssonar, forstjóra mælitækjastofunnar, og eins af framkomu hæstv. atvrh., því að hann löggilti mælikerin, sem notuð höfðu verið, með hærra máli, en ekki sem 150 lítra mál, eins og um hafði verið samið milli verksmiðjunnar og þeirra, sem seldu henni síld.

Af þessu er líka sannað, að íslenskir viðskiftamenn verksmiðjunnar hafa beðið mikinn halla, hve mikinn, veit enginn, þótt margar ágiskanir hafi komið fram um það.

Þriðji opinberi aðilinn í þessu máli er forseti Fiskifjelags Íslands. Hann hefir sagt opinberlega, að það væri hart, að norskum stórþingsmanni skyldi líðast að svíkja Íslendinga. Þetta er það, sem aðallega hefir gerst í málinu hjer, og svo umræður manna í milli og í blöðum.

En hvað hefir svo gerst í Noregi? Jeg skal ekki fjölyrða um það, heldur lýsa því í stórum dráttum. Sá maður, er umræðurnar vekur þar, er norskur að ætt, en íslenskur ríkisborgari. Þessum manni hefir eflaust gengið það til að gera gott úr málinu. Afstaða hans var þannig, að hann hafði orðið fyrir barðinu á þessari verksmiðju, selt henni síld, er mæld var í þessum stóru mælikerum, en hætti svo viðskiftunum, er alt komst upp um svikin. Fyrir honum hefir sjálfsagt vakað, að ekki hlytist ilt af þessu máli milli Íslendinga og Norðmanna. Hann hefir ekki viljað, að Íslendingar hjeldu, að Norðmenn gerðu kröfu til þess, að þeir mættu haga sjer þannig á Íslandi. Hann ritar blaðagrein um málið í Noregi, sem fer um öll norsk blöð, og allur almenningur þar fordæmir framferði verksmiðjunnar.

En málið fær meiri afleiðingar í Noregi. Forstjóri verksmiðjunnar er sem sagt norskur stórþingsmaður, og hvorki hann nje flokkur hans gat verið þektur fyrir, að þetta sannaðist. Hann hefir því sent skýrslu um málið til utanríkisráðuneytisins norska. Veit jeg ekki, hvort hann hefir gert það af sjálfsdáðum, eða flokkur hans knúið hann til þess, eða þess hefir beinlínis verið krafist af utanríkismálaráðuneytinu. Því miður hefi jeg ekki þessa skýrslu í höndum, en hefi sjeð útdrátt úr henni í norsku blaði. Hvort þar er alt rjett hermt veit jeg ekki, en blaðið er talið áreiðanlegt. Og þessi skýrsla norska blaðsins er mynd af því, hvernig málið horfir við almenningi í Noregi.

Hvað kemur nú fram í þessari skýrslu? Málið er nálega gert hlægilegt og settur á það sá sakleysisblær, eins og ekkert athugavert hafi átt sjer stað. Allir íslenskir menn, sem minst er á, eru gerðir hlægilegir eða beinlínis

ósannindamenn. Forstjórinn segir, að verksmiðjan hafi beðið um rannsókn. En það hefir nú verið birt í Tímanum opinber yfirlýsing frá Þorkeli Þorkelssyni um, að þetta sje ekki rjett og að fleira, sem í skýrslunni stendur, sje rangt. Þá er og sagt í skýrslunni, að alt sje rangt, sem sagt hefir verið af Íslendinga hálfu um röng mæliker. Segir skýrslan, að tvennskonar ker hafi verið notuð, og að löggilt mæliker hafi altaf staðið á bryggju og iðulega notuð, en um þetta er upplýst, að það er rangt.

Þriðja atriðið, sem kemur fram í skýrslunni, er það, að forstjórinn segir hiklaust, að úrskurður ráðherra hafi sannað það, að mælikerin hafi verið rjett. En það vita allir, að það er þveröfugt við sannleikann, því að ráðherrann löggilti ekki sem 150 lítra ker, heldur stærri.

Afleiðingarnar af þessari skýrslugerð forstjóra Krossanesverksmiðjunnar eru þær, að öll þau íslensk blöð og þeir Íslendingar, sem undan þessu hafa kvartað, hafa farið með rangt mál, og forseti Fiskifjelagsins er opinberlega stimplaður sem ósannindamaður.

Vegna þessarar hliðar málsins, að það er orðið utanríkismál, vil jeg ekki á þessum fundi stofna til neinnar deilu um það. Þetta er stórmál, sem sambúð Norðmanna og Íslendinga getur stafað mikil hætta af, og þarf því að skýrast rækilega, ekki á rifrildisfundi, heldur í nefnd. Og jeg vil síst verða til þess að vekja deilur, er gætu orðið til þess að spilla sambúð þessara þjóða.

Jeg get ekki gengið út frá öðru en að hæstv. stjórn og flokkur hennar sje mjer sammála, og jeg býst líka við því, að stjórnin hafi viljað gefa þinginu skýrslu um málið sjálfs sín vegna, hvernig svo sem hún kann að líta á það. Og mjer finst, að með slíkri nefndarskipun, sem hjer er farið fram á, sje henni gefið heppilegt tækifæri til þess. Vil jeg að svo stöddu ekki gera ráð fyrir öðru en góðu samkomulagi, og frá minni hálfu og þess flokks, er fól mjer framsögu málsins, er tilgangurinn enginn annar en sá, að fá það rannsakað alvarlega og tryggilega án allra deilna.

Þá eru það enn tvö atriði, sem jeg vil benda á, sem að vísu standa ekki í beinu sambandi við kjarna málsins, enda þótt þau snerti það óbeinlínis, sem jeg álít að væntanleg nefnd ætti að taka til athugunar jafnframt.

Hið fyrra er það, að eins og mönnum er kunnugt, var það ákveðið á síðasta þingi og varð að framkvæmd nú við síðustu áramót, að löggildingarstofan á vogar- og mælitækjum var lögð niður. Jeg ætla ekki að lýsa neinu yfir um það, hvort þetta hafi verið rjett eða rangt, en mjer finst fylsta ástæða vera til þess, að væntanleg nefnd taki það til alvarlegrar íhugunar, hvort ástæður sjeu ekki til þess að breyta eitthvað til í þessu efni og taka upp aftur tryggilegra opinbert eftirlit með mæli- og vogartækjum, til þess að verslunarástandið og viðskifti öll verði tryggilegri eftirleiðis.

Hitt atriðið varðar líka þáltill. óbeinlínis, því að einnig á öðru sviði kom Krossanesverksmiðjan einkennilega fram gagnvart Íslendingum. Það er um rjettindi innlendra verkamanna. Það hefir að vísu verið minna um það deilt, en er þó ekki þýðingarlítið atriði. Það

er rjett, að nefndin athugi það, hvort ekki þurfi að gera frekari ráðstafanir en nú eru í gildandi lögum, til þess að tryggja það, að íslenskir verkamenn verði ekki fyrir of mikilli samkepni frá erlendum verkamönnum, sem flytjast til landsins.

En aðalstarf væntanlegrar nefndar á að vera það að draga saman og viða að sjer hvaðanæva skýrslum og upplýsingum um meginatriði málsins, frá ráðherrunum, forsætis- (dómsmála-)ráðherranum og atvinnumálaráðherranum, frá lögreglustjóra Akureyrar, frá Fiskifjelagi Íslands, sem bornar eru á þungar sakir í skýrslunni til norska utanríkismálaráðuneytisins, frá útgerðarmönnum, sem átt hafa viðskifti við Krossanesverksmiðjuna o. s. frv. Þetta ætti að vera fljótgert, og ætti nefndin því að geta orðið fljót að ljúka störfum sínum. Jeg tel það sjálfsagt, að ráðherrarnir hafi skýrslur sínar á reiðum höndum, og til Akureyrar er auðvelt að ná í símanum, en margir af viðskiftamönnum verksmiðjunnar eru búsettir hjer í bæ.

Á þessum grundvelli tel jeg víst, að málið geti orðið upplýst til fullnustu. Og jeg ætlast til þess, að á þessum grundvelli beri nefndin fram till. sínar um það, hvað gera skuli í þessu máli, hvort höfða skuli mál gegn verksmiðjunni til skaðabóta, og svo eins um hitt, sem jeg hefi gengið framhjá enn þá, að ef nefndin álítur stjórnina vera vítaverða fyrir afskifti sín af þessu máli, þá skal hún koma fram með tillögur sínar um, hvernig þingið þá eigi að snúast við því máli.

Það, sem nefndin á að gera, er að búa málið í hendurnar á þinginu. Mjer finst þessi leið vera sjálfsögð endalykt á þessu máli í bili. Jeg vil ekki trúa því, að stjórnin hafi á móti því, að þetta verði gert. Jeg hefi að vísu heyrt utan að mjer, að stjórnin muni ætla að rísa öndverð gegn því, að þessi leið verði farin, en jeg trúi því ekki. Þetta liggur svo beint við. En málið er merkilegt mál, einkum út á við, og snertir mjög viðskifti okkar við útlendinga. Stjórninni ætti að vera það ljúft að láta þingið rannsaka allar sínar gerðir, enda ber stjórnin hvort sem er ábyrgð gagnvart þinginu. Að lokum endurtek jeg það, sem jeg sagði í upphafi ræðu minnar, að jeg ætla engan hvell að gera að stjórninni út af þessu máli, því jeg tel það best, að þetta fari sem friðsamlegast fram, og mun það einnig vera farsælast fyrir starfshætti þingsins.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg verð að segja það, að mig undraði nokkuð, er jeg heyrði, hvernig hv. þm. Str. (Trþ) tók upp þetta mál og flutti í ræðu sinni. Hann sýndi meira hóf í öllu nú en áður, er hann hefir verið að skrifa í blað sitt, Tímann, um þetta mál. Þar hefir hann skrifað margt og mikið og kveðið upp þunga áfellisdóma yfir mjer og stjórninni fyrir afskifti hennar af þessu máli. Hann er búinn að skrifa svo mikið um þetta og á þann veg, sem jeg lýsti, að jeg held, að menn verði að virða mjer til vorkunnar, þó að jeg byggist ekki við öðru af honum en að hann myndi nota tækifærið til þess að árjetta enn þá einu sinni áfellisdóma sína yfir mjer og stjórninni. En nú bregður svo undarlega við, að hann vill láta fara fram rannsókn, eftir það að hann hefir kveðið upp þessa ströngu dóma. Jeg veit ekki hvað það er, sem veldur því, að hann er nú svo spakur,

eftir öll umbrot sín áður, og hvers vegna hann óskar nú rannsóknar á málinu, eftir að hann hefir kveðið upp í því þunga áfellisdóma. Það liggur nærri að ætla, að hann hafi orðið var við það á einhvern hátt, að dómar hans hafi ekki verið bygðir á sem rjettustum forsendum. Getur það ekki annað en glatt mig, að hann virðist nú hafa horfið frá fyrri villu sinni, því að vitaskuld getur hann ekki, eftir að hann hefir kveðið upp dóm í málinu, beðið um rannsókn á því, nema hann viti eða hafi grun um, að dómurinn sje rangur. Hvað myndi sagt verða um dómara, sem feldi fyrst dóm í máli og ætlaði sjer síðan að rannsaka það? En þessa aðferð ætlar nú hv. þm. Str. (Trþ) að viðhafa í þessu máli, og ann jeg honum sæmdarinnar af því.

En áður en jeg sný mjer að aðalatriðum málsins ætla jeg að segja höfuðdrættina í sögu þess til skýringar.

Það er upphaf þessa máls, að í maímán. síðastl. kom til mín forstöðumaður löggildingarstofunnar, til þess að ráðgast um það við mig, hvort farið skyldi það sumar í eftirlitsferð til þess að líta eftir mælitækjum og vogaráhöldum. Hann var þess hvetjandi, að farið skyldi í þessa eftirlitsferð, en hann væri í vafa um, hvort jeg vildi það, þar sem lögákveðið var að leggja löggildingarstofuna niður frá 1. jan. þ. á. En hann mælti með því, að þessi eftirlitsferð yrði farin, og sjerstaklega gat hann þess, að nauðsyn myndi á því að athuga síldarmæliker þau, sem notuð væru norðanlands um síldveiðitímann, því að engin slík mæliker hefðu til þessa verið löggilt, enda áleit hann, að þau mundu ekki vera löggildingarskyld eftir gildandi lögum.

Jeg tók því vel þessari málaleitun forstöðumannsins og samþykti þegar í stað, að þessi eftirlitsferð skyldi farin, ekki síst vegna síldarmælikeranna, sem jeg taldi rjett að væru löggilt. Eftirlitsferðinni var svo hagað þannig, að eftirlitsmaðurinn gæti komið á síldarstöðvar um síldveiðitímann og athugað þau mæliker, sem í notkun væru, og löggilt þau, er hann hjeldi til þess hæf.

Svo gerist ekkert nýtt í þessu máli fyr en um miðjan júlí í sumar, að lögreglustjóranum á Akureyri berst kæra frá Verkamannafjelagi Akureyrar yfir því, að framkvæmdarstjóri verksmiðjunnar „Ægis“ í Krossanesi hafi flutt inn um 50 norska verkamenn, sem ættu að vinna við verksmiðjuna. Bæjarfógetinn á Akureyri bar þessa kæru undir landsstjórnina, en upplýsti samtímis, að árið áður (sumarið 1923) hefði verksmiðja þessi óátalið haft 70 norska verkamenn. Með hliðsjón af þessu þótti auðsætt, að þar sem engin breyting hafði orðið á löggjöfinni um notkun erlends vinnukrafts hjer á landi síðan 1923, myndi ekki geta komið til mála að reka menn þessa úr landi nú, fremur en 1923. En þá stóð svo á, að jeg átti ýms erindi til Norðurlands, og ætlaði jeg því um leið að kynna mjer nánar þetta verkamannamál, sjerstaklega vegna þess, að verksmiðja þessi hafði sótt um og fengið leyfi til að hafa 15 erlenda verkamenn.

Jeg hafði ákveðið að fara hjeðan þ. 31. júlí, en sama daginn, áður en jeg steig á skipsfjöl, kom til mín á ný forstöðumaður löggildingarstofunnar og tjáði mjer, að talsvert athugavert myndi vera við mælikerin í Krossanesverksmiðjunni, og því mundi jafnvel ekki veita af, að eftirlitsmaður löggildingarstofunnar fengi, er til löggilding-

ar kæmi, einhverja aðstoð yfirvaldanna þar nyrðra til að koma þessu í lag. Jeg sendi því samdægurs svohljóðandi símskeyti til bæjarfógetans á Akureyri:

„Forstöðumaður löggildingarstofunnar hefir skýrt ráðuneytinu frá því, að síldarolíuverksmiðjan Ægir, Krossanesi, noti ólögleg síldarmál, sem sjeu meira og minna röng, svo að miklu nemi. Er yður hjer með falið að taka mál þetta tafarlaust til rannsóknar og sjá um, að verksmiðjan fylgi afdráttarlaust gildandi lögum í þessu efni.

Atvinnumálaráðuneytið".

Þetta skeyti var sent sama daginn og skip það fór hjeðan, sem jeg tók mjer far á til Norðurlands. Bæjarfógetinn hafði því rannsakað málið þegar jeg kom til Akureyrar, og var þá að því komið, að löggilda skyldi mæliker verksmiðju þessarar, enda kom eftirlitsmaður löggildingarstofunnar til Akureyrar um svipað leyti og jeg. Hafði hann komist að raun um, að síldarmælikerin í Krossanesi væru talsvert mismunandi að stærð, og mun hann hafa verið í vafa um, hvaða stærð hann ætti að löggilda, hvort hann skyldi miða við 150 lítra stærð, eða hvort hann ætti að taka meðalstærð þeirra kera, sem í notkun voru, og löggilda hana. Jeg sagði honum, að hann skyldi ráðgast um þetta við forstöðumann löggildingarstofunnar, og gerði hann það, en jafnframt tók jeg það fram, að jeg hefði ekkert við það að athuga, að mæliker með 170 lítra stærð væru löggilt, en vitaskuld datt mjer ekki í hug að taka í þessu efni fram fyrir hendur forstöðumanns löggildingarstofunnar, því að lögum er það hann einn, sem þessu á að ráða. Það varð svo úr, að mælikerin voru löggilt með 170 lítra stærð, og leiddi það til þess, að sum málin urðu of lítil og voru ekki löggilt, en þau, sem stærri voru en 170 lítra, voru minkuð. Löggildingarstofan auglýsti síðan, að síldarmælikerin í Krossanesi tækju 170 lítra, og með þessu voru allir viðskiftamenn verksmiðjunnar fullkomlega trygðir, eins og allir munu sjá, án tillits til, um hversu stór síldarmál þeir höfðu samið við verksmiðjuna. Er það svo einfalt reikningsdæmi, að ekki þarfnast skýringar.

Meðan jeg stóð við á Akureyri gerði jeg orð framkvæmdarstjóra verksmiðjunnar í Krossanesi, hr. Holdö stórþingsmanni, og bað hann að koma til viðtals við mig á skrifstofu bæjarfógetans á Akureyri, og áttum við tal við hann þar, jeg og bæjarfógeti, bæði um síldarmælikerin og um verkamannainnflutninginn. Út af síldarmælikerunum var framkvæmdarstjórinn óánægðastur yfir því, að minni kerin hefðu verið ónýtt fyrir sjer með löggildingu 170 lítra keranna. En jeg tjáði honum, að ekki gæti komið til mála annað en að öll kerin væru jafnstór, og þessa yrði að krefjast vegna viðskiftamanna hans, því ella hlytist af rjettaróvissa og glundroði í öllum viðskiftum við hann. Jeg sagði honum, að hann mætti búast við málssókn út af þessum viðskiftum hans, en hann kvaðst hvergi hræddur um úrslit þeirra málaferla, þótt hafin yrðu, og taldi sig vissan um það, að hann hefði ekki fengið meiri síld en hann átti að fá samkvæmt samningum. Hann hjelt því jafnframt fram, að hann hefði fengið minni síld en hann hefði átt kröfu til að fá.

Annars kvaðst hann hafa í hyggju að vega síldina, en mæla hana ekki, og þess vegna hefði hann keypt 2 eða 3

vandaðar og dýrar amerískar vogir og flutt að Krossanesi, en þær væru sjer ónothæfar, af því að hann kynni ekki að setja þær saman. Kvaðst hann hafa ætlað að haga þessu þannig, af því að mæling á síld væri ónákvæm og hann teldi sig hafa haft halla undanfarið á málunum, og auk þess væru mælikerin dýr, því þau eyðilegðust tiltölulega fljótt við notkun; þau brotnuðu stundum jafnvel fyrsta eða annan daginn, sem þau væru í notkun. Kvaðst hann langhelst vilja hafa sterka járnslegna kassa til þess að skipa upp í síldinni, en um mælikerin væri það að segja, að þau kæmu oft alls ekki vel full upp úr skipunum; það vildi hristast úr þeim, enda þótt þau hefðu í byrjun verið látin full. En auk þess væri oft óvandlega í þau látið af seljendunum, enda væri í ösinni og annríkinu við afgreiðslu skipanna, er mikil síld bærist að, gersamlega ómögulegt að mæla nákvæmlega. Ennfremur kæmi oft fyrir, að mælikerin slægjust við skipin eða við bryggjurnar, og hristist þá úr þeim talsvert af síld. Mörg skip biðu stundum eftir afgreiðslu og krefðust að losna sem fyrst, til þess að komast út á veiðar, ef síldarvon væri.

Þegar jeg benti honum á, að hann gæti ef til vildi átt von á málssókn frá einhverjum af viðskiftamönnum sínum, kvaðst hann óhræddur um það og kvað sig albúinn að sýna það með reikningum verksmiðjunnar, að hann hefði fengið minna af mjöli og olíu úr hverju keyptu síldarmáli en í verksmiðjum í Noregi, þar sem notaðar væru samskonar vjelar, enda væri hann sannfærður um, að hann hefði tapað, en ekki grætt á því að mæla síldina, og þess vegna hefði hann ætlað sjer að fara að vega síldina framvegis. Flestir, sem jeg talaði við þar nyrðra, ljetu vel yfir viðskiftum við hr. Holdö og báru honum gott orð. Virtist mjer það álit flestra, að mæling á síldinni yfirleitt væri ekki sem nákvæmust, hvorki af hálfu seljanda eða kaupanda, og að Krossanes mundi ekki vera nein undantekning í því efni. Þar væri þetta ekki verra en annarsstaðar, enda höfðu engir til þessa tíma notað löggilt mál.

Jeg talaði ennfremur við hr. Holdö um innflutning þessara 50 verkamanna, og skýrði honum frá því, að mjer kæmi það undarlega fyrir, að hann hefði beðið um og fengið leyfi til að hafa 15 erlenda verkamenn, en kæmi svo með ca. 50.

Hann brást ókunnuglega við þessu. Hann kvaðst aldrei hafa beðið um neina undanþágu um innflutning verkamanna og því enga undanþágu fengið. Hann kvaðst í fyrra hafa spurt Pjetur Ólafsson konsúl, sem þá var í Noregi, vegna kjöttollsmálsins, hvort nokkur breyting hefði orðið á síðasta þingi á lögum um innflutning verkafólks, en konsúllinn hefði neitað því, og þess vegna hefði sjer sýnst óhætt að hafa hingað út með sjer 50 menn í ár, er hann hefði í fyrra haft óátalið 70 erlenda verkamenn í Krossanesi.

Jeg skýrði honum frá, að hæstarjettarmálaflm. Lárus Fjeldsteð hefði sótt um leyfið fyrir hans hönd, og hefði honum verið svarað því, að leyfið yrði veitt. Framkvstj. kannaðist alls ekki við þennan málaflm. og kvaðst hvorki hafa staðið í neinu viðskiftasambandi við hann nje beðið hann um að útvega sjer þetta leyfi. Síðar hefi jeg fengið vitneskju um, að þessu muni þann veg farið, að hr. Holdö hafi beðið hr. Egg-

ert Stefánsson á Akureyri að útvega sjer undanþágu, ef þess þyrfti með vegna breyttrar löggjafar um þessi efni. Eggert sneri sjer til Fjeldsteðs og bað hann að útvega leyfið. Það var því sent Fjeldsteð, sem aftur afhenti það Eggert Stefánssyni, en Holdö kvaðst aldrei hafa fengið það.

Eftir þessu fæ jeg ekki annað sjeð en að Holdö hafi ekki vitað betur en að sjer væri heimilt að flytja inn verkamennina, þar sem Pjetur Ólafsson hafði sagt honum, að löggjöfin væri óbreytt í þessum efnum, enda var það rjett.

Jeg tjáði hr. Holdö, að jeg óskaði, að hann hefði sem minst af útlendum mönnum í verksmiðju sinni, og tók hann því vel, enda væri það í samræmi við eiginhagsmuni hans, af því að norskir verkamenn yrðu sjer dýrari en íslenskir, þar sem hann yrði að greiða þeim kaup frá brottför í Noregi til heimkomu þangað. Hann kvað það með öllu ósatt, að hann flytti inn hingað norska verkamenn til þess að koma niður kaupi Íslendinga, og kvaðst geta sannað það með vinnubókum sínum.

Jeg spurði hann, hvort jeg gæti fengið að sjá þær bækur, og kvað hann það velkomið. En til þess yrði jeg að koma í verksmiðjuna, þar væru þær notaðar daglega, og væri því ekki hægt að hafa þær þaðan á burt. Jeg ákvað því að fara þangað ásamt bæjarfógetanum á Akureyri daginn eftir, til að skoða vinnuskrárnar, enda þótti mjer fróðlegt að sjá þessa margumræddu verksmiðju.

Þessa ferð til Krossaness fór jeg svo á tilsettum tíma ásamt bæjarfógetanum á Akureyri (og þriðja manni, sem jeg bjó hjá þar). Jeg leit á vinnuskrárnar og skoðaði verksmiðjuna. Af vinnuskránum sannfærðist jeg um það, að ákæran um að hafa sett niður kaupið fyrir innlendum verkamönnum var ekki á rökum bygð. Þar sá jeg einnig vogirnar góðu frá Ameríku.

Annars er þessi ferð mín til Krossaness fræg orðin af blaðaumtali. Blað hv. þm. Str. (Trþ) hefir látið á sjer skilja, að jeg hafi setið veislur í Krossanesi, og gefið í skyn, að jeg hafi látið múta mjer með því, og svipuð ummæli hefir „Verkamaðurinn“ á Akureyri viðhaft. Ennfremur sagði eitthvert Akureyrarblaðið, jeg held „Verkamaðurinn“, að Ragnar Ólafsson, konsúll á Akureyri, hefði verið með mjer í þessari för og ekið mjer í bifreið, en sannleikurinn er, að jeg fór á bát, og konsúllinn var ekki með. Jeg get þessa til þess að sýna ósannindin, sem hefir verið þyrlað upp um þetta mál, ekki síst þar sem þetta hefir síðan, eftir því sem jeg hefi sjeð í Akureyrarblöðunum, verið notað til árásar á Ragnar Ólafsson í tilefni af bæjarstjórnarkosningum. Og um mútuveislurnar er það að segja, að jeg hefi engar veislur þegið í Krossanesi, en kaffi drakk jeg hjá framkvæmdarstjóranum, og má hr. þm. Str. (Trþ) kalla það veislu eða veislur, ef hann vill, og gefa í skyn, að mjer hafi verið mútað með kaffinu. Hirði jeg ekki að ræða um það frekar, enda munu fáir trúa.

Þegar jeg kom að Krossanesi og athugaði vinnubækurnar, sá jeg, eins og jeg tók fram áðan, að það var ekki á rökum bygt, að kaupið hefði verið sett niður fyrir venjulegan kauptaxta, sem þá var á Akureyri, því að þótt þar mætti finna fullvinnandi menn með lægra kaupi en alment gerðist, þá voru ávalt einhverjar sjerstakar ástæður fyrir því. T. d. var þar fullvinnandi

maður ásamt liðljettum bróður sínum, og höfðu báðir jafnt kaup gegn því, að hann sæi að öllu leyti um þennan bróður sinn. Þá var þar og annar maður, sem hafði með sjer 15 ára gamlan dreng, og tóku þeir báðir jafnt kaup.

Var þetta aðeins gert af því, að samið var í einu lagi um vinnu fullvinnandi og ófullvinnandi manns, og kaupið jafnað af því, að kaup beggja átti að renna til sama manns.

Vegna árása þeirra, sem stjórnin hefir orðið fyrir út af þessu máli, og vegna framsöguræðu hv. þm. Str. (Trþ), verð jeg enn að fara nokkrum orðum um málið, til þess að sýna, að í öllum efnum hefir verið farið fyllilega löglega með málið og að hinar gífurlegu blaðaskammir út af málinu eru ekki annað en frekleg ósannindi, til þess eins gerð að þyrla upp pólitísku ryki og ófrægja stjórnina.

Jeg hefi nú sagt sögu þessa máls eins óhlutdrægt og mjer er unt, og geta nú hv. deildarmenn sjálfir gert sjer grein fyrir því, hvort þeim finst hún hæfilega skýr.

Um lögmæti löggildingarinnar er fyrst að athuga, hver fyrirmæli gilda um það efni að íslenskum lögum. Mjer vitanlega eru engin önnur íslensk lagaboð til um löggildingu mælikera en þau, sem er að finna í tilsk. 12. febr. 1919, um mælitæki og vogaráhöld. Alt, sem máli skiftir í lögum nr. 84, 14. nóv. 1917, um þessi efni, er tekið upp í tilsk., enda er hún bygð á þeim lögum.

Í tilsk. þessari eru aðeins tvær greinar, sem ræða um löggildingu mælitækja, sem sje 10. og 16. gr., og til þess að ekkert fari á milli mála, skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp þessar greinar.

10. gr. hljóðar svo:

„Mæliker löggildast í þessum stærðum: 2 lítrar, 1 lítri, 2 desilítrar og 1 desilítri.

Mælikerin skulu vera úr blikki, aluminium eða öðru efni, sem löggildingarstofan álítur jafnheppilegt, og svo sterk, að eigi sje hætt við, að þau breyti lögun eða stærð með gætilegri meðferð.

Mælikerin skulu vera sívöl og jafnvíð að ofan og neðan. Hlutfallið milli þvermáls og hæðar að innanmáli skal vera því sem næst eins og 2:3.

Þegar mælikerin standa á borði, skulu barmar keranna liggja í fleti samhliða borðfletinum, en hliðarnar vera hornrjett á hann. Mælikerin mega hafa handarhald.

Á hverju keri skal standa með skýru og óafmáanlegu letri í tölum með einingarnafninu lítri eða l., desilítri eða dl. á eftir, hvað kerið tekur barmasljett, og löggildingin nær aðeins til þess, að það rúmtak sje rjett".

Allir sjá nú, að ekki getur þessi grein átt við síldarmæliker, því seint mundi sækjast að mæla síld í kerum, sem geta stærst orðið 2 lítrar. Þessi grein kemur þess vegna málinu ekkert við. Þá er að athuga, hvað 16. gr. segir. Hún er styttri og hljóðar svo:

„Löggildingarstofan getur, þegar hún telur þörf á því, löggilt mælitæki og vogaráhöld, sem að efni, stærð eða gerð eru frábrugðin því, sem fyrir er sagt í 8.—15. grein, ef þau að hennar dómi eru til þess hæf".

Hjer er kveðið á um það, að ef mæliker eru stærri en 2 lítrar, þá ræður löggildingarstofan, hvort hún löggildir þau og hversu stór mæliker hún löggildir. Henni er það alveg í sjálfsvald sett, enda er það rangt, sem hv. flm. (Trþ) segir, að ekki hafi verið löggilt áður nema ein stærð síldarmælikera.

Síðastliðið sumar voru löggilt 50, 100, 150 og 170 lítra síldarmæliker, enda er enginn vafi á því, að fyllilega er heimilt að löggilda hvaða stærð sem er. Það er og augljóst, að markmið löggildingarinnar er fyrst og fremst að vernda viðskiftamenn þeirra, sem kerin nota, og enginn þeirra mun vera svo heimskur, að honum megi ekki á sama standa, hvort hann margfaldar með 50, 100, 150 eða 170. Aðalatriðið og eina atriðið er að vita með vissu, hversu stór kerin eru, og þá vissu á löggildingin að veita mönnum, enda stærðin letruð á hvert ker.

Það er því fjarri öllum sanni, sem sumir halda fram, að það hafi verið ólöglegt að löggilda þessi 170 lítra mæliker. 16. gr. áðurnefndrar tilsk. sýnir ljóslega, að það var heimilt og enda sjálfsagt, eins og sakir stóðu.

Þegar hv. þm. Str. (Trþ) heldur því t. d. fram í Tímanum, að þarna hafi verið löggilt svikin mæliker, þá má með jafnmiklum rjetti segja, að löggilding sje í mörgum tilfellum í raun og veru í því fólgin að löggilda þau tæki, sem áður voru svikin. Altaf þegar skekkja er á vog eða mæli, þá segir löggildingin, hversu mikið mælirinn tekur eða vogin vegur, ef hún annars telst nothæf.

Jeg býst við því, að enginn ágreiningur sje lengur um, að ekki hafi verið rjett að reka norsku verkamennina úr landi, úr því að þeir voru hingað komnir, og hefi jeg áður skýrt frá, með hverjum hætti það varð. Ef þeir hefðu verið reknir úr landi, sem reyndar brast heimild til, þá hefði afleiðingin orðið sú, að verksmiðjan hefði orðið að fá verkafólk frá Akureyri og grend, það sem eftir var sumarsins. Hygg jeg, að þeir muni færri nú, sem telja, að slíkt hefði orðið þjóðfjelagsheildinni til hagsbóta, eins og þá stóðu sakir, þar sem nóg var handa fólki að gera um hábjargræðistímann og hinn aukni vinnukraftur verksmiðjunnar mundi því aðallega hafa verið tekinn frá bændum um sláttinn. Mun jeg því ekki fara fleiri orðum um þetta atriði nema sjerstakt tilefni gefist.

Þá kem jeg að því, sem hv. flm. (Trþ) taldi veigamesta atriðið, hvort rjett hefði verið að höfða sakamál gegn framkvæmdarstjóra Krossanesverksmiðjunnar, og skal jeg nú skýra fyrir hv. deild, hvers vegna jeg fyrir mitt leyti sá ekki ástæðu til þess. En út af því, sem hann sagði, að þingið ætti að rannsaka, hvort ástæða hefði verið til að höfða skaðabótamál gegn forstjóranum, þá er þess að geta, að hjer ruglar hv. þm. Str. (Trþ) saman ólíkum hugtökum, og það getur hann auðvitað leyft sjer, af því að hann er ekki lögfræðingur. Þó mætti nú ætla, að hann vissi, að málshöfðun til skaðabóta er yfirleitt ekki í verkahring hins opinbera ákæruvalds. Það getur látið hefja sakamálsrannsókn og síðan sakamál, ef rannsóknin gefur tilefni til þess.

En einstakir menn, sem krefjast vilja skaðabóta með málssókn, fara í einkamál.

Þó kemur fyrir, að gerðar eru skaðabótakröfur í sakamálum, en þær eru því aðeins teknar til greina í þeim málum,

að alveg sje augljóst, að skaðabótaskylda sje fyrir hendi.

Eins og jeg hefi áður skýrt frá, var með símskeyti 31. júlí s. l. lagt fyrir bæjarfógetann á Akureyri að rannsaka þetta mál, og hafði hann framkvæmt þá rannsókn þegar jeg kom norður skömmu síðar. Hann lýsti þá þegar yfir því, að hann teldi ekki ástæðu til að hafast frekar að í málinu af hálfu hins opinbera. Hafði hann þá rannsakað, hvernig afhending síldar gengur yfirleitt til þar nyrðra, og gengið úr skugga um, að í því efni er ekki farið eftir neinum ákveðnum reglum.

Og það má öllum vera ljóst, að uppskipun og mæling á síld gengur öðruvísi mikið til en þegar í búðarholu er veginn brjóstssykur fyrir 10 aura.

Þegar mikið berst að af síldinni, eru svo mikil læti í fólkinu að flýta afgreiðslu hvers skips, að lítið mun um það hugsað að fylla alveg hvert einasta mæliker. Þar að auki slást kerin bæði við skipið og bryggjuna, og er síldinni síðan venjulega ekið upp að stíu, þar sem hún bíður bræðslu.

Reyndar fer það eftir samningi, hvar síldin er keypt. Stundum er hún keypt úr skipi, en stundum komin í stíu. Hvort algengara er veit jeg ekki, en hitt er víst, að þegar síld er keypt komin í stíu, þá á seljandinn að bera allan halla af því, sem forgörðum fer á leið þangað. En jeg hefi ekki sjeð nema einn samning um sölu á síld til verksmiðjunnar og skal því ekkert um það segja, hvernig síldin er seld yfirleitt, en samkvæmt þeim samningi var hún seld komin í stíu.

Þá má ekki ganga fram hjá því atriði, að þetta var ekki einasta verksmiðjan, sem notaði önnur síldarmál en þau, sem tóku 150 lítra.

Málin voru mæld víðar og reyndust víðast hvar of stór. Hjá Goos á Siglufirði voru t. d. mæld 4 ker, sem tóku 148, 151, 162 og 172 lítra, og meira að segja mældi hann síld eins seljandans í kassa, sem síðar var ónýttur og því ekki mældur. Veit því enginn, hversu mikið hann hefir tekið. Hjá Hendriksen á Siglufirði voru prófuð 10 mæliker, og rúmuðu 8 þeirra 98—108 lítra, en hin tvö 167 og 163 lítra. Hjá síldarverksmiðjunni á Dagverðareyri reyndust kerin frá 154—162 lítr., en sú verksmiðja var naumast tekin til starfa, þegar kerin voru prófuð.

Nú kynnu ýmsir að segja: Hvers vegna var ekki höfðað sakamál gegn öllum þessum síldarkaupendum, úr því að þeir notuðu svona stór mæliker?

Til þess að svara þessari spurningu verður að athuga þær reglur, sem hingað til hefir verið fylgt í þessum málum, og fara eftir þeim. Nú vill svo vel til, að á þessu sviði hefir myndast föst og ákveðin venja síðan löggildingarstofan tók til starfa. Þetta er nefnilega ekki í fyrsta skifti, sem farið hefir fram skoðun á mæli- og vogartækjum hjer á landi.

Jeg hefi í höndum brjef frá löggildingarstofunni, dags. 6. mars 1923, sem jeg veit að hv. 2. þm. Rang. (KlJ) mun kannast við, þar sem hann sem atvrh. notaði brjef þetta í svari við fyrirspurn um löggildingarstofuna, sem beint var til hans á þinginu 1923. Getur því enginn vænt mig þess, að jeg hafi látið búa brjef þetta til, með sjerstöku tilliti til þessa máls.

Samkv. þessu brjefi reyndist ónot-

hæft við fyrsta eftirlit löggildingarstofunnar á árunum 1919—21: Járnlóð 63%, koparlóð 26%, kvarðar 48% og mæliker 68%. Þessi skýrsla sýnir, að meira en helmingur allra járnlóða, nærri helmingur allra kvarða og um 70 % allra mælikera, sem hjer voru notuð árin 1919—21, voru í raun og veru ónothæf sökum skekkju. Nú vil jeg spyrja: Hefir sakamál verið höfðað gegn eigendum þessara tækja? Mjer vitanlega hefir ekki verið farið í mál við einn einasta þeirra öll þessi ár. Og löggildingarstofan hefir heldur ekki kært einn einasta mann fyrir þessar sakir. Forstjóri hennar hefir sagt við mig í sambandi við Krossaneskerin, að hann vildi ekki kæra forstjóra verksmiðjunnar, vegna þess að ómögulegt væri að segja, hvort það hafi verið í glæpsamlegum tilgangi, að kerin voru svona stór. Þessari venju hefir löggildingarstofan altaf fylgt, að kæra menn ekki, þó að þeir hafi notað röng mæli- og vogartæki, nema víst sje, að um glæpsamlegan tilgang sje að ræða. Samkvæmt þessari venju er það, að löggildingarstofan hefir ekki kært Krossanesverksmiðjuna.

Ef stjórnin hefði umsvifalaust látið höfða sakamálsrannsókn gegn forstjóra Krossanesverksmiðjunnar, þá hefði hann verið tekinn öðrum tökum en allir aðrir.

Auk þess gat hann bent á eitt atriði, sem að mínu viti sýnir allgreinilega, að hann ætlaði ekki að mæla síldina síðastl. sumar, heldur vega hana, og þá hefir ekki verið ásetningur hans að svíkja á máli.

Jeg er viss um, að ef til sakamáls kæmi, þá yrði það þungt lóð á metunum, forstjóranum til málsbóta, að hann hafði keypt þessar dýru amerísku vogir, sem kostað munu hafa nálega 4000 kr., þó að hann gæti ekki notað þær, er til kom, þar sem enginn kunni að setja þær saman.

Jeg hefði annars gaman af að lesa dálítinn kafla úr brjefi forstjóra löggildingarstofunnar 6. mars 1923. Þar segir svo:

„Tækin, sem talan nær yfir, voru löggildingarskyld áður en löggildingarstofan tók til starfa, og eru þess vegna sambærileg. Öðru máli er að gegna með vogirnar, það var engin skylda að hafa þær löggiltar áður. Menn máttu kaupa þær hvar sem menn vildu, og ekkert eftirlit virðist hafa verið með því, þótt menn fengju sjer og notuðu við verslanir alls óhæfar vogir. Jeg á hjer einkanlega við eina gerð borðvoga, sem viktuðu oft ¼—½ pd. skakt á 5 pundum, þegar þær fóru að slitna, og jafnvel nýjar vógu meira eða minna skakt, ef þær voru eigi vel gerðar, sem oft vildi við brenna. Verst við þessar vogir var það, að sá, sem vóg á þær, gat ráðið því, að þær vægju ætíð honum í hag, hvort heldur hann seldi eða keypti".

Þeir, sem slíkar vogir notuðu, voru alls ekki kærðir. Þeim var aðeins bannað að nota vogirnar, og þar við látið sitja.

Enn segir forstjórinn:

„Margar aðrar vogir, sem voru þó af brúkanlegri gerð, voru svo stirðar, vegna slits, ryðs eða skemda, að þær gátu naumast talist vogartæki. Með slíkum vogartækjum gat ekki verið að tala um mikla nákvæmni í viðskiftum, og á það bættist, að þau voru flest vilhöll. En þeir, sem notuðu þessi vogartæki, munu flestir hafa látið sjer lynda, að vigtunin varð

handahófsverk, þótt það sje reyndar undarlegt að reikna þá verðið upp á eyri, þar sem útkoman mundi verða alt önnur, ef rjett hefði verið vegið. En yfirleitt munu þessar vogir ekki hafa verið húsbóndahollar þegar um útvigt var að ræða, en við innlagningu hafa þær oftast litið á hag húsbóndans".

Ennfremur lýsir forstjórinn því, að mælitækin á bensíngeymunum hjer í Reykjavík hafi sum verið gölluð. Þó var enginn kærður. Þá segir hann, að mjólk hafi mikið verið seld eftir pottmálum, en ekki lítramálum, hjer í Reykjavík. Og enn var enginn kærður. Jeg vil vona, að hv. þm. Str. (TrÞ) hafi þó ekki syndgað á þennan hátt í mjólkursölu sinni.

Þessi skýrsla löggildingarstofunnar liggur fyrir þinginu 1923. Jeg man vel, þegar hæstv. þáverandi atvrh., sem nú er hv. 2. þm. Rang. (KlJ), las hana upp hjer í hv. Nd.

Jeg verð því að líta svo á, að þetta þing hafi ekki gert sjer svo mikið far um að efla eftirlit með mæli- og vogartækjum, að vel sitji á því að rísa nú upp í heilagri vandlætingu yfir því, að útlendur maður hefir notað mismunandi mæliker. Í þessu verða sömu lög að ganga yfir innlenda og útlenda, ef vjer eigum að teljast siðuð þjóð.

Hitt hefði verið skiljanlegra, að hv. þm. hefðu risið upp 1923, er þeir fengu þessa skýrslu hjá þáverandi atvrh., og krafist þess, að löggildingarstofan yrði ekki lögð niður, heldur aukið eftirlit með mæli- og vogartækjum.

En það er nú ekki því að heilsa.

Það eru einmitt sömu mennirnir, sem nú hrópa hæst, er í fyrra vildu afnema þessa þörfu stofnun, sem jeg fyrir mitt leyti hefi altaf viljað láta starfa áfram, enda er jeg viss um, að ekki líður á löngu áður en hún verður endurreist í einhverri mynd.

Þetta, sem jeg hjer hefi sagt, lýtur að því, hvort rjett hafi verið, samkv. fastri venju, að höfða sakamálsrannsókn á hendur forstjóra Krossanesverksmiðjunnar.

Jeg segi, að slíkt hefði verið skýrt brot á þeirri venju, sem fylgt hefir verið í svipuðum tilfellum, síðan löggildingarstofan tók til starfa.

Það er þó langt frá því, að jeg vilji halda því fram, að ekki megi brjóta skakkar venjur, ef ástæða er til. Síður en svo. Það út af fyrir sig er ekki nema sjálfsagt.

En það er ætíð siður, þegar höfða skal sakamál, og þó ekki sje nema sakamálsrannsókn, að athuga nákvæmlega, hverjar líkur sjeu fyrir því, að hlutaðeigandi verði dómfeldur, því menn verða að athuga, að sakamálshöfðun er alvarlegur hlutur fyrir þann, sem fyrir sök er hafður, hver sem dómsúrslit kunna að verða.

Sakamálsrannsókn á því og má ekki fyrirskipa nema fullar og ótvíræðar ástæður sjeu til þess.

Í þessu máli fæ jeg ekki sjeð, að annað geti orðið forstjóra verksmiðjunnar til dómsáfellingar í sakamáli en að hann viðurkenni að hafa notað of stór mál í sviksamlegum tilgangi.

Því það er ekki nóg, að sannað verði, að hann hafi í raun og veru fengið meiri síld en honum bar. Til þess að hann verði dæmdur í sakamáli þarf að sanna, að hann hafi vísvitandi og á sviksamlegan hátt tekið meira en honum bar.

Og þetta held jeg að muni aldrei sannast.

Hitt er annað mál, að ef hann hefir fengið meiri síld en honum bar, þá getur hann orðið skaðabótaskyldur samkv. almennum reglum.

Nú er það svo, að enginn, sem skifti hefir átt við verksmiðjuna, hefir kært út af þessum mælikerum, og ekki veit jeg heldur til, að neinn hafi höfðað skaðabótamál gegn henni.

Þó vita allir, að hægara er að fá mann dæmdan til skaðabóta í einkamáli en til refsingar í sakamáli.

Eins og jeg hefi áður sagt, átti jeg auðvitað tal við bæjarfógetann á Akureyri um þetta mál, og hann áleit ekki ástæðu til að fara lengra með það, og þar sem hvorki löggildingarstofan nje nokkur viðskiftamaður verksmiðjunnar hafði kært, þá sá jeg ekki ástæðu til að fara fram á það við dómsmálaráðherra, að hann ljeti höfða sakamálsrannsókn gegn forstjóra verksmiðjunnar.

Hitt er satt, að hefði dómsmálaráðherra fundið ástæðu til að fyrirskipa rannsókn, þótt jeg kærði ekki málið fyrir honum, gat hann gert það, en óvanalegt mun það, ef ekki berst nokkur kæra frá neinum, eins og hjer hefir átt sjer stað.

Jeg minnist þess, að jeg sagði eitt sinn í viðtali við ritstjóra einn, að jeg væri ekki dómsmálaráðherra. Með þessum orðum vildi jeg leiða athygli allra þeirra, sem þetta mál varða, að því, að jeg hefði ekki æðsta úrskurðarvald um þetta mál, og ef einhver væri óánægður með mínar aðgerðir í því, gæti hann snúið sjer til dómsmálaráðherrans, en það hefir enginn gert, þótt hann vitaskuld hafi æðsta úrskurðarvald um sakamálarannsóknir.

Hv. þm. Str. (Trþ) hefir haldið þessum orðum, um að jeg væri ekki dómsmálaráðherra, mjög á lofti í blaði sínu. (Trþ: Og fleiri). Já og fleiri. Þessi orð mín hafa eflaust hitt vel naglann á höfuðið, fyrst margir hafa orðið til þess að halda þeim á lofti. En þegar hv. þm. Str. (Trþ) þykir það undarlegt, að Íhaldsmenn taka undir þessi orð mín, þá er það næsta merkilegt, því að honum á að vera það kunnugt, að allir Íhaldsmenn, nema einn, geta tekið undir þessi orð mín.

Jeg vona, að hv. þm. sjái nú, hvað felst í þessum einföldu orðum, og skilji, að hjer er um enga sneið til hæstv. forsætisráðherra (JM) að ræða.

Með því, sem jeg þegar hefi sagt, hefi jeg sýnt fram á, að það hefði verið þverbrot á venju undanfarinna ára að hefja sakamálsrannsókn út af þessu máli. Jeg hefi ennfremur sýnt fram á, að engar líkur eru til, að framkvæmdarstjórinn hefði hlotið áfellisdóm, þótt sakamál hefði verið hafið. Einnig hefi jeg bent á, að afhending síldarinnar fer þannig fram, að kunnugra manna sögn, að fremur lítillar nákvæmni er gætt. Enginn hefir kært manninn, og enginn hefir höfðað einkamál gegn honum. Og hví skyldi þá dómsmálaráðherra elta hann með mannorðsskemmandi sakamálsrannsókn? Í þessu sambandi má minna á, að sá maður, sem hjer er hafður fyrir sök, er norskur þingmaður. Þetta sýnir, að hann er vel metinn í sínu föðurlandi, en hjer ætti að setja hann á glæpamannabekk út af svipuðum athöfnum, sem eru látnar óátaldar hjá öðrum. Hver getur talið það rjettlátt?

Hv. þm. Str. (Trþ) hefir haldið því fram í blaði sínu, að þingmaður þessi hafi haft af Íslendingum um 100 þús. kr. á ári vegna mælikeranna. Ef þetta

væri rjett, sem mjer dettur ekki í hug að halda, þá er næsta undarlegt að áfella mig fyrir að hafa firt landsmenn þessu tapi framvegis með löggildingunni. Það má ef til vill deila um, hvort síldarmæliker sjeu löggildingarskyld, en um það er ekki hægt að deila, að jeg var fyrsti atvinnumálaráðherra á þessu landi, sem ljet löggilda þau, og það er samboðið rjettsýni hv. þm. Str. (Trþ) í minn garð að átelja mig fyrir það og önnur afskifti mín af málinu.

Mjer heyrðist á hv. þm. Str., að helsta tilefnið til rannsóknar væri skýrsla um þetta mál, sem út væri komin í Noregi og hann hefði sjeð útdrátt úr í blöðum þaðan. Jeg get nú ekkert um þessa skýrslu sagt, meðan jeg hefi ekki sjeð hana sjálfur, en jeg sje ekki, að það þurfi að vera tilefni til rannsókna, þótt einhver útlendingur eða Íslendingur skrifi um þetta mál í útlend blöð. Það verður ekki utanríkismál fyrir það, og þótt svo væri, þá er það hæstv. forsætisráðherra (JM), en ekki jeg, sem fer með slík mál, og mun hann þess vegna svara því. Jeg býst ekki við, að þessi skýrsla varði mig á nokkurn hátt. Jeg sje ekki heldur ástæðu til að stökkva upp og heimta rannsókn, þótt eitthvert blað einhversstaðar í heiminum flytji einhverja skýrslu í óhag stjórnmálaandstæðingi, og ætti hv. þm. Str. (Trþ) að skilja það manna best.

Um tillögu þá, sem hjer liggur fyrir, skal jeg annars segja það, að jeg tel vafasamt, að hjer umrædd rannsókn geti fallið undir 35. gr. stjórnarskrárinnar. En þótt svo væri, þá er auðsætt, að slík rannsókn, framkvæmd af þingnefnd, getur ekki orðið nema málamyndakák, því að rannsóknin á að vera búin fyrir þinglok, og á þeim tíma er ómögulegt að ná til þess manns sem hjer er hafður fyrir sök, því að hann situr nú á þingi í Osló. Og hvernig ætti að rannsaka þetta mál án þess að yfirheyra hann, er mjer gersamlega óskiljanlegt, og jeg fullyrði, að það væri beint brot á öllum rjettarfarsreglum, ef kveða ætti upp nokkurn dóm í málinu eða láta uppi álit um það án þess að hann sje yfirheyrður.

En það er annað, sem mun vaka fyrir hv. flm. (Trþ), og það er rannsókn á stjórnina, þótt hann sje ekki svo hreinskilinn að viðurkenna það. Til slíkrar rannsóknar þarf ekki þessa tillögu, því að hvaða þingmaður sem er getur fengið þær upplýsingar um málið, sem hann óskar, og getur svo flutt vantraustsyfirlýsingu, ef hann vill, en grímuklædda vantraustsyfirlýsingu á stjórnina er undarlegt að flytja.

Ef nokkur rannsókn að gagni á að fara fram í þessu máli í heild, þá verður það að vera sakamálsrannsókn, og ef þingið ætlar að fyrirskipa hana, verður það pólitísk sakamálsrannsókn, sem er hrein óhæfa, því að það er ekki á valdsviði þingsins að fást við slík mál. Það vald er hjá dómsmálaráðherra og dómstólum og engum öðrum. Hv. þm. Str. (Trþ) ætlar hjer að taka sjer þetta vald í heimildarleysi, og hlýt jeg því að minna hann á, að hann er ekki dómsmálaráðherra. Ef hann vill koma stjórninni fyrir kattarnef, sem jeg ekki efa, þá verður hann að fara aðra leið, sem jeg hefi þegar bent á, og það er sú leið að bera fram vantraustsyfirlýsingu.

Að síðustu tek jeg það fram, að enginn, sem hefir athugað þetta mál grandgæfilega og vit hefir á þeim hlutum, hefir talið ástæðu til sakamálsrannsóknar, en þó sýnist hv. þm. Str. (Trþ)

vilja láta fara þessa leið. En jeg vil skjóta því að honum, að hann mundi fyrstur manna hafa ráðist á stjórnina, ef sakamál hefði verið hafið. Þá mundi hann hafa haldið fram og það með rjettu, að það væri óviturlega gert. Því má sem sje ekki gleyma, að þessi norski þingmaður hefir aðstöðu til þess að spilla málum vorum í Noregi, og það veit hv. þm. Str. (Trþ), að kjöttollssamningar vorir standa ekki svo traustum fótum þar, að örugt sje. Og hver hefði getað láð honum, þótt hann snerist í því máli á móti oss, ef vjer hefðum elt hann með sakamálsrannsókn án þess að kæra lægi fyrir og án þess að öðrum, sem svipað stóð á um, væru gerð sömu skil.

Nú vil jeg gjarnan heyra, hvernig hv. þm. Str. (Trþ) tekur í málið, að fengnum þessum upplýsingum. Jeg veit, að í þessari ræðu minni hefir hann fengið ýmislegt að vita, sem hann vissi ekki áður, og jeg vil vita, hvernig hann tekur því, en seinna mun jeg svo draga ályktanir mínar þar af, enda hefi jeg það á tilfinningunni, að jeg hafi gleymt einhverju, sem jeg ætlaði að segja, og hefi jeg því sennilega ástæðu til þess að standa upp aftur.

Forsætisráðherra (JM): Jeg þarf ekki að vera margorður um þetta mál. Það snertir mig ekki nema að litlu leyti. Kæruatriðin virðast mjer einkum vera tvö.

Annað er það, að ekki var hafin sakamálsrannsókn gegn forstöðumanni Krossanesverksmiðjunnar. Hitt, að útlendum verkamönnum hafi verið leyft að starfa þar, eða hafi að minsta kosti verið liðið það.

Um fyrra atriðið, sakamálshöfðun eða sakamálsrannsókn gegn forstöðumanni verksmiðjunnar, ætti jeg í raun og veru ekki að þurfa að segja neitt. Það mál hefir ekki einu sinni komið til minnar stjórnardeildar. Það hefði eftir venjulegum og eðlilegum hætti getað komið til minna kasta á þennan hátt.

Í fyrsta lagi hefðu þau stjórnarvöld, sem hafa á hendi eftirlit með því, að mælitæki og vogaráhöld sjeu rjett, forstöðumaður mælitækjaskrifstofunnar og stjórnardeild atvrh., getað kært það fyrir dómsmálaráðuneytinu eða tilkynt henni, að hjer væri um sviksamlegt atferli að ræða.

Í öðru lagi hefði sýslumaður, sem bar skylda til að rannsaka málið, ef hann taldi svik framin, getað leitað úrskurðar dómsmálaráðherra um sakamálshöfðun, svo framarlega sem hann var í efa um það sjálfur.

Í þriðja lagi hefðu þeir menn, sem höfðu viðskifti við verksmiðjuna og þóttust verða fyrir fjárhagslegu tjóni vegna rangs mælis, getað kært fyrir dómsmálaráðuneytinu, ef þeir hefðu talið svik vera höfð í frammi.

Um fyrsta atriðið þarf ekki annað en vísa til ummæla hæstv. atvrh. (MG). Þegar eftirlitsmaður mælitækjanna tilkynnir atvinnumálastjórnardeildinni, að mælitækin í Krossanesi sjeu ólöggilt, seinast í júlí f. á., þá símar stjórnardeild hans til sýslumanns og leggur fyrir hann að rannsaka málið og sjá um, að rjettur mælir sje hafður. Þetta var sama daginn og hæstv. atvrh. (MG) lagði af stað norður. Að þessi stjórnarvöld sneru sjer beint til sýslumanns um rannsókn var bæði rjett leið og hin beinasta. Sjálfur kemur atvrh. (MG) norður, athugar málavöxtu og sýslumaður með honum. Þeir komast

að þeirri niðurstöðu, að hjer sje ekki um svik að ræða. Ekki gat því hæstv. atvrh. (MG) farið að kæra afbrot eða glæp, sem hann ekki taldi framinn.

Um hið annað atriði, að sýslumaður færi að snúa sjer til dómsmálaráðuneytisins, er óþarfi að orðlengja. Hann hafði fengið fyrirskipun um að rannsaka málið. Hann athugar það áður en hæstv. atvrh. kemur norður, og síðan enn frekar með ráðherra, og telur ekki svik framin. Hann gat því enga ástæðu haft til þess að snúa sjer til dómsmálaráðuneytisins.

Þá kem jeg að þriðja atriðinu, kæru frá viðskiftamönnum til dómsmálaráðuneytisins. Þeir hefðu átt að geta haft fjárhagslegan hagnað, og það sennilega fyrirhafnarlítið, ef svik hefðu sannast. Nú hefði því verið líklegt, að einhver þessara manna hefði snúið sjer til dómsmáladeildarinnar og heimtað rannsókn, ef hann hefði álitið svik í frammi höfð. Fjárhagslegur hagnaður er vanur að vera svo þungur á metunum, að það er fjarska ólíklegt, að enginn af viðskiftamönnunum hefði reynt að fara þessa leið, þótt hæstv. atvrh. benti á hana, ef menn ekki vildu treysta hans áliti og aðgerðum.

Um engan þessara vega kemur málið til stjórnarinnar. Ekki kæra viðskiftamennirnir, ekki kemur nein tilkynning frá sýslumanni, og ekki frá stjórnarvöldum þeim, sem um mælitækin eiga að sjá. Gat þá verið nokkur ástæða til þess, að dómsmálaráðuneytið færi að hefjast handa? Nei, sannarlega ekki.

Þá er hitt atriðið eða hinn hlutinn af Krossanesmálinu, hinir erlendu verkamenn, enda þótt minna hafi þótt til þess atriðis koma. Því hefir þó verið haldið fram, að þá hefði átt að reka úr landi samkv. lögum frá 18. maí 1920, um eftirlit með útlendingum.

Það verður þá að athuga það, hvað lög þessi segja þar um. Nú vill svo vel til, að ekki er um að villast, hvað meint er með þeim.

Á þingi 1919 var samþykt þál. frá allshn. Nd. um atvinnulöggjöf eða atvinnurjettindi útlendinga m. m. Stjórnin var þá ekki við því búin að koma fram með svo víðtækt frv., en til þess að sýna nokkurn lit á því að verða við tilmælum þál., þá ljet jeg semja frv. til nefndra laga.

Þegar jeg lagði málið fyrir deildina, sagði jeg með berum orðum, hvað í frv. fælist og hvað ekki, og jeg tók það fram, að í því fælist ekki ákvæði um takmörkun á atvinnurjetti útlendinga, og síðar undir umræðunum ljet jeg þess getið, að „frv. um atvinnurjettindi einstaklinga, í einstökum greinum og alment“ yrði að bíða þar til síðar. Hv. þm. Dala. (BJ) tók í þetta, fanst eðlilegt, að ekki yrði lengra farið að sinni, vegna þess, að hitt væri vandamál. Hann leggur áhersluna á það, að sem fyrst verði gerð lög um atvinnurjettindi útlendinga. Framsögumaður nefndar þeirrar, sem með málið fór, skýrði og nokkuð efni frumvarpsins á sama hátt.

Aðrir töluðu ekki um frv. eða sama sem ekkert. En ekki var þar um að villast, að menn skildu þar, að þetta frv. átti ekki að setja reglur um atvinnuhliðina. Er því satt að segja spaugilegt, að nú skuli eiga að setja nefnd eftir stjórnarskránni til þess að rannsaka, hvað í þessu frv. felist. Í því felst ekkert annað en það, sem jeg hefi bent á,

og hverjir sem þá nefnd skipuðu myndu aldrei komast að neinni annari niðurstöðu.

Nú kann einhver að segja, að ákvæði laganna nái lengra en tilætlað var, og færa þar til 3. gr. 4. tölul., þar sem sagt er, að dómsmálaráðherra geti bannað mönnum að dveljast hjer, ef þeir eru komnir hingað til starfa eða athafna, sem hættulegar væri hagsmunum ríkisins og almennings. En hvað langt sem menn vildu teygja þetta, þá kæmist þetta Krossanestilfelli ekki undir lögin, að minni skoðun. Ekki gat vera þessara 40—50 norsku verkamanna verið hættuleg ríkinu, en hún ætti þá að hafa verið hættuleg hagsmunum almennings. Eftir minni skoðun er ekki hægt með nokkurri skynsamlegri lögskýringu, hversu langt sem maður teygir sig, að segja, að vinna þessara manna, ekki fleiri en þeir voru, hafi getað skoðast skaðleg eða hættuleg hagsmunum almennings. Til þess þarf eflaust meira eftir þessari löggjöf. Er því ómögulegt að koma málinu áfram þessa leið.

Í þessu sambandi vil jeg minnast á þál., er samþ. var í þessari hv. deild í fyrra, sem fer fram á það, að stjórnin, samkv. heimild umgetinna laga, setji reglugerð, þar sem girt sje fyrir, að útlendingar geti leitað sjer atvinnu hjer, á meðan atvinnuvegirnir fullnægi ekki atvinnuþörf landsmanna. Þessi þál. er eflaust bygð á of lítilli athugun eða misskilningi á oftnefndum lögum. Þar er hvergi veitt heimild til slíkrar reglugerðar. Þar er að vísu á fleiri stöðum en einum talað um, að dómsmálaráðherra geti sett reglur eða reglugerð um eða út af ákvæðum frumvarpsins, en það er út af ákvæðum 1., 2., 4. og 6. gr., en ekki um það atriði, sem þál. ræðir um. Ákvæði þau, sem hún ræðir um, verða aðeins sett með nýjum lögum eða nýrri lagaheimild þál. fór fram hjá mjer í fyrra, jeg kom ekki í deildina, er hún var rædd.

Um nauðsyn eða ekki nauðsyn til þess að koma fram með frv. um atvinnurjettindi útlendinga hjer, eins og um var talað á þinginu 1920, ætla jeg ekkert að tala. Það er mikið vandamál, og þessu ráðuneyti hefði ekki unnist tími til að búa frv. út um það, þótt þörf hefði þótt til vera. Hvort þörf sje á slíku, skal jeg ekkert um segja, en hitt er víst, að þingnefnd slík, sem hjer um ræðir, getur ekkert hjálpað því máli áleiðis. Það er ómögulegt. Slíkt mál verður ekki rannsakað til hlítar á stuttum tíma. Hinsvegar mætti koma með áskorun á stjórnina eða tala um, að slíkt verði gert, en til þess þarf enga nefnd, og ekki er heldur hægt að ætlast til þess, að núverandi stjórn komi nú fram með slíkt frv. Allir viðurkenna, að þetta er mjög erfitt mál og vandasamt að setja lög um það, og sýnir sig líka, að um slíkar takmarkanir er mjög lítið að ræða hjá skyldum þjóðum. Helst hafa verið settar varnir gegn miklum innflutningi Rússa og Mið-Evrópumanna, og það mest hjá Englendingum. Hafa menn þó í hvívetna gætt hinnar mestu varúðar í þessu efni.

Skal jeg svo ekki segja meira um málið að svo stöddu. Hv. flm. (Trþ) þóttist vera ósköp góður í máli, en jeg ætla, að ekki hafi verið hægt að taka meininguna eins ljett og hann virtist vilja vera láta.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg gat þess í flutningsræðu minni, að jeg ætlaði ekki að minnast á aðgerðir hæstv.

stjórnar í máli þessu, til þess að dæma þær, og að jeg myndi ekki heldur gera það síðar við þessar umræður eða meðan málið stæði á þessum grundvelli. Stend jeg við þessi orð og mun standa, þó óneitanlega hafi verið gefið fylsta tilefni til að tala nánar um einstök atriði málsins. En eins og málið liggur hjer fyrir, ætla jeg algerlega að standast þá freistingu að fara út í einstök atriði þess. Oft eru menn ásakaðir fyrir að fara í umr. út fyrir málið. Slíkt skal mig ekki henda. Hjer liggur aðeins fyrir: Á að skipa nefnd til þess að rannsaka þetta mál, eða á ekki að gera það? Við það mun jeg halda mjer.

Hæstv. atvrh. (MG) flutti ræðu, sem jeg ætla að hafi staðið yfir eina klst. og 5. mínútur. Af þessari ræðu gekk klukkustundin til þess að tala um aðgerðir hans í málinu, en á að giska fóru 5 mínútur í það að ræða sjálfa þáltill. um nefndarskipunina. Sem sagt, tvær mínútur í upphafi ræðu hans og 3 í niðurlagi hennar eyddust í að tala um till. þessa, hvort skipa skyldi nefnd til þess að rannsaka málið eða ekki. Orð hans þessar fimm mínútur eru það eina, sem jeg ætla að athuga. Hitt alt, sem hann sagði, er í rauninni málinu óviðkomandi, eins og það liggur fyrir.

Hæstv. atvrh. (MG) var hissa á því, hvernig jeg flutti málið. Hann sagði, að jeg hefði talað og skrifað öðruvísi um það áður og dæmt það hart. Jeg neita því ekki. Jeg hefi gert það, og tek ekkert af því aftur. En síðan er það nýja komið til, að málið er orðið stórt utanríkismál. Og eins og það er satt, að jeg er ekki dómari nje dómsmálaráðherra nje hæstirjettur, þá er hitt víst, að jeg hefi aldrei ætlað, að jeg væri óskeikull páfi, þegar jeg hefi dæmt um einstök atriði þessa máls og aðgerðir stjórnarinnar í því, og síst eins og málinu er nú komið. Jeg tel mig síður nú einfæran til að kveða upp endanlegan dóm, og einmitt af því og til þess að dómurinn geti orðið svo rjettur, sem völ er á, fer jeg þá sanngirnisleið að leggja til, að málið verði nú athugað rólega og æsingalaust í nefnd. Að vísu kveður sú nefnd ekki upp dóm, en hún getur lagt til, hvað gera skuli í því efni.

Málið er nú orðið stórmál í Noregi, og þannig hefir um það hlaðist þar í landi, að ekki kann það lítið að reynast að lyktum. Þess vegna vildi jeg ekki heldur hefja nú árás á hæstv. stjórn nje víta aðgerðir hennar í málinu, heldur fela málið nefnd til rólegrar yfirvegunar.

Þetta snertir það, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði um málið þessar tvær mínútur í upphafi ræðu sinnar. Síðan flutti hann langa skýrslu um athafnir sínar og spurði mig að lokum, hvort jeg væri nú ekki ánægður. Jeg get svarað honum því, að mjer þótti skýrslan einkar skemtileg, og einkum fanst mjer gaman að sögunni af því, að hann gat bendlað mig við hana, með því að minnast á mjólkurmálin mín. Og það verð jeg að segja: Komi hæstv. atvrh. (MG) til að rannsaka mjólkurmálin heim til mín, þá skal hann vissulega fá hjá mjer kaffi, eins og í Krossanesi. En hæstv. atvrh. (MG) spurði mig að lokum, eins og jeg drap á, hvort jeg væri ekki ánægður eftir skýrslugjöfina og mundi því vilja falla frá till. Að vísu er þetta ekki orðrjett, en það var meiningin. Hæstv. ráðh. (MG) vildi líka heyra, hvað jeg hefði um þetta að segja eftir

að hann væri búinn að útskýra málið. Jeg vil segja það, að engan dóm skal jeg upp kveða um það, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði um rekstur þessa máls, en hitt verð jeg að segja, að mjer finst eftir ræðu hans vera enn þá meiri ástæða til þess, að málið verði athugað gætilega og rólega í nefnd. Það voru ýms atriði, sem hæstv. atvrh. (MG) nefndi, sem mjer komu á óvart, og jeg er viss um að þurfa rannsóknar við. Skal jeg ekkert þeirra atriða nefna nú, eins og jeg ætla mjer yfirleitt ekki að gagnrýna aðgerðir stjórnarinnar. Jeg bendi aðeins á þetta, að í ræðu hæstv. atvrh. (MG) komu fram ýms atriði, sem óhjákvæmilega hljóta að hvetja til rannsóknar á málinu.

Þá er það ekki, eins og hæstv. atvrh. (MG) sagði, „einhver" maður úti í löndum, sem hefir gert málið að stórmáli í Noregi. Nei, það er sjálfur forstjóri verksmiðjunnar, hinn norski stórþingsmaður, sem hefir sent skýrslu um málið, og það til norsku utanríkisstjórnarinnar. Einmitt þess vegna er enn sjálfsagðara að fara ekki að rökræða málið að svo stöddu nje áfellast aðgerðir hæstv. stjórnar, heldur halda sjer fast við það eitt, sem hjer liggur nú fyrir: Á að rannsaka málið í nefnd eða ekki? Jeg vil benda hæstv. atvrh. (MG) á það, að jeg flyt till., og því er líka sanngjarnt, að jeg ráði því, hvort jeg vil leggja dóm á málið nú eða ekki. Jeg vildi og vil aðeins vita, hvort hæstv. stjórn vill taka í þessa útrjettu hönd okkar andstæðinga hennar, sem vjer bjóðum henni, að málið verði rólega athugað í nefnd. Vill hv. stjórnarflokkur taka þessu boði, að málið sje athugað á þennan hátt? Viljið þið það, eða viljið þið það ekki? Annað ræði jeg ekki nú.

En hitt get jeg sagt, að ekki mun á mjer standa undir öðrum kringumstæðum að ræða málið. Til er stofnun, sem nefnist eldhúsdagur, og ekki er ómögulegt heldur, að einhverjum gæti dottið í hug að vilja kynna sjer, hvort hæstv. stjórn hefði traust meiri eða minni hluta þingsins. Að minsta kosti mundi slíkt liggja nærri, ef hæstv. stjórn vill ekki taka þessu boði nú. Ekki skal jeg undan skorast að ræða málið þá, ef vonlaust er orðið, að það fái þá eðlilegustu og bestu meðferð, sem að því getur stutt, að það verði fullrannsakað. En jeg vil ekki enn vera vonlaus um, að þessi leið, er jeg hjer ræði um, verði farin.

Svo mikið stórmál sem þetta er, og svo mjög sem það veit út á við, er það sannarlega alt of lauslega tekið á að láta sjer nægja að hlýða hjer í eina klst. á munnlega skýrslu hæstv. atvrh. (MG). Jeg vil því óska enn og alvarlega beina því til hv. þdm., að farin verði leið sú, er jeg sting upp á.

Það var víst hæstv. forsrh. (JM), sem vjek að því, hverjir myndu verða í nefndinni. Jeg get huggað hann með því að segja honum, að hinn harði, grimmi og illvígi þm. Str. (Trþ) ætlar sjer ekki að sitja í henni af Framsóknarflokksins hálfu, svo að ekki er hann að óttast.

Annars var það aðeins ein mótbára, sem hæstv. atvrh. (MG) færði gegn nefndarskipuninni, sú, að annar aðilinn væri ekki viðstaddur, og hann sagði eitthvað á þá leið, að það væri hart að dæma þann mann í tukthús, sem ekki hefði verið yfirheyrður og ekki væri við.

(**Atvrh. MG**: Ekki rjett). Jeg ritaði það upp eftir ráðh. (**Atvrh. MG**: Það er þá ekki rjett ritað). Hæstv. atvrh. sagði, að hann hefði víst gleymt einhverju í ræðu sinni. Getur ekki eins verið, að hann hafi ef til vill líka sagt eitthvað, sem hann ætlaði ekki að segja? En þessi mótbára gegn nefndarskipuninni vegur harla lítið. Hæstv. atvrh. (MG) sagði við mig, að jeg væri ekki dómsmálaráðh. Nefndin er það ekki heldur, nje getur orðið það. Hún á engan dóm upp að kveða, heldur á hún að greiða úr málinu, kynna sjer plöggin og athuga það frá öllum hliðum og leggja síðan álit sitt fyrir Alþingi, og kveður það þá á um, hvað gera skuli eða hvort ekkert þurfi að gera. Með engu móti getur þetta kallast harkalega að farið gagnvart forstjóra Krossanesverksmiðjunnar.

Merkilegt er það, ef hæstv. atvrh. (MG) hygst geta heimtað það af andstæðingum sínum, að þeir láti sjer nægja, að hann standi upp og flytji munnlega skýrslu um málið. En eins og jeg hefi margsagt, jeg stenst þá freistingu að fara nú að deila á stjórnina á þessum grundvelli, spyr aðeins um þetta eina: Á Alþingi að fá að skipa nefnd í málið eða ekki? Þykir mjer hart, ef hæstv. stjórn neitar að verða við slíku.

Loks var hæstv. atvrh. (MG) að drótta því að mjer, að jeg myndi hafa ráðist á stjórnina alveg eins, hvernig sem hún hefði farið að í málinu, að jeg hefði orðið eins grimmur, ef hún hefði valið hina leiðina. Förum við hæstv. atvrh. (MG) ólíkt að í máli þessu. Jeg ásaka hann ekki um neitt, en hann veitist að mjer svo sem hann getur. Má hann það. Komið getur eitthvað frá mjer á eldhúsdegi, og komið getur önnur þál. síðar, er honum fellur ekki betur en þessi, ef honum fellur engan veginn friðsamleg úrlausn málsins.

Jón Baldvinsson: Jeg ætla mjer að mestu leyti að víkja að þeirri hlið málsins, sem snýr að innflutningi verkamannanna norsku. Hefir lítið á það verið minst upp á síðkastið. Hefst það með því, að verkamannafjelagið á Akureyri kærir 15. júlí síðastl. verksmiðjuna í Krossanesi fyrir það að hafa flutt inn um 50 verkamenn. Var sú kæra afhent bæjarfógetanum á Akureyri, og mun hann hafa borið málið undir stjórnarráðið, en síðan ekkert, svo kunnugt sje, verið hafst að í málinu. Að vísu er nú upplýst, að stjórnin hefir ekki talið sig hafa heimild til að banna þessum mönnum landsvist hjer, en þó er óupplýst enn, hvers vegna sótt var um fyrir hönd forstjórans að flytja mennina inn. Þá er það og merkilegt og sýnir, hve illa þetta mál er undirbúið og rannsóknarvert, að forstjórinn í Krossanesi, sem beðið hefir um, að sótt væri um þetta leyfi fyrir sig, neitar síðar, er hæstv. atvrh. (MG) spyr hann um það, að hann viti nokkuð um þetta. Sýnir þetta greinilega, að framferði verksmiðjustjórans í þessu máli yfirleitt er ekki svo hreint og grunlaust, að ekki sje athugunar- og rannsóknarvert, og að varlegt sje að taka alt gott og gilt, sem forstjórinn segir, eins og hæstv. atvrh. (MG) og bæjarfógetinn á Akureyri virðast hafa gert.

Hinsvegar er og alveg fullyrt, að þó að forstjórinn í Krossanesi hafi fengið leyfi til að flytja inn 15 menn, þá hafi hann ekki þurft að flytja inn meira en 6 sjerfræðinga við vjelarnar, en hann flutti nú inn um 50 menn. Og það er óhugsandi, að verksmiðjustjórann hafi

ekki grunað, þegar hann flutti inn menn þessa, að hann væri að gera rangt. Eða hvers vegna tilkynti hann ekki hlutaðeigandi bæjarfógeta, að hann hefði flutt þá inn, eins og honum bar að gera. Og nú vil jeg spyrja hæstv. atvrh. (MG) að því, hvort forstjórinn hafi fengið nokkrar sektir fyrir að vanrækja þessa tilkynningu.

Hinsvegar sagði hæstv. atvrh. (MG), að ef mönnum þessum hefði verið vísað úr landi — hann virtist þá ætla, að það hefði verið hægt — þá hefðu hlotist af því vandræði fyrir verksmiðjuna og sveitirnar í kring, sökum þess, að þá hefði vantað fólk til að vinna í verksmiðjunni. En það er nú upplýst af norðanblöðunum, að á sama tíma og talað var um að vísa þessum mönnum frá var fjöldi atvinnulausra manna á Akureyri, sem fúslega hefðu fengist til að taka að sjer þessa vinnu. Og fellur því ástæða hæstv. atvrh. (MG) fyrir þessu atriði um koll.

Skýrsla hæstv. atvrh. (MG) var að sumu leyti merkileg, en í raun og veru upplýsti hún ekkert nýtt, sem gæti gert það að verkum, að ekki þyrfti frekar að rannsaka málið. Ýms atriði bentu þvert á móti á það gagnstæða. T. d. sýnir símskeyti hæstv. stjórnar frá 31. júlí síðastl., að hæstv. stjórn hefir þá litið svo á, að þetta væri mjög alvarlegt mál og full ástæða til, að það væri ítarlega rannsakað. Jafnvel skeytið bendir til þess, að um sakamálsrannsókn gæti verið að ræða. Þá hefir hæstv. ráðherra a. m. k. litið svo á, að rannsóknar þyrfti við.

Annað hefir ekki verið upplýst, nema ef telja skyldi tvö atriði, að hæstv. ráðh. fór á bát, en ekki í bíl, út að Krossanesi og að hann drakk þar kaffi, en borðaði þar ekki miðdegisverð. Þetta eru nú reyndar ekki veigamikil atriði, og þau hreinsa ekki hæstv. atvrh. (MG) neitt í þessu máli.

Það, sem hæstv. ráðherra sagði og hefir áður sagt í viðtali við blöðin, gengur alt út á það að afsaka verksmiðjueigandann í Krossanesi, svo sem um enga sök sje að ræða. Svo fljótur var hann á sjer að skýra frá þessu í blöðunum, að hann varð síðar að leiðrjetta talsvert, sem hann hafði farið rangt með. (Atvrh. MG: Hvenær?). Í sumar, 19. sept., kom viðtal við Morgunblaðið, og rjett á eftir varð hæstv. atvrh. að leiðrjetta sumt af því, sem þar var sagt, af því að löggildingarstjórinn hafði leiðrjett ýms atriði úr frásögninni.

Hæstv. atvrh. virðist hafa tekið alt trúanlegt, sem forstöðumaðurinn í Krossanesi sagði. Þegar hann segir frá viðtali þeirra, er altaf viðkvæðið: „þá spurði jeg“ — „þá sagði Holdö“, og það er alt gott og gilt, sem Holdö segir.

Mikið hefir verið um það rætt, hvort fullkomlega löglegt hefði verið að banna að flytja inn norsku verkamennina. En jeg vil leyfa mjer að spyrja hæstv. atvrh.: Ef hann hefir álitið, að hann gæti ekki bannað þennan innflutning, því sagði hann þá ekki frá því í sumar? Og því var hann að takmarka töluna, ef hann áleit, að ekkert leyfi þyrfti til innflutnings? Honum var skylt að leyna ekki neinu um löggjöfina í þessu efni.

Hæstv. atvrh. hefir sagt hjer í dag — og borið fyrir sig sjálfan forstöðumanninn í Krossanesi í því sem öðru, er þetta mál snertir — að verksmiðjan í Krossanesi hafi ekki fengið meira en henni bar, þó að síldarmálin væru 20

lítrum stærri en til var ætlast. Það má nú geta nærri um það, hvort verksmiðjan hefir ekki gætt þess, að síldarmálin væru jafnan full, og þetta, sem hann hefir eftir Holdö, að kerin sláist oft við bryggju eða skip, svo að meira og minna fari úr þeim, er auðvitað slúður, sem hæstv. ráðh. getur varla verið þektur fyrir að bera fram sem röksemd í málinu.

Það glopraðist út úr hæstv. ráðherra í lok ræðunnar, að það gæti verið óheppilegt fyrir okkur að fara í mál við forstöðumann verksmiðjunnar, af því að hann væri stórþingsmaður í Noregi. Finnur ekki hæstv. ráðh., hve slíkar afsakanir eru óframbærilegar? (**Atvrh. MG:** Þingmaðurinn verður að fara rjett með.).

Hjer er um stórfje að ræða, og má geta nærri, hvort maðurinn hefði sloppið við rjettláta refsingu, ef þetta hefði gerst með stórþjóð. Nei, þetta mál er alveg sjálfsagt að láta rannsaka. Það er að heyra af ræðu hæstv. ráðh., að hann þykist hafa þvegið sig hreinan af þessu Krossanesmáli. Ekki hefir hann þó enn minst á það, sem hann sagði í viðtali við blöð á Akureyri, að forstöðumaðurinn í Krossanesi hefði fengið ofanígjöf og ávítur. Það er eins og hann hafi verið að ávíta krakka, tekið hann á knje sjer og danglað eitthvað í hann. Slíkt framferði ráðherra er honum algerlega ósamboðið, og mjer finst sjálfsagt, að þingið láti málið til sín taka, úr því ekki voru öll gögn lögð fram þegar í þingbyrjun.

Það er auðsjeð, að aðstaða stjórnarinnar er eitthvað veil; annars hefði hún lagt öll gögn fram. Að hún setur sig á móti þeirri tillögu, sem hjer er um að ræða, finst mjer bera vott um það, að eitthvað sje í málinu, sem hún vill dylja eða telur, að ekki megi koma fram. Ef hún ætlar þannig að nota meiri hluta vald sitt til þess að dylja fyrir þinginu það, sem það vill fá að vita, væri rjett að prófa, hverjir það eru, sem vilja fylgja henni.

Ýmislegt, sem fram hefir komið í þessu máli, m. a. sum ummæli hæstv. atvrh. (MG), bendir ótvírætt til þess, að Krossanesmálið sje þess eðlis, að full ástæða væri til þess að láta dómstólana rannsaka það. Í þá átt benda m. a. þessi frægu orð: „Jeg er ekki dómsmálaráðherra".

Hæstv. forsrh. (JM) afsakaði sig með því, að atvrh. hefði ekki vísað málinu til sín. Þannig ásaka ráðherrarnir hvor annan, og því er þeim sjálfum ekki síst nauðsynlegt, að upplýst sje, hver hinn seki er, sem látið hefir rannsóknina dragast úr hömlu.

Hæstv. atvrh. sagði í sumar, að það væri vítavert af verksmiðjunni að hafa ekki löggilt mál. Annars var hlægilegt tal ráðh., þegar hann var að berja sjer út af því, að löggildingarstofan var lögð niður. Því var hún lögð niður? Ekki lagði hann því liðsyrði, að hún starfaði áfram, þegar frv. um afnám hennar var fyrir í fyrra.

Að ekki voru löggilt 150 lítra mál, afsakaði ráðh. með því, að erfiðlega mundi hafa gengið fyrir verksmiðjuna að fá ný mál. Eru þessi síldarmál þá svo merkilegir gripir, að ekki sje auðvelt að afla sjer þeirra? Mjer er sagt, að þau sjeu gerð á þann hátt, að sagað sje ofan af olíutunnu — og nóg kvað vera til af þeim í Krossanesi — og jeg get ekki skilið, að það sje mjög vandasamt.

Í allri ræðu sinni mintist hæstv. ráð-

herra aldrei á það, sem þó er aðalatriðið í þessu máli, að í samningum öllum milli kaupanda og seljanda er gengið út frá 150 lítra síldarmálum. Ráðh. minnist ekki á, að til sjeu nokkursstaðar slík mál. Hann veit þó a. m. k., að til er verslun, sem heitir „Hinar sameinuðu ísl. verslanir". Þær munu hafa haft nákvæmlega rjett mál. Og verksmiðjan, sem starfar fyrir vestan, mun einnig hafa haft rjett mál.

Jeg get nú lokið máli mínu. En jeg verð að segja, að margt er enn óupplýst þessu máli viðvíkjandi, t. d. um innflutning verkamannanna, leyfi stjórnarinnar og rannsókn bæjarfógetans á Akureyri samkvæmt skeyti stjórnarinnar. Jeg tel sjálfsagt að samþykkja þáltill. og að alt þetta sje rannsakað. Ef stjórnin mælir á móti því, virðist auðsætt, að hún þorir ekki að láta alt koma í ljós.

Jakob Möller: Það liggur fyrir að ganga til atkv. um það, hvort hv. deild skipi nefnd til að rannsaka Krossanesmálið. Jeg hefi haldið spurnum fyrir um álit manna úti í frá á þessu máli, og hefir mjer heyrst allir vera sammála um, að það sje þannig vaxið, að það gangi hneyksli næst, ef við svo búið er látið standa. Jeg segi óhikað, að fyrsta ástæðan til þess, að þinginu beri að hefjast handa í málinu, er sú, að almannarómurinn krefst þess. Það er sem sje trú alls almennings, að framkvæmdarstjóri Krossanesverksmiðjunnar hafi haft fje af mönnum í stórum stíl. Það hefir ekki enn komið skýrt fram, hvernig hæstv. stjórn lítur á málið, en jeg held mjer sje óhætt að fullyrða, að hún sje andvíg rannsókn. Það er ekki gott að segja, af hverju svo er, og eiginlega geta aðeins verið tvær ástæður til þess. Önnur er sú, að hún telji málið þegar fullrannsakað, og því engra frekari aðgerða þörf, en hin er sú, að það gæti komið henni óþægilega, ef málið yrði upplýst.

Hæstv. atvrh. (MG) hefir nú gefið skýrslu um sín afskifti af málinu. Það fyrsta, sem jeg tók eftir í ræðu hans, var að síldarmælikerin hefðu ekki verið löggildingarskyld. Mig furðar stórum á, að hæstv. ráðherra skuli láta sjer þetta um munn fara, því að það er tekið fram í lögum um mælitæki- og vogaráhöld, að allir þeir, sem reka þannig viðskifti, að þeir þurfa að mæla eða vega varning, eru skyldir að hafa til þess löggilt áhöld. Að Krossanesverksmiðjan hafi rekið slík viðskifti, er tvímælalaust. Og hvað sem hæstv. ráðh. segir um þetta, voru mælikerin áreiðanlega löggildingarskyld. Og í skeyti, sem hann las upp, til bæjarfógetans á Akureyri, segir frá því, að hæstv. stjórn hafi falið honum að rannsaka, hvort ólöggild og röng mæliker hafi verið notuð í Krossanesi. Í þessu skeyti er því slegið föstu, að mælikerin hafi verið löggildingarskyld. En síðan sagði hæstv. ráðh., að með löggildingunni hafi viðskiftamenn verksmiðjunnar verið trygðir gegn því að tapa í áframhaldandi viðskiftum við verksmiðjuna á því, að mælikerin væru of stór. Það er þannig af orðum hæstv. ráðh. einnig upplýst, að mælikerin hafi verið röng, og þá er eftir að fá sannað, hvort verksmiðjan hafi haft af mönnum fje með því að nota þessi röngu mál, og í öðru lagi hvort það hafi verið gert af ásettu ráði. En þetta finst mjer að hæstv. ráðh. játi, að sje órannsakað.

Það virðist liggja í orðum hæstv.

ráðh., að hann gangi út frá, að fje hafi að vísu verið haft af mönnum, en ekki af ásettu ráði, og því sje engin ástæða fyrir það opinbera að hefjast handa í þessu máli fyr en kærur komi fram. En það er afarhættulegt, ef sú trú kemst inn hjá almenningi, að í slíkum efnum sje leyfilegt að haga sjer eins og hverjum sýnist, meðan engir kvarta. Þess vegna á, þegar um önnur eins mál og þetta er að ræða, að fylgja þeim fram með fullri festu. Hæstv. ráðh. viðurkennir, að hann þekki lítið til þessara hluta, og kveðst vera því ókunnugur, hvernig mæling og uppskipun síldar fari fram, og því geti hann ekkert um þetta dæmt. Þetta er nú mjög svo hreinskilnislega játað af hæstv. ráðh. En jafnframt er það fullkomin játning um það, að hann hafi ekkert getað rannsakað málið, og ekki heldur gert það. En svo ber hann því við, að framkvæmdarstjóri Krossanesverksmiðjunnar hafi verið í góðri trú um, að hann hefði ekki af mönnum í viðskiftunum. En um það getur hann ekkert vitað. Mjer finst það vera augljóst, að ekki er mark takandi á slíkum fullyrðingum málsaðilja.

Hæstv. ráðh. sagði, í sambandi við ráðningu verkafólks, að framkvæmdarstjóri hefði þverneitað því, að hann hefði látið sjer til hugar koma að sækja um leyfi stjórnarinnar til þess að flytja verkafólk inn. Þrátt fyrir það segir hann, að framkvæmdarstjórinn hafi látið sækja um slíkt leyfi. Er maðurinn þá ber að ósannsögli í því máli. Það er líka skemst á að minnast, hvað hann segir í skýrslum þeim, sem hann hefir gefið um mál þetta í Noregi. Þar segir hann, að hann hafi látið mælinguna fara fram í sjerstökum löggiltum mælikerum, en það er upplýst og viðurkent af verksmiðjustjóranum við eftirlitsmann löggildingarstofunnar og við atvrh. í sumar, að þau ker hafi aldrei verið notuð. Þó segir framkvæmdarstjórinn í Noregi, að með þeim hafi síldin verið mæld, eftir að hún kom úr skipi. Og með þessum röngu skýrslum, sem hann gefur í Noregi, játar hann sekt sína. Jeg trúi því, að hæstv. ráðh. sje ókunnugt um uppskipun og mælingu síldar, og hafi því tekið trúanlegt það, sem framkvæmdarstjórinn sagði, um að síldin ódrýgðist við uppskipun. En hæstv. ráðherra virðist ekki hafa talað um þetta við aðra menn, sem kunnugleika hafa á þessu sviði. Sannleikurinn er sá, að það er örsjaldan, að nokkru muni við uppskipunina. Annars hagar svo til í þessari verksmiðju, að þar er sjerstakur maður, sem sjer um mælinguna, og mun hann hafa gengið ríkt eftir, að kerin væru full.

Og það er að minsta kosti ljóst af því, sem hæstv. ráðherra hefir sagt, að rannsókn hans á málinu hefir aðallega beinst að því að fá að vita, hvernig annar málsaðili hefir litið á þetta. Um viðskiftamenn er ekki talað. En þar sem þessi framkvæmdarstjóri nú hefir gripið til þess að segja rangt frá öllum málavöxtum í Noregi, ákærir hann sjálfan sig svo geipilega, að erfitt er að efast um sekt hans eftir það.

Hæstv. ráðh. sagði þetta dæmi um Krossanesverksmiðjuna ekki einsdæmi. Slíkt hefði komið fyrir einnig hjá öðrum verksmiðjum, en ekkert dæmið komst þó neitt nálægt þessari verksmiðju. Krossanesverksmiðjan er einhver elsta verksmiðjan, og ef til vill

hafa hinar litið svo á, að „hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sjer leyfist það". Í sumum tilfellum voru líka mælikerin minni en þau eiga að vera, en í sumum því sem næst nákvæmlega rjett.

Það er að minsta kosti ein síldarverksmiðja á Siglufirði, sem hafði því sem næst nákvæm mál, og þá verður auðsætt, að Krossanesverksmiðjan og hinar, sem siglt hafa í kjölfar hennar, hafa bæði haft af mönnum fje og einnig beitt óheiðarlegri samkepni við heiðarlegu fyrirtækin. Á þessu er líka hægt að sjá, að alt þetta mas um ódrýgindi síldarinnar í uppskipun er eintómur þvættingur. Hinar verksmiðjurnar hefðu áreiðanlega reynt að tryggja sjer uppbót á því, ef nokkru hefði munað. Við því, sem hæstv. ráðh. sagði um að framkvæmdarstjórinn hefði haft í hyggju að vega síldina, eða að minsta kosti hefðu vogirnar verið til, er því að svara, að vogirnar hafa sjálfsagt verið ætlaðar til þess að vega með afurðirnar, sem út væru fluttar. Annars vil jeg benda á það, að ef framkvæmdarstjórinn hefir haft tilhneigingu til að hafa af viðskiftamönnum á þennan hátt, gæti hann sjálfsagt haft einhver ráð til þess, þó að vogir væru notaðar í stað mælikera. Ýmsar vogir eru þannig, að eigandinn getur látið þær vega eins og honum hentar það og það skiftið. En sú aðferð mun tryggari en hin. Mælikerin segja til sín, en erfiðara er að „kontrollera" vogirnar.

Hæstv. atvrh. hjelt því fram, að óviðurkvæmilegt hefði þótt að beita hörku við þennan eina mann, þó að upplýst væri, að hann hefði notað röng mælitæki, því að reynsla mælitækjastofunnar sýndi, að 68% af öllum vogaráhöldum í landinu hefði verið röng við fyrstu skoðun.

Samanburður hæstv. ráðh. á þeirri reynslu, sem löggildingarstofan þannig hefir fengið um rangan mæli og vog alment, á ekki hjer við. Það er enginn vafi á því, að þau mælitæki, sem löggildingarstofan hefir leiðrjett hjá einstökum kaupsýslumönnum, hafa verið orðin röng án vitundar eigendanna, einungis af notkuninni. Þau hafa líka vafalaust verið rjett í upphafi. Öðru máli er að gegna um síldarverksmiðjurnar. Þar hafa mælitækin altaf verið röng. Og það hlýtur framkvæmdarstjórinn að hafa vitað, því að hann hefir haft rjett mælitæki við hliðina á þessum, enda svo kunnugur slíkum mælitækjum, að hann hlaut að vita, hvort þau voru rjett.

Hæstv. atvrh. bætti líka úr skák gagnvart innlendum mönnum, sem löggildingarstofan sannaði að notað hefði röng vogartæki, er hann gat þess, að einkum hefði ein sjerstök tegund borðvoga reynst þannig, að þær hefðu vegið illa inn, en ríflega út. Sje átt við borðvogir eins og í búðum tíðkast, þá er auðsætt, að skekkjan hefir ekki verið gerð í gróðaskyni, þar sem þær eru notaðar eingöngu til þess að vigta út, en ekkert inn.

Enn er eitt að athuga í sambandi við mælitækin í Krossanesi, sem nú er sannað hvað tóku og hæstv. atvrh. trúir, að viðskiftamennirnir hafi haft gagn af að voru löggilt sem 170 lítra ker. Hvernig fer þessi vesalings verksmiðja að, þegar hún á framvegis að nota þessi ker, ef henni hefir verið nauðsynlegt að hafa þau of stór, til þess að fá það, sem henni bar? Hæstv. atvrh. virtist trúa á það, að hún myndi reyna betur en áður að sjá sínum hag borgið, með því að

fylgja því fram, að kerin yrðu vel fylt. En ef þau hafa verið fylt áður svo út af flóði, þá virðist ekki auðvelt að gera það betur framvegis. En það er einmitt eitt aðalatriði þessa máls, sem ekki hefir verið rannsakað, en þarf að rannsaka, til þess að komist verði að rjettri niðurstöðu, sem sje hvernig gengið hafi verið eftir því, að kerin væri full. Skildist á hæstv. ráðh., að framkvæmdarstjóranum væri skylt að nota rjett mæliker, er hið opinbera skipaði honum það. Vitanlega hefir honum altaf verið skylt að hafa rjett mæliker og nota þau samviskusamlega.

Málið virðist mjer liggja þannig fyrir, að ekki verði deilt um það, að framkvæmdarstjóri Krossanesverksmiðjunnar sje mjög grunsamur um að hafa beitt svikum í viðskiftum sínum. Og eins og jeg sagði í upphafi, er þetta skoðun alls almennings. Og jeg er sannfærður um það, að verði hjer við látið lenda, þá verður það til þess að drepa niður virðingu manna fyrir lögum og rjetti í landinu, meira en áður er orðið. Þess vegna teldi jeg illa farið, ef þetta þing skildi svo við, að ekkert yrði í málinu gert. Jeg veit ekki, hvað því veldur, að stjórnin hefir tekið svo mjúkum höndum á þessu máli. En jeg get gert mjer hugmynd um, að það hafi verið af einhverri hræðslu við að styggja volduga menn annara þjóða. En það er hættulegt þessari litlu þjóð, ef slík hræðsla nær tökum á valdsmönnum hennar. Því hvaða takmörk eru fyrir því, hvað aðrar voldugar þjóðir muni þora að hafa í frammi við okkur, ef við, þar sem er um næstum augljósa glæpi að ræða, þorum ekki að hafa hendur í hári þeirra, er slíka glæpi fremja.

Hæstv. forsrh. (JM) sagði nokkur orð um þetta mál. Þau lutu aðallega að því að bera sökina af honum sjálfum. Það kemur mönnum ef til vill ekki mjög á óvart. En jeg er sannfærður um, að því trúir ekki nokkur maður á þessu landi, að þessu máli hafi verið þannig til lykta ráðið í stjórninni, að atvrh. og forsrh. hafi ekki talað um það sín á milli, hvernig með það ætti að fara. Með því að hæstv. forsrh. er dómsmálaráðherra, leikur enginn vafi á, hvor sökina á, ef um sök er að ræða, og ekki er heldur vafa bundið, hvar ábyrgðin lendir í vitund alls almennings, — Hæstv. forsrh. taldi líka heldur litla ástæðu til þess, að hann hefði farið að rjúka upp og heimta rannsókn, án þess að fá nokkra hvatningu frá atvrh. Og jeg verð nú að játa, að jeg hefi aldrei búist við því, að hæstv. dómsmálaráðherra færi að rjúka upp út af s m á m u n u m ótilkvaddur. — Annað mál er það, hvort honum hefði borið að „rjúka upp".

Að endingu vil jeg segja, að mjer þykir eftirtektarvert, hvernig hæstv. stjórn tekur þetta mál. Henni virðist ekki blandast um það hugur, hver myndi verða niðurstaða þeirrar nefndar, er skipuð yrði til rannsóknar. Hæstv. atvrh. sagði, að það væri ógerningur að skipa nefnd, vegna þess, að það væri ómögulegt sem stæði að ná í annan málsaðilja til að tala við, og væri óviðkunnanlegt að höfða sakamál án þess. Virðist mjer í þessu liggja það, að hann gangi út frá því sem gefnum hlut, að ekki aðeins nefndin, heldur einnig þingið, myndi komast að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt væri að hefja sakamálsrannsókn. Og það er einmitt líklegasta niðurstaðan. En því ákveðnari er jeg að

greiða atkvæði með tillögunni, sem mjer þykir líklegra, að þessi verði endir á málinu. Ef jeg áliti, að málið fjelli niður eftir nefndarrannsóknina, mundi jeg láta mig þetta minna skifta.

Það eina, sem gæti afsakað afstöðu hæstv. stjórnar og þeirra þingdeildarmanna, er henni fylgja, ef þeir drepa málið í dag, væri það, að þeir væru sannfærðir um, að málið væri þannig vaxið, að engra frekari aðgerða þyrfti við en þegar eru framkvæmdar. En sú sannfæring kemur ekki fram í orðum hæstv. atvrh. Miklu fremur hið gagnstæða. Og ef sannfæringin er á þann veg, þá má hæstv. stjórn og stuðningsmenn hennar vita, að þeir eru ekki búnir að bíta úr nálinni með þetta mál.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það hafa svo margir talað fyrir till., að jeg tel rjettast að athuga nokkuð þeirra orð áður lengra líður og meira verður sagt.

Þá er fyrst hv. þm. Str. (Trþ), sem jeg hefi þó litlu að svara, því hann var svo mjúkur og kurteis, að það var öllu heldur, að hann vildi gera sem allra minst úr málavöxtum, en hitt. Hann sagði, að hjer væri aðeins um það að ræða, hvort ætti að skipa nefnd eða ekki. En hv. þm. verður að láta sjer skiljast það, að sú ákvörðun, að skipa nefnd eða ekki skipa nefnd, verður að byggjast á því áliti, hvort nefndin hafi eitthvert verkefni. Þess vegna verður ekki rætt um nefndarskipunina eina út af fyrir sig. Enda hefir það sýnt sig, að þó hv. þm. Str. (Trþ) vildi hafa þann ramma um umræðurnar, þá hefir það ekki tekist. Hv. þm. ljet í ljós, að sjer hefði þótt miður, að jeg hefði varið heilum klukkutíma til þess að segja sögu málsins. Hvernig í ósköpunum má það verða mjer til ámælis, þó jeg skýri málið? Hv. þm. kvartaði um, að hann þekti ekki málið, og getur það því ekki verið nema gott fyrir hann að fræðast. Þegar hann talaði um, að jeg hefði aðeins gefið munnlega skýringu, getur það ekki verið nema í gamni, því það veit hann, að það er skrifað, sem við tölum hjer. En að hv. þm. vill ekki ræða málið nú, eftir að hann er áður búinn að kveða upp sinn Stóradóm, virðist ekki geta bent á annað en það, að hann álíti, að hann hafi kveðið upp þann dóm, sem ekki standist.

Hv. þm. sagði þetta mál vera orðið stórmál í Noregi. Skal jeg ekkert þar um segja, en jeg veit ekki um neitt, sem bendir á það. Hitt veit jeg, að hv. þm. Str. (Trþ) hefir verið hjer með úrklippur úr einhverjum norskum blöðum. Og mjer dettur ekki í hug að efast um, að á hælum þessa norska þingmanns sjeu einhverjir pólitískir andstæðingar, sem vilja honum ilt gera. Það er ekki nema það, sem altaf skeður.

Jeg ætlaði að prófa dálítið sanngirnina hjá hv. þm. Str. (Trþ) með því að segja honum áðan, að jeg ætlaði að vita, hvernig hann tæki upplýsingum mínum. Hann tók þeim þannig, að nú kveðst hann álíta miklu meiri ástæðu til að fá rannsókn eftir en áður. Jeg vissi þetta fyrirfram, að hv. þm. Str. mundi ekki láta sjer sæma að taka sönsum vegna þess, sem jeg segði um málið. Það mætti líka heita einkennilegur stjórnarandstæðingur, sem segði já og amen við skýringum stjórnarinnar.

Jeg er hv. þm. (Trþ) þakklátur fyrir loforðið um kaffið, ef jeg kem að líta á mjólkurmálin hans. Skal jeg það þiggja, þegar þar að kemur, en með því

skilyrði þó, að hv. þm. Str. (Trþ) segi ekki á eftir, að hann hafi mútað mjer með veisluhöldum til þess, að jeg löggilti skökk mjólkurmál hjá honum.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki um „einhvern mann" að ræða í Noregi, það væri stórþingsmaður. Alveg rjett. En finst hv. þm. Str. meiri ástæða til að álíta, að maðurinn sje glæpamaður, af því að hann er stórþingsmaður, heldur en einhver annar kannske hálfgerður bjálfi? Væri mjer sagt, að einhver þingmaður væri glæpamaður, mundi jeg álíta ástæðu til að hugsa mig um tvisvar áður en jeg tryði.

Hv. þm. Str. (Trþ) kvaðst koma hjer með framrjetta hönd sem nokkurskonar sáttasemjari milli flokkanna og gagnvart stjórninni, því hann vildi henni svo vel. Jeg trúi þessu hálfilla. Það minnir mig á mynd, sem jeg hefi sjeð, þar sem stjórnmálamaður heilsar andstæðingi sínum með fögrum orðum um leið og hann rjettir fram höndina, en bak við eyrað sjest r e f u r. Þetta er það, sem framrjetta höndin þýðir hjá hv. þm. Str. (Trþ). Hann heldur, að stjórnin sje svo grunnhyggin að trúa því, að hann sje alt í einu farinn að bera umhyggju fyrir hennar velferð. Hv. þm. kveðst þess albúinn að „kritisera" þetta mál hjer á „eldhúsdaginn" — ekki þó með vantraustsyfirlýsingu — en nú vildi hann ómögulega deila á stjórnina. „Eldhúsdagurinn" er á morgun, og ætlar þá hv. þm. að láta rannsaka málið fyrir morgundaginn?

Eftir því, sem hv. þm. Str. (Trþ) framsetur þetta mál, þá á þessi nefnd, sem hann stingur upp á, að koma í staðinn fyrir rannsóknardóm í málinu. Hún á að framkvæma rannsókn, sem á að byggja á við síðari aðgerðir í málinu. En hvernig getur slík rannsókn farið fram án þess að hlutaðeigandi maður sje yfirheyrður? Það skil jeg ekki.

Hv. þm. sagði, að við hefðumst ólíkt að í dag. Hann væri með sáttaumleitun og framrjetta hönd, en jeg hefði í frammi reiging og illar undirtektir. Hv. þm. Str. má vita það, að jeg trúi honum ekki, þó hann komi og þykist vera vinur; og jeg veit, að hann ætlar ekkert annað að gera úr þessu máli en það, sem það hefir verið frá upphafi í hans herbúðum, sem sje flokkspólitík.

Jeg sný mjer næst að hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Hann afbakaði mjög freklega ýmislegt af því, sem jeg sagði, og hans ræða var ekkert annað en samanhangandi útúrsnúningur frá upphafi til enda. Hann sagði, að jeg hefði sagt, að framkvæmdarstjórinn hefði neitað því, að hann hefði beðið nokkurn mann að sækja fyrir sig um að fá verkamenn innflutta. Jeg sagði skýrt og greinilega, að hann hefði beðið mann að gera það, e f breyting yrði á löggjöfinni. Svo fær hann að vita, að engin breyting er orðin, og þess vegna hefir hann gengið út frá, að enginn hafi sótt fyrir sig. Hv. þm. spurði um það, hvort verksmiðjustjóri hefði fundist sekur að ólöglegum innflutningi, þ. e. a. s. fyrir það að hafa ekki skýrt frá því á lögreglustjóraskrifstofunni, að mennirnir væru komnir. Jeg er ekki lögreglustjóri á Akureyri. Mjer er ókunnugt um þetta, en það er hans að líta eftir því. Hv. þm. sagði ennfremur, að jeg hefði talað eins og heimilt væri að reka brott þessa menn. Jeg sagði ekkert í þá átt. En ef svo hefði verið gert, hefði þurft að fá verkamenn úr sveit, því það er sannað, að það voru alls ekki nægir verkamenn á Akureyri í skarðið á þeim tíma. Hv.

2. þm. Reykv. (JBald) veit ekkert betur um þetta en jeg, því jeg var á staðnum um þetta leyti. Ennfremur kvað hv. þm. mig hafa skýrt rangt frá, og bar saman við Morgunblaðið. Það er þá ný tröllatrú, sem hv. þm. hefir fengið á Morgunblaðinu, ef því getur aldrei skjátlast. Eftir því hafa þá allar árásir hv. þm. á það blað verið fleipur eitt. Ennfremur sagði hv. þm., að jeg hefði tekið alt það gilt, sem framkvæmdarstjórinn í Krossanesi sagði. Veit jeg ekki, hvernig hv. þm. hefir fengið slíkt út úr minni ræðu, því það sagði jeg beinum orðum, að jeg hefði upp það, sem framkvæmdarstjórinn sagði, án þess að leggja á það sjálfur dóm. Jeg get bætt því við, að jeg bar þessi atriði undir gegna menn á Akureyri, nákunnuga þessum sökum, og þeir viðurkendu skýrslu hans rjetta. Jeg talaði við marga hans viðskiftamenn, og allir, að einum undanteknum, luku lofsorði á manninn og sögðu, að hann væri hinn besti í viðskiftum.

Þá spurði hv. þm., hvers vegna jeg hefði takmarkað tölu innfluttu verkamannanna. Það var beðið um leyfi fyrir innflutning á 15—18 mönnum, og leyfði jeg minni töluna. Jeg tók beiðnina svo, að hann ætlaði sjer ekki að flytja inn fleiri, þó hann hefði heimild til þess. Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) þykir það verst, að jeg skyldi ekki segja: Komdu bara með eins marga menn og þú vilt. Fer það nokkuð í bága við það, sem hann annars heldur fram í þessu máli. Hann, sem þykist vera talsmaður íslenskra verkamanna, er hjer að halda fram rjetti þeirra útlendu á kostnað þeirra íslensku.

Þá las hv. þm. (JBald) upp það, sem blað eitt nyrðra þóttist hafa eftir mjer. Það er satt, að jeg ljet í ljós óánægju mína við framkvæmdarstjórann yfir því að flytja inn fleiri menn en leyfi var fyrir. En málið horfði alt öðruvísi við, þegar hann hafði skýrt frá því, að hann vissi ekki um, að sótt var fyrir hann.

Annars var hv. 2. þm. Reykv. (JBald) mjög hreinskilinn, þar sem hann sagði blátt áfram, að þessi till. þýddi það, að verið væri að leita eftir því, hvort stjórnin hefði nægilegt traust eða ekki. Hann sagði, að ef till. yrði feld, yrði ekki um annað að ræða en annaðhvort traust eða vantraust. Þarna liggur nú hundurinn grafinn. Vantraustið er sveipað í þessari till. Hv. þm. kom í þetta sinn til dyranna eins og hann er klæddur. Hv. þm. sagði, að við hæstv. forsrh. (JM) værum að ásaka hvor annan. Vitna jeg til allra hjer í hv. deild, hvort nokkur fótur er fyrir þessu. Jeg hefi ekki ásakað hæstv. forsrh. með einu orði, og ekki heldur heyrt ásakanir frá honum til mín.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) vildi hamra það blákalt fram, að fyrir vestan hefðu verið löggilt síldarmál löngu fyr en í Krossanesi; og hann vildi ekki taka hið minsta tillit til þess, sem jeg margtók þó fram, að málin á Vestfjörðum hefðu verið löggilt í sömu ferðinni og fyrir norðan. Löggildingarmaðurinn fór vestur með og norður um og kom t. d. til Akureyrar um það leyti, sem jeg var á ferðinni. Þetta tók jeg svo skýrt fram í dag, að það hefði ekki átt að valda misskilningi hjá neinum, er heyra vildi rjett.

Svo klykti hann út með því, þessi hv. þm., að stjórnin tæki ekki móti þessari þál., vegna þess, að hún væri hrædd. Nú vil jeg spyrja: Hvaða stjórn mundi taka slíkum rangfærslum og útúrsnún-

ingum, sem hjer er stofnað til, og leyfa andstæðingunum að þyrla því út um landið? Þetta er tilgangur flm. og þeirra annara, sem að þál. þessari standa, að læðast þannig aftan að stjórninni, til þess að reyna að koma henni frá.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) mundi tæplega taka því með þökkum, að einhverjir Pjetur og Páll, honum að öllu leyti óviðkomandi, en þó illviljaðir, kæmu einhvern góðan dag og heimtuðu að fá að rannsaka allan rekstur Alþýðubrauðgerðarinnar með það fyrir augum að breiða sig svo út yfir, hvað hann seldi óumræðilega dýrt.

Engin stjórn getur trúað andstæðingunum eða látið þá ráða gerðum sínum, og geti hún ekki gefið stuðningsmönnum sínum þær upplýsingar, sem duga til þess að brjóta ekki af sjer traust þeirra, verður hún að leggja niður völdin. Annars yrði aldrei friður og engin stjórn trygg í sessi. Það yrðu þá heimtaðar rannsóknir á hverjum degi, og ræki að því, að engin stjórn sæti svo lengi, að hún gæti unnið að áhugamálum sínum.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) kvaðst byggja mest á almannarómnum; almannarómurinn krefðist rannsóknar á máli þessu, og því yrði hún að framkvæmast.

En hvernig er hann til kominn þessi almannarómur? Já, það eru nokkur blöð, sem eru í andstöðu við stjórnina, sem hafa skapað hann. Þau hafa notað þetta sem árásarefni á stjórnina, bætt staðhæfingu á staðhæfingu ofan með látlausum blekkingum og stóryrðum, í þeirri einu von, að þarna væri sú deila hafin, sem riði stjórninni að fullu. Þegar almannarómurinn skapast á þennan hátt, þá virðist mjer varhugavert að byggja mjög mikið á honum, enda er ekki ábyrgðarlaust að taka mann og setja hann undir sakamálsrannsókn.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði líka, að það væri lögskipað að löggilda síldarmál, og þetta þóttist hann lesa upp úr sömu lögunum og jeg las upp úr í fyrri ræðu minni í dag. En sje farið eftir þessari grein laganna, sem hann var að vitna í, þá stendur það skýrum orðum, að löggilda eigi 1—2 lítra mæliker. Fyrsta málsgrein 10. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

„Mæliker löggildast í þessum stærðum: 2 lítra, 1 lítra, 2 desilítra og 1 desilítra".

Frekar stendur ekkert um stærð keranna, og veit jeg ekki, hvernig þm. ætlar að fá út úr þessu, að síldarmál sjeu löggildingarskyld samkvæmt þessari grein. En við skulum nú ganga út frá því, að samkvæmt þessum lögum eigi að löggilda síldarmál, en hafi verið látið undir höfuð leggjast í öll þau ár, sem lögin hafa verið í gildi, eða frá 1919. Jeg er þá fyrsti atvinnumálaráðherrann, sem læt gera þetta, og fyrir það á að hefja rannsókn á mig. (**JakM**: Þetta er aukaatriði). Aukaatriði segir þm., en það er það aukaatriði, sem hv. andstæðingar ætla þó að byggja á vantraust sitt.

Hv. sami þm. (JakM) sagði líka, að það varðaði við lög að hafa röng mæliker. Já, ef það er gert vísvitandi og í sviksamlegum tilgangi, en ekkert af slíku hefir sannast í þessu máli. Annars kvað hv. 3. þm. Reykv. (JakM) svo hart að orði, að þessi Krossanesmaður væri glæpamaður og hann hefði vísvitandi keypt síld eftir sviknum málum, en jeg er sannfærður um hið gagnstæða,

eftir þeim upplýsingum, sem komu fram við rannsókn málsins, og eftir þeim hug, sem allflestir viðskiftamenn verksmiðjunnar báru til framkvæmdarstjórans. Og til frekari árjettingar getsökum sínum fullyrti þm., að hinar amerísku vogir hefðu verið keyptar í þeim tilgangi að hafa enn þá meira af viðskiftamönnunum. Þetta má vitanlega segja,og kannske auðveldast í þinghelginni, þó það hinsvegar sje lítt sæmandi, því hvar stæði hv. 3. þm. Reykv. (JakM), ef hann ætti að sanna þennan áburð? Það eru þó altaf takmörk fyrir því, hvernig heiðvirðir menn haga orðum sínum. Hann þykist bara vitna í Holdö, en hefir þm. þá spurt hann um þetta? Jeg veit ekki, að svo sje. En hitt veit jeg, og það er aðalatriðið í þessu máli, að það hefir ekki sannast á Holdö, að hann hafi flutt þessar vogir inn í sviksamlegum tilgangi, enda mælir staða mannsins og traust hans á móti því. Og þó að nota eigi þetta sem pólitík hjer úti á Íslandi, þá breytir það í engu eða rýrir álit mannsins.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) tók það upp eftir samþm. sínum, hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að jeg bygði eingöngu á skýrslu framkvæmdarstjórans og færi eftir því, sem hann hefði sagt mjer, í einu og öllu. Það verður að kallast að ganga heldur á snið við sannleikann, eins og þessir tveir hv. samherjar haga sjer, er þeir fara að nota sjer í hag það, sem jeg sagði fyrir stundu. Annaðhvort er, að þessir tveir hv. þm. hafa ekki heyrt það, sem jeg sagði, eða þá að þeim virðist lítið fyrir að halla rjettu máli, því jeg tók það skýrt fram, að skýrsla mín, er jeg gaf áðan, væri bygð á ummælum margra manna og rannsóknum mínum um framkvæmdarstjórann og verksmiðjuna, en vitaskuld var ekki hægt að ganga fram hjá því, sem framkvæmdarstjórinn hafði að upplýsa í máli þessu, og bera saman við það, sem aðrir kunnugir báru. Og það er á þessum samanburði, sem skýrsla mín byggist í öllum meginatriðunum.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði líka, að framkvæmdarstjórinn verði sig með tómum ósannindum í Noregi. Jeg skal ekkert um það segja, jeg hefi ekki sjeð þessa skýrslu hans. En hitt veit jeg, að þetta mál er orðið að blaðamáli, bæði utanlands og innan, og sje það flutt á sama hátt af andstæðingunum í Noregi og hjer heima, þá er ástæðulaust að taka það mjög til greina.

Þá fór hv. 3. þm. Reykv. (JakM) mjög hörðum orðum um þennan starfsbróður sinn, norska stórþingsmanninn, og kvaðst hafa sannfærst um, af skýrslu minni og fleiru, að hann væri glæpamaður. En jeg vil aðeins benda honum á, að rök hefir hann engin fært fyrir þessum staðhæfingum, og hefði það þó átt betur við að finna að einhverju leyti orðum sínum stað, áður en bornar eru fram jafnþungar sakir á þingmann annars ríkis.

Hann sagði líka, að skýrsla sú, er jeg gaf í dag um löggilding mælitækja og vogaráhalda, sannaði ekkert og væri ekki sambærileg í þessu efni. Þó benti jeg á, samkvæmt upplýsingum löggildingarstofunnar, að 68% allra mælitækja og vogaráhalda í landinu hefðu reynst röng og orðið að ógilda þau. Og þó segir þm., að þetta komi ekkert Krossanesmálinu við. En þegar á að hefja sakamálsrannsókn gegn einum manni, sem grunur liggur á, að notað

hafi röng mælitæki, þá verður tæplega gengið fram hjá öllum hinum, sem sannir eru að sömu sök.

Þá sagði hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að ástæðan til þess, að tekið væri svo ljett á þessu „hneykslismáli", væri hræðsla manna við þennan erlenda „glæpamann", og til þess að ná sjer niðri á hæstv. forsrh. (JM) klykti hann út með því, að hann sem dómsmálaráðherra bæri alla ábyrgðina. Það er nú kunnugra en frá þurfi að segja, hvaða hug þm. þessi ber til hæstv. forsrh. (JM), en nokkuð er það langt seilst til lokunnar að gefa hæstv. dómsmálaráðherra það að sök að hefja ekki sakamálsrannsókn á mann, sem ekki hefir verið kærður fyrir sviksamlegt athæfi.

Annars skildist mjer, að þm. ætlaðist ekki til, að þessi erlendi „glæpamaður" væri yfirheyrður.

Mjer er óskiljanlegt, hvernig mál þetta verði rannsakað til nokkurrar hlítar, ef ganga á fram hjá því að yfirheyra þann manninn, sem borinn er þyngstum sökunum og harðast dæmdur af þessum „almannarómi", sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) vildi aðallega byggja á.

Nei, það liggur annað á bak við þessa till. en að rannsaka Krossanesmálið. Öll ræða hv. 3. þm. Reykv. (JakM) benti á, að till. væri fram borin til höfuðs stjórninni. Það er stjórnin, sem á að rannsaka. Væri þm. jafnhreinlyndur og samþm. hans, hv. 2. þm. Reykv. (JBald), þá hefði hann kveðið upp úr með þetta. En hann er ekki hreinlyndur og þorir ekki, fremur en hv. þm. Str. (Trþ), að segja, að hjer sje að ræða um grímuklætt vantraust á stjórnina.

Sigurjón Jónsson: Jeg get nú ekki stilt mig lengur um að gefa nokkrar upplýsingar í máli því, sem hjer liggur fyrir. Hjer er mikið talað um röng síldarmæliker, og í því sambandi er haldið fram, að öll síldarmæliker, sem taka meira en 150 lítra, sjeu röng. Er hjer um allmikinn misskilning að ræða, og þar sem jeg er vel kunnugur þessari verslun, hefi um mörg ár selt síld og einnig keypt hana, þótt það sje í minni stíl, þá álít jeg rjett að skýra hv. þdm. frá, hvernig þessi síldarverslun er rekin.

Það er þá fyrst, að yfirleitt er síld seld þannig, að verðið er miðað við mál af síld, og það þótt síldin sje ekki afhent kaupanda í málum. Er þá stundum fram tekið, hve margir lítrar síldar sjeu í hverju máli, en oftast er svo ekki gert, heldur miðað við, að 3 kúfsaltaðar síldartunnur geri 2 síldarmál.

Sje aftur á móti hvorki fram tekið við sölu, hve margir lítrar sjeu í síldarmáli, eða hvernig mál beri að reikna út úr kúfsöltuðum síldartunnum, þá hefir síldarmál enn sem komið er ekki unnið sjer þá hefð í máli voru, að þar með sje fastákveðið, við hve marga lítra síldar sje átt. Talsvert mismunandi margir lítrar geta líka verið í síldarmáli, þótt miðað sje við 1½ kúfsaltaða tunnu, eins og jeg mun síðar víkja að.

Sje síldin látin úti í málum, en ekki miðað við kúfsaltaða tunnu, þá eru þau útlát mismunandi. Víða nota verksmiðjur, sem síldina kaupa til bræðslu, stór ker, sem taka eiga hvert um sig eitt mál síldar. Önnur aðferð er sú og alltíð, að notaðir eru stampar, en hver

stampur er hálf síldartunna. Eru þá 3 stampar reiknaðir sem eitt mál. Kaupandi fær þá, svo framarlega að stamparnir sjeu látnir vel fullir, minst 162 lítra síldar. Er þá miðað við, að tunnur þær, sem stamparnir eru gerðir úr, sjeu 108 lítrar að stærð. Munu norskar tunnur að jafnaði vera af þeirri stærð, en ýmsar aðrar tunnur eru stærri.

Mjer er kunnugt um, að síðastliðið sumar gerði ein síldarbræðsluverksmiðja á Siglufirði samning við 13 skip um síldarkaup. Allir þeir samningar voru samhljóða. Var þar samið um ákveðið verð fyrir hvert síldarmál, en jafnframt var tekið fram, að hvert síldarmál skuli reiknast 1½ tunna. Það er samt ekki ákveðið, hve stórar þær tunnur skuli vera. Stærð síldartunna er nú 108—120 lítrar. Þessi umsömdu síldarmál hafa því átt að vera 162—180 lítrar. Þá hefi bæði jeg og aðrir selt síld í vögnum. Þar er nú ekki um nein smáræðis ker að ræða. Þessir vagnar tóku um og yfir 450 lítra, og var hver vagn reiknaður sem 3 síldarmál. Hvort þessir vagnar hafa nú tekið 450 lítra eða 470 lítra, það skal jeg ekkert fullyrða um. Þótt jeg nú hjer í hv. deild segi frá þessum gríðarstóru síldarmálum, þá vil jeg samt alvarlega mælast til, að ekki verði út af því skipuð rannsóknarnefnd til þess að koma mjer eða kaupanda mínum í einhverja klípu út af þessari verslun.

Þá má geta þess, að síld, sem verksmiðjur kaupa, er mæld með sama máli, hvort sem hún er glæný eða orðin slæpt, en talsverður munur er á því, hve mikið fer af síld í sama kerið af nýrri og stinnri síld eða ef til vill sólarhrings gamalli. Án þess að þora að fullyrða um það býst jeg við, að þar sje oft um 10% mismun að ræða. Þetta meðal annars bendir til þess, að rjettara væri að vega síldina en mæla, þar sem hægt er að koma því við.

Af þessu, sem að framan er sagt, býst jeg við, að það ætti að vera ljóst, að ekki er rjett að vera að slá því hjer fram, að öll síldarmál, sem stærri eru en 150 lítrar, sjeu röng. Veit jeg, að það hlýtur að koma af því, að þeir menn, sem hafa hjer mest um rætt, eru ókunnugir allri síldarverslun. En um hitt hefi jeg átt tal við þingmenn hjer í hv. deild, að rjett væri með lögum eða tilskipun að ákveða stærð síldarmála, til þess að taka af allan efa og skapa fasta venju í þessu efni. Áleit jeg þó rjettara, að þessi umræða færi hjer fyrst fram.

Þá skal jeg minnast á mismunandi stærð á tunnum.

Norskar tunnur eru þær vanalegustu hjer, en samt er hjer líka talsvert af bæði skotskum og sænskum tunnum, og allar þessar tegundir eru misjafnlega stórar. Norskar tunnur eru minstar, skotskar talsvert stærri og nú nýlega eru farnar að flytjast sænskar tunnur, sem eru stærri en þær skotsku. En um allar þessar tunnutegundir er látið gilda það sama: 3 kúfsaltaðar tunnur gera 2 mál síldar. Samkvæmt þessu er stærð síldarmálanna líka hjer á reiki og erfitt að staðhæfa, að 150 lítra málið sje það eina sem gildir.

Þá er síld líka oft söltuð með kryddsalti, en það salt er miklum mun sterkara og fíngerðara en alment síldarsalt. Af því leiðir, að minna fer af því í hverja tunnu, og sjerstaklega tekur það miklu minna rúm í tunnunni en alment salt. Þegar með þessu salti er saltað, fer því meira af síld í tunnuna. En samt

er hið sama látið gilda: 3 kúfsaltaðar tunnur gera 2 síldarmál.

Hjer við mætti enn bæta, að síld er oft afhausuð, þegar hún er söltuð í krydd. Þá er reglan eða öllu fremur óreglan sú, að 150 kúfsaltaðar tunnur eru reiknaðar sem 114—120 mál, og er þá enn slept að taka tillit til, hve stórar tunnur er saltað í.

Enn má benda á síldarverslun í svokölluðum máltunnum. Er síld þannig keypt á hverju sumri til íshúsanna á Vesturlandi. Er máltunnan 8 skeffu tunna að gömlu máli eða 144 pottar. En þar er máltunnan ávalt talin einni skeffu minni en síldarmál. Í meðvitund manna er málið þar 9 skeffur eða 1½ tunna, hver tunna 6 skeffur. Eftir því væri málið 162 pottar, en það samsvarar hjer um bil 157 lítrum.

Það, sem jeg hefi hjer sagt, ber alt að sama brunni, að það er langt frá því, að enn sje ákveðið hjá okkur, hve margir lítrar sjeu í einu máli af síld, og þess vegna nær það, sem áður sagt, engri átt að kalla öll þau mál röng, sem taka meira en 150 lítra. (**JakM**: En ef samið er um 150 lítra?). Sje samið um 150 lítra mál, þá er rangt að hafa þau stærri. En hitt er áreiðanlegt, að þótt verð sje miðað við það mál, þá er í framkvæmdinni mjög mismunandi, hve margir lítrar verða í selda málinu. Sje aftur við sölu samningsbundið, hve margir lítrar skuli reiknast í einu máli af síld, en svo reynist, að kaupandi taki meira en þá umsömdu lítratölu sem eitt mál, þá er ekki eingöngu hægt, heldur sjálfsagt fyrir seljanda að fara í skaðabótamál við kaupanda.

En það, sem jeg með þessum orðum vildi sýna, er að síldarsala eða afhending á seldri síld er yfirleitt alls ekki nákvæm. Það er oftast einskonar „slumpasala", en með því vil jeg ekki segja, að kaupandinn fái altaf meira en ætlast er til samkvæmt samningi; hitt mun líka geta átt sjer stað, að hann fái minna af síldinni en talið er. Annars skal jeg aftur taka það fram, að það er fylsta þörf, að fastar venjur skapist um þessa verslun og ákveðið verði, hve margir lítrar skui vera í einu máli síldar.

Hvað snertir að öðru leyti mál það, sem hjer liggur fyrir, svo kallað Krossanesmál, þá hefi jeg aldrei álitið það annað en hjegómamál. Hygg jeg, að hv. þdm. skilji það af orðum mínum, að varhugavert sje að byggja mikið á fullyrðingum sumra háttv. þingmanna um röngu málin í Krossanesi, enda hafa þeir látið hæst um þessi mál, sem sáralitla þekkingu hafa á þeim, og hefir hjer sannast á þeim þetta fornkveðna, að þeir tala mest um Ólaf konung, sem hvorki hafa heyrt hann nje sjeð. (**JakM**: Eins og þegar hv. þm. Ísaf. talar um Krossanes). Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) veit vel, að þessum málum er jeg miklum mun kunnugri en hann. Jeg segi þetta ekki til þess að kasta neinni rýrð á hv. þm. nje til þess að hæla mjer, en atvikin hafa hagað því svo, að jeg hefi kynst þessum atvinnurekstri og þeirri verslun, er hjer um ræðir, miklu meir en hann.

Jón Baldvinsson: Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að alt, sem jeg hefði sagt í ræðu minni, hefði verið eintómir sundurlausir útúrsnúningar. En ræða hans ber vitni um annað. Hún sýndi áþreifan-

lega, að jeg hefi komið illa við kaun hans með því, sem jeg sagði. Alt, sem hæstv. ráðherra sagði, voru tómar afsakanir.

Þegar hann mintist á innflutning hinna útlendu verkamanna til Krossaness, þá afsakaði hann sig á sama hátt, sem hann hefir svo oft afsakað sig með áður, og sagði nú: „Jeg er ekki lögreglustjóri á Akureyri". Hæstv. ráðherra fór þó norður í eftirlitsferð, en þó dettur honum ekki í hug að rannsaka þetta atriði, þrátt fyrir það, þó hann viti vel, að forstjóri Krossanesverksmiðjunnar hafi með innflutningi þessara verkamanna beinlínis gengið á snið við íslensk lög.

Þó að þessi verkamannainnflutningur sje hin minni hlið þessa máls, þá er hjer eigi að síður um allmikilsvert atriði að ræða, því að af innflutningi þessara 50 útlendu verkamanna hefir óhjákvæmilega leitt, að 50 innlendir verkamenn hafa orðið atvinnulausir í þeirra stað. Þetta skiftir því ekki svo litlu máli fyrir þá, sem atvinnutjónið hafa beðið.

Ekki veit jeg, hvernig hæstv. atvrh. (MG) hefir getað fengið það út, að jeg hefði tröllatrú á Morgunblaðinu. Jeg vitnaði að vísu í blaðið, en svo varfærinn var jeg að vitna ekki í annað en það, sem haft var eftir honum sjálfum, og þó jeg hefði trúað því, sem þar stóð 19. september, þá hefði sú trú orðið sjer til skammar, því að tveim dögum síðar jetur hæstv. atvrh. (MG) alt ofan í sig, sem stóð í blaðinu nefndan dag. (**Atvrh. MG:** Var fyrri greinin undir nafni?). Já, sama sem. Og með leyfi hæstv. forseta vil jeg lesa upp byrjun greinarinnar, þó jeg hinsvegar telji leiðara Morgunblaðsins ekki þess verða að vera að hafa þá í þingtíðindin.

Greinin byrjar þannig:

„Krossanesmálin. Viðtal við atvinnumálaráðherra. Af því að tvíburarnir „Tíminn" og „Dagur" og systkinin „Alþýðublaðið" og „Verkamaðurinn" hafa rætt töluvert um Krossanesmálin svo nefndu, hefir Morgunblaðinu þótt rjett að fá nánari fregnir um þessi mál og hefir því snúið sjer til atvinnumálaráðherra Magnúsar Guðmundssonar og spurt hann um þau. Ráðherranum sagðist frá á þessa leið".

Síðan kemur skýrsla ráðherrans. (**Atvrh. MG:** Stendur mitt nafn undir greininni?). Máske hæstv. ráðherra væni ritstjórana um að hafa farið þarna með ósannindi. Ef svo er, þá verða ritstjórarnir og ráðherrann að eigast við um það.

Annað lögbrot þeirra Krossanesmanna er það, að flytja inn hinar amerísku vogir í óleyfi, þvert ofan í einkarjett löggildingarstofunnar til að flytja inn vogir.

Jeg vil nú spyrja hæstv. ráðherra, hvaða sekt forstöðumaðurinn hafi fengið fyrir það lagabrot? Ef hann svarar því ekki nú, þá upplýsist það án efa fyrir þeirri nefnd, sem rannsaka á þetta mál.

Hæstv. atvrh. (MG) vildi og afsaka sig með því, að hann hefði borið þessi mál undir kunnuga og sjerfróða menn og ekki gert annað en það, sem þeir hefðu álitið rjett. En eftir því, sem fram er komið í málinu, er full ástæða til að ætla, að hann hafi farið til þeirra einna, sem litið hafa á þessi mál eins og Krossaneshöfðinginn hefir viljað vera láta.

Þá sagði og hæstv. ráðherra, að eigandi Krossanesverksmiðjunnar væri ekkert ámælisverður fyrir það, þó að hann hefði ekki sótt um leyfi til þess að flytja inn hina útlendu verkamenn, af því að hann hefði ekki vitað, að þess hefði þurft. En getur nokkur trúað slíku? Jeg held ekki. Og jeg er nær því fyllilega viss um, að honum hefir verið fullkunnugt um, að þetta leyfi þurfti, til þess að mega flytja verkamennina inn. Og jeg trúi ekki öðru en honum hafi líka verið fullkunnugt um leyfið, sem sótt var um til stjórnarráðsins í fyrra fyrir hans hönd og í hans nafni, en hann ekki talið sjer það fullnægjandi, þar sem hann mátti ekki eftir því flytja inn nema 15 sjerfræðinga. En honum hefir fundist heppilegast fyrir sig, úr því sem komið var, að segjast ekkert um neitt leyfi vita. En það sjá allir, að atvinnurekstri hans gat staðið það á miklu að fá sjerfræðingana inn, og þess vegna trúir því enginn, að honum hafi ekki verið fullkunnugt um það, að um leyfið var sótt.

Þá kvað hæstv. ráðherra upp úr með það, að hann skoðaði tillögu þessa sem vantraust. En jeg hafði engin orð um það. En eftir orðum hans má líklega gera ráð fyrir, að stjórnin segi af sjer, verði tillagan samþykt, og það skyldi ekki hryggja mig. En vel má vera, að hæstv. stjórn hafi svo sterkan meiri hluta, að hún þurfi ekki að óttast það.

Annars er jeg mjög hræddur um, að enn þá sje margt í þessu máli, sem á eftir að upplýsast. Að minsta kosti kendi mjög missagnar í skýrslu hæstv. ráðherra. Þó í litlu væri, fór hann með rangt mál, þegar hann sagði frá löggildingu mælikeranna á Flateyri. Hann sagði, að eftirlitsmaðurinn hefði farið vestur og norður um land og löggilt mælikerin á Sólbakka. En þetta er rangt Mælikerin voru send hingað suður og löggilt hjer. En eftirlitsmaðurinn fór suður og austur um land, en ekki norður um, eins og hæstv. ráðherra sagði.

Þó í litlu sje, eru þetta skakkar upplýsingar og eru því einn naglinn í líkkistu þá, sem hann er að smíða sjer í þessu Krossanesmáli.

Þá var hann að víkja því til mín, út af því, sem jeg sagði um rannsókn í þessu máli, að jeg mundi ekki vilja fá óvin minn til þess að rannsaka hjá mjer brauðgerðina. Og af sömu ástæðum vildi stjórnin ekki fá óvini sína til þess að rannsaka þetta Krossanesmál.

Það get jeg sagt hæstv. ráðherra, að jeg væri ekkert hræddur við slíka rannsókn. Brauðgerð mín stendur undir eftirlíti þeirra manna, sem það eftirlit er falið, og að auki undir eftirliti embættismanna bæjarins. Er því hjer ólíku saman að jafna. En hæstv. ráðherra virðist mjög hræðast slíka rannsókn. Má vera, að hann óttist, að nýjar upplýsingar kunni að koma fram, upplýsingar, sem hann kærir sig ekki um að komist fyrir almenning. Hann vill því láta nægja þær upplýsingar, sem hann getur gefið Íhaldsmönnum á flokksfundi. En þó verð jeg að segja, að Íhaldsmenn sjeu nægjusamir, ef þeir láta sjer það nægja í slíku stórmáli sem þessu. Annars lítur það svo út hjá hæstv. ráðherra, að hann telji Íhaldsmenn svo múlbundna hjá stjórninni, að þeir megi ekki hafa aðrar skoðanir en þær, sem hann telur góðar og gildar.

Þá mintist hæstv. ráðherra á þessar amerísku vogir, sem forstöðumaður Krossanesverksmiðjunnar hefði fengið síðastliðið sumar, og vildi gera það að

stóru atriði til þess að sanna, að maðurinn hefði ekki viljað svíkja málin eða hafa af viðskiftamönnum sínum viljandi. En þarna skjátlast hæstv. ráðherra herfilega, því þetta sannar alls ekki það, sem hæstv. ráðh. (MG) vildi vera láta, heldur jafnvel miklu fremur hið gagnstæða. Úr því að vogir þessar voru svo flóknar vjelar, að sjerfræðing þurfti til að koma þeim saman, verður flestum á að halda, að á þeim hefði verið hægt að „snuða" svo verulega hefði um munað, þegar hægt var að gera það svo mjög með einföldum síldarmálum, eins og raun hefir á orðið. Þetta bendir því ótvírætt í þá átt, að nú hafi átt að fara að „svindla" í enn þá stærri stíl en gert var áður með stóru síldarmálunum.

Nei, því verður ekki neitað, að allar þær upplýsingar, sem hæstv. ráðherra hefir gefið í þessu máli, eru mjög á huldu og að sumu leyti tómur útúrsnúningur, mest bygður á skýrslum, sem framkvæmdarstjóri Krossanesverksmiðjunnar hefir gefið honum, enda hefir hæstv. ráðh. orðið sjer til minkunar fyrir þær, þar sem hann hefir orðið að leiðrjetta opinberlega það, sem hann var áður búinn að segja sjálfur.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 21. mars, var fram haldið einni umr. um till.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hefi afarlitlu að svara þeim ræðum, sem haldnar hafa verið hjer síðan jeg tók til máls.

Jeg varð ekki var við það, að jeg þyrfti að svara hv. 2. þm. Reykv. (JBald) viðvíkjandi ræðu hans, öðru en því, er hann sagði, að jeg hefði í ræðu minni verið að afsaka hæstv. atvrh. (MG). Mjer er allsendis ómögulegt að skilja það, hvernig hv. þm. (JBald) hefir farið að því að taka svo rangt eftir. Jeg sagði, að enginn af þremur aðiljum þessa máls hefði kvartað um það fyrir mjer, og að hver maður sæi, að ekki gat komið til mála, að hæstv. atvrh. (MG) gerði meiri gangskör í málinu, er hann taldi, að hjer væri ekki um neitt hegningarvert athæfi að ræða. Jeg sagði ekkert orð í minni ræðu, sem með nokkru móti gat komið til mála að leggja í þann skilning, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) lýsti. Þá hefði hann eins vel getað sagt, að jeg hefði ásakað viðskiftamenn verksmiðjunnar fyrir það að hafa ekki kært. Jeg lagði sjerstaka áherslu á það, að þeir hefðu ekki kært, en líklegt er, að þeir hefðu orðið til þess fyrstir allra, ef þeir hefðu álitið, að þeir hefðu verið fjeflettir. Jeg vil ímynda mjer, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hafi rangfært orð mín óviljandi.

Þá held jeg, að jeg þurfi ekki að svara næsta númeri af þm. Reykv. (JakM) mörgu. Hann gaf aðeins í skyn, að sökin í þessu efni hvíldi aðallega á mjer. Jeg vissi fyrirfram, að þessi hv. þm. mundi snúast þannig við, og þarf engu að svara slíku.

En hv. flm. þessarar till. (TrÞ) vil jeg svara því einu, sem nú skal greina. Jeg skal ekkert segja um það, hvort ráðuneytið hefði getað tekið við þessari till., ef ekki hefði annað fram komið frá formælendum hennar en framsöguræða flm. Jeg skal heldur ekkert um það segja, hvort árásir hv. 2. og 3. þm. Reykv. (JBald og JakM) hefðu

þurft að breyta afstöðu stjórnarinnar til till. En hótun hv. flm. (Trþ) í lok síðustu ræðu hans sker úr. Þótt hann færi í fyrstu friðsamlega í þessar sakir og framsöguræða hans væri sæmileg, þá kvað við annan tón í næstu ræðu hans. Þá var ekki hægt að skilja orð hans öðruvísi en svo, að hann hótaði því, ef þessi till. yrði ekki samþ., að koma þá fram með beina vantraustsyfirlýsingu á stjórnina síðar á þinginu. Jeg býst við því, að eftir þetta þurfi enginn að vera í vafa um tilgang till. Þessi hótun varpar yfir hana svo björtu ljósi, að engum dylst, hvert stefnt er með henni, og að ráðuneytið hljóti að skoða samþykt hennar sem fullkomna vantraustsyfirlýsingu, með venjulegri afleiðingu. Það er ómögulegt, eftir slíka hótun, fyrir stjórnina að taka á móti þessari þáltill.

Jakob Möller: Flestir hv. þdm. munu hafa tekið eftir því, þegar hæstv. atvrh. (MG) talaði hjer í fyrsta skifti í gær, að þá saknaði hann sárast árása úr ræðu hv. flm. (Trþ). En hann var líka sýnilega meira en lítið glaður yfir ræðu hv. 2. þm. Reykv. (JBald), vegna þeirra hörðu orða, er hann ljet falla í garð stjórnarinnar. Allir munu og hafa veitt því eftirtekt, með hvílíkum fögnuði hæstv. forsrh. (JM) tók hótun þeirri, sem fjell hjá hv. flm. (Trþ) í lok síðari ræðu hans.

Hvernig stendur nú á söknuði hv. atvrh. (MG) yfir hinni hógværu framsöguræðu flm. (Trþ) og gleði hans yfir árásum hv. 2. þm. Reykv. (JBald)? Jú, ástæðan er auðfundin. Eina ástæðan, sem hæstv. ráðherrar geta borið fyrir sig og flokk sinn fyrir því að fella þessa till., er sú, að hana beri að taka sem vantraust á stjórnina. Það er eina ástæðan, sem hægt er að bera fram. Því ef hjer væri ekki um vantraust að ræða, þá væri gersamlega óverjandi að fella till.

En nú ætla jeg að taka mjer í munn orð hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) frá í gær: Þeir tala mest um Ólaf konung, sem aldrei hafa heyrt hann nje sjeð. Þessi stjórn hefir aldrei haft neitt traust í þessari hv. deild. Það vita allir. Þetta er því ekkert annað en átylla til þess að þvinga flokksmenn sína til þess að fella till., að stjórnin lætur sem í henni felist vantraust. Í till. er ekki að ræða um neitt annað en það, að nefnd verði skipuð til þess að rannsaka málið. Það er ekkert sagt í till. um það, að stjórnin hafi vanrækt skyldu sína. Þar er ekki eitt orð, sem vantraust geti falist í. En hins gat hæstv. stjórn ekki vænst, að í till. fælist traust, svo sem henni er kunnugt, hversu þessi deild er skipuð.

Enn var annað, sem hæstv. stjórn sagði í sambandi við þetta, harla lærdómsríkt. Hæstv. atvrh. sagði, að engin stjórn gæti lagt sig undir það að láta andstöðuflokkinn sjá skjöl og skilríki í máli eins og þessu. (**Atvrh. MG:** Þetta er ekki rjett). Jú, það er rjett. Hæstv. ráðherra sagði, að stjórnin gæti ekki lagt sig undir dóm andstæðinga sinna.

Hvað er svo sagt með þessu? Það, að það sje skylda stjórnarflokksins að slá skjaldborg um stjórnina, hversu herfilega sem hún fer að ráði sínu. Hvað sem hún hefst að, þá beri að verja hana gegn því, að andstöðuflokkurinn fái að líta á skjöl, sem snerta almenn mál, sem stjórnin hefir með höndum. Jeg veit

ekki, hvað hv. Íhaldsflokkur segir um slíkan stjórnarmóral. En jeg veit, hvað þjóðin muni segja.

Jeg sagði hjer í gær, að það, sem fyrst og fremst styddi að því, að sjálfsagt væri að láta rannsókn fara fram í þessu máli, væri almannarómurinn. Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að hann hefðu blöðin skapað. Það er nú svo, að í mörgum tilfellum skapa blöðin almenningsálitið. En í þessu sjerstaka máli vill svo merkilega til, að það er almannarómurinn, sem kemur blöðunum af stað. En þótt nú svo hefði verið, að blöðin hefðu skapað almannaróminn, þá hefir hæstv. stjórn líka blöð, og það sýnir best, hve málið er ilt, að sjálf stjórnarblöðin hafa átt sárerfitt með að fá sig til að mæla því nokkra bót, enda engan árangur borið. Hæstv. atvrh. (MG) hefir ekki neitað því, að þessi almannarómur væri til, og sannleikurinn er sá, að stjórnarblöðin hafa ekkert getað gert til þess að koma í veg fyrir, að hann skapaðist slíkur. Af hverju? Auðvitað af því, að þau hafa ýmist alls ekki treyst sjer til þess að verja málið, eða ekki getað það. Þetta er enn ein ástæða til þess að krefjast rannsóknar.

Hæstv. atvrh. (MG) mótmælti því, í sambandi við ræðu sína frá í gær, að síldarmál væru löggildingarskyld, vegna þess, að í lögunum um þetta efni væri ekki talað um stærri mæliker en tveggja lítra. En í 1. gr. þessara laga standa þau almennu ákvæði, að öll tæki, sem notuð eru til að vega eða mæla í viðskiftum manna á meðal, skuli vera löggilt. Það er augljóst, að ekki verða upp talin í lögunum öll slík tæki, sem þannig kunna að verða notuð, af þeirri einföldu ástæðu, að þegar lögin eru sett, þá eru ekki til öll tæki, sem nauðsyn krefur að notuð verði síðar. Þess vegna kveður 1. gr. svo á alment, að öll slík tæki skuli vera löggildingarskyld. Nú skal jeg játa það, að löggildingarskyldan er ekki aðalatriði í þessu efni, það er rangt hjá hæstv. atvrh. (MG). Það er ekki aðalatriði, að málin voru ólöggilt, heldur hitt, að þau voru röng, vísvitandi röng. Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að víðar hefðu mál verið röng, og er sjálfsagt ekki ástæðulaust að athuga það, ef hann veit um slíkt. En ráðherrann hefir ekki getað afsakað Krossanesverksmiðjustjórann frá því, að hann vissi, að málin voru röng. Hann vissi, að þau voru of stór, og játaði að hafa haft þau of stór, til þess að tryggja sig fyrir því að verða ekki fyrir halla vegna þess, sem út úr málunum færi við uppskipunina. Þetta er vitanlega ekkert annað en fyrirsláttur, því vitanlegt er, að margir menn hafa keypt síld með rjettu máli, eða því sem næst, og látið sjer það vel lynda. En þessi maður hefir sýnilega útispjót til þess að fá meira en hann átti að fá að rjettu, og það varðar við lög að svíkja mæli eða vog vísvitandi, til þess að mæla sjer meira en með rjettu máli.

Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að staða þessa manns og traust, sem hann nyti, sannaði, að hann væri hafður fyrir rangri sök. Þó er víst, að ýmsir menn hafa gegnt mikilsverðum störfum, en síðar komið í ljós, að þeir hafa ekki verið maklegir þess trausts, sem þeir hafa notið — og misbrúkað. (Atvrh. MG: Þetta er ekki rjett hermt). Jú, jeg hefi það skrifað eftir hæstv. ráðherra. En hvorki staða mannsins nje traust sanna nokkurn skapaðan hlut um þetta. Slíkt er þýðingarlaust, þegar um er að

ræða jafnfellandi vitnisburði og fram hafa komið í þessu máli.

Hæstv. atvrh. (MG) þóttist góður af því að brigsla mjer um að hafa farið með rangt mál gagnvart Krossanesverksmiðjustjóranum, og bygði það á upplýsingum frá honum sjálfum. En dettur hæstv. atvrh. (MG) í hug, að þeim manni sje treystandi, sem, þegar vikið er að umsókninni um innflutningsleyfi fyrir verkafólk, bregst ókunnuglega við og læst aldrei hafa sent eða vitað um slíka umsögn? Trúir hæstv. ráðherra því, að maðurinn hafi ekki munað eftir því, að hann fól öðrum manni að sækja um þetta leyfi fyrir sig? Hvað er það annað en fláttskapur að láta sem hann viti ekkert um þetta? Það er auðsjeð, að hann er með þessu að koma sjer undan því að játa að hafa sótt um leyfið, og sýnir slíkt greinilega innræti mannsins. En það er öllum ljóst, að þó hann hafi ekki sent umsóknina sjálfur, þá hefir hann þó hlotið að vita um hana.

En nú ætla jeg að tilfæra annað dæmi, sem sýnir, hve mikils trausts þessi maður sje maklegur.

Árið 1922 var skip tekið við veiðar í landhelgi fyrir Norðurlandi, sem Rolf hjet, og var farið með það til Siglufjarðar. Upplýstist það, að það sigldi undir íslensku flaggi, en hafði norskt þjóðernisskírteini. Þegar skip þetta kom til Siglufjarðar, þá hringdi bæjarfógetinn á Akureyri þangað og skipaði svo fyrir að láta það koma til Akureyrar, þar sem mál þess heyrði undir sig. En málið var síðan aldrei tekið upp. Hafði skipið siglt hjer undir íslenskum fána á sumrin í átta ár, en á vetrum undir norskum fána í Noregi. Þetta skip var gert út af Holdö, framkvæmdarstjóra Krossanesverksmiðjunnar, og það var bróðir hans, sem stýrði því. Heyrst hefir nú síðast, að framkvæmdarstjóri Krossanesverksmiðjunnar ætli að gefa skip þetta verkstjóra sínum, sem nú sækir um íslenskan ríkisborgarárjett.

Ýmislegt fleira gæti jeg talið, sem er síst þess eðlis að styrkja þá umsögn hæstv. atvrh. (MG), að þessi útlendingur sje alls trausts maklegur, en jeg get þó látið staðar numið.

En kyndugt er það, að hæstv. ráðh. (MG) skuli hafa það á móti nefndarskipun, að ekki sje hægt að yfirheyra Holdö, þar sem hann sje erlendis og geti hann því ekki komið vörnum við. Jeg sje enga ástæðu til að óttast, að sú hlið málsins, sem að honum snýr, muni ekki njóta fullrar verndar, eins og ef hann væri hjer staddur. Alt, sem upplýst hefir verið í þessu máli af hæstv. atvrh. (MG), er sjeð frá þeirri hliðinni, sem að Holdö snýr. Þess vegna er það einmitt aðallega hin hlið málsins, sem rannsóknar þarf. Sjálfur hefir Holdö auðheyrilega gagnvart hæstv. ráðh. (MG) teflt öllu því fram, sem á einhvern hátt gæti orðið honum til málsbóta, og svo langt hefir verið gengið í því efni, að afsakanirnar hafa jafnvel í höndum hans snúist upp í ásakanir.

Það væri herfilegur misskilningur að halda, að væntanleg nefnd eigi að koma í stað rannsóknardómara. Hinsvegar getur svo farið, að óhjákvæmilegt verði að hefja sakamálsrannsókn, og þá á venjulegan hátt. Nefndin úrskurðar ekki annað en það, hvort slík rannsókn skuli

fara fram. En undir slíkri rannsókn mundi málsaðili vitanlega geta komið að öllum sínum málsbótum.

Jeg hefi þá víst svarað öllum þeim athugasemdum, sem hæstv. atvrh. (MG) gerði við ræðu mína í gær, og get jeg þá snúið máli mínu frá honum.

Hvað viðvíkur því, sem jeg sagði um hæstv. forsrh. (JM), þá held jeg enn þá fram því sama og þá um sök hans sem dómsmálaráðherra í þessu máli. Eða til hvers heldur hann, að hann sje orðinn dómsmálaráðherra? Er það til þess eins, að skerða hæstarjett og stuðla þar með að því, að rjettaröryggið og rjettarvirðingin haldist uppi í landinu? Nei, það var vafalaust í verkahring hæstv. dómsmálaráðh. (JM) að ákveða, hvort sakamálsrannsókn skyldi fara fram eða ekki.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) aumkaði mig sökum fákunnáttu minnar í útvegsmálum. En nú get jeg frætt hv. þm. (SigurjJ) á því, að jeg hafði afskifti af síld áður en hann þekti síld frá þorski. Hinsvegar skal jeg viðurkenna, að það, sem hann sagði um mælikerin, var mjög spaklega mælt, en það kom bara málinu jafnmikið við eins og ef hv. þm. Borgf. (PO) eða hv. þm. Barð. (HK) færu að tala um sýrukerin sín. Það hefir enga þýðingu í þessu máli, hvað talin eru tunnumál á Ísafirði, og jafnvel þó hann hafi einhvern tíma selt síld í vögnum, þá var honum það auðvitað heimilt, ef svo var um samið. (Raunar hefir heyrst, að þeir vagnar hafi seinna verið lokaðir inni og bannað að nota þá sem síldarmæliker). Hitt er annað, að mæla sjer 150 lítra af síld í tunnur, sem raunar taka 180 lítra. Verksmiðjustjórinn í Krossanesi samdi um ákveðið 150 lítra mál, en ekki sænska tunnu, norska tunnu, skotska tunnu eða sýruker. En þessa 150 lítra mældi hann sjer í kerum, sem tóku alt að 180 lítra. Hann hefir með öðrum orðum notað stærri kerin að yfirlögðu ráði, til að fá meiri síld úr þeim en honum bar. Og það er þetta, sem er saknæmt. Og þegar hæstv. stjórn hefir viðurkent, að málið sje órannsakað, og þegar hæstv. atvrh. (MG) hefir sagt við Holdö, að hann mætti búast við sakamálsrannsókn, þá virðist sem það væri engin goðgá, þó þessi nefnd yrði skipuð.

Að lokum er hjer alls ekki um neitt vantraust á hæstv. stjórn að ræða, þó ekki væri nema vegna þess, að hún nýtur alls ekki trausts þessarar hv. deildar hvort sem er.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) dró inn í ræðu sína eitt atriði, sem mínum verkahring heyrir til og jeg verð að fara nokkrum orðum um.

Þetta atvik, sem jeg á við, er veiðar skipsins „Rolfs“ hjer við land. Jeg er ekki við því búinn að gefa skýrslu um framferði skips þessa í tíð fyrverandi stjórnar, en get þá byrjað á því að upplýsa, að snemma síðastliðið sumar kom skip þetta frá Noregi til Akureyrar. Hafði það íslenskan fána, en norska skipshöfn. Strax er þetta frjettist, átti jeg tal við bæjarfógetann á Akureyri og bað hann að upplýsa, hvernig ástatt væri með skip þetta og hvort fiskveiðar þess væru löglegar. Það kom þá upp úr kafinu, að skip þetta hafði stundað fiskveiðar í mjög mörg ár hjer við land undir íslenskum fána, samkvæmt fiskveiðaskírteini, sem eigandinn hafði fengið á Akureyri löngu fyrir 1918, en hann hafði þá haft borgarabrjef þar.

Í skjóli þessa skírteinis hafði skipið svo fiskað. Nú var eigandi skipsins strax látinn vita, að þetta væri ekki samkvæmt landslögum, og komst til orða að selja skipið öðrum. Það hafði ekki verið skrásett í Noregi áður, en málinu lauk þó svo, að skipið fjekst skrásett þar. Hefir það síðan stundað veiðar undir norskum fána. — Jeg vænti nú, að gefnum þessum upplýsingum, að hv. þm. sjái ekki ástæðu til að kasta steinum að núverandi stjórn fyrir afskifti hennar af þessu máli. Jeg vænti þess þá líka, að eigandi skipsins verði ekki heldur látinn sæta þungum ávítum fyrir þetta, því útgerðin byrjaði um líkt leyti sem löggjöfin um þetta efni var nálega fallin í gleymsku, enda margt þessu líkt látið viðgangast. Útlendingar, sem einu sinni höfðu með fiskveiðaskírteini öðlast rjettinn til fiskveiða hjer, hjeldu auðvitað, að þeir væru áfram að starfa samkvæmt landslögum, enda fiskveiðaskírteinið ekki gefið öðrum en þeim, sem mega sigla undir íslenskum fána. Engu síður er þá ástæða að ætla, að eigandi „Rolfs" hafi verið „bona fide".

Þá verð jeg enn að segja það, að mjer finst leiðinlegt að heyra því haldið hjer fram af hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að þessi útlendingur, sem á þó að minsta kosti engan þátt í stjórninni hjer, hafi haft í frammi glæpsamlegt atferli. Hann ætti að varast að láta slík orð fara sjer um munn, fyr en dómur hefir gengið í málinu, jafnvel þó þinghelgin skýli honum hjer fyrir viðurlögum. Og mjer finst það leiðinlegt fyrir stjórnarandstæðingana, ef þeir geta ekki gert árásir á stjórnina án þess að mölva um leið með ummælum sínum æru fjarstadds manns og troða undir fótum sjer. Og svo vel þekki jeg hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að jeg hefði haldið, að það væri fjarri hans skapferli að vaða með glæpaaðdróttanir að mönnum. — Þar við bætist og, að enn er alveg ósannað mál, að Holdö hafi notað röng síldarmál. Engin íslensk lög hafa ákvæði um það, hve stór síldarmál skuli vera. Hinsvegar er svo ákveðið í lögum um útflutningsgjald af síld, að tunna síldar skuli vera 108—120 lítrar. Nú er það borið fram af mönnum, sem til þekkja, að venjulegt sje að telja 1 síldarmál 1½ tunnu síldar. Eftir því tekur hvert síldarmál 162—180 lítra eða að meðaltali 171 lítra. Mál af þeirri stærð var til í Krossanesi og notað þar, og bar ekki að brúka aðra stærð, ef samið var um 1½ tunnu mál. En ef samið var um mælingu síldar úr skipslest í 150 lítra málum, þá þurfti að nota 150 lítra mál, en þau voru líka til í Krossanesi. Annars er það viðurkent og upplýst, að stærð síldarmála er á reiki, og þá ekki undarlegra, þó þau væru mismunandi í Krossanesi.

Þá segir hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að almenningsálitið krefjist rannsóknar. En jeg álít, að það, sem fram hefir komið í því efni, bendi heldur í þá átt, að ekki sje talin ástæða til slíks. Það er kunnugt, að fyrir áramót sendi Framsóknarflokkurinn út um landið tillögur til þingmálafundarsamþykta, og var ein um þetta mál. En óvíða fjekst meiri hluti til að sinna því. Þá er það og upplýst, að á Akureyri vildi Framsóknarflokkurinn ekki taka þetta mál á dagskrá á þingmálafundi, sem þar var haldinn skömmu áður en þing kom saman. Þetta er og mjög eðlilegt. Al-

menningur er ekki vanur því að gera það að landsmáli, hvort einhver ákveðinn maður hafi framið glæpsamlegt atferli eða ekki, en felur viðkomandi yfirvöldum það í hendur að gera það í málinu, sem gera þarf, og rannsaka þær kærur, sem kunna að koma. Og ef þær koma ekki frá þeim mönnum, sem skaða hefðu átt að bíða af ráðstöfunum hlutaðeiganda, þá er almenningur ekki vanur að leggja trúnað á, að sökin sje stór. — Og jeg held, að hann geri alveg rjett í því að vísa öllum slíkum málum frá sjer.

Atvinnumálaráðherra (MG): Umræðurnar eru nú orðnar nokkuð langar, og skal jeg því reyna að vera stuttorður. En ýms orð hafa fallið, sem jeg get ekki látið ósvarað.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, að stjórnin gleddist yfir árásunum á sig í þessu máli og að hún vildi fá atkvæðagreiðslu um traust eða vantraust, en allir vissu, að hún hefði ekkert traust í þinginu. Jeg skil ekki, hvernig það getur farið saman, að traustlaus stjórn óski atkvæðagreiðslu um traust. Hv. þm. hefir því hjer skáldað svo ólíklega, að enginn trúir, en annars er það af minni hálfu viðurkent, að hann er vel skáldmæltur, þegar stjórnin á í hlut, en hversu margir trúa samsetningi hans, skal jeg láta ósagt.

Þá talaði hann um, að jeg hefði verið hissa á því, hvað hv. þm. Str. (Trþ) var rólegur í gær. Það er alveg satt, og það gleður mig, hvað hann var rólegur, því að það er sönnun fyrir því, að hann þykist hafa ofmælt áður í blaði sínu, því að enginn efast um, að hv. þm. (Trþ) finni meir til ábyrgðarinnar hjer á þingi en þegar hann skrifar í blað sitt.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, að í þessari tillögu fælist ekki vantraust. En það er hræsni og ekkert annað. Segir hv. þm. þetta eingöngu af því, að hann veit, að stjórnin hefir fult traust minst hálfrar deildarinnar og að það því er eina vonin til þess að fá till. samþ., að slá ryki í augu þingmanna um hið rjetta innihald, en þar sem það hefir komið greinilega fram í umræðunum, að um vantraust er að ræða, er þetta óþarfur skollaleikur hjá hv. þm. (JakM). Hann vjelar engan til þess að samþykkja till. með þessum yfirdrepskap. Hv. þm. gæti eins haldið því fram, að till. innihaldi traust til stjórnarinnar, eða kannske hann vilji halda því fram, að hún sje viðrini?

Hann var, sami hv. þm., að snúa út úr því, sem jeg sagði í gær, að engin stjórn gæti sætt sig við það að láta andstæðinga sína „diktera" sjer, hvað hún ætti að gera. En jeg stend við það, sem jeg sagði þá, og viðhafði ekki þau orð, er hann hafði eftir mjer. Jeg stend við það, að ef stjórnin hefir farið rangt að í málinu, þá á hún að fara frá völdum. Og hin nýja stjórn getur þá rannsakað skjöl málsins. Þeim verður ekki stungið undir stól. Þau eru til.

Það er gefið, að mál þetta hjer í þinginu er rannsókn á stjórnina. **(JakM:** Það er gefið). Það er gott, að hv. þm. viðurkennir það. Nú held jeg því afdráttarlaust fram, að ekkert þing skipi rannsóknarnefnd á stjórn, sem meiri hlutinn hefir traust á. Þess vegna er hjer um það að ræða að reyna að koma fram grímuklæddu vantrausti, grímuklæddu af því að beint vantraust mundi

ekki komast fram. Og hvað er það svo, sem á að nota sem grímu á þetta vantraust? Jú, það er æra útlends starfsbróður okkar. Hana á að eyðileggja, til þess að komast í höggfæri við stjórnina, þessa fylgislausu stjórn, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) kallaði svo. Þetta tel jeg blátt áfram óheiðarlega aðferð, og ódrengilegt er það að láta þinghelgina skýla sjer fyrir rjettmætri refsingu fyrir árásir á æru fjarstadds manns.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) mintist enn á almannaróminn. Jeg held því fram, að ef hann er til, þá sje hann myndaður af andstæðingablöðum. Blöð stjórnarinnar hafa lítið um þetta mál talað, af því að þau hafa talið það smámál, en hin blöðin hafa gert það að æsingamáli.

Annars er jeg ekki viss um, að neinn almannarómur sje til í þessu máli. Jeg veit, að á sameiginlegum þingmálafundi fyrir Múlasýslur, sem haldinn var á Egilsstöðum í vetur, var neitað að taka málið til meðferðar, og sama er mjer sagt að hafi orðið ofan á á þingmálafundi í Dalasýslu: (**Trþ**: Bendir það á, að málið sje upplýst?). Já, það bendir á það, að almenningur þarfnast ekki frekari upplýsinga en hann hefir fengið. Og jeg veit það, að í mínu kjördæmi nefndi enginn maður þetta á fundum.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) var að tala um löggildingarskyld síldarmælikar. Jeg held, að þau sjeu ekki löggildingarskyld, en ef svo er, þykist jeg vera fyrsti atvinnumálaráðherra hjer á landi, sem hefi gert skylt mína í þessu efni, og það verður hann að játa, ef hann hefir nokkurn snefil af sanngirni.

Annars er nógu fróðlegt að rifja upp fyrir sjer gang þessa máls. Fyrst átti að hefja á hendur mjer mikla árás út af innflutningi verkamanna til Krossaness, en nú er sú árás slegin svo rækilega niður, að enginn nefnir þetta nema hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Því næst var því haldið fram, að ólöglegt hefði verið að löggilda 170 lítra mál. Nú eru allir horfnir frá því. Enginn treystist lengur að halda því fram. En þá er það fundið upp, að það hafi átt að höfða sakamál á hendur framkvæmdarstjóranum, því að umfram alt mátti ekki láta árásina verða að engu, svo að nú er það æra framkvæmdarstjórans í Krossanesi, sem hv. andstæðingar ætla að brytja niður og hafa í atkvæðabeitu. Sá tilgangur, að koma stjórninni frá á þessu máli, á að helga þessa andstyggilegu aðferð.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði áðan, að það væri ekkert aðalatriði í þessu máli, hvort mælikerin væru löggildingarskyld eða ekki. (**JakM**: Hefi aldrei sagt það). Jú, og jeg held, að það hafi líka staðið í blaði hans. (**JakM**: Blaðið hefir aldrei sagt það). Jú, það stendur í Vísi. (**JakM**: Það er ekki satt). Hv. þm. var þá í Noregi, og jeg efast um, að hann hafi sjeð blaðið þá, og getur hann því ekkert um þetta sagt. Hv. þm. segir, að forstjórinn hafi vitað, að síldarkerin voru of stór. Sennilega hefir hann vitað, að þau voru stærri en 150 lítra. En er sannað, að síld sje altaf keypt þannig? (**JakM**: Alment, sagði atvrh. í sumar). Víða annarsstaðar eru notuð miklu stærri mál en 150 lítra.

Það er undarlegt, að hv. 3. þm. Reykv. (JakM) skuli segja það málinu óviðkomandi, sem hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) sagði. Hann upplýsti, að það væri alsiða að nota stærri síldarmál en 150 lítra. Þessu svarar svo hv. 3. þm. Reykv. (JakM) því, að það komi ekkert

málinu við og að hann hafi ekki eins vel vit á þessu máli og hv. 3. þm. Reykv., af því að þegar hann hafi fengist við síld, hafi hv. þm. Ísaf. ekki þekt síld frá þorski. Nú er það alvitað, að síðustu árin hefir þm. Ísaf. fengist við síldarsölu fyrir eigin reikning, en hv. 3. þm. Reykv. ekki komið nærri því. Allir sjá því bæði, á hvorum er meira að byggja og hvað hv. 3. þm. Reykv. (JakM) er vandur að meðulum í þessum umræðum.

Síldartunna er ekki fastákveðin að stærð, hún er 108—120 lítrar. Mál síldar er 1½ tunna, og þess vegna er það mismunandi. En rjett er það, að ef samið er um 150 lítra mál, þá á málið að vera 150 lítrar, enda hefir enginn vefengt það, en spurningin er aðeins, hvort Holdö hefir fengið meira en hann átti að fá, og þar verður að taka til athugunar það, að hann keypti enga síld við skipshlið, heldur komna í bing eða stíu.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) fór miklu harðari orðum um framkvæmdarstjórann en hann getur staðið við. Hv. þm. viðurkendi, að ekki væri hægt að rannsaka málið til hlítar nema framkvæmdarstjórinn gæfi skýrslu. (**JakM:** Nei). Jú. (**JakM:** Jeg talaði um sakamálsrannsókn). Hjer er ekki verið að ræða um sakamálsrannsókn, því að þingið getur ekki framkvæmt hana. Hjer er verið að ræða um rannsókn, sem þingið getur framkvæmt, en þar sem þingið getur ekki framið rannsókn yfir framkvæmdarstjóranum, þá er hjer um rannsókn að ræða á stjórnina, eða grímuklætt vantraust, eins og jeg hefi tekið fram.

Um verkamannainnflutninginn er það að segja, að framkvæmdarstjórinn hafði beðið mann að sækja um leyfi til innflutningsins fyrir sig, e f löggjöf um það væri breytt á þingi í fyrra. Nú varð engin breyting á, og því hafði enginn umboð til að sækja. Þetta hlýtur hver maður að skilja, og allir útúrsnúningar hv. 3. þm. Reykv. (JakM) eru því þýðingarlausir.

Jeg mun nú bráðum lofa þessum hv. þm. að komast að, enda mun honum mál á því, því að hann hefir altaf verið að tala fram í fyrir mjer, en ef hann kynni að hegða sjer í þingsal, ætti hann að þegja meðan aðrir hafa leyfi forseta til þess að tala.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) beindi í gær til mín ýmsum fyrirspurnum um það, hvort þessi og þessi hefði gert þetta eða hitt. Er engin ástæða til þess að svara því, og vil jeg leyfa honum að fara út um alla heima og geima til þess að draga athygli frá aðalatriðunum. (**JBald:** Það var alt út af Krossanesmálinu). Hv. þm. komst aldrei að aðalatriðunum, heldur voru það aðeins útskæklar málsins, sem hann var að fást við. Verst þótti honum, að jeg benti honum á, hve mikla tröllatrú hann hefði á Morgunblaðinu. Hann virtist telja það aðalatriði, að fyrstu síldarmálin hefðu ekki verið löggilt á Arnarfirði. (**JBald:** Það er ekki rjett). Hvar var það þá? (**JBald:** Það getur hæstv. ráðherra fundið út sjálfur). Jú, það mun hafa verið á Önundarfirði, en satt að segja finst mjer þetta ekki skifta máli, og er hv. þm. því ekki of gott að gera sig breiðan yfir þessu. En svona smáatriðum hjekk hann í í allri ræðu sinni, eins og honum er títt, og nenni jeg alls ekki að fást við það.

Ilt þótti honum, hvað samheldnin í Íhaldsflokknum væri mikil. Jeg get vel skilið það, því að hann á sjálfsagt oft

bágt á fundum í sínum flokki, því að þar er lítil eining, og get jeg vel sett mig inn í það, að hann renni vonaraugum til samhaldsins í Íhaldsflokknum.

Hann tók undir það, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, að framkvæmdarstjórinn í Krossanesi hefði keypt vogir til þess eins, að geta snuðað meira á síldarkaupum. Hvaðan þeim kemur vitneskja um þetta veit jeg ekki, en enginn í þessum sal mun efast um, að þetta sje uppspuni til þess að sverta manninn. (**JakM:** Jeg hefi það alt eftir hæstv. atvrh.). Það eru hrein ósannindi.

Magnús Torfason: Mig langar til þess að leggja hjer fáein orð í belg, og geri jeg það því fremur, sem jeg er ekki í neinu bindindi í þessu máli, eins og hv. flm. (Trþ).

Það er deilt um, hvort skylt sje að löggilda mælitækin. Engar upplýsingar hafa þó komið fram, er geti leyft mönnum að dæma um það hjer. Ef á mælitækjunum á að byggja, ber að löggilda þau. En ef litið er svo á að allsherjarvottorð þurfi, þá ber að löggilda síldarmálin. Og hafi viðkomandi maður verslunarrjettindi, þá átti að sjálfsögðu að löggilda mælitæki hans, en um hvorugt af þessu hefir neitt komið fram í þinginu.

Það eru tvær hliðar á máli þessu. Veit önnur að Krossanesverksmiðjunni, en hin að hæstv. stjórn. Jeg skal reyna að halda mjer að stjórninni, eftir því sem unt er. Hún fór vel af stað. Sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu var falið að rannsaka málið, og það var rjett. Stjórnin bar sig þá borginmannlega, en svo kemur sá hlykkur á málið, að hæstv. atvrh. er sendur norður til þess að fást við það. Það mun einsdæmi, að ráðherra fari að fást við slík sakamál. Jeg hefi að minsta kosti aldrei heyrt slíkt, og allra síst átti það við, ef sá ráðherra er ekki dómsmálaráðherra. (**Atvrh. MG:** Fór jeg ekki í öðrum erindagerðum?). Jú, jú, en jeg kem að því seinna. Þetta sýnir, að hæstv. stjórn hefir þótt málið mjög merkilegt. Enda sagði hæstv. atvrh. í gær, að komið hefði skeyti frá mælitækjamanninum, með áskorun um rannsókn á málinu. Og þetta er stórmerkilegt mál, áreiðanlega stærsta fjárglæframál hjer á landi. Eftir skýrslu atvrh. eru 3 aðrar verksmiðjur Norðmanna, sem hafa gerst sekar í þessu athæfi, og málið því enn stórkostlegra en menn höfðu hugmynd um.

Eins og málið horfir við, er ekki annað sýnna en að Íslendingar hafi beðið að minsta kosti 1 milj. kr. skaða, en það geta líka vel verið 2 miljónir. Þess vegna er þetta ekkert hjegómamál, síður en svo.

Þegar hæstv. atvrh. kemur norður, hefir sýslumaður látið fara fram einhverja rannsókn, sem við fáum ekki að vita, hvernig verið hefir. Af skýrslu hæstv. atvrh. er það ekki sjáanlegt, að valdsmaður hafi gert, og virðist hún því hafa verið mjög veigalítil. Úr því að sýslumaður fann ekkert athugavert, átti málið að fara til dómsmálaráðherra beina leið. En þá kemur hæstv. atvrh. til sögunnar og fer sjálfur að vafstra í málinu. Og eftir það, að hann hefir kynt sjer það, finnur hann ekki ástæðu til þess, að sakamálsrannsókn sje höfðuð. Hans aðgerðir urðu því ófyrirsynju. Atvrh. fer svo til Krossaness til þess að skoða einhverjar skrár viðvíkjandi verkamönnum þar. Það er annar hlykk-

urinn á málinu. Hvers vegna gerði sýslumaður það ekki? (**Atvrh. MG:** Hann fór þangað). Nú, því var þá hæstv. ráðherra að fara þangað? (**Atvrh.:** Mátti jeg ekki vera með?). Þetta er alveg einstakt, að ráðherra sjálfur skuli fara að skifta sjer af sakamáli, og þess vegna hefði mátt búast við, að eitthvað hefði orðið úr því, enda er það áreiðanlegt, að hann hefir ætlað að vinna sjer til frægðar. En árangurinn varð enginn eða verri en það. Það hafðist upp úr því, að eftir það neitaði Krossanesmaðurinn að greiða neinar bætur þeim, er hann keypti síld af, en það hafði hann þó áður gert. Mun hann eftir það þóst hafa traust stjórnarinnar.

Það, sem gerir málið að landshneyksli, er það, að ráðherra fer þarna út eftir. Enginn mundi hafa kipt sjer upp við slælega framgöngu lögreglustjóra, en þegar sjálfur ráðherrann skerst í málið, horfir það öðruvísi við. (**Atvrh. MG:** Eru lögreglustjórar vanir að svíkjast um?). Jeg sagði ekki meira en það, sem jeg get staðið við. Það er misjafn sauður í mörgu fje. (**Atvrh. MG:** Það er víst ekki mikið að marka það, sem hv. þm. segir).

Um skýrslu hæstv. atvrh. er það að segja, að hún hefir fyllilega staðfest almannarómin um mál þetta, og meira að segja að málið er miklu ljótara heldur en jeg bjóst við, enda hefir hæstv. ráðherra ekki getað borið neinar varnir fyrir sig. Hann hefir borið fyrir sig, að hann hafi drukkið kaffi í Krossanesi, en hann mintist ekkert á það, hvort hann hefði fengið nokkuð út í það. En hvað um það, kaffi mátti hann ekki einu sinni þiggja hjá sökuðum manni. Sjálfur hefi jeg setið í 11 tíma á bæ við að rannsaka mál hjá sökudólgi, og mjer datt ekki í hug að þiggja svo mikið sem kaffi. (**JAJ:** Var ekki einu sinni haldin veisla fyrir rannsóknardómarann á Ísafirði, heldur virðuleg?). Það veit jeg ekkert um. Nú, svo þegar við komum að því atriði í skýrslunni, að það hafa verið notuð mál, sem tóku 179 lítra, þá hlýtur þetta að gefa ákaflega fastan grun um sviksamlegt atferli, og það er alveg víst, að til þess að ekki sje rannsakað mál, sem þannig er undirbúið, þurfa að vera alveg sjerstakar málsbætur, en jeg hefi ekki orðið var við, að þær hafi komið fram, heldur þvert á móti, því að þegar verið er að tala um þessi mál, er það altaf viðkvæðið, að þessi Krossanesmaður hafi miðað við 150 lítra mál. Hann hefir aldrei borið annað fram. Ef hann sjálfur hefði borið það, að hann hefði keypt eftir öðrum samningum, þá væri öðru máli að gegna, en hann hefir eftir skýrslu hæstv. atvrh. (MG) aldrei borið annað fram, og eftir plöggum, sem komið hafa í blöðum eftir Krossanesmanninum, hefir hann gengið út frá því, að notuð hafi verið slík mál. Svo mætti benda á það, að þessi maður hafði líka norsk, löggilt síldarmál, en hann vill ekki nota þau, og vil jeg segja það, að sá grunur, sem maðurinn hefir felt á sig með þessu, er þannig vaxinn, að vegna stöðu hans virtist sjálfsagt, að hann heimtaði rannsókn; jeg veit ekki, hvernig hann getur legið undir þessu; ef það hefði komið fyrir í Noregi, hefði hann ekki getað komist hjá að heimta rannsókn. Það á þá að hlífa honum, hvað við erum langt úti í Atlantshafinu.

Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að ef ætti að fara að hefja rannsókn gegn þessum manni, þá væri hafinn eltingaleikur

gegn honum, því að ekki væri talað um að höfða mál gegn öðrum Norðmönnum, sem keypt hefðu síld nyrðra og notað röng mál. Jeg vissi alls ekki um það fyr en nú, að fleiri hefðu notað skökk mál en þessi maður, og virðist sjálfsagt að hefja rannsókn gegn þeim líka. Í því sambandi var hæstv. ráðherra (MG) að tala um, að þau væru ekki rjett, gömlu vogartækin, en það voru svo lítil brögð að því, að það er varla eyðandi orðum að því, þó að svolitlu munaði; lóðin voru stundum of þung, og var ekki hægt að fá þau niður fyrir markið fyr en búið var að skafa óhreinindin utan af þeim. Jeg var einmitt á Ísafirði, þegar þetta var gert þar, og get borið um, að þetta voru aðeins smámunir þar.

En þegar hjer er verið að tala um, að maðurinn sje lagður í einelti, þá er líka gott að gá að því, hvaða siður áður hefir verið á landi hjer, og þá man jeg eftir því, að einu sinni var hafin löng og ströng rannsókn á mann út af málefni, sem ekki gat varðað aðra en hann og manninn, sem kærði. Svo var málið dæmt í undirrjetti, og þar var hann sýknaður; svo var rekist með það upp í landsyfirrjett, og var maðurinn sýknaður þar líka. En hjer horfði nokkuð öðruvísi við; kærður var að vísu sjálfur talinn með minni borgurum, en það var Sameinaða gufuskipafjelagið danska, sem kærði, en hjerna er það útlendur maður, sem er kærður, en „simplir" íslenskir borgarar hinu megin. Í þessu máli ýta ennfremur tvö atriði undir rannsókn, nefnilega að það er svo ákaflega stórt fjárhagsatriði fyrir menn, og það er afarerfitt að koma sönnunum við; t. d. þegar verslað er í búðum, hvernig á að sanna, hvaða mál hafa verið notuð? Það eina, sem hægt er að gera, er að setja opinbera rannsókn á manninn og fá hann sektaðan, og skaðabætur fást engar. Í þessu máli verður erfitt að fá fullar skaðabætur nema rannsókn hafi farið á undan.

En svo er það eitt atriði hjer, sem jeg vil slá föstu, og það er það, að ef notuð hafa verið röng mál sem nokkru nemur, og hjer eru þau mörg „prócent" sem getur munað, þá er það hreint og beint skylda stjórnarinnar að láta rannsaka málið.

Jeg kom að því áðan, að hæstv. atvrh. (MG) sagðist ekki hafa fundið ástæðu til að láta fara fram rannsókn í þessu máli, en það er eitt atriði, sem þessu viðvíkur, sem að minsta kosti er ekki fyllilega upplýst, og það er þetta: Var hæstv. atvrh. (MG) að leika dómsmálaráðherra þarna fyrir norðan, eða bar hann sig saman við dómsmálaráðherrann hjer fyrir sunnan?

Í þessu sambandi gat hæstv. atvrh. (MG) um það, að löggildingarmennirnir hefðu ekkert sviksamlegt fundið. Jeg varð, satt að segja, alveg hissa, þegar þetta var tekið fram, því að löggildingarmennina varðar ekkert um annað en stærð málanna, og er það rannsóknardómarans að ákveða, hvaða afleiðingar stærðin hefir. Mjer fanst því hæstv. atvrh. (MG) bera heldur lágt fyrir, þegar hann fór að tala um þetta. En svo er annað: Bar hæstv. atvrh. (MG) þetta undir dómsmálaráðherrann, þegar hann kom suður? Og ennfremur: Hefir sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu sent dómsmálaráðherra skjölin, eða hefir atvrh. haft skjölin með suður, og þau svo „legast" hjá honum? Þetta hefir talsverða þýðingu fyrir af-

stöðu ráðherranna til málsins, og þarf vel að athuga. Málið liggur nefnilega þannig fyrir, af því að svo óvenjulega er að farið, að atvinnumálaráðherra ber ekki ábyrgð á því, hvað mælikerin snertir, nema því að eins, að hann játi það á sig, að hann hafi ekki verið í samráði við dómsmálaráðherra. Lengra skal jeg svo ekki fara út í þetta mál að því er hæstv. atvrh. (MG) snertir.

Svo talaði hæstv. dómsmálaráðherra (JM) nokkur orð, en lítið var upp úr þeim að hafa. Hann kom þar fram eins og krakki fyrir skólameistara. Jeg hefi ekki gert það, sagði hann, hæstv. atvrh. (MG) hefir gert það, jeg veit ekki neitt um Krossanesmálið, jeg var ekki dómsmálaráðherra, það var hann.

Jeg skal taka það fram, að jeg greiði atkv. með þessari nefndarskipun, í því skyni, að það verði ákveðið, hvort þingið vill láta fyrirskipa sakamálsrannsókn, því að það hæfir ekki, að þingið skifti sjer neitt af málinu án þess að hafa rannsakað það nákvæmlega.

Enn er eitt atriði, sem vakir fyrir mjer og gerir það, að jeg lít á þetta sem stórmál. Ef við komum ekki lögum yfir þennan mann, eða reynum það að minsta kosti, þá sýnir það, að við komum ekki lögum yfir útlendinga, og ef sá rómur kemst á, þá sje jeg ekki annað en að hjer sje stór háski á ferðum, og að það sje tæplega hægt að gera þessu landi meiri skaða með öðru; og fyrir utan það, hvað þetta er hættulegt vegna útlendinga, sem ganga yfir okkur með allskonar ólöghlýðni, vil jeg benda á, að þetta mál hefir mikla þýðingu fyrir uppihald laga og rjettar yfirleitt. Og jeg hjelt, að það mætti ekki vera slælegra en nú er, og jeg verð að segja það, að ef ekki má hefja rannsókn út af öðru eins máli og þessu, út af hverju á þá að hefja rannsókn?

Hæstv. atvrh. (MG) sagði í lok einnar ræðu sinnar í gær, að hann neitaði að gefa andstæðingum sínum upplýsingar um málið og að láta þá fá plögg í hendur, því að þeir gætu misbrúkað það, stjórninni til skaða. Jeg verð að segja það, að annað eins hefði jeg aldrei búist við að kæmi fram á þingi, og jeg sje ekki betur en að þetta sje hrein og bein rússnesk stjórn, sem á að koma hjer á. Jeg er svo gamall, að jeg man eftir, hvernig farið var að í Danmörku á Estrups-tímanum; ráðuneyti hans neitaði aldrei þingnefndum um upplýsingar í málum, og því segi jeg það, að hjer eigi að fara að innleiða rússneska stjórnaraðferð. En svo jeg víki aftur að Estrups-tímanum, þá varð það að venju, að fjárveitinganefnd þingsins fengi öll skjöl frá stjórninni, hvenær sem hún heimtaði það. Jeg verð að mótmæla þessu eins harðlega og hægt er, og jeg verð líka að mótmæla því, að nokkur stjórn hafi leyfi til að skoða sig í slíku opinberu máli sem hreina og beina flokksstjórn, en annars víkur það að því, að stjórnin þykist í þessu máli hafa meira en mórauða samvisku. En jeg vona, að hæstv. atvrh. hafi sagt þetta í augnabliks geðshræringu.

Þá hefir hæstv. stjórn talað æðimikið um vantraust í sambandi við þetta mál. Jeg hjelt það annars, að hún þyrfti ekki að taka sjer það mjög nærri, þótt jafnaðarmannaflokkurinn hjer á þingi, ekki stærri flokkur, tæki þetta svo, þegar hinn flokkurinn, Framsóknarflokkurinn, hefir lýst yfir því, að það sje alls ekki tilætlunin. (**Atvrh. MG**: Á það kannske að vera traust?). Þannig sæmir vart manni í ráðherrasæti að

spyrja. Eins og hjer geti ekki verið borin fram till. án þess að vera traust eða vantraust? Annars minnir þetta mig á, að í fyrra vildi hæstv. atvrh. (MG) snúa till. frá mjer upp í vantraust. (**Atvrh. MG:** Já, og hvernig fór svo með þessa till.?). Það kemur ekki þessu máli við. Annars vildi jeg leyfa mjer að minna hæstv. atvrh. (MG) á það, að hann var að siða einn hv. þm. áðan, sem jeg þó hjelt að væri verk forseta, og að hann gerir sig nú sekan í því sama. En hitt er annað mál, að ef stjórnin vill ekki samþykkja, að þingið fái að sjá þessi skjöl, til þess að það geti rannsakað málið, þá á hún vantraust skilið fyrir það eitt. Það liggur ekkert vantraust í þessu enn þá, en hitt er auðsætt, að ef þingið rannsakar þetta mál, þá gæti það ef til vill orðið efni í vantraust á sínum tíma.

Þá var talað um, að það ætti ekki við að nota þinghelgina hjer til þess að stimpla manninn sem glæpamann. Jeg hefi ekki gert það, svo að jeg þarf ekki að taka það til mín, en menn haga auðvitað misjafnt orðum sínum, og verður hver að gera það eftir sinni sannfæringu. Annars vil jeg benda á, að það virðist vera orðin einskonar trúarjátning hjer á landi, að menn megi gera sig seka í hvaða svívirðingu sem vera skal, en ef nokkur minnist á það, já, þá er hann talinn glæpamaður, og hálfu verri en nokkur glæpamaður.

Jakob Möller: Hv. 1. þm. Árn. (MT) hefir að nokkru leyti tekið af mjer ómakið, en jeg verð þó að gera nokkrar athugasemdir út af ræðu hæstv. fjrh. (JÞ). Jeg var svo hissa á ræðu hans, því að mjer fanst hún eiga svo lítið erindi inn í þessar umr. Jeg var að segja frá því, að skip hefði siglt ólöglega undir íslensku flaggi; jeg upplýsti, að norskt skip hefði siglt undir íslensku flaggi hjer á sumrum, en undir norsku á vetrum í Noregi, sem og rjett var. Þetta gerði skipið sumarið 1922 og var þá í eigu þessa sama manns. Þá voru og brotin ýms önnur lög, ef skipið hefði átt að heita íslenskt, t. d. með því, að allir yfirmenn voru norskir, og með þessu hefir eigandi skipsins svo krossbrotið íslensk lög og á þann hátt, að það verður varla gerður mikill munur á þeim brotum hans og því broti, sem hjer er um að ræða, siðferðislega sjeð.

Jeg var ekki að ákæra núverandi stjórn, og ekki heldur fyrverandi stjórn, í sambandi við þetta Rolfsmál, því að jeg sagði, að þetta mál hefði strandað hjá bæjarfógetanum á Akureyri. En það hefir töluverða þýðingu í þessu máli, hvernig mál þetta strandaði, því að þeir menn, sem hafa afskifti af því, koma einnig fram í Krossanesmálinu, því máli, sem hjer er um að ræða.

Svo fór hæstv. fjrh. (JÞ) að upplýsa hv. deild um þetta, sem hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) skýrði svo rækilega fyrir henni í gær, að það sýndist óþarfi að fara að bæta ofan á það, en úr því að þeir eru orðnir tveir um þessar upplýsingar, skal jeg leyfa mjer að leggja til nokkuð líka, einmitt út af því, sem hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) sagði, því að hann sagði, að það væri venjulegt að reikna síldarmálið sem helming af þrem kúfsöltuðum síldarstrokkum, en það er að því að gá, að í kúfsöltuðum strokk er einn fjórði hlutinn salt, en það er 27 lítrar. Í einni tunnu er þá af salti 27 kg. + 13½ kg. = 40½ kg., en af síld

127 kg. (SigurjJ: Má jeg gefa upplýsingar um þetta?). Jú, jeg veit, að það er hægt að gefa þær upplýsingar, að eitthvað gangi úr síldinni. (SigurjJ: Síldinni er í öðru tilfellinu raðað, en í hinu óraðað.). Jú, rjett, en það munar hvergi nærri eins miklu og saltinu. En annars, eins og jeg tók fram áður, kemur þetta málinu ekkert við, því að hjer var samið um ákveðið mál, 150 lítra, en ekki helminginn af þrem kúfsöltuðum síldartunnum.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að hæstv. atvrh. (MG), þó að það sje eina ráðið við hann að mótmæla því, sem hann fer rangt með, um leið, því að annars endurtekur hæstv. ráðherra (MG) það bara hvað eftir annað. En úr því að hæstv. ráðherra (MG) var að skora á mig að taka til máls, vil jeg verða við því. Jeg skal þá segja hæstv. atvrh. (MG) það, að jeg hefi myndað mjer skoðun um þetta mál algerlega af því, sem hann hefir upplýst. Hæstv. ráðherra (MG) segir, að í Krossanesi hefði verið samið um 150 lítra mál, sagði þetta í viðtali við Morgunblaðið, og hefir aldrei neitað því, og það er alkunnugt, að það var samið nær undantekningarlaust þannig, enda hefir framkvæmdarstjórinn ekki reynt að komast hjá því, að þannig hefði verið samið. Jeg hefi líka bygt á því, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði um það, hvaða undanfærslum framkvæmdarstjórinn hefði beitt. Hann hefir beitt því fyrir, að það fjelli svo og svo mikið úr mælikerunum, en það er ekki nema vitleysa, því að úr mælikerunum er við skipshlið helt í stóra vagna, sem ekkert þarf að fara út úr, og auk þess mun vera hafður maður á bryggjusporði, sem lítur eftir því, að kerin sjeu vel full. Jeg endurtek það, að jeg hefi bygt skoðun mína á þeirri rannsókn í málinu, sem hæstv. atvrh. (MG) hefir framkvæmt, en mjer finst bara, að þessi rannsókn hafi leitt það í ljós, sem hann þykist ekki hafa komið auga á. Jeg held því fram, að jeg gæti jafnvel leitt hæstv. atvrh. (MG) sjálfan sem vitni í þessu máli, t. d. um það, að ávalt mun þarna hafa verið samið um 150 lítra mál. Ef hann gengur frá þessu aftur, sem hann er búinn að viðurkenna, er hann tvísaga. Hann hefir einnig viðurkent, að forstöðumaður Krossanesverksmiðjunnar hafi vitað, að mælikerin voru stærri en 150 lítra. Ef hann gengur frá því, er hann einnig þar líka tvísaga. Hann veit, að 150 lítra kerin voru aldrei notuð, og því segi jeg, að þó hann máske verði ekki beinlínis talinn tvísaga í þessu, neitar hann þó því, sem hann veit með vissu að er rjett.

Að endingu segi jeg aðeins þetta: Ef stjórnin heldur því fram, að engin kæra hafi komið fram um þetta mál, vill hæstv. atvrh. þá leggja fram brjef það, sem stjórninni barst frá forstöðumanni löggildingarstofunnar, eða bar það ekki að skoða sem kæru? Hafði ekki verið símað frá Akureyri, að notuð væru röng mæliker við síldarkaupin í Krossanesi, eða var það ekki kæra? Jeg held, að það verði ekki auðvelt að komast fram hjá því, að kært hafi verið yfir þessu athæfi. Hæstv. atvrh. kvartar yfir því, að jeg hafi bendlað þennan mann við glæp. Þetta hefir staðið í ýmsum blöðum, og hæstv. atvrh. sagði áðan, að það hefði staðið í blaði, sem mjer er viðkomandi. Er það þá ekki kæra? Þessum manni er frjálst að hefja málssókn á hendur blöðunum, ef hann vill, og einnig gegn mjer hvenær sem er. Jeg mun ekki skjóta

mjer undan nje skríða undir þinghelgina.

Þessi maður hefir ekki gert neitt til þess að hreinsa sig af þessum áburði hjer á landi, en í Noregi hefir hann reynt það og ferst það þá þannig, að hann ber fyrir sig rangar skýrslur og skýrir rangt frá staðreyndum. Hann gefur þar falskar upplýsingar um málið. Ákærir hann þá ekki sjálfan sig með þessu framferði sínu? Jeg skil það vel, að stjórnina taki sárt til þessa manns, ef hann skal bendlaður við glæpsamlegt athæfi, því það er þá um leið ásökun í garð stjórnarinnar. En ef stjórninni er verulega ant um mannorð þessa manns og veit, að hann er saklaus, því vill hún þá ekki fá þessa rannsókn til þess að hreinsa manninn? Hitt er leiðinlegra, ef stjórnin treystist ekki til að hreinsa hann, en er þó að baxa við að reyna að verja hann.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. 1. þm. Árn. (MT) hneykslaðist á því, að jeg væri við þetta mál riðinn, og hann ljet jafnvel í veðri vaka, að jeg hefði farið norður í því einu skyni að skifta mjer af þessu máli. En jeg upplýsti þó í gær, að jeg hefði haft mörg önnur erindi, þó þetta mál hefði ekki komið upp. Þetta tal hv. þm. er því beint út í loftið.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði einnig, að rannsókn bæjarfógetans á Akureyri hefði verið ónákvæm, og mundi hann lítið far hafa gert sjer um að rannsaka þetta mál. Hann sagði ennfremur, að þetta væri ekki óvenjulegt um lögreglustjóra, að þeir framkvæmdu slælega skyldustörf sín. Þetta getur háttv. þm. alls ekkert sagt um; hann veit ekkert um þetta, og hann getur aðeins svarað fyrir sjálfan sig. Þó að jeg tilheyri ekki þessari stjett sem stendur, hefi jeg þó áður talist til hennar, og tekur mig því sárt, er henni eru gerðar slíkar óverðskuldaðar getsakir.

Þá hneykslaðist hv. þm. á því, að jeg skyldi hafa lækkað mig svo mjög að verða samferða bæjarfógetanum á Akureyri út í Krossanes, og taldi hann það bæði mjög óviðeigandi og alveg óforsvaranlegt, þar sem jeg væri ráðherra. Þetta verður helst að skilja sem bending um hugarfar og innræti hv. þm. og sýnir ljóst, hvernig hann muni líta á sig, þegar hann er orðinn ráðherra. En jeg segi það fyrir mig, að jeg get umgengist alla menn jafnt fyrir það, þó jeg sje í þessari stöðu, jafnvel háttvirtan 1. þm. Árn. (MT). Hann fann að því, að jeg skifti mjer af þessu máli, en hann má þó vita, að löggildingarmál heyra undir mig, og hvort jeg skifti mjer af sakamálum án þess að ráðgast um þau við dómsmálaráðherra, varðar ekki háttv. þm. Jeg hefi fult eins mikið vit á þeim málum og hv. 1. þm. Árn. (MT). Og á þessu máli ekki síður. Þessu getur háttv. þm. alls ekki neitað. En sje það viðurkent, að jeg hafi þekkingu á þessum málum, er það ekki vítavert, þó að jeg skifti mjer af þeim. Hann var í fyrra með „glósur" um það, að jeg hefði ekki vit á dómsmálum og sagði, að vinnast mundi fyrir hæstarjetti mál, sem þá var þar og varðaði ríkisstjórnina. Hann taldi víst, að það mál mundi vinnast, en um það hafði jeg látið í ljós mikinn efa. Hvað varð? Það var jeg, sem hafði giskað á það rjetta, en hv. 1. þm. Árn. (MT) á hið ranga. Jeg hygg, að jeg hafi því sýnt, að jeg hefi fult eins mikið vit á dómsmálum og hv. 1. þm. Árn. (MT),

og má því vel tala um þau, ekki síður en hann, þó að jeg sje ekki dómsmálaráðherra.

Hann var eitthvað að tala um það, að framkvæmdarstjóri Krossanesverksmiðjunnar hefði neitað að greiða mönnum bætur eftir að jeg fór þangað norður. Jeg skora á hv. þm. að sanna þessi ummæli sín, en gera sig ekki beran að rakalausum dylgjum. Hann taldi mig bresta varnir í þessu máli. Jeg legg það undir dóm þingdeildarinnar, en ekki hv. þm., hvort varnir mínar hafa verið góðar eða ljelegar. Hann var að breiða sig út yfir það, að erfitt væri að fá fullar sannanir í þessu máli, og kem jeg þá aftur að sakamálunum. Jeg hefi ávalt talið það vitað, að meira þyrfti til að fá menn dæmda í sakamálum en einkamálum. Hann hjelt og, að jeg hefði verið að leika þarna dómsmálaráðherra. Þetta sýnir það eitt, að hv. þm. misskilur eða þekkir ekki verkaskiftinguna í stjórnarráðinu. Háttv. þm. fanst það vera goðgá af mjer, að jeg fór eftir ráðum forstöðumanns löggildingarstofunnar eða manna hans. Þessir menn voru þeir, sem best höfðu vit á þessum málum, voru „fagmenn“ — og tel jeg betra að fara eftir áliti þeirra en hv. 1. þm. Árn. (MT). Jeg tel mjer það enga minkun að leita álits „fagmanns“, enda hefir það ætíð verið siður góðra rannsóknardómara að leita álits sjer fróðari manna um þau mál, er þeir þurfa að fást við. En háttv. 1. þm. Árn. (MT) álítur sjálfan sig ef til vill hafinn upp yfir slíkt og þvílíkt, og sýnir það enn, hvernig hann mundi að fara, ef hann væri ráðherra. Hann var að tala um, að jeg hefði einhver skjöl frá bæjarfógetanum á Akureyri og mundi hafa týnt þeim. Þetta er alls ekki satt. Jeg hefi engin skjöl haft með höndum, sem týnst hafa eða verið stungið undir stól, eins og hv. þm. gefur í skyn.

Háttv. þm. taldi ekki rjett, að þingið skifti sjer af málinu án rannsóknar. Má vel vera. En því er þá hv. þm. að skifta sjer af þessu máli og kveða upp strangan dóm í því, án þess að hafa rannsakað það sjálfur, er hann segir, að ekki sje hægt að dæma í því nema eftir rannsókn?

Hvað viðvíkur því, að við getum ekki komið lögum yfir útlendinga, þá vil jeg spyrja hv. þm.: Eiga að gilda önnur lög gagnvart erlendum en innlendum mönnum? Jeg neita því fyrir mitt leyti.

Það hafa verið ónýtt að undangenginni rannsókn um 68% mælitækja í landinu, mælitæki, sem hafa haft skekkju ca. 10—14%, og hefir þó enginn kært þau viðskifti, er með þeim tækjum voru gerð, og hvergi hafin rannsókn þess vegna.

Háttv. þm. hafði það rjett eftir mjer, að stjórnin vildi ekki láta misbrúka skjöl í neinum málum. Þetta er rjett haft eftir; en svo kallar hann þetta rússneskt stjórnarfar. Hann kallar það rússneskt rjettarfar að mega ekki misbrúka málsgögn. En jeg segi hv. 1. þm. Árn. (MT), að honum er velkomið að koma upp í stjórnarráð og sjá öll þau skjöl og gögn, sem þar eru til viðvíkjandi þessu máli eða öðrum, sem hann vill fræðast um. Hann þarf ekkert að vera að dylgja um þetta mál, og jeg veit, að dómsmálaráðherra (JM) mun gera hv. þm. sömu kosti.

Hvað viðvíkur hv. 3. þm. Reykv. (JakM), þá verð jeg að fara mjög mjúkum höndum um hann, þar eð hann er „steindauður“ í þessu máli. Það er dálítið einkennileg aðferð, sem þessi hv.

þm. viðhefir. Ef einhver kemur með upplýsingar um mál, sem honum falla ekki í geð, segir hann þær málinu óviðkomandi. Þannig var það t. d., er hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) upplýsti um mismunandi stærð síldarmála. Þá sagði hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að það kæmi þessu máli ekkert við. Eða þegar hv. þm. sjálfur segir, að eigandi Krossanesverksmiðjunnar ætlaði ólöglega að afhenda skip, en það upplýsist, að skipið er þegar komið undir norskan fána, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) upplýsti hann um, þá sagði hv. þm., að það kæmi málinu alls ekkert við. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. endi með því að segja að lokum, að jeg komi þessu máli alls ekkert við, og verður þá vart lengra farið. Hann getur spurt forstöðumann löggildingarstofunnar um það, hvort jeg hefi ekki leitað ráða hans um það, hvort kæra ætti út af hinum ólöglegu síldarmálum, fyrst hann trúir mjer ekki.

Hann kveðst ekki mundu skríða undir þinghelgina, ef framkvæmdarstjórinn vildi höfða mál gegn sjer, og mun jeg láta mig það engu skifta. En hann hjelt því fram, að stjórnin vildi ekki láta fara fram rannsókn til þess að hreinsa þennan mann. Jeg veit ekki, hvort hv. 3. þm. Reykv. (JakM) álítur það viðeigandi eða sæmandi að hefja sakamálsrannsókn gegn manni fyrir það eitt, að hann er borinn óhróðri. Jeg held, að rjettara sje að láta manninn sjálfan um það, hvort hann vill bera sökina af sjer. En sakamálsrannsókn er ávalt alvarlegt atriði og setur venjulega þann blett á menn, sem fyrir henni verða, þó saklausir sjeu, sem erfitt er að þvo af aftur. Það er því hlutur, sem ekki er vert að leika sjer að og á ekki að eiga sjer stað nema að vel athuguðu máli. En menn, sem litla þekkingu hafa á slíku, eiga ekki að krefjast sakamálsrannsóknar. Hvað mundi hv. 3. þm. Reykv. (JakM) segja, ef einhver kallaði hann þjóf og stjórnin hlypi strax eftir því og höfðaði sakamál á móti honum. Mundi ekki hv. þm. (JakM) telja sjer misboðið með sakamálinu, því að vitaskuld væri hann saklaus, og mundi hann ekki heldur vilja höfða meiðyrðamál gegn manninum, sem með óhróðurinn fór?

Hv. sami þm. kvaðst í þessu máli eingöngu fara eftir mínum upplýsingum í þessu máli. Gott og vel, en þá skjátlast honum í því að draga rjettar ályktanir af gefnum forsendum, og mun það frekar vera af græsku en grunnhygni.

Sveinn Ólafsson: Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefir að mestu leyti tekið frá mjer tilefnið til þess að taka til máls. En hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) gaf mjer nokkurt tilefni, og auk þess er eitt atvik, sem nánar þarf að geta. Hv. þm. Ísaf. gaf skýrslu um breytileg síldarmál og venjur með að mæla síld án löggildaðra mælikera. Skýrslan var sjálfsagt að mestu rjett, en ályktanir hans út af skýrslunni vafasamari. Samkomulag kaupanda og seljanda um ágiskaða mælingu er að sjálfsögðu heimilt. Saknæmið kemur fyrst fram, þegar seljandi hefir samið um ákveðna mælingu og er svo látinn óafvitandi afhenda eftir stærra máli en um var samið og þannig gabbaður. Síld til útflutnings hefir að vísu oft verið mæld á söltunarstað með því að telja 3 kúfsaltaðar tunnur jafngilda 2 málstunnum, og skakkar þar ekki miklu, þótt nokkuð sje breytileg stærð á norskum, sænskum og skotskum tunnum, því að gert

er þá ráð fyrir, að $^1/_5$ til $^1/_4$ rúmmáls sje salt, en norsk síldartunna tekur venjulega 115 lítra, og verða þess vegna 3 kúfsaltaðar síldartunnur, að saltinu fráteknu, sem næst 280—290 lítrar síldar og síldarmálið því 140—150 lítrar, en það er einmitt það forna korntunnumál. Það er einmitt þetta gamla norska síldarmál, sem miðað hefir verið við af seljendum í Krossanesi og samið um. Við síldarmál eða norskt síldarmál hefir, að því er jeg veit best, aldrei verið annað skilið en ílát, sem rúmaði 146—150 potta, og um mörg ár hefi jeg áður fyr veitt og selt síld eftir þessu máli.

Vitaskuld er það, að löggilda má stærra mál eða þá minna. Með því að löggilda hjer 170 lítra mál verður ekki skafinn út órjettur sá, að taka af síldarseljendum í Krossanesi þeim óafvitandi 170 lítra, sem taldir voru og metnir á við 150 lítra. Um rjettlætingu með því að löggilda stærri málin er hjegómlegt að tala. Jeg skal ekki fjölyrða um það frekar, en víkja í þess stað nokkrum orðum að skýrslu þess manns, sem einna fyrstur komst að mælingarskekkjunni og einarðlegast hefir gengið fram í því að fletta ofan af þessu hneykslismáli. Viðleitni hans hefir að því stefnt að rjetta hluta allra, sem fyrir skakkaföllum urðu af rangri mælingu síldarinnar, og að aftra því, að misklíð yrði milli Íslendinga og Norðmanna út af háttalagi norska framkvæmdarstjórans í Krossanesi.

Þessi áhugasami maður um að rjetta hag síldveiðamanna, sem sköðuðust á röngu máli í Krossanesi, er austfirskur útvegsmaður, Stangeland að nafni, og búsettur á Fáskrúðsfirði, en af norskum ættum. Er það sami maður og hv. frsm. (Trþ) gat um í gær, að ritað hefði í norsk blöð um Krossaneshneykslið.

Stangeland dvaldi hjer í bænum nýlega, og hefir hann skýrt mjer glögglega frá viðskiftum sínum við Holdö í Krossanesi næstl. sumar. Segir hann samninga hafa verið þá, að hann seldi Holdö alla síld, sem hann veiddi á vertíðinni, fyrir ákveðið gjald hvert 150 lítra síldarmál, og stóðu þeir samningar þar til Stangeland uppgötvaði skekkju mælikeranna, sem þá upplýstist að voru 170 lítra ílát, en ekki 150 lítra. Heimtaði hann þá bætur af Holdö, sem snerist illa við og hafði í heitingum við Stangeland, enda voru um þessar mundir löggilduð 170 lítra mælikerin af ráðherra, og þóttist þá Holdö hafa lögleg ker notað. Stangeland segist hafa selt verksmiðjunni 1060 mál síldar áður hann sleit samningi og deilan við Holdö hófst, og telur hann því, að skekkjan í mælingu hafi numið 1060×20 lítrum eða röskum 14 síldarmálum, sem eftir 14 kr. verði, er almennast mun hafa verið, nemur liðlega 1960 kr., en þann skaða telur Stangeland sig hafa beðið við mælinguna. Segist Stangeland hafa búist við, eftir komu ráðherra í Krossanes, að rjetting yrði hjá öllum á mælingunni, en svo varð ekki.

Síðar fjekk hann þó orð frá Holdö um viðtal, og ljet hann þá Stangeland á sjer skilja, að þeir gætu samið um einhverja uppbót vegna mælinganna. Segist Stangeland hafa svarað því, að hann gerði sig því að eins ánægðan, að hinir einnig fengju uppbót, sem jafnframt honum urðu fyrir halla. (**HK**: Þetta er eflaust allra besti maður?). Lauk þar viðskiftum þeirra Holdös með heitingum frá beggja hendi. (**JAJ**: Fór hann í skaðabótamál?). Nei, hann hefir ekki

enn farið í skaðabótamál, vegna þess, að hann hefir haldið, að hlutur sinn og annara, sem tjón hafa beðið vegna þessara röngu mælikera, yrði rjettur að tilhlutun hins opinbera. Hann hjelt, að opinber rannsókn yrði fyrirskipuð, og á þeim grundvelli gætu allir málsaðiljar fengið skaða sinn bættan.

Þegar jeg spurði hann, hvers vegna hann hefði ekki kært forstjóra verksmiðjunnar, þá svaraði hann því, að vegna þess, að hann væri Norðmaður að ætt, hefði hann ekki kunnað við að hlaupa á undan þeim innlendum mönnum, sem einnig hefðu beðið tjón í viðskiftum sínum við verksmiðjuna, vegna mælikeranna. Þess vegna hefir hann beðið, og hann sagðist ætla að bíða áfram og sjá afdrif málsins hjá þinginu, en jafnframt ljet hann í ljós þá trú sína og von, að hlutur sinn og annara yrði rjettur eftir að opinber rannsókn hefði fram farið í málinu.

Eins og kunnugt er, hefir Stangeland nú gefið í norskum blöðum skýrslu um ástandið í Krossanesi. Þessi skýrsla hefir orðið til þess, að þar í landi hafa risið hinar mögnuðustu blaðadeilur um þetta mál. Og vegna þessarar skýrslu Stangelands hefir forstjóri Krossanesverksmiðjunnar, eins og upplýst hefir verið, sent utanríkisráðuneytinu norska skýrslu um málið, skýrslu, sem engan veginn er samhljóða því, sem áður var hermt eftir Stangeland, og einnig er nokkuð á annan veg en vitað er þegar með vissu, að er hið rjetta, og að sumu bersýnilega röng.

En jafnskjótt sem skýrsla forstjórans birtist í norskum blöðum, þá snerist átt í lofti, og virtist mörgum, sem Stangeland hefði farið með ósæmilegan róg um forstjórann og viðskifti hans hjer á landi.

Og það er einmitt þetta, sem Stangeland sviður sárast, að hann í landi feðra sinna — sjálfan sig telur hann ekki Norðmann, heldur Íslending — skuli vera álitinn svo ófyrirleitinn hatursmaður Holdös, að hann leggi gamla landa sína í einelti, til þess að spilla atvinnu þeirra og áliti í framandi landi. Hann telur sig í þessu hafðan fyrir rangri sök.

Auðvitað gaf hann í fyrstu norsku blöðunum skýrslu sína í þeim tilgangi einum, að hið sanna í málinu upplýstist einnig þar. Hann áleit, að ef hlutur þeirra, sem tjón hafa beðið sökum stóru mælikeranna í Krossanesi, yrði ekki rjettur, þá gæti það leitt til hins mesta ágreinings milli Íslendinga og Norðmanna og spilt samvinnu þessara frændþjóða í framtíðinni. Þess vegna vildi hann skýra óhlutdrægt og rjett frá öllum málavöxum og láta sannleikann koma sem skýrast í ljós, svo að Norðmenn litu ekki á uppþotið hjer eins og ómaklega árás á Holdö.

Það var einkum þessi skýrsla Stangelands, sem jeg vildi drepa nánar á, því mjer finst, að hennar hafi ekki verið nógsamlega getið í umr. alt fram að þessu.

Að öðru leyti get jeg að mestu leitt hest minn frá því að tala frekar um málið.

Jeg get látið mjer nægja að lýsa yfir því, að jeg tel rannsókn þá, sem í till. er farið fram á, svo sjálfsagða, að það stappar óhæfu næst, ef till. verður ekki samþ. og rannsóknin framkvæmd.

Mín skoðun er sú, að öllum málsaðiljum, og ekki hvað síst hæstv. land-

stjórn, megi vera fyrir bestu, að mál þetta verði rannsakað til hlítar.

Jeg sje ekki, hvernig hæstv. stjórn getur þvegið hendur sínar á nokkurn annan hátt en að málið verði rannsakað, ekki aðeins í þingnefnd, eins og till. fer fram á, heldur og fyrir dómstólunum, ef ástæða þykir til þess, að rannsókn þingsins lokinni.

Það er engan veginn rjett, sem hæstv. atvrh. (MG) gaf í skyn, að máli þessu hafi verið hreyft aðeins vegna þess, að andstöðuflokkar hæstv. stjórnar hafi komið því að á síðustu þingmálafundum í móðgunarskyni við hana. Slíkt nær vitanlega engri átt. Þetta mál var orðið öllum almenningi kunnugt og hafði verið rætt um alt land löngu áður en þingmálafundir voru haldnir í vetur, og almenningsálitið þá ákveðið, og það eru fleiri en stjórnarandstæðingar, sem hafa hreyft þessu máli og talið skýlausa skyldu að rannsaka það til fullnustu.

Þorleifur Jónsson: Jeg hafði í upphafi ekki ætlað mjer að taka til máls um þessa þáltill., en það er einkum vegna ummæla hæstv. forsrh. (JM) og hæstv. atvrh. (MG), að jeg segi hjer nokkur orð.

Það þarf engan að undra, þó að þingið láti mál þetta til sín taka. Það hefir vakið talsvert umtal um land alt, og einnig hefir samlandi verksmiðjustjórans í Krossanesi gefið ítarlega skýrslu um framferði verksmiðjunnar, sem hefir leitt til þess, að málið hefir verið allmikið rætt í Noregi. Er því engin furða, þó að því sje hreyft hjer á Alþingi. Hitt hefði verið furðulegra, ef þingið hefði gengið þegjandi fram hjá málinu.

Það hefir vakið mest umtal meðal landsmanna, að telja má nokkurn veginn víst, að Krossanesverksmiðjan hefir notað síldarmæliker af óvenjulegri stærð, og er talið, að hún hafi á þann hátt haft fje af viðskiftamönnum sínum.

Þetta hefir komið einna greinilegast í ljós við upplýsingar hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um skýrslu þá, sem Stangeland útgerðarmaður hefir gefið norskum blöðum um málið. Hann segist hafa orðið fyrir barðinu á mælikerum verksmiðjunnar og tapað á því, aðeins á síðastl. sumri um 2000 kr.

Nú er ekki gott að segja, hvort Stangeland hefir rjett fyrir sjer, og gefur það m. a. tilefni til rannsóknarinnar að upplýsa, hvort svo er.

Þar sem forstjóri verksmiðjunnar neitar frambuðri Stangelands, er ekki hægt að segja fyrirfram, hvor þeirra hafi á rjettu að standa.

Þess vegna er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að Alþingi láti rannsaka málið.

Og það er svo margt fleira, sem er óupplýst í þessu máli. T. d. er það ekki upplýst, hvort sumir þeir, er sömdu við verksmiðjuna, hafi vitað, að málin, sem hún notaði, tóku 170 lítra.

Hafi verksmiðjan samið við einhverja viðskiftamenn um kaup, miðað við 170 lítra mæliker, þá er í þeim tilfellum ekki neitt athugavert, þótt mælt hafi verið í slíkum málum, en ekkert hefir enn komið fram um það.

En þetta alt er órannsakað mál. Enginn veit, hve margir hafi vitað og hve margir ekki vitað, að verksmiðjan notaði mæliker af óvanalegri stærð.

Þetta og margt fleira í þessu sambandi þarf að rannsaka til hlítar.

Hæstv. atvrh. (MG) ljet í gær þau orð falla, að þessi þáltill., sem er borin

fram af hv. þm. Str. (Trþ) og með atbeina Framsóknarflokksins, sje grímuklætt vantraust á hæstv. stjórn.

Það er að vísu svo, að stjórnir eru venjulega meir og minna hörundsárar, ef till. koma fram, sem geta orkað tvímælis í þessu efni, og hafa tilhneigingu til að álíta, að andstæðingar þeirra beri slíkar till. fram í því skyni að bregða fæti fyrir stjórnirnar.

En eins og hv. flm. (Trþ) hefir lýst yfir, þá er tilgangur þessarar þáltill. aðeins sá, að fá Krossanesmálið upplýst.

Þá fyrst kemur till. fram, þegar nærri er útsjeð um, að hæstv. stjórn ætlar ekki að gefa þinginu skýrslu um málið ótilkvödd. Lengi var búist við því, að hæstv. stjórn gæfi skýrslu af fúsum vilja, en þar sem ekki hefir orðið af því, þá er síst að furða, þó að Framsóknarflokkurinn láti sig málið nokkru skifta. Blöð flokksins hafa rætt málið talsvert og því eðlilegt, að hann beri fram till. um, að það verði rannsakað til fullnustu.

Eins og hv. þm. Str. (Trþ) hefir gert, get jeg lýst yfir því, að í till. felst ekkert vantraust. Það, sem fyrir flokknum vakir, er að fá málið krufið til mergjar, að svo miklu leyti sem unt er. Og það er mjög athugavert af þinginu að hliðra sjer hjá að taka þetta mál til meðferðar, þar sem upplýst er, að a. m. k. einn maður hefir kvartað undan því að hafa beðið stórfelt fjártjón, vegna þess að verksmiðjan notaði ekki rjett mæliker. Þessi umkvörtun ein ætti að vera nægilegt tilefni rannsóknar í málinu.

Hæstv. forsrh. (JM) hefir einnig tekið fram, að till. þessi sje byrjun til vantrausts. Jeg skil ekki þessa skýringu hæstv. stjórnar á till. þar sem jeg býst við, að hæstv. stjórn hafi hreinar hendur í máli þessu, þá fæ jeg ekki skilið, hvernig hún getur tekið till. sem vantraustsyfirlýsingu, eftir að við Framsóknarflokksmenn höfum lýst yfir því, að í till. felist ekki annað en óskir okkar um að fá málið upplýst.

Ef að því kæmi, að Framsóknarflokkurinn bæri fram vantraustsyfirlýsingu á hæstv. stjórn, þá myndi hann ekki bera hana fram grímuklædda, heldur ganga hreint að verki og lýsa því í efni og orðfæri þeirrar till., að ekki væri um að villast, að vantraust væri á ferðinni. En það felst ekki í þessari till.

Hitt er annað mál, að ef rannsóknin leiddi í ljós, að afskifti hæstv. stjórnar af máli þessu væru mjög svo vítaverð, þá gæti það leitt til þess, að hún yrði að segja af sjer eða fengi vantraustsyfirlýsingu; en að svo stöddu vil jeg ekki ganga út frá öðru en að hæstv. stjórn geti hreinsað hendur sínar, og því er hjer ekki um vantraust að ræða.

Meiningin með þessari till. er vitanlega engan veginn sú, að sakfella nokkurn mann fyrirfram, heldur eingöngu að fá allar þær upplýsingar í málinu, sem unt er.

Ef það kemur í ljós, að forstjóri Krossanesverksmiðjunnar hefir haft of stór mæliker í sviksamlegum tilgangi, þá mun það sennilega leiða til sakamálshöfðunar. En um þetta verður ekkert sagt að svo stöddu.

Jeg hefði að vísu ekki þurft að taka þetta svo ítarlega fram, þar sem hv. flm. (Trþ) hefir í fyrstu ræðu sinni sagt, að Framsóknarflokkurinn ætlaði ekki að fyrra bragði að gera neinn hvell út af máli þessu og að hjer væri alls ekki um vantraust að ræða.

Þó taldi jeg rjett, að slík yfirlýsing kæmi einnig frá mjer f. h. flokksins, svo að tilgangur hans með till. yrði síður vefengdur.

Sje jeg ekki ástæðu til að ræða mál þetta frekar. Það hefir þegar verið mikið rætt, og verð jeg að segja, að enda þótt nokkrar nýjar upplýsingar hafi fram komið við umr., þá er það rjett, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði, að þær upplýsingar ættu að hvetja menn til þess að krefjast fullkominnar rannsóknar í málinu.

Bjarni Jónsson: Það fer fyrir mjer um þetta mál eins og svo mörg önnur, að jeg get ekki farið að hleypa mjer í ljósan loga, þótt það hinsvegar sje merkilegt og skifti harla miklu, hvort hafa skal rjetta vog og mæli í landi eða eigi. Og þegar það óheillaspor var stigið að leggja niður löggildingarstofuna, þá barðist jeg af alefli á móti því, eins og hv. þingmenn mun reka minni til. Fyrir því er það og, að jeg kem með frv. nú þess efnis, að reisa skuli hana við á ný, og vona jeg, að mönnum skiljist að nokkru nauðsyn þess máls af rekistefnu þeirri, sem orðin er út úr þessu Krossanesmáli.

Það er deginum ljósara, að það er skaði fyrir landsmenn, ef ekki er rjett vog og mælir í landi. Hugsum oss mann, er selur fisk og ekki hefir rjetta vog. Hann vegur þá ef til vill útlendingnum meira en rjett er, og skaðast þannig. Og svo mætti lengi dæmum áfram halda. En það er sýnt, að þótt skaðinn sje lítill í hvert sinn, þá dregur hann sig saman, ef árum saman eru notuð röng mælitæki, og verður til almenns tjóns.

Það er því nauðsynlegt og algerlega óhjákvæmilegt að ákveða það með lögum, hversu stór skuli vera síldarmælikar á þessu landi, og gæta þess síðan stranglega, að þeim lögum sje fylgt.

Að því er þetta sjerstaka mál snertir, þá lít jeg þar dálítið öðrum augum á en margir aðrir. Vjer erum auðvitað allir sammála um það, að sjálfsagt sje og rjettmætt að líta eftir þessari verslun sem öðrum og gæta þess, að landslögum sje hlýtt, að ekki verði fjebrask úr. En mjer finst ekki rjett að tala um þessa einu verksmiðju eins og engir aðrir eigi þar hlut að máli. Eftir skýrslu hæstv. atvrh. kom það í ljós, að röng mál hefðu verið notuð á fleiri stöðum. Og mjer er einnig kunnugt um það af viðtali við mann, sem mjög vel þekkir til, að slíkt hefir átt sjer stað t. d. á Siglufirði hjá Goos og ef til vill víðar. Og það er ómannúðlegt og rangt að gera þar mun á, hvort sem rannsókn fer fram eða ekki.

Þá kann jeg ekki allskostar við þá aðferð, sem sumir vilja hafa í þessu máli. Það er vitanlegt, að þessi nefnd getur ekkert gert annað en rannsaka gerðir stjórnarinnar og skjöl þau og skilríki, er að þessu lúta. En þar sem stjórnin hefir nú lagt fram öll skjöl og skýrsla er fram komin frá þeim ráðherrum, sem um málið hafa fjallað, þá hlýtur nefndin að komast að sömu niðurstöðu sem nú er fengin.

Það hefði farið betur á því, úr því Framsóknarflokkurinn ætlaðist ekki til, að þetta væri sem vantraust á stjórnina, að í fyrirspurnarformi hefði komið fram. Jeg hefði sennilega gert það sjálfur annars, til þess að fram kæmi gögn stjórnarinnar og almenningur fengi að vita, hvern veg málinu er háttað.

En hvers vegna hv. þm. vilja saka-

málsrannsókn í þessu máli, skil jeg ekki. Það hafa engin þau gögn komið fram, er slíks krefjast.

Það hefir verið sagt, að verið hafi til samningur við einn mann, og hafi sá verið rofinn. Það má vel vera. En slíkt plagg liggur ekki fyrir þinginu; enginn þm. hefir sjeð þennan samning, og þm. geta alls ekki hagað atkvæði sínu eftir flugufrjettum.

Það hefir og komið fram, að enginn einasti af viðskiftamönnum verksmiðjunnar hefir kært, hvorki höfðað skaðabótamál nje krafist sakamálsrannsóknar. Það er þó vanalegi gangurinn. Og ærin tímatöf myndi það verða Alþingi, ef ótilkvatt ætti það að sinna hverju smáatriði, sem á milli kann að bera í viðskiftum. En hins er sjálfsagt að krefjast, að engin rjettaróvissa sje til í landinu, og það sýnist vera trygt, ef sett eru um þetta lög, og hæstv. stjórn tjáir sig fúsa til þess að hafa eftirlit með þeim.

Jeg vil því leyfa mjer að bera fram svohljóðandi rökstudda dagskrá, ef hæstv. stjórn tjáir sig fúsa til þess að láta rannsókn fara fram, ef einhver kynni að kæra um þessi mál:

„Í því trausti, að stjórnin láti fram fara ítarlega rannsókn á síldarkaupum í þeim verksmiðjum, sem reyndust hafa röng mælitæki, svá fremi einn eða fleiri viðskiftamenn þeirra æskja þess, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Jeg afhendi forseta þessa dagskrá, en tek hana aftur, ef hæstv. stjórn vill ekki lýsa því yfir í heyranda hljóði, að rannsókn skuli fram fara, ef þess er beiðst af viðskiftamönnum.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vænti þess, að í yfirlýsingu minni hafi það komið greinilega fram, að jeg mundi hafa lagt afarmikla áherslu á það, ef kæra hefði komið fram. En það kom engin kæra til mín frá neinum, er hlut átti að máli. Það ætti ekki að þurfa að skýra þetta nánar.

Og jeg lýsi yfir því, að stjórnin getur tekið vel í þessa dagskrá og sætt sig við þau lok þessa máls.

Magnús Torfason: Jeg þarf ekki mörgu að svara hæstv. atvrh. (MG). Hann fór eins og köttur í kringum heitan graut í svari sínu til mín. Sem gamall málaflutningsmaður fór hann marga útúrdúra, færði orð mín úr samhengi o. s. frv.

Hann byrjaði á að segja, að hann hefði ekki farið norður til þess eins, að athuga þetta Krossanesmál. Það voru heldur aldrei mín orð. Mjer var vel kunnugt um það, að hann fór einnig í öðrum erindagerðum.

Þetta út af fyrir sig skiftir þó ekki miklu. Það, sem mjer þykir að, er það, að hann skyldi nokkurn tíma sjálfur fást við málið, í stað þess að láta undirmenn sína gera það.

Þá sagði hæstv. atvrh., að jeg hefði gefið sýslumannastjett vorri slæman vitnisburð. Jeg gerði það ekki. Jeg sagði aðeins, að það hefði aldrei orðið annar eins hvellur, þótt einhver sýslumanna vorra hefði rannsakað málið og þótt gera það sljólega. Þessi ummæli mín bar ekki að skoða sem niðrun fyrir stjettina í heild, heldur aðeins þetta: Það er víða pottur brotinn, og menn eru misjafnir í henni sem öðrum stjettum.

Út af þessu er tilefni til að minnast á, að það er verra að hafa hendur í hári brotlegra manna í litlu landi en stóru.

Sá, sem lögin brýtur, og sá, sem laganna skal gæta, þekkja hvor annan, og menn ganga ekki með eins köldu blóði til refsingar við menn eins og í stóru löndunum. Og jeg get ekki varist því, að mjer finst hæstv. atvrh. hafa verið fulltrúgjarn á orð þeirra, sem í vináttu voru við Krossanesmanninn.

Þá kvað hæstv. atvrh. mig hafa ákært sig fyrir að hafa verið sýslumanninum í Eyjafirði samferða. Mjer datt ekkert slíkt í hug, veit að það er góður maður og gegn, en atvrh. hefði átt að láta sýslumanninn fara með málið eftir venjulegum málagangi.

Jeg hefi aldrei sagt eitt orð um það, að hæstv. atvrh. hafi ekki fyrir kunnleika sakir verið fær um að fást við málið. Eftir þeim gögnum, sem fram hafa komið, kvaðst jeg ekki vita, hvort hann hefði verið að leika dómsmálaráðherra. Það vildi jeg fá að vita. Og hitt einnig, hvort hann hefði gert það í umboði dómsmálaráðh. Því hefir hann ekki svarað.

Hver rjeð því, að ekki var höfðað sakamál? Því hefir hann ekki svarað heldur. Jeg hefi litið svo á, að ef eitthvað þessu líkt kæmi fyrir, þá skýrðu hinir ráðherrarnir dómsmálaráðh. frá og hann rjeði svo, hvort sakamál skyldi höfða. Þetta forðaðist hæstv. atvrh. að tala um. Eftir því sambandi, sem er á milli ráðherranna, bjóst jeg ekki heldur við, að öðruvísi færi.

Þá fór hæstv. atvrh. að brýna mig á því, að hann hefði betur vit á dómsmálum en jeg. Hann var að því líka í fyrra. Jeg svaraði því þá, að jeg bæri engar brigður á lagakunnáttu hans. Er hjer misjafnt að hafst. En alósæmilegt er fyrir ráðh. að nota þinghelgina til að krukka í embættismann.

Jeg gat þess, að mönnum hafi þótt erfiðara að fá bætur hjá Krossanesmanninum eftir komu ráðh. en áður. Hæstv. atvrh. sagði, að jeg yrði að sanna þetta. Nú kastar fyrst tólfunum, ef þingmaður á að fara að færa sjerstakar sönnur á mál sitt hjer í salnum. Frekar verður ekki krafist en hver þingmaður tali eftir bestu vitund og sannfæringu. Jeg lagði áherslu á það í fyrri ræðu minni, hve erfitt væri að sanna skaða sinn í svona löguðum málum. Þá þyrfti að safna sönnunargögnum hvaðanæva að. En í sakamáli væri það hægara. Þá gæti dómarinn tekið öll gögn, hvar sem þau væru. Hinu hefi jeg ekki mótmælt, að það þarf oft meira til þess að koma fram sakarábyrgð á hendur manni en fá skaðabætur.

Hæstv. atvrh. sagði í fyrstu ræðu sinni, eins og jeg hefi áður minst á, að hann hefði ekki haft ástæðu til þess að höfða mál á móti manninum. En í sjálfu sjer skiftir það ekki svo miklu máli, hvort hann fann ástæðu til þess eða ekki, því að síðasti dómari í þessu efni var vitanlega hæstv. dómsmálaráðherra (JM). Jeg held, að jeg hafi tekið það skýrt fram í fyrri ræðu minni, að jeg væri ekki hjer að dæma nokkurn mann og að það eina, sem jeg vítti hæstv. stjórn fyrir eða virtist athugavert við gang málsins, væri það, að hún hefði ekki látið rannsaka það svo sem bæri. Lengra gekk jeg ekki í minni ræðu.

Þá var hæstv. atvrh. að segja það, að eftir minni skoðun ættu útlendingar að sæta öðrum lögum en innlendir menn. Jeg talaði alls ekki á þann veg. Þvert á móti gaf jeg fyllilega í skyn, að ástæða væri til að höfða mál gegn útlendum

sem innlendum, sem kunnugt væri um að misjafnt hefðust að, og skal jeg reynast síðastur manna í því að vilja draga úr, að hafðar sjeu hendur í hári slíkra manna.

Hæstv. atvrh. var hræddur um, að skjölin yrðu misbrúkuð, en bauð mjer samt að sjá skjölin, og þakka jeg honum vitanlega mjög vel það traust, sem hann sýnir mjer með því að undanskilja mig því ámæli sínu, að jeg muni misbrúka kunnugleika minn á skjölunum. Hinsvegar verð jeg að segja, að mjer þykir það ekki rjett að bera það fram úr ráðherrastól, að þingmenn misbrúki þau skjöl, er þeir fái í hendur, og finst mjer hæstv. atvrh. (MG) gefa þinginu heldur slæman vitnisburð með þessu. Get jeg og hugsað mjer, að slíkt myndi ekki auka virðingu þingsins, ef satt væri.

Viðvíkjandi því, sem altaf er verið að klifa á, að ekki hafi komið fram nein kæra í málinu, þá vil jeg bæta því við, að mjer er kunnugt um, að menn, sumir hverjir, voru ráðnir í því að fara í mál við þennan Krossanesmann, en hættu við það, af því að þeir vildu bíða og sjá, hvort þingið skifti sjer ekki af málinu. Og veit jeg, að menn eru tilbúnir í það að fara í einkamál við framkvæmdarstjórann undir vorið, þó þeir viti, að það muni torsótt, af því að þeir eiga svo erfitt með að ná í sannanir.

Þá er það eitt höfuðatriði, sem jeg get ekki verið hæstv. stjórn samþykkur í í þessu máli. Hún vill, að mjer skilst, koma þeirri stefnu á, að hið opinbera skifti sjer ekki af öðrum glæpum en þeim, sem kært hefir verið yfir. M. ö. o. ef einhver stelur, þá á ekki að rannsaka mál hans nema hann hafi verið kærður. Í þessu tilfelli horfir svo við, að vitanlegt er, að viðkomandi maður hefir haft af öðrum, en það er eftir að rannsaka, af hvaða hvötum eða í hverjum tilgangi hann hefir gert það, og til þess er engin önnur leið en sakamálsrannsókn. Það eru altaf afarmörg tilfelli, sem maður getur vitað um, að glæpur hefir verið drýgður, sjerstaklega þeir, sem heyra undir svika-paragraffana, en alt er undir hinu komið, að maður geti fengið fulla vitneskju um, að það hafi verið gert í sviksamlegum tilgangi. Slík rannsókn er það, sem á að fara fram eftir þeirri þáltill., er hjer liggur fyrir, og í till. liggur ekkert annað.

Með lítilli líkingu lýsti jeg því, hvernig hæstv. stjórn hefði staðið í upphafi þessa máls. Lýsti jeg henni þá sem reistum víghesti, en ef jeg ætlaði mjer að dæma um, hvernig stjórnin fór út úr málinu, mundi líkingin æði sunddregin.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hæstv. forsrh. (JM) hefir nú sagt það, sem þarf að segja um hina rökstuddu dagskrá hv. þm. Dala (BJ), og við það hefi jeg engu að bæta. Vitaskuld kemur það mál honum mest við, en ekki mjer, og úr því að hann svo fúslega hefir gengið inn á að taka á móti dagskránni, þá get jeg vitaskuld gefið sömu yfirlýsingu frá minni hendi. Jeg sje ekki, að neitt það felist í dagskránni, sem jeg get ekki felt mig við.

En út af því, sem hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) sagði, í sinni mjög svo hógværu ræðu, um það, að hann hefði búist við því, að stjórnin kæmi fram með skýrslu um málið á þinginu, þá verð jeg að segja nokkur orð. Jeg áleit altaf, að málið yrði flutt á þinginu einmitt af

flokki hv. þm. (ÞorlJ). Jeg gerði ráð fyrir, að flokkurinn mundi skapa úr því eldhúsdag, og var ljóst, að hann var að búa sig undir eitthvað slíkt. Var jeg því við því búinn að gefa slíka skýrslu, sem jeg hefi gefið, undir eins og málið kom til umræðu. Að koma fram með hana fyr hugði jeg ekki að við þyrfti, enda var mjer frá upphafi dagljóst, að Framsóknarflokkurinn mundi bera fram málið, meðal annars af því að jeg vissi, að miðstjórn þess flokks hafði sent till. um málið á þingmálafundina út um land.

Mjer skildist á ræðu hv. 1. þm. Árn. (MT), að jeg í svarræðu minni hefði gert honum eitthvað rangt. Það var síður en svo meining mín, og hafi mjer viljað það til af einhverjum misskilningi, þá bið jeg hann velvirðingar á því, og ætti þá það mál að vera gleymt. En jeg gat nú ekki betur fundið en að nokkur þjóstur væri í hv. þm. (MT) út af þessu máli. Honum fjell illa, að jeg skyldi hafa verið að vasast í þessu máli, en það verður ekki skilið á annan hátt en þann, að honum falli yfirleitt illa, að jeg skuli vera ráðherra. Því að jeg trúi því illa, að það sje af eintómri umhyggju. Hann sagði að vísu undir þinglok í fyrra, að hann bæri traust til mín, en það var svo lítið, að jeg trúi því ekki, að hann beri nú mikla umhyggju fyrir mjer. (MT: Jú). Nú, nátturlega verð jeg að trúa því nú, þegar hv. þm. (MT) segir það, að þetta tal hans sje alt af einskærri umhyggju sprottið.

Hann kvaðst ekki hafa farið illum orðum um valdsmannastjettina í landinu. Gott var, að hann meinti ekki orð sín svo, en jeg vildi taka málstað hennar, af því að mjer þótti kenna hjá honum hnútna í hennar garð, sem ekki væri rjett að kasta hjer fram. Svo þótti honum sem jeg hefði um of hlýtt á fortölur þeirra manna, sem kunnugir eru framkvæmdarstjóranum í Krossanesi. Sjálfur þekkir hann manninn ekki nokkurn skapaðan hlut, en vill samt, að jeg taki mikið tillit til þeirra orða, sem hann segir um hann. Kemur mjer þetta kynlega fyrir. Hv. þm. (MT) sagði, að jeg hefði átt að senda sýslumanninn eftir skránum. Jeg sagði í gær, að framkvæmdarstjórinn sagði, að hann gæti ekki sent þær inn á Akureyri vegna þess, að þær væru notaðar í verksmiðjunni daglega. Synd mín er þá sú, að jeg fór með sýslumanninum til þess að athuga þær. Og jeg verð að segja, að í mínum augum er það engin stórsynd.

Jeg býst ekki við, að hv. þm. (MT) trúi því, þótt jeg segi honum frá því, hvort jeg hafi verið að leika dómsmálaráðherra þar norður frá eða ekki. Er best fyrir hann að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra sjálfan, hvort jeg sletti mjer fram í hans störf. Hv. þm. (MT) var að tala um, að jeg hefði ekki átt að skifta mjer af málinu. Gat sú ásökun hans ekki bygst á öðru en því, að hann teldi, að jeg hefði ekki vit á málinu, og því vildi jeg í svarræðunni sýna hv. þm. (MT) fram á, að jeg teldi mig bera fult skyn á þessi mál. Hv. þm. (MT) var mjög móðgaður yfir því, að jeg vildi, að hann færði rök fyrir þeirri staðhæfing sinni, að framkvæmdarstjórinn hefði hætt að greiða mönnum uppbót eftir að jeg kom. En hv. þm. (MT) hefir ekki heimild til að ályktа slíkt nje leyfi til að bera fram slíka ákæru nema hann rökstyðji hana. En það gerði hann hvorki fyr nje síðar. Hann kvaðst hafa talað um þetta við einn heiðarlegan mann — jeg veit ekki,

hve marga óheiðarlega — en í því felst vitanlega engin sönnun. Hv. þm. sagði, að það væri nauðsynlegt að ná í sönnunargagn í málinu. Jeg skal viðurkenna það. En hvað er betra sönnunargagn en það, að mælikerin voru löggilt eftir meðaltali þeirra? Það er besta sönnunargagnið. Því að með því er slegið föstu, að málin voru misstór. Og þótt einhver færi í mál, gæti hann aldrei fengið meira en það, sem svaraði til þessa meðaltals málanna, hver svo sem málshefjandi yrði. (MT: Hann getur fengið meira). Nei. Jeg get eins vel sagt um þetta eins og hv. þm. (MT). Jeg er líka gamall dómari og lögfræðingur og hefi engu síður vit á þessu en hann. Hv. þm. (MT) var að tala um það, að það væri dómsmálaráðherrans að fyrirskipa sakamálsrannsókn. Það er alveg rjett. En þá skýtur það skökku við, að hann skuli taka því illa, er jeg segi honum, að jeg sje ekki dómsmálaráðherra, og skuli hann því, ef honum líki illa við gerðir mínar í málinu, fara til hæstv. dómsmálaráðherra.

Hv. þm. (MT) hættir altaf við að vilja víkja við orðum. Hann kvað mig hafa sagt, að hv. þingmenn mundu misbrúka skjölin. Það hefi jeg aldrei sagt, heldur hitt, að það mætti misbrúka skjöl, og það, að jeg býð hv. þm. (MT) að sjá skjölin, sannar ekki, að jeg telji hann ekki geta misbrúkað þau, heldur hitt, að jeg ætla ekki, að hann vilji gera það.

Að síðustu sagði hann, að þessi till. væri til þess, að málið yrði rannsakað. Það er nú einmitt það, sem jeg get aldrei skilið. Hún getur ekki heldur orðið til að undirbúa rannsókn, vegna þess, að slíka rannsókn er ómögulegt að gera nema á miklu víðtækari grundvelli en kostur er á hjer á Alþingi. Jeg veit, að hv. þm. (MT) veit þetta vel og skilur það.

Jeg vildi gjalda hv. þm. (MT) líku líkt. Jeg ætla ekki nú að sýna honum neina ókurteisi, úr því hann gerði það ekki að fyrra bragði, og mæli því ekkert orð, sem getur stygt hann nú.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg hygg, að liðinn sje heill sólarhringur síðan jeg tók seinast til máls, og hefir þó ekkert annað mál en þetta verið á dagskrá, og fundir verið lengdir. Jeg tek það fram, að með flutningi þessarar till. hefi jeg ekki gefið tilefni til nema lítils hluta af þeim umr., sem hjer hafa fram farið. Jeg hefi ekki, og sama máli gegnir um formann Framsóknarflokksins (ÞorlJ), sem tók til máls, leitt annað umræðuefni í hv. deild en það, hvort hið háa Alþingi megi fá aðstöðu til að kynna sjer tryggilega það mál, er hjer um ræðir. Hefir engin ásökun komið fram hjá mjer nje úr mínum flokki á neinum manni. Enn mun jeg halda mjer á sama grundvelli og áður og ekki fara neitt út í einstök atriði. Jeg ræði og spyr aðeins um þetta eitt: Á Alþingi að fá leyfi til að kynna sjer þetta mál eða á það ekki að fá það?

Þess vegna mun jeg leiða hjá mjer flest þau ummæli, sem fallið hafa síðasta sólarhringinn, og aðeins víkja örlítið að því, er hæstv. atvrh. (MG) sagði í svarræðu sinni til mín í gær, síðan drepa á nokkur orð hæstv. forsrh. (JM), og að lokum mun jeg lítið eitt minnast á þá rökstuddu dagskrá, sem hjer hefir verið lögð fram.

En áður en jeg vík að ræðu hæstv. atvrh. (MG) vil jeg segja eitt alment.

Hingað til, bæði á þinginu í fyrra og nú, hefi jeg átt meiri skifti og háð þyngra stríð við annan hæstv. ráðh. en hæstv. atvrh. (MG), sem sje hæstv. fjrh. (Jþ). Og jeg verð að segja, að þótt enn lengra muni vera á milli okkar skoðana á málunum, hefir mjer þótt að öllu leyti betra að eiga orðastað við hæstv. fjrh. (Jþ) en hæstv. atvrh. (MG). Hann fer yfirleitt samviskusamlega með orð andstæðinganna. En hvort það er því að kenna, að hæstv. atvrh. (MG) er svo mikill málaflutningsmaður, veit jeg ekki, en mjer finst honum hætta helst til að færa um of úr lagi orð andstæðinganna og leggja rangt út af þeim.

Þetta var nú alment, en jeg mun færa rök að því síðar.

Hæstv. atvrh. sagði, að jeg hefði ásakað hann fyrir hina löngu skýrslu hans. Hjer fór hann rangt með. Jeg benti að vísu á, að hann hefði örlítið talað um þá hlið málsins, er jeg ræði einvörðungu um, þá, hvort málið ætti að rannsaka eða ekki. Skýrsluna vítti jeg ekki, en jeg tók það fram um hana, að hún fullnægði ekki, og eins hitt, að hún jafnvel ylli því, sakir einstakra atriða, sem þar kæmu fram, að enn meiri þörf virtist vera til rannsóknar en áður. Og af þessu varð jeg vitanlega og verð enn að halda fast við þá kröfu, að Alþingi fái að rannsaka málið.

Hæstv. atvrh. sagði, að það, að jeg legði ekki dóm á gerðir hæstv. landsstjórnar, en hefði gert það áður, sýndi, að jeg væri nú að byrja að viðurkenna, að jeg hefði ofmælt um syndir hæstv. stjórnar í málinu, og jeg og Framsóknarflokkurinn værum nú að renna. Gott og vel, jeg hefi ekki á móti, að hann hafi þann skilning. En hver hlýtur að verða afleiðing þess? Hafi hann þennan skilning, því vill hann þá ekki ganga á lagið og leyfa Framsóknarflokknum að kjósa tvo menn í nefnd — hans flokkur getur kosið aðra tvo — til að rannsaka málið. Því hafi hann rjett fyrir sjer, þá getur sú rannsókn aðeins orðið til þess, að við hreinsum hann alveg og sýknum, og er óvíst nema af veiti. Rannsóknin getur aldrei orðið nema til góðs, eftir hans eigin skoðun.

Hæstv. atvrh. vjek að Noregi. Einmitt af því, að málið snýr svo mikið út á við, lagði jeg þegar í upphafi mikla áherslu á, að ekki væri um það rifist hjer, heldur að það yrði athugað rólega og í kyrþey í nefnd. Hæstv. atvrh. sagði, að ekkert benti á, að þetta væri orðið stórmál í Noregi. En það er þvert á móti. Stórþingsmaður þar í landi á í hlut, og hann hefir neyðst til að gefa skýrslu um málið til utanríkisráðuneytisins.

Það er líka stórmál fyrir okkur, því að sá maður, sem við verðum að telja fulltrúa sjávarútvegsins okkar, er stimplaður sem ósannindamaður í Noregi, og þótt ekki sje í orði, þá er þó í verki dregið þar dár að íslenskum embættismanni, og jafnvel að atvinnumálaráðherra Íslands. Til þess að draga úr því, að þetta væri stórmál í Noregi, vjek hæstv. atvrh. að þeirri tilgátu, að pólitískir andstæðingar verksmiðjustjórans mundu vera að verki í norsku blöðunum. En það er upplýst, að svo er ekki, heldur er það íslenskur ríkisborgari, sem fæddur er í Noregi og á þar annað föðurland, sem hrundið hefir málinu af stað þar í landi, og það af rjettlætistilfinning einni og tilknúður jafnframt af þeirri þrá að reyna að koma í veg fyrir, að af málum hlytist

missætti milli Íslands og Noregs. Þetta er það rjetta. Jeg hefi lesið talsvert um málið í norskum blöðum, en hvergi sjeð þess vott, að það væri notað sem vopn af pólitískum andstæðingum verksmiðjustjórans.

Þá kem jeg að því, sem hæstv. atvrh. rangfærði mest í minni ræðu. Hann kvað mig hafa sagt, að jeg vildi hæstv. stjórn vel og að það væri vegna velferðar hennar, að jeg hefði farið þessa leið. Þetta er algerður misskilningur, og sagði jeg aldrei þetta, heldur sagði jeg, að það væri málsins vegna, að jeg hefði kosið að fara þessa leið. Af því að það væri utanríkismál og svo alvarlegt sem það væri, þá teldi jeg sjálfsagt, að sem minst yrði deilt um það hjer á fundi, en það fullrannsakað í nefnd. Og þess vegna byðist hæstv. landsstjórn með þessari till. útrjett hönd okkar Framsóknarmanna til þess að fá sem best vinnubrögð í þessu máli og það sem ítarlegast skoðað. Í þessu sambandi, um útrjettu höndina, var hæstv. atvrh. að líkja mjer við mann, sem oft væri myndaður með ref á bak við eyrað. Jeg veit vel, hvern við er átt, mesta bændaleiðtoga Dana, J. C. Christensen, Jeg hefi oft sjeð mynd af þeim manni með ref á bak við eyrað eða sem gægist upp úr vasanum, og jeg tel mjer stórsóma að vera líkt við hann. En ef samlíkingin er rjett, af hverju finst þá hæstv. atvrh., að slóttskapar kenni hjá mjer, er jeg býð, að málið sje rannsakað í nefnd? Ef það er slóttskapur, þá hlýtur hann að koma af því, að hæstv. atvrh. finnist það hættulegt fyrir hæstv. stjórn, að málið sje rannsakað. Annars væri enginn slóttskapur af mjer að fara fram á nefndarskipun.

Jeg ætla að víkja að því atriði nú, þótt það snerti og það, er hæstv. forsrh. (JM) sagði, sem snertir vantraust í sambandi við þessa till.

Hæstv. atvrh. (MG) vildi telja till. vantraustsyfirlýsingu. Bygði hann þar algerlega á orðum hv. 2. þm. Reykv. (JBald). En það er alveg rangur grundvöllur, því að sá hv. þm. (JBald) er ekkert við till. riðinn. Jeg ber fram till. af hálfu Framsóknarflokksins, og eins og jeg hefi skýrt og oft tekið fram og sömuleiðis formaður flokksins, hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ, þá gengur okkur ekkert annað til en það að fá fullan sannleikann. Það, að hæstv. atvrh. (MG) kallar þetta vantraust, hlýtur því að koma af því einu, að hann sje sannfærður um, að full rannsókn á málinu hljóti að leiða eitthvað í ljós, sem geri óhjákvæmilegt, að borið sje fram vantraust á hæstv. stjórn.

Svo var það eitt atriði, sem jeg skal rjett minnast á, þó að það komi örlítið inn á málið. Hæstv. atvrh. (MG) vjek því til mín, að ekki væri meira, þó að hann drykki kaffi í Krossanesi, en ef hann kæmi til að líta á mjólkurmálin í Laufási og drykki kaffi þar. Jeg verð nú að segja, að mjer finst töluverður munur á þessu tvennu. Og jeg get ekki neitað því, að mjer finst í meira lagi óviðkunnanlegt, að ráðherra og bæjarfógeti setjist að sumbli hjá manni, sem notað hefir í svo stórum stíl röng mæliker, sem gert hefir verið í Krossanesi.

Hæstv atvrh. (MG) kvartar undan því, að við heimtuðum ákveðnar upplýsingar, og hann sagði ennfremur orðrjett, að hann vildi „gefa s í n u m fylgismönnum skýrslu, sem þ e i r tækju gilda“. Þetta er það alvarlegasta, sem

enn er komið fram í málinu. Jeg öfunda ekki hæstv. atvrh. af því að standa þannig frammi fyrir þingi og þjóð. Þetta er bein yfirlýsing þess, að stjórnin skoðar sig ekki vera fyrir landið alt, heldur aðeins fyrir ákveðinn flokk. Hún þykist ekki þurfa að standa þinginu reikningsskap á gerðum sínum. Hún er eingöngu flokksstjórn, og hana varðar ekkert um annað en Íhaldið. Þetta þykir mjer mjög alvarleg kenning. Þetta er að taka sjer einræði, að fela gerðir stjórnarinnar fyrir minni hlutanum. Jeg öfunda ekki landsstjórnina af þessari aðstöðu. Við andstæðingar stjórnarinnar og alþjóð fáum ekki að heyra annað en þessa ófullkomnu skýrslu. Það getur verið, að með aðstoð eins utanflokksmanns takist að hefta þessa rannsókn í bili, en ekki til eilífðar. Jeg leyfi mjer að taka mjer í munn orð, sem fræg eru orðin um land alt: „Guði sje lof, að til er hæstirjettur!“ Guði sje lof, að til er æðri rjettur en þessi þingdeild. Guði sje lof, að ekki er langt þangað til þjóðin fær að kveða upp dóm yfir þeirri stjórn, sem svona fer að ráði sínu. (**HK**: Okkur er boðið að leggja ekki guðs nafn við hjegóma). Þetta er ekki hjegómi, hvort þannig eigi að neita kjörnum fulltrúum þjóðarinnar að rannsaka gerðir landsstjórnarinnar.

Jeg skal víkja aftur að Noregi. Skamt er á að minnast feluleikinn, sem íhaldsstjórnin þar ljek, þó ekki sje hjer um jafnstórfelt mál að ræða. Forsætisráðherra íhaldsins norska ábyrgist 15 milj. kr. lán fyrir banka einn án þess að þingið vissi. Þegar bankinn bað um meira lán, var þingið leynt þessari ábyrgð. En þegar þetta komst upp, varð sá gustur um landið, að ekki er viðlit, að íhaldsstjórnin taki þar við völdum aftur.

Jeg er ekki að segja, að hjer sje svona stórfenglegt mál á ferðinni. Jeg veit ekkert um það með vissu. En ef hjer er ekkert að fela, því má þá ekki fara þessa tryggilegu leið, að athuga málið.

Þá skal jeg víkja örfáum orðum til hæstv. forsrh (JM) og að dagskrá hv. þm. Dala. (BJ).

Hæstv. forsrh. sagði snemma í dag, að hann skoðaði fram komið af síðari tölu minni, að hjer væri um vantraust á stjórnina að ræða. Jeg held, að mjög erfitt hafi verið að fá þetta út úr orðum mínum. Jeg sagði eitthvað á þá leið, að þó jeg vildi ekki tala nú um einstök atriði málsins, heldur láta nefnd rannsaka það, þá mundi tækifæri gefast síðar, ef stjórnin neitaði rannsókn, annaðhvort á eldhúsdaginn eða ef vantraust kæmi fram. Jeg lýsi því yfir, eins og áður, að það er enginn fótur fyrir því, að þessa tillögu eigi að skoða sem vantraust. Því hefir formaður Framsóknarflokksins (ÞorlJ) einnig lýst yfir. Fyrir okkur vakir ekki annað en það, að málið sje tekið til rólegrar yfirvegunar í nefnd.

Hv. þm. Dala (BJ) hefir borið fram till. um rökstudda dagskrá. Að þó nokkru leyti fer þessi tillaga í sömu átt og mín. Þó er nokkur munur á, og er það aðallega tvent. Dagskráin gerir ráð fyrir því, að s t j ó r n i n láti rannsókn fara fram á sínum eigin gerðum. Við viljum, að þ i n g i ð láti rannsóknina fara fram. Og er þar um mikinn mun að ræða. Það getur þó verið, að jeg hefði getað samþykt þessa dagskrá, ef hún hefði komið fram áður en stjórnin neitaði, að þingið fengi að rannsaka málið. En þegar hæstv. landsstjórn hefir lýst því yfir, að hún neiti þinginu um rannsókn, þá er rjett að halda fram

þeirri kröfu, að málið sje athugað bæði af fylgismönnum og andstæðingum stjórnarinnar. Hvað er hjer á bak við, þegar stjórnin neitar þinginu um að rannsaka þetta, en vill sjálf skipa þá menn, sem rannsaka eiga? Hinsvegar gerir dagskráin ráð fyrir rannsókn því aðeins, að einhver, sem orðið hefir fyrir rangindum, óski þess. Jeg held því fram, að landsstjórnin eigi að vera skjöldur og skjól þeirra, sem órjetti eru beittir. Ef hjer er ástæða til málshöfðunar, þá á stjórnin sannarlega að eiga frumkvæðið.

Úr því sem komið er treysti jeg mjer ekki að greiða atkvæði þessari rökstuddu dagskrá. Jeg hefði kannske getað það, ef hún hefði komið fyr. Hjer eftir óska jeg eindregið atkvæðagreiðslu um það, hvort Alþingi megi kynna sjer málið, án nokkurs fyrirframdóms. Jeg hefi tekið það fram áður, að í þessu felst ekkert vantraust á hæstv. stjórn. En ef hún og flokkur hennar neitar tillögu minni og samþykkir dagskrána, hvers vegna gerir hún það? Er það af því, að hún treysti sjer ekki að leggja málið óskorað í dóm Alþingis? Jeg fullyrði ekkert um það, aðeins spyr.

Jeg býst ekki við að þurfa að taka til máls aftur, enda hefi jeg nú talað þrisvar sinnum. Jeg hefi sett fram skýrt og ljóst, hvað fyrir okkur vakir. Vona jeg, að málið geti orðið útkljáð fljótt.

Forsætisráðherra (JM): Það eru aðeins fáar athugasemdir. Út af ræðu hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) skal jeg láta þess getið, að jeg skil ekki vel, hvers vegna hann bjóst við skýrslu um málið án þess að tilefni gæfist. Jeg þekki ekki þá venju, sem hefði átt að orsaka það, að gefin væri skýrsla um þetta mál, fremur en önnur, að tilefnislausu.

Hv. þm. sagði, að ekki hefði vakað fyrir Framsóknarflokknum, að þetta ætti að vera vantraust á stjórnina. En hann var svo samviskusamur að bæta því við, að ef rannsókn leiddi í ljós eitthvað aðfinsluvert, þá gæti upp úr því komið fram vantraust. Í því skyni hefir víst áreiðanlega þessi till. verið flutt, að hægt yrði að gera þessa skýrslu svo úr garði, að vantraust yrði á henni bygt. Jeg verð að segja, að þetta var töluvert hyggileg aðferð, og hefði máske tekist að láta það líta út sem meinlausa rannsókn, hefðu ekki komið fram þessar vantrauststhótanir, ef tillagan yrði feld. Jeg skal ekki um það segja, hvort till. hefir upphaflega átt að vera grímuklætt vantraust, en upp úr henni átti það að koma. En hv. þm. Str. (Trþ) sagði, að ef till. yrði feld, mætti minnast á málið á eldhúsdaginn, og væri auk þess rjett, að úr yrði skorið um það, hve mikils trausts stjórnin nyti í þinginu.

Hv. þm. talaði um utanríkismál og hjelt því fram, að þetta Krossanesmál gæti valdið vandræðum milli Íslands og Noregs. Jeg fæ ekki skilið, hvernig nokkrum manni getur dottið í hug að kalla þetta utanríkismál, þó rannsókn væri hafin gegn manni, sem hjer dvelur. Hvernig skýrsla hefir verið gefin í Noregi, kemur ekki málinu við. Mjer er ekki ljóst, hvernig annað eins og þetta gæti kallast utanríkismál.

Jeg sagði aldrei, að hv. flm. till. (Trþ) hefði sagt það beinlínis, að í henni feldist vantraustsyfirlýsing. En hann lagði þó áherslu á þá hótun, að flokkurinn skyldi hafa verra af, ef till. yrði ekki samþykt.

Jeg get ekki hugsað mjer, hvers vegna hv. þm. fer að tala um það, að hæstv. atvrh. (MG) vilji fela skjöl fyrir þinginu. Hæstv atvrh. sagði hv. 1. þm. Árn. (MT), að honum væri velkomið að koma upp í stjórnarráð og sjá öll skjöl, sem snerta þetta mál. Það stendur og vitanlega opið fleirum, t. d. foringjum flokkanna, ef þeir vilja. En það er komið fram, að það er ekki rannsókn málsins, sem áhersla er lögð á heldur einhverskonar rannsókn á stjórnina sjálfa. Þetta, sem hv. þm. sagði, að rjett væri, að úr yrði skorið um fylgi stjórnarinnar, þá er það ekki nema leyfilegt. Það er altaf leyfilegt að koma fram með tillögu, sem sýnir, hverjir vilja fylgja stjórninni og hverjir ekki.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg fer nú að verða leiður á þessum umræðum og skal verða stuttorður. Hv. þm. Str. (Trþ) byrjaði á því, að jeg hefði fært úr lagi orð sín og að verra væri að eiga við mig en hæstv. fjrh. (Jþ). Hann nefndi þó ekki nema eitt atriði, sem jeg hefði farið illa með. Jeg tek því þetta sem „kompliment", af því jeg veit, að örðugt þykir að lenda í deilu við hæstv. fjrh. Ef jeg er verri viðfangs, má búast við, að jeg sje töluvert snarpur. Hv. þm. ámælti mjer fyrir það, að jeg hefði talað heilan klukkutíma um málið, en aðeins 5 mínútur um tillöguna. Jeg leit svo á, að hann vildi fá skýrslu um málið, og hana hefi jeg gefið, en nú sje jeg, að það var ekki skýrsla. sem hann óskaði, heldur aðeins rannsókn á stjórnina.

Þá var hv. þm. að tala um þessa framrjettu hönd. En þetta þýðir ekkert annað en það, að hann vill fá rannsóknarnefnd á stjórnina. Aðra rannsókn er yfirleitt ekki hægt að gera. Ef hann óskar að fá upplýsingar úr skjölum, sem til eru um málið í stjórnarráðinu, þá er ekkert því til fyrirstöðu. Jeg undirskrifa þau orð hæstv. forsrh., að formönnum flokkanna t. d. er guðvelkomið að sjá þessi skjöl. Þar er ekkert, sem þarf að dylja. En hv. þm. Str. þrástagast á því, að eitthvað hljóti það að vera, sem stjórnin vilji dylja, úr því að hún sje mótfallin rannsókn. Sjer þá ekki hv. þm., hve mikill munur er á því að heimta rannsókn og hinu, að fá að athuga skjöl með góðu. Nei, auðvitað var kosið að fara þessa leið, til þess að geta sagt á eftir: Sjáið þið til. Rannsókn hefir verið fyrirskipuð. Eitthvað hlýtur að hafa verið athugavert. Jeg spyr: Hvers vegna hefir hv. þm. ekki farið upp í stjórnarráð og beðið um að fá skjölin lánuð? **(Trþ:** Jeg hefi verið að bíða í mánuð). Hann átti að biðja um þau skjöl, sem hann óskaði að sjá. Ekki get jeg vitað fyrirfram, hvaða skjöl hv. þm. Str. (Trþ) langar til að sjá. Það er ómögulegt fyrir mig að standa á pinnum við hvern einstakan þingmann og bjóða skjöl að láni. Fyrst hv. þm. fór ekki þessa leið, sjest, hver tilgangurinn hefir verið. Mjer er óskiljanlegt, hvernig hv. þm. Str. getur dottið í hug, að þetta mál sje utanríkismál. Hann fóðrar það með því, að jeg og fleiri hafi verið óvirtir í norskum blöðum. Ekki get jeg sjeð, hvernig hægt er að telja það til utanríkismála. **(Trþ:** Hvers vegna var skýrsla gefin utanríkisráðherranum norska?). Jeg get svarað hv. þm. Str. með sömu spurningunni. Hann vissi ekkert um þessa skýrslu í gær. Hvað vill hann þá fara að tala um hana nú?

Þá er þessi Stangeland, sem á að vera þessi einstaki Íslandsvinur, að hann vill

enga misklíð milli landanna og vill því láta skipa rannsóknarnefnd til þess að halda friði (!!!).

Annars er rjett að geta þess, að eftir því, sem mjer er frá skýrt, er það svo um Stangeland þennan, að hann gerði samning við Krossanesverksmiðjuna um að selja henni alla síld sína í fyrra sumar, en þegar síldin síðar hækkaði í verði, svo að miklu munaði, rauf hann samninginn, og til þess svo að komast hjá skaðabótum fyrir samningsrof er hann fremstur í flokki með að reyna að sverta framkvæmdarstjórann í Krossanesi fyrir, að hann hafi notað of stór síldarmál. Stangeland þessi hefir aldrei talað við mig orð um þessi mál og hefir yfirleitt ekkert aðhafst nema að rægja í blöðum. En þeim herra trúi jeg ekki betur en framkvæmdarstjóranum.

Þá kem jeg að kaffinu. Hv. þm. Str. hefir ekkert við það að athuga, þótt jeg drekki kaffi hjá honum í Laufási, ef jeg skoði mjólkurmálin hjá honum, en að jeg drekki kaffi hjá norskum manni, er ófyrirgefanlegt. Mjer er ekki ljós munurinn á þessu, nema ef kannske gæti verið munur á kaffinu.

Áður hefi jeg svarað því, sem hann sagði um, að engir fengju að sjá skjölin, aðrir en fylgismenn stjórnarinnar. Eins og jeg hefi margtekið fram, er bæði honum og öðrum velkomið að sjá þau; og þetta sýnir, að ekkert er að dylja, en hv. þm. (TrÞ) vill fá rannsókn á stjórnina til þess að gera hana tortryggilega.

Þá fór hv. þm. Str. að bera saman okkur og Berge, þótt hann segist reyndar gera ráð fyrir, að hjer sje ekki um neitt eins stórfelt að ræða og þar var. Þarna sjer maður úlfinn gægjast fram. Það er grunur hv. þm. Str., að hjer þurfi að leyna einhverju. Hann er svo ósköp sakleysislegur, meðan hann er að fá tillöguna í gegn, en svo kastar hann sauðargærunni. Þetta er það, sem hæstv, forsrh. (JM) hefir sýnt vel og veldur því, að stjórnin getur ekki sætt sig við tillögu hv. þm. Str.

Jakob Möller: Eftir að jeg hafði talað eins oft og jeg hafði leyfi til í þessu máli, kom fram tillagan frá hv. þm. Dala. (BJ). Mjer er ekki ljóst, hvað eiginlega er meint með þessari dagskrá, og þætti mjer vænt um að fá skýringu á því. Þar er þannig tekið til orða, að vænst sje af hæstv. stjórn, að hún „láti rannsaka ítarlega síldarkaup í þeim verksmiðjum, sem reyndust hafa röng mælitæki, svá fremi einn eða fleiri viðskiftamenn þeirra æskja þess". Hvaða skilning leggur nú hv. flm. í þetta, og hvernig skilur hæstv. stjórn það? Er meiningin að „kæra" eigi að koma frá viðskiftamönnum, eða að þeir aðeins „æski" rannsóknar? Og hvernig ætlast hv. þm. Dala. til að rannsókn fari fram? Er það sakamálsrannsókn, sem hann vill hafa? Ef sú er meiningin hjá hv. flm. að skora á stjórnina að taka til greina k æ r u r frá einstökum mönnum, fæ jeg ekki betur sjeð en að þetta sje enn hatramlegri vantraustsyfirlýsing á hæstv. stjórn en nokkurn tíma kom fram í hinni tillögunni. En jeg geri ekki ráð fyrir, að hæstv. stjórn hafi skilið það þannig, því hafi hún gert það, hefði ekki verið tekið á móti þessu. Sje hitt meiningin, að það eigi að nægja, að einhver og einhver „æski" sakamálsrannsóknar, þá verð jeg að segja, að það er þó öllu óálitlegra fordæmi en að þingið taki sjer það frumkvæði í hendur.

Sem sagt þætti mjer vænt um að fá

skýringu á þessu, en enn sem komið er fæ jeg ekki betur sjeð en að tillaga þessi eigi hingað furðulítið erindi.

Bjarni Jónsson: Hv. þm. Str. (Trþ) reyndi að rekja muninn á sinni tillögu og þeirri dagskrá, sem jeg ber fram. Þá taldi hann það grunsamlegt, að stjórnin vildi ekki taka á móti rannsóknarnefnd til að rannsaka hennar eigin gerðir. Jeg sje enga ástæðu til þess, þar sem stjórnin hefir gefið hjer skýrslu í heyranda hljóði og boðið hverjum þm. sem er að sjá öll þau skjöl, sem fyrir liggja um málið. Þá er aðeins eftir eitt, nefnilega að hún stæli undan skjölum, en þá finst mjer vera of langt gengið í tortrygni við þá menn, sem stjórnina skipa, og allar aðdróttanir að stjórninni um, að hún hafi gert eitthvað saknæmt, hljóta að verka út á við þannig, að menn sjeu ekki ugglausir um, að stjórnin haldi uppi lögum í landinu. Þess vegna hefi jeg aðeins reynt að stilla hjer ófriðaröldur og láta mönnum skiljast, að allir geta náð sínum rjetti. Það er ekki venja, að Alþingi heimti sakamálsrannsókn á hvern mann, sem kann að vera brotlegur, enda þykir mjer það „seint um langan veg að spyrja sönn tíðindi".

Jeg hefi því með tillögu minni reynt að beina hugum manna að málefninu sjálfu. Jeg skil ekki, hvernig hv. 3. þm. Reykv. (JakM) vill láta liggja í tillögunni vantraustsyfirlýsingu á hæstv. stjórn. Ef honum er annara um stjórnina en mjer og þykir henni með þessu misboðið, getur hann greitt atkvæði á móti. Annars hjelt jeg, að hæstv. stjórn væri einfær um að sjá, hvað væri vantraustsyfirlýsing og hvað ekki.

Spurningu hv. 3. þm. Reykv. um, hvernig jeg vilji að rannsókn fari fram, svara jeg því, að jeg vil, að hún fari fram eftir landslögum og málavöxtum.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hjelt, að ekki yrði misskilið, hvað tillaga hv. þm. Dala (BJ) fer fram á. Hún er þó svo ljós, að ekki virðist torvelt að skilja hana, og till. á einmitt við. Þessi tillaga fer lengra en þingsályktunartillagan og kemur inn á það verulega í málinu, en sleppir að vísu rannsókn á stjórnina. Hún leggur einmitt áherslu á það, sem er mikið atriði í málinu, kæru frá viðskiftamönnum. Að engin kæra hefir komið, bendir á, að þeir hafi ekki álitið auðið að hafa neitt upp úr sakamálsrannsókn. Þetta hefi jeg sagt frá upphafi, og í raun og veru er þessi dagskrá alveg í samræmi við mín ummæli í þessu máli.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Dala. (BJ) feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JAJ, JK, JS, Jþ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BL, HK.

nei: IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, MT, Pþ, SvÓ, Trþ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, BSv.

Tillgr. á þskj. 180 feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: Pþ, SvÓ, Trþ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, MT, BSv.

nei: PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BL, HK, JAJ, JK, JS, Jþ, MG, MJ.

2. Póstmál í Vestur-Skaftafellssýslu.

Á 4. fundi í Sþ., laugardaginn 9. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um póstmál í Vestur-Skaftafellssýslu (A. 501).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hverning ræða skyldi.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 5. og 6. fundi í Sþ., dagana 11. og 12. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., föstudaginn 15. maí, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Það, sem farið er fram á í þáltill. þessari, er það, að hæstv. atvrh. (MG) lýsi yfir því, hvort hann vilji láta breyta í sama horf og áður var póstgöngum í vissum hluta Vestur-Skaftafellssýslu. Jeg býst ekki við, að aðrir en jeg og ef til vill hv. þm. V.-Sk. (JK) taki hjer til máls, og get því verið stuttorður.

Þannig er mál með vexti, að undanfarið hefir verið brjefhirðing á Kirkjubæjarklaustri, og tveir aukapóstar hafa gengið þaðan. Frá nýári í vetur var þetta lagt niður. Póstafgreiðslumaður í Vík er Halldór Jónsson eða Ólafur sonur hans, en Lárus Helgason brjefhirðingarmaður á Kirkjubæjarklaustri. Í haust er skrifuð kæra að austan út af því, að brjefhirðingin hafi endursent blöð án þess að um hafi verið beðið. Kærandi tilnefndi þrjá menn, er fyrir þessu hefðu orðið, sínu máli til styrktar. Kæru þessa fjekk háttv. þm. V.-Sk. (JK) í hendur. Síðan kemur hann kæruskjalinu á framfæri til póstsjórnarinnar ásamt brjefi frá honum sjálfum, sem, eins og öll skjöl, er lúta að þessu máli, er prentað í 8. tölublaði Tímans þ. á. Síðan hefir lítið heyrst í málinu annað en það, að póstmeistarinn sendi bæði brjef hv. þm. V.-Sk. (JK) og brjef Ólafs Halldórssonar til umsagnar brjefhirðingarmanninum á Kirkjubæjarklaustri. Niðurstaðan verður sú, að póstmeistarinn tekur kæruna til greina og flytur aukapóstana frá Klaustri.

Nú virðist mjer og mörgum öðrum af þeim skjölum, sem fyrir liggja í málinu, að dómur póstsstjórnarinnar fái ekki staðist. Vil jeg nú leiða rök að því. Lárus Helgason hefir í áminstri grein birt öll gögn í málinu. Þeir þrír menn, sem aðallega eru tilnefndir að hafa kært yfir vanskilum, heita: Stefán Þorláksson í Arnardrangi, Bjarni Ásgr. Eyjólfsson á Steinsmýri og Páll Jónsson í Dalbæ. Þessa menn nefnir kærandi í brjefi sínu og segir svo í niðurlagi (með leyfi hæstv. forseta):

„Að þessu athuguðu virðist slíkt ekki geta gengið lengur, að hafa brjefhirðingu á þessum stað, og þar sem aukapóstar ganga nú ekki lengur þaðan á nk. ári, virðist öllu heppilegra að leggja brjefhirðingu þessa niður — vegna vanskilanna — og hafa viðkomustöð póstsins í Hólmi, enda betur sett á leið póstsins og alveg fullnægjandi".

Af þessu er auðsætt, að kæranda er kunnugt um, að það á að leggja niður aukapóstana, og leggur hann nú ein-

dregið til, að brjefhirðingin verði lögð niður líka.

Hv. þm. V.-Sk. (JK) segir og í brjefi sínu til póstsstjórnarinnar (með leyfi hæstv. forseta, að „megn vanskil hafi verið á blaðasendingum þeim, er sendar hafa verið gegnum brjefhirðinguna á Kirkjubæjarklaustri á Síðu.

Með hverri póstferð koma blöðin „Ísafold" og „Vörður" endursend, og það þrátt fyrir, að sumir af móttakendum hafa beðið um blaðið. Jeg tel miklar líkur fyrir því, að blöðin sjeu endursend frá brjefhirðingunni sjálfri, og tel nauðsynlegt, að rannsakað verði þessar endursendingar og annað, sem virðist athugavert við þessa brjefhirðingu".

Svo lítur út fyrir, að með þessari kæru hafi aðeins fylgt eitt vottorð, frá Stefáni Þorlákssyni, og með leyfi hæstv. forseta vil jeg lesa hans stutta brjef upp, því það sýnir glögt, hversu magur málstaður kæranda er. Brjefið hljóðar svo:

„Jeg undirritaður lýsi hjer með yfir því, að jeg hefi ekki endursent blaðið „Ísafold" með þessari póstferð (í júlí) nje gert ráðstöfun til, að það yrði endursent, enda hefi jeg ætlað mjer að kaupa það; ennfremur vottast, að blaðið „Vörður" og „Ísaf." hafa ekki komið reglulega til mín, og ekki fengið þau blöð tvær síðustu póstferðir.

P. t. Vík 8. júlí 1924.

Stefán Þorláksson".

Það verður ekki sjeð af kærunum, að nein vottorð liggi fyrir frá hinum tveimur, sem kærandi nefnir, en það getur verið, að þau hafi fengist síðar. En gegn kærunni hefir brjefhirðingarmaðurinn, Lárus Helgason, sent póststjórninni skilagrein frá nálega öllum bændum í umdæminu, sem hann segir að sjeu um 40. Hafa 36—37 þeirra lýst beinu og óbeinu trausti á brjefhirðingunni og sagt, að þar væri alt í góðri reglu. Sýnir þetta, að síst er því svo varið, að breyting sú, er um er að ræða, hafi samúð alls þorrans.

Vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa stutt meðmælabrjef, sem nál. 30 bændur í umdæminu hafa skrifað undir. Það hljóðar svo:

„Að gefnu tilefni lýsum vjer undirritaðir því hjer með yfir, að vjer höfum aldrei orðið þess varir, að nokkur vanskil hafi átt sjer stað á nokkru því, sem vjer höfum fengið sent með póstinum gegnum brjefhirðinguna á Kirkjubæjarklaustri, þvert á móti höfum vjer ávalt þreifað á því, að þar er hin besta regla á öllu, er að brjefhirðingunni lýtur og póstsendingum þaðan.

Í þessu sambandi skal þess getið, að vjer höfum beðið brjefhirðinguna að senda ekki heim til vor önnur blöð en þau, er vjer höfum gerst kaupendur að, og höfum vjer um leið skýrt henni frá, hver þau eru. Þau blöð, sem endursend hafa verið með vorum nöfnum frá greindri brjefhirðingu, hafa því verið endursend eftir beiðni vorri.

Leiðvalla og Kirkjubæjarhreppum í nóvember 1924".

Jeg skal ekki þreyta hv. þm. á að lesa upp nöfn bændanna, það eru nál. 30 manns, og síðan eru nokkrir, sem taka nálega í sama strenginn.

Þá kem jeg að þeim þrem mönnum, sem kærandi segir að einkum hafi kvartað yfir vanskilum á blöðunum. Virðast öll gögn lýsa því ljóslega, að þeir hafi sumpart komið fram með þess-

ar umkvartanir óafvitandi og sumpart tilknúðir, og hafi síst ætlast til, að neitt yrði með ummælum þeirra spilt fyrir brjefhirðingunni á Kirkjubæjarklaustri.

Jeg vil lesa niðurlagsorðin úr brjefum þeirra allra, með leyfi hæstv. forseta.

Fyrst er Stefán Þorláksson. Hann segir svo:

„Jeg vil í þessu sambandi, og að gefnu tilefni, lýsa því hjer með yfir, að jeg hefi ekki annað en alt það besta að segja um þá menn, sem með brjefhirðinguna á Kirkjubæjarklaustri og aukapóstana þaðan fara, og vil því ekki hafa orðið til þess að drótta að þeim neinu því, er til óhlutvendni mætti telja. Lárus og syni hans hefi jeg aldrei reynt að neinu slíku".

Þá er Páll Jónsson. Honum farast þannig orð:

„Þó jeg að lítt athuguðu máli í fljótheitum hafi undirskrifað hjá sýslumanni eitthvað, sem honum sýndist vert að nota sem ákæruefni á brjefhirðinguna á Kirkjubæjarklaustri, þá var það aldrei mín ætlun, enda hefði það verið órjett og ómaklegt af mjer að gera slíkt".

Loks skrifar Bjarni Ásgr. Eyjólfsson þannig:

„Að þessu athuguðu hefi jeg enga ástæðu til að kvarta undan neinum vanskilum frá nefndri brjefhirðingu, og að því er jeg best veit, veit jeg ekki til annars en hún sje áreiðanleg í alla staði gagnvart hennar skyldum. Finn jeg mig því knúðan til að mótmæla, að nafn mitt sje að ástæðulausu notað til árásar á fyrnefnda brjefhirðingu að neinu leyti".

Þetta eru í stuttu máli þau gögn, sem virðast fyrir liggja í málinu, sem sje kæ.an stafar frá póstafgreiðslumanninum í Vík og er borin fram af hv. þm. V.-Sk. (JK). Að honum ólöstuðum er það vitanlegt, að hann er pólitískur mótstöðumaður brjefhirðingarmannsins á Klaustri, Lárusar Helgasonar, og það vill líka svo til, að hann er nátengdur aðalpóstmeistara og á því ljett með að koma kærunni á framfæri. Aðalpóstmeistari sendir kæruna til kærða. Hann svarar með vottorðum nálega allra bænda í umhverfinu um, að brjefhirðingin sje í góðu lagi, og jafnframt sendir hann vottorð frá þeim mönnum, sem talið var að orðið hefðu fyrir misrjetti og áfellisdómurinn var bygður á, um að þeir hafi aldrei ætlast til, að umkvartanir sínar yrðu póstafgreiðslumanninum til óþægðar. Einn talar meira að segja á þá leið, að helst virðist, sem hann hafi verið fenginn til þess af yfirvaldinu í Vík að skrifa undir skjal án þess að vita um efnið. Hvað sem menn nú segja um slíka vitnisburði, mun þó flestum koma saman um, að þeir geri ekki meira en að eyðileggja hver annan. Og lítið verður á því byggjandi, þótt menn máske undir óeðlilegum kringumstæðum láti í ljós kvartanir, sem þeir síðar taka aftur, og lýsa þá ánægju sinni yfir því, er þeir áður virðast hafa látið leiðast til að áfella.

Jeg hefi nú sýnt, að allan grundvöll vantar undir kæruna. Þar við bætist, að nálega allir búendur í umdæmi brjefhirðingarinnar lýsa óskoraðri ánægju sinni yfir áminstri brjefhirðingu og segja, að ekkert sje að henni að finna. Jeg held því að svo vöxnu máli, sem helst líti út fyrir, að pólitík hafi mestu ráðið um þessi afskifti af brjefhirðing-

unni á Klaustri. Virðist póstsstjórnin hafa verið helst til fljót til ályktana og í fljótræði bygt meira á persónulegum milliburði en rjettmætum kærum. Ætla jeg líka, að hún nú, er hún sjer, að um ástæðulausa tortrygni hefir verið að ræða, taki aftur ranglátar ráðstafanir sínar.

Sjálfur brjefhirðingarmaðurinn hefir í brjefi til póstsstjórnarinnar bent á það, að oft komi fyrir, að póstafgreiðslan í Vík, sem skiftir póstunum, afgreiði vitlaust, þannig t. d., að blaðasendingar, sem fara eiga á brjefhirðingar vestarlega í sýslunni, lendi austur á Prestsbakka. Hefir engum dottið í hug að kæra yfir slíku, enda kemur það svo að segja alstaðar fyrir. Má að vísu skoða þetta sem vanrækslusyndir, en beisklega verða þær ekki áfeldar. Virðist líka, að þar sem einmitt Ólafur Halldórsson er við póstafgreiðsluna í Vík, þar sem þessar gleymskusyndir henda oft, þá sitji það síst á honum að kæra brjefhirðinguna á Klaustri.

Jeg er alveg sannfærður um, að þessi breyting á ferð aukapóstanna og umtalið um að leggja brjefhirðinguna á Klaustri niður er af engu öðru sprottin en af þessum mishepnuðu kærum og þeim anda, sem bak við þær felst. Þar sem það nú má heita sannað, að kæran sje röng, þá sýnist það vera skylda Alþingis að koma í veg fyrir, að hjer sje beitt hlutdrægni. Jeg er ekki í vafa um, að ef þessi þáltill. verður samþ., þá breyti póstsstjórnin til um ráðagerðir sínar, en verði þáltill. feld, verð jeg að líta svo á, sem Alþingi álíti, að það sje leyfilegt að draga flokkapólitíkina inn í svona mál.

Það er hægt að segja, að þetta sje lítið mál, hvernig ferðum aukapóstanna er hagað þarna. Jeg skal viðurkenna, að það er lítið fjárhagsmál. En það er annað. Það er mikið rjettlætismál, sem hjer ræðir um, og ef órjetturinn á að líðast, er rjett, að það sje þjóðinni ljóst, hvaða aðiljar vilja, að svo sje. Ef málinu er haldið til streitu, hlýtur sýslumaðurinn í Vík að dragast inn í það, því hann virðist hafa hagað sjer öðruvísi en búast má við af dómara hjeraðsins, með því að leitast við að fá mann til að skrifa undir yfirlýsingu, sem maðurinn vissi ekki hver var og síðan varð óánægður með.

Jeg held nú, að jeg hafi gert grein fyrir aðalatriðum málsins. Jeg skoða þetta lítið fjárhagsmál, eins og jeg sagði fyr, en það er rjettlætismál, og á þeim grundvelli á það að afgreiðast.

Jón Kjartansson: Eins og vænta mátti, hefir hv. 5. landsk. (JJ) reynt að byggja þáltill. sína á umkvörtunum mínum yfir vanskilum hjá brjefhirðingarstofunni á Kirkjubæjarklaustri. Hann sagði, að grundvöllinn vantaði undir kæru mína. Það er rangt, og verð jeg því að lýsa nokkru nánar, hvernig málinu er varið og hvernig það horfir nú við. Kom í ljós mikill ókunnugleiki hjá hv. flm. (JJ), og er því nauðsynlegt að gefa nánari upplýsingar.

Það var fyrst á ferð minni um Vestur-Skaftafellssýslu síðastliðið sumar, að jeg varð verulega var við vanskil á blaðasendingum, sem sendar voru í gegnum brjefhirðinguna á Kirkjubæjarklaustri. Að vísu hafði jeg heyrt um þau áður að því er blaðið „Vörð“ snertir, en það var fyrst eftir að jeg þurfti að senda blöð, að jeg varð fullviss um, að hjer var um alvarleg vanskil að ræða. Jeg varð var við, að bæði „Vörður“ og

„Ísafold“ komu endursend úr umdæmi þessarar brjefhirðingar og það í allstórum stíl, svo að ekki gat alt verið með feldu, einkum þó af því, að blöðin komu endursend af mönnum, sem höfðu beðið um þau og óskað eftir að kaupa þau.

Það er ekki rjett hjá hv. flm. (JJ), að kvörtun Ólafs Halldórssonar komi frá póstafgreiðslunni í Vík. Ólafur er ekki póstafgreiðslumaður, en jeg skal skýra, hvers vegna kvörtunin kom frá honum. Það stendur svo á, að Ólafur Halldórsson hefir tekið að sjer að innheimta fyrir afgreiðsluna hjer blaðið „Ísafold“ í allri Vestur-Skaftafellssýslu. Kemur það til af því, að ýmsir menn eystra óskuðu eftir að fá að borga blaðið þar, en ekki hjer í Reykjavík. Þótti þeim þetta þægilegra, og fór jeg því fram á það við Ólaf, að hann tæki að sjer innheimtuna, og var hann fús til þess. Þegar jeg kom til Víkur síðastl. sumar, varð jeg var við, að þar lágu allmiklar endursendar blaðasendingar. Hafði jeg beðið um, að þær væru ekki sendar til Reykjavíkur. Tók jeg eftir, að þar voru blöð til manna, sem óskað höfðu eftir að kaupa þau. Þegar svo aðalpóstmeistari var á ferð fyrir austan, var kvartað yfir þessu við hann. Bjóst jeg við, að aðalpóstmeistari hefði talað um það við brjefhirðingarmanninn og hann mundi þegar lagfæra þetta. En eftir að jeg kom hingað aftur frjetti jeg frá umboðsmanni mínum, Ó. H., að þessi vanskil færu stórum í vöxt, og þess var jafnframt getið, að eftir veru mína fyrir austan hefði sjest, að klúr og ósæmileg orð hefðu verið skrifuð á blaðaströnglana, sem endursendir voru frá Klaustri. Eru þeir strönglar geymdir í Vík og þar til sýnis. Sjálfur hefi jeg sjeð slík ósæmileg orð á blaðaströnglum af „Verði“, sem sendir hafa verið hingað til Reykjavíkur að austan. Ó. H. skrifar mjer svo brjef, dags. 6. okt., sem hv. flm. (JJ) las kafla úr, og kvartar yfir þessum sífeldu vanskilum. Brjef Ólafs sendi jeg síðan til póststjórnarinnar og óskaði eftir, að málið yrði rannsakað.

Hv. flm. (JJ) var að gefa í skyn, að póstsstjórnin hefði verið í vitorði með mjer og Ó. H. um kæruna. Benti hann á, að Ó. H. hefði verið kunnugt um, að aukapóstarnir ættu að flytjast frá Klaustri á næsta ári. Þetta er ekkert undarlegt, því það var öllum kunnugt, þar sem áætlun póstanna var þá þegar prentuð og allir vissu, að á næsta ári áttu aukapóstarnir að ganga frá Prestsbakka. Þessi breyting stafaði því ekki af kærum mínum og Ó. H.

Umkvörtun mína sendi póstsstjórnin, svo sem venja er, til brjefhirðingarmannsins á Klaustri, til þess að fá umsögn hans. Brjefhirðingarmaðurinn svaraði aftur með skýrslu, sem dags. er 2. des. f. á., og ljet fylgja skýrslunni vottorð frá flestum búendum á brjefhirðingarsvæðinu. Þóttist hann þar með hafa þvegið hendur sínar í málinu og kastar fram sömu órökstuddu staðhæfingunni sem hv. flm. (JJ) endurtekur hjer, að pólitískar og persónulegar hvatir hafi ráðið kæru okkar Ó. H. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um vottorðin, aðeins benda á, að það er síður en svo, að þau sanni sakleysi brjefhirðingarmannsins. Þvert á móti sanna þau ótvírætt það gagnstæða. Því þrátt fyrir ítarlegar tilraunir brjefhirðingarmannsins að safna vottorðum sjer í vil, hafa mennirnir verið of samviskusamir til að gefa vottorð gegn betri vitund, og

er það upplýst af ummælum þeirra í vottorðunum, að vanrækslurnar hafi verið miklu meiri en mjer datt nokkru sinni í hug Jeg skal benda á viðvíkjandi vottorði nr. 1, sem undirritað er af 30 búendum á brjefhirðingarsvæðinu, að þar er skýlaust sannað, að brjefhirðingin hefir herfilega misbrúkað aðstöðu sína. Þar segir (með leyfi hæstv. forseta):

„Í þessu sambandi skal þess getið, að vjer höfum beðið brjefhirðinguna að senda ekki heim til vor önnur blöð en þau, er vjer höfum gerst kaupendur að, og höfum vjer um leið skýrt henni frá, hver þau eru. Þau blöð, sem endursend hafa verið með vorum nöfnum frá greindri brjefhirðingu, hafa því verið endursend eftir beiðni vorri".

Ennfremur skal jeg lesa vottorð frá Júlíönu Magnúsdóttur, sem kemur næst á eftir. Sjest þar glögt, hvað það er, sem við er átt í vottorðinu, en brjefhirðingarmaðurinn hefir síðar í blaðaskrifum viljað snúa sig út úr, þegar honum var bent á fjarstæðurnar. Hún segir:

„Mjer er kunnugt um, að faðir minn heitinn, Magnús Þórarinsson í Hátúnum, bað brjefhirðinguna að endursenda öll önnur blöð en þau, sem hann hafði beðið um".

Hvað verður nú dregið af þessu? Jeg sje ekki betur en að af því verði dregin sú eina ályktun, að brjefhirðingarmaðurinn endursendi öll blöð, sem ekki hafði verið beðið um. Allir sjá, að þetta nær engri átt. Brjefhirðingarmaðurinn hefir hjer misbrúkað stöðu sína, enda hefir af hlotist herfilegur misskilningur, svo að sá, sem upphaflega ætlaði sjer ekki að kaupa ákveðið blað, en hugkvæmdist síðar að kaupa það, gat ekki fengið það, af því að brjefhirðingarmaðurinn endursendi það í sífellu.

Jeg skal lesa nokkuð úr vottorði Bjarna Ásgr. Eyjólfssonar á Steinsmýri. Lýsir það vel, á hvaða villigötur hjer er komið. Hann segir m. a.:

„Þegar póstur kom frá Rvík að Kirkjubæjarklaustri í vor, fyrst eftir að Ísafold kom út og var send út undir ritstjórn Jóns Kjartanssonar og Valtýs Stefánssonar, var jeg þar staddur. Fæ jeg þar m. a. „Ísafold". Jeg segi þá við brjefhirðinguna: „Hjer fæ jeg senda Ísafold. Í þetta sinn veiti jeg henni móttöku". Af þessu gat brjefhirðingin ekki annað skilið en sjálfsagt væri að endursenda blaðið, síðar datt mjer til hugar að kaupa blaðið og ljet verslun Halldórs Jónssonar í Vík vita um það, því hún ætlaði að innheimta andvirði þess. Nú fæ jeg ekki blaðið nokkrar póstferðir, tel víst út af fyrnefndum ummælum, að það sje endursent. Hafði jeg því hugsað mjer að láta brjefhirðinguna á Kirkjubæjarklaustri vita um þetta, en dregist. Fæ þá brjef frá Ólafi J. Halldórssyni í Vík, þar sem hann tjáir mjer m. fl., að Ísafold komi endursend frá Klaustri, og spyr mig, hvort jeg ætli ekki að halda áfram að kaupa hana. Jeg svara honum, að jeg ætli mjer það, en brjefhirðingunni á Kbkl. hafi verið það ókunnugt".

Jeg verð að segja, að það getur verið nokkuð erfitt með póstsamgöngur, ef ríða þarf fram og aftur langar leiðir til þess að segja til, hvort senda megi blöðin heim eða ekki. Póstgöngur fara þá að verða til lítils. Ennfremur skal jeg lesa vottorð nr. 7 hjer í Tímanum:

„Að gefnu tilefni lýsi jeg undirritaður því hjer með yfir, að jeg bað brjefhirðinguna á Kirkjubæjarklaustri síð-

astliðið vor að endursenda blaðið „Ísafold“, og einnig skal það tekið hjer fram, að jeg ljet mjer alveg standa á sama, hvort blaðið „Vörður“ kom til mín, hafði aldrei beðið um það og ætlaði ekki að gerast kaupandi þess, en hvort jeg hefi beðið brjefhirðinguna á Kirkjubæjarklaustri að endursenda það, eða sent henni orð um það, man jeg ekki með vissu. En það er víst, að jeg hefi aldrei kvartað undan vanskilum eða öðru frá brjefhirðingunni, og hefi enga ástæðu til þess“.

Það kemur fram, að þessum vottorðsgefanda stendur á sama, hvort Vörður er sendur heim til hans, en það lítur út fyrir, að brjefhirðingunni á Kirkjubæjarklaustri sje ekki sama, hvort blaðið er sent heim til þessa bónda, því að hún endursendir blaðið um hæl.

Jeg tel nú sýnt, að það sje síður en svo, að brjefhirðingarmaðurinn á Klaustri eða hv. 5. landsk. (JJ) hafi sannað, að kæra mín væri röng. Þvert á móti er hún svo rökstudd, að jeg tel fylstu ástæðu til þess, að málið sje rannsakað ítarlega. (JJ: Því er það ekki gert?). Það er ekki mín sök. Jeg hefi sent kæruna. Annars virðist hv. 5. landsk. (JJ) ekki skilja, að þetta kemur við fleiri aðiljum en þeim, sem á brjefhirðingarsvæðinu búa. Þar sem póstmálin eru rekin hjer fyrir almannafje og miklu til kostað, getur það ekki leyst brjefhirðinguna undan ábyrgð sinni, þó að annar aðili, sendandi eða viðtakandi, lýsi sig ánægðan. Sendandi hefir greitt fje fyrir það, að sendingu hans verði komið til ákveðins móttakanda, og hann á heimting á því, að henni verði þangað komið. Vanræksla brjefhirðingarmannsins lýsir sjer hjer svo greinilega, að ekki verður um deilt, og ómögulegt að láta óátalið, og að sjálft Alþingi fari að ýta undir, að slík vanskil aukist, er alveg ósæmilegt í mínum augum.

Vegna þess, að hv. 5 landsk. (JJ) hefir við flutning þessarar till. komið fram með ósæmilega og algerlega órökstudda aðdróttun til tveggja manna í ábyrgðarmiklum stöðum, sýslumannsins í Vík og aðalpóstmeistarans hjer, þá skora jeg á Alþingi að fella till. umsvifalaust. Að vera með aðdróttanir og dylgjur um það, að sýslumaðurinn hafi beitt ofbeldi. (JJ: Jeg sagði ekki ofbeldi). Nei, jeg skrifaði eftir honum „flekaður“, og er það lítið skárra, en slík aðdróttun er með öllu ósæmileg hjer á Alþingi. (JJ: Hvað segir vottorðið?). Jeg skal upplýsa hv. flm. (JJ), að vottorð Páls Jónssonar kemur ekkert við mína kæru. Brjefhirðingarmaðurinn á Klaustri hefir víst ruglað saman þessu máli og öðru, sem jeg hefi heyrt að nú væri undir rannsókn, og er kannske alvarlegra en þetta. (JJ: Engar dylgjur). Nei, jeg skal segja hv. 5. landsk. (JJ), hvernig því máli er varið, eftir því sem jeg hefi heyrt frá því sagt. Það komu á sama miða 17 uppsagnir á „Verði“, og margar, að því er virtist, með sömu hendi. Þetta þótti grunsamlegt, og mun þessu tvennu hafa verið blandað saman í vottorðinu. En hvernig Lárus á Klaustri gat vitað um þetta mál, þegar hann fór að útvega sjer vottorðin móti minni umkvörtun, er mjer ókunnugt og óskiljanlegt.

Vegna þess, að hv. flm. (JJ) segir í till., að þessi breyting með aukapóstana sje til óþæginda hlutaðeigendum, skal jeg upplýsa, að þetta er ekki rjett. Pósturinn gengur nú frá Prestsbakka, sem er í ca. 5 km. fjarlægð frá Kirkju-

bæjarklaustri. Að sumu leyti er breytingin til þæginda. Ef fyrir kemur, að blöð eru afgreidd skakt í Vík, þá fara þau að Prestsbakka, eins og Lárus segir í skýrslu sinni. Þegar aukapóstarnir ganga frá Prestsbakka, komast þessar sendingar til baka með sömu póstum. Annars yrðu þær að bíða næstu póstferðar. Einnig er hægt að senda með aukapóstunum brjef þau, sem komið hafa til póstafgreiðslunnar á Prestsbakka meðan póstferðin stendur yfir. Þetta fyrirkomulag er því til hagræðis. Hitt er sjálfsagt, að brjefhirðing sje á Klaustri, eða þar í nágrenninu, en það er engin ástæða til þess, að aukapóstarnir gangi þaðan. Aukapóstarnir koma ekki seinna til ákvörðunarstaðar, þó að þeir gangi frá Prestsbakka, því að það hefir sjaldan eða aldrei komið fyrir, að aukapóstur færi frá Kirkjubæjarklaustri fyr en daginn eftir að aðalpóstur kom. Yfirleitt tel jeg hentugra fyrir póstafgreiðsluna og bygðina, að póstarnir gangi frá Prestsbakka. En aðalatriðið er vitanlega hitt, að regla sje á póstsendingum, og skiftir það mestu, bæði fyrir sendanda og móttakanda og ríkið sem heild.

Jeg þarf ekki að eyða um þetta fleiri orðum. Jeg vona, að hið háa Alþingi verði mjer sammála um það, að hjer sje ósæmileg till. á ferðinni, þar sem því er dróttað að einum besta embættismanni landsins, að hann misbrúki stöðu sína. Jeg óska, að skýrt komi í ljós, hverjir ljá þessari till. atkvæði sitt, og óska því nafnakalls.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg held, að það sje synd að tefja lengi tímann út af þessari till., þar sem þingmenn eru í óða önn að búast burtu, enda eru nú fáir í sætum sínum. Mjer finst ekki undarlegt, þó að hv. þing finni ekki ástæðu til þess að dvelja lengi við þetta mál, sem alls ekki heyrir undir Alþingi. Þetta er ekki löggjafarmál, og legg jeg því á móti, að þessi till. verði samþ. Þarf jeg ekki að fara út í þetta frekar. Mjer skilst, að hjer sje um að ræða deilumál milli tveggja manna, sem Alþingi getur ekki skift sjer af, því að það er ekki á verksviði þess. Ef brjefhirðingarmaðurinn á Kirkjubæjarklaustri er óánægður, ber honum að kæra fyrir samgöngumálaráðuneytinu, en ekki fyrir hv. 5. landsk. (JJ). Annars verð jeg að segja, að mjer þykir kynlegt, hvernig hjer er sveigt að aðalpóstmeistaranum og sýslumanninum í Vík. Hv. 5. landsk. hefir engan rjett til þess að sveigja hjer að fjarstöddum mönnum. (**JJ:** Aðeins eins og heimildir liggja til). Já, eins og heimildir liggja til. Hv. þm. (JJ) bygði hjer á vottorði manns, sem hefir orðið tvísaga. Það kalla jeg litlar sannanir, og munu flestir telja slík skjöl lítt merk. Að Alþingi fari að ákveða, hvernig þessir aukapóstar ganga, nær auðvitað ekki nokkurri átt. Það hefir aldrei skift sjer af slíkum málum, enda er það ekki á þess verksviði. Að aðalpóstmeistarinn hafi blandað sjer inn í flokkadeilur í þessu máli, er ósæmileg aðdróttun. Jeg hefi talað við hann, og hann segist hafa haft nægar ástæður til þess að breyta um. En jeg skal ekki skýra frá þessu nánar, af því að hlutaðeigandi maður er ekki við. Hv. þm. (JJ) getur farið til póstmeistarans og heyrt ástæðurnar. Jeg geri það nauðugur að draga þær inn í þessar umræður hjer, nema þá að hv. þm. (JJ) hafi svo sterkt umboð frá hlutaðeigandi brjefhirðingarmanni, að

hann vilji svara fyrir hann hjer og geti það nægilega.

Flm. (Jónas Jónsson): Ef einhver af hv. deildarmönnum hefði verið í vafa um, þegar hann las skýrslu Lárusar á Klaustri í „Tímanum", að hjer væri um pólitíska ofsókn að ræða, þá hlyti sá hinn sami nú að vera viss um það, eftir að hafa heyrt þá tala hæstv. atvrh. (MG) og hv. þm. V.-Sk. (JK). Það, sem jeg sannaði fyrst, og ekki hefir verið hrakið, var það, að komið hafði kvörtun frá einum manni um vanskil. Sú kvörtun var afturkölluð og sagt, að hún væri bygð á misskilningi. En öll sveitin vottaði traust og þakklæti og skýrði frá, að hún hefði beðið brjefhirðinguna að ljetta af sjer þeirri ánauð að fá send óvelkomin blöð úr Reykjavík, sem hún vildi ekki sjá. Þessu hefir hv. þm. V.-Sk. (JK) ekki reynt að mótmæla, enda er það ekki hægt.

Mjer er kunnugt um, að hjer á pósthúsinu hefir legið annað blað, Vörður, í svo stórum haugum, að síðast var því, eftir beiðni afgreiðslumanns, kastað í eldinn. Sum blöð eru send með svo mikilli þrákelkni út um landið, að viðtakandi hættir að líta á þau, en sendir þau til baka. Mjer finst hv. þm. (JK) ekki þurfa að taka það illa upp, þó að menn sjeu leiðir yfir slíkum aðförum og finni upp á að segja, að þeir vilji ekki sjá þetta. Það er almenn trú úti um alt land, að ekki þýði að endursenda Ísafold og Vörð, en eftir 10—20 ár koma svo skuldakröfur í dánarbúið. **(JK:** Stærri verða skuldirnar fyrir Tímann.). Þær eru borgaðar. Tíminn hefir aldrei þurft að fara í málarekstur út af því.

Fyrst hæstv. atvrh. (MG) dró þetta inn í umræðurnar, get jeg sagt frá því, að við Tímamenn höfum oft orðið varir við, að einkum fyrir kosningar hefir blaðinu ekki verið skilað fyr en hjer um bil 2 mánuðum seinna en það átti að koma. Við vitum, að það eru pólitískir andstæðingar okkar, sem þarna eru að verki, okkur til skaða. Það hefir einu sinni verið talað um þetta við aðalpóstmeistara, en við höfum aldrei kært. Norður á Víðimýri fann póstmeistari sjálfur stóra sendingu af Tímanum í vanskilum, sem sýndi vanrækslu í þessum efnum. Við höfum sem sagt margsinnis orðið fyrir óþægindum af þessu tæi, en okkur hefir ekki þótt taka því að hefja út af því málarekstur.

Þá reyndi hv. þm. (JK) að afsaka Ólaf Halldórsson í Vík með því, að hann væri ekki póstafgreiðslumaður. Hann virðist þó að minsta kosti eiga aðgang að póstinum, enda er hann sonur póstafgreiðslumannsins og vinnur að öllum líkindum að afgreiðslunni. En sá maður er alveg úr sögunni, því að kæra hans hefir reynst ósönn og ekkert á henni að byggja.

Þá talaði hv. þm. (JK) um, að ósómi væri skrifaður á suma strangana. Þetta er ekkert óalgengt, að ýms ónotayrði sjeu skrifuð á strangana til útgefenda, og býst jeg við, að hv. þm. (JK) skilji, að það stafar af því, að verið er að nauðga blöðunum upp á fólk. Jeg man eftir vísuhelmingi af endursendu íhaldsblaði, sem sýnir þetta. Hann er svona: „Endursent með engri þökk, illum feðrum sínum". Fyrri helminginn hefi jeg ekki yfir, af því að jeg býst við, að hann þyki ekki þinglegur. Annars er ekki hægt að segja, hvaðan slíkt getur komið á strangana. Lárus Helgason

neitar, að hann sje nokkuð við slík skrif riðinn, en jeg vil benda á, að þau geta vel verið skrifuð af mönnum, honum fjandsamlegum, og jafnvel af þeim, sem kæra.

En þeir, sem búa í glerhúsi, ættu ekki að vera að kasta grjóti. Í sumar kom klámgrein í Morgunblaðinu. Þetta viðurkendu ritstjórar þess einslega við menn, sem víttu þá fyrir það. Þetta hefir aldrei komið fyrir í neinu íslensku blaði fyr.

Hv. þm. (JK) játaði, að hann hefði beðið venslamann sinn, aðalpóstmeistara, um opinbera rannsókn. En ekkert varð af henni, af þeirri einföldu ástæðu, að aðalpóstmeistari er of greindur maður til að sjá ekki, að það þýðir ekkert. Jeg tel það afleitan vitnisburð á móti málstað hv. þm. (JK), að engin rannsókn fór fram, og þó er sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu víst fús að rannsaka alt, sem stefnir í sömu átt og kæran.

Það var barnaleg röksemd hjá hv. þm. (JK), að ekki mætti minnast á aðalpóstmeistara og sýslumann Skaftafellssýslu í þessu efni, af því að þeir væru svo hátt settir. Alþingi er samt hærra sett en báðir þessir menn, og enginn er svo hátt settur, að ef hann brýtur af sjer, hafi Alþingi ekki rjett til þess að tala um það. Málstaður póstmeistara er sá, að hann hefir beitt gerræði við undirmann sinn, en málstað sýslumanns sýnir vottorðið, og þarf jeg ekki að tala um það frekar. Hv. þm. afsakar færslu aukapósta með því, að þegar vanskil verði í Vík, sje hægt að senda með aukapósti frá Prestsbakka. Jeg er hv. þm. (JK) mjög þakklátur fyrir þessar upplýsingar. Þetta sannar, að honum er kunnugt um, hvað póstafgreiðslumaðurinn í Vík stendur illa í stöðu sinni. Betri snoppung er ekki hægt að gefa sjálfum sjer.

Jeg verð að segja, að ræða hv. þm. V.-Sk. (JK) var ekki nærri eins vítaverð og ræða hæstv. atvrh. (MG). Hv. þm. V.-Sk. reyndi þó að sanna, að það, sem rangt er, væri rjett, en ræða hæstv. atvrh. (MG) var þetta venjulega pex, sem er alþekt. Hann sagði, að þetta væri ekki löggjafarmál. Er þá alt löggjafarmál hjer? Var Krossanesmálið löggjafarmál? En ef till. mín verður samþykt, er það þá ekki skipun til hæstv. ráðh. (MG) um að láta aðalpóstmeistara breyta aftur um? Hann reyndi að afsaka sig með því, að þetta heyrði ekki undir þingið. En ef aðalpóstmeistari þrjóskast, er hægðarleikur að búa til lög. Jeg veit, að hæstv. atvrh. (MG) er ekki svo þunnur, að hann veit, að Alþingi hefir mátt til þess.

Þá bendir hæstv. atvrh. (MG) á það, að ekki einungis Alþingi hrindi af stað framkvæmdum í þessu máli, heldur og hlutaðeigandi sýslumaður. Auðvitað játa jeg, að mjer hefði ekki dottið í hug að tala um þetta aukapóstamál, ef ekki væri hjer um svo bersýnilegt ranglæti að ræða, að ekki má láta það óátalið. Jeg býst við, að brjefhirðingarmaðurinn á Kirkjubæjarklaustri muni ekki sækja um leiðrjetting sinna mála til hæstv. atvrh. (MG), eftir að vera búinn að heyra ræðu hans. Jeg heyrði í gær í hv. Nd., að verið var að minna hæstv. ráðh. (MG) á, þegar viss persóna setti upp lituð gleraugu. Það sama er jeg hræddur um, að komi fyrir ráðherrann, ef farið er með slíkt mál í stjórnarráðið.

Eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, geri jeg ráð fyrir, að ekki verði nein vandræði fyrir Alþingi að átta sig á málinu. Það er alveg ástæðulaust að

gera aðsúg að Lárusi Helgasyni fyrir falskæru, og gera ráðstafanir þvert ofan í álit þeirra manna, sem best þekkja til. Hversdagsgæfir menn, eins og t. d. póstmeistari, geta lent á villistigum, ef þeir vita, að bak við þá stendur pólitískur meiri hluti, sem afsakar það, sem ekki er hægt að afsanna.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 5. landsk. (JJ) vill ekki láta mig pexa við sig, enda er jeg ófáanlegur til að halda langa ræðu nú, vegna þeirra þm., sem eru að leggja af stað, og jeg er viss um, að þeir eru mjer allir þakklátir fyrir. En aftur á móti býst jeg ekki við, að það verði hv. 5. landsk. til neinna vinsælda, þó að hann reyni að teygja lopann. Jeg er viss um, að málið fær sömu úrslit, hvort sem hann veður elginn lengur eða skemur. En það er hann nú búinn að gera í nálega 100 daga, og væri fróðlegt að vita, hvað það kostar ríkissjóð. (**JJ:** En hvað segir hæstv. ráðh. um Krossanesmálið?). Mínar ræður eru miklu styttri en ræður hv. þm. (JJ), og auk þess hefi jeg ekki vakið máls á Krossanesmálinu. Það hafa hv. þm. gert, en það, sem jeg hefi gert í því máli, er að fyrirbyggja, að svik geti orðið viðhöfð framvegis.

Hv. þm. (JJ) talaði um, að heimilt væri að endursenda ópöntuð blöð og tímarit frá brjefhirðingum. En þetta er vitanlega alrangt hjá hv. þm. (JJ). Hver sá, sem sendir með pósti og borgar undir sendinguna, á heimtingu á, að hún fari þangað, sem henni er ætlað að fara, og hver, sem grípur inn í það, gerir sig sekan um óheimilt verk.

Annars hefir hv. 5. landsk. (JJ) talað mest um brjefhirðinguna á þessum stað, en mjer skilst tillaga hans ganga út á aukapósta. Hann hefir, eins og endranær, talað um alt annað en það, sem fyrir liggur. Það er alveg rjett hjá mjer, að þetta mál heyrir ekki undir þingið. En ef háttv. þm. vill koma með frv. um það, þá er það náttúrlega fær leið. Slíkt frv. mundi síst verða vitlausara en mörg önnur frv., sem hann hefir komið fram með, því að eins og kunnugt er, er hann meistari í því að koma fram með ómöguleg frv. (**JJ:** Vill hæstv. ráðh. nefna eitthvað?). Þau eru geysimörg. Jeg get t. d. nefnt frv. um að gefa þeim, sem búnir væru að niðurníða jarðir sínar, peninga, sem hv. þm. (JJ) kom fram með í vetur, og enginn vildi líta við.

Hv. 5. landsk. (JJ) talaði um ranglæti af hálfu aðalpóstmeistara, en hann hefir ekki getað fundið orðum sínum stað. Það heyrir undir aðalpóstmeistara að ákveða, hvernig aukapóstar eigi að ganga.

Það getur verið, að brjefhirðingarmaðurinn á Kirkjubæjarklaustri hafi gefið hv. 5. landsk. (JJ) umboð til þess að segja, að hann mundi ekki kæra til mín. Jeg skal spyrja hann að því við tækifæri.

Annars er ógerningur að svara öllum vaðli hv. þm. (JJ), enda óþarft, og mest af því, sem hann sagði, eru gamlar Gróusögur, tilbúnar í stóriðjuverksmiðju hans í þeirri grein.

Jón Kjartansson: Jeg ætla aðeins að víkja með örfáum orðum að ræðu hv. flm. (JJ). Hann sagði, að það væri ekki til neins fyrir menn að endursenda blöð, ef þau yrðu send aftur og aftur og ekkert tillit tekið til þess, hvort menn vildu

hafa þau eða ekki. Þetta er sagt út í loftið og kemur þessu máli ekkert við. En jeg vil spyrja hv. flm. (JJ), hvernig á að skilja það, þegar menn hafa beinlínis beðið um blöðin og þau koma endursend frá brjefhirðingu, en síðan koma kvartanir frá þeim, sem báðu um þau, um að þau hefðu aldrei komið. Þarna hlýtur eitthvað að vera bogið við afgreiðsluna. En jeg get sagt hv. flm. (JJ) það, að Ísafold er ekki send aftur neinum manni, sem endursendir hana og alt er með feldu.

Það er ekki rjett hjá hv. flm. (JJ), að kæra Ólafs Halldórssonar hafi reynst röng. Þvert á móti, enda er Ólafur mjög gætinn maður og áreiðanlegur og hreyfir ekki slíkum málum nema hann sje viss í sinni sök. Það hefir einmitt sannast, að kæra hans er á fullum rökum bygð, og væri hægt að sanna það enn betur, ef rannsakaðar væru endursendingarnar í Vík. Þar eru líka blöð, sem endursend eru með klúryrðum. Það kann að vera, að slíkt hafi komið fyrir annarsstaðar. Um það skal jeg ekkert segja, en það afsakar ekki gerðir þessara manna. Jeg hefi altaf sagt, að jeg byggist ekki við, að það væri Lárus Helgason, sem skrifaði þetta á blaðasendingar, heldur mundu aðrir menn, sem honum eru nákomnir, hafa gert það, en Lárus ber vitanlega ábyrgðina, þar sem hann hefir brjefhirðinguna. (JJ: það er ósannað). Þetta er ofurauðvelt að sanna. Ef menn vilja bera saman rithönd á sumum vottorðum Tímans og þessum blöðum, geta þeir sannfærst.

Hv. flm. (JJ) sagði ekki rjett frá úr minni ræðu. Hann sagði, að jeg hefði haft á móti því, að minst væri á aðalpóstmeistara og sýslumann Skaftafellssýslu í þessu sambandi. Jeg hafði ekkert á móti því. En jeg taldi það ósæmilegt af honum að fara að koma með órökstuddar aðdróttanir í garð þessara manna. (JJ: Skjölin sanna það, sem jeg sagði). Þau sanna einmitt það gagnstæða. Hæstv. atvrh. (MG), sem er með skýrustu lögfræðingum þessa lands, er mjer sammála um, að óheimilt sje að endursenda póstsendingar án þess að sá, sem við þeim á að taka, fái að segja sitt álit þar um. Jeg tel það einnig ósæmilega aðdróttun að segja, að sýslumaður hafi ætlað að þrengja nokkrum vottorðsgefendum. Því mun hv. flm. (JJ) ekki heldur fá menn hjer á Alþingi til að trúa, því að sýslumann þekkja þeir að öllu góðu. (JJ: Vottorðið er falsað). Hvaða vottorð? Jeg sagði hv. flm. (JJ) það áðan, að þetta vottorð, sem minnist á sýslumann Skaftfellinga, snertir ekki að neinu leyti mitt mál; það er annað mál, sem það varðar. Jeg veit ekki, hvað langt það er komið, mjer er sagt, að málið hafi verið kært til sýslumannsins í Skaftafellssýslu. (JJ: Nei! Vottorðið sýnir, að það á við póstmálið). Ekki þetta mál mitt. Jeg sagði hv. flm. (JJ), að það komu 17 úrsagnir úr blaðinu „Verði" og undirskriftirnar þóttu grunsamlegar — voru margar með sömu hendi —. Afgreiðsla „Varðar" mun svo hafa sent sýslumanni þessar úrsagnir til rannsóknar, af því að grunur ljek á, að þetta væri ekki gert með vitund og vilja þeirra manna, sem á blaðinu stóðu. Þetta er það, sem vottorð Páls í Dalbæ á við, og það var það, sem jeg undraðist, að brjefhirðingarmaðurinn á Klaustri skyldi nokkuð um þetta mál vita, því enn hefir það ekki, svo jeg viti, komið neitt til hans kasta. Það mál hefir ekki komið til póstsstjórn-

arinnar; það hefir farið beina leið til sýslumanns frá afgreiðslu Varðar.

Að öðru leyti er ekki ástæða til að vera að fjölyrða neitt um þetta; það er auðvitað rjett, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði, að þetta mál á ekkert erindi hjer á Alþingi. Ef hv. þm. flm. (JJ) álítur, að skjólstæðingur hans hafi hjer verið beittur ofbeldi, getur hann beint ákæru um þetta hvort sem vill til yfirstjórnar póstmálanna, sem er samgöngumálaráðuneytið, eða, ef hann óttast hlutdrægni þar, þá getur hann farið aðra leið: krafist rannsóknar hins opinbera í þessu máli. Jeg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því.

Flm. (Jónas Jónsson): Það verður aðeins stutt athugasemd. Hæstv. atvrh. (MG) mintist á Krossanesmálið og sagði, að með afgreiðslu á því máli hefði hann komið í veg fyrir svik þar eftirleiðis. Jeg álít gott, að þetta fái að standa sem lokajátning í Alþingistíðindunum um það mál. Með því viðurkennir ráðherrann, að hann hafi vitað um svik í Krossanesi, en af óskiljanlegum ástæðum ekki viljað láta hegna sökudólgnum.

Þá hjelt hæstv. atvrh. því fram, að þessi brjefhirðingarmaður hefði ekki leyfi til að endursenda blöðin, þótt hann hefði skriflega beiðni frá viðtakendum um það. Jeg skoraði á hæstv. ráðh. að nefna lög um þetta atriði, en það hefir hann ekki gert. Skoða jeg þetta því sem staðleysu, því að það er vitanlega hverjum manni heimilt að gefa slíkt umboð, og er þetta því ekki annað en ein af þeim vandræðalegu pex-staðleysum hæstv. atvrh. Þegar hæstv. ráðherra var að tala um mín misviturlegu frv., mintist hann og á það frv. mitt, þar sem farið er fram á, að ríkið útvegi mönnum lán með góðum kjörum til þess að styrkja menn til að gera nýbýli og rækta sjer land, og fór háðslegum orðum um það. Jeg ætla rólegur að leggja það á vogarskálina mín megin á móti Krossanesmálinu, ef hæstv. ráðherra (MG) vill fara í málajöfnuð við mig, því að þetta frv. var það, sem hann kallaði allra verst af mínum frv. Hinsvegar þykist jeg viss um það, að Holdö og hans líkar mundu ekki una vel þessu frv., því að þeir hefðu kannske orðið að borga eitthvað af sínum gróða eftir því, og þeir menn, sem eru velviljaðir slíkum mönnum, munu kannske líta óvildaraugum á þetta frv.

Hv. þm. V.-Sk. (JK) er búinn að játa það með þögninni, að engin skjallega rökstudd óánægja hafi komið fram um fólkið á Klaustri, en traust og þakklæti frá nálega öllu fólki, sem hlut á að máli, svo að grundvöllurinn undir þessum, mjer liggur við að segja rógburði, er algerlega fallinn. Hv. þm. (JK) spyr, hvernig standi á því, að þeir, sem biðji um blöðin, fái þau ekki. Ef það væri tilfellið, þá mundu þeir ekki gefa traustsyfirlýsingu með almannalofi til Lárusar Helgasonar og heimilisfólks hans, og það þeir menn, sem nefndir eru í kæru Ólafs Halldórssonar, að sjerstaklega hafi orðið fyrir ranglæti. Að síðustu hefir hv. þm. (JK) játað það, og það er honum til sóma, að hann gruni ekki brjefhirðingarmanninn á Klaustri um nokkra vanrækslu, en þó er hann settur af fyrir vanrækslu, og svo er það játað af manninum, sem stendur fremst í þessu, að þetta sje besti og óaðfinnanlegasti maður, og þar hefir hv. þm. (JK) rjett fyrir sjer; Lárus Helgason er viðurkendur einn af fremstu

mönnum síns hjeraðs, og hann er svo langt hafinn yfir það, sem póstmeistari getur fundið að honum. Hann hefir svo miklu stærra nafn en nokkur þeirra manna, sem hafa komið með þessa, mjer liggur við að segja falskæru. (**SigurjJ:** þetta eru ýkjur.). Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) ætti að hugsa um sína eigin kosningu þar heima, áður en hann fer að blanda sjer í þetta mál. Jeg lýsi hjermeð hv. þm. V.-Sk. (JK) ósannindamann að öllum dylgjum um fólkið á Kirkjubæjarklaustri, því að þetta heimili er alþekt sem eitt af fremstu heimilum hjer á landi. (**JK:** Vildi þm. ekki rannsaka rithöndina á blaðaströnglunum, þar sem skrifað er á klám og klúr orð, og bera hana saman við rithöndina á vottorðunum?).

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 5. landsk. (JJ) var að kvarta yfir því, að hann þekti ekki heimildina fyrir því, að sendingar með póstum eigi að komast með þeim til þess staðar, sem á sendingunum er nefndur. Það er mjög leiðinleg fáfræði, því að hvert heldur hv. þm. (JJ) þá, að þær eigi að fara? Heldur hv. 5. landsk. (JJ) í raun og veru, að sá maður, sem hefir borgað að fullu undir póstsendingu til ákveðins staðar, eigi ekki lagakröfu á, að póststjórnin komi sendingunni á þann stað? Og heldur hann í raun og veru, að hvaða brjefhirðingarmaður sem er hafi lagaheimild til þess að endursenda póstsendingar, sem ekki hafa verið sýndar viðtakanda? Í grundvallaratriðum póstlaganna, sem hv. þm. (JJ) ætti að þekkja, er þetta skýrt tekið fram. Svo er hv. þm. (JJ) að tala um, að brjefhirðingarmaðurinn hafi verið settur af, en jeg veit ekki betur en að á þessum bæ sje enn þá brjefhirðing, svo að þetta eru ósannindi og blekkingar, sem hv. þm. (JJ) er að fara með.

ATKVGR.

Tillgr. feld með 21:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: ÞorlJ, BSt, IngB, IP, JBald, JJ, KlJ, MT, Þþ, SvÓ, Trþ.

nei: ÞórJ, ÁF, ÁJ, BK, BL, EP, HSteins, HK, HSn, IBH, JJós, JAJ, JK, JM, JS, Jþ, MG, MJ, PO, SigurjJ, JóhJóh.

Einn þm. (SE) greiddi ekki atkv.

Níu þm. (ÁÁ, BSv, BJ, EÁ, GÓ, H-Stef, JakM, JörB, SJ) fjarstaddir.

---

3. Mælitæki og vogaráhöld.

Á 76. fundi í Nd., laugardaginn 9. maí, var útbýtt:

Till. til. þál. um löggildingu mælitækja og vogaráhalda (A. 506).

Á 77. fundi í Nd., mánudaginn 11. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 79. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. maí, var till. tekin til fyrri umr

Flm. (Jón Baldvinsson): Á Alþingi 1923 kom fram frv. um að breyta þágildandi lögum um löggilding mælitækja og vogaráhalda, en það náði ekki fram að ganga. En á síðasta þingi, eða 1924, voru sett lög, sem breyttu hinu fyrra fyrirkomulagi í þá átt, að nokkrir lög-

reglustjórar skyldu hafa löggildingu þessara tækja á hendi. Löggildingarstofan, sem starfað hafði í nokkur ár, átti að hætta eftirliti sínu frá áramótum og það að flytjast í hendur lögreglustjóra á nokkrum stöðum á landinu.

Þegar frv. kom fram 1923, var jeg mjög á móti því; jeg áleit, að þetta fyrirkomulag væri ekki eins tryggilegt og að hafa löggildingarstofuna. Sömuleiðis var jeg á móti frv. í fyrra. Jeg var þá í allshn. og lagði einn nefndarmanna á móti því, að frv. yrði samþ.

Á Alþingi 1923 var lögð fram hjer á Alþingi skýrsla frá löggildingarstofunni um starfsemi hennar og athugun þá, sem hún hafði gert viðvíkjandi mæli- og vogaráhöldum hjer á landi. Þar er lýst, hvernig þessi mælitæki hafa reynst við eftirlit og athugun löggildingarstofunnar, og niðurstaðan var sú, að mikill hluti þeirra þurfti viðgerðar við eða voru ónýt. Það var því bersýnilegt, að fullkomin þörf var á þessari starfsemi löggildingarstofunnar. Enda var svo mikið í húfi, að vogar- og mælitæki reyndust rjett, að hlýða þótti að setja löggildingarstofu á stofn, eins og í öðrum löndum. Það var ekki fyrir það, að mönnum þætti starfsemi löggildingarstofunnar hafa í för með sjer mikil aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, að hún var lögð niður, heldur þótti mönnum sá kostnaður of mikill, sem tekinn var fyrir að löggilda tækin og fyrir viðgerðir og lagfæringar á þeim. Þetta hafa menn fundið því til foráttu að hafa hjer löggildingarstofu, en hinsvegar virðast menn ekki leggja mikið upp úr þeirri tryggingu, sem hægt var að fá fyrir því, að menn fengju rjett úti látið það, sem þeir keyptu eða seldu. Mjer finst ekki hafa verið tekið nægilegt tillit til þessa og tel því illa farið, að stofnunin skyldi vera lögð niður. Annars get jeg bent á tvent, sem ekki er minna virði en tryggingin fyrir neytendur. Það er ekki lítils vert, að þau tæki, sem vega á með útflutningsvörur, sjeu góð og nákvæm, og sama er að segja um vörur, sem fluttar eru inn í landið og vegnar eru upp úr skipum, t. d. kol og salt. Það hefir komið í ljós við athugun, að hin stóra bryggjuvog í Hafnarfirði var mjög ónákvæm, og hún stóð lengi svo, að ekki mátti nota hana, og var það ekki gert fyr en krafa kom frá nokkrum kaupsýslumönnum í Hafnarfirði um, að hún væri sett í lag. Þessi vog vóg kol- og saltfarma úr skipum, og þegar munaði alt að 7% á voginni, sjá allir, hve miklar fjárhæðir hjer gat verið að ræða um.

Það er ekki hægt að ætlast til, að lögreglustjórar hafi þekkingu til að löggilda eða ganga úr skugga um, að mæli- og vogartæki sjeu rjett. Og það getur verið erfiðleikum bundið fyrir þá að fá menn, sem þá þekkingu hafa til að bera, sem þarf til þess að geta haft eftirlit með þessu, svo að í góðu lagi sje.

Viðvíkjandi þeirri skýrslu, sem lá fyrir 1923, hefi jeg heyrt þm. láta í ljós, að þeir hefðu tæplega samþykt afnám löggildingarstofunnar, ef þeir hefðu þekt ástandið í landinu, eins og því var lýst í þeirri skýrslu, eftir að löggildingarstofan var farin að starfa. En þetta er orðið að lögum og ekki hægt að breyta því á þessu þingi í lagaformi.

Jeg skal geta þess, að í vetur kom fram frv. um að færa alt í sama horfið aftur, og var málinu vísað til nefndar hjer, en ekkert nál. kom um það.

Tillagan sjálf og greinargerð hennar fer fram á að heimila stjórninni að ráða

1—2 menn til aðstoðar lögreglustjórum við löggildingu mæli- og vogartækja, og er búist við, að ríkissjóður geti fengið til þess þá menn, sem starfað hafa hjá löggildingarstofunni.

Í öðru lagi liggur við borð, að ríkissjóður verði að kaupa löggildingartæki handa lögreglustjórum. Það mundi kosta 12—15 þúsund krónur eða meira, en ríkissjóður á sjálfur tæki, sem hafa verið hjá löggildingarstofunni. En þegar áhöldin þurfa að vera á 4—5 stöðum á landinu og ekki er lengur skylda að senda hingað lóð og vogir til aðgerðar, verður að leggja í þann kostnað að kaupa nauðsynleg áhöld handa lögreglustjórum. Þess vegna er í seinni málsgreininni skorað á stjórnina að reyna að haga löggildingunni þannig, að sem minst þurfi að kaupa af áhöldum. Mjer hefir skilist það aðeins vera tímaspurning, hvenær löggildingarstofan kemur aftur og tekur við sínu fyrra starfi.

Þetta er það, sem vakir fyrir mjer og hv. þm. Dala. (BJ), að það verði að minsta kosti tryggilegra eftirlit en er eftir núgildandi lögum.

Þetta er að vísu nokkur kostnaður fyrir ríkissjóð, en það má ekki horfa í það, þegar athugað er, hversu mikils virði það er, að mælitæki og vogaráhöld öll sjeu í góðu lagi í landinu og tryggi menn í viðskiftum gegn því að fá of lítið fyrir peninga sína. Nákvæmni í þessum efnum er einnig nauðsynleg að því er snertir allar inn- og útfluttar vörur. Jeg vænti þess því, að tillagan verði samþykt í báðum deildum, þó að orðið sje áliðið þingtímans.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg er hlyntur þessari tillögu og tel rjett að ráða einn mann til þess að fara um og athuga mælitæki og vogaráhöld. Jeg held, að hægt sje að komast af með einn mann, þar sem löggilding mælitækja og vogaráhalda hefir farið fram fyrir skömmum tíma. Jeg vil geta þess, að það er auðsætt, að þó að maður verði ráðinn, kostar það ekki alt hans kaup, því að lögreglustjórar verða að borga fyrir eftirlitið.

Jeg hefi hugsað mjer þetta þannig, að maðurinn færi ferðir, einkum á sumrin, til eftirlits, en yfirumsjón getur forstöðumaður veðurstofunnar haft, án þess að það kosti landið neitt, því að hann hefir gamalt fyrirheit um sömu laun, þó að hann gegni ekki nema öðru hvoru starfinu.

Um þessi nýju áhöld, sem getið er um í 2. gr., er það að segja, að tilgangurinn er, að stjórnin kaupi inn fyrir alla lögreglustjóra, og er seinni hlutinn því bygður á misskilningi, en það skiftir ekki miklu máli. Þetta er gert vegna þess, að búist er við, að á þann hátt verði hægt að ná betri kjörum en ella, því að sá maður, sem mundi sjá um innkaupin fyrir stjórnina, er sjerstaklega kunnugur verslun með slíka hluti.

ATKVGR.

Tillgr. feld með 10:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JBald, JK, JS, KlJ, MG, SigurjJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSv.

nei: HK, JAJ, JörB, MT, PO, Pþ, SvÓ, Trþ, þórJ, BSt.

Átta þm. (BL, HStef, IngB, JakM, Jþ, MJ, þorlJ, BJ) fjarstaddir.

4. Vantraustsyfirlýsing.

Á 76. fundi í Nd., laugardaginn 9. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um vantraust á núverandi landsstjórn (A. 520).

Á 77. fundi í Nd., mánudaginn 11. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 78. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., næsta dag, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Hjer virðist sú venja komin á, að vantraust á landsstjórnina sje borið fram sem sjerstakt mál, er verði að sæta sömu meðferð og þingsköp mæla fyrir um ályktanir Alþingis eða deildanna, sem ein umræða er höfð um.

Þyki einhverjum rjett að fá vitneskju um það, hvort stjórnin njóti trausts eða ekki, verður hann því að fara þessa leið. En af því að þetta form er svo þungt í vöfum og venjulega langur tími, sem líður frá því að till. um vantraust kemur fram og þar til hún er tekin til meðferðar, þá þykir mörgum þetta miklu hátíðlegra og stórkostlegra en það í raun og veru er.

Í löndum, þar sem þingstarfsemi er lengra á veg komin en hjá okkur, er þetta miklu einfaldara. Þar er vantraust eða vantrauststillaga venjulega í sambandi við úrslit einhvers máls, framkomu stjórnarinnar í því máli eða út af einhverjum gerðum hennar í því sambandi, og er þá venjulegast umsvifalaust skorið úr því, hvort stjórnin hafi traust eða ekki.

Nú hefi jeg við flutning vantrauststillögunnar á þskj. 520 fylgt þeirri reglu, sem hjer hefir verið tekin upp. Jeg ber þessa tillögu engan veginn fram vegna þess, að jeg þurfi að sýna lit gagnvart stjórninni. Afstaða mín og míns flokks til stjórnarinnar er sjálfsagt kunn öllum hv. þdm. Jeg hefi aldrei borið snefil af trausti til stjórnarinnar til þess að fara með völdin í landinu, og jeg mundi líklega ekki hafa borið þessa till. fram, ef jeg hefði haft ótvíræða vissu um það, að stjórnin hefði stuðning meiri hluta þingsins eða sjerstaklega ótvíræðan meiri hluta þessarar hv. deildar.

Nú er það vitanlegt, að í flokki þeim, sem myndaðist eftir síðustu kosningar, Íhaldsflokknum, voru alls 20 þingmenn, og það er að minsta kosti ekki opinbert, að neitt hafi fjölgað þar síðan. Þessir 20 þingfulltrúar gengu þar í flokk saman. Þó að þetta sje stærsti flokkur þingsins, þá er hann þó ekki nægilega sterkur til þess að mynda stjórn upp á sitt einsdæmi. En það fór nú samt svo, að þessi flokkur tók við stjórnartaumunum eftir talsverð umbrot. Og það hefir aldrei, mjer vitanlega, heyrst með vissu, hverjir það eru, sem, auk Íhaldsflokksins, studdu núverandi stjórn til valda. En hitt mun aftur vitanlegt, að nokkur hluti Sjálfstæðisflokksins lofaði stjórninni hlutleysi sínu. En hvernig þessu hutleysi var háttað, eða hversu langt það náði, er mjer ókunnugt um.

Það eru óskráð lög undir þingræðis-

fyrirkomulagi, að sú stjórn, sem með völd fer, nema um eitthvert millibilsástand sje að ræða, hafi beinan eða óbeinan stuðning meiri hluta fulltrúa á hinni þjóðkjörnu löggjafarsamkomu.

Stjórnarskrá Íslands mælir svo fyrir, að fjárlagafrv. skuli jafnan fyrst lögð fyrir Nd. Alþingis, enda venja að bera öll meiri háttar mál fyrst fram þar. Sú deild þingsins á því að ráða mestu um löggjöfina. Og sú stjórn, sem ekki hefir meiri hluta þessarar deildar, getur því ekki kallast þingræðisstjórn. Og með till. þeirri, sem jeg ber nú fram, verður það prófað, hvort svo er eða ekki. Reynist það svo, að stjórnin hafi örugt fylgi meiri hluta þessarar deildar, þá getur hún setið áfram, en hafi hún ekki meiri hluta hjer, þá verður hún annaðhvort að skjóta máli sínu til þjóðarinnar og láta fara fram nýjar kosningar, eða fara frá völdum ella og önnur stjórn að taka við, sem uppfyllir þær kröfur, sem verður að gera til hverrar stjórnar í landi, sem hefir þingræðisstjórnskipulag.

Nú þykist jeg hafa fulla ástæðu til þess að draga það í efa, að stjórnin hafi nægilegt fylgi í þessari hv. deild.

Í hinu svonefnda Krossanesmáli, sem mikið var rætt hjer í þinginu í vetur, þá gerði stjórnin það að fráfararsök, ef samþykt yrði till. um að rannsaka það mál. Við atkvgr. fjell till. um rannsóknina með jöfnum atkv., og slapp stjórnin þannig með naumindum frá því að þurfa að fara frá. En þess ber að gæta, að úrslit málsins urðu þessi af því, að tveir ráðherrarnir greiddu atkvæði móti rannsóknartill. Stjórnin sat þannig í sjálfstrausti, en ekki í trausti meiri hluta deildarinnar.

Það hefir aldrei þótt fullkomlega trygt, að menn dæmdu í sjálfs sín sök. Og það er áreiðanlega brot á anda þingræðisreglunnar, að ráðherrarnir úrskurði sjálfir með atkvæði sínu, hvort þeir skuli sitja áfram í embætti. En hefðu ráðherrarnir ekki greitt atkvæði í máli því, er jeg gat um áðan, þá varð stjórnin að fara frá völdum.

En þó að stjórnin á þennan hátt slyppi frá vantrausti út af þessu máli, þá er alls ekki víst, að hún njóti svo almenns trausts deildarinnar, að henni sje trúað til þess að fara með völdin.

En það er alls ekki eingöngu af því, að jeg vildi prófa, hvort stjórnin væri „parlamentarisk“ eða ekki, að vantrauststill. er komin fram. Jeg hefi einnig aðrar ástæður til þess að bera fram vantraustsyfirlýsingu, og skal jeg nú fara um þær nokkrum orðum. Er það þá einkum stefna stjórnarinnar í löggjöfinni, eins og hún hefir komið fram í stjfrv. á þessu þingi, og ennfremur öll framkvæmd hennar á síðasta ári. Vænti jeg þess, að þau dæmi, sem jeg tel, þyki nægileg til þess að rökstyðja vantraust og greiða því atkv.

Hvað snertir framkvæmdarstjórnina vil jeg aðeins minna á eitt mál, sem jeg tel nægja, því það er í mínum augum svo stórt atriði, að í hverju öðru landi hefði stjórnin verið rekin frá völdum eftir slíkar framkvæmdir eða framkvæmdarleysi. Það er Krossanesmálið. Stjórnin hefir ekki eingöngu með framkomu sinni í því máli látið viðgangast, að stórfeldari fjársvik og verslunarsvik væru þar í frammi höfð en nokkru sinni áður hafa þekst hjer á landi, heldur hefir hún lagt blessun sína yfir þetta athæfi, og aðgerðir hennar líta svo út, sem hún hafi talið alt löglegt. En þó tekur út yfir alt, er stjórnin neitar Al-

þingi um að láta rannsaka þetta mál og gerir það auk heldur að fráfararsök, ef þingið samþykti rannsóknina. Hjer var þó um upphæð að ræða, sem skifti hundruðum þúsunda kr., og það er sannað, að aðgerðir hæstv. atvrh. (MG) og yfirlýsingar hans í samtali við blaðamenn eftir Krossanesförina drógu úr viðskiftamönnum að fara í mál við verksmiðjuna, þegar löggildingarstofan hafði sannað á hana, að hún hefði notað svikin mál. En annars skal jeg ekki fara mikið út í þetta mál, sökum þess, að það hefir verið rætt allmikið hjer í deildinni í vetur.

Þá eru mönnum einnig í fersku minni aðgerðir stjórnarinnar í löggæslu í landinu yfirleitt, og get jeg ekki stilt mig um, í sambandi við aðgerðaleysi og þrekleysi stjórnarinnar í Krossanesmálinu, að minnast á hið svonefnda guðlastsmál, sem tekið hefir verið til rannsóknar fyrir skemstu að tilhlutun hæstv. forsrh. (JM). Einmitt í sambandi við Krossanesmálið er gott að bera saman þrekleysi hæstv. stjórnar þar og röggsemi hennar gagnvart ungum mentamanni hjer, er hún hefir fyrirskipað sakamálsrannsókn gegn. Annars vegar er ungur mentamaður, sem stjórnin þorir að sýna röggsemi við, en hinsvegar er stórauðugt erlent fjelag, sem hefir haft af landsmönnum svo hundruðum þúsunda skiftir með sviknum mælikerum. Sakamál er höfðað gegn unga mentamanninum, en útlenda auðfjelagið sleppur, og ráðherrarnir verja framkomu þess í líf og blóð. Þessi tvö dæmi nægja að sinni til að sýna framkvæmdarstjórnina, og sný jeg mjer þá að löggjafarstarfsemi hæstv. stjórnar, og skal nú taka fyrir nokkur mál, er hún og fylgifiskar hennar hafa borið fram og hún beitt sjer fyrir.

Fyrsta málið er þá ríkislögreglan. Mál þetta má nú kalla dautt, en þó vil jeg fara nokkrum orðum um það og hvernig hæstv. forsrh. fórust orð um það. Jeg get að sjálfsögðu ímyndað mjer, hvernig honum hefir orðið við, er íhaldsdátarnir komu með frv. þetta til hans í fyrra. Hann hefir bæði gert að blikna og blána, því að þetta er ólíkt hans skaplyndi að bera þetta fram. En jeg sje, hvernig í þessu liggur. Hæstv. forsrh. er blátt áfram að berjast fyrir pólitísku lífi sínu, eða ímyndar sjer, að svo sje. Mjer er sem jeg sjái, hvernig hann hefir reynt að snúa sig frá þessu máli. Hvernig íhaldsforkólfarnir hafa elt hann krók úr krók, og hvernig hann hefir loks verið króaður í einhverju horninu og loksins látið undan, þegar honum var hótað pólitísku lífláti. Peningana eða lífið! segja ræningjarnir. Hæstv. forsrh. hefir kosið lífið, eins og flestum verður. En þetta hefir verið svona gömlum manni, og með það skaplyndi, sem hann hefir, hin mesta þrekraun, að standa í þessu máli, svo óvinsælt og ilt sem það er. En honum var sýnilega ljett í skapi, þegar þetta mál var hjer síðast til umr. Jeg verð að segja, að mjer þótti framkoma hans þá hálfkynleg, þegar hann var að bregða mjer um það, að jeg talaði vægilega á móti ríkislögreglufrv. En nú skil jeg þetta miklu betur. Hæstv. forsrh. sá fram á það, að málið kæmi ekki á dagskrá aftur á þessu þingi. Það varð ekki með nokkurri sanngirni heimtað, að málið yrði tekið á dagskrá aftur á þessu þingi. Þess vegna var forsrh. svona glensfullur, þegar hann sá, að málið

mundi daga uppi. En þetta má engan veginn skilja sem neina afsökun fyrir hæstv. forsrh. Sökin er hin sama, að bera málið fram, þótt hann kunni að hafa gert það nauðugur.

Þá er tekjuskattsfrv. hæstv. stjórnar. Í raun og veru er það pólitísk dauðasynd að bera slíkt frv. fram. En þetta frv. sýnir einna átakanlegast fjármálastefnu hæstv. stjórnar og fjármálaspeki. Það, sem merkilegast var við frv., var það, að því fylgdi engin áætlun um það, hvað tap ríkissjóðs mundi verða mikið. Og frá hæstv. stjórn kom ekki orð í þá átt. Undir umræðunum hefir hæstv. fjrh. (JÞ) sneitt vandlega fram hjá öllum slíkum upplýsingum. Þetta er og ósköp vel skiljanlegt, þar sem hann gat ekki gefið neinar upplýsingar í þessu efni. Og þess vegna var ekki von, að aðrir gætu það. En hvers vegna leitaði hæstv. fjrh. sjer ekki upplýsinga um málið? Jú, hann hefir vitað, að á hverri þeirri stundu, er hann kæmi með skýringar, mundi bresta flótti í stjórnarliðið. Þegar hv. fjhn. Ed. fjekk málið til meðferðar, útvegaði hún upplýsingar um það, hve miklu næmi sú upphæð, sem ríkissjóður mundi tapa við þessa eftirgjöf til hlutafjelaganna, og er það, eins og sjest á þskj. 524, að þessi missir er 628 þús. kr. Hæstv. fjrh. (JÞ) passaði sig í þessu efni að nefna engar tölur, en það skal sagt flokksmönnum hæstv. stjórnar til lofs, að þegar þeir sáu, að hverju fór, þá reyndu þeir að bæta úr því. Hv. Ed. hefir gert það, sem Nd. átti að gera: Hún hefir slegið á putana á hæstv. fjrh., þegar henni sýndist ríkissjóður verða fyrir svo miklum skaða af þessu frv. hans, að mörgum hundr. þús. kr. mundi nema.

Þetta mál er nú að vísu komið í betra horf en hæstv. stjórn ætlaðist til. Hún ætlaði að fá það óbreytt fram, en þingviljinn var, sem betur fór, á móti. En þótt þessir angar sjeu af sniðnir, eru þó ekki svo lítil hlunnindi eftir handa stórgróðafjelögunum, sem vissu um fyrirætlanir hæstv. stjórnar og gátu hagað reikningsfærslu sinni eftir því og lagt svo og svo mikið af gróða sínum í varasjóð eða til afskriftar. Annars skal jeg ekki fara frekar út í það atriði; það verður tækifæri til þess, þegar málið kemur til einnar umr. í þessari hv. deild. En svo mikið get jeg sagt, að þetta mál hefir opnað augu margra um það, að Íhaldsstjórninni er trúandi til alls. Í þessu sambandi skal jeg benda á það, að tekju- og eignarskattsskráin var lögð fram 6. maí í fyrra, en að þessu sinni er hún ekki enn lögð fram. Jeg skal ekkert um það segja, að þetta sje hæstv. fjrh. að kenna, en samkvæmt lögum á skráin nú að liggja frammi.

Þá skal jeg víkja að þeim þingmálum, er ekki heyra hæstv. stjórn beinlínis til, en borin eru fram af hennar fylgifiskum, svo sem afnám tóbakseinkasölu og steinolíu og niðurlagning Landsverslunar. Það vita allir, að Landsverslun hefir jafnan verið þyrnir í augum kaupmanna, og það er ekkert leyndarmál, að kaupmenn heimtuðu það fyrir stuðning sinn við Íhaldsflokkinn við síðustu kosningar, að Landsverslunin yrði lögð niður. Á þinginu 1924 þorðu þeir þó ekki að ráðast í þetta, því að þá voru þeir ekki búnir að kreista alla lífþóru úr hæstv. atvrh. (MG).

Nú hafa þeir komið því fram, að einkasala á tóbaki á að leggjast niður, og að ríkissjóður hendi frá sjer vitandi vits $^1/_4$ miljón króna tekjum. En nú er talað um svo stórar upphæðir í sam-

bandi við tekjuskattsfrv., að mönnum blöskrar ekki, þótt þeir heyri svo smáar upphæðir nefndar.

Steinolíumálið er annars eðlis. Þar átti ríkissjóður ekki að hafa neinar beinar tekjur, en sú verslun átti eingöngu að vera til hagræðis hinum mörgu smáútgerðarmönnum hjer á landi, er áður voru bundnir á klafa D. D. P. A. Í umr. um steinolíumálið kom hæstv. fjrh. (JÞ) sínum mönnum til hjálpar og gaf yfirlýsingu í þessu máli, sem hann varð þó að taka aftur seinna. Þegar búið var að hrekja allar ástæður afnámsmanna steinolíueinkasölunnar, þá kom hæstv. fjrh. þeim til hjálpar, lagði út af samningi Landsverslunar við British Petroleum og þótti hann óhagstæður. Jeg hefi ekki þennan samning í höndum, en jeg veit frá mönnum, er jeg trúi betur en hæstv. fjrh., að samningurinn er okkur hagstæður og engar líkur til þess, að við fáum annan betri eða hagkvæmari innkaup á olíu en samningurinn veitir okkur. Í þessu sambandi kom hæstv. fjrh. með ýmsa útreikninga um það, að innkaupsverð Landsverslunar væri okkur óhagstætt. Mintist hann í því sambandi á það, að verðið væri miðað við verð á Mexíkóflóa, en honum gleymdist þó, þeim góða manni, að geta þess um leið, að við Mexíkóflóa eru einhverjar stærstu olíulindir heimsins, og það eru þær, sem ráða mestu um heimsmarkað á steinolíu. En athuga verður, að olían kemur ekki kostnaðarlaust sunnan úr Mexikóflóa og hingað til Íslands. Annars mætti segja með sama rjetti, að hjer væri okrað á sementi, því það kostaði ekki nema 7 eða 8 kr. tn. í Álaborg, en 16 eða 17 kr. hjer. En þá væri ekkert tillit tekið til alls kostnaðar. Viðvíkjandi útreikningum hæstv. fjrh. þarf ekki annað en benda á útreikninga Jóns Þorlákssonar landsverkfræðings hjer á árunum. Þeir, sem því voru kunnugir, hafa ekki mikla ástæðu til þess að trúa því, sem hæstv. fjrh. (JÞ) segir.

Síðastliðið ár var hjer mesta árgæska, og því er velgengni manna meiri en áður. Ef gæðin hefðu nú skifst jafnt milli allra, þá er sennilegt, að hjer hefði verið sæmilegt ástand. En það sýnir glögt afstöðu hæstv. stjórnar til almenningsheilla, að hún vill gefa eftir skatt af stórgróða, en skattleggja svo fátæklinga með allskonar sköttum. Með þessu hefir stjórnin sýnt og sannað þann sorglega sannleika, að sá auður, sem íslenskir sjómenn og verkamenn hafa aflað úr skauti náttúrunnar, er notaður hreint og beint til þess að þröngva kosti þeirra sjálfra. Og þetta er verk Íhaldsstjórnarinnar. Hún vill sumpart gefa og sumpart fá heimild til að gefa fjársterkustu hlutafjelögunum og ríkustu mönnunum í landinu mikinn hluta af rjettmætum og lögmæltum skatti þeirra til ríkissjóðs, en af þessu leiðir aftur, að tekjur ríkissjóðs skerðast, og það skarð þarf að fylla. Það er gert á þann hátt að leggja háa tolla á nauðsynjar almennings. Þess vegna þarf að halda við gengisviðaukanum; þess vegna þarf að halda við verðtollinum; þess vegna vildi hæstv. stjórn tvöfalda sóknargjöldin og þar fram eftir götunum.

Hverjir eiga þá að taka við, ef þessi stjórn fer frá? 2. þm. Reykv. getur ekki myndað stjórn. Alveg rjett! Jeg er einn í flokki í þinginu. Og ekki býst jeg heldur við, að ný stjórn verði mynduð, sem jeg geti stutt. En væri þá nokkur ávinningur fyrir mig að fella stjórnina, ef menn með sömu eða svipaðar skoð-

anir mynduðu hina nýju stjórn, t. d. einhverjir þm. úr Íhaldsflokknum? Þótt svo yrði, að hin nýja stjórn yrði skipuð mönnum úr Íhaldsflokknum, einhverjum öðrum en núverandi ráðherrum, þá áliti jeg samt ávinning að skifta um stjórn. Og jeg skal færa nokkrar sönnur á þetta.

Fyrri part þingsins í fyrra kom Íhaldsstjórnin að völdum. Hún var strax ill. En þó er hún svo miklu verri í ár, að það er eins og úlfur hjá lambi móts við það í fyrra. Og hún er miklu verri nú í þinglokin heldur en hún var í byrjun þessa þings. Hún versnar með hverjum deginum sem líður. Hún er verri í dag heldur en hún var í gær, og hún verður verri á morgun heldur en hún er í dag, ef hún fær að sitja þangað til á morgun. Sannanirnar fyrir þessu er að finna í löggjafarundirbúningi stjórnarinnar, í störfum og framkomu stjórnarinnar og flokksmanna hennar á þinginu nú í vetur. Hvert óskapnaðarfrumvarpið hefir rekið annað, svo sem ríkislögreglan, tekjuskattsfrumvarpið, verðtollurinn, sóknargjaldafrv. o. s. frv. Hverja þjóðskaðlegri tillöguna á fætur annari hafa flokksmenn stjórnarinnar flutt hjer á þinginu, svo sem tillöguna um afnám Landsverslunarinnar. Alt eru þetta hagsmunamál örfárra efnamanna í landinu. Öll eru þessi mál rjettarskerðing fyrir alþýðu manna eða þungar álögur á almenning. Alt eru þetta nægilegar ástæður fyrir mig til þess að láta það álit mitt í ljós, að þessi stjórn eigi tafarlaust að fara frá völdum. Það verður ekki verra, hvaða stjórn sem við tekur. Þingið er þó altaf nokkur hemill á stjórnirnar, að minsta kosti meðan það situr. Og hver vill sleppa framkvæmdarstjórninni í landinu við þessa herra fram að næsta þingi, svo þeir geti gert hvert Krossaneshneykslið á fætur öðru? Jeg vil að minsta kosti ekki gera það.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hefi lítið eða ekki að athuga við inngangsræðu hv. flm. (JBald). Jeg er honum samdóma um það, að það er óheppilegt að þurfa að bera fram sjerstaka vantraustsyfirlýsingu, í stað þess að hafa þetta, svo sem víða á sjer stað erlendis, í sambandi við eitthvert sjerstakt mál, og lítt rætt um vantraustsyfirlýsinguna alment, enda umræðulítið yfirleitt. Þess vegna ætti því nú ekki að þurfa langar umræður um þessa till., og ekki síst þegar mál þau, sem hv. flm. till. notaði sem ástæðu fyrir vantrausti, eru þegar margrædd í þinginu. Jeg hefi einu sinni áður sýnt mitt álit um umræður um vantraust eða ekki, er jeg aflaði mjer yfirlýsingar Ed. mjög umsvifalítið. Jeg tek það því ekki til mín, sem hv. flm. talaði um þetta atriði, en hitt er í raun og veru rjett, að fljótt sje úr því skorið, hverjir það eru, sem vilja, að stjórn fari, eða fari áfram með völdin. Aftur á móti tel jeg það ekki rjett, að Nd. eigi að hafa meiri áhrif í því efni, hvort stjórn situr eða fer frá, en Ed. það, að fjárlög eru fyrst lögð fram í Nd., sker ekki úr um þetta. Það er ekki heldur rjett ályktað, að stjórn geti ekki setið áfram við völd, þó að ekki hafi hún meiri hluta þingsins að baki sjer. Hv. flm. (JBald) veit það vel, að víða erlendis hafa stjórnir setið við völd án þess að hafa haft meiri hluta fylgi, jafnvel ekki einu sinni loforð um stuðning eða hlutleysi frá fullum meiri hluta. Það var ekki heldur alls kostar rjett, sem hv. flm. sagði um Krossanes-

málið og afstöðu mína til þess. Jeg gerði það ekki að fráfararatriði í sjálfu sjer, þótt till. yrði samþ., en það var sú hótun um vantraustsyfirlýsingu, sem kom fram í sambandi við till., sem gerði það, að stjórnin gat ekki unað við. Háttv. flm. telur ófært, að ráðherrar greiði atkvæði um vantraustsyfirlýsingar, og hann segir jafnvel, að það sje ótækt vegna þess, að þeir eigi sumir fjárhag sinn undir því að sitja áfram í embætti. Þetta er hin mesta fjarstæða, og jeg get ekki ímyndað mjer annað en að hver og einn ráðherra hljóti að hafa talsverðan fjárhagslegan skaða af því að vera í embætti. Jeg get sagt það fyrir mitt leyti, að það hefir verið alt annað en gróðavegur fyrir mig að vera ráðherra. Þetta er yfir höfuð svo fjarri sanni, að það er undarlegt, að nokkur þingmaður geti látið sjer detta annað eins í hug og þetta. Hv. flm. veit vel, að á 10 sinnum fjölmennari þingum en okkar þingi stendur stundum svo á, að eins eða tveggja atkvæða munur er aðeins á milli stærstu flokkanna og að stjórnirnar hafa þar stundum ekki nema 1 eða 2 atkvæði fram yfir andstæðingaflokkana, en ráðherrar í slíkum stjórnum eru oft um og yfir 20 talsins. Vill nú hv. þm. halda því fram, að ráðherrarnir greiði ekki atkvæði í málum, sem varða tilveru ráðuneytisins, þegar þannig stendur á um flokkaskiftingu? Þetta er svo fráleitt, að það er óhugsandi, að nokkrum manni geti dottið í hug að bera slíkt og þvílíkt fram, nema ef til vill hjer á Alþingi, en ber vott um afskaplegt skilningsleysi á því, hvað þingræði er, og yfir höfuð mjög bágborinn stjórnmálaþroska þeirra þm., sem slíkt getur komið til hugar. Að segja t. d., að ráðherrarnir hjer sitji í sjálfstrausti, en ekki samkvæmt þingræðisvenjum, eftir atkvæðagreiðsluna um Krossanestillöguna, er alls ekki frambærilegt.

Við skulum nú gera okkur ljóst, hvernig ástandið yrði, ef svo stæði á, að allir ráðherrarnir ættu sæti í þessari háttv. deild og hefðu þar alls 15 atkv. meiri hluta að sjálfum sjer meðtöldum. Hugsum okkur, að þeir mættu ekki greiða atkvæði um till. til vantraustsyfirlýsingar, sem þá yrði auðvitað samþ. með 13:12 atkv. Þá ætti stjórnin að fara frá, en þessi 13 manna flokkur að taka við völdunum, og þegar 3 þeirra hafa sest í ráðherrasæti, eru aðeins 10 atkv. eftir til að greiða atkvæði um vantraustsyfirlýsing. Nú mætti búast við, að hún kæmi fram þegar er hið nýja ráðuneyti væri sest á laggirnar. Andstöðuflokkurinn hefði 15 atkvæði, og hin nýja vantraustsyfirlýsing yrði þá samþykt með 15 atkv. gegn 10. Þetta sýnir ljóslega, hversu mikil fásinna það er að halda því fram, að ráðherrar megi ekki hafa atkvæðisrjett um slíkt mál.

Að öðru leyti skildist mjer á ræðu hv. flm., að hann hefði í raun og veru mjög fáar og ekki stórvægilegar sakir fram að bera á hendur stjórninni. Þetta um stefnu stjórnarinnar í löggjöf er lítt frambærilegt sem ástæða til vantraustsyfirlýsingar. Fái stjórnin samþyktan meiri hluta sinna frv. og þau helst, sem máli skifta, og ef stefna stjórnarinnar fær yfir höfuð viðurkenningu í aðalatriðum í meðferð mála á Alþingi, situr stjórnin auðvitað áfram við völd, en fái stjórnin ekki þau stórmál samþ., sem hún vill gera að fráfararatriði að fram gangi, verður hún að fara. Hjer á Alþingi hefir ekki tíðkast sá siður, að stjórnir gerðu hvert smámál að fráfar-

aratriði. Hitt er eðlilegt, að hv. flm. sje reiðubúinn við hvert tækifæri sem er að greiða atkvæði gegn stjórninni eða bera fram vantraustsyfirlýsingu á hana, þar sem hann er og hefir ávalt verið andstæðingur núverandi stjórnarflokks, og er ekkert við það að athuga. Þess vegna sje jeg ekki ástæðu til að tala mikið um ríkislögreglumálið, sem þó aldrei fjallaði um neina ríkislögreglu, enda fór hv. flm. sjálfur ekki mikið út í þá sálma, en það frv. hefir þegar mikið verið rætt, bæði hjer á þingi og í blöðunum, og þykir mjer ekki þörf að rökræða það frekara. Þó er eitt atriði í þessu máli, sem jeg get vikið lítið eitt að, enda þótt það sje smávægilegt í sjálfu sjer. Hv. flm. sagði, að jeg hefði verið neyddur til að bera þetta frv. fram, og vildi jafnvel svo sem segja mjer það til afsökunar. Jeg get ekki tekið mjer þetta til inntektar. Jeg er svo sannfærður um, að það sje sjálfsagt og nauðsynlegt að fá einhverja slíka eflingu á þeirri lögreglu, sem til er í landinu, og er það alveg hliðstætt við eflingu ríkisins á lögregluliði þess á sjó, sem enginn hefir fundið neitt að athuga við. Á þessu þingi hefir verið stigið stórkostlegt spor í áttina til að koma upp öflugri lögreglu á sjó en verið hefir, og hefir enginn dirfst að ámæla stjórninni fyrir það að hafa bundist fyrir þetta. En hvað sem um þetta frv. annars hefði mátt segja, átti stjórnin alls ekki ámæli skilið fyrir það, þó að hún vildi einnig koma betra skipulagi á löggæslu á landi. Þess vegna var það, að jeg talaði fyrir því máli af fullri sannfæringu, enda þótt jeg legði ekki svo mikla áherslu á form frv., ef stefna þess var viðurkend. Þá var mjer og ekki heldur neitt kappsmál að fá frv. samþ. á þessu þingi, því jeg hefi ekkert á móti því, að málið verði sem best rætt og athugað frá öllum hliðum. Dómar þeir, sem enn hafa fallið um það mál frá hálfu andstæðinga, hafa verið mjög einhliða og órökstuddir. Jeg sagði áður um það mál, að hv. flm. þessarar till. hefði talað mjög linlega gegn því máli, og lagði jeg honum það ekki út til lasts.

Þá kem jeg að þeirri einu sök, sem hv. þm. ber á mig og mína stjórn, sem ætla mætti að væri frambærileg í sambandi við vantraustsyfirlýsingu, en það er Krossanesmálið. Hv. flm. fór og mjög hóflega í það mál, enda var óþarfi að hefja langar umræður um það; málið er þegar kunnugt og hefir mikið verið rætt, og hefði það því aðeins orðið endurtekning ein og til að lengja þessa umræðu meir en þörf var á. Jeg kemst þó vart hjá því að rifja eins stuttlega upp og mjer er unt ofurlítið af sögu þessa máls, þar sem þetta er hið eina atriði af því, sem hv. flm. tíndi til, sem segja mætti að ástæða væri til að setja í samband við vantraustsyfirlýsingu á stjórnina. Málið var þannig vaxið, að yfirmaður mælitækja- og vogaráhaldastofu ríkisins eða umboðsmaður hans, sem átti að rannsaka mælitæki og vogaráhöld í þessum hluta landsins í sumar er leið, gaf stjórninni skýrslu um, að mæliker síldarverksmiðjunnar í Krossanesi mundu vera of stór. Þegar þessi skýrsla barst atvinnumálaráðuneytinu, fyrirskipaði atvrh. (MG) þegar í stað, að rannsókn skyldi fara fram á mælitækjum þessarar verksmiðju og málið alt ítarlega rannsakað. Ráðherrann átti þá einnig erindi til Norðurlands, og rannsakaði hann því að nokkru leyti málið sjálfur, með aðstoð sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu. Hann komst að

þeirri niðurstöðu við nánari athugun, að forstjóri Krossanesverksmiðjunnar mundi ekki hafa gerst sekur um hegningarvert athæfi, og þar sem það er alkunna, að atvrh. er gamall og þaulvanur rannsóknardómari og mjög góður lögfræðingur, og að honum var treystandi bæði til vits og einurðar í þessu máli sem öðrum, þá er augsýnilegt, að það var ekki ástæða til fyrir dómsmálaráðuneytið, allra síst er engin kæra var komin fram, að fyrirskipa sakamálsrannsókn. Þegar viðskiftamenn verksmiðjunnar kærðu ekki eða komu fram með neinar umkvartanir til mín, var engin ástæða fyrir mig til að hefjast handa. Það er sá munur á brotum í viðskiftamálum og ýmsum öðrum brotum gegn hegningarlögunum, að það er varla gerlegt að hefjast handa í þeim málum, nema sá, sem tjón bíður, kæri málið til skaðabóta. Jeg skal nefna eitt dæmi, sem allir ættu að geta áttað sig á. Það er t. d. ekki ótítt, að víxlar eru falsaðir, og er lögð ströng hegning við því í hegningarlögunum, en jeg veit ekkert dæmi til, að sakamálsrannsókn hafi verið hafin út af slíku broti, nema sá, sem fyrir skaðanum varð, hafi kært, og þannig mætti telja mörg önnur brot í viðskiftamálum. Jeg fyrir mitt leyti verð að álíta, að viðskiftamennirnir hafi ekki álitið, að um sviksamlegt eða hegningarvert athæfi væri að ræða, er engin kæra kom fram, og jeg hafði þó lýst því yfir, að ef kæra kæmi fram, yrði hún tekin til greina. Jeg hygg því, að þessi áburður á forstjóra Krossanesverksmiðjunnar sje rangur. Þetta álít jeg vera nóg um Krossanesmálið að þessu sinni.

Hv. flm. talaði um þrekleysi mitt gagnvart erlendum mönnum, en þetta er misskilningur. Það kemur alls ekki málinu við, hverrar þjóðar sakborningur er, ef mál hans er rannsakað hjer á landi, fyrir brot, sem framið er hjer. Jeg veit ekki heldur til, að nein sjerstök ástæða sje til að koma fram með þessa ásökun í minn garð eða að jeg hafi gefið tilefni til þess.

Í sambandi við Krossanesmálið drap hv. flm. á annað mál, þar sem málssókn hafði verið fyrirskipuð gegn manni einum fyrir guðlast. Hann viðurkendi að vísu, að ógætilega hefði verið skrifað, en talaði um, að hjer væri verið að framfylgja úreltum lögum. Það er rjett, að allmikið er um það deilt, hvort hegning skuli lögð við slíku atferli eða ekki. Sú ástæða, sem færð er fram af hálfu þeirra, er nema vilja úr lögum ákvæðin um hegning fyrir guðlast, er sú aðallega, að almenningsálitið muni fella því þyngri dóm yfir sökudólgunum. Sú alda, er risið hefir hjer út af þessu máli, virðist ekki benda til þess, að svo yrði hjer. Auk þess er hjer farið eftir beinum fyrirskipunum laganna eins og þau eru. Þessi sök er alls ekki sambærileg við brot á viðskiftalögunum. Hjer eru meiddar tilfinningar þeirra manna, er ekki vilja láta fara óvirðingarorðum um heilög mál. Hjer var því lögunum aðeins fylgt og annað ekki gert. Og satt að segja sýnist mjer ótækt að sleppa slíku refsingarlausu, að notuð sjeu svívirðilegustu orð, sem tungan á til, um þann guð, sem kirkjan dýrkar. Fært hefir verið fram til afsökunar, að þvílík ummæli finnist í bókum, sem hafa bókmentalegt gildi. Þótt svo kunni að vera, horfir það nokkuð öðruvísi við en að setja skammaryrði um hinn æðsta

guðdóm í víðlesið blað, og í grein, sem annars ekkert gildi hefir. Annars mun jeg ekki ræða frekara um þetta mál, enda er það ekki útkljáð.

Öðru tel jeg mig ekki þurfa að svara. En með þeim orðum vil jeg enda mál mitt, að þó að Krossanesmálið eigi að vera helsti ásteytingarsteinn stjórnarinnar, þá mundi slíkt hvergi vera talin frambærileg sök.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. flm. (JBald) hefir þá leyst frá poka sínum og látið í ljós, hvað hann helst hefði við stjórnina að athuga. Hefir hann tínt upp úr pokanum gersemar sínar og falar nú atkvæði fyrir. En þessar gersemar eru svo fáar og verðlausar, að undrum sætir. Og hæstv. forsrh. (JM) hefir nú sýnt fram á þetta og neytt hv. flm. til þess að stinga þessum glysvarningi sínum í pokann aftur sem verðlausum og ókaupandi. Eiginlega er því ekki annað eftir en binda fyrir pokagreyið og festa hann á bak eigandans.

Jeg hygg og, að hæstv. forsrh. hafi bent á ranghermi hv. flm. um Krossanesmálið, það, að stjórnin hafi gert rannsókn á því að fráfararatriði. Þetta er alls ekki rjett. Þáltill. fór fram á rannsókn á stjórnina, og það var gert að fráfararatriði, ef hún yrði samþykt. En ef rannsaka átti málið yfirleitt, þá væri fróðlegt að vita, hvernig hv. flm. hugsar sjer að sú rannsókn hefði getað orðið framkvæmd, meðan þing stóð yfir. Maður sá, sem hjer er fyrir sökum hafður, dvelur erlendis, og hefði því ekki orðið yfirheyrður. Það hefði víst orðið að beita rússnesku rjettarfari, enda er það víst hv. flm. þóknanlegast.

Þegar borin var fram dagskrá um rannsókn á málinu,greiddi hv. flm. atkv. á móti, en jeg með. Hvor okkar drap þá eiginlega rannsókn á Krossanesmálinu? En hitt játa jeg, að jeg greiddi atkvæði móti rannsókn á stjórnina, eins og fólst í þáltill.

Bæjarfógetinn á Akureyri hafði rannsakað mál þetta, er jeg kom norður, og fjelst jeg á niðurstöðu hans, er jeg hafði kynt mjer málavöxtu.

Hæstv. forsrh. sýndi fram á, hvílík fásinna það væri, að ráðherrar neyttu ekki atkvæðisrjettar síns. Engin heimild er til að banna þeim að neyta hans. Jeg vil aðeins benda hv. flm. á, hvernig færi fyrir stjórninni í Danmörku, ef ráðherrarnir mættu ekki greiða atkv. Svo er þessu farið um heim allan.

Hv. flm. sagði, að álit mitt á máli þessu hefði dregið úr því, að menn höfðuðu mál gegn forstjóranum. Ef svo er, sýnir það, að eitthvert mark er tekið á áliti mínu, og er það meira en hann getur sagt.

Annars drap hann ekki á mál, sem mjer koma beint við, nema sjúkratryggingarnar, án þess þó að nefna, hvað að þeim væri, enda þótt jeg viti, hvað hann fór. Hann getur ekki litið svo langt að sjá, að sá skattur er lagður á hinum fátækustu til styrktar.

Þá talaði hann um afnám steinolíueinkasölunnar, sem hann sagði að hefði mörg hundruð þús. kr. tap í för með sjer. Hann ætti að muna, að Landsverslunin heldur áfram fyrst um sinn, og ef kjörin þar eru svo miklu betri en annarsstaðar, verður auðvitað útkoman sú, að allir versla þar og hvergi annarsstaðar. Og hvar er þá skaðinn? Hv. flm. spurði, hvort steinolíusamningurinn væri óhagstæður. Hann verður birtur bráðum, og mun þá hið sanna sjást.

Mjer kom það á óvart, að hv. flm.

skyldi bregða mjer um það, að jeg hefði beitt gerræði viðvíkjandi húsaleigureglugerðinni í Rvík. Jeg neitaði henni staðfestingar af því að jeg taldi hana ólöglega eins og hún var úr garði gerð, þar sem bæjarstjórn var veitt heimild til að banna innflutning til bæjarins, en þingið hafði einmitt látið í ljós, að það vald vildi það ekki gefa bæjarstjórninni, og brtt. í þessa átt samþykti hv. flm. (JBald). En nú fer hann í þessu beint ofan í sjálfan sig. Vilji hann tala um gerræði í sambandi við þetta mál, þá er það rjettnefni um hans eigin framkomu, en ekki mína.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg bjóst við, að hæstv. ráðherrar þættust hafa meiru að svara en raun er á orðin. Jeg hjelt, að hæstv. fjrh. (JÞ) mundi þykjast þurfa að svara fyrir króga sinn, skattafrumvarpið, en að hann gerir það ekki, álít jeg þá einn lið í þeirri uppgjöf að koma frv. fram. Það eru því ekki nema tveir ráðherrar, sem jeg þarf að svara, og satt að segja hafa þeir ekki borið miklar varnir fram. Annaðhvort eru þeir sjer meðvitandi um sakir sínar, eða þá að þeir vilja hafa sem hljóðast um þær.

Út af því, sem hæstv. forsrh. (JM) talaði um meiri hluta vald Nd., verð jeg að taka fram, að einmitt þar er stjórninni nauðsynlegt að hafa nægilegan styrk. Þar eru flest stórmál tekin fyrst til meðferðar. Jeg skil ekki, hvernig sú stjórn gæti farið með völd, sem hefði minni hluta í Nd., þó að hún hefði meiri hluta í Sþ. Af því leiddi, að öll þau mál, sem stjórnin vildi koma fram, yrðu strádrepin, en jeg gæti varla hugsað mjer svo lítilþæga stjórn, að hún tæki því þegjandi að sjá öll sín áhugamál drepin, án þess að geta nokkru um þokað.

Hæstv. forsrh. sagði út af Krossanesmálinu, að ekki væri rjett, að hann hefði gert það að fráfararatriði, heldur hótanirnar um vantraust í sambandi við það. Það er ekki gott að vita, hvað hæstv. forsrh. hefir hugsað í þessu sambandi, en það er víst, að stjórnin vildi ekki, að þingið fengi að athuga málið, og ekkert liggur nær að álíta en að stjórnin hafi ekki viljað rannsókn af því, að hún vissi sig veika fyrir. Hæstv. forsrh. sagði viðvíkjandi atkvæðagreiðslunni í Krossanesmálinu, sem jeg gerði að umtalsefni hjer, að fráleitt væri, að ráðherrar mættu ekki greiða atkvæði, þegar um fráfararatriði væri að ræða. Hann tók til dæmis stærri þing, þar sem um eins eða tveggja atkvæða mun er að ræða. Þá þyrftu atkvæði ráðherranna að koma til. Þetta er rjett hjá hæstv. ráðh., en jeg talaði um atkvæðagreiðsluna í Krossanesmálinu og sagði, að stjórnin hefði setið þar í sjálfstrausti. En það mun algengt, að þegar ráðist er á gerðir eins ráðherra í sjerstöku máli, þá greiði hann ekki atkvæði í því máli. Í danska þinginu kom fram í vetur till., sem beindist sjerstaklega gegn einum ráðherranna. Honum þótti ekki viðeigandi að greiða atkv. í þessu máli. Það var þetta, sem jeg átti við, þegar jeg hjelt því fram að hæstv. atvrh. (MG) hefði ekki átt að greiða atkv. í Krossanesmálinu, af því að aðalsökin í því máli beindist gegn afskiftum hans, og það er hann, sem mest hefir verið „kritiseraður" í blöðunum og af almenningi. Það hefði verið hárrjett af hæstv. atvrh. að greiða ekki at-

kvæði í þessu máli, eins og jeg tel rangt af honum að hafa látið kúga sig í öðru máli til þess að greiða ekki atkvæði.

Það, sem jeg sagði, snerti því ekki mikið þau mótmæli, sem hæstv. forsrh. kom með. Honum er vel kunnugt um, að almennt þykir ekki sæmandi, að ráðh. greiði atkvæði í sjálfs sín sök.

Hæstv. forsrh. talaði gætilegar en nokkru sinni áður um ríkislögregluna. Hann sagðist að vísu hafa barist fyrir henni af fullri sannfæring. Það getur verið. En nú eru kröfurnar ekki orðnar meiri en svo, að hann segir, að það þurfi einhverja eflingu á lögreglunni á sjó og landi. Þetta er með öðrum orðum orðið svo óákveðið, að það á ekki nokkurn skapaðan hlut skylt við frv. það í vetur. Það gætu allir sagt, að þeir vildu einhverja eflingu á lögreglunni. Jeg t. d. hefi verið með því í bæjarstjórn að fjölga lögregluþjónum hjer í bænum. Þar standa íhaldsmennirnir á móti því. Í ummælum sínum um ríkislögregluna er hæstv. forsrh. kominn svo langt frá því stórfelda frv., sem hann lagði fyrir þingið í vetur, að það verður að skoðast sem algerð uppgjöf.

Jeg ætla að víkja ofurlítið að Krossanesmálinu aftur. Hæstv. forsrh. (JM) talaði mjög gætilega um það og vildi sem minst blanda sjer inn í það. Hann skírskotaði til álits hæstv. atvrh., og verð jeg að skoða það sem fína hnútu fyrir það, sem hæstv. atvrh. sagði í sumar, að hann væri ekki dómsmálaráðherra. Til krydds sagði hann, að hann tryði hæstv. atvrh. vel, og þurfti hann að taka það fram til uppbótar fyrir þá óbeinu sök, sem hann beindi til hans.

Þá er komið að því, sem hæstv. forsrh. sagði út af kærunum, að engin ástæða væri fyrir dómsmálaráðherra til þess að fara af stað meðan enginn kærði. En í slíku máli sem þessu þurfti alls ekki neina kæru. Atvinnumálaráðuneytið hafði fengið boð frá einum starfsmanni landsins um, að notuð væru of stór mál í Krossanesi, og mjer þykir ótrúlegt, þegar búið var að tilkynna atvinnumálaráðuneytinu þetta, að dómsmálaráðuneytið hafi ekki vitað um það. Hjer var um of mikið fjárhagsatriði að ræða til þess, að láta mætti það afskiftalaust.

Hæstv. forsrh. mintist á, að ekki væri ótítt, að falsaðir væru víxlar, án þess að farið væri í mál út af því. En jeg býst við, ef um nokkur hundruð þús. kr. víxil væri að ræða, að það yrði ekki látið afskiftalaust, ef það væri á sama hátt á vitorði þess opinbera og Krossanesmálið var, nema þagað væri í hel á sama hátt og af svipuðum ástæðum.

Þá mintist hæstv. forsrh. á guðlastsmálið og afsakaði röggsemi sína þar. Þá þurfti ekki að kæra. Mjer er sagt, að hann hafi tekið upp hjá sjálfum sjer að höfða það mál. Hann talaði um ákvæði hegningarlaganna um þetta og sagði, að menn væru í vafa um, hvort halda skyldi þeim ákvæðum. Það mun vera mjög langt síðan dæmt hefir verið eftir þessum ákvæðum í Danmörku, og í haust var lagt fyrir þingið frv. um, að þeim væri kipt burt, af því að þau væru orðin úrelt. Mjer skildist á hæstv. forsrh., að hann vildi halda í þessi lagaákvæði, því hann var að bera fram varnir fyrir því að halda þeim. Almenningsálitið telur hæstv. forsrh. ekkert að marka, því að hann rakti þær ástæður, sem aðrir færðu á móti þeim. Jeg þykist vita, að hæstv. forsrh. segi þetta af eigin reynslu, og að almenningsálitið sje honum miður hagstætt. Hann vildi ekki

gera guðlastsbrotið jafnt brotum, sem koma fram í viðskiftum. Mjer skilst, að það hafi þó virkilega í Krossanesverksmiðjunni verið um stærra atriði að ræða en þetta, þar sem leikur á hundruðum þúsunda, sem álitið er að verksmiðjan hafi haft af viðskiftamönnum sínum. Það er ekki lítið brot, heldur mjög stórt, og hæstv. ráðh. hlýtur að telja það með hinum stærri málum.

Hæstv. forsrh. sagði, að ekki hefði verið höfðað mál gegn manninum, sem greinina skrifaði, heldur gegn Alþýðublaðinu, sem birti hana, þar sem greinin hefði verið nafnlaus. Það er ekki rjett. Greinin var ekki nafnlaus, heldur var undir henni greinilegt fangamark, sem allir lesendur blaðsins munu skilja.

Hæstv. ráðh. svaraði því engu, hvort núverandi stjórn væri þingræðisstjórn eða ekki. Jeg sagði áðan, að það hefði heyrst, að auk Íhaldsflokksins hefðu einhverjir Sjálfstæðismenn veitt stjórninni stuðning. Jeg veit ekki, hverjir mennirnir eru, en satt er það, að hjer í neðri deild höfum við heyrt hv. þm. Dala. (BJ) lýsa yfir því, að hann hafi í fyrra heitið núverandi stjórn stuðningi. En eftir mínu áliti væri það eitt atriði nægilegt til vantrausts á hæstv. forsrh. Og eftir ummælum hæstv. forsrh. (JM) 1921 bjóst jeg ekki við, að hæstv. ráðh. mundi þiggja þann stuðning.

Þá kem jeg að hæstv. atvrh. Honum þótti lítið vera hægt að segja sjer til ásökunar og finst ekki mikið til um, þó að menn bendli hann við Krossanesmálið. Hann heimtar fleiri atriði, sem hægt sje að gera að árásarefni á sig. Að því skal jeg koma seinna.

Út af till. þeirri frá hv. þm. Str. (Trþ), sem hjer lá fyrir í vetur, sagði hæstv. atvrh., að hann skildi ekki, hvernig hægt væri að rannsaka Krossanesmálið, þar sem viðkomandi maður væri ekki í landinu. En það, sem farið var fram á með till. hv. þm. Str., var það, að neðri deild Alþingis skipaði nefnd til að rannsaka málið, en sú nefnd getur vel starfað, þó að maðurinn sje ekki hjer á landi. Hún gat bæði fengið upplýsingar hjá bæjarfógetanum á Akureyri, og ennfremur gat hún athugað öll þau skjöl, sem stjórnarráðið hafði. Sem sagt var þetta fullkomlega hægt, enda skil jeg ekki í, að hæstv. atvrh. hafi meint þetta í raun og veru.

Hæstv. atvrh. sagði, að það sýndi, hvers trausts hann nyti, þegar menn fyrir norðan hefðu ekki viljað leggja í mál eftir að þeir hefðu heyrt álit hans. En þetta er mesti misskilningur hjá hæstv. atvrh. Það var ekki vegna trausts á honum, heldur litu menn svo á, að þegar ráðherrann sjálfur, í samráði við bæjarfógetann á Akureyri, hafði látið uppi álit sitt, væri ekki til neins að fara í mál. (**Atvrh.MG**: Er þá ekki til hæstirjettur?). Jú, auðvitað gátu menn farið í mál. En skilur ekki hæstv. atvrh. það, að þegar bæjarfógetinn og ráðherrann eru búnir að draga úr mönnum og segja, að ekkert sje athugavert, veigra fátækir menn sjer við því að leggja út í kostnaðarsöm mál? (**Atvrh. MG**: Eru þeir þá ekki síldargrósserar?). Ónei, þeir eru ekki allir grósserar. Annað árið eru þeir „fallit".

Hæstv. ráðherra sagði, að jeg hefði fundið að ýmsum málum við stjórnina, sem ekki kæmu henni við. Þetta er ekki rjett. Ennfremur sagði hann, að það gleddi mig, að varalögreglan væri út-

rætt mál á þessu þingi. Jeg geri það ekki að neinu stóru atriði, þó að stjórnin komi ekki öllum frv. sínum fram.

Jeg mintist lítillega á sjúkratryggingar. Hæstv. ráðherra (MG) fanst það ekki nóg og vildi fá skýrgreiningu. Í frv. sínu blandar hann tveim óskyldum hugmyndum saman, sem gerir það eiginlega óhæft til framkvæmda. Hann tók berklavarnakostnaðinn með, en hann greiða fá lönd af sjúkratryggingum. Veikindin eru svo langvinn, að sjúklingarnir fá ekki svo lengi styrk, en sjúkratryggingum ætti að koma á hjer, ekki sem fátækrastyrk, heldur sem fullum rjetti manna á að fá vissa fjárhæð úr slíkum sjóði, ef veikindi ber að höndum. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta væri handa þeim fátækustu. Í frv. er kostnaður við berklavarnir látinn ganga fyrir. Frv. virðist mjer því ótækt eins og hann bar það fram, og er ilt til þess að vita, ef hann skyldi með því hafa spilt fyrir því, að sjúkratryggingar kæmust á.

Hæstv. atvrh. mintist á steinolíueinkasöluna. Hann skýrði frá, að hann vildi birta samninginn, en þó vill hann ekki draga hann inn í umræðurnar hjer. Mjer finst hæstv. ráðh. hefði átt að upplýsa málið og láta ljós sitt skína þar, þegar það mál var hjer til umræðu, í stað þess að senda fjrh. til að rífa niður steinolíusamninginn og gera lítið úr honum.

Hæstv. atvrh. sagði, að ef Landsverslunin væri svo góð sem jeg vildi vera láta, mundu menn vilja eiga viðskifti við hana, fyrst hún væri svona ágæt. Það hugsa jeg líka, að Landsverslunin hafi verið góð verslun, en hæstv. ráðh. mun skilja það, að það er alt önnur aðstaða, sem Landsverslun hefir, þegar hún á að keppa við erlent steinolíufjelag, sem aðeins hefir viðskiftamenn á bestu höfnum landsins, en lætur Landsverslunina sitja með erfiðustu staðina. Í gær tók jeg dæmi til að sýna fram á, að Landsverslunin í samkepni við Rockefeller er eins og Eimskipafjelagið í samkepni við Sameinaða gufuskipafjelagið. Eimskipafjelagið fær tugi þúsunda úr ríkissjóði, en Sameinaða fjelagið hirðir viðskiftin á bestu höfnunum. Auk þess er krafist, að Eimskipafjelagið sinni öllum smærri og erfiðustu höfnunum úti um land. Jeg óttast, að sama yrði um Landsverslunina, og mundi þá verða tap á henni. En jeg hugsa, að atvrh. vilji ekki neita, að einkasölufyrirkomulagið er hagkvæmt.

Þá kem jeg að því síðasta í ræðu hæstv. atvrh. Hann óskar eftir, að jeg komi með fleiri atriði til ásökunar á hann, og mintist í því sambandi á, að jeg hefði talað um húsaleigulögin og átalið sig fyrir að hafa ekki staðfest reglugerð bæjarstjórnarinnar. Hæstv. atvrh. þykist víst hafa fullkomna ástæðu til þess að standa við þennan úrskurð sinn, en jeg vil benda honum á, að það eru fleiri en jeg, sem álíta, að hann hafi gengið lengra en honum bar. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp úr brjefi borgarstjóra um þetta:

„Það virðist svo, sem háttvirtur ráðherra hafi tekið sjer meira vald í þessu efni en lögin fela honum, því það finst ekki stafur um það, að bæjarstjórnin sje að neinu leyti bundin við gömlu húsaleigulögin, nje venjur um uppsagnarfrest á húsnæði, heldur eru lögin einmitt svo rúm, að setja má, á hvaða tíma sem er, þau ákvæði, sem þá þykja hentugust".

Fleira er í brjefinu, sem mætti benda á og sýnir, að bæjarstjórn og borgar-

stjórinn líta svipað á þetta og jeg, og jeg veit, að góður lögfræðingur í bæjarstjórn hefir fjallað um þessa reglugerð, og jeg treysti honum eins vel til að fara eftir ákvæðum laganna og hæstv. atvrh.

Þegar lögin 1921 voru sett, segir í brjefi borgarstjóra, að hæstv. forsrh. (JM) hafi látið í ljós, að með frv. væri bæjarstjórninni „falið fullkomið einveldi í þessu máli". Þetta má sjá í Alþt. 1921, B. bls. 1806. Það, sem jeg því hefi sagt um þetta, er á fullkomnum rökum bygt, og svo líta fleiri á en jeg. En jeg skil, að hæstv. atvrh. vilji forsvara sínar gerðir, þó að málstaður hans sje ekki góður.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get svarað ræðu hv. flm. (JBald) í stuttu máli. Jeg þarf aðeins að leiðrjetta ofurlítið atriði, því að í raun og veru gaf ræða hans mjer annars ekki tilefni til að segja neitt verulegt.

Hann sagði, að jeg vildi gera meira úr efri deild en neðri deild. Þetta er ekki rjett. Jeg sagði ekkert í þá átt, heldur lít jeg svo á, að um afstöðu til einstaks ráðherra eða ráðuneytisins í heild sje rjettur hvers eins þingmanns í hvorri deild jafngóður og gildur. Það eimir eftir af gömlum skoðunum hjá hv. þm. (JBald), því að öðruvísi var litið á þetta, þegar þingmenn efri deildar margir voru konungkjörnir. En nú er ekki því til að dreifa.

Það er ekki rjett, sem hv. þm. sagði, að stjórnin hefði ekki viljað, að þingið athugaði Krossanesmálið; þvert á móti margbauð hún að lána öll skjöl, sem fyrir lágu í málinu. Jeg veit ekki, hvort nokkur bar sig eftir því, en svo mikið er víst, að það var boðið, og engu var leynt.

Hv. þm. (JBald) komst í mótsögn við sjálfan sig, þegar hann sagði, að ráðuneytið sæti í sjálfs sín trausti.

Jeg hefi ekki sagt annað um varalögregluna en svo oft áður, að jeg hjeldi ekki fast við frv., en væri fús að taka breytingum á því, ef til bóta væru. Jeg vildi aðeins aukning lögreglu á svipaðan hátt og farið er fram á í frv. Jeg hefi ekki horfið frá því.

Jeg ætla ekki að fara langt út í Krossanesmálið. Jeg hefi sagt frá því, hvernig málið kom til hæstv. atvrh. og af hverjum ástæðum jeg taldi mig ekki skifta það mál. Engin kæra hefir komið til mín.

Hv. þm. þurfti ekki að fara að tala aftur um guðlastsmálið. Um slík mál verður hver maður að hafa leyfi til að fylgja sinni skoðun, hvert sem almenningsálitið kann að vera. Jeg segi fyrir mig, að ef það skyldi koma fyrir mig, að jeg ætti að starfa að endurskoðun hegningarlaganna, mundi jeg hiklaust leggja til, að ákvæðið um hegning fyrir guðlast hjeldist. Hv. þm. sagði, að jeg gerði lítið úr almenningsálitinu, af því að það væri mjer ekki hliðholt. Þetta er nú ekki rjett, og satt að segja hefir það, sem jeg hefi orðið var við hingað til í þessu efni, ekki gefið mjer ástæðu til að halda, að almenningsálitið væri mjer mótdrægt.

Hv. þm. sagði að mínar afsakanir hefðu verið smáar. Það er ekki alveg rjett. Þær voru nefnilega engar. Jeg hafði ekkert að afsaka.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer hefir verið falið á hendur að gera grein fyrir atkvæðagreiðslu okkar Framsóknarflokksmanna þessarar hv. deildar um þessa þáltill. Jeg hefði gjarnan viljað

hafa haft tíma til þess í næði að búa mig undir að gera grein fyrir afstöðu okkar til hæstv. stjórnar, en síðan þessi till. kom fram, og reyndar um langan tíma áður, hafa vinnubrögðin hjer á hv. Alþingi ekki verið í því sniði, sem þeir krefjast að sje, sem heimta átta stunda vinnudag. Það hefir aldrei verið 8 stunda vinnudagur, oftast 10—14 og jafnvel 16 stunda vinna, svo að til þess að búa sig undir sjerstök störf hefir ekki unnist tími.

Það munu margir hafa búist við, að við Framsóknarmenn, sem erum fjölmennastir af andstæðingum hæstv. stjórnar, myndum bera fram vantraust á hendur henni. Jeg játa það persónulega fyrir mig, að jeg gerði hiklaust ráð fyrir því fram eftir þinginu, að jeg mundi gera það áður en þessu þingi yrði slitið. Jeg var svona bjartsýnn, að jeg bjóst við, að svo gæti e k k i farið, að Ísland yrði að sitja með þessa stjórn eitt árið til. Jeg vildi vona, að að svo miklu leyti, sem breytingar hafa orðið síðan í fyrra, hefðu þær orðið til bóta. Nú sje jeg, að þær hafa ekki orðið til bóta, heldur til hins lakara, sem hefir sýnt sig meðal annars í úrslitum mála hjer á þingi. Og ástæðan til þess, að við Framsóknarflokksmenn höfum ekki borið fram vantraustyfirlýsingu, er því einmitt sú, að við, að öllu athuguðu, teljum það víst, að hún mundi ekki ná fram að ganga.

Það kom fram við umr. Krossanesmálsins, að hæstv. stjórn gerði úrslit þess máls að fráfararatriði. Kom það þá í ljós, að það var ekki meiri hluti þessarar hv. deildar, sem vildi láta stjórnina fara frá á þeim grundvelli. Og þó hv. þm. Dala. (BJ) styddi stjórnarflokkinn og rjeði þannig úrslitum um Krossanesmálið, þá hefir hann þó oft lýst því yfir í ræðum sínum, að hann viðurkendi sig ekki styðja stjórnina. Samt hefir hann stutt hana í verkinu, og hefir það skýrlega komið fram í þeim málum, sem aðallega hafa orðið átök um hjer á þingi og hafa máli skift fyrir hana. Framsóknarmönnum þótti því fyrirsjáanlegt, að vantraustsyfirlýsing mundi ekki ganga fram, og þess vegna eigum við engan þátt í því, að hún er fram komin. Hefðum við ætlað að bera hana fram, hefðum við gert það fyr, því við vildum ekki í þinglokin valda töfum með vantraustsyfirlýsingu, sem við gerðum ráð fyrir að hefði engan árangur í för með sjer, þótt okkur hinsvegar sje það ljóst, að hún hlyti að hafa mjög góðar afleiðingar í för með sjer fyrir þjóðina, ef hún næði fram að ganga.

Þó jeg lýsi þannig greinilega því, sem fyrir okkur vakir um þetta, og því, sem veldur því, að við berum ekki fram vantraust, þá vil jeg alls ekki kasta steini að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) fyrir að flytja slíka till. Í fyrsta lagi hefir hver þingmaður leyfi til að gera slíkt, og hann hefir ef til vill ekki verið eins viss um það eins og við, að þetta yrði árangurslaust. Hann gæti hafa trúað meira á orð hv. þm. Dala., en við Framsóknarmenn höfum trúað meira á athafnirnar. En nú er þessi vantraustsyfirlýsing komin fram, og um hana á að greiða atkv. Úr því hún er komin fram, þá get jeg lýst því yfir af hálfu Framsóknarmanna, að við teljum það skyldu okkar að greiða atkv. með henni Úr því til þessa er stofnað, þá getur engum manni dulist það, sem eitthvað hefir fylgst með gangi mála á þinginu, að það er beint áframhald af þeirri baráttu, sem háð

hefir verið allan þingtímann, að við hljótum að greiða atkv. með vantraustsyfirlýsingu á stjórnina, hvaðan sem hún kemur.

Í raun og veru gæti jeg lokið hjer máli mínu, með skírskotun til þess, sem gerst hefir á þessu langa þingi, en jeg bæti nokkrum orðum við, aðeins til að rökstyðja það í stórum dráttum, hvers vegna við teljum skyldu okkar að láta atkv. okkar falla á þennan veg.

Það verða aðallega tvö atriði, sem jeg nefni; og sjerstaklega er það vegna hins fyrra atriðis, sem jeg bæti fáeinum orðum við, af því það hefir lítið komið fram í þinginu áður.

Jeg þarf þá fyrst að minnast á það, að þegar Íhaldsstjórnin settist að völdum í fyrra, var hún e k k i meiri hluta stjórn. Síðan hafa henni ekki bæst neinir fylgismenn, svo að kunnugt sje. Hæstv. stjórn er minni hluta stjórn, og jeg man ekki betur en hæstv. atvrh. (MG) hafi játað það, og hún styðst ekki við flokk, heldur við stuðning einstakra manna. Hún verður að styðjast við „kaupamenn“ — jeg get haft það í gæsalöppum, því jeg segi það ekki í slæmri merkingu.

Jeg er sannfærður um, að það, að stjórnin situr á svo óstöðugum grundvelli, er mjög slæmt fyrir það land, sem hún á að stjórna. Afleiðingarnar af því hljóta að verða mjög alvarlegar. Jeg ætla aðeins í þessu sambandi að minna á það, að það er ákaflega hætt við, að undir þessum kringumstæðum, þegar stjórnin verður að styðjast við svona stuðning, bæði við allsundurleitan flokk og svo aðra utanaðkomandi, þá er ósköp hætt við, að stjórnin verði, til þess að tryggja liðið, að veita þessum stuðningsmönnum sínum þessi og önnur fríðindi eða hygla þeim á einhvern hátt til þess að fá þá til að styðja sig áfram.

Mjer dylst það ekki, og það er mín persónulega sannfæring, að eitt frv., sem borið hefir verið fram og samþ., frv. um að stofna nýtt embætti við háskólann, er gert til þess að þóknast einmitt þeim manni í þessari hv. deild, utan Íhaldsflokksins, sem hefir stutt hæstv. stjórn til þessa. Það er mín persónulega skoðun sömuleiðis, að frv. um það, að kvennaskólinn hjer í Reykjavík yrði gerður að ríkisskóla, sje gert til þess að tryggja fylgi eins flokksmanns Íhaldsflokksins í Ed. Það hefi jeg og fyrir satt, að auk þessa hafi hæstv. stjórn gefið töluvert mikið undir fótinn um það, að stofnað verði suður í Kaupmannahöfn ekki síðar en á næsta ári embætti, sem mjög hefir verið deilt um hjer á landi, hvort nauðsynlegt væri eða ekki, einmitt til þess að þóknast stuðningsmanni, sem stjórnin á mikið undir. Jeg segi þetta sem mína persónulegu skoðun. En þetta út af fyrir sig álít jeg mjög alvarlegt, þegar það er skoðað í því ljósi, að bæði þessi embætti, sendiherraembættið og dócentsembættið, voru feld með mjög eindregnum vilja þingsins í fyrra. Fyrir fjárhagsafkomu landsins er það mjög hættulegt, að stjórn sitji við slíka aðstöðu sem þessi, og fyrir alla heilbrigði í stjórnmálalífi landsins er það mjög háskalegt.

Jeg nefni annað í þessu sambandi. Hæstv. stjórn hefir lýst því yfir, að hún vilji fyrst og fremst spara, og t. d. borga lausaskuldir ríkissjóðs á fáum árum. En þessi sama stjórn, sem þetta

segir, hún á tilveru sína undir þeim þingmanni í þessari hv. deild, sem áreiðanlega hefir minstan áhuga á sparnaði allra hv. þm., sem er hv. þm. Dala. (BJ). Hann er sá eini hv. þm. í þessari deild, sem talað hefir mjög harðlega á móti því að borga lausaskuldirnar upp á 3 árum. Þetta finst mjer hljóta að hafa miklar afleiðingar í því efni, hvernig hæstv. stjórn standi við þetta loforð á sinni stefnuskrá. Jeg segi það í framhaldi af þessu, að þá miklu hækkun, sem orðið hefir á fjárlögunum að þessu sinni, rita jeg fyrst og fremst á þennan reikning. Þingið á að vera þannig saman sett, að stjórnin og meiri hluti þm., sem hana styður, beri fyrst og fremst ábyrgð á því, að fjárlögin sjeu forsvaranlega afgreidd. En sá meiri hluti, sem nú stendur að stjórninni, er svo skiftur, sem verða má, einmitt um þetta atriði. Þess vegna er það mín persónulega sannfæring, að stimpillinn, sem nú er á fjárlögunum, sje fyrst og fremst stimpill þess manns, sem ræður því, að sú stjórn situr við völd, sem verður að setja stimpil hv. þm. Dala. (BJ) á fjárlögin. Þess vegna er það, að þótt orðin á stefnuskrá hæstv. stjórnar sjeu þau að spara og borga lausar skuldir, þá verður í reyndinni útkoman öll önnur. Þetta var annað almenna atriðið, sem jeg vildi víkja að. Jeg er sannfærður um það og við Framsóknarmenn, að af þessu ástandi sem er getur ekki stafað annað en vandræði fyrir landið, og við álítum, að undir svona kringumstæðum ætti stjórnin í raun og veru að eiga sjálf frumkvæðið að því að fá þetta lagfært. Og þetta getur ekki orðið lagfært nema með því eina móti að stofna til nýrra kosninga, til þess að fá úrskurð þjóðarinnar um þetta. Það væri tilraun til þess að fá sterkari stjórn, sem hefði svo öflugan meiri hl., að hún væri ekki háð hinum og öðrum um það, hvernig hún stjórnaði landinu.

Út frá þessu sjónarmiði greiðum við Framsóknarmenn atkv. með vantrausti, af því við teljum, að grundvöllurinn, sem stjórnin hvílir á, sje ekki sá, sem hann á að vera. Við gerum það ekki með það fyrir augum, að við ættum í staðinn að taka við stjórn, því við játum það hispurslaust, að við getum ekki bætt úr að þessu leyti. Eins og sakir standa nú, getum við ekki stofnað stjórn með tryggara undir fæti en þessi hefir. Við gerum það með þeirri hugsun, að fram ættu að fara nýjar kosningar, þar sem það sýndi sig, hvort þjóðin gæti ekki skapað ákveðnari flokk, til þess að fá heilbrigðara stjórnmálalíf, því eina ráðið til þess eru nýjar kosningar. Þó vantraustið yrði samþ., þá mundum við alls ekki krefjast þess, að stjórnin færi þegar frá og afhenti þeim flokki völdin, sem flest atkv. leggur til vantraustsins, heldur biði hún róleg meðan þjóðin væri að spurð.

Hitt atriðið, sem mjer bar sjerstaklega að gera grein fyrir, um það, hvers vegna við greiðum atkv. með vantrausti, er það, að hverju leyti við erum andstæðir stefnu hæstv. stjórnar, og í annan stað að hverju leyti við hefðum ástæðu til að ásaka hæstv. stjórn fyrir framkvæmdir hennar í einstökum atriðum. Um það gæti jeg talað í alla nótt, ef jeg vildi. En jeg tel óþarft að gera það, því á þessum 95 dögum, sem þingið hefir staðið, hefir afstaða okkar mjög greinilega komið fram, og má segja, að þingið frá upphafi og fram á þennan dag hafi í raun og veru verið ein samfeld vantraustsyfirlýsing frá okkur

Framsóknarmönnum á hendur hæstv. stjórn. Að rekja það lið fyrir lið, hvers vegna við teljum núverandi stjórn óheppilega og óhæfa fyrir landið, ætla jeg ekki að gera nú. Það mun öll þingsagan upp kveða, og jeg legg það ekki á mig nje hv. áheyrendur nje prentarana að segja þá sögu.

Aðeins ætla jeg með fáum orðum að gefa dálitla mynd af því, hvernig jeg lít á hæstv. stjórn, og þá að ráðast á þar, sem jeg er í engum vafa, að garðurinn er hæstur, og snúa máli mínu þangað, sem engum dylst að aðalkraftur inn er í stjórninni, sem setur sinn svip á stjórnina, svo augljóst er, en það er hæstv. fjrh. (Jþ).

Jeg ætla í þessu sambandi aftur að víkja að því, hvernig þessi stjórn var stofnuð, og aðeins minna á það, að í upphafi var ekki til þess ætlast af Íhaldsflokknum, að sá yrði forsætisráðherra, sem varð. Það var tilætlunin, að hæstv. fjrh. yrði forsætisráðherra. Og jeg verð að segja, að það var vitanlega rjett á litið af Íhaldsflokknum, að það hefði farið best á því, að hann hefði orðið forsætisráðherra. Það hefir sýnt sig síðan. Þetta varð nú ekki, af því að Íhaldsflokkurinn var ekki einráður um það, hvernig hann skipaði þann sess; hann þurfti hjálpar utan að, þar sem sagt var, að annar skyldi verða forsætisráðherra. Að því leyti varð hæstv. fjrh. að láta í minni pokann, þegar stjórnin var skipuð, en hitt hefir ekki farið dult, að síðan hefir hann fullkomlega unnið það upp, og það er hæstv. fjrh., sem að öllu leyti hefir á þessu þingi verið forsætisráðherra, og jeg verð nærri því að segja dóms- og kirkjumálaráðherra og atvinnumálaráðherra í tilbót. (**Fjrh. Jþ**: Þetta er oflof). Það var einu sinni sagt: Lofaðu svo einn, að þú lastir ekki annan; en því miður, um leið og jeg lofa hæstv. fjrh., þá lasta jeg aðra, og ef hæstv. fjrh. er ant um sína „kollega", þá ætti hann frekar að beina því til mín að lasta þá ekki. Þess vegna er það, að jeg sný máli mínu eingöngu til hæstv. fjrh., þegar jeg vil stuttlega gera grein fyrir því, hvers vegna við erum óánægðir með stefnu stjórnarinnar, með því að það hefir sýnt sig svo skýrt sem orðið getur, að það er hæstv. fjrh., sem setur sinn stimpil á alla stefnu hennar. Það getur engum dulist lengur, hver stjórninni stjórnar og hver er stefnan. Það getur engum dulist, að stjórn þessi er ekki fyrst og fremst landsstjórn, heldur stjórn kaupmanna og ríkra manna í höfuðstaðnum. Það getur engum dulist, að það er hæstv. fjrh., sem er fulltrúi þeirra manna hjer í bænum og af þeirra hálfu ræður stefnu stjórnarinnar. Jeg skal aðeins nefna örfá dæmi, sem sýna þetta mjög ljóslega. Fyrst má nefna það málið, sem mest hefir verið barist um, sem sje tóbakseinkasöluna. Þar var það ljóst, að við, sem henni fylgdum, gerðum það vegna þess, að við töldum það hentugri aðferð til að afla ríkissjóði tekna. Jeg segi ekki, að hæstv. fjrh. hafi látið sjer það um munn fara beinlínis, en hans hjartans meining mun án efa hafa verið á þessa leið: Þetta skal leggjast niður, af því að þessir stóru menn í bænum, sem jeg tel rjett og mjer skylt að styrkja, vilja hafa sína atvinnu af því að selja þessa vöru; það hlýtur að ráða.

Jeg get í þessu sambandi nefnt steinolíueinkasöluna, slík átök sem urðu um hana hjer fyrir skemstu. Þar var þetta

ljós meining hæstv. ráðherra (JÞ), þótt jeg geri honum að vísu upp orðin: þeir stóru geta fengið olíuna ódýra samt; þeir geta haft hag af að selja olíu; það gerir minna til, hvernig fer um smælingjana úti um landið.

Þá má nefna tekjuskattinn, málið, sem baráttan var hörðust um; þar barðist hæstv. fjrh. mjög ósleitilega fyrir sína stóru vini í borginni. En þar hefir flokkur hans sett „bremsu“ á hann í hv. Ed., svo að jeg noti orð hv. 2. þm. Reykv. (JBald).

Þá gæti jeg minst á varalögregluna, þar sem farið var fram á það af flokki manna hjer í bænum að veita pólitískri stjórn vald til þess að hafa hóp vopnaðra manna á að skipa, til þess að reka erindi þeirra. Þá mætti og minnast á skattastefnu stjórnarinnar, sem Framsóknarflokkurinn er að öllu leyti andstæður. Annars hefir kraftur hæstv. fjrh. lýst sjer sorglega og átakanlega hjer í þinginu. Hann hefir lýst sjer sorglega í áhrifum á afgreiðslu mála hjer, svo sem tóbakseinkasölunnar, og átakanlega í framkomu hans gagnvart meðstjórnanda sínum, hæstv. atvrh. Það er átakanlegt að sjá, hvernig hæstv. fjrh. taldi sjer skylt að koma fram gagnvart honum. Tóbakseinkasalan var aðaláhugamál hæstv. atvrh. hjer á þingi áður, og hann hafði lýst því yfir, að hver einasta von sín í því máli hefði ræst. En svo var mikill þunginn frá hæstv. fjrh., að hæstv. atvrh. mátti ekki einu sinni láta atkvæði sitt fylgja sannfæringu sinni í þessu máli. Það er mjög svo sorglegt fyrir íhaldsflokkinn að þurfa að hafa mann í ráðherrasessi, sem er jafnsvínbeygður og hæstv. atvrh. er í þessu máli, sem og flestum öðrum, er hann hefir afskifti af.

Með skírskotun til viðureignar hjer á þinginu áður álít jeg óþarft að fara frekar út í einstök mál. Sjerstaklega er það óþarfi, þar sem telja má víst, að þessi vantraustsyfirlýsing nái ekki fram að ganga. Jeg býst því ekki við að tala frekar í þessu máli.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg verð að segja það, að hv. 2. þm. Reykv. hefir komið hjer fram í kvöld sem harla ljeleg húsmóðir. Eins og allir vita, hefir verið rætt hjer í 4 daga um hið svokallaða Krossanesmál, og verður ekki annað sagt en að þar hafi verið sami grauturinn velgdur upp dag eftir dag. Ennfremur var sami grauturinn á borð borinn á eldhúsdaginn, og nú í þinglokin kemur þessi hv. þm. ekki með neitt annað en þennan útþynta og upphitaða graut, ásamt moðvolgum vatnssopa sem útálát frá honum sjálfum. Jeg þykist því vita, að það sje sannmæli, er jeg fullyrði, að þessi hv. deild sje orðin langþreytt og margleið á slíkri matreiðslu.

Mjer finst nú eigi að síður rjett að gera matnum einhver skil, úr því hann er á borð borinn. Vil jeg þá fyrst benda á það, að viðvíkjandi Krossanesmálinu komu fram tvenn stórfeld ósannindi hjá hv. þm. Hið fyrra er, að núverandi stjórn hafi þar látið viðgangast stærri verslunarsvik en þekst hafi hjer áður. Sannleikurinn er nú sá, að þetta hefir viðgengist, ef um svik hefir verið að ræða, fram á tíð núverandi stjórnar, en hún tók í taumana og ljet rannsaka mælikerin og löggilda þau. Það virðist því ekki hægt að fara öfugar að sannleikanum en þetta. Hitt er annað, að stjórnin hafi neitað Alþingi um rannsókn á málinu. Allir vita, að þetta eru ósannindi. Stjórnin hefir boðið þing-

nefndum og einstökum þingmönnum frjálsan aðgang að öllum skjölum málsins.

Næst kom hv. þm. að guðlastsmálinu, og þar kveður nokkuð við annan tón. Hv. þm. hefir altaf heimtað sakamálsrannsókn gegn forstöðumanni Krossanesverksmiðjunnar, vegna þess, að hann hefir grun um, að einhverjir peningar kunni að hafa vilst í vasa hans, sem ekki hefðu átt þangað að fara. En hann ber stjórnina sökum fyrir það, að hún lögum samkvæmt hefir látið höfða mál á hendur þeim, er guðlastaði. Þar vill hann láta sakir niður falla. Þetta bendir til þess, að þessum hv. þm. sje ljúfara að þjóna Mammoni en guði.

Jeg þarf litlu að svara því, sem hann beindi til mín. Hann ljet í ljós óánægju sína yfir því, hvernig meiri hluti deildarinnar tók í frv., sem jeg bar fram. Honum hlýtur þó að vera ljóst, að það getur aldrei orðið tilefni til samþyktar vantrausts, sem meiri hlutinn hefir lýst velþóknun sinni á. Viðvíkjandi undirbúningi þessa máls fann þessi hv. þm. mjer það til foráttu, að ekki hefði verið lögð fram þegar í stað áætlun um áhrif frv. á tekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári. En hjer heimtar hann það, sem ómögulegt er. Hann veit, að tekjuskattur hlutafjelaganna síðustu tvö árin hefir verið sem næstur núlli, svo breyting á löggjöfinni honum viðvíkjandi gat ekki gert breyting á tekjum ríkissjóðs þau árin. En um skattinn 1924 varð ekki vitað, því að skattaframtalið var ekki komið, er frv. var lagt fram. En er framtalið var komið, var fyrst hægt að gera útreikninga, svo það hlaut því að verða þingnefndar að gera það. Jeg skal ekki fara frekar út í þetta mál, en aðeins geta þess, að þær tekjur, sem ríkissjóður hefði á yfirstandandi ári tapað á meðaltalsreglunni, hefði hann fengið upp bættar á tveimur árum.

Jeg er alveg hissa á, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald), sem stendur fyrir stóru iðnaðarfyrirtæki og hlýtur því að bera nokkurt skyn á reikningsfærslu, skuli taka sjer í munn miljónarfjórðunginn, sem ríkissjóður ætti að tapa á niðurlagningu tóbakseinkasölunnar. Þessi miljónafjórðungur er nú orðinn landsfleygt hlátursefni og sprottinn af vanþekkingu þess þingmanns á reikningsfærslu, sem fyrstur sló þessari tölu fram. Það er margsannað, að ríkissjóður tapar engu á niðurlagningu tóbakseinkasölunnar, ef innflutningurinn vex um 5—6% eða hækkar um $^1/_6$ hluta þess, sem hann hefir minkað síðan einkasalan komst á.

Þá kom hv. þm. að steinolíunni, og var auðfundið, að þar var komið að hjartanu. Jeg tel það nokkra vorkunn, þótt hann sje í sárum eftir ósigurinn í gær, en jeg sje enga ástæðu til þess að halda þeim umræðum áfram hjer. En það þarf furðumikla djörfung til þess að segja, að steinolíusamningurinn hafi verið hinum smærri notendum hagræði, eftir að búið er að sýna með skýrum tölum, að hinir smærri útgerðarmenn hafa orðið að skildinga saman í skatt til erlends fjelags á síðasta ári 300 þús. kr. Jeg verð að segja, að ef þetta er hagræði, þá hlýtur hv. þm. að þekkja til þess, að slíkir útgerðarmenn sjeu þungir á sjer af of miklum peningum í vösum sínum og hafi orðið fyrir pyngjuljetti vegna steinolíusamningsins. Óðruvísi er hann ekki hagræði fyrir þá.

Dóm hv. 2. þm. Reykv. um verkfræðistörf mín ætla jeg að hafa að engu.

Met jeg þar meir dóm mikilsmetandi manna um þau, sem marka má af aðsókn og viðskiftum þeirra, meðan jeg fjekst við þá atvinnugrein. Annars finst mjer það harla ljelegt tal að blanda inn í þetta mál órökstuddum dylgjum um hæfileika manna til að reka iðn eða atvinnu. Hv. 2. þm. Reykv. gæti átt von á þessu sjálfur, ef andstæðingar hans væru jafnómerkilegir sem hann.

Þá mintist hv. þm. á mismuninn á afstöðu sinni og stjórnarinnar til sjómanna og verkamanna. Sagði hann, að stjórnin vildi nota auð þann, er sjómenn drægju úr djúpi hafsins, til þess að þrengja kjör þeirra. Bygði hann þetta á því, að stjórnin vildi ívilna útgerðarfjelögunum í óvenjulega harðri skattalöggjöf, sem þau eiga við að búa. Jeg held því nú fram, að það sje lífsskilyrði fyrir sjómenn, sem og aðra verkamenn, að til sjeu nægilega öflug atvinnufyrirtæki, sem veitt geti góða og stöðuga atvinnu. Tillögur stjórnarinnar miðuðu í þá átt að styrkja slík fyrirtæki og gera þeim kleift að halda áfram atvinnurekstri sínum. Þessari stefnu vilja líka sjómenn og verkamenn fylgja. En hv. 2. þm. Reykv. vill þrengja að þessum fyrirtækjum sem mest hann má, svo að skortur og óánægja verði landlæg hjer. En slíkt gefur þeim mönnum byr undir báða vængi, sem lifa á því að æsa verkalýðinn gegn vinnuveitendunum. En stefna stjórnarinnar og stefna mín í þessu máli er heilbrigðari en stefna hv. 2. þm. Reykv. Enda fjekk jeg við síðustu kosningar hjer jafnmörg verkamannaatkvæði og hann. Jeg fjekk $^2/_3$ allra greiddra atkvæða, en hann $^1/_3$ Nú er það vitanlegt, að $^2/_3$ hlutar bæjarbúa eru verkamenn, og hefi jeg því fengið helming atkvæða þeirra. Þetta stafar eingöngu af því, að mín stefna er hagstæðari öllum þorra verkamanna en stefna þessa hv. þm.

Þá sagði þessi hv. þm. í ræðu sinni, að Nd. ætti að ráða meiru um það, hvort stjórnin sæti, en Ed. Ekkert færði hann þessu til stuðnings, annað en það, að þessi deild rjeði meiru um fjárlögin. En þetta er misskilningur hjá honum, að Nd. ráði meiru um fjárlögin en Ed. Ef ágreiningur verður um fjárlögin og skiftingin er 21 atkv. gegn 21, þá er það einmitt sá flokkurinn, sem fleiri fulltrúa hefir í Ed., sem ræður, er fjárlögin fara samkvæmt þingsköpunum í sameinað þing, hvernig þau líta út. Hv. þm. hlýtur að sjá það, að allar brtt. við það, sem Ed. hefir gert, hljóta að falla með jöfnum atkvæðum í sameinuðu þingi. Það er því á algerðum misskilningi bygt, að Nd. ráði meiru um fjárlögin.

Það var gaman að heyra hv. 2. þm. Reykv. lýsa yfir því, að allir væru sammála um aukning lögreglu á sjó og landi. En þetta er ofmælt. Þó að hann sje í hjarta sínu samþykkur þessu, þá eru þó þeir menn í flokki hans, sem ýta honum fram, eindregið á móti allri lögregluefflingu. Það, sem þeir hafa fyrir stafni, gengur alt greiðlegar, ef engin lögregla er til í landinu. Það er því alls ekki rjett, að allir sjeu sammála um þetta.

Jeg læt svo útrætt við þennan forustumann stjórnarandstæðinga hjer í deildinni. Hann hefir, svo sem rjett er, fundið, að socialistarnir eru hinn eiginlegi andstöðuflokkur stjórnarinnar, og því er honum rjett og skylt að taka upp merki stjórnarandstæðinga. Framsóknarflokkurinn hefir líka skilið sitt hlutverk rjett, er hann lýsir yfir því, að

hann vilji ekki gangast fyrir vantraustsyfirlýsingu, en fylgi foringjanum, þegar hann ber fram merkið.

Jeg get virt ástæður hv. þm. Str. (Trþ) fyrir því, að flokkur hans áleit ótímabært að greiða stjórninni atlögu, þær ástæður, að ekki væri sigurs von.

Hinsvegar getur engum komið á óvart, þótt flokkurinn vilji ekki kasta steini á hv. 2. þm. Reykv. (JBald) fyrir flutning þáltill. um vantraust. Þessi till. þýðir ekki annað en það, að hinn eðlilegi foringi, jafnaðarmaðurinn, blæs til atlögu, og þá fylgir alt liðið, en kastar auðvitað ekki steinum á foringjann.

Hv. þm. (Trþ) bar fram nokkra kveinstafi yfir því, að stjórnin hefði ekki nægilega öflugt fylgi í þinginu, og stakk upp á, að rjettast væri að gera tilraun til að ráða bót á þessu með nýjum kosningum. Hann lýsti yfir því, að hv. stjórnarandstæðingar hefðu ekki hugsað sjer að taka við stjórnartaumunum, en taldi hinsvegar óheppilegt, að stjórnin hefði ekki nægan liðsstyrk í þinginu, og vildi fá þjóðina til að bæta úr þessu við nýjar kosningar. Þetta verð jeg, eftir öllum atvikum, að álíta virðingarverða traustsyfirlýsingu, þegar hún er borin fram af stjórnarandstæðingi undir umr. um vantraust.

Þar sem hv. þm. (Trþ) mintist lítillega á stofnun dócentsembættisins við heimspekideild háskólans, þá þykir mjer hlýða að gera nokkra grein fyrir minni skoðun á því máli, einkum þar sem jeg ljet það farast fyrir, þegar málið var hjer til umr. í þinginu. Þetta kennaraembætti var lagt niður á síðasta þingi af sparnaðarástæðum. Þá voru margskonar sparnaðarráðstafanir knúðar fram, vegna brýnnar nauðsynjar ríkissjóðs. Nú horfir öðruvísi við, sem m. a. má sjá af því, að gjaldabálkur fjárlagafrv. hefir í meðferð þingsins hækkað um nálega 1 miljón kr., og þó hefir stjórnin ekki neitað að taka við slíkum fjárlögum, þar sem hún telur ekki ómögulegt, þrátt fyrir svo miklar fjárveitingar úr ríkissjóði, að fylgja fram þeirri höfuðfjármálastefnu sinni að greiða lausaskuldir ríkissjóðs á fáum árum. Svo mjög hefir ástandið breyst til batnaðar. En um sparnaðarráðstafanir síðasta þings er það ennfremur að segja, að þeirra vegna var aðeins einum einasta manni vísað úr ríkisins þjónustu án þess að honum væri sjeð fyrir öðru starfi. Og sá maður var málfræðisdócentinn við heimspekisdeild háskólans. Það eitt út af fyrir sig, að þessi maður, einn allra starfsmanna ríkisins, var þannig sviftur lífsframfæri sínu, var mjer næg ástæða til að vilja gera einhverja rjettingu í þessu efni á yfirstandandi þingi, eftir því sem fjárhagnum nú er komið. En hjer við bætast ýmsar aðrar ástæður, sem hæstv. forsrh. (JM) og hv. þm. Dala. (BJ) færðu fram undir meðferð málsins og jeg þarf því ekki að endurtaka nú.

Hv. þm. (Trþ) vill rita afgreiðslu fjárlagafrv. á reikning hv. þm. Dala. (BJ). Jeg skal játa, að fjárlagafrv. hefir að ýmsu leyti verið afgreitt á annan veg en jeg hefði helst kosið; en það get jeg jafnframt sagt, að hv. þm. Str. ber, sem frsm. síðari hluta frv., meiri ábyrgð á mestu fjáreyðslunum en hv. þm. Dala.

Alt, sem hv. þm. (Trþ) sagði um mikilmensku mína í Íhaldsflokknum og stjórninni, var ekki annað en oflof. Jeg geri að vísu ekki ráð fyrir, að hv. þm. (Trþ) hafi ætlað að hlaða lofi á mig, enda er tækifærið illa til þess valið frá hans sjónarmiði, heldur mun hann hafa

viljað kasta skugga á samverkamenn mína. En á þá fellur enginn skuggi í sambandi við þessa till., enda hefir lítið orðið úr rökum, er á þá hefir verið láðist.

Jeg hefi þegar svarað þeirri staðleysu, að stjórnin sje fyrst og fremst stjórn hinna ríku í höfuðstaðnum. En jeg vil bæta því við, að hv. þm. Str., sem er fulltrúi fyrir bændakjördæmi, ætti að skilja, að hagur heildarinnar veltur á því, að atvinnuvegir landsins geti blómgast. Svo er því varið í sveitunum, og ef hv. þm. hefir augun opin, þá mun hann fljótt komast að raun um, að sama máli gegnir í kaupstöðum og sjávarþorpum.

Jeg ætla ekki að ræða um þau stjfrv. og lög, sem hv. þm. (Trþ) taldi upp og vildi gera lítið úr. En jeg skal leyfa mjer að hafa upp, eftir minni, ummæli eins flokksbróður hv. þm. (Trþ) í hv. Ed. ekki alls fyrir löngu, og vona jeg, að það verði ekki misvirt við mig. Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) sagði í ræðu í hv. Ed., að Ræktunarsjóðslögin væru langmerkustu lögin, sem þetta þing hefði afgr., og ef þingsins yrði minst fyrir nokkuð, þá yrði það fyrir þau lög. Frv. til Ræktunarsjóðslaganna var stjfrv., en auðvitað láðist hv. þm. Str. að geta þess í upptalningu sinni. Það átti ekki við — við þetta tækifæri.

Bjarni Jónsson: Gamalt grískt máltæki segir: „panta hrei", sem þýðir: alt er á ferð, eða: alt er samanburði undirorpið.

Mjer dettur þetta orðtak í hug út af vantraustinu, sem hjer er á ferðinni.

Við verðum að bera þá hæstv. stjórn, sem nú á að greiða atlögu, saman við væntanlega landsstjórn. Jeg hefi nú að vísu ekki heyrt enn, hverjir eigi að taka sæti í væntanlegri stjórn með hv. flm. (JBald), en sennilega verða þeir úr þeim flokki, sem ætlar að greiða þáltill. atkvæði. Jeg veit, að þeir verða ekki úr Sjálfstæðisflokknum, því í fyrra áttu jafnaðarmenn og sá flokkur, sem nú fylgir þeim að málum, kost á að styðja stjórn áfram, sem vinsælasti maður Sjálfstæðisflokksins veitti forstöðu. Þá neituðu þessir flokkar samvinnu við Sjálfstæðismenn, svo að sennilega ætla þeir sjer ekki nú að fara því á flot við þá að taka sæti í nýju stjórninni.

Jeg get mjer því til, að þeir ætli að mynda stjórn með hv. flm. (JBald): hv. þm. Str. (Trþ) og hv. 5. landsk. (JJ).

Mikið hefir verið um það talað, hvort jeg muni vera með þessari vantraustsstill. eða ekki. Get jeg trúað, að mönnum sje forvitni á að vita um afstöðu mína til þessa máls. En það er nú svo, að mitt fylgi er bundið við höfuðstefnu Sjálfstæðismanna og fylgi stjórnarinnar við hana. Jeg get því ekki sagt um afstöðu mína til till. fyr en jeg veit undirtektir beggja, núverandi stjórnar og væntanlegrar stjórnar, undir þessi stefnumál. Því verð jeg að fá upplýsingar hjá væntanlegum hæstv. ráðherrum sjálfum, hvort jeg á að styðja þá til valda eða ekki. Jeg verð að fá að vita, hvernig þeir muni snúast við þeim málum, sem mjer og mínum flokki eru fyrir mestu.

Á þessu þingi hafa utanríkismál vor talsvert verið rædd, bæði um sendiherra í Kaupmannahöfn og einnig aðrar hliðar á þeim málum. Stefna Sjálfstæðisflokksins hefir jafnan verið sú, að vjer höldum sjálfir á utanríkismálunum og framkvæmum að fullu fyrirmæli Sambandslaganna um þau efni. Fyrirfram er

jeg ekki viss um, að tilvonandi hæstv. stjórn verði viðráðanlegri í þessum efnum en sú, sem nú situr við völd, hversu ill sem hún annars kann að vera. Í síðasta tbl. „Tímans“ er hæstv. forsrh. (JM) m. a. hallmælt fyrir að hafa „mælt fast á þessu þingi fyrir stofnun sendiherraembættis aftur í Kaupmannahöfn“. Þetta kom líka fram í ræðu ritstjórans, hv. þm. Str., svo að ef hann verður höfuðkrafturinn í nýju stjórninni, þá hefi jeg enga trú á, að hún komi sjálfstæðismálum þjóðarinnar hærra en núverandi hæstv. stjórn.

Þó jeg hafi ekki með öllu verið ánægður með svör hæstv. forsrh. við fyrirspurnum mínum, þá verð jeg að segja, að jeg var ánægður með svar hans við 9. spurningunni, en hún skifti mestu máli í mínum augum.

Sjálfstæðismenn hafa altaf farið eftir málefnum, en ekki mönnum, og svo er enn.

Hæstv. forsrh. (JM) leggur yfirleitt kapp á, að 7. gr. sambandslaganna verði framkvæmd svo sem rjettur vor stendur til, og það er mjer áhugamál.

En „Tíminn“ og hv. þm. Str. telja utanríkismálin allra mála ómerkilegust og vilja vinna á móti því, að þeim sje kipt í viðunandi horf. Telja jafnvel afglöp af hæstv. forsrh. að mæla með sendiherra í Kaupmannahöfn. Jeg er nú sannfærður um, að sá sendiherra verður skipaður aftur innan skamms, sennilega ekki síðar en þótt fjárveitingartill. mín í því skyni hefði verið samþ. Þetta veit jeg að hæstv. núverandi stjórn ætlar að gera, svo jeg geri það ekki umhugsunarlaust að stuðla að falli hennar, með það fyrir augum, að önnur stjórn taki við, sem vissa er fyrir, að gefur þessum áhugamálum mínum olnbogaskot.

Mig undrar, að hv. flm. (JBald), sem er gamall sjálfstæðismaður og reyndar nýr, eins og atkvgr. um sendiherrann sýndi, skuli ekki hafa skoðað huga sinn um þetta veigamikla atriði, áður en hann vill bregða fæti fyrir hæstv. stjórn. Þó veit hann vel, að hann getur ekki fengið aðra með sjer í nýju stjórnina en andstæðinga sjálfstæðismála þjóðarinnar. Ef til vill treystir hann því, að hann verði aðalkrafturinn í nýju stjórninni, en þá mun hann fá að reyna fallvelti veraldlegra hluta, ef til kemur.

Nú vil jeg fá að vita, hvort nýja stjórnin vill t. d. senda nú þegar sendiherra til Khafnar, og hvort hún ætlar þegar frá upphafi að láta útnefna einn ráðherranna sem utanríkisráðherra, og yfirleitt að aðhyllast stefnu mína og annara sjálfstæðismanna í utanríkismálum. Ef nýja stjórnin heitir öllu þessu, þá treysti jeg henni betur en þeirri hæstv. stjórn, sem nú situr, en annars ekki.

Jeg hefi talað allmikið um „nýju stjórnina“, enda þótt hv. þm. Str. hafi lýst yfir því af hálfu þess íhaldsflokksins, sem kallar sig Framsóknarflokk, að hann ætli ekki að taka þátt í myndun nýrrar stjórnar, eins og nú standa sakir. Jeg fæ ekki sjeð, hvernig þingflokkur getur æskt stjórnarskifta, án þess að ætla sjálfur að taka við og gera betur en fráfarandi stjórn. Því ekki getur mönnum verið alvara að kasta öllum áhyggjum á kjósendurna og baka þjóðinni mörg hundruð þúsunda kr. kostnað, sem af nýjum kosningum stafar, þegar ekkert er til að kjósa um, annað en það, að Pjetur vill verða ráðherra,

af því að hann getur ekki unt Páli heiðursins. Mjer fyrir mitt leyti stendur alveg á sama, hvor þeirra er ráðherra, Pjetur eða Páll, ef ekkert stefnumál ber á milli, en ekki er sjáanlegt, að svo sje hjer, nema ef vera skyldi, að stofna ætti til 6. umræðu um Krossanesmálið, þar sem farið var fram á, að Alþingi gerði sig að opinberum rógbera.

Hv. þm. Str. (Trþ) sagði, að hæstv. stjórn hafi lifað á einum kaupamanni, sem mjer er ekki kunnugt um hver er. (**Trþ**: Það vita allir aðrir.). Ef hv. þm. á við mig og reiknar mjer málfræðidócentinn við heimspekideildina og sendiherrann í Khöfn í kaup, þá verð jeg að segja, að hæstv. stjórn lifir á óeigingjörnum kaupamanni. Jeg fæ ekki sjeð, að það sje fremur kaup handa mjer en hverjum öðrum sæmilegum Íslendingi, að kensla í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands sje höfð í svo góðu lagi sem föng eru á. Hv. þm. (Trþ) ætti ekki síður en mjer að vera það áhugamál. Og ekki getur það verið kaup handa mjer, þó að jafnsjálfsagt mál fái framgang og að sendiherraembættið verði aftur stofnsett í Khöfn, því aðrir en jeg munu hafa meiri hagnað af þeirri ráðstöfun.

En nú getur hv. þm. (Trþ) reynt að ráða þennan kaupamann til sín, því jeg skal fylgja honum og hans stjórn, ef hann lofar að fylgja betur fram öllum sjálfstæðismálum þjóðarinnar en sú stjórn, sem nú situr. En það mun standa í honum, því að engan hefi jeg vitað jafnmótsnúinn öllum sjálfstæðismálum þjóðar sinnar sem hv. þm. Str., enda er það eðlilegt, þar sem hann er gamall heimastjórnarforngripur, sem hefir ekki einu sinni getað fylgst með íhaldsflokknum, hvað þá meira.

Þá bar hv. þm. (Trþ) á mig lof, sem jeg á ekki skilið, þar sem hann sagði, að minn stimpill væri á fjárlagafrv. Því miður er þetta ekki rjett. Ef jeg hefði mátt ráða, þá hefði afgreiðsla fjárlagafrv. orðið með öðru móti. En e. t. v. er hv. þm. að syngja gamla sönginn úr „Tímanum", að jeg sje eyðslusamur á ríkisfje. Hjelt jeg þó, að sá söngur yrði ekki sunginn hjer á Alþingi, þar sem jeg er viðurkendur mesti sparnaðarmaður þingsins. Jeg vil spara það, sem á að spara. En jeg vil ekki vera sálnamorðingi fyrir fáa aura, og jeg vil ekki heldur, að ríkið geri sig að sálnamorðingja. Og ef jeg gæti sett þann stimpil á fjárlögin, þá þætti mjer það stór kostur. En þessar litlu upphæðir, sem jeg hefi farið fram á til menta og lista, eru smáupphæðir, hreinasti hjegómi hjá því, sem margir aðrir hafa farið fram á til vissra stjetta. Það er því til lítils að syngja þennan gamla söng og úthrópa mig á þennan hátt. Jeg neita því algerlega, að jeg hafi notað aðstöðu mína til þess að þröngva stjórninni. Það hefir ekki við neitt að styðjast. T. d. hjelt hæstv. fjrh. ræðu og lagðist á móti íshúsamálinu. Ekki var þar minn stimpill. Það er hv. þm. Str. kunnugt um.

Hv. þm. (Trþ) vill þingrof. Heldur finst mjer sá sparnaður kynlegur, að vilja stofna til nýrra kosninga af hlægilegum ástæðum, sundurlyndi einu saman. Og til hvers? Til þess að sömu menn komi aftur. Eitt eða tvö sæti kunna að verða öðruvísi skipuð. En það verður langt þangað til nokkur stjórn situr hjer í trausti eins flokks. Það verður ekki fyr en eitthvert stórmál kemur, sem skiftir mönnum í tvo flokka.

Hv. þm. Str. sagði eitt orð satt í ræðu

sinni, það, að þessir 95 dagar, sem af eru þinginu, væru ein samfeld vantraustsyfirlýsing á stjórnina. Já, þessi flokkur hefir komið því inn í hvert einasta mál. Það hefir aldrei komið fyrir áður, að nauðaómerkilegt mál væri rætt í fulla 4 daga. Að þessu standa sparnaðarmenn. Hvað kostar þessi 95 daga vantraustsyfirlýsing?

Mjer er á móti skapi að þurfa að deila á hv. þm. (Trþ), en jeg verð að gera það, þótt hann kæmi með afarmikla traustsyfirlýsing til mín sem og til hæstv. fjrh. Það er eins og hæstv. fjrh. sje einn í stjórninni og jeg einn á þingi. Þennan heiður get jeg ekki þegið.

En jeg ætlaði mjer að spyrja tilvonandi hæstvirta, hvort hún bjóði Sjálfstæðisflokknum betri framgang stefnumála sinna en sú, er nú situr. Jeg stend við það, að jeg hallast að henni, ef hún gerir það. En um traustið fer eftir samanburði við það, sem er. Landið getur ekki verið stjórnlaust. Þess vegna verða gætnir menn að stilla til og ekki stofna til óþarfra kosninga um mennina eina saman.

Magnús Torfason: Jeg ætla aðeins að gera grein fyrir atkv. mínu, því að jeg átti óbeint þátt í því, að þetta „ministerium", sem við höfum, heitir „Magnússen", en ekki „Thorlaksen". Ástæðan til þess, að jeg hallaðist að því, að núverandi forsrh. tæki við, var meðal annars sú, að hann hafði áður verið bræðingsráðh. og farist það eftir vonum sæmilega. Hann kunni manna best að sigla milli skers og báru, og eins og þingið var þá skipað, þurfti þess með. Jeg leit svo á, eins og á stóð, að best væri að fá hægfara íhaldsstjórn, og að það yrði þjóð og þingi best, og ekki síst fyrir þá sök, að búast mátti við megnum mótblæstri, sakir jafnra flokka. Til þess að gera nú betur grein fyrir þessu, skal jeg geta þess, að á uppvaxtarárum mínum var til skip, sem hjet „Pumpustokkurinn". Þetta var besta sjóskip og farsælasta fleyta, en sá ljóður var á því, að það gat ekki hálsað nema í jómfrúleiði. Vegna þess, hve oft mistókst að hálsa, var loks alveg hætt við það og sú regla upp tekin, að „kúvenda". En „Pumpustokkurinn" komst leiðar sinnar samt sem áður.

Nú þóttist jeg vita, að sú stjórn, sem kæmi, þyrfti oft að halda á gætninni og „kúvenda". Og jeg hefi það álit á núverandi forsrh., að hann kunni þá list allra manna best, sem fæðst hafa á þessu landi. Jeg segi honum þetta ekki til lasts. Hjer er krappur sjór og um að gera að nota liggjandann. Og það má segja, að það þurfti að hafa þetta lag, ef störf þingsins áttu að verða að verulegum notum og kraftar þingsins að nýtast. Því þegar þing er skipað svo jafnliða flokkum sem nú, þá hættir nytsömum málum oft til að hjaðna í framkvæmdaleysi, vegna óvildar milli flokka. Jeg treysti honum sem sagt manna best til þess að verða forsrh. allrar þjóðarinnar, en ekki eins flokks, til þess að láta deilumálin liggja, en snúa sjer að því, sem helst var samkomulag um. En þessu trausti hefir hæstv. forsrh. alveg brugðist. Jeg man eftir honum, hvað hann var grátfeginn og fagur, þegar hann settist í stólinn. Þá var það aðalefnið í ræðu hans að „treysta guði og bíða góðs". En stjórnin hefir bara ekki gert það. Hún hefir hvorki treyst guði nje beðið góðs. Að mínum dómi hefir

stjórnin unnið fleiri skemdarverk en þarfa á þingi, ef frá eru tekin einstaka smámál, sem allir voru sammála um. Jeg skal nefna Ræktunarsjóðinn. Þetta frv. hefir þingið stórlega bætt. En stjórnin hefir reynt að spilla og ná úr þeim ákvæðum, sem nýtust eru. Það hefir farið svo, að mikill tími þingsins hefir gengið í það að verja þjóðina fyrir stjórninni.

Fyrir nokkrum árum fór jeg embættisferð norður á Strandir. Þegar jeg kom á Skorarheiði og sá ofan í fjörðinn, þá var sandurinn allur hvítur. Þetta voru skjannahvítir rekadrumbar. Ef jeg lít á sögu þessa þings, þá liggja frv. stjórnarinnar hjer eins og rekadrumbar á fjörusandi. Það hefir verið talað um það bæði fyr og síðar, en jeg vil að gefnu tilefni höggva dálítið í einn drumbinn.

Hæstv. forsrh. hefir í kvöld lýst hann sem sína eign. Jeg þarf ekki að lýsa því máli með öðru en því, að sjálft Íhaldið „væmdi við vofu slíka að gleypa". Og það er von, því þetta er upphaf þess að innleiða hnefarjett í landinu. En með frv. sýnir líka Íhaldsflokkurinn, að honum er þrotin vörn um að fá meiri hluta í landinu, fremur en í nálægum löndum. Annars er frv. sem þetta ekki nýtt í sögunni. 1885 var flengingarfrumvarpið borið fram. Samkv. því áttu amtmenn að geta smokkað lögreglusamþykt upp á kaupstaðina án samþykkis bæjarstjórna. Og það var ekki einungis í bæjunum, sem átti að stofna lögreglulið, heldur úti í sveitunum. Þetta kom fram fyrir 40 árum og var angi af kúgunarstefnu Estrupsráðuneytisins. Það var borið fram í Ed., eins og flest skemdarfrv., en mótmælt einum rómi af þjóðkjörnum þm. og náði ekki að komast í nefnd. Þannig litu sjálfstæðismenn þeirra tíma á slík lög. Það vill nú svo vel til, að frv. um varalögreglu er borið fram á 100 ára afmæli Estrups gamla. Hvort það er gert til heiðurs honum, skal jeg ekki segja.

Það væri ástæða til þess að minnast nánar á eitt mál, guðlastsmálið, sem hv. 2. þm. Reykv. talaði um. Hæstv. forsrh. leit svo á, að ekki mætti treysta almenningsálitinu til þess að dæma í svona máli. Jeg held, að það sje alveg öfugt. En málið er þannig til komið, að lýsing kemur fyrir í ritdómi á skoðunum Austurlandabúa á Jahve Mósebókanna. Um hann er farið nokkuð hörðum orðum. En jeg hefi sjeð alveg samskonar lýsingu gerða alveg vítalaust af manni, sem er prestur í þjóðkirkjunni. Mig hrylti, er jeg las þá lýsingu. Georg Brandes hefir fyrir stuttu lýst Jahve, og sú lýsing er síst mýkri, og hneykslaði engan, að því er vitað er. Þess vegna furðaði mig dálítið á því, að hæstv. fjrh. (Jþ) skyldi hefjast handa til þess að andmæla þessu. Það hlýtur að vera af því, að Jahve Mósebókanna er guð að hans skapi. Jeg veit ekki betur en að sá maður hjer í bænum, sem þetta mál ætti að taka til fyrst og fremst, bæjarfógetinn, njóti almenns trausts, og hæstv. dómsmálaráðh. gat því vel látið hann um það að ákveða það, hvort koma skyldi fram ábyrgð á hendur þessum unga manni. Og það því fremur, sem jeg verð að líta svo á, að tilganginum verði síst náð með málshöfðun gegn þessum manni, ekki aðeins vegna þess, að almenningsálitinu er ætlað að dæma hann, heldur verður sú málshöfðun líka til þess að útbreiða ummælin og valda því, að miklu fleiri hneykslast en ella. Og jeg var satt að segja dálít-

ið hlessa á hæstv. forsrh., að hann skyldi láta hafa sig til slíks. Mjer finst það svo ólíkt honum. Jeg veit og þekki það, að hann er maður miskunnsamur, og hann hefir jafnan orðið að taka það nærri sjer að refsa mönnum, og segi jeg það honum til hróss. Jeg held því, að þegar hann var að ákveða þetta, þá hafi einhver illur andi verið með honum.

Jeg get hugsað, að mönnum þyki það skrítið, að jeg skyldi hafa glæpst á því að mæla með hæstv. forsrh. í fyrra og kjósa hann fremur öðrum í þá stöðu, en til þess lágu þær ástæður, að jeg tel hæstv. forsrh. frekar vel innrættan, þegar hann fær að ráða sjer sjálfur. En hæstv. forsrh. hefir aldrei hrundinn maður verið, enda ber raun vitni, að hann hefir alveg orðið að hliðra til fyrir nafna sínum.

Hvað snertir hæstv. atvrh. (MG), þá ætla jeg ekki að snúa mjer neitt að honum. Það hefir aldrei verið siður minn að leggjast á lítilmagnann. Það er líka svo auðsjeð, að hæstv. fjrh. skoðar hann aðeins sem skrifstofudreng sinn. Að svo sje, er auðsætt af því, að hann hefir ekki einu sinni tekið til máls, þegar verið var að drepa fyrir honum hans hjartfólgnustu afkvæmi.

Þá kem jeg að sjálfu háfjallinu, hæstv. fjrh. Honum verður ekki brugðið með rjettu um athafnaleysi, en frekar um það, að athafnirnar sjeu misjafnar. Jeg sagði um hann í fyrra, er jeg kom af þingi, að hvað sem öðru liði, þá færi enginn í skúffuna hjá honum. En nú get jeg ekki sagt það sama. Að vísu er hann enn sparnaðarmaður á smámuni, en jafnframt hefir hann gerst djarftækur og seilst djúpt í vasa landssjóðs um fríðindi handa vinum sínum. Á jeg hjer sjerstaklega við tekjuskattsfrv. hans. Það hefir verið sagt áður og var nú endurtekið af hæstv. fjrh., að það væri ekki honum að kenna, hvað tekjuhallinn væri nú mikill á þessum fjárlögum, sem nú er verið að afgreiða. En jeg held, að hann eigi samt mesta sök á því, vegna þess, að eftir það, að hann bar fram tekjuskattsfrv. sitt, þá hættu þingmenn að taka sparnaðarhjal hans alvarlega. Þegar hann átti frumkvæði að því að fleygja burt úr landssjóði yfir ½ miljón kr., þá virtist þingmönnum, að þeim væri ekki eins skylt að spara. Úr því hæstv. fjrh. fleygði krónunni, þá fanst þeim sjer ekki skylt að spara eyrinn. En það, sem jeg hefi sjerstaklega út á hæstv. fjrh. að setja, er þetta, að hann hefir án neinnar nauðsynjar afnumið steinolíu- og tóbakseinkasöluna, og þá fyrtöldu á þann hátt, að varla má þinglegt kalla. Jeg skal ekki tefja tímann með því að fara nú út í það mál. Það væri að bera í bakkafullan lækinn. En það dylst engum, að sökin í þessu atriði er mest hjá hæstv. fjrh., því þótt annar maður sje að nafninu forsrh., þá er hann í raun og veru höfuð stjórnarinnar.

Eins og menn vita, er þetta þing sögulegt fyrir þau mörgu stjfrv., sem hafa verið drepin, en þó hafa mörg stjfrv. gengið í gegnum þingið. Í öðrum löndum er það siður, þegar stórmál eru leidd til lykta, að stjórnin leitar eftir því, hvernig þjóðin lítur á slíkar ráðstafanir. Nú verður því ekki neitað, að stjórnin hefir brotið á bak aftur ýms stefnuatriði fyrverandi stjórna, og því hefði ekkert legið nær en það, að hún kveddi sjer nú hljóðs og óskaði þess, að þjóðin dæmdi um það, hvort hún hefði gert rjett eða rangt. En stjórnin hefir nú lýst yfir því, að hún vilji ekki efna

til nýrra kosninga. Og af því vil jeg draga þá ályktun, að hún líti sjálf svo á, að verk hennar sjeu ekki vel þokkuð með þjóðinni. Því jeg er ekki í neinum vafa um það, að ef hún teldi sig vel þokkaða með þjóðinni, þá mundi hún undir eins skjóta sínum málstað undir hana, til þess að fá sterkari aðstöðu en hún á nú að fagna. Þetta er líka eðlilegt, því stjórnin hefir ekki fylgt hugsjónum og stefnu íhaldsflokksins yfirleitt, heldur aðeins þess hluta flokksins, sem ríkastur er og mest hefir völd. Hún mun því fara nærri um það, að það sje ekki holt fyrir hana að leggja sig á skurðarborð þjóðarinnar.

Út af þessu, sem jeg hefi nú sagt hjer, þá er það sjálfsagt, að jeg get ekki annað en greitt atkvæði með þeirri till., sem hjer er fram komin. En því vil jeg lýsa yfir, að jeg hefði langhelst kosið, að stjórnin hefði, án þess að til vantrausts kæmi, leyst upp þingið. En til þess er hún ófáanleg, og verð jeg þá að líta svo á, að með þessu hafi hún dæmt sig sjálf.

Umr. frestað.

Á 80. fundi í Nd., fimtudaginn 14. maí, var fram haldið e i n n i u m r. um till.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg skal fyrst víkja nokkrum orðum að hæstv. forsrh. (JM) og ræðu hans. Hann bar ekki neitt fram um það, hvernig atkvgr. í Krossanesmálinu var. **(Atvrh. MG:** Því skal jeg svara). Jeg skildi líka hæstv. forsrh. svo, að hann væri mjer sammála og á móti hæstv. atvrh. (MG). Annað þarf jeg ekki að rekja um ræðu hans; hann var yfirleitt spakur og hafði ekki margt fram að færa.

Öðru máli var að gegna um ræðu hæstv. fjrh. (JÞ), sem talaði af miklum móði og hjelt hjer aðalvarnarræðuna fyrir stjórnarinnar hönd. Mun ýmsum hv. þm. hafa fundist sem hann væri búinn að taka við stjórnartaumum. En þótt svo sje nú ekki, þá er þó sýnilegt, að stjórnin etur hæstv. fjrh. fyrir sig, eins og t. d. í steinolíumálinu, þegar hann var látinn gefa yfirlýsingu um það, hvernig stjórnin sneri sjer í því máli. Jeg skil, hvernig þetta var. Hæstv. fjrh. var í vondu skapi út af meðferð fjárlagafrv., og hæstv. forsrh. var nógu klókur til þess að sjá, að yfirlýsing þessi var svo heimskuleg, að sjer væri ekki sæmandi að bera hana fram, en gilti hinsvegar einu, þótt hæstv. fjrh. hlypi af sjer hornin. Og jeg veit, að hæstv. forsrh. hefir hlegið í hjarta sínu, þegar hæstv. fjrh. varð að taka yfirlýsinguna aftur. En hitt veit jeg, að með sjálfum sjer finnur hæstv. forsrh. til yfirdrotnunar hæstv. fjrh., og jeg get vel unt honum þess ama.

Hæstv. fjrh. byrjaði ræðu sína í gær með skáldlegri líkingu og sagði, að það væri ljeleg húsmóðir, sem framreiddi vatnsgraut með vatni út á. Jeg skil það, að hæstv. ráðh. (JÞ) muni láta vel að tala um þetta, því það minnir hann á efni, sem hrært er út í vatni og jeg þykist vita, að honum sje mjög kært. En annars er það einkennilegt, hvað honum er tamt að nota vatnið í öllum sínum samlíkingum. Þannig man jeg, að í umræðunum um vantraust 1921 líkti hann einni ræðu þáverandi og núverandi 4. þm. Reykv. (MJ) við vatn eða slepju. Vill hann líklega því fremur nota þessa

líkingu um aðra, að stundum hefir það verið um hann sagt, að honum hafi gengið illa að fá vatnið til að renna í pípurnar.

Þá skal jeg víkja að því, að hæstv. fjrh. sagði, að jeg hefði farið með ósannindi í Krossanesmálinu, og hjelt því fram, að fyrverandi stjórnir hefðu ekki látið sig þetta mál neinu skifta, en nú hefði núverandi stjórn sýnt þá röggsemi að láta löggilda mælikerin í Krossanesi, til að koma í veg fyrir svik framvegis. Þetta er engin afsökun frá hans hálfu, heldur er það óbein játning um það, að svik hafi átt sjer stað í Krossanesi. Og hafi þessi svik átt sjer stað lengi áður, þá var því meiri ástæða til þess að fara hörðum höndum um þá, sem að þessum svikum kunna að hafa verið valdir. Og engin afsökun fyrir núverandi stjórn, þótt þetta hafi viðgengist undir fyrri stjórn.

Hæstv. ráðh. (JÞ) kvað það skifta í tvö horn að vera að tala um Krossanesmálið og guðlastsmálið í sömu andránni. Það má vel vera, að jeg hefði ekki minst á guðlastsmálið, ef jeg hefði ekki haft Krossanesmálið til samanburðar. Annarsvegar er hjer smámál, sem stjórnin hefir höfðað gegn ungum mentamanni fyrir grein í blaði, en hinsvegar eru stór viðskiftasvik, sem eru látin óátalin. Það var því ekkert ósamræmi í minni ræðu, þótt jeg mintist á þetta tvent samtímis, því að hefði stjórnin sýnt af sjer rögg í stærri málunum, þá hefði minna verið talað um smámálin. Út af guðlastinu sagði hæstv. fjrh., að jeg vildi heldur veita Mammoni fylgi mitt en öðrum. Mun honum vera manna kunnugast um það, hvernig á að fara að því, og má hann því djarft úr flokki tala.

Þá kom hæstv. fjrh að skattalögunum, og get jeg vel skilið, að hann sje ekki ánægður með þá meðferð, er tekjuskattsfrv. hefir orðið fyrir. Jeg vorkenni honum, að hann skyldi ekki koma frv. í gegnum þingið, eins og hann ætlaði sjer, því að þegar til hv. Ed. kemur, þá kemur þessi skolli fyrir, að brestur hinn mikli flótti í lið stjórnarinnar, þegar menn fara að rýna í skattaframtalið og sjá, hve miklu munar. Þetta eitt, að hæstv. fjrh. fjekk blekt hv. Nd. til þess að samþ. frv., þótt hann hefði gleymt að afla sjer upplýsinga um málið hjá skattstofunni, gæti eitt út af fyrir sig verið nóg vantraustsefni á hæstv. stjórn. Hæstv. fjrh. mintist lítið á það, sem er aðalatriðið í þessu máli, að stjórnin var með frv. að gefa fáeinum efnamönnum eftir skatt. En flokksmönnum hæstv. ráðh. í Ed. til lofs skal það sagt, að þegar þeir sáu, hve stórgjöfull hann var, þá var þeim nóg boðið.

Þá mintist hæstv. fjrh. á tóbakseinkasöluna og hjelt því fram, að í reikningum hennar væri skekkja, er munaði $^1/_4$ miljón. Jeg vil nú segja, að best er úr því sem komið er, að reynslan skeri úr um það, hvort ríkissjóður tapar ekki á breytingunni. Og mjer kæmi það ekki á óvart, þótt það yrði $^1/_4$ miljón, sem ríkissjóður tapar, og önnur $^1/_4$ miljón, sem landsmenn verða á næsta ári að greiða til kaupmanna vegna hærra verðs. En þetta sýnir sig í framtíðinni.

Hæstv. fjrh. sagði, að jeg væri í sárum út af steinolíumálinu. Jeg skal játa það, að mjer þykir leitt, hvernig þessu máli er komið, þó ekki vegna flokksbræðra minna, sem hafa þar atvinnu, eins og hæstv. ráðh. hjelt fram. En jeg er í sárum út af því, að nú á að fara að ryðja um koll því fyrirkomulagi, sem

hefir sýnt sig hentugt fyrir landsmenn, og verðlag á þessari nauðsynjavöru hefir verið betra en hægt er að búast við í frjálsri samkepni. Hitt hefi jeg fallist á, að í einstökum tilfellum gæti það komið fyrir, að einstakir menn á bestu höfnum landsins gætu ef til vill náð betri kjörum um steinolíukaup heldur en hjá Landsverslun, en þá mundi það ganga út yfir hina smærri, sem eru á útkjálkum landsins. Og ef einstakir útgerðarmenn ættu að geta keypt olíu beint frá útlöndum, þá yrðu bankarnir að vera ríflegri á fjárútlát en verið hefir. Og þegar Steinolíufjelagið er komið hjer inn aftur, þá verða menn að sæta því verði, sem upp er sett, hvað svo sem yfirlýsingum hæstv. fjrh. viðvíkur. Og það mun ekki hugsa um það að birgja landið að öllu leyti, og yrði því Landsverslun að sitja uppi með verstu staðina og sjá þeim fyrir birgðum.

Hæstv. ráðh. (JÞ) gerði samningana við B. P. Co. að umtalsefni, en þær tölur, sem hann fór þar með, á hann eftir að sanna að sjeu rjettar, og allan samanburð á því, hvort við gætum fengið olíu ódýrari á annan hátt, vantaði alveg. En hitt þykir mjer dálítið einkennilegt, að hæstv. stjórn skuli koma með árásir á þá stofnun, sem undir hana er gefin, og reyna að gera tortryggilega skýrslu hennar um rekstur fyrirtækisins.

Þá skal jeg víkja að því, er hæstv. fjrh. sagði, að hann og stjórnin hefðu gert mikið fyrir verkamenn og sjómenn. Hann kvaðst vilja hlynna að atvinnurekendum, svo að þeir væru þess megnugir að veita verkalýðnum atvinnu. En það er nú alkunna, að eftir því sem peningar safnast á færri hendur, því meir eru þeir notaðir til þess að þröngva kosti verkalýðsins, og jeg fæ ekki sjeð, að það efli velmegun hans. Og er kannske skattapólitík stjórnarinnar til þess að ljetta hag verkalýðsins? Þar er verðtollur, gengismismunur og alt eftir þessu. Það stoðar ekki hót, þótt verkalýðurinn fyrir samtök sín fái sæmilegt kaup, ef það er alt tekið af honum aftur í sköttum, beinum eða óbeinum, og allskonar álögum. En þetta er stefna stjórnarinnar, sem hælir sjer af að vera verkalýðnum holl.

Þá hrósaði hæstv. fjrh. sjer af því, að hann hefði fengið eins mörg verkamannaatkvæði og jeg við síðustu kosningar. Hann getur nú ekki sagt um það, hve mörg verkamannaatkv. hann hefir fengið, því að það var fleiri mönnum til að dreifa á listanum en honum. En við getum tekið til dæmis kosningarnar 1921. Þá fjekk hann 14—1500 atkv., en jeg um 1800. Ef hann reiknar út eins og hann gerði í gær, þá lítur ekki út fyrir, að hann hafi þá fengið mörg verkamannaatkv., heldur hafi sárafáir fylgt honum af þeim, eins og að líkum lætur.

Þá kem jeg að því, er hæstv. ráðh. talaði um vald deildanna. Vildi hann telja Ed. jafnrjettháa um úrslit fjárlaganna og Nd. Jeg get ekki sannfærst um, að það sje rjett hjá honum. Segir hann það víst af því, að hann veit, að íhaldið er í meiri hluta í Ed. Hann tók sem dæmi, að ef fjárlögin kæmu fyrir sameinað þing, þá gæti Ed. ráðið því, að allar brtt., sem fram kæmu við gerðir hennar í sameinuðu þingi, yrðu feldar með jöfnum atkvæðum, 21 á móti 21. Hjer hlýtur hann að skifta eftir flokkum, en ekki eftir deildum, því þá sjá allir, að Nd. á að ráða, ef menn á annað borð sjá, að 28 er meira en 14.

En annars skil jeg ekki vel, hvernig hann fær atkvæðatöluna 21 á móti 21, ef hann skiftir eftir flokkum. Mjer vitanlega eru ekki nema 20 menn í Íhaldsflokknum, og hann getur varla reiknað með atkvæði hv. þm. Dala. (BJ) í sameinuðu þingi í atkvgr. um fjárveitingar. Þetta bendir til, að einhver nýr maður hafi bæst í hópinn, ef nokkuð er að marka þessar bollaleggingar, sem annars voru ærið óljósar.

Þá mintist hæstv. ráðherra á varalögregluna og sagði, að mjer væri ýtt út á móti henni, en væri í hjarta mínu með aukning lögreglunnar. Ef hann á við, að flokksmenn mínir sjeu á móti aukning lögreglu yfirleitt, þá vil jeg benda honum á það, að í bæjarstjórninni eru 5 sósíalistar, og þeir hafa altaf verið með aukning á hinni föstu embættislögreglu bæjarins, en Íhaldið barist á móti, þar á meðal ráðherrann sjálfur, meðan hann átti sæti í bæjarstjórn. Hann og hans flokksmenn vilja fá pólitíska vikapilta til snúninga, en ekkert hafa að gera með fasta embættislögreglu.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að svara hæstv. ráðherra fleiru; ástæður hans voru svo veigalitlar.

Þá skal jeg víkja að hv. þm. Dala. (BJ). Mjer kom það undarlega fyrir sjónir, hvernig hann snerist í þessu máli. Hann vildi forvitnast um, hverjir ættu að taka sæti í hinni nýju stjórn. Það vill nú svo einkennilega til, að hv. þm. Dala. hefir áður flutt vantraust á stjórnina, eins og jeg, og jeg hefi sniðið mig nokkuð að dæmi hans. Jeg hafði með vilja enga greinargerð, svo að hver gæti greitt atkvæði frá sínu sjónarmiði. Hv. þm. Dala. fór að á sama hátt 1921. Ef hv. þm. Dala. var þá spurður, hver ætti að taka við, svaraði hann, að hann gæti ekki um það sagt fyr en þetta væri útkljáð og búið að samþykkja vantraustið. Jeg verð nú að svara honum því sama, en mjer finst bara undarlegt af hv. þm. Dala. að spyrja, er hans fordæmi er fylgt. Ef vantraustsyfirlýsingin verður samþykt, finst mjer eðlilegast, að nýjar kosningar fari fram. En jeg gat þess líka í fyrri ræðu minni, að jeg vildi, að þessi stjórn færi frá völdum, þó að önnur íhaldsstjórn tæki við, því að verri gæti hún aldrei orðið. Jeg skal játa, að það var ekki að litlu leyti vegna þess, að jeg las umræðurnar um vantraustið 1921, að jeg bar þessa vantraustsyfirlýsingu fram, er jeg sá, hverju forsætisráðherrann þáverandi, sem enn er forsætisráðherra, svaraði hv. þm. Dala. Mjer skildist það á hv. þm. Dala. í gær, að hann styddi núverandi stjórn, meðan enginn byði betur. Nú skal jeg í þessu sambandi leyfa mjer, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp kafla úr ræðu hæstv. forsrh. (JM), er hann svaraði hv. þm. Dala. á þingi 1921. En hann er svohljóðandi:

„Það er satt, að jeg hefi aldrei óskað eftir stuðningi frá þeim flokki, sem hv. þm. telst til, eða er foringi fyrir. Og þótt mjer geti þótt vænt um stuðning einstakra manna úr þeim flokki, þá vil jeg segja hv. þm. (BJ) það, að jeg mundi álíta mig á skakkri braut, ef hann styddi mig".

Þetta segir nú forsrh. 1921. Nú er það sannað í málinu, að hv. þm. Dala. styður stjórnina, og því er stjórnin, eftir orðum forsrh., á skakkri braut. Og sú stjórn, sem er á skakkri braut, á að víkja frá völdum. Það verður ekki lengra

vitnað en í ummæli forsrh. sjálfs. Hann játar það, að hann sje á skakkri braut, og jeg skil ekki í því, eftir því sem komið er á daginn, að hann geti haft nokkuð á móti því, að vantraustsyfirlýsingin verði samþykt.

Hv. þm. Dala. setti hugsjónir sínar á uppboð. Einn — tveir — og — býður nokkur betur? Mjer þótti þetta leitt, ef hann talaði fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, vegna gamals velvilja, er jeg ber til þess flokks. En sem betur fór, var svo ekki, því að annar maður úr þeim flokki hefir nú talað og lýst sig algerlega ósammála hv. þm. Dala. Því er þessi uppboðsauglýsing aðeins upp á hans eigin reikning. Jeg þarf honum engu meiru að svara, jeg geri ekkert boð í hann, jeg býst ekki við að mynda stjórn og þarf ekki, frekar en hv. þm. Dala. 1921, að benda á menn til þess að fara með völdin.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefir nú talað svo lengi, að það er enginn þm. orðinn eftir nema jeg hjermegin borða, en jeg skal reyna að vera stuttorður.

Jeg vil fyrst leiðrjetta misskilning hans út af atkvæðagreiðslunni í Krossanesmálinu. Hann sagði, að þar hefði jeg ekki átt að greiða atkvæði, með því að þar hefði verið um að ræða vantraust eingöngu á mig, og hann sagði, að þegar ræða væri um vantraust á einn ráðherrann, þá mætti sá ráðh. ekki greiða atkv., en ef um væri að ræða vantraust á alla stjórnina, þá væri ekkert á móti því, að ráðherrar greiddu atkvæði. Nú var tillagan í Krossanesmálinu vantraust á stjórnina í heild sinni og henni því heimilt að greiða atkv. eftir orðum hv. 2. þm. Reykv. Þá sagði sami hv. þm., að jeg hefði dregið úr mönnum að höfða mál gegn verksmiðjunni, og slíkt hið sama hefði bæjarfógetinn á Akureyri gert. En þetta er hið mesta fleipur. Og þó að það væri rjett, þá ætti hv. þm. að vita, að þótt mál tapaðist á Akureyri, þá er til hæstirjettur. Og ef menn hætta við málssókn vegna minna orða, þá verð jeg að skoða það sem traust á mjer sem lögfræðingi.

Þá mintist hv. þm. á sjúkratryggingarmálið og sagði, að berklaveikiskostnaður væri ekki annarsstaðar innifalinn í sjúkratryggingunum. En svo er þó víða. Ef um almenna sjúkratryggingu er að ræða, þá er fyrst og fremst talinn með berklaveikiskostnaður.

Þá hengdi þessi hv. þm. sig í nefskattinn. Jeg hefi nú setið með honum á mörgum þingum, og það hefir varla komið fram eitt einasta skattamál, sem hann hefir ekki sett sig á móti. En hinsvegar samþykkir hann því nær öll útgjöld, sem tillögur koma um. Ef hann ætti að stjórna landinu, þá væri það ekki lengi að fara á hausinn, með þessari ráðabreytni. En ef hann kæmist nokkurn tíma í stjórn, mundi hann sennilega sjá sig um hönd og renna sem rakki frá þessu fleipri sínu, eins og öðru.

Hv. þm. Str. (Trþ) hjelt langa ræðu í gær. Hann sagði í henni, að alt þetta þing hefði verið svo að segja ein samanhangandi vantraustsyfirlýsing á hendur stjórninni. Og þetta var eitt af því fáa, sem rjett var í ræðu hv. þm. Fyrir hans tilverknað sjerstaklega í þessari deild, og fyrir tilverknað hv. 5. landsk. (JJ) í Ed., hefir þetta þing orðið svo langt, sem raun er á. Því að þeir og einstaka fylgifiskar þeirra, en þó sárfáir, hafa gert alt, sem þeir hafa getað, til þess

að nota hvert mál til pólitískra árása. Af þessu hefir leitt, að þingið hefir orðið svo að segja ein samanhangandi vantraustsyfirlýsing, og geta allir sjeð, hver áhrif það muni hafa haft á lengd þingsins. Það var gott að fá viðurkenningu fyrir þessu nú í þinglokin, því að þá getur enginn verið í vafa um, hver á sök á þessu langa þingi.

En hver hafa nú orðið áhrifin af þessari 95 daga vantraustsyfirlýsingu? Flestir mundu ætla, að stjórnin hefði veikst við þessa nær 100 daga skothríð. En það er þvert á móti. Hún er sterkari nú en í þingbyrjun og hefir á þessu þingi komið fram málum, sem snerta báða aðalatvinnuvegi landsins og munu halda uppi nafni þess flokks, sem að þeim stóð. Og nú þegar hv. þm. Str. sjer, að hann hefir engu á orkað alla þessa 95 daga, og hann hefir ekki tök á að lengja þingið meir, þá óskar hann eftir nýjum kosningum.

En hví skyldi stjórnin óska nýrra kosninga? Hún telur sig sitja við meiri hl. þings, og þó að hún mundi auka þann meiri hl. við nýjar kosningar, þá er ekki fyrir þeirra hluta sakir forsvaranlegt að leggja á þjóðina allan þann kostnað, sem því er samfara og hlýtur að verða nokkur hundruð þúsunda kr., því að aukaþing væri þá óumflýjanlegt. Kosningar segist hann vilja fá til þess að fá sterka stjórn. En beinlínis hlægilegt verður þetta í munni hv. þm. Str., er hann jafnframt heldur því fram, að í stjórninni sje maður, hæstv. fjrh. (JÞ), sem alla mylji undir sig og öllu ráði. Því meðan hann er í stjórn hlýtur hún að vera sterk, eftir því sem hv. þm. (Trþ) segir sjálfur, og nýjan kraft handa honum er því ekki þörf á að sækja með nýjum kosningum.

Annars er það mjög ánægjulegt fyrir okkur Íhaldsmenn að heyra undirforingjann úr andstöðuflokknum, hv. þm. Str., hefja formann Íhaldsflokksins svo til skýjanna, sem hv. þm. gerði í gærkvöldi. Við Íhaldsmenn erum því auðvitað samdóma, en við áttum satt að segja ekki von á því úr þessari átt. Um hv. þm. Str. má í þessu segja: „Bragð er að þá barnið finnur".

Hitt er mjer ljóst, að þetta lof átti að vera last um mig og hæstv. forsrh. En ef hv. þm. (Trþ) heldur, að hann með þessari Krókarefsaðferð geti spilt samkomulaginu í Íhaldsflokknum, þá fer hann algerlega villur vegar.

Jeg veit varla, hvort jeg á að svara hinum persónulegu hnútum, sem hv. þm. Str. kastaði að mjer í gærkvöldi. Hann hefir nú farið svo margar krossferðir á hendur mjer, að mig skiftir litlu, þó að þessi bætist við.

Hann gerði í þetta sinn að umtalsefni einstöku atkvgr. mínar hjer á þessu þingi, en jeg hlýt að segja honum, að jeg mun sjálfur ráða mínu atkv., en ekki hann, og það er best fyrir hann að gera sig ekki breiðari en hann er, því að enn þá fer hann ekki með atkv. nema fyrir Strandamenn, og jeg á ekki að standa honum reikning fyrir atkv. mínu, heldur Skagfirðingum, og meðan þeir trúa mjer fyrir að fara með atkv. sín vegna hjer á þingi, þá mun jeg gera það á þann hátt, sem jeg tel rjettastan, án tillits til þess, hvað hv. þm. Str. segir.

Hv. þm. breiddi sig mikið yfir það, að jeg hefði átt að halda uppi tóbaks-

einkasölunni, af því að jeg kom henni á og vonir mínar um hana brugðust ekki. En eins og hann tók fram, er sú verslun aðeins aðferð til að afla tekna, sem nú á að afla á annan hátt. Jeg sá því ekki ástæðu til að gera þetta að kappsmáli, enda greiddi jeg ekki atkv. með afnámi hennar, heldur ljet það hlutlaust. Hv. þm. Str. virtist líta svo á, að hverjum og einum sje skylt að halda uppi þeim lögum, sem hann hefir verið með til að samþykkja, en þá vil jeg benda honum á, að hann hefir sjálfur svikið þessa skyldu á þessu þingi, því að hann hefir greitt atkv. með að nema úr gildi lögin um búnaðarlánadeildina, sem hann flutti á síðasta þingi. Hann sjer því hjer flísina í auga bróður síns, en gætir ekki bjálkans í eigin auga.

Ennfremur talaði hv. þm. Str. um, að jeg hefði verið kúgaður af mínum flokki í tóbakseinkasölumálinu. Þar fer hann með það, sem hann veit ekkert um, því að ekki hefir hann verið á fundum Íhaldsflokksins, en halda má hann þeirri skoðun mín vegna. En illa situr á honum að ræða um flokkskúgun, því ekki verður annað sjeð en að hann hafi sjálfur verið kúgaður í því máli, sem hjer er til umr., því að í blaði sínu í vetur lýsti hann yfir því ótvírætt, að hann mundi flytja vantraustsyfirlýsingu á þessu þingi. En það hefir hann ekki gert. Það situr því ekki á honum að bera á aðra, að þeir geti ekki haldið skoðun sinni, þegar upplýst er um hann, að hann svíkur loforð sín og er svínbeygður af sínum flokki.

Í Vídalínspostillu stendur þessi ágæta setning: „Andskotinn setur brillur á rjettarins nasir, svo hann rammar ekki þann höggstað sem skyldi". Þetta á vel við um hv. þm. Str. Hann hefir á nösum sjer pólitískar brillur í hverju máli, og þessar brillur vinna sama verk og spjespegill, þegar andstæðingar hans eiga í hlut, og þegar þeir eiga í hlut, sýnist honum öll verk þeirra alt önnur en þau eru. Og meðan hann er með brillur þessar er honum varnað rjettdæmis um andstæðinga sína, og þess vegna hefir farið svo fyrir honum í þessu máli, að hann í vanmegna reiði sinni hefir hengt sig aftan í eina viðurkenda sósíalista þingsins og ætlar nú að samþykkja vantraustsyfirlýsingu á stjórnina út frá nákvæmlega sömu forsendum og sósíalistinn. Það er því rjett, sem hæstv. fjrh. hefir sagt, að hv. þm. Str. fylgir í þessu máli foringja sínum.

Forsætisráðherra (JM): Hv. þm. Str. (Trþ) mintist á þrjú mál, sem hann taldi bera vott um pólitíska spillingu, og af því að þessi mál snerta mig öll, bæði fyr og nú, verð jeg að svara honum stuttlega. Hann talaði fyrst um borgun til hv. þm. Dala. (BJ) fyrir fylgi við stjórnina. Það ætti að vera frv. um íslenska dósentinn. Á síðasta þingi barðist jeg fyrir því, að sá maður, sem embættið er ætlað í fyrstu, væri ekki rangindum beittur. Og eins og hv. þm. (Trþ) er kunnugt, bar jeg samskonar frv. fram fyrir nokkrum árum. Mjer er alveg óskiljanlegt, hvernig hv. þm. fer að kalla þetta borgun til hv. þm. Dala. Við hv. þm. Dala. höfum ekki fylgst altaf svo að, að þannig megi líta á. Þetta er því aðeins tyllisök, þegar alt annað þrýtur, til þess að sakfella stjórnina.

Hitt málið er það, að kvennaskólinn í Reykjavík væri gerður að ríkisskóla.

Um það get jeg vísað til undanfarandi þinga. Jeg hefi margsagt hjer, að jeg teldi það hvorki rjett nje holt, að ríkið kostaði stofnun algerlega, án þess að hafa yfirráð hennar. Það kom til orða 1923 um kvennaskólann, og þá lýsti jeg þessari skoðun minni. Nú á afstaða mín að orsakast af pólitískri spillingu.

Þá er sendiherrann. Jeg taldi og tel enn þá óheppilegt að leggja embættið niður. Jeg sagði, að það hefði mátt afsaka það í fyrra, sakir þess sparnaðar, sem þá var svo ofarlega á baugi. En nú, þegar hv. þm. segja, að minstu muni um ½ milj. aukinn tekjuhalla, þá er sú afsökun ekki lengur til. Þetta voru því óheppilegustu málin, sem hv. þm. (TrÞ) gat nefnt. Jeg get vísað um þau öll til eldri ummæla minna.

Þá fór hv. þm. (TrÞ) að lofa hæstv. fjrh. og notaði þau orð, að hann vildi snúa sjer til hans sem eina ráðandi manns stjórnarinnar. En um hvað sneri þm. sjer til hans? Um það eitt, sem beint heyrði undir fjrh., fjármálin. Hann sagði, og jeg er honum samdóma um það, að hæstv. fjrh. væri fær um að vera einn ráðh. En jeg er þakklátur hv. þm. Str. fyrir, að hann hefir gefið formanni Íhaldsflokksins þennan ágæta vitnisburð. Jeg tek undir það, og þessi vitnisburður er því þakkarverðari, sem hann kemur frá þessum hv. þm., harðasta andstæðingi Íhaldsflokksins. Hv. þm. hlýtur þó að sjá, að það hefir ákaflega mikla þýðingu fyrir flokkinn að fá þessa viðurkenningu, um leið og vantraustsyfirlýsing kemur fram, þessa viðurkenningu, sem er svo mikil, að vart hefir önnur hreinskilnari heyrst frá andstæðingi. Vjer Íhaldsmenn kunnum að meta yfirburði flokksforingjans. Það er langt síðan menn fengu auga á hæstv. fjrh. og töldu æskilegt, að hann tæki þátt í stjórnmálum, löngu áður en hæstv. ráðh. fór sjálfur að hugsa um það. Sakir vitsmuna og atgervis teljum vjer hann vera facile primus inter pares. Þegar hann gerðist foringi Íhaldsflokksins, var hann óreyndur sem foringi. Nú hefir hann sýnt yfirburði einnig þar. Og það erum ekki við einir, sem viðurkennum þetta, heldur og andstæðingar, sem nú hefir sýnt sig. Og þessi viðurkenning andstæðinganna gleður mig ennfremur af því, að hún er mjer fyrirboði um aðra bardagaaðferð en áður. Mjer hefir fundist þess gæta lítið, að andstæðingar skýrðu rjett frá mönnum og málefnum. En mjer virðist þessi viðurkenning eins og ljós í myrkrinu, gefa vonir um drengilegri viðureign. Því mjer dettur ekki í hug, að andstæðingar okkar sjeu svo grunnhygnir, að þeir haldi, að þeir með þessu geti sáð sundurlyndisfræjum í ráðuneytinu. Jeg læt mjer ekki detta í hug, að þá skorti svo tilfinnanlega alla mannþekkingu. En það er skortur á mannþekkingu að halda, að hæstv. fjrh. blandi sjer í störf hinna ráðherranna. Hann er manna ólíklegastur til þess. Fyrir mitt leyti get jeg sagt það, að mitt mark hefir verið í því efni að koma því á, að hver ráðherra væri sem sjálfstæðastur og óháðastur um ráð þeirra mála, er undir hann eru lögð. Enda svaraði aðallega sjálfur til gagnvart þinginu. M. ö. o. þingið ætti aðallega aðgang að hverjum ráðherra út af fyrir sig um embætti hvers þeirra.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) ætla jeg ekki að svara miklu. Hafði jafnvel hugsað mjer að ganga alveg fram hjá ræðu hans. Hv. þm. hafði um mig þau lofsamlegu ummæli, að jeg væri vel fall-

inn til þess að vera forsrh. fyrir alla þjóðina, en ekki eins fyrir sjerstakan flokk. Jeg verð að segja, að jeg hefi litið svo á starf mitt, að það væri fyrir alla þjóðina. Yfirleitt á jeg dálítið bágt með að skilja mig öðruvísi í stjórnmálunum en sem heimastjórnarmann, en sá flokkur hafði jafnan opið auga fyrir þörfum allra landsmanna, allra stjetta. Af því að jeg get ekki gert greinarmun á mönnum eftir flokkum, hefi jeg oft fengið að heyra, að jeg hallaðist að Alþýðuflokknum eða Framsóknarflokknum. En þetta tel jeg mjer einmitt til hróss. Að öðru leyti held jeg, að jeg vilji ekki svara þessum hv. þm. (MT). Jeg get sagt honum í einlægni, að jeg hefi aldrei bygt neitt á hans hlutleysi, svo að hann þurfti ekki að segja mjer neitt um þetta.

Um vantraust á bæjarfógetanum hjer þarf jeg ekki mikið að segja. En mjer þótti satt að segja heldur óviðkunnanlegt að heyra mann með lögfræðisprófi tala eins og þessi hv. þm. (MT) gerði, því að allir, sem til þekkja, vita, að þetta var sú eina rjetta leið, sem farin var.

Jeg held, að hv. flm. (JBald) hafi ekki sagt neitt, sem jeg þarf að svara. Þetta, sem hann las upp og hjelt að væri ákaflega skemtilegt, veit hann sjálfur, að er gersamlega þýðingarlaust og lítið spaugilegt.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg gat þess í niðurlagi máls míns, þegar jeg gerði grein fyrir atkvæðum okkar Framsóknarmanna, að jeg byggist ekki við að taka aftur til máls. Jet gæti líka látið það vera, en jeg kann varla við það, eftir að hafa setið undir fjórum ræðum ráðherranna og aðstoðarmanns þeirra, sem að mestu leyti var beint til mín. En jeg skal vera stuttorður.

Jeg vík þá fyrst að því, sem síðast var frá horfið, að hinni einkennilegu ræðu hæstv. forsrh. (JM). Jeg spurði sjálfan mig hvað eftir annað, hvort við værum ekki staddir um borð í Esju eða Gullfossi í veislu, sem hálfvegis var ráðgerð, og jeg væri að hlusta á skálaræðu fyrir hæstv. fjrh. (JÞ), því að þetta v a r skálaræða. (**Forsrh. JM**: Ekki fremur en ræða hv. þm. Str.) Hæstv. forsrh. vitnar í mín orð. Jeg þarf ekki að taka neitt aftur af því, sem jeg sagði um hæstv. fjrh. Jeg lofaði hann fyrir þrótt hans. Ráðherrann má gjarnan taka það sem hrós. Jeg stend við það, að jeg tel hæstv. fjrh. mestan mann síns flokks, og hann hefði gjarnan mátt verða forsætisráðherra. Nú hefir hæstv. forsrh. tekið í þetta og lýst sig undirmann hans. En enginn hefir tekið í það, sem jeg sagði, að allur dugnaður hæstv. fjrh. beindist að því að koma vondum málum áleiðis. Þannig var mín lýsing. Jeg sýndi, hvernig hann berðist fyrir hagsbótum ríkissjóðs, en hirti ekki um, þó að almenningur liði. Jeg játa yfirburði hans í flokknum, en jeg harma, að hann skuli nota þá svo illa sem raun er á orðin. Það er talað um í bók, sem hæstv. atvrh. (MG) vitnaði í áðan, að þeir, sem trúað er fyrir miklu, eigi ekki að fara illa með, og að á þeim hvíli því meiri skylda að fara vel með sitt pund.

Þá kem jeg að ræðu hæstv. fjrh. Hann játaði, að rjett væri rökfærsla mín um það, hvers vegna Framsóknarflokkurinn hefði ekki komið með vantraustsyfirlýsingu, en greiddi þó atkvæði með vantrausti. Þó gat hæstv. fjrh. ekki stilt sig um að taka upp úr

blöðum, miður virðulegum, slettur, sem standa þar um Framsóknarflokkinn. Hann sagði, að við fylgdum að sjálfsögðu „foringja" okkar, hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Jeg skal leyfa mjer að minna hæstv. fjrh. á annað skifti, þegar vantraustsyfirlýsing var á ferðinni. Það var á þingi 1911, að núverandi forseti þessarar deildar (BSv) bar fram vantraust á hendur Birni Jónssyni. Þá var það Jón í Múla, sem rökstuddi afstöðu Heimastjórnarflokksins. Þá greiddi hann, Hannes Hafstein og núverandi forsrh. (JM) atkvæði með vantraustsyfirlýsingu, sem annar flokkur bar fram. Samkvæmt rökleiðslu hæstv. fjrh. ætti þá núverandi forseti að hafa verið foringi þessara þriggja manna. Hvernig gat hæstv. fjrh. dottið annað í hug en að við greiddum atkv. með vantraustsyfirlýsingunni? Því þurfti hann að sletta því til okkar, að við fylgdum „foringja" okkar, hv. 2. þm. Reykv.?

Það, sem mjer þótti merkilegast í ræðu hæstv. fjrh. og minst mun verða um alt land, var það, sem hann kom inn á afgreiðslu fjárlaganna á þessu þingi. Hann hefir altaf brýnt fyrir okkur sparsemi. En nú, þegar fjárlögin eru afgreidd með talsverðum tekjuhalla, lýsir hann ánægju sinni yfir þeim og segist fúslega taka við þeim. Hann hefir þannig lýst fjárlögunum á hendur sjer og tekur að sjer að bera ábyrgð á tekjuhallanum. Jeg hefi áður sagt, að hæstv. fjrh. væri hreinskilnastur af ráðherrunum. Hann hefir verið það núna líka, og segi jeg honum það til hróss.

Jeg ætla ekki að fara inn á einstök atriði. Út af því, sem hæstv. fjrh. sagði viðvíkjandi tekjuskattsfrv., að rjett væri að gefa fjelögunum ívilnun frá óvenjulega harðri skattalöggjöf, skal jeg minna hann á, að það er hæstv. atvrh. (MG), sem hefir komið á þessari óvenjulega hörðu skattalöggjöf. (**Atvrh. MG**: Já, á mjög örðugum tímum fyrir ríkissjóðinn). Síðast kom hæstv. fjrh. með nokkuð, sem jeg skildi ekki. Hann minti á ummæli hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) um Ræktunarsjóðinn. Jeg vissi ekki vel, hvað hæstv. fjrh. meinti. Jeg held, að hann hafi viljað segja, að hann hafi fengið þarna lof, og ætlað að státa af því að hafa unnið mikið þarfaverk. Jeg verð að segja, að mjer þykir skörin vera farin að færast upp í bekkinn og skíturinn með, eins og hæstv. atvrh. (MG) sagði svo fagurlega áðan, ef hæstv. fjrh. ætlar að eigna sjer þetta mál. Allir vita, að upptökin voru stofnun búnaðarlánadeildarinnar. Síðan sendi stjórnin Búnaðarfjelagi Íslands frv. um nýja veðdeild. Stjórn Búnaðarfjel., sem jeg á einn sæti í af þeim, sem hjer eru, skipaði nefnd til þess að bæta um þetta frv., sem öllum kom saman um að væri óhæfilegt. Stjórnin feldi svo úr því frv. það, sem mest var um vert, en jeg bar fram annað frv., sem líklegt var til gagns. Útkoman varð sú, að flest, sem gott er í þessum lögum, er komið úr mínu frv. Því þykir mjer skrítið, þegar hæstv. fjrh. (JÞ) fer að státa af þessu máli. Jeg ætla ekki að státa af minni hlutdeild. Jeg get sagt, að mjer þykir gott, hve langt hæstv. fjrh. hefir látið teygjast, en jeg þoli ekki að heyra, að hann eigni sjer þetta mál, því að minst gott hefir hann til þess lagt og síst óneyddur.

Jeg þarf aðeins að drepa á Krossanesmálið. Við Framsóknarmenn flytjum ekki þessa tillögu og þurfum ekki annað en að gera grein fyrir afstöðu okkar.

En það kom fram í ræðu hæstv. ráðh. svo einkennilegur hlutur, að jeg verð að minnast á hann, og leyfi mjer svo að heimfæra aftur orð úr bókinni, sem hæstv. atvrh. (MG) vitnaði í. Jeg hefi aldrei sjeð glöggar en hjer, hvernig mönnum getur þótt sómi að skömmunum, þegar ráðherrann var að lýsa því, hve embættisbræður hans hefðu gengið vel fram í Krossanesmálinu og kipt þar öllu í lag. En sannarlega hefir stjórnin í því máli ekkert gert annað en hylma yfir svikin og breiða yfir allar skammirnar.

Jeg stóð annars ekki upp vegna þess, sem ráðherrarnir sögðu, heldur vegna ummæla hv. þm. Dala. um afstöðu mína og flokksbræðra minna. Það, sem virtist hneyksla þennan hv. þm. (BJ) mest, var það, að jeg skyldi víkja að því, að fara þyrftu fram nýjar kosningar. Það var sparnaðarmaðurinn úr Dölum, sem lýsti því yfir, að hann væri á móti nýjum kosningum af sparnaðarástæðum. Jeg hefi ekki nent að fletta upp í blöðum eða Alþingistíðindunum. En jeg gæti bent á fjölmarga staði, þar sem hv. þm. Dala. leggur áherslu á, hve nauðsynlegt sje að fá að vita vilja þjóðarinnar. Nú er svo komið, að þessi hv. þm. vill ekki nýjar kosningar vegna kostnaðarins. Jeg skal taka það fram, að jeg lái ekki hv. þm. Dala., þó að honum sje illa við nýjar kosningar. Eftir framkomu hans hjer á þingi þarf enginn að óttast þær meir en hann. Hv. þm. (BJ) nefndi líka aðra ástæðu, þá, að hjer væri ekki um nein stefnumál að ræða. Mjer þykir einkennilegt, að reyndur og gamall þingmaður skuli mæla svo. Ekki mundi hæstv. fjrh. hafa sagt þetta. Skattamál og fjármál eru aðalstefnumál í öllum löndum. Aldrei fyr hefir komið fram hjer eins harðvítug íhaldsstefna í fjármálum og skattamálum og nú. Því hefir aldrei verið eins rík ástæða og nú til þess að spyrja þjóðina, hvort hún vill halda þessari stefnu framvegis. Mjer þykir sorglegt, þjóðarinnar vegna, að hún skuli þurfa að stynja undir þessu stjórnarfari enn um hríð. En hinsvegar játa jeg, að hún verður búin að átta sig betur eftir að svipan hefir dunið á henni í tvö ár.

Jeg ætla að víkja að einu atriði enn, til þess að lofa mönnum að brosa. Hv. þm. Dala. (BJ) fetti sig og sagði: „Hjá okkur Sjálfstæðismönnum er það altaf stefnan, sem ræður". Já stefnan sú hefir nú verið greinileg, t. d. í verslunarmálunum og í tekjuskattsmálinu, Krossanesmálinu o. fl. Af því að í hlut á gamall og elskulegur kennari minn ætla jeg ekki að hafa um þetta harðari orð. (BJ: Enga hlífð þess vegna). Jeg hlífi hv. þm. sem gömlum kennara, eins og hann segist hlífa mjer sem gömlum lærisveini. Hjer er bara um uppboð að ræða. Hv. þm. bauðst til þess að fylgja mjer, ef jeg vildi fylgja honum í sendiherramálinu o. fl. En hv. þm. gleymdi því, að jeg lýsti því yfir, að þó að vantraustið yrði samþ., mundum við ekki vilja mynda stjórn, af því að við gætum ekki myndað styrka stjórn. Því þýddi ekkert fyrir hv. þm. (BJ) að bjóða mjer sig, því hann vissi, að jeg mundi ekki vilja hann. Hann mintist aftur á, að hann hefði boðið þetta sama í fyrra. En hann vissi, að við vildum ekki starfa með honum að stjórnarmyndun, og jeg hjelt, að jeg þyrfti ekki að segja honum, að við viljum það ekki enn og gerum ekki ráð fyrir að vilja það síðar.

Fyrir þessi fáu orð, sem jeg ljet falla í garð hæstv. atvrh. (MG), hefir hann haldið yfir mjer langa ræðu, og það leyndi sjer ekki, að það voru talsverð særindi undir í þeim orðum, og sannaðist þar hið fornkveðna: Svíður sárt brendur. Þau orð, sem jeg ljet falla, voru aðallega í þá átt, að jeg kendi í brjósti um hæstv. atvrh., og jeg get gjarnan látið það í ljós aftur, að jeg kenni í brjósti um hann fyrir það hlutskifti, sem hann hefir valið sjer á Alþingi. Þótt jeg standi í deilum við hæstv. atvrh., þá skal jeg játa, að mjer er persónulega hlýtt til mannsins, og jeg hefði mjög gjarnan kosið, að hann hefði valið sjer betra hlutskifti um þau mál, sem hafa legið fyrir þessu þingi. Hæstv. atrvh. veit, hvernig hans framkoma á þessu þingi verkar á álit hans úti um landið, og að það hefði verið heillavænlegra fyrir hann, hefði hann látið sannfæringu eina ráða í ýmsum málum — því jeg veit, að hann hefir sannfæringu einhversstaðar í fórum sínum — en hefði ekki lotið annarlegu valdi. (**Atvrh. MG:** Veit hv. þm. betur um sannfæringu mína en jeg sjálfur?). Hæstv. atvrh. hefir sjálfur sagt frá sannfæringu sinni í tóbakseinkasölumálinu. Hann bar sjálfur fram frv. um einkasöluna, og síðan, þegar hún er búin að standa nokkur ár, lýsir hann því yfir, að allar vonir sínar um hana hafi ræst. Við 1. umr. þess máls segist hann aðeins greiða atkv. með til 2. umr., sem altaf þýðir á þingmáli, að þm. er mótfallinn málinu. Svo við 3. umr. veltur úrskurður málsins á hans atkv. (**Atvrh. MG:** Jeg greiddi ekki atkv.) Nei, hæstv. atvrh. greiddi ekki atkv., en það þýddi í raun og veru sama sem mótatkvæði gegn einkasölunni í þessu tilfelli. Við getum náttúrlega deilt um það, hvor okkar hæstv. ráðherra sje kúgaðri, en jeg skírskota til hv. deildarmanna og allra áheyrenda, hvort hægt sje að sýna utan á sjer öllu greinilegri merki kúgunar en hæstv. atvrh. hefir sýnt í tóbakseinkasölumálinu. Sama má segja að ætti sjer stað í steinolíumálinu, þótt það kæmi ekki eins ljóslega fram, en hann sýndi það sjerstaklega með því, að hann, sem hefir þessa stofnun undir sjer, segir ekki eitt einasta orð við þessar umræður. (**Atvrh. MG:** það var nógur vaðall í þeim umræðum). Satt var það, að umræður urðu langar, en mjer finst samt sem áður, að sá ráðherrann, sem er yfirmaður einhverrar stofnunar, eigi að leyfa sjer að tala, þegar um hana er rætt, ef hann hefir einhverja skoðun á málinu. Þetta má merkilegt heita, sjerstaklega af því, að hann varð til þess að koma því máli í gegn. Fleiri dæmi þessu lík gæti jeg tínt til, en hirði ekki um það að sinni.

Jeg skal játa það fúslega, að jeg hafði talið það alveg víst, að við í Framsóknarflokknum mundum koma með vantraustsyfirlýsingu. Jeg taldi það svo víst, af því að jeg er í eðli mínu svo bjartsýnn, að jeg vildi alls ekki trúa því, að landið ætti að búa lengur við þessa mjög svo óhæfu stjórn, sem jeg trúi að sje. Jeg hafði það traust til míns gamla vinar, hv. þm. Dala., að jeg vildi ekki trúa því, að hann ljeti sig henda þau ósköp á gamalsaldri að halda lífinu í slíkri stjórn. Svo kom það á daginn, að hv. þm. Dala. sýndi sig í verkinu vera svo rótgróinn íhaldsmann, sem hægt er að vera, í skattamálum og

fjármálastefnu, þó að hann sje eyðslumaður. Jeg játa, að þarna hefi jeg orðið fyrir vonbrigðum.

Þótt jeg væri búinn að gefa í skyn, að jeg mundi koma með vantrauststillögu — þó sagði jeg það ekki berum orðum — þá fanst mjer við nánari athugun rjettara að gera það ekki, af því að jeg vissi, að hún mundi ekki ganga fram. Jeg taldi rjettara af mjer sem þingmanni að vera ekki að stofna til þess að lengja þingið. En það, sem hefir breyst hjá mjer, er það, að von mín hefir brugðist sjerstaklega um hv. þm. Dala. Af því tek jeg mína stefnu, og hæstv. ráðherra getur ásakað mig fyrir það, ef hann vill.

Jeg hefi tilhneigingu til að víkja að mörgum atriðum, sem hæstv. atvrh. hefir vikið að, en ætla að sleppa því, nema rjett einu. Hæstv. atvrh. var að státa af sínum stjórnarafrekum og kvað stjórnina hafa komið fram mörgum málum. Hæstv. atvrh. má minnast þess, að merkustu málin, sem stjórnin hefir komið fram, eru þau, að rífa niður verk hæstv. atvrh., sem hann vann þegar hann var fjrh. á sinni tíð. Merkasta málið, sem hæstv. stjórn hefir stutt, er afnám tóbakseinkasölunnar, sem hæstv. atvrh. var frumkvöðull að. Líkt má segja um afnám steinolíueinkasölunnar, sem hæstv. atvrh. var einn höfundur að. (**Atvrh. MG:** Var jeg höfundur að steinolíueinkasölunni?). Hæstv. atvrh. mun að vísu ekki hafa skrifað fyrstu drættina að þeim lögum, en hann var frsm. þess máls í þinginu, og það var aðallega hann, sem gerði grein fyrir tilgangi þess fyrirkomulags, og fylgdi málinu mjög fast.

Hæstv. atvrh. endaði með tilvitnun úr Vídalínspostillu, um það, þegar andskotinn setti brillur á rjettarins nasir, og vildi heimfæra til mín. Enginn maður á Íslandi er frægari fyrir það, hvernig hann hefir látið setja brillur á sínar nasir, heldur en hæstv. atvrh, þegar hann fór sína frægu ferð norður í Krossanes.

Björn Líndal: Það hefir ekki svo ósjaldan komið fyrir hjer á þingi, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hafi valdið mjer leiðinda. En ekkert hefir valdið mjer eins mikillar undrunar eins og það, sem hann ræðir nú í dag. Jeg vil segja, að það þurfi töluvert mikla fífldirfsku til þess að leyfa sjer að koma með vantraustsyfirlýsingu á Alþingi, þegar það er fyrirfram víst, að það hefir ekki hina minstu þýðingu, aðra en þá að auka úlfúð og lengja þingtímann. Þó væri þessum hv. þm. dálítil afsökun í því, ef hann hefði eitthvað um stjórnina að segja og það, sem hún hefir gert á þessu síðasta ári, annað en það, sem er margbúið að tyggja upp áður. Hugsanlegt er, að hann hafi og nokkra afsökun í því, að hann mun langa til að tala eins og hann heldur, að sumt af því fólki vilji heyra, sem hlustar á pöllunum. Það mun því rjett vera, sem hæstv. fjrh. benti á, að þessum hv. þm. er þarna stilt upp af honum verri mönnum. Jeg þykist þekkja manninn svo að greind og öðru góðu, að hann mundi alls ekki hafa gert þetta ótilknúður af öðrum. Það er líka afsökun út af fyrir sig, að hv. þm. langar til að láta ljós sitt skína, og hann vill njóta þeirrar ánægju að sitja hjer á þingi áfram. Honum er það líka vorkunn, þó að hann fylgi þeirri siðferðiskenningu, sem hans

flokksmenn sjerstaklega berjast fyrir, og það er að reyna að vinna sem minst fyrir sem mestu kaupi.

Þá er hv. þm. Str. Jeg vil nú reyna að tala við hann í öllu bróðerni. Mig undrar enn þá meira hans framkoma. Hann byrjar snemma á þinginu á því að hóta vantrausti, og áður hafði hann gert það í blaði sínu. Fyrir eitthvað hálfum mánuði sagði hann mjer, að hann ætlaði að flytja vantraust. En svo þegar vantraust er komið fram, þá talar þessi hv. þm. fyrir hönd síns flokks og segir, að vitanlega sje þetta alveg þýðingarlaust, af því að það gangi ekki í gegn. Nú er mjer spurn: Hvers vegna er þessi hv. þm. kominn í skóla hv. 2. þm. Reykv., til þess að halda klukkutíma ræður, sem eru eintómar árásir á stjórnina, eftir að hann er búinn að viðurkenna, að í 95 daga hafi hann notað hvern einasta dag til þess að gera þetta sama?

Það mun líka mega finna afsökun fyrir hv. þm. Str., og hún er sú, að hann viti naumast stundum, hvað hann gerir. Jeg vil vekja athygli á því, að nú, þegar hv. þm. stóð upp, byrjaði hann á líkan hátt og hann gerir langoftast, en sú byrjun er hjer um bil svohljóðandi: Jeg ætlaði ekki að standa upp; jeg er neyddur til að taka til máls, og skal lofa því að vera stuttorður og þar fram eftir götunum. Eftir að hv. þm. byrjar með þessum formála veður hann vitleysiselginn hálfa og heila klukkutímana, án þess að hafa nokkra hugmynd um það sjálfur.

Jeg vil benda hv. þm. Str. á það, hvort hann geti ekki skilið það sem fulltrúi bændanna, hversu það er erfitt fyrir íslenska bændur að sitja hjer langt fram á sumar, eins og erfitt er með fólkshald alt um annatímann.

Til þess að sýna þjóðinni, hvernig þessi hv. þm. hefir hegðað sjer á þessu þingi, þyrfti að prenta svo mörg eintök af Alþingistíðindunum, að hægt væri að senda á hvert einasta heimili á landinu, svo að allir gætu sjeð með eigin augum, hvað þessi hv. þm. hefir gert, ekki einungis til að lengja þingið óhæfilega, heldur jafnvel að gera það stundum líkara vitfirringahæli heldur en löggjafarsamkomu. Heldur hv. þm. Str., að það sje hagræði fyrir íslenska bændur, að þingið hagi sjer á þann hátt, sem hefir átt sjer stað í þetta sinn? Nei, það fer að verða ómögulegt fyrir nokkurn bónda að eiga þar sæti, og endalokin verða svo þau, að hann, sjálfur bændafulltrúinn, með mælgi sinni sópar öllum bændum burt úr þinginu.

Jeg mun vera í tölu efnaðri bænda, en þó hefi jeg ekki ástæður til að vera frá heimili mínu jafnlengi og nú, og mjer er það stórtjón. Jeg veit, að allir þingmenn, sem heima eiga utan Reykjavíkur, vildu svo guðsfegnir vera löngu komnir heim, enda bíða þeir beint fjárhagslegt tjón af þessu uppihaldi. En það er hv. þm. Str., sem ber höfuðábyrgðina á þessu tjóni.

Nú vil jeg með allri vinsemd leyfa mjer að skora á hv. þm. Str. að reyna að komast hjá því í framtíðinni, sem hann hefir mjög tíðkað á þessum tveim þingum, er hann hefir setið á, að gera mönnum lítt sætt hjer í hv. deild undir málæði sínu, en með tímatöfinni að gera mönnum utan af landi ómögulegt að gefa kost á sjer til þingmensku.

(**JBald**: þetta var nú góð ræða!). Já, hún var að minsta kosti betri en hjá hv. 2. þm. Reykv.

Fjármálaráðherra (Jþ): Jeg vil gera mitt til þess, að umræðum verði lokið áður en fundarhlje þarf að gera, og skal þess vegna vera fáorðari heldur en þær löngu ræður hv. flm. (JBald) og aðstoðarflm., hv. þm. Str. (Trþ), hafa gefið tilefni til.

Hv. flm. sagði, að jeg hefði tekið aftur yfirlýsinguna, sem jeg gaf hjer fyrir stjórnarinnar hönd í umræðunum um steinolíueinkasölumálið. En þetta er alveg rangt hjá honum. Jeg þurfti einungis að leiðrjetta lítils háttar misskilning hjá hv. þm. Str. viðvíkjandi till., þar sem hann skildi hana svo, að hún ætti ekki við það mál, sem fyrir lá, heldur væri verið að lýsa áformi stjórnarinnar, ef till. um að gefa steinolíusöluna frjálsa yrði feld. Jeg bjóst við, að hún yrði samþykt, og við það var yfirlýsingin miðuð; og nú hefir till. verið samþ., svo yfirlýsingin stendur sem tilkynning um áform stjórnarinnar um það, að draga inn í ríkissjóð talsverðan hluta af varasjóði Landsverslunar, sem nú stendur í steinolíuversluninni, og verja því fje í greiðslur á lausaskuldum ríkissjóðs.

Í sambandi við þetta vil jeg minnast á það, sem hv. þm. Str. sagði um það, að stjórnin, eða jeg sjerstaklega, hefði lýst ánægju yfir fjárlögunum og tekið mjög fúslega við þeim. Þetta hefi jeg ekki gert eða sagt. Jeg sagði ekki annað nje meira en það, að stjórnin hefði sjeð sjer fært að taka við fjárlögunum eins og þau eru, þótt þingið hafi hækkað útgjöldin um tæpa miljón. Að stjórnin sjer sjer þetta fært, stafar ekki hvað minst af því, að þessi urðu úrslit steinolíumálsins. Þar er stjórninni heimilað fje til umráða, alt að því eins mikil upphæð eins og útgjaldaauki fjárlaganna nemur, sem stjórnin getur varið til greiðslu lausaskulda, í stað þess tekjuafgangs, sem hefði mátt gera ráð fyrir á fjárlögunum, ef þau hefðu verið samþykt lítið breytt frá því, sem stjórnin gekk frá þeim.

Jeg skal geta þess, út af því, að hv. þm. Str. var að gefa stjórninni aðvörun gegn því að leggja fje ríkissjóðs í nokkra hættu vegna framhalds á steinolíusölunni, að jeg skal fyrir mitt leyti taka þau orð fullkomlega til greina.

Ummælum hv. 2. þm. Reykv. um verkfræðingsstörf mín svaraði jeg þegar í fyrri ræðu minni, og þarf jeg þess vegna ekki frekar að minnast á þau öfugmæli hans. Í síðustu ræðu sinni bætti hv. þm. nokkru við viðvíkjandi afskiftum mínum af vatnsveitu Reykjavíkur. Jeg veit, að allir sanngjarnir bæjarbúar líta öðrum augum á verkfræðingsstörf mín viðvíkjandi því fyrirtæki heldur en hv. 2. þm. Reykv. (**JBald**: Jeg fór ekkert inn á þetta). Hvað átti þá hv. þm. við með því, að vatnið hafi ekki viljað renna í pípunum? En hv. þm. er kannske farinn að sjá, að honum hefði verið sæmra að segja ekkert um þetta.

Út af útúrsnúningi hv. flm. (JBald) viðvíkjandi Krossanesmálinu vildi jeg taka það fram, að jeg benti einungis á það, að núverandi stjórn hefði lagfært við síldarverksmiðjuna það eina, sem var að lagfæra, og það voru síldarmálin.

Ummæli hv. flm. um tekjuskattinn og tóbakseinkasöluna voru ekki annað en gömul upptugga, og get jeg gengið fram hjá þeim. Um steinolíumálið er mjer sjerstök ánægja að ræða við hv.

þm. í heyranda hljóði hvenær sem hann vill. Jeg get sagt hv. þm. það, út af samanburði þeim, er hann gerði á steinolíuverslun og sementsverslun, að sementið er selt með opinberlega skráðu verði, flutt um borð í framfærsluhöfn, og steinolían sömuleiðis með opinberlega skráðu verði, flutt um borð í framleiðsluhöfn í Bandaríkjunum. Landsverslun sýnist ekki hafa sýnt meiri kaupmenskuhæfileika en svo, að hún hefir keypt olíu með stórkostlegri álagningu, eingöngu vegna flutnings úr framleiðsluhöfn til annarar hafnar, sem enginn sementskaupmaður mundi gera. Það hefir aldrei komið fyrir, það jeg þekki til, í sementsverslun, að kaupandinn hafi þurft að borga 30—35% álagningu á vöruna, bara fyrir það, að hún var keypt í annari höfn en framleiðsluhöfn. Hitt er vitanlegt, að hann hefir þurft að bæta við flutningsgjaldi — og það var eðlilegt fyrir steinolíukaupanda að gera það — frá Bandaríkjunum til London. En álagningin, sem Landsverslun greiðir þarna, er þannig, að jeg get að minsta kosti fullyrt, að enginn sementskaupmaður á þessu landi hefði getað staðist stundu lengur, ef hann hefði rekið sína verslun eftir svipuðum reglum og Landsverslun hefir gert.

Jeg skal geta þess, að jeg gat ekki hlustað á allar ræður hv. þm., sökum þess, að jeg var bundinn við umræður í hv. Ed., og skal jeg því láta hjer að mestu staðar numið.

Hv. þm. Str. (Trþ) þarf jeg litlu að svara. Jeg veit, að hv. þdm. hafa tekið eftir því, hversu mikill munur var á allri ræðumensku hans í þetta sinn og hans fyrri ræðu. Og það vita allir, af hverju mismunurinn stafar. Í fyrri ræðu hans voru orðin lögð honum í munn af öðrum, sem sje hans heiðarlegu flokksmönnum, en í síðari ræðu sinni sýndi hann sína eigin þingmenskuhæfileika. Hann byrjaði með því að segja það, sem hann mátti vita, að allir vissu að var ósatt, sem sje að hæstv. forsrh. hefði lýst sig sem undirmann minn. Hæstv. forsrh. er nýlega búinn að tala, og allir hinir sömu hlustuðu á hann og hv. þm. Str., en svona mikið er blygðunarleysið hjá þessum hv. þm., að jafnvel þó að hann viti, að allir viti, að hann fer með ósannindi, getur hann ekki stilt sig.

Hv. þm. hneykslaðist á því, að jeg sagði, að Framsóknarflokkurinn fylgdi foringjanum til atlögu gegn stjórninni í þetta sinn. Jeg ætlaði ekki með því að segja, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) væri foringi Framsóknarflokksins í nánara skilningi, en sá hv. þm. hefir í þessu máli komið fram sem foringi stjórnarandstæðinga sameiginlega, og hefir þar með sett sig í það virðulega sæti, sem t. d. í breska parlamentinu er viðurkent að vera hið mesta virðingarsætið næst stjórnarsessi. Þetta sæti hefir hv. 2. þm. Reykv. með fullum rjetti tekið sjer, og Framsóknarflokkurinn, sem er nú fjölmennasti andstæðingaflokkur stjórnarinnar, fylgir svo þessum foringja til atlögu. Hann fylgir honum af því, að flokkurinn hefir engar aðrar ástæður fram að færa en þær, sem hv. 2. þm. Reykv. þegar hefir flutt. En þarna skýtur skökku við um samanburð við vantraustið á Björn Jónsson forðum, sem hv. þm. Str. var að vitna í. Því voru greidd atkv. af tveim mismunandi flokkum, og hver flokkur af sínum ástæðum, sem voru þar vendilega fram bornar, þannig, að hvorugur flokkurinn skipaði sig undir annars merki.

Um Ræktunarsjóðinn ætla jeg ekki

að kýta við hv. þm. Str. Hann hefir, eins og allir vita, horft með ólund á allan framgang þess máls hjer á þingi og gert sitt til að koma þar að ýmsu, sem mátti vera til spillis.

Út af þessu vil jeg segja frá ofurlitlu atviki, sem jeg hefi ekki sagt frá áður. Gerðist það í umræðum mínum við hina ágætu nefnd, sem skipuð var af stjórn Búnaðarfjelags Íslands. Jeg sagði þeim, að þeir þyrftu ekki að vonast eftir, að jeg legði fyrir þingið frv., sem allir yrðu ánægðir með; til þess þekti jeg þingmenn of vel. Því venjan er sú, að þegar um hagsmunamál einhverrar stjettar er að ræða, þá vilja fulltrúar þeirra stjetta á þingi gjarnan fá að leggja eitthvað þar til frá sjálfum sjer. Þessari hollu reglu fylgdi jeg, og tel afgreiðslu málsins hafa tekist vel. Jeg óska einskis þakklætis, hvorki frá hv. þm. Str. eða öðrum. Mjer eru nægileg laun þær vonir, sem jeg hefi um, að þetta geti orðið landbúnaðinum að gagni. Rætist þær, þá hefi jeg fengið enn þá fyllri laun. Ef hv. þm. Str. vill fá staðfestingu á þessu, getur hann fengið hana hjá nefndarmönnunum, Thor Jensen eða þá mági sínum Halldóri Vilhjálmssyni.

Þá talaði þessi hv. þm. um hina harðvítugu íhaldsstefnu í skattamálum og fjármálum á þessu þingi. Jeg hefi nú altaf vitað, að hann ristir grynnra en hann hefir gáfur til, en að þekking hans væri svo mjög grunnfær, hafði jeg ekki haldið.

Hvað hefir þá eiginlega gerst í skattamálum nú? Ekkert annað en lítilfjörleg breyting á tekjuskattslögunum. Að öðru leyti hefir ekkert gerst annað en það, að framlengd hafa verið skattalög, sem áður giltu. Meðal þess, sem gert hefir verið í skattamálum, er ráðstöfun um, að verðtollurinn lækki frá 1. mars 1926.

Þetta eru þá öll harðvítugheitin í skattamálum á þessu þingi. Eigi hann við afgreiðslu fjárlaganna, þá ber þess að gæta, að í stað þess, sem þau voru afgreidd á síðasta þingi tekjuhallalaus, með því að stöðva allar meiri háttar verklegar framkvæmdir, þá hafa menn nú sjeð sjer fært að auka útgjöldin um 1 milj. kr., sem verja á að mestu til nytsamra, verklegra framkvæmda, þó sjerstaklega til byggingar nauðsynlegra líknarstofnana.

Hver eru þá harðvítugheitin á þessu þingi, saman borið við síðasta þing? En yfir störf þess þings lögðu hv. þm. Str. og Framsóknarflokkurinn sína mildilegu blessun.

Jeg get fullvissað hv. þm. Str. um, að hann fælir ekki kjósendur frá Íhaldsflokknum, þó aldrei nema hann berji bumbuna um hina harðvítugu skattastefnu flokksins.

Bjarni Jónsson: Jeg vona, að hæstv. forseti (BSv) telji mig ódauðlegan í þessum umræðum, eins og hæstvirta stjórn, því að svo ber við, að sumir hv. þm. telja mig jafnt í stjórninni og ráðherrana og hefja því óspart ádeilur á mig. Og þar sem margir herja, vona jeg, að hæstv. forseti skilji, að jeg þarf mörgum að svara.

Jeg vil þá fyrst víkja nokkrum orðum að hv. flm. tillögunnar (JBald). Jeg spurði hann í gær, hverja stefnu þessi nýja stjórn mundi taka í ýmsum málum, sem jeg lagði fyrir hann. En nú þykist hann ekki vita það, og hafði eftir mjer, að jeg mundi styðja þessa stjórn, meðan enginn byði betur. Þetta sagði jeg alls ekki. Jeg sagði, að mjer

þætti „betri ein kráka í hendi en tvær í skógi“. Mjer þætti nefnilega betra að styðja þá stjórn, sem þegar hefði gengið inn á margt af stefnumálum flokks míns, heldur en aðra, sem engu vildi lofa.

Þá þótti mjer undarlega við bregða, þegar þessi hv. þm. fór að bregða mjer um, að jeg hjeldi uppboð á hugsjónum mínum. En jeg vil spyrja hv. þm.: Hvaða uppboð er það á hugsjónum, þó að maður fylgi þeim fram af fremsta megni?

Annars þýðir ekki um þetta að deila við þennan hv. þm. Hann skilur ekkert, hvað hugsjón er. En það vil jeg segja honum, að brigsl hans vinna ekkert á hugsjónum manna. Heimskan er heimska, og það jafnt þó að hún sje orðin svo rík, að ekki þýði að segja orð af viti. Annars hefir mjer oft sárnað, að Hannes Hafstein skyldi ekki fá heiðurslaun fyrir kvæðið, sem hann kvað til heimskunnar:

„Lútandi sit jeg hjer,
lofkvæði flyt jeg þjer,
alheimsdrotnandi,
aldrei þrotnandi,
þjettgjörva, þrekbygða,
þrautgóða, eldtrygða,
margreynda, háttvirta heimska ..“.

Ættu menn að læra þetta kvæði, því að „sú háttvirta“ yrði þeim þá e. t. v. auðþektari.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að hv. þm. Str. (Trþ). Hann vildi halda því fram, að einhver sjerstakur ráðherra bæri ábyrgð á fjárlögunum. En því get jeg ekki trúað, þar sem þm. ráða þó altaf atkvæðum sínum sjálfir, og þar af leiðandi hlýtur þingið í heild sinni að bera ábyrgð á, hvort heldur það eru fjárlög eða önnur lög. Það getur því ekki verið um að ræða, að einn ráðherra, frekar en aðrir þingmenn, beri ábyrgð á slíku.

Þá þótti þessum hv. þm. það firn mikil, að jeg taldi það heimsku eina, ef fara ætti að rjúfa þing, af þeim ástæðum einum, að ekki væri víst, hvort stjórn hefði þingmeirihluta. Jeg stend fyllilega við þetta. Þingrof er þrautavopn, til þess að koma fram einhverri stefnu eða einhverju mjög þýðingarmiklu málefni. Annars eru þau ekki til neins. En hv. þm. var svo vænn að segja, að andstaða mín gegn þingrofi stafaði ekki af öðru en því, að jeg væri hræddur við nýjar kosningar. En jeg veit, að hann skilur, að öll slík hætta er fram hjá mjer liðin, þar sem hv. 5. landsk. (JJ) var svo góður að gera sjer ferð vestur hjerna um árið til þess að styðja mig, og hann sjálfur (Trþ) núna síðast. Jeg veit því ekki, hvað getur komið fyrir næst, nema ef það skyldi verða, að þeir kæmu báðir saman, og það teldi jeg langtum skemtilegra, því að þess vissari er kosning mín, því meira sem þeir vinna á móti mjer. Jeg er því hvergi hræddur við næstu kosningar, enda þótt hv. þm. Str. verði á móti mjer, sem jeg tel enn þá mjög vafasamt.

Þá var þessi hv. þm. að tala um stefnumun aðalflokka þingsins. Jeg sje nú ekki, að á þessu þingi verði annað greint á milli þeirra en það, að Íhaldsflokkurinn hefir töluvert snúist til stefnu Sjálfstæðisflokksins. Og úr því að hv. þm. Str. finnur stjórninni það til foráttu, þýðir lítið fyrir hann að vera að mælast til skófna hjá mjer. (Trþ: Jeg er ekki að því). Jú, þingmaðurinn var víst að því. Ef hann er þegar búinn að gleyma því, man hann ekki lengi, hvað hann segir.

Þá var hv. þm. að reyna að gera sig fyndinn þegar hann var að tala um stefnu Sjálfstæðisflokksins. Út af þeim ummælum skal jeg segja honum það, að stefna Sjálfstæðisflokksins hefir aldrei gengið í fötum nokkurs manns, Ekki einu sinni í fötum sessunauts míns, hv. 1. þm. Árn. (MT). Hún hefir altaf verið sú sama. En hv. þm. Str. virðist ekki kunna að gera greinarmun á stefnum og mönnum, og eftir skoðun sinni ætti hann að vera harðvítugur fylgismaður núverandi stjórnar.

Þá var þessi hv. þm. að tala um uppboð, og mjer skildist helst, að hann ætlaði að segja eitthvað ljótt um það. En það gerði hann ekki, sem ekki var heldur von, því að það er ekkert ljótt við það, þótt einn lítill þingflokkur spyrji hina stærri flokka um stefnur þeirra, til þess að vita, með hverjum hann geti helst unnið. Þetta er það eðlilega uppboð, sem altaf á sjer stað undir þessum kringumstæðum. Og hví skyldi maður ekki vera með þeim, sem vilja vinna að manns eigin stefnumálum, og víst er það, að enginn maður hefir rjett til þess að sitja á þingi, sem ekki á sín stefnumál og vill vinna að þeim. Hv. þm. þóttist vilja vægja mjer og segja ekki um mig svo ljótt sem jeg ætti skilið. En það þykir mjer leitt. Hann hefði átt að líða það vel í sundur, hversu svívirðilegt það væri að leita stefnu sinni fylgis á Alþingi og hjá stjórn með því móti, sem jeg hefi gert. Því að þá hefðu menn getað borið saman viðleitni Tímamanna og Alþýðubleðlinga og aðferðir þeirra til þess að fá sínum málstað fylgi.

Það er ekki rjett, að stefna Sjálfstæðisflokksins hafi ekki altaf verið ein og hin sama. Hún hefir verið og er: Ísland sjálfstæð og fullvalda þjóð, framkvæmd 7. gr. sambandslaganna óskeikul, og vitanlega að gæta hagsmuna þjóðarinnar í viðskiftum gagnvart öðrum ríkjum, frjáls verslun í frjálsri samkepni, vel grundvölluð æðri mentun og mikil og góð alþýðumentun, bygð á rjettum grundvelli.

Þetta hefði hv. þm. (Trþ) átt að vera vorkunnarlaust að vita.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal ekki vera margorður, aðeins segja fáein orð við hv. þm. Str. (Trþ). Hann vill nú ráða, ekki einungis hvernig jeg greiði atkv., heldur hvenær og hvernig jeg tala. Honum þykir undur, að jeg skuli ekki vilja vaða elginn látlaust, eins og hann. En jeg geri ekki leik að því, að þetta þing standi lengur en 100 daga.

Svo er það kúgunin. Jeg hefi sýnt fram á það, að hv. þm. lofaði vantrausti í vetur. Og hann hefir margendurtekið það — en brugðist. Menn vita ástæðuna. Hann hefir verið kúgaður af sínum flokki til þess að láta það vera.

Hann sagði einnig, að mín merkustu mál hefðu verið rifin niður, t. d. tóbakseinkasalan. Það hefði verið aðferð til þess að ná tekjum. Það er alveg rjett. En nú er önnur aðferð upp tekin án þess að jeg skifti mjer af því. En sjálfur hefir hann komið með eitt mál í fyrra og drepið það nú. Hann ætti því ekki að lá þeim, sem koma fjölda mála gegnum þing, þó einhverju verði breytt, er mörg ár eru liðin.

Hv. þm. Str. segir, að sjer sje til hlýtt til mín. Hann er þá nokkuð dulur á tilfinningar sínar, og það er þá nýlega til komið. Annars mun þetta vera ein af missýningum hv. þm. Str., og valda því eflaust brillurnar. En raunin er sú, að

jeg hefi aldrei orðið fyrir annari eins óbilgirni af nokkrum manni eins og af hv. þm. Str.

Honum er illa við brillurnar, sem jeg sýndi fram á að hann hefði á nefinu, og vill setja þær á mig. Jeg vil þær ekki. En ef hann vill taka þær ofan, gleðst jeg hans vegna, þó jeg vilji ekki setja þær upp sjálfur, því að honum vil jeg síst líkjast. En leiða vil jeg athygli hv. þm. að því, að þar sem hann og allur Framsóknarflokkurinn ætlar að greiða vantrauststill. 2. þm. Reykv. (JBald) atkv., þá hefir flokkurinn tekið hann að foringja og lýst yfir fylgi við hann. Þetta verður ekki úr skafið, enda enginn ágreiningur milli þessara hv. þm.

Þorleifur Jónsson:*) Jeg var ekki inni, þegar hæstv. fjrh. (JÞ) talaði, en eftir því, sem mjer heyrist á hæstv. atvrh. (MG), þá á Framsóknarflokkurinn að hafa skrifað undir alt, sem hv. 2. þm. Reykv. hefir sagt. Svo er að vísu ekki, en enga óþökk fær hv. 2. þm. Reykv. af okkur, þó hann hafi tekið sig fram um þetta.

Hv. þm. Str. (TrÞ) hefir farið rjett með, hvernig flokkurinn hefir litið á vantraustsyfirlýsingu. Hv. þm. (TrÞ) hefir ekki viljað þvinga hana fram og því síður verið kúgaður til þess að láta það vera. En flokkurinn hefir álitið, að ekki þýddi að koma með það, eins og sakir stæðu, það mundi ekki ganga í gegn. En jeg vænti, að hæstv. stjórn og Íhaldsflokkurinn sjái, að þegar vantraustið er komið fram, þótt frá öðrum flokki sje, þá er eðlilegt, að Framsókn greiði því atkv., því að það er ekki hægt að neita því, að stjórnin hafi getað átt von á vantrausti. Henni er kunnugt um, að flokkurinn treystir henni ekki til að fara með völd.

Íslendingar hafa aldrei átt kastala til þess að verjast útlendu ofríki. En á stríðsárunum komum við okkur upp vígi. Það var Landsverslunin og skipin. Enn þann dag í dag er Landsverslunin okkur vígi gegn fjárdrætti útlendra peningapúka.

Það er sorglegt, að stjórnin skuli hafa rofið þetta vígi. Með það fyrir augum blandast mjer ekki hugur um, að jeg greiði vantrausti atkv.

Flm. (Jón Baldvinsson): Hæstv. atvrh. (MG) þarf jeg litlu að svara. Jeg vil bara minna hann á, að í Krossanesmálinu valt á hans atkvæði. Og það mun venja annarsstaðar, er ræðir um mál, sem sjerstaklega snertir einn ráðherra, að sá hinn sami láti þá vera að greiða atkvæði. Svo var og í Danmörku í vetur. Í fólksþinginu var borin fram tillaga, sem vítti gerðir eins ráðherrans. Ráðuneytið gerði tillöguna að fráfararatriði. Og tillögunni var vísað frá, en sá ráðherrann, sem hlut átti að máli, greiddi ekki atkv. Og svo átti heldur ekki að vera hjer. Og þetta skilst mjer einnig að hæstv. forsrh. hafi gengið inn á.

Hæstv. fjrh. (JÞ) vil jeg svara því, að jeg gerði ekki verkfræðingsstarf hans að umtalsefni, af því að hann var ekki inni þá. Það var ekki af því, að jeg teldi mjer það ekki fullheimilt, því flestöll verkfræðisstörf sín hefir hann unnið fyrir hið opinbera. Og þau liggja því undir dómi almennings.

Jeg vil nota tækifærið og koma lítið eitt við hv. þm. Ak. (BL), úr því hann,

*) Óyfirlesin ræða.

móti venju sinni, er við. Það kemur ekki sjaldan fyrir, að hann sprettur upp með hvelli, alveg eins og tappi úr sódavatnsflösku. Og síðan byrjar sama athöfnin hjá báðum: þingmaðurinn freyðir, og flaskan freyðir. En svo hjaðnar alt niður vonum bráðar. Það er líka svo, að í hvert skifti sem hv. þm. Ak. (BL) stendur upp, þá standa allir flokksmenn hans á öndinni um, að hann geri nú einhvern „skandala". Það er altalað, að forseti sameinaðs þings hafi frestað fundi í steinolíueinkasölumálinu, af því að hann þorði ekki að hleypa hv. þm. Ak. (BL) að.

Annars ætla jeg að láta hv. þm. (BL) einan um aðdróttanir sínar. Þær eru svo óþinglegar, að jeg skil ekki annað en forseti hafi einhvern tíma tekið í hnallinn þegar minni þörf var á.

Þá vil jeg að lokum beina því til hæstv. forsrh., er hann sagði, að ummælin, er jeg las eftir hann frá þinginu 1921, sjeu þýðingarlítil og lítið spaugileg, hvort honum finnist það svo ákaflega þýðingarlítið, þegar búið er að sanna með eigin orðum forsrh., að stjórnin sje á skakkri braut. Jeg álít það ekki þýðingarlítið, en hitt get jeg fallist á, að það sje „lítið spaugilegt".

Fjármálaráðherra (JÞ): Það mun þykja tilhlýðilegt, að jeg kvitti fyrir athugasemdirnar frá meðbróður mínum, hv. formanni Framsóknarflokksins (ÞorlJ). Hann hefir fallist á, að milli flm. vantraustsins (JBald) og flokks síns sje enginn ágreiningur um afstöðu til þeirra mála, sem eru orsök þess. Hann sagði, að Landsverslunin væri vígi. Jeg hefi líkt henni við hreiður. En jeg felst á, að samlíkingin um vígi sje eins góð. Hún er vígi fyrir þá, sem þar eru. Mjer þykir annars undarlegt, að þetta mál skuli gert að tilefni til vantrausts; því till. um steinolíuverslunina er ekki borin fram af stjórninni, heldur af þm. Það hefði því átt að lýsa vantrausti á meiri hl. þingsins. En þetta sýnir, að formælendur till. eru til neyddir, vegna skorts á tilefni gagnvart stjórninni, að grípa til þess að finna að ákvörðun meiri hl. þingsins.

Þorleifur Jónsson: Jeg verð að álíta, að stjórnin hafi staðið að baki till. og að hún hafi komið fram á ábyrgð stjórnarinnar.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg finn enga ástæðu til þess að lengja umr. frekar. Jeg vitna til ummæla hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) út af orðum hæstv. fjrh. um afstöðu okkar og skírskota til alls þess, er á þessu þingi hefir gerst. Og get jeg vel við unað að halda viðureigninni áfram við hæstv. stjórn í blöðunum.

Björn Líndal: Jeg hefi oft hugsað um, hvort virða ætti hv. 2. þm. Reykv. svars, en af síðustu ræðu hans hefir mjer skilist, að slíkt á ekki við, og læt jeg það því vera.

Sigurjón Jónsson: Það mun hafa verið forseti sameinaðs þings, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) átti við með ummælum sínum um hv. þm. Ak. (BL). En þessi ummæli eru jafnórjettmæt í garð hæstv. forseta Sþ. (JóhJóh) og í garð hv. þm. Ak.

Þingið hefir nú staðið nær 100 daga, og hv. þm. Str. hefir lýst því yfir, að allur þessi tími hafi mátt heita samfeld vantraustsyfirlýsing til hæstv. stjórnar. Þessi ummæli hans vil jeg henda á lofti,

því að þau sýna það best, hversu hv. þm. Str. og hv. 2. þm. Reykv. hafa misbrúkað tíma þingsins og hversu þeir hafa blandað afstöðu sinni til stjórnarinnar í afgreiðslu þingmálanna. Jeg mun ekki gleyma, er jeg kem heim, að skýra þetta fyrir kjósendum mínum.

Jón Auðunn Jónsson: Hæstv. forseti Sþ. (JóhJóh) hefir beðið mig að lýsa yfir því, að ummæli hv. 2. þm. Reykv. (JBald) um það, að hann hafi slitið fundi til þess, að hv. þm. Ak. (BL) gæti ekki talað, sjeu rakalaus og gripin úr lausu lofti.

ATKVGR.

Tillgr. feld með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JBald, JörB, KlJ, Pþ, SvÓ, Trþ, þorlJ.

nei: ÁJ, BJ,, BL, HK, JAJ, JK, JS, Jþ, MG, MJ, PO, SigurjJ, þórJ, ÁF, BSv.

Tveir þm. (JakM og MT) fjarstaddir.

D.
Vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Orðabókarstarfsemi.

Á 24. fundi í Ed., föstudaginn 6. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um að rannsaka orðabókarstarfsemi Jóhannesar L. L. Jóhannssonar og Þórbergs Þórðarsonar (A. 138).

Á 25. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 27. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. mars, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Ed., laugardaginn 14. mars, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg hefi orðið þess var, að til eru menn hjer á Alþingi, sem álíta ekki þörf á að athuga þetta mál. Jeg skal játa, að miðað við þá fjáreyðslu, sem er í fjárlögum hin síðustu ár, þá eru þessir 2 liðir ekki ýkjaháir. En jeg geri ráð fyrir, að nokkrum árum fyrir stríð hefði það þótt skifta máli, hvernig farið væri með 7—8 þús. kr. af landsfje árlega, og ef því væri varið til verks, þá skyldi full trygging fyrir, að við þetta verk væri unnið á þann hátt, sem vera bæri.

Nú vil jeg leyfa mjer að halda því fram, að varla nokkur þingmaður hafi í raun og veru hugmynd um, hvernig þessu orðabókarstarfi er háttað, og enn síður hver ávöxtur muni af því verða. Og það, sem till. mín fer fram á, er að stíga fyrsta sporið í þá átt, að þingið, og síðan þjóðin, fái að vita, hvernig þessu starfi er varið, hvað mikið liggi nú þegar eftir þá, sem hafa unnið, hvað eigi að gera hjer eftir, hvenær bókina á að gefa út o. s. frv.

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að þessu máli, og kem jeg fyrst að aðalorðabókarhöf.

Upptök málsins voru þau, að Jóni Ólafssyni rithöfundi var nokkru fyrir stríð veittur árlegur styrkur í fjárlögum til þess að semja íslensk-íslenska orðabók. Fjárveitingunni var svo hagað í fyrstu, að hann fjekk ekki laun sín útborguð nema að því leyti sem hann sýndi, að hann hefði unnið. Gallinn á þessu var sá, að það neyddi hann til að

fullgera hefti og gefa út án þess að geta varið til þess nægum tíma. En kosturinn við þetta var sá, að þá kom ekki til mála, að útborgað væri fyrir aðra vinnu en þá, sem framkvæmd var í raun og veru. Jeg hygg, að góð úrlausn á þessu væri það, að hafa sjerfrótt eftirlit, sem ákvæði, hvað hæfilegt verk væri fyrir þau laun, sem lögð eru fram á ári hverju, og mætti svo útgáfan bíða eftir hentugleikum.

Þó að langt sje um liðið, er ekki rjett að neita því — ef maður vill skýra hárrjett frá málinu — að þessi orðabókarstyrkur er í fyrstu veittur vegna mannsins sjálfs. Hann var strax kallaður bitlingur hjer í þinginu, og þjóðin hafði þá trú, að svo væri. Það var gert til þess að láta vel gefinn og fróðan mann fá peninga fyrir starf, og því ber ekki að neita, að Jón Ólafsson vann töluvert. Fyrsta heftið var gefið út, en það er líka sá eini sýnilegi árangur af öllu því fje, sem í þetta verk hefir verið lagt. Alt það, sem gert hefir verið síðar, vita menn ekkert um.

Það er langt frá, að jeg vilji kasta steini að þeim manni, sem hefir skilið eftir sýnileg merki starfs síns, en jeg kemst ekki hjá því að geta þess, að litlu eftir að orðabókin kom út, tók einn lögfræðiprófessor við háskólann sig til og athugaði, hvort mörg orð vantaði í þetta eina hefti. Komst hann að þeirri niðurstöðu við fljótan yfirlestur, að vanta mundi að minsta kosti eitt þús. orð í heftið; en það mun ekki vera meira en $^1/_{30}$ af allri hinni fyrirhuguðu bók. Sýnir þetta óneitanlega, að það hefir ekki verið tekið á þessu verki með sjerlega mikilli forsjá eða fyrirhyggju, þegar ágallarnir urðu þegar í stað svo áberandi.

Þegar Jón Ólafsson fjell frá, tók annar maður við starfi þessu til að halda því áfram, Björn Bjarnason málfræðingur. Var hann án efa maður, sem öll þjóðin hefði treyst til að standa fyrir þessu verki, hefði hann haft heilsu til. Hann var ágætlega viti borinn, prýðisvel að sjer í íslensku máli og hinn mesti athafnamaður. En þegar hann tók verkið að sjer, hafði hann verið farlama eftir langvinnan sjúkdóm og hafði dvalið erlendis til heilsubótar 2—3 ár. Þar fór saman almenn viðurkenning á starfhæfni mannsins og hinsvegar þörf hans að fá lífsstarf, sem hann gæti stundað eins og heilsu hans var háttað. Hann hafði haft á hendi kenslustörf við kennaraskólann, en varð að segja af sjer sökum heilsubrests. Þegar hann hafði tekið að sjer orðabókarstarfið, fluttist hann til Hafnarfjarðar, til þess að geta lifað ódýrara, og síðan vann hann — jeg hygg hátt upp í ár — með mikilli elju að því að safna orðum. Svo kom dauðinn og kipti honum burt líka.

Þegar hann var fallinn frá, þá veitir þingið presti vestan úr Dalasýslu, Jóh. L. L. Jóhannssyni, styrkinn til að vinna að framhaldi orðabókarinnar. Og af því að dýrtíðin óx, hækkaði þetta fje talsvert mikið, þannig, að hann er nú mörgum sinnum hærri liður í fjárlögunum heldur en í tíð Jóns Ólafssonar. Litlu síðar kom annar maður enn í þetta starf, sonur mannsins, sem nú er um að ræða, Jakob Jóh. Smári. Var þá fjárveitingin hækkuð um stund. Maður þessi var ungur og hraustur, og sökum sjermentunar var hann miklu betur til starfsins fallinn. En hann komst að embætti við mentaskólann og hvarf því frá orðabókinni.

Síðan hefir þessi gamli klerkur feng-

ið þennan styrk og án þess nokkuð hafi sjest eða heyrst frá honum nema kröfur um hærri fjárgjöld til verksins. Hin eina nýbreytni, sem varð á málinu, er sú, að ungum rithöfundi í bænum, Þórbergi Þórðarsyni, var líka veittur styrkur, en miklu minni, til þess að taka fyrir vissan hluta af starfinu. Reyndar hefir verið tekið svo laust á þessu, að það er ekki þægilegt að vita, hvort hans starf eigi að vera í beinu sambandi við hitt, eða þá sjerstakt og sjálfstætt starf. Hefir víst aldrei verið komið neinu skipulagi á það, í hverskonar afstöðu þessi tvö störf væru hvort til annars. Hæstv. núverandi stjórn hefir í fjárlagafrv. 1926 felt niður styrkinn til Þórbergs Þórðarsonar, sem virðist benda á, að hún sje að gerast „krítisk" um þetta mál að nokkru leyti. Aftur á móti hefir hún hækkað nokkuð styrkinn til aðalhöfundarins, ef svo mætti segja, frá því sem þingið ljet vera í fyrra.

Það er áreiðanlega Alþingi til lítils sóma að veita ár eftir ár fje til áframhalds þess verks, sem enginn veit hvað líður. Jeg minnist þess þó, er jeg var í fjvn. fyrir tveimur árum, að annar þessi orðabókarhöf. kom með plögg nokkur og mun hafa ætlað að gefa okkur hugmynd um verk sitt. Ekki varð úr neinni skoðun hjá nefndinni, enda var þetta á síðustu starfsdögum þingsins, og var hún önnum kafin. Í rjettu lagi var það öllu heldur verk mentmn., en ekki fjvn., að athuga slíka hluti og gefa skýrslu.

Nú vildi jeg þessu næst benda á það, að svo framarlega sem þessi styrkur er nokkuð annað en persónustyrkur eða eftirlaun hvað snertir síðari manninn, verða menn að gera sjer glögga grein fyrir, hverskonar starfsemi hjer er um að ræða. Jeg býst við, að sumir hv. þm. þekki stóru Oxford-orðabókina ensku. Það má nefna hana í sambandi við okkar bók, því þó við sjeum margfalt minni þjóð en Englendingar, þá er okkar mál stórt sem þeirra. Til að gefa dálitla hugmynd um, hverskonar tökum er tekið á svona verki erlendis, má nefna það, að yfir orðabókina hefir verið settur einn hinn ágætasti málfræðingur Breta, próf. Craigie. Hann hefir haft fjölmarga sjerfræðinga sjer til hjálpar og þar að auki óteljandi samstarfsmenn úti um alt land til að safna orðum. Ekki einungis hefir hann og hans aðstoðarmenn gengið í gegnum allar höfuðgreinir enska málsins og sýnt myndir orðanna á öllum öldum, heldur hafa þeir líka svo að segja dregið botnvörpu þekkingarinnar í þessu efni yfir það talaða mál alstaðar í landinu, og líklega í nýlendunum líka, til þess að bókin nái yfir málið bæði sögulega og eins og það er talað nú.

Hvort erum við að gera hliðstæða orðabók? Það þurfti að gera sjer ljóst í upphafi, og þeirri spurningu má til að fara að svara.

Ef við erum að gera vísindalega orðabók yfir alt málið frá byrjun og eins og það er nú, þá er það feiknaverk, sem krefst starfskrafta margra manna og kostar mörg hundruð þús. kr. Væri ekkert viðlit að hafa yfir því starfi mann, sem ekki er hreint og beint sjerfræðingur í málinu. Vil jeg í því efni vísa til ummæla hæstv. forsrh. (JM), er hann taldi nauðsynlegt, að það væri sprenglærður málfræðingur, sem kendi þessum fáu piltum málfræði við háskólann. Sje þetta rjett, þurfum við æði mikils við, þegar semja skal bók, sem á að

vera minnismerki máls okkar í margar aldir, og fyrst og fremst þarf slíku verki að vera stjórnað af sjerfróðum manni.

Þó að við hefðum notið lengur Björns Bjarnasonar, sem eftir okkar mælikvarða uppfylti skilyrðin, hefði orðið að kosta miklu til aðstoðar með honum, og útgáfan hefði svo kostað afskaplegt fje.

Jeg hygg þess vegna, að hv. deild geti ekki annað en viðurkent, að ef verkinu skal haldið áfram, verður að íhuga, hvernig á að vinna það. En ef þetta er persónulegur bitlingur, þá þarf auðvitað ekkert að athuga málið; þá þarf ekki annað en að launa manninn það sem eftir er æfinnar og láta þar við sitja. Geri jeg ráð fyrir, að atkvgr. skeri úr um það, hvernig menn líta á þetta atriði. Alþingi, sem leggur fram fjeð til samningar þessarar bókar, ber skylda til þess að sjá um, að unnið sje að henni eftir forsvaranlegu skipulagi.

Jeg hygg nú, að hv. þdm. sje ljóst orðið, hvað jeg er að fara í þessu efni. Jeg er að reyna að fá úr því skorið, hvort það sje alvara hjer á bak við, eða hvort þetta er alt saman bitlingur, grímuklæddur undir formi vísindalegrar orðabókar. Þó jeg ekki fari út í það nú, þá er óneitanlega margt, sem bendir í þá átt.

Þó að jeg sje í mentmn., get jeg ekki sagt, að jeg skoði mig neinn sjerfræðing í þessu orðabókarmáli. En jeg mun síðar gera grein fyrir, hvers vegna við getum hver og einn lagt eitthvað til athugunar á þessu máli. Jeg get hugsað, að sagt verði, að við höfum hjer ekkert vit á. En er þá hv. deild svo sjerfróð í þessu efni, að hún geti greitt atkv. sitt um að veita á ári hverju til þessa verks þúsundir króna? Það er hrein og bein mótsögn, að nefnd í þinginu geti ekkert sagt af viti um málið, en þó geti deildin greitt atkv. um málið órannsakað. Þótt við hjer í hv. deild sjeum ekki málfræðingar, ber okkur skylda til, í þessu máli eins og öðrum, að reyna að nota þá vitsmuni, sem við höfum, til að skilja málin og ráða þeim til lykta.

Jeg hefi hugsað mjer, að ef till. verður samþ., yrði þannig á þessu tekið, að þessir tveir menn, sem vinna að orðasöfnuninni, kæmu á fund nefndarinnar, eins og altítt er hjer, og gæfu henni skýrslu yfir vinnubrögð sín, hve miklu þeir hefðu þegar afkastað og hvað þeir ætluðu framvegis að gera. Þetta held jeg að megi með sanngirni gera ráð fyrir, að hlutaðeigendur gætu. Ennfremur er ekki ómögulegt, að nefndin gæti, af þeim sýnishornum, sem fyrir lægju, fengið hugmynd nokkra um, hvað mikil vinna liggur í því, sem búið er, og yfirleitt hvernig verkið hefir gengið. Og mjer skilst, að þetta muni ekki vera þessum mönnum móti skapi, því mig rekur minni til, að annar þessi orðabókarhöf. hefir viljað sýna þinginu, hvað eftir hann lægi. Tel jeg víst, að hinn mundi fús til þess líka. Ennfremur væri ekki ósanngjarnt, að þessir tveir menn gerðu áætlun um verkið í heild og að Jóh. L. L. Jóhannsson sendi þinginu áætlun um það, hvað mikinn mannafla og hvað mikinn tíma hann teldi þurfa til að ljúka bókinni, eftir þeirri stærð, sem hann áætlar, og hver hún er. Væri þá hægt að fara nærri um það nú, hvað bókin mundi kosta prentuð. Sama gildir auðvitað um alþýðuorðasöfnunina. En nú gæti vel farið svo, að nefndinni og deildinni þætti þessi rannsókn ekki nóg og óskaði, að sjerfræðingar athuguðu það betur. T.

d. gæti verið ákaflega gagnlegt að fá álit Jóns Ófeigssonar, ef hann væri hjer í bænum. Líka gæti hugsast, að eftir að mentmn. hefði athugað málið, þá legði hún til, að heimspekisdeild háskólans, Jóni Ófeigssyni og Geir Zoëga rektor væri falið að gera áætlanir og koma með tillögur um framtíðarskipulag á þessu máli, sem næsta þing gæti bygt á.

Jeg hefi nú rakið þetta mál allítarlega. Jeg hefi sýnt, hvernig styrkurinn hefir verið veittur fimm mönnum frá byrjun. Jeg hefi og sýnt fram á, hvernig 1. og 2. maðurinn dóu frá starfinu, og að sá þriðji fjekk betra embætti og hvarf því frá starfinu. En tveir sitja enn þá, og annar þeirra á samt eftir till. hæstv. stjórnar að hætta starfinu. Ennfremur hefi jeg sýnt fram á, hvernig svona starf er framkvæmt erlendis hjá einni stærstu þjóð heimsins. Þar er verkið unnið undir umsjón hins besta sjerfræðings, sem hægt er að fá í þeirri grein, með mikilli vinnu og miklum tilkostnaði. En þingið veit ekkert um þetta starf hjer, veit ekkert, hvort mikið er gert eða ekki neitt. Tilgangur tillögu minnar er því sá, að ganga úr skugga um þetta.

Jeg geri nú ráð fyrir, að skynsamlegast verði, að fullnaðarrannsókn verði að vísu skotið á frest nú, en síðar falin hinum bestu sjerfræðingum, sem hjer er völ á, og þeir leggi aftur skýrslur og tillögur fyrir næsta þing.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hefi lítið að athuga við ræðu hv. 5. landsk. (JJ), annað en það, að jeg hygg, að hann hafi gert of lítið úr hæfileikum sjera Jóhannesar L. L. Jóhannssonar, því jeg hefi heyrt marga, sem vit hafa á þessum málum, telja sjera Jóhannes mjög vel að sjer í íslenskri tungu og því starfi sínu vaxinn. En það er satt, að altaf hefir verið hálfgert los á þessu starfi, aldrei verulega fyrirhugað, hvernig það skyldi unnið. Samt hefir sjera Jóhannes ásamt syni sínum, Jakob Smára, er um stund starfaði að orðasafni, gert tillögur um, hvernig því skyldi hagað. Hafa þær fengið fremur góðar undirtektir.

Ef það væri ætlunin að hafa sömu tilhögun við útgáfu þessarar orðabókar og ensku orðabókarinnar, sem kend er við Oxford, mundi kostnaðurinn ekki verða hundruð þús. kr., heldur skifta miljónum. En þótt aldrei eigi að gera meira en semja vísindalega sögulega íslenska orðabók í miklu minni stíl, þá er það rjett, að hún hlýtur að kosta hundruð þúsunda.

Sjera Jóhannes gaf í fyrra skýrslu til fjvn. um starf sitt. Taldi hann aðalverk sitt hafa verið fólgið í að orðtaka 32 rit. Seðlar yfir orð, sem hann hefir „orðtekið", eru geymdir í kössum í landsbókasafninu og skifta tugum þúsunda.

Jeg get því búist við, að þótt hv. mentamálanefnd færi að athuga þetta, þá ætti hún örðugt með að dæma um verkið til hlítar.

Jeg efast ekki um, að hv. 5. landsk. (JJ) sje kunnugt um tillögur og drög sjera Jóhannesar til vísindalegrar íslenskrar orðabókar, af sýnishorninu, sem út hefir komið. En það er satt, að ekki er næg festa í þessu skipulagi enn þá, og verður sennilega ekki fyr en búið er að skipa nefnd manna með fullum launum til þess að vinna að verkinu, með samstarfi við ýmsa aðra, eins og sjera Jóhannes leggur til

þó breyta ætti til með fyrirkomulag

á undirbúningi þessum, gæti ekki komið til mála að hrekja sjera Jóhannes frá starfinu, nema þá því að eins, að hann yrði látinn fá svo góð laun, að ekki væri hægt að segja, að hann hefði verið gabbaður. Svo stendur á, að hann var tekinn úr embætti til þess að vinna að þessu. Er því ekki hægt að tala um, að hjer sje um gustukamann að ræða, þar sem maðurinn er tekinn úr sæmilegu embætti til starfsins.

En ef þess þætti þörf að setja frekara eftirlit með þessu starfi en verið hefir, væri innan handar að fela það kennurunum í íslenskum fræðum í heimspekisdeild háskólans.

Um hinn manninn, sem tillaga þessi fjallar um, er alt öðru máli að gegna. Starf hans að orðasöfnun er ekki aðalstarf, heldur aukastarf, eða svo hefi jeg haldið að til væri ætlast. Hans starf hygg jeg sje bundið við nútíðarmál, og því skyldara starfsemi þeirri, sem bundin er við orðabók Sigfúsar Blöndals, en þeirri starfsemi er haldið áfram, þótt orðabókin sje út komin, og kostar orðabókin þá starfsemi framvegis.

Einmitt af þeim ástæðum feldi stjórnin niður af fjárlagafrv. fyrir 1926 styrk þann, er Þórbergur Þórðarson hefir haft til þessarar orðasöfnunar.

Skýrsla um starf sjera Jóhannesar liggur skrifleg fyrir og er svipuð skýrslu þeirri, er hann gaf í fyrra, að öðru leyti en því, að nú eru nefnd nokkur ný rit, sem hann hefir fengist við að orðtaka. Telur hann daglega vinnu sína vera um 6 stundir. Og öllum þeim, er þekkja, hversu slík störf eru erfið, mun þykja þetta fulllangur vinnutími.

Annars eru ekki allir íslenskufræðingar vorir þeirrar skoðunar, að bráða nauðsyn beri til að verja nú afarmiklu fje til vísindalegrar sögulegrar íslenskrar orðabókar. Meðal þeirra er prófessor Finnur Jónsson.

En hvað sem því líður, getur ekki komið til mála annað en láta sjera Jóhannes halda áfram við starf það, sem hann er ráðinn til, svo sem til hefir verið stofnað, ef þörf þykir undir eftirliti kennaranna í íslenskum fræðum við háskólann.

Sigurður Eggerz: Mjer virðist mjög eðlilegt, þó að hv. 5. landsk. (JJ) vilji láta rannsaka og athuga undirbúning þann, sem þegar hefir verið hafinn undir hina vísindalegu íslensku orðabók. En jeg verð að taka það fram, þar sem jeg á sæti í nefnd þeirri, sem gert er ráð fyrir, að tillögunni verði vísað til, að jeg treysti mjer ekki til að rannsaka málið, eins og gert er ráð fyrir. Til þess að fella dóm um slíkt starf þarf áreiðanlega sjerfræðing.

Hinsvegar finst mjer eðlilegt og sjálfsagt, að hið opinbera fylgist vel með, hvernig starfsmenn þess vinna fyrir því fje, sem þeim er fengið í hendur. Tel jeg því, að besta úrlausn þessa máls nú væri sú, að tillögunni væri vísað til stjórnarinnar. En hún ljeti aftur þar til hæfa menn, t. d. kennarana í íslenskum fræðum við heimspekisdeild háskólans, rannsaka málið ítarlega, og legði svo skýrslur um rannsókn þeirra fyrir næsta þing. Með þessu verður að vísu dálítill dráttur á, að ítarleg rannsókn fari fram. En jeg tel, að aðalhugsun tillögunnar verði best náð með því að fara þessa leið. Og sje jeg ekki annað en flm. megi vel við hana una.

Jeg býst og við, að þeir, sem hlut eiga að máli, þurfi ekkert að kvíða slíkri rannsókn, því jeg veit ekki betur en sjera Jóhannes hafi unnið vel og samviskusamlega að þessu undirbúningsstarfi undir hina vísindalegu orðabók.

Jeg get vel fallist á það með hæstv. forsrh. (JM), að ekki geti komið til mála annað en láta sjera Jóhannes halda áfram við þetta starf, þar sem hann varð að segja af sjer embætti til þess að geta tekið það að sjer. En hann er nú orðinn maður gamall, og því óhugsandi, að hann fari í embætti aftur. Enda hefir flm. tillögunnar ekki farið fram á, að hann verði látinn hætta starfinu.

Að því er snertir Þórberg Þórðarson, þykir mjer leitt, að stjórnin skuli hafa kipt burt af fjárlögunum styrknum til hans. Jeg held, að það hafi ekki verið rjett, því að maðurinn hefir sýnt mikinn áhuga í að safna orðum úr alþýðumáli. Hann hefir haft aðstoðarmenn úti um allar sveitir til þess að safna orðum. Hefir hann svo sett þetta í kerfi. Að þessu hlýtur að verða mikið gagn, því að hann hefir náð ýmsum orðum, sem annars hefðu glatast.

Jeg skal játa, að jeg hefi veitt manni þessum litla eftirtekt. En nú nýlega hefir hann skrifað bók, sem heitir: „Brjef til Láru". Þó jeg sje vitanlega ekki samdóma honum um ýmislegt, sem er í bókinni, sýnir hún eigi að síður, að maðurinn er hreinn andans afburðamaður. Hann minnir mig á suma stóra rithöfunda frakkneska. Jeg er því sannfærður um, að Þórbergur er einn af þeim mönnum þjóðarinnar, sem hvað mest má búast við af sem rithöfundi. — Og jeg legg enn áherslu á, að jeg dæmi hann hjer eingöngu sem listamann.

Þetta meðal annars styður að því, að jeg vil ekki kippa styrknum af þessum fátæka manni, sem á mjög örðugt uppdráttar. Jeg hefi tekið þetta fram hjer, af því að blöðin hafa svo vendilega þagað um þessa bók, að þau hafa vart getið hennar. En jeg trúi ekki, að lengi verði hægt að þegja, því að höfundurinn er alt of mikill andans maður til þess.

Að síðustu vil jeg gera það að tillögu minni, að máli þessu verði vísað til stjórnarinnar, og hún láti sjerfræðinga athuga það og leggi svo skýrslu um rannsóknina fyrir næsta þing.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg get verið ánægður með þær undirtektir, sem tillaga mín hefir fengið, bæði hjá fyrverandi mentamálaráðherra (SE) og núverandi (JM). Að einu leyti get jeg þó ekki verið samdóma hæstv. forsrh. (JM). Honum fanst jeg hafa gert lítið úr hæfileikum Jóhannesar L. L. Jóhannssonar. Þetta er hinn mesti misskilningur. Jeg hefi engan dóm á manninn lagt, hvorki lofað hann eða lastað, enda álít jeg slíkt ekki hægt að órannsökuðu máli.

Þetta mál er ráðgáta, þar til búið er að rannsaka það. Er því alt, sem um það er sagt á þessu stigi, „trú en ekki skoðun".

Jeg vil drepa örlítið á eitt atriði, sem hæstv. ráðherra vildi vefengja í ræðu minni, það, að hjer væri ekki um sjerfræðinga að ræða á sama hátt og t. d. Geir Zoëga, Jón Ófeigsson, og svo jeg nefni ekki hið fræga útlenda dæmi, prófessor Craige. Með þessu finst mjer hæstv. ráðherra óneitanlega vera að nálgast þá skoðun mína, að hægt sje að komast af með aukakenslu við háskól-

ann í íslenskri tungu, svo ekki þurfi að stofna þar nýtt embætti, þegar hann telur nægja að fá gamlan sveitaprest til þess að veita forstöðu jafnþýðingarmiklu vísindastarfi sem þessu.

Þá gat hæstv. forsrh. þess, að meðan feðgarnir unnu saman að þessu verki, hefðu þeir komið fram með uppástungur viðvíkjandi tilhögun þess. Þetta er rjett. En jeg mintist ekkert á þær af þeim orsökum, að aldrei hefir neitt verið farið eftir þeim.

Það, sem jeg fer fram á með till. minni, er ekki annað en það, að þinginu geti gefist kostur á að fá dálitla bráðabirgðaskýrslu um það, hvernig þessu máli er komið, svo að það geti gert sjer hugmynd um það, að nokkru leyti af sjálfsýn.

Jeg skal nú benda á eitt atriði, sem sýnir, að skoðun mín — og hæstv. forsrh. er mjer hjer að mestu sammála — er greinilega rjett hvað það snertir, hversu „planlaust" hefir verið unnið að þessu verki frá upphafi. Við höfum enga hugmynd um það, hvort nokkur samkvæmni hafi verið í starfi þeirra þriggja aðalmanna, sem að orðabókinni hafa unnið frá upphafi, sem sje þeirra Jóns Ólafssonar, Björns Bjarnasonar og Jóhannesar L. L. Jóhannssonar. Og jeg býst við, að svo hafi ekki verið, því eins og kunnugt er, gaf Jón Ólafsson út 1. hefti orðabókarinnar fullgert. En eins og kom fram í ræðu hæstv. forsrh., þá vinnur núverandi orðabókarhöfundur alt öðruvísi. Hann tekur ekki fyrir heila kafla, en safnar aðeins drögum, orðtekur bækur o. s. frv. Í þessu sambandi vil jeg benda á það, að jeg er sammála hæstv. forsrh. um það, að yfireftirlit með verki þessu hafi mikið að segja. Því sje ekkert slíkt eftirlit, sem stefnir að vissu marki, þá er engin trygging fyrir því, að verkið, sem unnið er, sje í því formi, sem bókin verður loks gefin út í. Verði t. d. hallast að því að fylgja „plani" Oxford-orðabókarinnar, þá er ekki gagn í öðru en að rekja orðmyndirnar sögulega, eins og þær hafa verið á hverjum tíma. Annað er ónýtt. Og nú skilst mjer á hæstv. forsrh., að vel geti verið, að alt, sem unnið hafi verið, sje ónýtt, vegna „planleysis". Það má einu gilda, þó maðurinn vinni 6 tíma á dag og þó hann vinni 10 tíma á dag að þessu verki. Það kemur að litlu gagni, ef fyrir honum vakir önnur tegund af orðabók en sú, sem hallast verður endanlega að.

Þá kem jeg að þeim lið í ræðu hæstv. forsrh., er hann sagði, að þingið væri bundið við það að borga lífeyri til þessa manns, af því hann hefði verið tekinn úr embætti til þess að vinna þetta verk, að undirlagi þingsins. Skildist mjer hann telja annað vera svik við manninn. Mjer þykir satt að segja mjög ólíklegt, að þessu sje svona varið, þar sem öllum er ljóst, að málið er þannig til komið, hvað snertir tvo hina fyrri orðabókarhöf., að þeim var þetta verk falið sýnilega vegna þeirra sjálfra, en ekki málsins sjálfs. Það er ákaflega ólíklegt, að þingið, sem falið hefir þetta starf tveimur mönnum áður aðeins þeirra vegna, sem form fyrir persónulegum styrk — því það er ómögulegt að neita því, að dr. Björn Bjarnason tók við þessu starfi vegna þess, að hann var heilsulaus maður — það er ólíklegt, segi jeg, að þingið fari þá að láta spyrjast fyrir úti um land, t. d. hvort ekki muni vera prestur vestur í Dalasýslu, sem vildi halda verki

áfram, sem þingið hefir notað til þess að veita sjerstökum mönnum lífsuppeldi. Einmitt þetta sögulega tilefni orðabókarstarfsins sýnir, að það er óhugsandi, að þingið hafi farið að veiða prest vestan úr Dölum til þess að knýja fram verk, sem því hefir aldrei verið ljóst hvað liði eða hvernig ætti að vera. Hitt skilur maður vel, að gamall embættismaður í sveit, sem farinn er að þreytast á starfinu, en hefir hinsvegar áhuga fyrir líkum efnum, leiti eftir þessu starfi. Og þótt þessu sje mótmælt og þótt engin skjöl sjeu til, sem sanni þetta, þá er því samt svona varið. Við þekkjum t. d. lækna, að þeir vilja fá hæg embætti, t. d. í kaupstað, er þeir eldast. Það skilur maður vel. Og það er fjarska skiljanlegt um gamlan sveitaprest, sem hefir löngun til þess að fást við málfræði, þó hann freistist til þessa. En þá held jeg, að hæstv. forsrh. verði að játa það með mjer, að siðferðilega bandið sje veikara, ef maðurinn á sjálfur sök á því að hafa blandað sjer í þetta. Jeg skal játa það, að jeg lít öðrum augum á skyldur ríkisins í slíkum efnum en hæstv. forsrh. Jeg lít svo á, að ef hæstv. stjórn telur sig hafa siðferðilegan rjett til þess að fella niður styrk Þórbergs Þórðarsonar til orðasöfnunar úr alþýðumáli, án þess að það teljist svik, þá sje það rjett, einkum hafi maðurinn ekki unnið nógu mikið. Jeg hygg nú samt, að hann hafi einmitt unnið talsvert, því hann hefir að minsta kosti viljað sýna þinginu verk sitt. Mjer virðist mótsögn í því að taka fjeð af Þórbergi, en kalla hitt svik, að láta hinn orðabókarhöf. hætta. Eins og sjest á hinni frægu bók Þórbergs, sem hjer hefir verið minst á, þá telur hann, að þingið hafi svikið sig. Þeir eru því sammála, Þórbergur, hvað snertir sjálfan hann, og forsrh., hvað snertir Jóhannes L. L. Jóhannsson. Þeir líta svo á, að þingið sje bundið af sínum fyrri fjárveitingum. En jeg lít svo á, að það sje ekki bundið af slíku, nema a. m. k. fullkomin vinna komi á móti. Og till. mín fer einmitt fram á að upplýsa það.

Hæstv. forsrh. sagði um aðalorðabókarhöfundinn, Jóh. L. L. Jóhannsson, að þar sem hann hefði tekið við starfi þessu samkvæmt tilmælum þingsins, þá yrði hann að halda launum um sína daga. Jeg get ekki neitað því, að mjer virtist allur hugsanagangur hæstv. forsrh. benda til þess, að verkinu væri meir haldið áfram sem lífsuppeldi heldur en að það væri alvarlega meint sem vísindastarf. En sje það nú hin raunverulega meining aðeins að gera þessum manni fært að lifa án fjárhagslegra sorga, þá er rjett að gera þegar út um það, hvort gefa eigi út þetta verk eða ekki. Sje það rjett hjá hæstv. forsrh., að þetta sje aðeins ellistyrkur gamals manns, og ekki komi til mála að gefa verkið út, og það sje með öllu ónýtt, þá virðist mjer þarflaust, að maðurinn búi hjer í Rvík. Það væri sparnaður, ef hægt yrði að komast hjá því að hækka styrk hans um tvö þús. kr. vegna Rvíkurdýrtíðar. Og ef endilega á að tengja eitthvert orðasöfnunarstarf við þennan framfærslustyrk, þá er vert að athuga, hvort ekki muni unt að orðtaka t. d. Fornbrjefasafnið alt að einu í Búðardal eða Hafnarfirði eins og hjer í Rvík.

Sem sagt, ef blanda á þessu saman í þeirri von, að verkið verði að einhverju gagni, því þá ekki að láta manninn búa á einhverjum ódýrari stað? Því verður ekki neitað, að 7 þús. kr. er

nokkuð hár ellistyrkur, ef ekki kemur því meiri vinna þar á móti. Það eru ekki nema hæstarjettardómarar, sem eiga rjett til svo hárra eftirlauna, að fullum launum nemi.

Hv. 1. landsk. (SE) sagði, að hann treysti sjer ekki að gera neitt í nefnd viðvíkjandi þessu máli. En jeg vil benda honum á það, að sem þm. verður hann að greiða atkvæði um það, og mun hann betur fær um það að rannsökuði máli en órannsökuðu. Hann hefir heldur engan rjett til þess að skorast undan að gera það, sem þingið leggur fyrir hann sem þingmann. Við verðum oft að gera ýmislegt, sem við teljum okkur hafa lítið vit á, af því að skyldan býður, að það sje gert, eftir því sem kraftar leyfa.

Háttv. 1. landsk. skaut hjer fram þeirri uppástungu að vísa þessu máli til stjórnarinnar. Mjer virðist þingið engu nær fyrir það. Eins og jeg hefi tekið fram, og hæstv. forsrh. hefir raunar fallist á, þá er það rjett leið og eðlileg, að þingið sjálft geri sjer grein fyrir því, hvernig þessu máli er í raun og veru komið og hvernig því á að haga. Það er ljóst orðið, að þingið hefir aldrei gengið inn á neitt „plan" í verkinu, svo verkið svífur og hefir svifið í lausu lofti. En athugun mentamálanefndar eða annarar þingnefndar ætti að geta orðið fyrsta sporið í þá átt að fá eitthvert ákveðið skipulag. En ef þessi till. verður feld, þá hefi jeg hugsað mjer að nálgast málið með öðrum hætti. Jeg get strax lýst yfir því, að jeg mun nú eða á næsta þingi koma með aðra þátill., sem fer í þá átt að skora á landsstjórnina að fela háskólanum eða íslenskudeild hans að rannsaka verkið og leggja skýrslu fyrir næsta þing, og verði þá skorið úr því, hvort verkið sje alvarlegs eðlis eða bara ellistyrkur. Jeg hygg, að mjer hafi tekist að sanna, að það yrði til bóta fyrir málið að rannsaka það strax. Það hefir aldrei verið gert. Aðeins frá öðrum manninum hefir komið lausleg skýrsla til fjvn. Nd., en hún hefir haft svo mikið að gera, að hún hefir ekki gefið sjer tíma til þess að rannsaka hana.

Nú er það kunnugt, að hæstv. landsstjórn hefir skorið annan vænginn af starfi þessu, án þess að nokkur rannsókn lægi þar að baki. Hæstv. stjórn álítur, að annar maðurinn megi hætta, af því hann er ungur, en hinn eigi að halda áfram, af því hann er gamall. Þetta bendir greinilega til þess, að hún skoði starf þetta sem form fyrir ellistyrk. En þá kemur til mála, hvort ekki mætti spara með því að láta styrkþegann búa á ódýrari stað en Rvík er.

Jeg býst ekki við að tala fleira um þetta mál að sinni. Jeg held, að málið hafi líka skýrst nokkuð við umr. Það, sem nú verður að ákveða, er tvent. Í fyrsta lagi, hvort þingið vill halda áfram að veita fje til orðabókarstarfsins, án þess að hafa hugmynd um, hvað verið er að gera; og í öðru lagi ef það er meiningin að halda því áfram, þá verður að gera út um það sem fyrst, hvort þessi ellistyrkur eigi að halda lengur áfram undir grímu orðabókarinnar. Eða á að segja það strax hreinlega, að það geti ekki komið til mála að gefa þetta út? Hjer sje aðeins verið að hjálpa gömlum manni.

Forsætisráðherra (JM): Jeg sje ekki ástæðu til þess að halda nú langa ræðu. Það er rjett hjá hv. flm. (JJ), að okkur skilur ekki fjarska mikið á um aðalatriði þessa máls, hvað til þess

þurfi að gera vísindalega orðabók. Aðeins skilur okkur á í því, að jeg tel, að talsvert gagn muni vera að vinnu sjera Jóhannesar L. L. Jóhannssonar, og byggi jeg það á því, að hann er alment talinn fær til verksins, en hv. flm. (JJ) telur gagnið lítið. Það er að vísu svo, að sjera Jóhannes hefir ekkert háskólapróf í íslenskri málfræði, en hann hefir alla æfi lagt stund á þau fræði, og jeg trúi því, sem fróðir menn kunnugir segja mjer, að samt sje hann mjög vel að sjer í íslensku. Og menn vita það, að maður getur búið til góða orðabók, þó hann sje ekki málfræðingur. Þannig hefir ein fræg íslensk orðabók verið gerð af norskum presti.

Annars tek jeg það fram, og vil ekki þurfa að gera það aftur, að jeg tel ekki aðstöðu sjera Jóhannesar og Þórbergs sambærilega. Sjera Jóhannes hefir verið ráðinn til fulls starfs, en Þórbergur aðeins fengið styrk nokkurn til aukastarfs. Þeir eru því alls ekki sambærilegir, þegar ræða er um skyldu ríkisins gagnvart þeim. Það er alt annað að vera ráðinn til fulls starfs eða njóta nokkurs styrks.

ATKVGR.

Tillagan frá 1. landsk. þm. (SE), um að vísa málinu til stjórnarinnar, samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: BK, EP, HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, SE, HSteins.

nei: EÁ, GÓ, IP, JJ, SJ.

2. Milliþinganefnd um bæjar- og sveitarstjórnar- og fátækralöggjöf.

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 19. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til að íhuga sveitarstjórnar-, bæjarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins (A. 199).

Á 38. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. mars, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. apríl, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Jeg vissi það ekki fyr en fundi var slitið seint í gærkvöldi, að þetta mál mundi tekið á dagskrá í dag, og þess vegna er jeg í raun og veru ekki við því búinn að tala ítarlega um málið, en jeg held, að það geri ekki svo mikið til, þar sem ákveðnar eru tvær umr. um þessa till.

Þegar sveitarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins var skipað seinast, 1905, þá var það þannig, að milliþinganefnd, sem skipuð var 1901, hafði undirbúið málið. Jeg býst því við, að það hafi ekki getað vakið undrun hjá neinum hv. þm., þótt þessi till. kæmi fram, um að milliþinganefnd endurskoði þessa löggjöf nú.

Eins og hv. deildarmönnum er kunnugt, hafa á þessu þingi komið fram

nokkur frv. um breytingar á löggjöf kaupstaðanna, sjerstaklega um útsvarsskyldu manna þar.

Í þessari hv. deild hafa komið fram frv. um breytingu á lögum þriggja kaupstaða í þessu efni. Og í hv. Ed. hefir komið fram frv. um breytingu á lögum fjórða kaupstaðarins að því er þetta snertir. Og fara þessi frv. fram á sjerákvæði fyrir hvern kaupstað og stefna að því leyti sitt í hverja áttina. Ef þau yrðu því samþykt, mundi það óneitanlega verða til þess að koma glundroða á útsvarsskyldu manna í hinum ýmsu kaupstöðum.

Í þessu sambandi skal jeg taka það fram, að frv. um breytingu á lögum um bæjarstjórn á Akureyri kemur ekkert þessu máli við, því að það er aðeins um starfshætti í bæjarstjórninni og er því ofureinfalt mál, sem sjálfsagt er að gangi fram á þessu þingi.

Auk þeirra frv., sem jeg þegar hefi nefnt, hefir stjórnin borið fram frv. um úrskurði í útsvarsmálum. Auk þessa hafa komið fram: Frumvarp um breyting á sveitarstjórnarlögunum, frv. um breyting á fátækralögunum, sem fer fram á takmörkun á því, hvað teljast skuli sveitarstyrkur, og ennfremur frv. um bygðarleyfi, þar sem farið er fram á, að bæjar- og sveitarstjórnir fái heimild til þess að takmarka að einhverju leyti innflutning fólks. Öll þessi mál ætlast allshn. til að milliþinganefnd sú taki til athugunar, sem farið er fram á í tillögunni að skipuð verði.

Allsherjarnefnd hefir nú fengið öll þessi frv. til meðferðar. En þegar hún fór að athuga þau, varð henni fyllilega ljóst, að til þess að athuga þessi mál nægilega, svo að vit og samræmi gæti orðið í afgreiðslu þeirra, þurfti að eyða til þeirra miklum tíma, meiri tíma en allshn. hafði ráð yfir. Eina hugsanlega leiðin til þess að geta tekið þau öll til nákvæmrar yfirvegunar var því sú, að nefndin verði öllum þeim tíma, sem hún hefði yfir að ráða, til þeirra, og gerði svo ekkert annað í þinginu. En þar sem mörg önnur stórmál lágu fyrir henni, var þess tæplega að vænta, að hún gæti lagt svo mikla áherslu á þessi mál, að hún ljeti öll önnur sitja á hakanum fyrir þeim. Jafnframt leit nefndin svo á, að ekki væri hægt að taka eitt eða tvö frv. út úr, heldur yrði að athuga þau öll í einu, þannig að samræmi gæti orðið í löggjöfinni.

Hvað útsvarsskylduna snertir, er óeðlilegt, að sín reglan sje í hverjum kaupstað, og að önnur regla gildi svo í sveitunum. Útsvarsskyldan á að vera hin sama á öllu landinu.

Fyrir stuttu var fátækralögunum breytt á þann hátt, að sveitfestistíminn var styttur úr 10 árum niður í 4. Afleiðingar af þessari breytingu eru ekki farnar að koma til fulls í ljós enn. En gera má ráð fyrir, að breyting þessi hafi mikil áhrif að ýmsu leyti, svo mikil áhrif, að nauðsyn beri til að gefa framfærsluhjeruðunum rjett til íhlutunar um það, hverjir eigi að eiga kost á að vinna sjer inn sveit og hverjir ekki. Margir líta svo á, að það sje ranglátt og ómannúðlegt að svifta þá menn mannrjettindum, sem fyrir óviðráðanlegar orsakir verða styrkþurfar. En yrði að því ráði horfið að breyta löggjöfinni í þessu efni, mundi það hafa mikil og margvísleg áhrif, og má ekki hrapa að slíku. Ef fátækralögunum ætti að breyta í verulegum atriðum — og kröfurnar verða altaf háværari um, að það sje gert — þá mundi það mál þurfa

mjög vandlegrar íhugunar við, því þó að það kunni nú að þykja einfalt mál að setja í lögin ákvæði um það, að sveitarstyrkur, sem veittur er vegna atvika, sem hlutaðeigandi getur ekkert ráðið við, skuli ekki vera þess eðlis, að styrkþegi missi rjettindi við að þiggja hann, þá er þó víst, að vel þarf að athuga, hvernig því verði best fyrir komið, og hver áhrif það eigi að hafa á viðskifti sveitarstjórnanna innbyrðis. Líka getur verið álitamál, hvort um slíkan styrk, sem ekki væri talinn fátækrastyrkur, ættu að gilda sömu reglur og um annan sveitarstyrk, hvort sami kröfurjettur ætti að fylgja honum á hendur framfærslusveit, eða hvort önnur ákvæði ættu að vera um það. Þá þarf og líka að athuga, á hvern hátt framfærslusveit eigi að hafa heimtingu á, að þurfamenn sjeu fluttir til hennar, því eins og hv. deildarmönnum mun kunnugt, er farið fram á í frv. um breyting á fátækralögunum, að þurfamenn geti neitað að láta flytja sig á framfærslusveit sína. Býst jeg því við, að ákvæði um þetta atriði þurfi nákvæmrar athugunar við, og að ekki megi hrapa að slíkum breytingum.

Eitt er það enn í þessu máli, sem altaf er að verða meir og meir áberandi. Það er hið mikla misrjetti, sem á sjer stað að því er snertir fátækraframfærsluna, hvað hún kemur misjafnt niður á hinar einstöku sveitir. Og þó mun með töluverðum rjetti mega líta svo á, að fátækraframfærslan sje í raun og veru alþjóðarmál. Því að fyrir fátæklingunum er sjeð vegna heildarinnar, þó að sveitirnar sjeu af praktiskum ástæðum látnar hafa framkvæmdina á hendi og jafnframt bera kostnaðinn. En það er kunnugt, að það er feikilega misjafnt, sem sveitirnar þurfa að leggja fram í þessu skyni. Þannig getur t. d. oft viljað til, að tveir menn, sem eru jafnt efnalega stæðir, beri svo misjafnt útsvar, að annar greiði 100 kr., en hinn 300 kr., þó að þeir sjeu nágrannar og lönd þeirra liggi saman, aðeins ef landamerki jarða þeirra eru jafnframt hreppamerki. Þetta er ekki sanngjarnt, og því er vert að athuga, hvort ekki er hægt að finna heppilega leið til þess, að fátækraframfærið komi jafnara niður en verið hefir hingað til. Í þessu sambandi vil jeg minna á, að til síðasta þings leituðu þrír hreppar um styrk, vegna þess að fátækraframfærslan var alveg að sliga þá.

Til þess nú að athuga öll þessi mál, svo að hægt sje að skapa löggjöf, sem eigi við núverandi ástand í þjóðfjelaginu og samræmi sje í, telur allshn. nauðsynlegt að skipa milliþinganefnd, eins og till. fer fram á.

Þá vil jeg geta þess, að þótt till. þessi sje borin fram af allshn. þessarar deildar, þá er það með fullu samþykki allshn. Ed. því að þegar allshn. Nd. fór að athuga þessi mál og sá, hversu mikinn tíma afgreiðsla þeirra tók, þá bar hún tillögu þessa undir allshn. Ed., og hún fjelst á hana í öllum atriðum.

Jeg get nú vel búist við, að einhver kunni að segja, að þótt ekki hafi verið tími til að athuga þessi mál til hlítar á þessu þingi, þá hefði verið einfaldari leið að vísa þeim til stjórnarinnar heldur en að fara að skipa milliþinganefnd. Þetta má vel vera. En án þess að jeg vantreysti stjórninni í þessu efni, þá er það nú svo, að ýms mál, sem til hennar hefir verið vísað, hafa ekki komið frá henni aftur. Og minnist jeg í því efni frumvarps um breytingu á kosningalög-

unum; sem vísað var til hennar á síðasta þingi, en ekki hefir bólað á síðan.

Þó að stjórnin hefði nú viljað taka þetta mál til athugunar og leggja það fyrir næsta þing, hefði allshn. tæplega getað fallist á það, því að hún lítur svo á, að milliþinganefnd hafi miklu betri tök á að rannsaka málið til hlítar. Auk þess lítur nefndin svo á, að í milliþinganefnd eigi að eiga sæti fulltrúar þeirra aðilja, sem hjer eiga hlut að máli, til þess að þeim gefist kostur á að athuga þessi mál. Þyrfti nefndin því að vera þannig skipuð, að í henni ættu sæti: Maður, sem væri sjerstaklega kunnugur í kaupstöðum, í öðru lagi maður, sem væri sjerstaklega kunnugur í kauptúnum, og í þriðja lagi maður, sem væri vel kunnugur í sveitum. Á þennan hátt verður að teljast, að rjetti hvers aðilja væri best borgið.

Í tillögunni er farið fram á, að nefndin verði að mestu skipuð eftir hlutfallskosningu Alþingis, og má því ef til vill segja, að engin trygging sje fyrir því, að fulltrúar þessara alilja komist í nefndina. En mjer finst, að því verði að treysta, að þingflokkarnir sýni þann skilning í þessu máli, að þeir velji þann hluta nefndarinnar, sem þingið á að kjósa, með þetta fyrir augum.

Jeg býst nú ekki við, að annað verði haft á móti nefndarskipun þessari en það gamla, að það verði óþarflega kostnaðarmikið. En þá vil jeg benda á, að það verður líka dýrt að ræða öll þessi mál hjer, jafnilla undirbúin og þau eru. Er því ekki að vita, hversu margir dagar færu til þess. Get jeg því vel búist við, að aukakostnaðurinn við nefndarskipunina verði ekki svo mikill, þegar þessa er gætt, því eftir því, sem málin eru betur undirbúin, þarf þingið minni tíma til að ræða þau og afgreiða.

Eins og kunnugt er, var það milliþinganefnd, sem skipuð var 1901, er undirbjó núgildandi sveitarstjórnar- og fátækralög. Og því verð jeg að halda fram, að frá 1901 og til þessa tíma hafi orðið eins miklar breytingar á þjóðlífinu og voru þá orðnar frá því að eldri lög voru sett. Er því frá því sjónarmiði sjeð engu minni ástæða til þess að endurskoða lögin nú en var 1901, enda sýnir það sig og best í því, að altaf eru að verða háværari raddir um að fá þessari löggjöf breytt að ýmsu leyti.

Jeg vænti þess, að undir umræðunum um þessa till. geti komið fram ýmsar góðar bendingar frá hv. þm. um þessi mál, sem geti orðið til leiðbeiningar fyrir þessa fyrirhuguðu nefnd.

Þá er eitt aðriði, sem jeg vildi minnast á, en jeg því miður verð að tala um eingöngu fyrir reikning sjálfs mín, því að nefndin hefir ekki haft tækifæri til að láta álit sitt í ljós um það atriði.

Þótt farið sje fram á í till., að nefnd þessi sje skipuð samkvæmt hlutfallskosningu sameinaðs Alþingis, þá vona jeg, að hún verði skipuð þannig, að hún hafi sem víðtækasta þekkingu á högum þjóðarinnar. Væri því æskilegast, að flokkarnir beiti ekki afli við kosninguna, til þess að í nefndinni geti líka átt sæti fulltrúar þeirra flokka, sem ekki hafa afl til að koma manni að, ef kröftum er beitt á annað borð.

Jeg álít því, að vel færi á, að samkomulag gæti orðið um þetta atriði og að allir flokkar þingsins ættu fulltrúa í nefndinni. Hjer ætti ekkert pólitískt

reiptog að komast að, en aðaláherslan lögð á það að vinna gagn og ráða heppilega fram úr þessu máli.

Jón Sigurðsson: Það er nú ef til vill ekki nema ómakið eitt að fara enn af hreyfa hjer andmælum, en þrátt fyrir það sje jeg ekki ástæðu til að fara í felur með skoðanir mínar í þessu máli.

Jeg mun þá fyrst víkja að ummælum hv. frsm. (BSt). Hann talaði margt um það, að þetta mál þyrfti mikilla og margvíslegra athugana við. Jeg skal ekki neita því, að svo sje. En mjer finst nokkuð langt gengið, ef hann ætlast til þess, að nefnd fari sjerstaklega að liggja yfir því, hvort leyfa eigi hreppsnefndum að fá þurfalinga sína heim eða ekki. Víst er um það, að hvort sem slík till. kemur frá nefnd eða ekki, þá stefndi slíkt ákvæði beinlínis til niðurdreps fyrir fjöldamörg hreppsfjelög. Jeg sje því ekki ástæðu til að skipa nefnd í málið, ef þetta eða aðrar álíka þarfar till. eru helsta athugunarefnið.

Þá drap frsm. á ýmsar fleiri tillögur, sem komið hafa fram í þessu máli, eins og t. d. að steypa saman hreppunum og gera sýslufjelög eða jafnvel alt landið að einu framfærsluhjeraði, af því að öll fátækraframfærsla sje alþjóðarmál. Það er og rjett, að fátækraframfærslan kemur allmisjafnt niður á hin ýmsu hreppsfjelög. En má ekki segja hið sama um vegamál og mörg önnur mál? Og ef þetta hefir átt að skoðast sem ábending fyrir nefndina um að fara út á þessa braut, þá vil jeg mótmæla því harðlega, því að jeg tel hana hættulega.

Þessi till., sem hjer liggur fyrir, snýst að því meðal annars, að tekin verði til athugunar og brtt. gerðar við fyrirmæli sveitarstjórnarlaganna um útsvarsálagningu í sveitum og í bæjum. Um þetta atriði hefir talsvert verið deilt, og nokkrar breytingar hafa þegar verið gerðar í þessa átt. Jeg get ekki sjeð, að málið sje svo flókið, að skipa þurfi milliþinganefnd í það. Satt að segja get jeg ekki sjeð, að allshn. hafi verið ofvaxið að ganga frá þessu máli. Þar eiga sæti lögfræðingar og fulltrúar sveita og kaupstaða. Nefndinni ætti því að vera vorkunnarlaust að afgreiða slíkt mál sem þetta, ef hún hefði viljað nokkuð á sig leggja, og víst er um það, að nefndin hefir ekki á þessu þingi afgreitt þarfari mál.

Viðvíkjandi því að breyta álagningartíma útsvara er það að segja, að þar, sem jeg þekki til, og að líkindum um land alt, er alment óskað, að breyting nái fram að ganga. Ekki sýnist það svo flókið mál, að það ætti að þurfa að hóa saman milliþinganefnd til að ráða úr þeim vanda.

Þá má sjerstaklega geta þeirra frv., er takmarka, hvað telja skuli sveitarstyrk. Þetta mál hefir legið fyrir síðustu þingum og verið rætt þar. Bæði stjórn og þing hafa verið knúð til að taka afstöðu gagnvart því atriði.

Jeg geri ekki ráð fyrir, að hv. þm. mundu skifta um skoðun, þótt milliþinganefnd yrði skipuð í málið og kæmi fram með tillögur. Málið hefir einnig verið rætt hjer svo mjög undanfarið, að ekki er þess að vænta, að nein ný gögn komi fram.

Enn má líta á eitt í þessu sambandi. Hvernig hefir reynslan verið af þeim milliþinganefndum, er hjer hafa verið skipaðar á síðustu árum? Að vísu hafa nefndir, sem skipaðar hafa verið í mál sjerstaks eðlis, sem engin lög hafa verið til um áður, eins og t. d. fossamálið

og berklavarnamálið, gert allmikið gagn. En að þeim nefndum frátöldum má yfirleitt segja, að árangurinn af milliþinganefndum síðustu ára hafi ekki orðið annar en sá, að þær hafa hrúgað upp lagabálkum, sem enginn vill líta við, með ærnum kostnaði. Og jeg hygg, að svo geti farið hjer, ef milliþinganefnd yrði skipuð. Sje nú litið á kostnaðarhliðina og borinn saman kostnaður við lagasmíði stjórnarinnar og milliþinganefnda á síðustu árum, liggur það þegar í augum uppi, hversu miklu dýrari lagasamning milliþinganefndanna hefir orðið, og ekki síður hitt, að samþyktir hafa verið fjöldamargir merkilegir lagabálkar, sem stjórnin hefir borið fram, en lagabálkar milliþinganefnda hafa átt misjöfnu og litlu gengi að fagna.

Jeg skal ekki vera margorður um þann kostnað, er jeg hygg að slík nefndarskipun mundi útheimta. Þegar skýrslur og fylgiskjöl eru tekin með í reikninginn, mun hann ekki verða minni en 20 þús. kr., einkum þar sem svo er að sjá á ástæðum hv. allshn., að nefndin eigi að starfa, ekki aðeins í ár, heldur næstu ár líka, eða hún eigi með öðrum orðum að treina sjer það í fleiri ár, þar sem ekki er gert ráð fyrir, að hún hafi afgreitt annað fyrir næsta þing en ákvæðin um útsvarsálagningu og kosningar í sveitarmálefnum.

Það hefir verið sagt hjer, að ekki væri minni þörf á að skipa nefnd nú í þetta mál en 1901. Jeg skal ekki segja um, hve mikil þörfin hefir verið þá, enda sannar það ekkert nauðsyn á slíku nú. Þótt vel tækist þá um lagasetningu, er ekki þar með sagt, að svo fari nú. Lögin frá 1905 hafa yfirleitt gefist vel, og almenningur óskar ekki breytinga á þeim. Það eru aðeins nokkrar greinar í þeim, sem þarfnast breytinga, en engar þeirra eru þannig vaxnar, að ekki megi fulltreysta stjórninni til að taka þær til athugunar með aðstoð kunnugra manna, þar sem þess þarf með, og gera í því efni tillögur fyrir næsta þing. En hitt er vafasamt, hvaða gagn mundi leiða af skipun milliþinganefndar, og sú tilraun er alt of dýr, ef hún mishepnast. Jeg vil því leyfa mjer að bera upp og afhenda forseta svohljóðandi rökstudda dagskrá:

Í trausti þess, að stjórnin íhugi þær breytingar, sem lagt hefir verið til að gerðar verði á sveitarstjórnar-, bæjarstjórnar- og fátækralöggjöfinni, og leggi tillögur sínar fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Hákon Kristófersson: Hv. 2. þm. Skagf. (JS) hefir að vísu sagt margt af því, sem jeg vildi sagt hafa. En af því að hin rökstudda dagskrá hans er til umræðu, þá vildi jeg leyfa mjer að spyrja hann, hvort hann ætlast til þess, að hún taki til allra þeirra frv., sem fram hafa komið í þessu máli. (JS: Að sjálfsögðu). Ef svo er, mun jeg hugsa mig um áður en jeg greiði henni atkv. mitt.

Jeg hefi áður haldið því fram, að þessi mál mætti laga án þess að milliþinganefnd sje skipuð. Fyrst og fremst treysti jeg hæstv. stjórn mætavel til þessa, og í öðru lagi verður að taka tillit til þess, hve misjafnlega milliþinganefndir hafa gefist. Skyldu margar till. hinnar svokölluðu sparnaðarnefndar ná fram að ganga? Þó mun sennilega ærinn kostnað hafa af henni leitt.

Annars kvaddi jeg mjer einkum hljóðs að þessu sinni vegna þess, að jeg

á frv. eitt, á þskj. 113, er þetta mál varðar og allshn. hefir haft til meðferðar. Jeg er sannast að segja mjög óánægður með meðferð nefndarinnar á því og kann henni engar þakkir fyrir. Jeg held, að það sje jafnan vafasöm aðferð af öllum nefndum að vísa frv. frá sjer að órannsökuðu máli, án þess að láta í ljós skoðun sína á þeim, og láta síðan deildina gera hið sama. Auðvitað er ekkert við því að segja, þótt frv. sjeu feld. En sú aðferð, er hv. allshn. hefir beitt hjer, er ekki viðeigandi.

Jeg get ekki heldur betur sjeð en að rjett hefði verið af allshn. að athuga frv. mitt og af deildinni að samþykkja það, jafnvel þótt milliþinganefnd yrði skipuð. Jeg sje ekki, að samþykt frv. hefði á neinn hátt þurft að tefja fyrir skipun slíkrar nefndar. Frv. fer aðeins fram á að draga úr ósamræmi, sem hefir átt sjer stað milli sveitar- og bæjarfjelaga, eins og t. d. milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Jeg er satt að segja hissa á framkomu nefndarinnar í þessu efni. Jeg álít, að nefndin sje svo skipuð, að henni hefði ekki verið ofurefli að athuga og komast að niðurstöðu um þetta atriði. Jeg get því ekki litið öðruvísi á en að hv. allshn. hafi brostið vilja til að afgreiða málið og hafi viljað velta af sjer vandanum.

Hvað sem öðru líður, á allshn. fullkomna óþökk skilið frá mjer fyrir meðferð sína á frv. mínu, og skora jeg því hjer með á nefndina að koma með þetta frv. fram og leggja með því eða á móti. Að öðrum kosti tel jeg nefndina sýna ókurteisi, sem nefndum þingsins er ekki samboðin.

Hv. frsm. (BSt) talaði um, að ekki væri hægt að taka eitt frv. út úr, heldur yrðu þau öll að fara í sömu gröf. (BSt: þetta er ekki rjett, því eitt var tekið út úr, frv. hv. þm. Ak. (BL)). Hinsvegar sagði hann, að till. þyrftu að koma fram um málið í heild, líklega til þess að milliþinganefnd gæti bygt á þeim till. Sagði hann þetta fyrir hönd sína eða nefndarinnar? (BSt: Jeg svara því síðar). En mjer finst það meira en lítil ónærgætni af nefndinni að ætlast til þess, að nokkuð það komi fram undir umræðunum, sem milliþinganefnd geti bygt á, í máli, sem hv. allshn. treystir sjer alls ekki til að ráða við.

Hv. 2. þm. Skagf. (JS) benti á kostnaðarhliðina og gerði ráð fyrir því, að þessi nefnd mundi kosta ríkið ca. 20 þús. kr. Jeg er þess fullvís, að hv. þm. hefir lagt þetta niður fyrir sjer og bygt á rökum þessa lauslegu áætlun sína. Jeg ætla nú ekki að fara að hrekja þetta, en satt að segja hefði jeg haldið, að þessu mætti stilla svo í hóf, að nefndin þyrfti ekki að kosta svona mikið. En jeg játa það, að eftir reynslu undanfarinna ára má búast við, að nefndin kosti þetta og kannske meira.

Jeg býst við því, að hvernig sem málið verður afgreitt frá þingsins hálfu, þá verði á því einhverjir agnúar. Mjer kemur það alls ekki á óvart, að þótt þessi væntanlega milliþinganefnd verði skipuð, þá hepnist henni ekki að ganga svo frá málinu, að ekki verði það rifið niður meira eða minna, sem hún leggur til, jafnt og þótt stjórnin undirbyggi málið. Jeg væri því reiðubúinn til þess að greiða dagskrá hv. 2. þm. Skagf. (JS) atkvæði, ef henni fylgdi ekki sá hængur, að með henni er loku skotið fyrir það, að mitt frv., sem jeg tel sjálfsagt að verði að lögum, nái að koma fyrir þingið. Það er þá úr sögunni. En jeg er nú hræddur um það, þar sem öll

allshn. stendur saman að þessari till., að frv. sje úr sögunni hvort sem er. Jeg ætla ekki að fara út í það, sem hv. frsm. (BSt) talaði um samkomlag milli flokka þingsins um skipun nefndarinnar. Jeg er viss um, að hv. frsm. hefir gert sínar till. allar af góðum hug.

En jeg býst við því, er jeg hefi nú athugað alla málavexti, og einkum þau sem jeg hefi nú heyrt yfirlýsingu hv. allshn. um, að hún ætli ekki að láta frv. mitt koma fyrir þingið, að þá verði jeg að greiða dagskránni atkv. mitt. En það mundi breytast, ef form. allshn. vildi lofa því fyrir nefndarinnar hönd, að frv. skuli koma fram, sem jeg reyndar að þessu hefi treyst á, og ekki að ástæðulausu.

Klemens Jónsson: Það lítur enn út fyrir langar og miklar umr., líkt og stundum fyr, um þetta mál, en jeg ætla mjer ekki að lengja þær að raunalausu. Jeg vil þá byrja á því að benda á, að fátækra- og sveitarstjórnarlögin frá 1905 voru í upphafi svo vel undirbúin, sem frekast voru föng á. Jeg efast um, að nokkur meiri háttar lög hafi, að öllu athuguðu, verið jafnvel undirbúin, enda var milliþinganefndin, sem undirbjó þau lög, skipuð mjög hæfum mönnum. Hún sat æðilengi á rökstólum, enda komu frá henni frv. svo vel rökstudd, að þau hafa reynst ágætlega alt fram á þennan dag. Mjer var fullkunnugt um starf þessarar nefndar vegna embættisstöðu minnar þá. Frv. frá henni voru send stjórninni til athugunar, og fann hún ekki mikið að athuga við þau. Jeg var líka nákunnugur framkvæmd þeirra í 12 ár, því síðasti úrskurður í þessum málum heyrir undir stjórnarráðið. En þótt þessi lög væru í upphafi svona vel undirbúin, þá leið þó ekki á löngu áður en farið var að krukka í þau, einkum ákvæðin um útsvarsskyldu. Það hefir varla liðið það þing, að ekki hafi verið reynt að breyta þeim að einhverju leyti, og því miður oft hepnast. Þannig hafa komið inn breytingar, sem hvorki eru í samræmi við lögin sjálf, og því síður önnur samskonar lög, t. d. bæjarstjórnarlögin. Glundroðinn hefir því altaf farið vaxandi, og er nú svo komið, að ekki verður hjá því komist að reyna að bæta úr þessu. Þá er að athuga þær leiðir, sem hægt er að fara til þess, hvort heldur eigi að skipa milliþinganefnd, eða að öðrum kosti hvort stjórnin treysti sjer til þess að undirbúa málið sjálf undir næsta eða næstu þing.

Jeg skal sjerstaklega geta þess, að löggjöf kaupstaðanna hefir ár frá ári líka verið að fjarlægjast hver aðra. Löggjöf Ísafjarðar- og Akureyrarkaupstaða frá 1883 var upphaflega miðuð við löggjöf Reykjavíkur, og löggjöf Seyðisfjarðarkaupstaðar sniðin eftir Akureyrar, nema hvað breyttir staðhættir heimtuðu á annan veg. En þótt löggjöf hvers kaupstaðar væri sniðin eftir eldri fyrirmyndum, þá var farið að breyta þeim áður langt leið, svo að hjer kom sama ósamræmið inn. Þetta þarf að laga, og það er ekki svo erfitt, að jeg get vel búist við því, að hæstv. stjórn muni treysta sjer til að gera það án milliþinganefndar. Jeg tel ekki heldur til of mikils mælst, að stjórnin geri till. um lagfæring á fátækralögunum án þess að milliþinganefnd komi til.

En hvað snertir sveitarstjórnarlögin, þá efast jeg um, að stjórnin treysti sjer til þess að lagfæra þau eftir þeim kröfum, sem fram hafa komið. Vildi

jeg gjarnan heyra yfirlýsingu hæstv. stjórnar um þetta, hvort hún treystist til þess sjálf eða hvort hún kýs fremur, að til þess verði skipuð milliþinganefnd.

Hv. 2. þm. Skagf. (JS) gat um kostnað við slíka milliþinganefnd sem þessa og bjóst við því, að hann yrði talsvert mikill. Nefndi hv. þm. 20 þús kr., og þótt hann tiltæki þá upphæð nokkuð af handahófi, þá mun mig ekkert undra, þótt kostnaðurinn nálgist þetta. Þó fer það nokkuð eftir því, hvort nefndarmenn verða teknir utan Reykjavíkur eða ekki. Ef nokkrir þeirra verða teknir utan Reykjavíkur og þurfa að ferðast þangað, því jeg tel sjálfsagt, að nefndin starfi hjer, þá mun kostnaður sjálfsagt komast hátt upp í 20 þús. kr. En jeg skal játa það, að jeg geri ekki svo mikið úr þessum kostnaði, ef svo mætti til takast, að nefndin gæti lokið svo störfum sínum, að viðunandi væri, og menn gætu losnað við þann glundroða, sem nú ríkir, um nokkuð langan tíma. Það er æskilegt og mikið til þess vinnandi að fá góða skipun á þessi mál, svo að þingið þurfi ekki að fjalla um þau aftur og aftur. Líka má geta þess, að þótt stjórnin vildi undirbúa málið sjálf, þá mun hún þurfa á aðstoð að halda, og hún kostar eitthvað. Stjórnarráðsskrifstofurnar hafa nóg að starfa að undirbúningi ýmsra mála, þegar ekki líða nema 9 mánuðir milli þinga. Enda mun það nú vera siður að leita út fyrir stjórnarráðið um aðstoð lögfræðinga við samning lagabálka, svo að kostnaðarlaus yrði þessi undirbúningur aldrei. Sem sagt, aðalatriði málsins er það, hvort hæstv. stjórn treystist til þess að undirbúa málið á eigin spýtur, eða óskar, að sett sje milliþinganefnd til þess. Eftir undirtektum hæstv. stjórnar í þessu atriði fer það, hvernig jeg greiði atkvæði um málið. Ef stjórnin óskar eftir milliþinganefnd, þá mun jeg greiða henni atkvæði. En ef hún álítur sjer fullkomlega fært að undirbúa málið sjálf, þá mun jeg greiða atkvæði með dagskrá hv. 2. þm. Skagf. (JS).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Jeg var svo óheppinn að vera kvaddur í síma meðan hv. 2. þm. Skagf. (JS) hjelt ræðu sína, svo að jeg heyrði hana ekki alla. En eftir því, sem mjer virtist, þá var hún að miklu leyti bygð á einum höfuðmisskilningi á orðum mínum. Jeg get ekki betur heyrt en að hv. 2. þm. Skagf. áliti, að jeg hefði verið í minni ræðu að tala fyrir öllum þessum málum, sem fyrir nefndinni lágu, að undanskildu máli hans sjálfs. Jeg drap aðeins á það, að þessi mál þyrfti að athuga. Jeg gaf ekki upp neitt álit um það, hvað jeg teldi eiga fram að ganga af þessum frv. og hvað ekki. Nefndin hefir ekki tekið neina ákvörðun um það nje bundið sig á neinn hátt. Hv. þm. (JS) var meðal annars að furða sig á því, að fram skyldi koma hjá mjer sú skoðun, að meina sveitunum að krefja heim þurfalinga sína. Jeg lýsti þessu ekki sem minni skoðun. Jeg skýrði aðeins frá því sem uppástungu, sem fram hefði komið í þinginu og rjett væri að athuga. Og ef horfið væri að því ráði, þá yrði að athuga vel, hverjar afleiðingar það kynni að hafa. Jeg var ekki að halda því fram, að þetta bæri að gera. Sama er að segja um þá uppástungu að gera fátækraframfærið sameiginlegt fyrir alt landið. Jeg gat þess, að í eðli sínu væri fátækraframfærið alþjóðarmál, en af praktiskum ástæðum væri því skift

milli einstakra sveita. Jeg benti á það misrjetti, sem af þessu leiddi milli sveitanna, en jeg hjelt því ekki fram, að ríkið ætti að taka fátækraframfærið í sínar hendur, heldur hinu, að vert væri að taka til athugunar, hvort ekki mætti finna heppilega leið til að draga úr þessu misrjetti. Þá hjelt hv. þm. því fram, að ef allshn. hefði athugað þessi mál með fullri alvöru, þá mundi hún hafa getað afgreitt þau. Mátti skilja á honum, og eins hv. þm. Barð. (HK), að þeir áliti, að það stafaði af leti allshn., að till. þessi er fram komin. Það má nú vera, að allshn. hefði getað afgreitt þessi mál, ef hún hefði ekki haft neitt annað að gera. En eins og jeg tók fram, hefir hún mörg önnur mál með höndum. Og þessi mál öll taka svo mikið til þjóðarinnar, hjer er svo margvíslegra hagsmuna að gæta, að það þarf áreiðanlega mjög víðtæka þekkingu á þjóðarhag og atvinnurekstri til þess að skipa þeim svo að vel sje. Það sæti ekki á mjer að neita því, er hv. 2. þm. Skagf. sagði um allshn., að hún væri skipuð mjög góðum mönnum. En þótt svo sje, þá er hún hlaðin öðrum störfum og hefir svo lítinn tíma í samanburði við þau störf, sem hún þarf að vinna, að engin von er til þess, að hún geti á svo stuttum tíma aflað sjer allra þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru í þessu efni. Jeg get hugsað mjer, að til þess þurfi að fá skýrslur víðsvegar utan af landi.

Þá vildi hv. 2. þm. Skagf. (JS) halda því fram, að fátækralöggjöfin, a. m. k. það, hvað kallast ætti sveitarstyrkur, væri svo þrautrætt atriði og hugsað, að það mundi ekki breyta neinu, þótt milliþinganefnd athugaði það. Þingmenn hefðu í því efni sínar ákveðnu skoðanir, og þeim mundu þeir ekki breyta, þótt álit milliþinganefndar kæmi til. Þetta kann að vera. En jeg efast þó um það, að þingmenn hafi yfirleitt getað gert sjer ljóst, hvaða afleiðingar breytt skipulag í þessu efni kynni að hafa í ýmsar áttir. Hann hjelt því fram, að þessum málum bæri að vísa til stjórnarinnar. Með þessu finst mjer hv. þm. (JS) viðurkenna það, að ekki sje á færi þingnefndar, sem auk þess er hlaðin öðrum störfum, að athuga málið svo að vel sje.

Hv. þm. (JS) talaði um reynslu undanfarinna ára viðvíkjandi milliþinganefndum og hjelt því fram, að starf þeirra væri dýrt og ekki mikils virði. Þetta getur verið rjett hvað sumar þessar nefndir snertir. En í þessu máli tel jeg sanngjarnast og rjettast að miða við þá reynslu, sem áður er fengin á þessu sviði. Þegar þessum málum var síðast skipað, 1905, þá var til þess valin milliþinganefnd, og öll löggjöf í þessu efni hefir verið bygð á starfi þeirrar nefndar. Jeg verð því að líta svo á, að það, sem í þessu efni hefir áður gefist vel, ætti að gera það enn.

Hv. þm. Barð. (HK) þarf jeg ekki að svara miklu, því það komu fram hjá honum sömu skoðanir í þessu efni og hjá hv. 2. þm. Skagf. (JS), og hefi jeg svarað þeim með því, er jeg hefi nú tekið fram. Hann talaði um þann mikla kostnað, sem leiða mundi af skipun milliþinganefndar. Jeg játa, að af því mundi að sjálfsögðu leiða kostnað, hjá því er ekki hægt að komast. En jeg býst við því, að það hafi líka kostnað í för með sjer að taka þessi frv., sem hv. þm. talaði um, og láta ræða þau hjer, eins illa og þau eru undirbúin. En kæmu hjer fram ákveðnar till., bygðar á ákveðinni stefnu í þessu máli og með

fullu samræmi, þá mundi kostnaðurinn við undirbúning málsins vinnast upp á því, að þingið þyrfti miklu minni tíma til þess að afgreiða það. Og eins og hv. 2. þm. Rang. (KlJ) tók fram, þá er ekki hægt að komast hjá aukakostnaði heldur, þótt hæstv. stjórn taki málið til rannsóknar og undirbúnings. Sú aðstoð, sem stjórnin þarf að fá, kostar eitthvað líka.

Hv. þm. (HK) áleit, að nefndin hefði með till. vísað frá sjer ákveðnum tillögum, sem fyrir henni lágu. Vildi hann, að nefndin hefði tekið afstöðu til þeirra, annaðhvort með eða móti. Það er nú talsvert langur tími síðan þessari till. til þál. frá nefndinni var útbýtt hjer í deildinni, og gerði nefndin ráð fyrir því, að hún yrði tekin nokkuð fljótt á dagskrá. Og ef hv. deild sýnist það að fella till., þá er ekki víst nema nefndin geti sagt álit um eitthvað af þeim till. í þessu máli, sem fyrir henni liggja. Hv. þm. sló því reyndar fram, að nefndin hefði ekki viljað neitt um málið hugsa. Því vil jeg algerlega mótmæla. Hún hefir einmitt talsvert um það hugsað og tekið hverja einstaka till. til meðferðar, þótt þessi hafi orðið niðurstaðan.

Jeg skal ekki gera það að neinu kappsmáli, hvort þáltill. verður samþ. eða dagskráin. Báðar fara fram á það sama, að mál þetta verði undirbúið og rannsakað frekar en kostur er á nú á þessu þingi. En eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, þá tel jeg samt heppilegra að skipa nefnd. Jeg býst við því, að hæstv. atvrh. (MG), sem þetta mál heyrir undir, hafi ekki mikinn tíma til þess að rannsaka málið sjálfur til hlítar. Og yrði því vísað til stjórnarinnar, þá mundi aðferðin verða sú, að hlutaðeigandi skrifstofa mundi vinna að því og svo keypt aukaaðstoð. En eins og eðlilegt er, þegar skrifstofur eiga að vinna að slíkum málum, þá eru þær auðvitað vel kunnugar þeirri löggjöf, sem fyrir er, og framkvæmd hennar, það skal jeg játa. En jeg býst við, að nefnd yrði kunnugri lífi þjóðarinnar og geti því gert sjer ljósara heldur en skrifstofa, hvaða breytingar er nauðsynlegt að gera vegna breyttra atvinnuhátta o. s. frv. Og þess vegna mundi það vera betra fyrir stjórnina að fá nefnd sjer til aðstoðar. Jeg vil í því sambandi benda á það, að með till. þessari er hæstv. stjórn ekki sýnd nein óvirðing. Hún ber ekki með sjer neitt vantraust, enda er hæstv. atvrh. eftir henni ætlað að skipa formann nefndarinnar.

Það er aðeins með það fyrir augum, að málið verði sem best athugað, að allshn. ber fram þessa till.

Hv. þm. Barð. (HK) furðaði sig á því, að jeg teldi æskilegt, að hv. þm. gæfu þessari fyrirhuguðu nefnd bendingar um þessi mál í umræðunum. Og virtist hann skilja þetta sem kröfu frá mjer til hv. þm. En jeg gerði enga slíka kröfu. Hv. þm. ráða því auðvitað sjálfir, hvort þeir tala fleira eða færra um þessi mál. En hitt taldi jeg æskilegt, að það, sem hv. þm. segðu um þessi mál í umr. um þessa till., gæti orðið til leiðbeiningar fyrir nefnd þá, sem ráðgert er að skipa. Jeg sný ekki aftur með þetta, en hitt var alls ekki meining mín, að skylda hv. þm. til að standa upp og segja frá því, hvaða skoðun þeir hefðu á sveitarstjórnar- og fátækralöggjöf yfirleitt.

Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) ætla jeg ekki að svara miklu. Hann tók yfirleitt vel í málið, þótt hann væri hinsvegar ekki alveg ákveðinn í því að greiða till.

atkvæði sitt. Hann tók það rjettilega fram, að þessi lög, sem á sínum tíma voru samin af milliþinganefnd, hefðu reynst vel. En eins og jeg hefi áður talað um, þá hefir svo margt í okkar þjóðlífi breyst svo mjög frá því, er þau voru sett, að engin furða er, að þörf sje orðin á að endurskoða þau. Skal jeg láta mjer nægja að geta um eitt atriði.

Í núgildandi sveitarstjórnarlögum er nálega alt miðað við sveitirnar, en svo eru aftur sjerstök lög fyrir kaupstaðina. En nú hafa kauptúnin vaxið mjög ört á síðari tímum, og sum þeirra orðin talsverðir bæir, þótt ekki hafi þau kaupstaðarrjettindi. En það liggur í augum uppi, að það sama getur ekki átt við í þeim og í sveitum. Nú veit jeg ekki til, að það hafi verið rannsakað til neinnar hlítar, hvernig best sje hægt að gera greinarmun á þeim og sveitunum, eða m. ö. o. hvað eigi að vera sjerstakt fyrir sveitir og hvað fyrir kauptún. Mjer er það ljóst, að þar þarf ýmisleg sjerákvæði og full þörf á, að það sje athugað. T. d. eiga ekki við sömu starfshættir í stjórn sveita og kauptúna. Vil jeg í því efni benda á, að vel getur verið, að í kauptúnum sje heppilegt, að reikningsár þeirra sje almanaksárið, í stað fardagaárs, eins og frv. til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögunum, er hjer lá fyrir, gerði ráð fyrir, en í sveitum tel jeg vafasamt, að slík breyting á reikningsárinu sje til bóta. Og þannig er margt, sem betur þarf að athuga.

Jón Sigurðsson: Það hefir orðið samkomulag um það milli mín og hv. 1. þm. Árn. (MT), að jeg taki aftur dagskrártill. mína til síðari umr. Það lítur út fyrir, að miklar umr. ætli að verða um málið, en hinsvegar þarf fjvn. að fara að starfa, og viljum við ekki verða til þess, að tvískifta þurfi þessari umr., og mun jeg því geyma mjer til síðari umr. að svara hv. frsm. (BSt.).

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 2. þm. Skagf. (JS) tekin aftur til síðari umr.

Tillgr. samþ. með 17:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 17:2 atkv.

Á 58. fundi í Ed., föstudaginn 17. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mig minnir, að við fyrri umr. þessa máls spyrði hv. 2. þm. Rang. (KlJ), hvort stjórnin treysti sjer til að undirbúa þessa löggjöf fyrir næsta þing, eða óskaði fremur milliþinganefndar. Jeg álít, að stjórnin geti ekki sagt, að hún treysti sjer ekki til að gera þetta, eða að sjerstök vandkvæði sjeu á að undirbúa löggjöf þessa, svo að leggja mætti frv. fyrir næsta þing um þetta efni. En hitt þykir mjer þó rjettara að taka fram, að jeg tel ekki ósennilegt, að stjórnin muni þurfa að kveðja sjer einhverrar aðstoðar í þessu efni, en ofætlun ætti henni ekki að vera að ljúka undirbúningi málsins fyrir næsta þing.

Jeg skal heldur ekkert fullyrða um það, hvort undirbúningur stjórnarinnar yrði eins góður og fullkominn eins og hjá milliþinganefnd. Það er ekki mitt að dæma um það, en mjer þykir þó sennilegt, að svo gæti orðið.

Annars tel jeg líklegt, að stjórnin geti

unnið þetta starf, en slæ þann varnagla, að vel geti farið svo, að kaupa þurfi einhverja aðstoð.

Jeg býst við, að ef stjórninni yrði falið að gera þetta, þá yrði sú leið farin að senda fyrirspurnir til sveitar- og bæjarstjórna um, hvaða atriði þurfi sjerstaklega að endurskoða eða breyta. En jeg tek undir það, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) sagði um fátækralöggjöf okkar og sveitarstjórnarlög, að til þeirra hefði verið svo vel vandað í öndverðu, að búast mætti við, að margt yrði tekið upp að nýju, en hinsvegar ekki að undra, þó að lög, sem staðið hafa um 20 ára skeið, sjeu í einhverjum atriðum orðin á eftir tímanum.

Þá býst jeg við, að samfara nefndarskipuninni hljóti að verða töluverður kostnaður, vafalaust meiri en ef stjórnin á að undirbúa málið. En vel má vera, að hv. þm. líti svo á, að svo miklu meiri trygging verði fyrir góðum undirbúningi, ef milliþinganefnd verður skipuð í málinu, að þeir horfi ekki í þann kostnað, sem sú leið hefir í för með sjer, umfram það, sem stjórnin e. t. v. þarf að greiða fyrir aðstoð við undirbúning málsins. Út á það skal jeg ekkert setja, enda má vel vera, að jeg geti ekki verið allsendis óvilhallur dómari í því efni.

Eftir umr., sem hjer hafa orðið um útsvarsálagningu hinna einstöku bæjar- og sveitarfjelaga, þá skilst mjer, að ekki muni stjórninni ókleift að undirbúa það mál fyrir næsta þing og koma á samræmi í þeim efnum, er menn megi vel við una.

Þá er annað atriði, sem hv. allshn. óskar sjerstaklega, að væntanleg milliþinganefnd taki til meðferðar, sem sje löggjöfin um kosningarrjett til bæjar- og sveitarstjórna. Við fyrri umr. spurðist jeg fyrir um það, hvort hv. allshn. ætlaðist ekki til, að löggjöfin um þetta efni yrði samræmd, sjerstaklega með tilliti til yngri laga, og þætti mjer gott að heyra álit hv. nefndar um það.

Ágúst Flygenring: Jeg þykist vita, að þáltill. þessi muni aðallega fram komin vegna frv., sem jeg bar fram í byrjun þings, en enn er óútrætt. Það frv. mun vera aðaltilefni till., þó ýms önnur frv. hafi komið fram um breytingar á bæjar- og sveitarstjórnarlöggjöf landsins. Þessu frv. mínu hefir ranglega verið haldið til baka, vegna sjerstaks kapps vissra sveita, sem þykjast misrjetti beittar, ef það yrði samþ. Get jeg þó eftir atvikum sætt mig við þessi málalok að þessu sinni, ef löggjöf landsins um þessi efni verður samræmd áður en mörg ár líða, því jeg þykist vita, að það muni leiða til þess, að þeim atriðum, sem fyrir mjer vöktu við flutning frv., verði skipað á viðunandi hátt. Þar sem nú má gera ráð fyrir, að öll sveitar- og bæjarstjórnarmálefni svo og fátækramálefni verði tekin til rækilegrar yfirvegunar fyrir næsta þing, þá þykir mjer rjett að gera ofurlitla grein fyrir því, hvað jeg tel óþægilegast og ranglátast í þessum efnum nú og tel því þurfa að breyta.

Fyrst verður fyrir mjer ákvæði 37. gr. sveitarstjórnarlaganna, að útsvarsskylda skuli bundin við ákveðinn fjörð eða flóa í sama sýslufjelagi. Landhelgin á að sjálfsögðu að vera öllum landsbúum jafnrjetthá, og ef svo er, þá er óviðurkvæmilegt, ef þeir einir eiga að vera út undan, sem svo eru settir, að enginn fjörður eða vík liggur að hreppsfjelagi þeirra, er þeir gætu haldið sjer á. Þetta ákvæði hefir verið sett einvörðungu af

hreppapólitískum ástæðum og er ófært.

Þá er ekki rjett, að lagt sje útsvar á báta, sem stunda fiskiveiðar utan heimilis síns skemur en þriggja mánaða tíma. Það er ekkert vit í því að elta menn á röndum með útsvarsálagningu, eins og sagt er að átt hafi sjer stað sumstaðar á Norðurlandi. Sá eltingaleikur líkist hreinlega ráni, og geta menn með því móti hvergi gert sjer von um að fá að vera í friði stundinni lengur án þess að greiða svo og svo mikið útsvar. Þó ekki sje annað en að bátur komi til hafnar örfáum sinnum, til þess að selja nokkrar tunnur af síld, þá þykir sjálfsagt að gera honum að greiða útsvar. Þetta er jafnlangt gengið og að leggja útsvar á mann hjeðan úr Reykjavík, sem bregður sjer vikutíma upp í Mosfellssveit til þess að heyja 10—20 hesta. Að vísu segja menn, að þetta sjeu atvinnurekendur. En hjer á landi er ekki svo gott að greina á milli vinnuþega og vinnugjafa. Það fer hvort eð er oftast nær saman hjer hjá okkur í smábúskapnum, svo að sú skifting rjettlætir þennan eltingaleik á engan hátt.

Hinsvegar er ekki allskostar rjett að binda útsvarsskyldu eingöngu við heimilisfang manna. Þá er hætt við, að menn misbrúki það ákvæði og láti skrifa sig þar, sem þeir hafa aldrei átt heima, í þeirri von að sleppa betur við útsvarsgreiðslu, enda munu slíks dæmi nú. Jeg álít, að það heimili eigi að gilda, þar sem menn hafa dúk og disk og þar sem gjaldþegninn framfærir heimili sitt.

Þessi atriði þarf fyrst og fremst að leiðrjetta, og er það lafhægt án þess að raska að nokkru aðalgrundvelli almennra rjettinda borgaranna í sveitarfjelögunum.

Að því er snertir það atriði, að skipa milliþinganefnd til að athuga þessi mál, þá get jeg lýst yfir þeirri skoðun minni, að það veiti ekki eins mikla tryggingu fyrir góðum árangri og hitt, að vísa málunum til hæstv. stjórnar. Fjöldi milliþinganefnda hefir verið skipaður á ýmsum tímum, en frv. þeirra hefir ekki verið sint frekar á nokkurn hátt en öðrum frv., sem fram hafa verið borin hjer á Alþingi, og ekki eins mikið og stjfrv. alment. Auk þess á að kjósa þessa nefnd hjer í þinginu, og er því engin vissa fyrir, að í hana veljist jafngóðir starfskraftar og stjórnin á altaf kost á að kveðja sjer til aðstoðar, en hinsvegar er alveg víst, að slík aðstoð verður altaf mun ódýrari en milliþinganefnd getur nokkurn tíma orðið. Jeg legg því til, að málinu verði vísað til stjórnarinnar úr því sem komið er.

Magnús Torfason: Jeg skal fyrst leiðrjetta þann misskilning hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), að þessi till. standi beinlínis í sambandi við frv. hans um breytingu á bæjarstjórnarlögum Hafnarfjarðar.

Uppástungan um þessa milliþinganefnd er fyrst komin frá hv. allshn. Ed. Svo stóð á, að allmörg frv. voru fram komin um breytingu á sveitar- og bæjarstjórnarlöggjöfinni svo og fátækralögunum, ennfremur frv. um bygðarleyfi o. s. frv. Við litum svo á í báðum allshn. þingsins, að ekki myndi tími til vinnast að ganga svo frá öllum þessum málum, að vel væri, þegar af þeirri ástæðu, að þegar farið var að athuga frv. og bera þau saman við lög, sem samþ. hafa verið á síðustu þingum, þá kom brátt í ljós, að hagsmunir hinna ýmsu hjeraða stangast mjög á í þessum efnum. Alls-

herjarnefndunum varð því fljótt ljóst, að til þess að þessum málum yrði skipað svo vel sem skyldi, þá þyrfti hún að ráða yfir margfalt meiri tíma en mögulegt var að verja til athugunar þessum málum.

Það er t. d. ofur skiljanlegt, að ekki verði hlaupið athugunarlítið að annari eins breytingu og þeirri, að takmarka enn, hvað telja skuli þeginn sveitarstyrk og hvað af honum skuli leiða. Slíkar breytingar hafa í för með sjer mikinn mun á afstöðu hjeraðanna hvers gagnvart öðru. Viðskifti þeirra verða öll með öðru sniði, og því sjálfsagt að skipa þeim öðruvísi í löggjöfinni en nú er gert.

Sjerstaklega er þó áberandi í öllu, sem við kemur skattamálum sveita og bæja, að í þeim efnum er löggjöf síðari ára á skakkri braut. Leit nefndin svo á, að ekki væri viðlit að færa í lag missmíðar, sem orðið hafa á hjer að lútandi lögum, þegar á þessu þingi, og mun enda reynast tæplega hægt, nema með almennum lagabálki.

Nú hefir komið fram stjfrv. um úrskurði í útsvarsmálum sjerstaklega, en lengra náði það frv. ekki. Hefir hæstv. stjórn sennilega ekki treyst sjer til að undirbúa víðtækari breytingar í þessum efnum fyrir þetta þing. En það er fullkomin ástæða til að fá sjerlög um öll skattamálefni sveitanna, sem yrðu þá nokkurskonar rammi, er kauptúnin gætu einnig bygt út í.

Mjer skildist nú á hæstv. atvrh. (MG), að hann treysti sjer til að undirbúa slíka löggjöf fyrir næsta þing. Er það góðra gjalda vert, og því ekki ástæða fyrir okkur að skipa nú milliþinganefnd vegna þessara mála út af fyrir sig.

Í öðru lagi er till. fram borin vegna þess, að nauðsyn þykir bera til að koma öllum ákvæðum um kosningar í sveitar- og bæjarmálefnum í einn lagabálk. Út af fyrir sig getur það heldur varla talist mjög mikið verk, einkum ef aðeins á að safna og samræma þær heimildir, sem eru í núgildandi lögum um þetta efni. Þó kemur ýmislegt fleira til greina í þessu sambandi, þar á meðal hvort ekki sje rjett, að þeir missi kosningarrjett, sem eiga ógoldin útsvör eða önnur gjöld til bæjar- og sveitarsjóða, eins og jeg hefi heyrt að tíðkast hafi í Reykjavík upp á síðkastið. (**JBald:** Þessu ákvæði hefir aldrei verið beitt þar). Því hefir a. m. k. verið haldið fram í riti, sem jeg hefi nýlega lesið, að þetta væri nauðsynlegt ákvæði til þess að skattheimta til bæjar- og sveitarsjóða geti gengið betur. En kunnugt er mjer líka um, að látnir hafa verið falla vextir á frá gjalddaga, og gæti það verið æskilegri leið. Jeg skal nú engan dóm leggja á þetta atriði, en sjálfsagt er að taka það til yfirvegunar. Og svo mikið get jeg sagt af eigin reynslu, að altaf gengur innheimta þessara opinberu gjalda ver og ver með hverju ári sem líður.

Ennfremur getur verið spurning um, hvort ekki sje rjett að lögbjóða leynilegar kosningar víðar en í bæjunum. Til sveita er sumstaðar farið að nota heimildarlög um leynilegar kosningar, og er mjer kunnugt um, að þau hafa ekki reynst alls kostar heppileg, og þyrfti því sennilega að breyta þeim eitthvað, eða þá fella þau alveg úr gildi.

Jeg er nú ekki í neinum vafa um, að hæstv. stjórn muni geta unnið þessi verk öll saman, án þess að milliþinganefnd þurfi að koma til.

En það er önnur hlið á þessum sveitarstjórnarmálefnum yfirleitt, sem

hæstv. stjórn mun eiga erfitt með að ráða fram úr. En það er að samræma hina ýmsu hagsmuni sveitar- og bæjarfjelaganna hvers gagnvart öðru. Það er sýnilegt, að hagsmunir sveita og kaupstaða stangast mjög á og margvíslega, enda er vitanlegt, að atvinnuvegir landsmanna hafa breyst mjög á síðari árum og orðið miklu margbrotnari en áður, og er því ekki nema eðlilegt, að altaf beri meira og meira á milli. Að þessu leyti lít jeg svo á, að öll þessi mál þurfi alveg sjerstakan undirbúning. Jeg sje ekki betur en að þetta sje pólitískt mál, sem tæplega verði til lykta ráðið nema því aðeins, að hinir pólitísku flokkar í þinginu standi að undirbúningi þess. Það mun tæplega vera á færi nokkurrar stjórnar, jafnvel þó að hún njóti aðstoðar sjerfræðinga, að undirbúa svo lög um sveitarstjórnarmálefni alment, þar sem hagsmunir hinna ýmsu hjeraða hljóta altaf að rekast á að meira eða minna leyti, að nokkur von sje til, að þau nái samþykki þingsins. Jeg er í engum vafa um, að ef slík löggjöf á að ná samþykki þingsins, þá þarf hún að hafa fengið samþykki flokkanna fyrirfram, en það fæst varla nema þeir eigi menn í nefnd, sem undirbúi löggjöfina. Það er sjerstaklega frá þessu sjónarmiði, að jeg varð sammála hv. allshn. Ed. um, að nú væri tími til kominn að skipa milliþinganefnd í öll þessi mál.

Hæstv. atvrh. (MG) gat þess, að ef hæstv. stjórn ætti að undirbúa þessi mál, þá mundi hún beiðast álits sýslunefnda um þau. Jeg held nú, að ekki verði ýkjamikið á því að græða, þó að sýslunefndum verði sendar fyrirspurnir um, hverju þær telji æskilegt að breytt verði í sveitarstjórnarlöggjöfinni. Miklu betra væri, að þær fengju ákveðin frv. til umsagnar, er þær gætu gert við sínar aths. Hitt mun valda glundroða, að leggja fyrir sýslunefndir að gera till. um breytingar á löggjöfinni, enda tæplega þess að vænta, að þær hafi mönnum á að skipa til slíkra hluta, svo að byggjandi sje á till., og það því fremur, sem sýslunefndir sitja ekki nema fáa daga á rökstólum árlega og ynnist því illa tími til þess að gera frumlegar till. um þessi mál.

En eins og jeg sagði áðan, getur allshn. ekki verið mjög fast í hendi, að till. nái fram að ganga, eftir að við höfum heyrt undirtektir hæstv. atvrh. Og í þessu sambandi vil jeg geta um eina ástæðu, sem gerði það að verkum, að jeg var í fyrstu hálftregur til að aðhyllast till. um skipun milliþinganefndar. Hún er sú, að enn er ekki fengin reynsla fyrir því, hvernig breyting sveitfestistímans muni gefast. En við nánari athugun varð jeg að líta svo á, að þetta gæti ekki verið nein aðalástæða til að vera á móti till., vegna þess m. a., að jeg býst við, að milliþinganefndin muni síðast taka til meðferðar skipun fátækramálanna.

Um kostnað við milliþinganefnd• má auðvitað deila, en þeir hv. þm., sem mest gera úr honum, munu ekki hafa gert sjer ljóst, hversu mikið stjórnina kostar venjuleg aðstoð við löggjafarstarf sitt. Vil jeg þó á engan hátt telja þann kostnað eftir nje vanþakka lögfræðilega aðstoð, sem allar stjórnir hafa tekið sjer meira og minna.

Hv. þm. Barð (HK) gerði fyrirspurn til allshn. um, hvað frv. hans um breytingu á Reykjavíkurlögunum liði. Hv. þm. (HK) veit, að ekki hefir staðið á mjer, að það frv. kæmi til umr. í nv. deild, en jeg hefi áður getið þess, að ef

öll þessi sveitar- og bæjarstjórnarmálefni verða fengin milliþinganefnd til meðferðar, þá hlýtur það að hafa áhrif á framgang þessa frv., eins og annara, sem nú liggja fyrir hv. deild um þessi efni. Að öðru leyti er jeg ekki neitt á móti því sjerstaklega, að þetta frv. nái fram að ganga*).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Jeg hefi í sjálfu sjer ekki mikið að segja, því að hv. form. allshn. (MT) hefir tekið af mjer ómakið og svarað mörgu af því, sem fram hefir komið gegn skipun þessarar nefndar. Svo gerði jeg og nokkra grein þessarar till. við fyrri umr. Og jeg get ekki fundið, að það, sem jeg sagði þá, hafi verið hrakið.

Hæstv. atvrh. (MG) taldi engin vandkvæði á, að stjórnin undirbyggi þessi tvö atriði til næsta þings, sem sjerstaklega er lögð áhersla á í þáltill. að hraðað sje, sem sje um útsvarsskyldu manna og um kosningarrjett til sveitar- og bæjarstjórna. En eins og greinargerðin ber með sjer, var ætlast til þess, að mörg fleiri atriði í sveitarstjórnar- og fátækralöggjöfinni kæmu til rannsóknar, ef milliþinganefnd yrði skipuð. Og það liggur nærri að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvrh. (MG), hvort undirbúningur þessara mála geti orðið slíkur hjá stjórninni, að líkur sjeu til þess, að næsta þing geti bygt á honum nýja löggjöf, og ennfremur hvort stjórnin geti tekið öll þau atriði til íhugunar, sem ætlast er til að milliþinganefnd annars gerði.

Eitt af þeim er t. d. viðskifti sveitarstjórna innbyrðis, og vil jeg þar sjerstaklega fyrir mína hönd minna á það, að hjer á þingi hefir verið flutt áður frv. um að veita sveitarfjelögum rjett til þess að tryggja sig gegn hættulegu innstreymi fólks úr öðrum hjeruðum.

Jeg vænti þess því, ef að því ráði verður horfið að vísa málinu til stjórnarinnar, að hæstv. stjórn taki þetta til athugunar, engu síður en margt annað, sem ætlast er til að verði tekið til athugunar.

Hæstv. atvrh. gat þess, að ef stjórnin tæki við málinu, mundi hún þurfa að kaupa sjer aðstoð. Jeg tel það vafalaust rjett. En benda vildi jeg á í sambandi við það, að hvernig sem með málið er farið, kostar það eitthvað og að kostnaður við milliþinganefnd er því ekki alger aukaeyðsla. Hæstv. atvrh. og fleiri hv. þm. hafa haldið því fram, að kostnaðarmunur yrði geipimikill á því, að fela stjórninni málið, heldur en að skipa milliþinganefnd. Jeg fullyrði ekkert um það, en jeg efa, að það sje rjett, ef alt er tekið til greina.

Það er þá fyrst, að kaupa verður aðstoð, samkvæmt yfirlýsingu hæstv. ráðh. Í öðru lagi ljet hann þess getið, að hann mundi leita álits hreppsnefnda og bæjarstjórna um þetta mál. Eitthvað mundi það kosta.

En höfuðatriðið er það, að jeg óttast, ef stjórnin fer með málið, að ekki verði eins tekið tillit til hagsmuna og ástæðna allra stjetta eins og ef nefnd færi með, sú er allir flokkar ættu sæti í. Og hvað sem stjórnin legði til, þá mundi það taka þingið langan tíma að ákveða sig. Það yrði erfitt um samkomulag. En ef meðferð málsins í þinginu kostar meiri tíma, ef stjórn undirbýr það, heldur en milliþinganefnd, þá ætla jeg, að þar

*) Vantar niðurlag ræðunnar. MT.

komi á móti ærinn hluti kostnaðar við nefndina. Jeg verð því að efast um, að það sje dýrara, að nefndin verði skipuð.

Þá gat hæstv. ráðh. (MG) þess, að núverandi sveitarstjórnar- og fátækralöggjöf hefði verið vel undirbúin á sínum tíma og reynst vel. Þetta er að vísu rjett, en ástæður allar hafa breyst síðan, svo að nú er orðin nauðsyn að endurskoða þessa löggjöf, og er það reyndar játað af öllum. Og allshn. leggur einmitt til, að þessi endurskoðun verði framkvæmd á sama hátt og löggjöfin var undirbúin, nefnilega að milliþinganefnd geri það. Sá undirbúningur var að dómi hæstv. atvrh. góður. Ef skipun milliþinganefndar var góð þá, er hún það eins nú.

Þá hjelt sami hæstv. ráðh. (MG) því fram, að reynslan af milliþinganefndum væri ekki góð. Frv. þeira væru oft ekki samþ. Þetta er rjett um sumar, aðrar ekki. Í þessu máli er reynslan einmitt góð.

Hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) ætla jeg ekki að svara neinu. Hann talaði um, að það væri ekki eins mikil trygging, ef nefnd yrði skipuð, eins og ef málnu væri vísað til stjórnarinnar. Jeg er annarar skoðunar. Mjer virðast meiri líkur til, að starf nefndar beri árangur.

Hv. form. allshn. (MT) tók fram, að þótt hann fyrir hönd nefndarinnar hafi lagt til, að till. yrði samþ., þá væri sjer það ekki kappsmál, ef stjórnin lofaði að gera það verk, sem milliþinganefnd var ætlað. En eftir því, sem hæstv. atvrh. fórust orð, og þótt hann gæfi góðar vonir um endurbætur á þessum tveimur atriðum, þá fann jeg ekki, að hann gæfi svo skýlaus loforð, að jeg geti fallist á að taka till. aftur. Hv. þdm. verða að hafa það eins og þeim sýnist um þetta mál.

Jeg býst við, úr því sem komið er, að málið græði ekki á löngum umræðum, en mjer þótti rjett að taka þetta fram um mótbárur þær, sem fram hafa komið, úr því að jeg er frsm. nefndarinnar. Býst annars ekki við að standa í deilum um þetta.

Klemens Jónsson: Við fyrri umr. beindi jeg þeirri spurningu til hæstv. atvrh. (MG), hvort stjórnin treysti sjer til þess að undirbúa þetta mál sjálf til næsta þings. Svarið var á þá leið, að hann vantreysti sjer ekki til að koma með frv. um þau tvö atriði sem meðal annars er minst á, nefnilega útsvarsskylduna og kosningarrjett til sveitarstjórnar. Svarið var að vísu ekki alveg ákveðið nje skýlaust, en jeg skildi það á þá leið, að hann vantreysti sjer ekki til þess.

Jeg ímynda mjer líka, að hann sje fær um að efna það, því þessi atriði eru ekki svo flókin, að það sje ekki kleift, þótt stjórnin hafi hinsvegar nóg við tímann að gera.

Jeg fór ekkert út í það í fyrirspurn minni, hvort stjórnin kæmi með góð frv. Jeg gekk út frá, að svo yrði. En það er ekki nóg, heldur verður líka að leggja áherslu á það, að frv. sjeu svo úr garði gerð, að stjórnin treysti sjer til þess að koma þeim í gegnum þingið. Það er alkunnugt, að mikil hreppapólitík á sjer stað í þessum málum, og því gæti það reynst mjög erfitt að útbúa þau svo að öllu leyti, að þau gengju þegar í gegn, er þau kæmu. Iðulega hefir þessi hv. þingdeild skorað á stjórnir að undirbúa hin og þessi mál. Stjórnirnar hafa

síðan gert það, og oft lagt í það mikla vinnu, en þegar til kom, hefir hin hv. þingdeild felt frv. Því er mjög áríðandi, að reynt sje að undirbúa þetta mál svo, að því megi treysta, að það gangi í gegn.

Hvað önnur mál snertir, þá skildist mjer hæstv. atvrh. (MG) ekki fyllilega treysta sjer til þess að undirbúa þau, en ef jeg skildi hann rjett, þá hjelt hann þó, að það gæti raunar tekist, að vísu ekki fyrir næsta þing, en síðar, á þann hátt, að leitað væri álits hrepps- og sýslunefnda og bæjarstjórna um málin. En jeg vil segja hæstv. atvrh, að hann má ekki treysta um of á till. þessara aðilja, og jeg held, að það sje rjett, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði, að nær væri að senda þeim frv. að nokkru undirbúin til umsagnar heldur en að bíða beint um till. þeirra að óyfirveguðu máli. Jeg segi þetta ekki út í bláinn. 1923 komu fram frv. um breytingar á bæjarstjórnarlögum fyrir Siglufjörð, Reykjavík og Seyðisfjörð. Þótti þinginu ekki hlýða að lappa upp á löggjöf einstakra kaupstaða, en skaut því til stjórnarinnar, hvort hún sæi sjer ekki fært að undirbúa frv. fyrir næsta þing, þ. e. 1924, þar sem samræmd væri öll kaupstaðalöggjöfin. Var síðan málinu vísað til stjórnarinnar. Jeg var þá ráðherra og tók þessu líklega, eins og hæstv. atvrh. (MG) nú. Og undir eins að þinginu loknu sendi jeg fyrirspurnir til allra bæjarstjórna um, hvaða till. þær vildu gera. Jeg lýsti því í þingbyrjun 1924, hvaða árangur varð af þessu. Hann varð sá, að Siglufjörður vildi ekkert samræmi hafa í löggjöfinni, heldur hefði hver kaupstaður sín lög. Frá öðrum kaupstað, Akureyri, kom ítarlegt og rökstutt álit. Frá Seyðisfirði kom engin till., en þó svar. En frá öllum hinum kom alls ekkert. Enn var það, að allar till. komu svo seint, eða fyrst undir árslok 1923, að þótt allir kaupstaðirnir hefðu sent góðar og greinilegar ályktanir og rökstuddar till., þá hefði verið of seint fyrir stjórnina að undirbúa frv. fyrir þingið. Jeg segi þetta til þess, að hæstv. atvrh. skuli ekki gera sjer of glæstar vonir um að leita álits þessara stjórnarvalda, og til hins líka, að ef þessi stjórnarvöld kynnu að líta í Alþingistíðindin og rekast á ræðu mína, þá kynni það að ýta betur við þeim en fyrirspurnirnar 1923. Ef því málið er svo mikilsvert, að mönnum er umhugað um að binda enda á það, og jeg veit, að svo er eindreginn vilji þessarar hv. deildar, og jeg hygg líka hv. Ed., því tillagan mun vera þaðan komin — ef menn, segi jeg, vilja útkljá málið, þá álít jeg, að langheppilegast sje að skipa milliþinganefnd í það. Að vísu hlýst af því talsverður kostnaður. Jeg skal ekki gera lítið úr því. Það var nefnd hjer upphæð við fyrri umr. Jeg ætla, að aldrei verði það langt undir henni, getur meira að segja farið dálítið upp fyrir hana. En málið er svo þýðingarmikið og veldur nú þinginu svo miklum örðugleikum og kostnaði ár frá ári, að jeg held, að það sje vel til vinnandi að kosta nokkrum þúsundum til þess að koma því í sæmilegt horf. Jeg þykist nefnilega mega treysta því, að nefndin verði svo skipuð, að hún geti það. Það var einmitt milliþinganefnd, sem samdi sveitarstjórnar- og fátækralöggjöfina 1905, og er ekki annað hægt að segja en að sú nefnd hafi unnið vel og dyggilega.

Hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) var að gera lítið úr milliþinganefndum yfirleitt og sagði, að till. þeirra væri lítill gaumur gefinn. Rjett er það, að svo er stundum,

en oft er líka svo, að eftir að liðin eru nokkur ár, þá eru frv. milliþinganefnda grafin úr gleymsku og þeim komið í gegn með því einu, að breyta þeim lítillega. Jeg gæti bent á ekki svo fá frv. frá milliþinganefndum, sem ekki hafa orðið að lögum fyr en eftir 10 ár. En þá er starfið heldur ekki unnið fyrir gíg, þvert á móti. Annars var sveitarstjórnarlöggjöfin vel undirbúin í fyrstu. Kaupstaðalöggjöfin hefir staðið óhögguð í fjöldamörg ár. Bæjarstjórnarlöggjöfin fyrir Reykjavík frá 1872 var ágæt og stóð óhögguð í 30 ár. Og samskonar löggjöf fyrir Akureyri og Ísafjörð frá 1883 stóð að minsta kosti 20 ár án þess að við henni væri haggað. En á síðustu árum hafa orðið svo miklar byltingar í þjóðfjelaginu, þar á meðal miklir fólksflutningar úr sveitum og breytileg lífskjör, að nú er nauðsyn á, að löggjöfinni um þessi mál verði breytt og hún gerð hagfeldari. En jeg efast um, þótt hæstv. stjórn leiti álits allra aðilja, að hún fái búið frv. svo úr garði, að það verði samþ. af þinginu eins greiðlega og ef milliþinganefnd semdi það, sem skipuð væri mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum í landinu. Því að jeg legg áherslu á það með hv. frsm. (BSt), að verði till samþ., þá sjeu skipaðir í nefndina menn úr öllum flokkum. Af því, sem hjer hefir fram komið í málinu nú, tel jeg rjett, þótt hæstv. stjórn lofi að undirbúa frv. um útsvarsskyldu og kosningar til bæjar-og sveitarstjórna, að skipa milliþinganefnd í öll þau mál, sem standa í sambandi við sveitar- og bæjarstjórnarlög og fátækralöggjöf þessa lands.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg ætla, að jeg hafi tekið það skýrt og greinilega fram í dag, að jeg fyrir mitt leyti legðist ekki á móti því, að nefnd yrði skipuð, því að það liti út eins og einhverskonar hroki frá minni hálfu, ef jeg teldi, að jeg gæti undirbúið málin eins vel og milliþinganefnd. Það, sem mjer því finst að hv. þd. þurfi að afgera, er það, hvort hún býst við að fá málið betur undirbúið með því að milliþinganefnd geri það eða stjórnin geri það, en taka jafnframt tillit til þess kostnaðarmismunar, sem hlýtur að verða við þetta tvent. Það liggur í hlutarins eðli, að jeg get ekki staðhæft að undirbúa þetta mál betur en milliþinganefnd. Það gæti að vísu verið, að mjer virtist svo, sem mín frv. væru betri en þau, sem kæmu frá nefndinni, en jeg yrði ekki einn dómari um það. Það er auðvitað hv. þd., sem verður að skera úr þessu. En hinsvegar verð jeg að segja, að jeg tel, að engin stjórn geti lýst því yfir, að hún geti ekki undirbúið svona mál. Mjer finst, að það sje sjálfsögð krafa til hverrar stjórnar, að hún geti undirbúið hvaða mál sem er, og að hún geti ekki að óskertum heiðri sínum lýst yfir, að hún sje ófær til þess. Hvað mig snertir persónulega, getur mjer náttúrlega ekki verið það óþægt verk, að milliþinganefnd sje skipuð, því ef jeg á að undirbúa málið, hlýtur það að valda mjer mikils erfiðis. En spurningin, sem hv. deild verður að leysa úr, er þessi: Býst hún við að fá málið því betur undirbúið með því að milliþinganefnd sje skipuð, sem nemur því, hve kostnaðurinn verður meiri en ef stjórnin fer með málið? Jeg hefi marglýst því yfir, að jeg vil ekki kveða upp dóm í þessu efni. En þótt nefnd sje sett, liggur það

vitaskuld í hlutarins eðli, að það getur ekki verið nein trygging fyrir því, að málið gangi fram eins og nefndin gengur frá því. Og ef menn úr fleiri en einum flokki eru í nefndinni, kann hún að klofna, og þá er ósýnt um, að menn sjeu nokkru nær. Hvort frv., ef stjórnin semdi þau, mundu verða samþ. af Alþingi, skal jeg láta ósagt. Vitaskuld er engu hægt að lofa um það.

Verði nefnd skipuð, er eðlilegast, að hún taki öll þau verkefni til meðferðar, sem hv. allshn. hefir bent á, eins þau, sem á að vera búið að leysa úr fyrir næsta þing. Því þótt ekki megi ætla, að hún hafi þá lokið öllum störfum sínum, getur hún þó verið búin að einhverju. Það má vel vera, að ekki megi mikið byggja á svörum bæjarstjórna og sýslu- og hreppsnefnda við þessi mál.Jeg hefi engar glæsivonir gert mjer um það út af fyrir sig. En jeg verð þó að segja það, að mjög víða í sveitum landsins eru menn, sem fengist hafa við oddvitastörf um langan aldur. Þeir eru allra manna kunnugastir því, hvað helst muni vera athugunarvert í þessum málum. Ef þeim þættu einhver ákvæði verulega slæm, þá er jeg viss um, að þeir mundu ekki telja eftir sjer að stinga niður penna svo sem eina klukkustund til þess að skýra frá þeim og leiða athygli að þeim. Og þótt ekki svaraði nema helmingur þeirra, sem spurðir væru, þá mundu þó koma nokkrar leiðbeiningar um það, hvaða gallar væru helstir á fyrirkomulaginu eins og það er nú. Jeg get vel ímyndað mjer, að fjölmennu kauptúnin mundu og skýra frá, í hvaða efnum sveitarstjórnarlögin væru orðin óhentug fyrir þau. Sveitarstjórnir og fleiri hafa oft verið spurðar um slík mál, og sjaldan hefir minna en helmingur þeirra svarað, oft upp undir $^2/_3$. Jeg á því bágt með að trúa, að ekki mætti fá nokkrar leiðbeiningar um þessi mál úr þeirri átt.

Út af orðum hv. 1. þm. Árn. (MT) vildi jeg leiða athygli manna að því, að jeg ætlast ekki til þess, að sýslu- og hreppsnefndir komi með lagagreinar, því síður heil frv., heldur aðeins að þær sendi nokkrar línur, 1—2 arkir, um það, sem þeim þætti ilt í lögunum og vildu fá breytt í eina eða aðra átt. Jeg geri alls ekki ráð fyrir, að þær komi með till. um alla hluti viðvíkjandi þessum málum, heldur aðeins drepi á það, sem þeim finst sjerstaklega athugavert.

Jón Sigurðsson: Jeg ætlaði raunar ekki að taka til máls við þessa umr., jafnvel þótt jeg ætti ýmsu ósvarað, sem sagt var við fyrri umr. málsins. Jeg bjóst sem sje við, að till. mundi nú ganga nokkurn veginn hljóðalaust til atkv. En þegar svo er komið, að tveim hv. þm. úr hv. allshn. hefir fundist svo mikið við liggja, að þeir hafa staðið upp, þá finn jeg ekki ástæðu til að sitja hjá. Mun jeg nú svara nokkru af því, er jeg átti ósvarað frá fyrri umr., og eins sumu í ræðu hv. frsm. (BSt) nú, sem að miklu leyti var aðeins endurtekning á síðari ræðu hans við fyrri umr. málsins.

Fyrst talaði hann mjög um það, að það væri misskilningur hjá mjer, að hann væri að bera fram sjerstakar till. í fátækramálunum. En hann tók það fram, að hann æskti eftir tillögum, og jeg gat ekki skilið orð hans öðruvísi en að hann væri að gefa væntanlegri nefnd bendingar um það, hvað æskilegast væri í þessum málum. Jeg taldi það því beint skyldu mína að mótmæla sumu, sem fram kom, t. d. um fátækraflutning

og sameiginlega framfærslu jafnvel heilla sýslna.

Þá talaði hann enn um reynslu þá, sem gefist hefði af milliþinganefndum, og tók sjerstaklega fram, að milliþinganefnd hefði gefist vel í þessu máli, og því hlyti svo enn að verða. En þótt milliþinganefnd hafi gefist vel fyrir 20 árum, er langt frá því, að það sje sönnun fyrir því, að svo muni enn reynast. Tímarnir hafa breyst, og jeg hlýt að byggja mest á reynslu þeirri, sem fengist hefir af milliþinganefndum undanfarin ár, og hver not hafa þá orðið af starfi þeirra. En öllum er það kunnugt og það er viðurkent af flestum, að tiltölulega mjög lítil not hafa orðið af störfum milliþinganefnda á síðari árum.

Þá talaði hv. þm. (BSt) allmikið um það, að hæstv. stjórn yrði að fá sjer aðstoð, ef hún ætti að greiða úr þessum málum, og gerði mikið úr því, hvað það mundi kosta. Hann taldi jafnvel, að hæstv. stjórn mundi þurfa að fá sjerstaka menn til að rannsaka fyrirspurnasvörin. En jeg býst nú við, að svo miklir starfskraftar sjeu í stjórnarráðinu, að þeir komi þessu af án þess að fá hjálp. Enda var það ekki meining hæstv. atvrh. (MG), að aðstoð yrði að fá til þessa, heldur að hann yrði að leita til færra manna og ráðgast við þá um endanlegar till., eins og eðlilegt og sjálfsagt er að gera.

Lítið hafa menn andmælt einni aðalástæðunni, sem jeg hreyfði gegn því að skipa milliþinganefnd. Það er kostnaðaráætlunin, sem jeg kom með. Sumir hafa staðfest áætlun mína, en aðrir talið hana of lága, og það jafnvel menn, sem samt vilja, að nefnd sje skipuð. Sýnir það, að jeg hefi farið gætilega í sakirnar.

Það er þó ekki aðalatriðið, heldur þetta: Hver verður árangurinn af nefndarskipun? Eru meiri líkindi til þess, að hennar störf yrðu notuð og tekin til greina heldur en þær till., sem stjórnin flytti? Hver ræðumaðurinn á fætur öðrum hefir tekið það fram, að skipa ætti menn úr öllum flokkum í nefndina. Jeg skil það svo, að Framsóknarflokkurinn ætti af einskærum náunganskærleika að sleppa sínum væntanlegu 2 sætum í nefndinni, svo að jafnaðarmenn og jafnvel sjálfstæðismenn komi manni að. Engin slík uppástunga hefir að minsta kosti komið frá Íhaldsflokknum, en hv. frsm. (BSt) hefir talað svo mikið og fagurlega um þetta, að jeg býst við, að Framsóknarflokksmenn sjeu staðráðnir í að víkja úr sætum fyrir hinum. Það er að vísu mjög falleg og virðingarverð ósjerplægni, en á það ber að líta engu að síður, hver árangurinn muni verða, þegar fulltrúar allra flokkanna fara að vinna saman. Vitanlega hafa menn mjög ólíkar skoðanir á þessum málum.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefir t. d. flutt till. í þessum málum, sem jeg býst við að flestir Íhaldsmenn og margir Framsóknarmenn að minsta kosti ættu óhægt með að ganga að. Auk þess eru ýmislega skiftar skoðanir meðal Íhaldsmanna og Framsóknarmanna. Jeg sje því ekki annað en þó að slík nefnd yrði skipuð, þá væru lítil líkindi til, eða að minsta kosti engin trygging fyrir því, að hún mundi vinna saman. Nei, hitt er miklu líklegra, að hún margklofnaði og engar heildartillögur fengjust, einmitt

af því að nefndin yrði skipuð eftir flokkalit, en ekki eftir þekkingu á málunum. Yrði þá þingið í jafnmiklum vanda og nú og eins óvíst um framgang málsins og verið hefir. Hugsast gæti líka, því dæmi eru til þess, að eitthvað samsull yrði búið til upp úr öllu saman, sem enginn fengist til að líta við. Þá hefðist kostnaðurinn einn upp úr öllu starfinu.

Þá talaði hv. þm. (BSt) töluvert um það, að málið mundi kosta miklu meira, þegar það kæmi inn á þingið, ef stjórnin bæri það fram, en ekki nefnd. Það er eins og hann geri ráð fyrir, að ef nefnd fjallar um það, þá sje það þar með klappað og klárt. En ætli það sjeu ekki tálvonir? Við höfðum hjer fyrir skemstu nál. frá milliþinganefnd til meðferðar, og reynslan varð alt önnur með það. Nei, það er alveg óvíst, hvernig málið færi eða hvort það hefðist í gegnum þingið, þó að það kæmi frá milliþinganefnd.

Jeg held því fast við mína tillögu um það að vísa málinu til stjórnarinnar. Það er á því stigi nú, að sjálfsagt er, að það sje undirbúið af stjórninni. Það er bæði eðlilegast og verður líka ódýrast. Hæstv. atvrh. (MG) hefir tekið vel í að gera sitt til þess að greiða fyrir málinu, og jeg efast ekki um, að hann reyni það. Jeg vil ekki, að gengið sje fram hjá þeim möguleika að fá málið leyst á þennan hátt. Það hefir ekki verið gerð nein tilraun í þessa átt áður. Að vísu eru til drög, nokkurra ára gömul, og ef aflað væri frekari gagna og stjórnin leitaði aðstoðar hjá kunnugum mönnum, sem æskilegt væri að tilheyrðu fleiri flokkum en stjórnarflokknum, þá tel jeg, að málinu væri alt eins vel borgið eins og þótt hóað væri saman mönnum úr ýmsum stöðum á landinu, sem engin vissa væri fyrir að hefðu kunnugleika eða gætu gert skynsamlegri tillögur en aðrir, og ættu svo að sitja yfir þessu ekki aðeins í ár, heldur næsta ár og jafnvel lengur, samkv. því sem tillagan gerir ráð fyrir. Það yrði dýr tilraun, og sýnist mjer ástæðulaust að kosta til hennar að svo stöddu.

Magnús Torfason: Jeg skal ekki tefja umræðurnar lengi. Eftir ummæli hæstv. atvrh. (MG) í síðari ræðu hans þarf jeg þess ekki.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Skagf. (JS) fann að framsögu framsögumannsins, skal jeg leyfa mjer að geta þess, að sumt, sem hann sagði, var sagt fyrir eigin reikning, eins og hann gat um. Hann kom með atriði, sem lítið var minst á í nefndnni og ekki tekin afstaða til.

Viðvíkjandi því, að vísa þessu máli til stjórnarinnar og að hún geti aflað sjer aðstoðar, skal jeg benda á, að hún hefir mörgum öðrum verri aðstöðu í þessu máli. Jeg vænti þess, að aðstoðarmenn stjórnarinnar verði helst teknir hjer í Reykjavík, en jeg hjelt, að hv. 2. þm. Skagf. væri engin sjerstök ánægja að því, að á frv. væri Reykjavíkurstimpill.

Jeg skal aðeins benda á, hvað grundvallaratriðið er í þessu máli. Það er vitanlega þetta, að mönnum þykir ástandið illþolandi og vilja fá því breytt. En allshn. leit svo á, að breyting mundi ekki ná fram að ganga, eins og þingið er samsett, og að ekki mundi annað á vinnast en að vekja deilur og tefja þingstörfin. Jeg álít rjettara að láta ekki þau mál koma frá nefnd, sem engin von er um að gangi fram. Hæstv. atvrh. hefir lagt í vald deildarinnar, hvort þessi

nefnd skuli samþykt eða ekki. Þeir, sem ánægðir eru með fátækralögin og engu vilja breyta, kæra sig sennilega ekki um, að nefnd sje sett á laggirnar, en hinir, sem breytingu vilja, fylgja þá till. Jeg er ekki í neinum vafa um, að enda þótt hæstv. atvrh. kæmi með sæmilegt frv., mundi það ekki ganga fram í báðum deildum, eins og þingið er samsett. Til þess að virkileg breyting fáist gerð, þarf að komast á samkomulag milli flokkanna.

Því hefir verið slegið fram, að nefndin gæti klofnað. Þetta getur vel verið. En fyrir klofning væri ekki girt, þó að stjórnin bæri fram frv. Hann kæmi aðeins í ljós síðar.

Jeg skal minna á, að tilskipun um sveitarstjórn var gefin út 1872. Um aldamótin var síðan sett nefnd til þess að undirbúa fátækralögin. Síðan eru liðin 25 ár, og á þessum tíma hafa orðið miklu meiri breytingar en næstu 28 ár á undan. Það er því líklegt, að full þörf sje orðin á endurbótum, enda sjest það líka af því, að á hverju þingi rignir frv. um þetta efni. Það hefir verið kastað nokkrum hnútum að allsherjarnefnd í umræðum þessa máls. Jeg geng fram hjá þeim, því það er ekki vani minn að deila á hv. þm. En jeg get lýst því yfir, að það eru aðeins örfá mál, sem nefndin hefir ekki gengið frá, og þeim er þannig varið, að jeg hygg, að sú sje skoðun meiri hl. deildarinnar, að þau eigi ekki að ganga fram.

Jón Baldvinsson: Af því að þetta er líklega síðasta tækifærið fyrir mig til að tala í þessu máli, þangað til það kemur frá hinni væntanlegu milliþinganefnd eftir ár eða meira, vildi jeg segja nokkur orð, því að jeg býst ekki við, að Alþýðuflokkurinn eftir atkvæðamagni eigi rjett á að koma manni í þessa nefnd.

Jeg skal fara fljótt yfir sögu og sleppa að minnast á ýmislegt, sem jeg var ósamþykkur í ræðum þeirra hv. 2. þm. Rang. (KlJ) og hv. þm. Barð. (HK). Sá síðarnefndi fór óvægilegum orðum um starf allshn., og tel jeg þau ummæli hans ómakleg og ekki á neinum rökum bygð. Sú nefnd hefir haft einna mestu starfi að sinna, og hún hefir afgreitt mörg mál, þó að tími sje takmarkaður, þar sem þingfundir eru venjulega langir. Jeg tel því alveg ástæðulaust að ásaka nefndina.

Það, sem jeg legg mesta áherslu á í starfi væntanlegrar nefndar og óska að verði afgreitt sem fyrst, er að gera ákvæði um útsvarsskylduna og um tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfjelög. Einnig tel jeg fátækramálin í fremstu röð mála, sem þarf að taka fyrir.

Það er þetta þrent, sem fyrst og fremst verður að taka til meðferðar og úrlausnar og taka tillit til þeirra breytinga, sem orðið hafa síðustu 10—15 ár. En það er ekki vandalaust að leysa þetta vel af hendi, og það er rjett hjá hv. 2. þm. Skagf. (JS), að skoðanirnar eru mismunandi. En það er ekki rjett ályktað af því, að best sje að hafa menn úr einum flokki í nefndinni. Þá er hætt við, að þingmenn úr öðrum flokkum rísi upp á móti, vegna hagsmuna þeirra stjetta, sem þeir bera fyrir brjósti. Því er ekki besta ráðið það, að fyrirfram sje ákveðið, að þeir menn verði í nefndinni, sem fyrirfram eru á eitt sáttir, heldur að taka hina með. Þá mætti fremur gera ráð fyrir viðunanlegum árangri.

Ef allir flokkarnir kæmu sjer saman

um væntanleg frv. milliþinganefndarinnar, þá er víst, að þau yrðu að lögum, og þá yrði sennilega til þeirra vandað. Jeg býst ekki við, að minn flokkur fái að eiga fulltrúa í þessari nefnd, og kannske enn þá síður af því, að hv. 2. þm. Skagf. hefir lagst á móti mjer og mínum tillögum um breytingar á fátækralögunum. Jeg álít samt, að gott væri, að þessi skoðun ætti fulltrúa í nefndinni, því að hún mun ryðja sjer til rúms og sigra. Fátækralögunum verður fyr eða síðar breytt í þessa átt. En það er misskilningur hjá hv. þm. (JS), að jeg mundi endilega taka þetta sæti. Jeg mundi alls ekki taka það, þó að Alþýðuflokkurinn fengi að hafa fulltrúa í nefndinni.

Að því er snertir útsvarsskylduna, verður að taka tillit til ýmsra aðilja. Reykjavík hefir nú, að því er útsvarsálagninguna snertir, fengið samsvarandi ákvæði og sveitirnar höfðu áður. Jeg er ekki ósamþykkur því, að verkamenn og sjómenn sjeu undanþegnir útsvörum annarsstaðar en þar, sem þeir eiga lögheimili. En það verður að gæta þess, að bæjarfjelögin sjeu ekki svift of miklum tekjum. Lögin mega ekki vera svo úr garði gerð, að myndast geti umhverfis bæina sveitarfjelög, sem njóta alls góðs af þeim, en bera ekki byrðar þeirra á neinn hátt. Í veg fyrir þetta mun komið með ákvæðum, sem gilda í Reykjavík, en hafa verður gát á þessu víðar.

Um kosningarrjettinn til bæjarstjórna er það að segja, að hann er nú orðinn eins rúmur og kosningarrjettur til Alþingis var fyrir skömmu. En það er ekki nóg. Aldurstakmarkið er enn of hátt. Rjett væri að miða við 21 árs aldur, enda er sú regla víða komin á.

Hvort sem þessi nefnd verður sett á laggirnar eða ekki, getur ekki hjá því farið, að mál þessi verði tekin til yfirvegunar og breytt í betra horf. Árangur yrði vafalaust bestur, ef flokkarnir störfuðu saman, því komið væri þá í veg fyrir mótspyrnu síðar. Hv. 2. þm. Skagf. viðurkendi þetta í raun og veru, því hann talaði um, að stjórnin gæti einnig haft menn úr öðrum flokkum sjer til aðstoðar, og viðurkendi þannig nauðsyn á samvinnu flokkanna. (JS: Það er annað að ráðgast um). Ef meiningin er sú, að aðeins eigi að heyra álit annara flokka, án þess að taka tillit til þess, þá gef jeg lítið fyrir þesskonar samvinnu.

Jeg get nú lokið máli mínu. Vildi aðeins taka fram það, sem jeg nú hefi sagt, af því að Alþýðuflokkurinn hefir ekki atkvæðamagn til þess að koma manni í nefndina.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Það er orðinn siður sumra hv. þm., að þegar þeir ætla ekki sjálfir að tala, þá hrópa þeir á atkvæðagreiðslu og heimta, að umræðurnar sjeu skornar niður, eins og hv. þm. Ak. (BL) gerir nú. Og það eru ekki altaf þeir, sem minst tala, sem hæst hrópa um þetta. Jeg ætla að láta háttv. deild vita það, að jeg bið engrar afsökunar á því, þó að jeg kveddi mjer hljóðs, til þess að leiðrjetta ummæli, sem rangt voru eftir mjer höfð. Jeg þykist ekki hafa tafið deildina úr hófi fram og mun ekki gera. Það voru ummæli hv. 2. þm. Skagf. (JS), sem komu mjer til þess að segja fáein orð. En jeg fer fljótt yfir og vík ekki að öllu, sem ástæða væri þó til að minnast á.

Hv. þm. (JS) tók fram, að sjer hefði fundist ræða mín í dag að mestu leyti

endurtekning þess, sem jeg sagði hjer við fyrri umræðu þessa máls. Jeg verð að segja, að mjer fanst það sama um hans ræðu. Hann talaði um, að hann hefði ekki búist við umræðum nú, en svo hefði tveimur mönnum úr allshn. þótt liggja svo mikið við, að þeir hefðu staðið upp til þess að verja tillögu nefndarinnar. Jeg skal benda á, að jeg bað ekki um orðið, þegar málið var tekið á dagskrá, og enginn úr nefndinni, fyr en andmæli gegn till. nefndarinnar voru komin fram. Hv. 2. þm. Skagf. vildi skilja orð mín svo, að jeg væri að halda fram till. um að banna fátækraflutning o. s. frv. Það getur verið, að hv. þm. (JS) hafi skilið orð mín svo. En jeg var aðeins að skýra frá þeim uppástungum og kröfum, sem komið hefðu fram og athuga þyrfti, án þess að jeg dæmdi nokkuð um rjettmæti þeirra Jeg sagði aðeins, hvað nefndin hefði haft til meðferðar og hvað það væri, sem hún ætlaðist til að milliþinganefnd tæki til meðferðar. Annars veit hv. 2. þm. Skagf. það vel, að jeg hefi aldrei haldið þeim skoðunum fram, sem hann gat um. Hv. 2. þm. Skagf. hjelt því fram, að reynsla sú, sem fengin væri um milliþinganefndir, væri ekki góð; þingið hefði sjaldan getað bygt á starfi þeirra. Jeg hefi heyrt þessu haldið fram fyr, og jeg veit, að starf sumra milliþinganefnda hefir lítinn árangur borið, en þó býst jeg við, eins og hv. 2. þm. Rang. (KlJ) vjek að, að árangurinn af starfi milliþinganefnda sje meiri en alment er álitið og að mörg mál hafi grætt ómetanlega á rannsókn slíkra nefnda, jafnvel þótt till. þeirra hafi ekki verið samþyktar. Hv. 2. þm. Skagf. hjelt því fram, að sú aðstoð, sem stjórnin þyrfti að kaupa við rannsókn málsins, yrði ekki dýr, en gat þess, að kostnaðaráætlun sín um, að milliþinganefnd kostaði 20 þús. kr., hefði ekki verið vjefengd.

Jeg hygg, að hann viti ekki, hvað þessi keypta aðstoð mundi kosta. Það er svo að sjá, sem hann geri sjer hugmynd um, hvað milliþinganefnd mundi kosta, en hitt hefir ekki verið nefnt.

Þá ætla jeg að drepa á það atriði, sem snertir kosningu í nefndina, ef til kæmi. Það var talað um, hvort Framsóknarflokkurinn ætlaði að víkja úr sæti, til þess að jafnaðarmenn gætu komið manni að í nefndina. Jeg tók fram í framsöguræðu minni við fyrri umræðu þessa máls, að það, sem jeg sagði um þetta atriði, væri sagt fyrir minn eigin reikning, sem sje að jeg teldi æskilegt, að allir flokkar þingsins hefðu sinn manninn hver í nefndinni, án tillits til stærðar flokkanna. Þetta ber því ekki að skilja sem talað fyrir hönd neins sjerstaks flokks, nje heldur þeirrar nefndar, sem flytur málið, heldur er það bara eigin skoðun. Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) færði áðan skýr rök að því, að þetta væri æskilegt, til þess að allar hliðar yrðu athugaðar sem best. Jeg álít, að ef nefndin væri þannig skipuð, að í henni ættu sæti aðeins fulltrúar ákveðinna stjetta, en aðrar stjettir væru útilokaðar, mundi starf hennar ekki bera eins mikinn árangur og ella. Jeg vænti þess, að bæði minn flokkur og hv. Íhaldsflokkur sýni þá sanngirni að hafa þessa aðferð.

Þá talaði hv. þm. (JS) eins og jeg áliti, að ef málið kæmi frá milliþinganefnd, þyrfti ekki um það að ræða í þinginu. En skoðun mín er sú, að þá þurfi minna um það að ræða og gæti

því orðið lokið á einu þingi. (JS: En tillaga mentamálanefndar?). Það er ekki sjeð fyrir endann á því enn.

Jeg skal gera það hv. þm. til geðs að tala ekki meira, enda þótt fleiri atriði væru í ræðu hv. 2. þm. Skagf., sem vert væri að víkja að.

Halldór Stefánsson: Það er ætlast til, að hjer verði fljót afgreiðsla á nokkrum málum, þar sem komið hefir fram tillaga um að vísa 7 frv. annaðhvort til stjórnarinnar eða skipa milliþinganefnd. Jeg vil benda á ósamræmi á þessu og því áliti, að hægt sje að komast af með, að þing sje aðeins haldið annaðhvert ár. Þingið hefir ekki tíma til að afgreiða þau mál, sem fram eru borin, þó að það komi saman á hverju ári.

Jeg vil þá minnast á einstök atriði þeirra tillagna, sem liggja fyrir í þessum frv. Það er þá fyrst bæjargjaldafrv. Reykjavíkur. Jeg álít, eins og jeg þegar hefi lýst, að það frv. ætti að afgreiða og láta það ganga fram, því að með því fjellu niður ástæður fyrir nokkrum breytingum, sem farið er fram á í 3 öðrum frv. Það fer fram á að sníða af broddinum á því, hversu langt er gengið í því að elta einstaklinga með útsvör. En hver sem afgreiðsla málsins verður, vil jeg láta þess getið, að það er áreiðanlega of langt gengið í þessu efni. Jeg býst ekki við, að hægt verði að losa frv. úr þessari keðju, en jeg vildi aðeins segja þetta til athugunar.

Þá ætla jeg að minnast á það, sem er aðalatriðin í frv. hv. 2. þm. Reykv. (JBald), um breytingu á fátækralöggjöfinni. Þar er farið fram á að slaka til um það, sem látið er varða rjettindamissi vegna fátækrastyrks, og í öðru lagi að rýra rjett sveitarfjelaganna til að krefjast fátækraflutnings. Það er talið mæla með þessum breytingum, að ákvæði gildandi laga um þessi atriði sje harðræði og órjettlæti gagnvart þurfamönnum, og mæli jeg ekki á móti því, að nokkuð sje hæft í því. En með tillögum þessa frv. eru einnig sett takmörk, aðeins á öðrum stað, og þá verður áfram samskonar misrjetti á milli þeirra manna, sem næstir eru takmörkunum til hvorrar handar, eins og nú. Það er sjálfsagt að setja þessi takmörk svo rjettlátlega, sem hægt er, með tilliti til allra ástæðna og afleiðinga. En jeg vil endurtaka það, að með alm. reglum er ekki hægt að setja þau takmörk, sem verða rjett í öllum einstökum tilfellum.

Það, sem hinsvegar þykir mæla á móti þessu, er það, að með því sje numinn burtu einn hemill, sem á því er, að menn leiti sjer fátækrastyrks. Jeg skal ekki fara út í, hvort það á að teljast kostur eða ókostur frá sjónarmiði þurfamanna, en jeg held, að það sje ókostur frá sjónarmiði framfærenda. Og jeg held, að það sje í þessu tilliti engu síður rjett og skylt að taka tillit til framfærendanna eins og framfæringanna. Það þekkjast mörg dæmi þess, að þegar einstakir menn þurfa fátækrastyrks í fjarlægum stöðum, er lítinn hemil hægt að hafa á, hvað útgjöldin verða mikil fyrir framfærslusveitina, og virðist oft ekki vera mikið í hóf stilt, einkum þegar litið er á, við hvaða kjör þeir eiga margir að búa, sem heima eru og leggja fram til þessa gjalds. Þá er fátækraflutningur eina aðhaldið, enda oft hægt að láta þurfalinginn fá betri atvinnu heima fyrir en hann hefir á dvalarstaðnum. Margir verða þurfandi fyrir dugleysi og viljaleysi að bjarga sjer, en heimta framfæri sitt sem sjálfskyldu af

öðrum, meta þá ekki heldur mikils alm. mannrjettindi og eiga þau ekki skilin.

En hvernig sem úr þessu kann að verða leyst í framtíðinni, vil jeg benda á, hver afleiðingin ótvírætt yrði, ef allar hömlur verða numdar í burtu. Afleiðingin yrði sú, að annaðhvort yrði landið alt eitt framfærsluhjerað, ef svo mætti að orði komast, enda væri þá engin ástæða til að vera lengur á móti, þegar allar hömlur um ásókn í fátækrastyrk væru afnumdar, eða að hver maður ætti þar framfærslurjett, sem hann á fast aðsetur eða lögheimili. Önnurhvor þessi yrði afleiðingin fyr eða síðar. Jeg er ekki að hafa svo mjög á móti þessum breytingum, heldur aðeins að benda á afleiðingarnar.

Þá ætla jeg ekki að minnast á fleiri atriði í frv., en aðeins drepa á þær tvær tillögur, sem hjer liggja fyrir, þáltill. og dagskrána.

Mjer þykir mjög tvísýnt, að málin fái betri afgreiðslu, þó að sjerstök nefnd verði skipuð til að rannsaka þau, en ef þeim verði vísað til stjórnarinnar.

Þessi mál eru ekki í eðli sínu flokksmál, en með því að skipa í þau nefnd úr öllum flokkum þingsins, er það undir eins fyrirfram búið að fá flokkslegan blæ. Sjeu þau þannig orðin flokksmál, eru engar líkur til þess, að nokkuð samræmi verði í tillögum nefndarinnar, eða að á þeim verði byggjandi fyrir heildina. Ef tillögur stjórnarinnar þættu þannig, að þær hefðu á sjer flokkslegan blæ, sem minni líkur eru til, þá er engu verra, að slegist verði um það eftir á, en að slegist verði bæði fyrirfram og eftir á. En jeg býst alls ekki við, að svo færi, þó að málunum verði vísað til stjórnarinnar. En viðvíkjandi stuðningi sýslunefnda og sveitarstjórna, sem stjórnin gæti haft við undirbúning þessa máls, þá vil jeg taka undir með þeim, sem álíta, að meiri stuðningur sje að fá álit þeirra um frumvarp en tillögur fyrirfram. Álit fyrirfram yrði óákveðið og dreift, og yrði lítið að byggja á svörunum. Best væri að leita álits aðilja bæði fyrirfram og eftir á, en það þykir líklega ekki vera tími til þess.

Eins og ósamræmi er í því að ætlast til, að þing sje haldið aðeins annaðhvert ár, og vinst þó ekki tími til að afgreiða mál til hlítar, þó að langt þing sje á hverju ári, eins er ósamræmi í því að vilja hafa aðeins einn ráðherra, en leggja þó til að vísa til sjerstakrar nefndar máli, sem stjórnin hefir lýst yfir, að hún væri fús að taka til athugunar. Sem sagt, ef málinu verður vísað til sjerstakrar nefndar, þá verður það að skoðast fullkomin bending um það, að ekki þykir nóg að hafa þriggja mánaða þing á hverju ári, heldur þykir þurfa að vera starfandi nefnd á milli þinga, en það vil jeg ekki viðurkenna og vil því, að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

Pjetur Ottesen: Jeg verð að taka undir með hv. 1. þm. N.-M. (HStef), að mjer þykir töluvert miður, að hv. allshn. skyldi hníga að því ráði að hliðra sjer hjá að afgreiða á venjulegan hátt frumvörp þau, sem þessi þáltill. fer frem á að setja í milliþinganefnd, þ. e. a. s. að láta hvert málið fyrir sig koma til atkvæða í deildinni, og það því fremur, sem hægt hefði verið að sníða af verstu agnúana á kaupstaðalöggjöfinni með frv. hv. þm. Barð. (HK).

Hvað viðvíkur því frv., sem við þrír

deildarmenn fluttum um breytingu á sveitarstjórnarlögunum, er óhætt að segja, að frá þeim breytingum er svo vel gengið, að það hefði ekki þurft að taka langan tíma fyrir nefndina að athuga þær. Þær breytingar eru sjálfstæðar og valda engri röskun á sveitarstjórnarlögunum að öðru leyti.Ennfremur gerðum við þá miklu bragarbót á sveitarstjórnarlögunum að draga saman í eitt allar þær breytingar, sem á þeim hafa verið gerðar síðan 1907.

Þetta er í annað sinn, sem frv. um bygðarleyfi hefir verið flutt í þinginu. Það er sjálfstætt mál, og hægt að taka ákvörðun um það nú þegar, og er því öldungis ástæðulaust að slá því á frest að taka ákvörðun um það mál. Jeg hefði felt mig betur við, að nefndin hefði gengið hreint til verks. En fyrir þessa ráðabreytni nefndarinnar er svo komið, að örvænt er um, að málin geti hafst fram á þessu þingi. Fyrst hefir nefndin haldið málinu hjá sjer óhæfilega lengi, og síðan till. kom fram hafa verið þær annir hjer, að ekki hefir unnist tími til að taka málið á dagskrá. Nefndin hefir þannig girt fyrir það, að hægt sje að koma þessum málum fram, þótt þau hefðu nægilegt fylgi til þess í þinginu,. og jeg tel það víst, að svo sje.

Þá er á það að líta, hvora leiðina beri heldur að fara, að skipa milliþinganefnd, eins og allsherjarnefnd leggur til, eða vísa málinu til stjórnarinnar. Eftir því, sem jeg les þessa till.,skilst mjer, að ekki sje farið í öfgar í kostnaðaráætluninni hjá hv. 2. þm. Skagf. (JS), þar sem hann gerði ráð fyrir því, að nefndin mundi kosta að minsta kosti 20 þús. kr. Jeg get tekið undir það, að ekki er gert ráð fyrir, að nefndinni vinnist tími til þess að skila nema litlum hluta verkefnisins fyrir næsta þing. Af þessu leiðir, að starfið verður, eftir því sem allshn. hugsar sjer það, langt starf og dýrt. Nú hefir hæstv. atvrh. (MG) lýst því yfir, að honum mundi geta unnist tími til þess að afgreiða það af þessum málum, sem allshn. leggur sjerstaklega áherslu á að búið verði undir næsta þing. Jeg sje ekki annað en að það sje svo einfaldur og óbrotinn hlutur, að sjálfsagt sje að hníga að því ráði að fela stjórninni framkvæmd á þessu. Þótt stjórnin þyrfti að leita sjer einhverrar aðstoðar, þá kemst sá kostnaður ekkert í námunda við það, sem það mundi kosta að hleypa þessari milliþinganefnd af stokkunum. Jeg held því, að úr því sem komið er sje það úrræði skynsamlegast að vísa málinu til stjórnarinnar.

Jeg get ekki tekið undir það, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði, að það mundi ekki leiða til neins að vísa málinu til stjórnarinnar, og að það gerðu þeir einir, sem ekki vildu neinar breytingar á þessum málum. Hann sagði, að það væri sama, hvað stjórnin kæmi með málið vel undirbúið, það fengi ekki framgang í þinginu. Þetta hlýtur hann að byggja á því, að hann líti þannig á, að þeir, sem eru í andstöðu við stjórnina, mundu verða á móti málinu, hvað vel sem það væri undirbúið, bara af því að hún bæri það fram. Þessu kann að vera svo varið um hann, en jeg held, að það sje rjettast fyrir hv. 1. þm. Árn. (MT) að vera ekki að gera öðrum getsakir í þessu efni. Hann getur dæmt um sjálfan sig, en heldur er óvarlegt fyrir hann að dæma aðra eftir þeim líkum.

Eins og menn hafa heyrt, mun jeg því greiða atkvæði með því, að málinu verði vísað til stjórnarinnar, en er því algerlega mótfallinn að skipa milliþinga-

nefnd í þessu augnamiði, því það leiðir ekki til neins nema fjáreyðslu.

Magnús Torfason: Jeg held, að þetta sje í þriðja eða fjórða sinn, sem verið er að leggja í allshn. Nd. Jeg held, að engin ástæða sje til þess, því að jeg er viss um, að hún hefir unnið sín störf eins vel eins og hver önnur nefnd. Hún hefir haldið langflesta fundi, sem sje á hverjum virkum degi. Auk þess hefir hún oft unnið lengur en nefndartímann, bæði á morgnana og um eftirmiðdagana. Jeg hefi oft orðið að hætta við að taka þátt í umr., af því að jeg hefi ekki haft tíma til þess fyrir nefndarstörfum.

Tillagan um nefndarskipunina var gerð í fullu samráði við allshn. Ed., og þaðan komu upptökin að þessu, og ástæðan til þess var sú, að svo var litið á, að flest af þessum sveitarstjórnarmálum mundu alls ekki komast í gegnum þingið, en hvað það snertir, þá veit jeg ekki til, að andstæður við stjórnina hafi átt neinn þátt í þessu, því að megnið af þessum frv. voru þingmannafrumvörp, og getur slíkt því ekki komið til mála. Og hvað það snertir, að jeg telji það, að þótt stjórnin undirbúi málið, mundi verða erfitt að koma því í gegnum þingið, eins og það er samsett nú, þá þyrfti það ekki að vera af andstöðu við stjórnina, heldur blátt áfram af því, að kosningar hafa farið þannig, að nokkurn veginn jafnt er skift liði milli þeirra, sem styðja sjávarútveginn, og þeirra, sem styðja sveitirnar, en baráttan er þar á milli, og eins og enn er komið, hefir ekkert verið ráðist á stjórnina í þessu máli. Jeg held satt að segja, að hv. þm. Borgf. (PO) viti ákaflega lítið, hvað mjer er innanbrjósts, en hann leit svo á, að jeg mundi þekkja minn innra mann. Jeg skal ekkert um það segja, en það er alveg áreiðanlegt, að hv. þm. Borg. þekkir ekki sinn innra mann.

Árni Jónsson: Það er aðeins af því að jeg er í þessari nefnd, að jeg vildi segja örfá orð áður en atkvgr. fer fram. Hv. frsm. allshn. (BSt) hefir lýst yfir því, að ef hæstv. stjórn vildi lofa því að vinna að þessu máli jafnvel og ef það hefði farið til milliþinganefndar, sæi hann ekki ástæðu til að vera á móti því, að því yrði vísað til hennar. En það er dálítið einkennilegt að fara fram á þetta við stjórnina, því að hún getur ekkert um það sagt. Það fer auðvitað eftir því, hvernig skipað verður í nefndina, og þess vegna væri það ofmetnaður af stjórninni að segja sem svo: Jeg skal treysta mjer til að koma með till. í þessu máli, sem verða samþyktar. Mjer skilst því, að atkvgr. okkar hljóti að fara eftir því, hve vel við treystum stjórninni í þessu máli, og því má ekki furða sig á því, að við hv. þm. V.-Sk. (JK) og jeg, sem báðir eigum sæti í allsherjarnefnd, viljum vísa málinu til stjórnarinnar. En annars skal jeg taka undir það, sem hv. form. nefndarinnar (MT) ljet í ljós í fyrri ræðu sinni, að eins og þessi mál öll lágu fyrir í nefndinni, var ekki um annað að gera en að vísa þeim til stjórnarinnar eða að skipa milliþinganefnd í þau, því að hættan var í því fólgin, að þau næðu ekki fram að ganga, og þó að sum málin hefðu gengið fram, þá hefði sami glundroðinn verið á löggjöfinni allri, en það var einmitt það, sem þessi nefnd átti að undirbúa, að samræma alla þessa löggjöf.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg bjóst ekki við því að þurfa að taka til máls, enda skulu það aðeins verða örfá orð. Mjer finst eftir þessari ræðu hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), að það eigi að fara að greiða atkv. um einskonar traustsyfirlýsingu til stjórnarinnar, en út frá þeim forsendum hlýt jeg að greiða atkv. á móti því, að málinu verði vísað til hennar. Jeg vildi aðeins gera þessa grein fyrir mínu atkv.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 2. þm. Skagf. (JS) (sjá 566. dálk hjer að framan) tekin aftur.

Till. frá 1. þm. G.-K. (ÁF) um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: ÞórJ, ÁJ, BL, HStef, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ.

nei: ÞorlJ, ÁÁ, BSt, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, BSv.

Tveir þm. (ÁF og BJ) fjarstaddir.

Till. samþ. með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, IngB, JakM, JBald, JK, JörB, KlJ, MT, PÞ, BSv.

nei: SigurjJ, ÞórJ, BL, HStef, HK, JAJ, JS, JÞ, MJ, PO.

Till. afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 18. apríl, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 199).

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 20. apríl, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 57. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til f y r r i u m r.

Jóhann Jósefsson: Eins og hv. deild er kunnugt, hafa legið fyrir þessu þingi mörg frv. og brtt., sem gengið hafa í þá átt að breyta gildandi sveitarstjórnar- og bæjarstjórnarlögum svo og fátækralögunum.

Það er í sjálfu sjer vorkunnarmál, þótt þingnefndirnar hafi gefist upp við það að afgreiða öll þau mál á þessu þingi og horfið að því ráði, að hjeraðlútandi löggjöf yrði íhuguð öll í heild. Þau urðu málalok í hv. Nd., og virtust allir á það sáttir. Hitt hefir menn að vonum greint á um, hvort það skyldi gera í því formi, sem þáltill. fer fram á, eða hvort fela skuli stjórninni að láta athuga þessi mál og undirbúa fyrir næsta þing

Það er auðsætt, að milliþinganefnd, sem á að íhuga alt þetta, sem tilgreint er, fær ærið að starfa og hlýtur að kosta mikið. En af till. sjest, að ekki er ætlast til, að milliþinganefnd hafi tilbúin til næsta þings frv. nema um tvent: útsvarsskyldu og kosningarrjett til sveitarstjórna og bæjarstjórna. Með þessu er gefið í skyn, að starf nefndarinnar muni taka fleiri ár.

Hjer finst mjer nú ástæða til að athuga það, hvort hæstv. stjórn geti ekki látið þá athugun fara fram, sem nægi til þess að fullnægja þáltill., hvort stjórnin treystist ekki til þess að leggja fyrir næsta þing vel útbúin frv. um þetta tvent. Og áður en lengra er haldið vildi jeg leyfa mjer að beina þeirri spurningu til hæstv. atvrh., hvort hann treystir ekki stjórninni til þessa, með aðstoð þeirra manna, er vitrasta má telja í þessum efnum og fróðasta. Því var haldið

fram í hv. Nd., að milliþinganefnd mundi kosta landið alt að 20—30 þús., og þess vegna lít jeg svo á, að nauðsynlegt sje að athuga vel, hvort til alls þessa kostnaðar þurfi endilega að stofna.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. þm. Vestm. (JJós) gerði þá fyrirspurn til mín, hvort stjórnin treystist ekki til að hafa til fyrir næsta þing frv. um þessi tvö atriði, sem ræðir um í þáltill. þeirri, er hjer er til umræðu.

Jeg skal svara þessu þannig, að jeg álít það ekki stjórninni ofvaxið. Hitt get jeg auðvitað ekki sagt, að þau verði þannig úr garði gerð, að Alþingi geti fallist á þau. Slíku er ómögulegt að lýsa fyrirfram, en sama óvissan gildir og á hinn bóginn, þótt milliþinganefnd fjallaði um málið.

Jeg tel þetta ekki svo mikið verk, að stjórnin geti ekki afkastað því, en skil það til, að það getur komið fyrir, að hún þurfi að fá hjálp eða nokkra aðstoð. Sá kostnaður yrði varla yfir 1000 kr. Milliþinganefnd yrði æðimikið dýrari en það.

Eftir því, hvernig till. er orðuð, er ekki ætlast til, að lengra verði komið fyrir næsta þing en að þessi tvö frv., um útsvarsskyldu og kosningar, verði tilbúin. Mjer skilst í raun og veru, að engin stjórn megi eða geti lýst því yfir, að hún geti ekki undirbúið þau frv., sem Alþingi felur henni. Hún á einnig að geta átt ráð á þeirri aðstoð, sem best er fáanleg.

Annars er ekki hægt að fullyrða, hvort stjórninni tekst að undirbúa þessi lög svo, að Alþingi geti fallist á. Svo er einnig um milliþinganefnd. Hún gæti klofnað, og þá væri Alþingi litlu nær.

Jónas Jónsson: Þetta mál hefir þá forsögu, að allshn. hafði til meðferðar nokkuð af þessum lögum, er snerta sveitarstjórnarmál. En það varð að samkomulagi milli okkar nefndarmanna, og jeg skildi það svo, að svo hefði einnig verið milli nefndarmanna hv. Nd., að tiltækilegast væri að setja milliþinganefnd í alt málið, til þess að undirbúa löggjöf í þessum efnum.

Mjer kemur það því undarlega fyrir, að sumir nefndarmenn, þ. e. a. s. stuðningsmenn stjórnarinnar, virðast hafa horfið frá þessu og vilja vísa málinu til hæstv. stjórnar. Jeg veit ekki, hvað hv. samnefndarmenn mínir gera, en því er ekki hægt að neita, að við vorum allir sammála um þetta.

Ástæðan til þess, að jeg óskaði milliþinganefndar, var sú, að þetta er svo mikið hagsmunamál fyrir allar stjettir, og það er vonlítið, að við fáum varanlega lagagerð í þessu efni nema frá milliþinganefnd, fremur en ef einn maður fengist við undirbúninginn. Það kemur ekki af því, að jeg álíti ekki hæstv. atvrh. (MG) ef til vill hæfari flestum öðrum til þessa starfs, heldur hinu, að enginn einn maður hefir í sjer alla þá strauma, sem gera nú vart við sig í þjóðlífi voru.

Hæstv. atvrh. lítur svo á, að milliþinganefnd sje ætlað heldur lítið verk fyrir næsta þing. Þessum málum mætti þá vísa til nefndar hjer á ný, og hún gæti kveðið á um verk milliþinganefndar, þannig að ekki væri gert ráð fyrir öðru en sæmilega miklu verki.

Jeg verð að víkja að því aftur, að þegar þessi lög voru gerð, er nú standa, þá undirbjó milliþinganefnd málið. Jeg hefi spurt hæstv. forsrh. (JM) um þetta, og kvað hann verk nefndarinnar hafa tekið hluta úr þremur árum.

Þeir menn, er þá sátu í milliþinganefnd, gerðu þau lög, er enn gilda í flestum greinum og menn hafa unað allvel við, þótt breyttar ástæður og atvinnuhættir hafi nú sprengt þá umgerð.

Og nú eru kröfurnar orðnar svo margar og háværar, að það er óhjákvæmilegt að gera gagngerða breytingu á öllu kerfinu. Og það er ekki ástæða til að ætla, að þetta verði neitt auðveldara verk en það var laust eftir aldamótin. Þá höfðum við mikilhæfan mann í landsstjórn, Magnús Stephensen. Það kastar því engri rýrð á núverandi ráðh., þótt milliþinganefnd verði skipuð.

Að öðrum kosti óttast jeg, að verkið verði ekki unnið eins rækilega og með þyrfti. Stjórn hefir, eins og kunnugt er, mikið að gera, og einn maður getur varla látið koma fram þá margvíslegu hagsmuni, sem nú eru innan þjóðfjelags okkar.

Þetta hefir oft borist í tal milli mín og hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), og hefir okkur komið saman um, að velja ætti nefndarmenn þannig, að tekið væri tillit til stærri bæjanna, sveitanna og kauptúnanna, og á hinn bóginn aðalstjettanna, útgerðarmanna, bænda og verkamanna.

Ef stjórnin tekur að sjer verkið, má búast við, að hún ætli sjer að fá einhvern lögfræðing hjer í bænum til þess að vinna eitthvað af verkinu fyrir sig. Það er auðvitað æskilegt að fá þetta unnið án mikils kostnaðar, og eins og hv. þm. Vestm. tók fram, yrði það ódýrara með þessum hætti en í nefnd. En það er spurning, hvort það borgar sig að hafa málið óleyst enn um óákveðinn tíma. Það er ákaflega hæpið, að hægt verði að koma svona lagakerfi, lituðu af skoðunum eins manns, gegnum þingið. Jeg vil benda á, að núverandi stjórn hefir borið fram mörg frv. á þessu þingi, og jeg þori að fullyrða, að ekkert þeirra hefir verið eins vandasamt að semja og þetta. Þó er niðurstaðan sú, að fæst af þessum frumvörpum stjórnarinnar gengur fram. En það kemur af því, að þau eru samin út frá sjónarmiði einnar stjettar. Ef hv. meðnefndarmenn mínir í allshn. hafa breytt um skoðun í þessu máli við að hlusta á ræðu hæstv. atvrh., geri jeg ráð fyrir, að nefndarskipun nái ekki fram að ganga. En þá þýðir ekki að fjölyrða um þetta, því að þá er fallinn sá grundvöllur að fá lausn á málinu með samkomulagi flokkanna.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal taka það fram út af því, sem hv. 5. landsk. (JJ) sagði, að mjer dettur ekki í hug að sækja þetta mál með kappi. Ef nefnd verður skipuð, losar það mig við persónulega vinnu, en hinsvegar er það mitt álit, að engin stjórn geti skorast undan því að undirbúa löggjöf landsins, og að því er þetta mál snertir, þá álít jeg henni ekki ofætlun að búa það sæmilega undir næsta þing.

Jeg vil benda á, að það eru ekki mjög mörg atriði, sem farið hefir verið fram á að breyta í þessari löggjöf, enda var hún upphaflega einhver hin best undirbúna, sem jeg þekki. Þess vegna er enn þá í lögunum fjöldi ákvæða, er ekki hefir verið talað um að breyta. Það er þegar búið að breyta ákvæðinu um sveitfesti. Þá er útsvarsskyldan mál, sem altaf er deilt um. Einhverjar brtt. um það efni hafa komið fram svo að segja á hverju þingi síðan 1911. Sjest af því, að það atriðið er mikið deiluefni, og er hætt við, að þar verði aldrei allir á eitt sáttir. Jeg tel ekki sjerlega mikið

verk að undirbúa þessi lög um útsvarsskyldu, en jeg játa, að það er vandaverk, og má búast við, að menn verði aldrei ánægðir til lengdar, hvernig sem þau verða úr garði gerð. Sterkar raddir hafa komið fram um, að breyta þyrfti reikningsárinu, og sennilega er mikil þörf á því. Þá er og mikið deilt um, hvað teljast skuli fátækrastyrkur og afleiðingar hans. Þetta eru helstu atriðin, sem talað hefir verið um að breyta þyrfti. Jeg get sagt hv. 5. landsk. (JJ), að jeg tel það alls ekki kasta neinum skugga á mig, þó að samþykt verði að skipa milliþinganefnd, svo að þess vegna geri jeg þetta ekki að neinu kappsmáli. En mjer sýnist, eins og málið horfir við, að ekki sje þörf á að leggja í þann kostnað, sem slík nefnd hlyti að hafa í för með sjer. Milliþinganefndir eru venjulega nokkuð dýrar. Mikill kostnaður fer í prentun og pappír, og yfirleitt er ekki gætt eins mikils sparnaðar og stjórnin sjálf mundi gera.

Ef stjórninni væri falið að undirbúa málið, býst jeg við, að hún mundi leita álits bæjar- og sveitarstjórna um, á hvaða atriðum óskað væri breytinga. Ætti þá fremur að vera hægt að taka afstöðu til þess á næsta þingi, hvort skipuð skyldi nefnd til þess að athuga lögin í heild. Það er auðvitað, að þegar samin eru lög um útsvarsskyldu og slíkt, verður að taka tillit til allra stjetta.

Jeg staðhæfi ekkert um það, hvort þetta mundi verða betur af hendi leyst hjá nefnd heldur en einstökum manni. En jeg hygg, að ráðh., með þeirri hjálp, sem hann gæti aflað sjer, mundi slaga hátt upp í nefnd. Jeg efast um, eins og till. er orðuð, að kosning nefndar tækist svo, að hún yrði „repræsentant“ fyrir alla flokka og stjettir. Það yrði að minsta kosti vandi að finna slíka menn. Svo gæti nefndin hæglega klofnað. Mjer þótti leitt að heyra hjá hv. 5. landsk. (JJ), að hann virtist telja víst, að ef stjórnin undirbyggi málið, mundi það ekki komast gegnum þingið. Jeg vil þó ekki taka þetta svo, að hv. þm. (JJ) sje fyrirfram ákveðinn í því að vera á móti öllu, sem stjórnin gerir. En jeg vil benda honum á, að það liggur mjög beint við, að nefndin geti klofnað, og þá væri málinu ekki betur borgið. Hv. þm. (JJ) mintist á, að fá af frv. stjórnarinnar næðu fram að ganga. Jeg fyrir mitt leyti þarf ekki að kvarta yfir því enn þá. Mín frv. hafa hingað til gengið greiðlega í þinginu og sum þegar orðin að lögum, jafnvel alveg breytingalaust. Reyndar er eitt frv. hjá hv. allsherjarnefnd þessarar deildar, sem hún hefir ekki hreyft við og ætlar víst ekki að gera. En það er ef til vill af því, að það er skylt þessu máli. Út af því, sem hv. þm. (JJ) sagði um þessa miklu slátrun stjórnarfrumvarpa, skal jeg benda á, að 2 eða 3 þeirra voru frá nefnd, sem skipuð var, og flutti stjórnin þau óbreytt frá þeirri nefnd. Bendir það á, að ekki sje einhlítt fyrir framgang mála, að þau sjeu undirbúin af nefndum. Jeg er ekki að gefa í skyn, að þessi frv. hafi verið illa undirbúin. Jeg bendi aðeins á þau til dæmis um það, að frv. geta fallið engu að síður, þó að nefnd hafi um þau fjallað.

Jóhann Jósefsson: Af svari hæstv. atvrh. virtist mega ráða, að þó að stjórnin hefði málið til meðferðar, mundi nást sami árangur og hjá nefnd, en kostnaðurinn yrði miklu minni. Jeg býst líka við, að allir geti tekið undir það, að þetta sje ekki meira en hægt er að ætlast til.

að hvaða stjórn sem er geti int af hendi. Það verður varla dregið í efa, að stjórninni sje innan handar að afla sjer eins góðra upplýsinga um þetta efni og milliþinganefnd gæti gert. Það er sjálfsagt rjett, sem hv. 5. landsk. (JJ) drap á, að ætíð verður ágreiningur og hagsmunastreita um þetta mál milli kaupstaða og sveita. Jeg neita því ekki, að þörf muni á ýmsum breytingum að því er snertir þessa löggjöf. Breyttir tímar krefjast þeirra. Löggjöfin verður altaf að breytast, eftir því sem tímarnir sjálfir breytast. Að þessu leyti er jeg alveg samdóma hv. 5. landsk. (JJ). En það verður varla búist við, að þetta gerist alt í einu. Ef breytingarnar koma smátt og smátt, má fremur búast við, að þær verði rjettlátar og haldgóðar. Hv. 5. landsk. tjáði sig þeirrar skoðunar, að þar sem skoðanir manna væru svo ólíkar í þessu máli, mundu frekar fást heppileg úrslit, ef nefnd væri skipuð úr ýmsum stjettum til þess að fjalla um þessa löggjöf. Hann hjelt því líka fram, að þess væri varla að vænta, að þessar ólíku kröfur gætu mæst hjá einum ráðherra. Óttaðist hann því, að meðferð málsins yrði ekki eins rækileg hjá stjórninni eins og ef farin væri sú leið, sem þáltill. fer fram á. Á það hefir verið bent, að stjórnin mundi leita sjerfróðrar aðstoðar, og jeg tel sjálfsagt, að hún geri það. Og jeg held, að ekki sje ástæða til að ætla, að stjórninni, með aðstoð hæfra manna, tækist ver að útbúa sanngjörn lög en þessari marglitu hagsmunatogstreitunefnd, sem hv. 5. landsk. álítur svo heppilega. Hv. þm. (JJ) mintist á, að málið gæti hæglega strandað á því, að stjórnin kæmi með frv., sem ekki næði samþykki. En það er heldur engin sönnun fengin fyrir því, að nefndin yrði sammála. Það gæti líka vel farið svo, að þessi allsherjarbræðingur fyndi ekki náð hjá þinginu. Það er vitanlegt, að starf nefndar yrði ekki aðeins dýrara, heldur margfalt dýrara. Hv. 5. landsk. er, eins og fleiri þingmönnum, illa við alla óþarfa eyðslu á landsfje, sjerstaklega stofnun embætta, sem hann álítur óþörf. En að stofna til nefndar, sem ef til vill starfar árum saman með ærnum kostnaði, fer í svipaða átt.

Jeg legg til, að máli þessu sje vísað til stjórnarinnar. Byggi jeg þá tillögu á ummælum ráðherra, að hann treysti stjórninni, með aðstoð sjerfróðra manna, til þess að hafa undirbúið þetta fyrir næsta þing. Jeg varð þess var við 2. umr. þessa máls í hv. Nd., að einn af öruggustu flokksmönnum hv. 5. landsk. (JJ) vildi einnig, að svo yrði gert. Hann efaðist um, að betra væri að vísa málinu til milliþinganefndar. Sami þm. virtist líka líta svo á, að hætta gæti stafað af flokksstreitunni, ef nefnd væri skipuð eftir þáltill. Þetta er þm., sem hv. 5. landsk. metur mikils, og jeg get alveg fallist á þessa skoðun hans. Það er vitanlegt, að milliþinganefndir, sem starfað hafa með ærnum kostnaði, hafa stundum klofnað, svo að við getum ekki verið þess öruggir, að við fáum hjá slíkri nefnd það goðasvar við öllum ágreiningsatriðum í þessum málum, sem Alþingi lætur sjer nægja.

Jóhannes Jóhannesson: Það er alveg rjett hjá hv. 5. landsk. (JJ), að allsherjarnefndir beggja deilda ræddu þetta mál sameiginlega og komu sjer saman um, að borin væri fram þingsályktunartillaga í þessa átt. Það lá í augum uppi, að slíku máli sem þessu yrði ekki ráðið

til lykta á skömmum tíma, en hinsvegar full þörf ýmsra breytinga. Það var stungið upp á að bera fram tillögu um að vísa málinu til stjórnarinnar, en niðurstaðan varð þó sú, að leggja heldur til, að skipuð yrði milliþinganefnd, og var þá verksviðið jafnframt aukið. Jeg hafði hvorki borið mig saman við flokk minn eða stjórnina um þetta og vissi ekki, hvort stjórnin treysti sjer til þess að undirbúa málið fyrir næsta þing. En nú er komið í ljós, að hæstv. atvrh. (MG) treystir sjer til þess að annast undirbúning málsins fyrir næsta þing, og þá sje jeg ekkert athugavert við að vísa málinu til stjórnarinnar. Í þessu máli getur ekki komið til greina flokkapólitík, heldur stjettapólitík. Með tilliti til þess yrði nefnd að vera skipuð, svo að árangurs mætti vænta. Milliþinganefnd yrði að kjósa eftir þingsköpum, og yrði hún því kosin eftir flokkum, en ekki stjettum, og væri þá engin trygging fyrir því, að sæmilega yrði gætt hagsmuna allra stjetta í nefndinni eða að samkomulag næðist þar. Jeg hallast því að till. hv. þm. Vestm. (JJós), um að vísa málinu til stjórnarinnar.

Jónas Jónsson: Jeg skal verða stuttorður. Báðir meðnefndarmenn mínir virðast nú hallast að þeirri stefnu að vísa málinu til stjórnarinnar. Er þá hruninn sá grundvöllur, sem bygt var á, en af því að stjórnin mun koma til með að fjalla um málið, vil jeg nota tækifærið til að svara einstökum atriðum í ræðu hæstv. atvrh. (MG). Sumum af þessum atriðum hefir þegar verið vísað til stjórnarinnar, að minsta kosti gerði hv. 2. þm. S.-M. (IP) það í þessari deild í fyrra, og hefir ekkert komið út af því. Jeg hefi að vísu ekki reynslu fyrir mjer í því efni, en mig minnir, að það hafi oft áður verið talað um það við fyrri stjórnir að reyna að fá allsherjarskipulag á sveitarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins, en það hefir ekki verið gert, þótt full ástæða væri til þess, því að þörfin er svo bersýnileg. Jeg tel því tregðu stjórnanna um að leysa þetta mál sem vott um það, að stjórnirnar hafi verið ófúsar á að taka upp þetta mál og reyna að leysa það í heild sinni. Þetta er þess vegna sterk ástæða fyrir þeirri leið, sem nefndirnar hafa komið sjer saman um, því að það er ekkert í aðstöðu hæstv. stjórnar nú, sem geri henni auðveldara að leysa þetta mál nú heldur en fyrir síðasta þing. Jeg vil t. d. benda á það, sem er ákaflega óþægilegt fyrir alla lögfræðinga og þá, sem ekki eru það, að það skuli vera sjerstök löggjöf fyrir hvern kaupstað á landinu. Það hafa t. d. verið búin til sjerstök lög fyrir Akureyri, Vestmannaeyjar og Reykjavík, og jeg vil benda hæstv. atvrh. á það, að ný lög hjer í Reykjavík, sem koma með nýjum venjum á þessu sviði, gera það nauðsynlegt að fá samræmda löggjöfina fyrir alla kaupstaðina, og ef hæsv. atvrh. tekur þetta að sjer, þá vil jeg ekki draga úr því áliti, sem fram kom hjá okkur í nefndunum, að það ætti að koma fram heilsteypt löggjöf fyrir kaupstaðina, og jeg get ekki sagt, að leyst sje úr óskum okkar nefndarmanna, þó að teknir væru einhverjir útskikar af málefninu og þeir leystir.

Hæstv. atvrh. (MG) bjóst við því, að það gæti komið til mála að hreyfa ekki við sveitfestiatriðinu, því að það mundi mega telja það svo, að sumir vildu hafa sveitfestitímann lengri, en sumir

styttri. T. d. sá hv. 1. þm. N.-M. (HStef), sem hv. þm. Vestm. (JJós) vitnaði í, sem segir, að dvalarstaður ætti að vera sveitfestistaður, þessi maður hefir svo róttækar skoðanir í þessu máli, að jeg verð að líta svo á, að svo langt verði ekki komist. Svo er annað atriði, um bygðarleyfið. Sveitirnar geta ekki sætt sig við það, sem nú er. Þær ala upp fólk handa sjávarplássunum, sem sest þar að, en er svo kastað heim á sveitirnar, þegar illa gengur fyrir því. Jeg get tekið eitt dæmi hjeðan úr nágrenninu. Það er Bessastaðahreppur hjer á Álftanesinu. Hann er alveg að sligast undir sveitarþyngslum. Áður fyr voru þar margar verstöðvar. Var róið þaðan fjölda áttæringum. Margt af því fólki, sem hjer er á togurunum, er alið þar upp, og svo hefir reynslan orðið sú, að talsvert mikið af þessu fólki, sem unnið hefir öðru sveitarfjelagi meðan það gat, hefir svo verið kastað heim, og það er nú komið svo langt, að þessi sveit hefir orðið að biðja um sjerstaka ríkishjálp til þess að losna úr þessum kröggum, og það er ekki hægt að synja um það, því að þessi sveitarþyngsli eru ekki með eðlilegum hætti. T. d. verður einn bóndi þar að sjá fyrir sem svarar 6 sveitarómögum. Þess vegna eru komnar fram sterkar raddir um það, að sveitfestitíminn sje gerður styttri en 4 ár og þurfi leyfi til að flytja í bæinn eða hreppinn. Þegar talað var um sveitfestiatriðið á þinginu 1923, þá kom til orða að stytta tímann niður í 2 ár, og þá man jeg eftir því, að það barst í tal við hv. þm. Ísaf., núverandi hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), og kvaðst hann þá mundu verða neyddur til að bera fram till. þess efnis, að menn, sem flyttu í bæinn, yrðu að fá leyfi til þess, í þeim tilgangi að takmarka innflutning til bæjarins. Þarna mætast einmitt hagsmunir sveitanna og bæjarfjelaganna um það að takmarka með nokkrum hætti þennan innflutning. Jeg held því, að það sje hvergi nærri eins auðvelt að leysa úr þessu máli eins og hæstv. atvrh. heldur. Það verður erfitt að koma því fyrir, t. d. því, hvernig tryggja skuli kauptún eins og Norðfjörð og önnur fleiri, sem í raun og veru eru kaupstaðir, en hafa ekki enn fengið bæjarrjettindi. Jeg held því, að þessi leið, sem hv. deild ætlar að fara, hafi ekki aðrar afleiðingar en þær, að það seinki málinu. Hæstv. atvrh. (MG) vildi eiginlega skilja orð mín þannig, að jeg væri að lofa því að verða á móti stjfrv., sem fram kæmi um þetta efni. En það er oftrú hjá hæstv. atvrh., því að jeg hefi, eins og hann veit, stutt sum af frv. hæstv. atvrh., þótt jeg hafi ekki verið ánægður með þau. **(Atvrh. MG:** Jeg tók það fram, að jeg skoðaði það ekki sem hótun). Já, en hæstv. atvrh. tók það þó sem umtal um slíkt. En að jeg tók það fram, að sum frv. stjórnarinnar hefðu átt mjög erfitt uppdráttar, þá var það ekki til að áfella stjórnina, því að það hefir komið fyrir um fleiri stjórnir, heldur til að sýna, að það er mjög erfitt að undirbúa slík stórmál, sem hjer er um að ræða, þegar landsstjórnum verður hált á smámálum. Það hefir verið bent á það, að nefndin gæti klofnað, og þá væri starf hennar ónýtt, en það er alls ekki. Í einu máli hjer á þingi hefir fjhn. klofnað í fernt. Nú er verið að gefa út þessi álit, og held jeg, að það verði gott fyrir kjósendur landsins að fá þessi mismunandi álit. Jeg held meira að segja, að þó að það komi oft fyrir hjer í þinginu, að nefndir

klofni, þá fáist þó oft allgóðar niðurstöður við þau ljós, sem rannsókn nefndanna hefir skapað. Þá vildi hæstv. atvrh. (MG) hafa það á móti þessari nefndarskipun, að slátrað hefði verið tveimur eða þremur stjfrv., sem sparnaðarnefndin hefði undirbúið. Þetta er að vísu rjett, en hæstv. atvrh. (MG) getur ekki áfelt mig í því sambandi, því að jeg geri ráð fyrir, að hann muni það, að jeg og hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) bárum fram þessa till. í upphafi, en hún gekk þá út á alt annað, sem sje ólaunaða menn úr öllum flokkum, sem skyldu undirbúa samanfærslu embætta. Þetta vildum við gera fyrir stjórnina, en hún setur í staðinn launaða nefnd, þvert ofan í það, sem tillögumenn höfðu upphaflega ætlast til, og endirinn varð sá, að þessari nefnd — jeg held ekki af því að hún var launuð, heldur af því að hún var ekki í nógu nákvæmri snertingu við þingflokkana — gekk starfið illa.

Hv. þm. Vestm. (JJós) fjelst á það hjá mjer, að þessu máli yrði erfitt að koma fram og að endanleg lausn fengist ekki með öðru en því að samræma þessi lög, og tók til dæmis útsvarsatriðið. Það er rjett. Það er brennandi spurning. Það var t. d. komið í það óefni hjer, að menn hjeðan gátu flutt sig út fyrir bæinn og búið þar, en stundað hjer atvinnu eftir sem áður. Svo fengu Reykvíkingar löggjafarvaldið til að bæta úr þessu, en það er alls ekki nóg, af því að það hefir ekki verið leyst úr málinu í heild sinni, og nú verður hæstv. atvrh. að koma með nýtt frv. um þetta, en jeg er ekki ánægður með það. Mjer væri kærara, að málið væri athugað í heild sinni, því að mjer fanst lausnin ekki vera góð. Hv. þm. Vestm. (JJós) talaði um það, að ríkisstjórnin mundi fá sjer góða og sjerfróða aðstoð, en honum láðist að athuga það, að þótt nokkrir góðir og gamlir lögfræðingar, sem ekki eru í snertingu við neitt af þessum málum, aðstoði hana, þá getur þetta í eðli sínu verið sjerfróð hjálp, án þess að hún þó verði að nokkru gagni fyrir framgang málsins.

Þótt jeg sjái það af ræðu hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), hvernig hann ætlar að taka í málið, vil jeg þó benda hv. þm. (JóhJóh) á það, að þetta er það, sem menn kalla að sjá sig um hönd. Máske hafa samnefndarmenn okkar fengið útdrátt úr gerðabók okkar, þar sem það er sagt, að þetta sje bókað, sem jeg annars skal leyfa mjer að lesa upp. Það var á fundi allshn. Nd. 4. mars. Allshn. Ed. kom á fundinn. Í fundargerðinni stendur:

„Varð það að samkomulagi að fela allsherjarnefnd neðri deildar að semja þingsályktunartillögu um skipun milliþinganefndar í sveitarstjórna- og kaupstaðamálefni".

(**JóhJóh**: Þetta er alveg það sama og jeg sagði). Já, þetta er ákveðið af nefndunum sameiginlega, að bera fram svona þáltill. Nú, jeg vil ekki væna hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) um það, að honum hafi ekki líka dottið í hug hin leiðin, sem er svo algeng, en hv. þm. (JóhJóh) fyrir sitt leyti gengið inn á þessa till., og mjer hefði ekki dottið í hug að samþ., að þessi till. væri borin fram, ef hv. þm. Seyðf. hefði ekki verið með því, því að jeg bygði þar á samstarfi flokkanna, og jeg hjelt, úr því að báðum nefndum kom saman um það, að það væri afráðið, og það er víst, að þessi till. hefði ekki komið fram í því formi, sem hún er nú, ef

hv. þm. Seyðf. hefði ekki verið okkur samdóma. En jeg þykist vita, að það hafi verið, því að jeg hefi oft haldið því fram í samtali milli okkar, að milliþinganefnd væri sjálfsögð í þessu máli, en jeg vil ekki hæla mjer svo mikið, eins og gefið var í skyn af hálfu hv. þm. Seyðf., að jeg hefði snúið honum í þessu máli, en jeg skoða það sem „kompliment", en sjeð eru nú forlög Karthagoborgar í þessu, og þykir mjer leitt, að hv. þm. Seyðf. skyldi ekki hafa sjeð þessa leið fyr. Þó að það leiði ekki til mikils, þá hefði það þó getað sparað okkur þetta ómak í dag.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 5. landsk. (JJ) gat þess, að málum hefði oft verið vísað til stjórnarinnar áður og það engin áhrif haft. Þetta er rjett hjá hv. þm. (JJ), en hann verður líka að gæta að því, að það liggja mismunandi ástæður til þess, að málum er vísað til stjórnarinnar. Það er oft gert til þess að losna við málin úr deildinni, eða til þess að losna við að kveða upp einhvern úrskurð um þau, og verður stjórnin því að vinsa úr þeim á eftir, eftir því í hvaða tilgangi það er gert. Jeg minnist þess t. d., að til stjórnarinnar var einu sinni vísað endurskoðun á heilum lagabálki, út af einu atriði, sem ekki líkaði. En það er ekki hægt fyrir stjórn að taka tillit til slíks, enda var það ekki meining þeirra manna, sem greiddu atkv. með því, að hlaupið væri eftir því. Hún verður því að sigta úr það, sem meiningin er í raun og veru að sje gert.

Hv. þm. (JJ) mintist á útsvarsmálið, sem jeg viðurkenni að sje töluvert vandamál, og hv. þm. (JJ) sagði líka um það frv., sem jeg hefi nú komið með, að það tæki ekki málið alt í gegn. Þetta er alveg rjett, jeg var að hugsa um að gera það, en þóttist sjá, að það væri ekki til neins, þegar þingið í fyrra samþ. lög um það efni, sem jeg var óánægður með, en nú er það komið fram, að hv. Nd. vill snúa af þeirri braut, sem hún fór inn á í fyrra, en úr því að hv. þm. (JJ) er óánægður með þetta frv. mitt, er það mjög leitt, að ekki skuli hafa komið neinar bendingar frá nefndinni um það, hvað hún er óánægð með. Annars er það sjeð, að hv. þm. (JJ) telur þessa lausn mína ekki mjög slæma, því að hann kvað ekki sterkar að orði en svo, að hann væri ekki fyllilega ánægður.

Þá mintist hv. þm. (JJ) á það, að það væri óhafandi, að sjerstök löggjöf væri fyrir hvern kaupstað um þessi mál. Það er rjett, að það getur af mörgum ástæðum verið meinlegt, og þegar næst kemur fram frv. um útsvarsskyldu, verða þar að vera ákvæði, sem eru sameiginleg, en þó mun það koma í ljós, að það geta þurft að vera sjerstök ákvæði fyrir einstaka staði; má þar t. d. nefna Siglufjörð. Hv. þm. (JJ) sagðist ekki vera ánægður með, að teknir væru útskikar af málinu og þeim ráðstafað; það er í sjálfu sjer rjett, en jeg tek það fram, að stjórninni er í þessari till. falið að koma á næsta þingi með frv. um 2 ákveðin atriði, útsvarsskyldu manna og kosningar til sveitarstjórnar og bæjarstjórnar. Get jeg þó ekki talið, að hið síðarnefnda sje sjerstakt vandamál, því að jeg veit ekki til, að nein óánægja sje með núgildandi lög í því efni.

Ekki lagði hv. þm. (JJ) mikla áherslu á það, að nefndin kynni að klofna, en það hlýtur nokkuð að fara eftir því, hvernig hún klofnar, og óþægilegt þykir það að minsta kosti hjer á þingi og

leiðir oft til þess, að málin eru feld, en það er einmitt það, sem erfiðast verður hjer. Í sambandi við þá nefnd, sem skipa átti í fyrra, ólaunaða og af öllum flokkum, vil jeg geta þess, að jeg veit satt að segja ekki, hvort sú nefnd, sem skipuð var, er ólaunuð eða ekki, en jeg hefi heyrt það, að sumir nefndarmenn álíti, að þeim sje ekki ætlað að fá laun, og mjer hefir altaf fundist, að sú nefnd væri vel skipuð. (JJ: Já, en frv. hennar hafa fallið). Já, þar kemur að því, sem jeg segi, að frumvörp geta eins fallið, þótt frá nefnd sjeu.

Jeg skildi hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) þannig, að hann hefði verið samþykkur því, að þessi þáltill. hefði verið flutt, til þess að sýna með henni, að það yrðu ekki tekin fyrir önnur mál um þessi efni, sem væru borin fram á þinginu, og losna þannig við að vísa til stjórnarinnar hverju einstöku máli, sem þessu væri skylt, en hefði hinsvegar viljað vita um afstöðu stjórnarinnar um það, hvort hún teldi þörf á milliþinganefnd eða ekki. Ef þetta er ekki rjett skilið hjá mjer, þykist jeg viss um, að hv. þm. (JóhJóh) muni sjálfur leiðrjetta það.

Eggert Pálsson: Hv. meðnefndarmenn mínir hafa nú gefið skýringu á gangi og undirbúningi þessarar þáltill. í allshn. Ed. og að nokkru leyti allshn. hv. Nd. Jeg finn ekki betur en að báðir skýri fyllilega rjett frá því, sem gerðist í nefndinni, en þess ber að gæta, að þeir líta misjöfnum augum á málið, og er það ekki nema eðlilegt.

Hvað mig snertir, þá var jeg samnefndarmönnum mínum alveg samdóma um það, að ekki gæti komið til mála að afgreiða sem lög á þessu þingi öll þessi mörgu frv. um breytingar á sveitarstjórnar- og fátækralöggjöfinni, sem fyrir liggja, því að það hefði ekki getað orðið nema með handahófsafgreiðslu.

Var því ekki nema um þrjár leiðir að velja. Fyrst að leggjast á málin og láta þau ekki koma fram úr nefnd. En sú leið fanst mjer ekki þinginu samboðin. Í öðru lagi var um þá leið að ræða að vísa þeim til stjórnarinnar með dagskrá. En það var líka vandræðaleið. Þá var þriðja leiðin sú að vísa þeim frá með þingsályktun, sem næði til þeirra allra. Þetta fanst mjer óneitanlega besta leiðin. En þá var spurningin, hvernig sú þál. ætti að vera. Og sáum við ekki aðra leið fullkomnari en að bera fram tillögu þá, sem hjer liggur fyrir.

Jeg neita ekki, að hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) hafi komið fram með tillögu um að vísa þessum málum til stjórnarinnar. En sú tillaga kom aldrei fram í skriflegu formi og því síður til atkvæða og kom þar af leiðandi í nefndinni ekki til greina.

Fyrir mjer var það aðalatriðið að komast sómasamlega fram úr öllum þessum málum. Ef sú leið hefði verið valin í nefndinni eða nefndunum að vísa öllum þessum málum til stjórnarinnar, þá hefði vitanlega verið talað áður um það við hæstv. atvrh. (MG). En nú lá það ekki fyrir, og var því óvissa um, hvort stjórnin vildi taka þetta að sjer eða ekki.

Af því nú að ekkert vilyrði frá stjórninni lá fyrir um það, hvort hún vildi taka þetta að sjer, gekk jeg inn á að skipa milliþinganefnd til þess að undirbúa þessi mál. Hinsvegar duldist mjer ekki, að þessi leið gæti orðið dýr, og því mundi jeg hafa talið rjettara að taka þann kostinn, sem ódýrari var, ef líks árangurs mætti vænta. Og nú er einmitt

svo komið, að hæstv. atvrh. hefir lýst yfir því, að hann vilji taka málið að sjer og afgreiða það eins fljótt og mögulegt er. Horfir alt þetta mál því óneitanlega öðruvísi við heldur en meðan hvorki jeg nje aðrir vissu neitt um, hvort stjórnin vildi taka það að sjer eða ekki.

Það er vitanlega satt, sem hv. 5. landsk. (JJ) sagði, að oft hefir ekki til þeirra mála spurst aftur, sem vísað hefir verið til stjórnarinnar. En það hefir einatt ekki verið nema eðlilegt, þegar stjórnin hefir engu um þau lofað. Er því alt öðru máli að gegna, þegar stjórnin lofar að gera það, sem hún getur, eins og hún hefir lofað í þessu efni nú.

Þótt dýrt sje nú að skipa milliþinganefnd, hefði jeg þó heldur tekið þann kostinn, ef vissa hefði þá verið fyrir góðri lausn á málinu. En þar um er engin vissa og getur ekki verið. Hinsvegar er vissa um það, að kostnaður við slíka nefnd yrði æðimikill. Þegar því þannig er ástatt, að engin vissa er fyrir góðum árangri af milliþinganefndinni, en stjórnin hefir hinsvegar lofað að taka málið til gaumgæfilegrar meðferðar, þá get jeg fallið frá þáltill. og verið með því að vísa málinu til stjórnarinnar, og þykist jeg með því ekki koma neitt óheiðarlega fram, eftir að hafa skýrt frá gangi málsins og hvað fyrir mjer hefir vakað.

Guðmundur Ólafsson: Mjer hefir fundist, þegar talað hefir verið um þetta mál, að þá hafi ekki verið byrjað á upphafi þess, því eins og kunnugt er, hefir öllum slíkum málum verið vísað til stjórnarinnar nú tvö síðustu þing, með það fyrir augum, að stjórnin tæki sveitarstjórnarlöggjöfina til nákvæmrar endurskoðunar og kæmi fram með gagngerðar breytingar á henni.

Á síðustu þingum hafa þingmenn komið fram með ýmsar breytingar á löggjöf þessari. Og hafa allsherjarnefndir þingsins æfinlega notað þessa sömu aðferð, að vísa slíkum frv. til stjórnarinnar. Jeg bjóst því við, að hæstv. stjórn legði frv. í þessa átt fyrir þetta þing. Og það því fremur, þegar á þinginu í hittifyrra var ákveðið að leggja þetta mál fyrir allar hreppsnefndir, bæjarstjórnir og sýslunefndir í landinu, til þess að leita álits þeirra. En vitanlega var orðið svo áliðið, þegar það var samþykt, að víða var þá búið að halda sýslufundi, svo að vel má vera, að stjórnin hafi ekki getað lagt frv. í þessa átt fyrir þingið í fyrra, af því að svör hefir vantað frá sýslunefndum. En það hefði þá átt að vera hægt á þessu þingi.

Annars skildist mjer á hæstv. atvrh., þegar hann talaði fyrir frv. sínu um úrskurði í útsvarsskyldumálum, að hann hefði ekki treyst sjer til þess að koma með víðtækari breytingu á þessari löggjöf.

Annars er jeg ekki nærri því eins hissa á þessari framkomu hæstv. stjórnar eins og framkomu hv. allshn. beggja deilda í þessu máli. Þær hafa haft mál þessi til meðferðar og komist einróma að þeirri niðurstöðu, að best mundi að vísa þeim öllum frá og skipa milliþinganefnd til þess að athuga þau öll í heild. Um þetta eru nefndir beggja deilda sammála. En tillagan er ekki fyr komin inn í þingið til umræðu en nefndirnar klofna, og nokkur hluti þeirra, Íhaldsmenn, gengur á móti sinni eigin tillögu. Þegar samheldnin náði ekki lengra en

þetta, var svei mjer ekki þess að vænta, að þær hefðu getað komið fram með verulegar breytingar á sveitarstjórnar- eða fátækralöggjöfinni, sem til frambúðar hefðu orðið.

Jeg vissi um tillöguna áður en hún kom fram og bjóst við að geta fylgt henni, enda þótt jeg vissi, að slík nefndarskipun hefði allmikinn kostnað í för með sjer, þar sem það var reynt, að hv. allsherjarnefndir höfðu ekki á undanförnum þingum treyst sjer til að koma með nokkrar nýtilegar tillögur í málinu, og jeg hinsvegar taldi, að stjórnin hefði getað komið fram með meira en þetta eina frv. um breytingu á sveitarstjórnarlöggjöfinni, ef hún hefði haft áhuga fyrir því.

Það er búið að hæla mikið núgildandi sveitarstjórnarlöggjöf okkar, og get jeg tekið þar í sama strenginn, því að þó að farið hafi verið fram á ýmsar breytingar á henni, hafa þær margar verið smávægilegar. Er það mikill heiður fyrir milliþinganefnd þá, er undirbjó hana.

Það, sem mest ýtir undir mig að falla frá tillögunni um nefndarskipunina, er það, að mjer skilst á hæstv. atvrh., að hann beinlínis vilji fá að fjalla um þetta mál og að nokkur undirbúningur sje þegar gerður af honum í þessu efni. Líka á orðalag tillögunnar sinn þátt í því, þar sem hún kveður svo á, að þess sje vænst, að fyrir næsta þing verði aðeins lögð frumvörp um útsvarsskyldu manna og kosningar til sveitar- og bæjarstjórnar. Og jeg get vel fallist á, sje aðeins átt við þann hluta sveitarstjórnarlaganna, að þá sje það ekki stórt starf fyrir milliþinganefnd á þessu ári.

Eftir því sem kom fram í ræðu hv. þm. Vestm. (JJós), þegar hann var að svara hv. 5. landsk. (JJ), virtist mega ætla, að þetta væri flokksmál hjá Íhaldsflokknum. En jeg fyrir mitt leyti treysti mjer ekki til að gera það að flokksmáli. Jeg vil fara þá leið, sem jeg tel skynsamlegasta, sem sje þá, að skipa ekki milliþinganefnd nú, en fela hæstv. stjórn málið í þetta sinn. En fari svo, að hún leggi ekki frv. um þessi mál fyrir næsta þing, þá mun ekki þýða fyrir hana að óska eftir að fá þau aftur, enda mun þá fullreynt, að ekki verður hjá því komist að skipa milliþinganefnd í þau.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. þm. A.-Húnv. (GÓ) var að minnast á mál, sem vísað hefði verið til stjórnarinnar á þingunum 1923 og 1924.

Það er aldrei nema rjett, að til hennar var vísað málum, sem gengu út á breytingar á sveitarstjórnarlöggjöfinni. En ef búist er við, að milliþinganefnd þurfi mörg ár til þess að undirbúa slíka löggjöf, þá er ekki hægt að ætlast til, að stjórnin geti gert það á einu ári. Annars skal jeg geta þess, að ekki eru enn þá komin svör frá nærri því öllum sýslunefndum viðvíkjandi þeim atriðum, sem leitað var álits þeirra um.

Þessi hv. þm. (GÓ) þóttist skilja mig svo, að jeg vildi fá að fjalla um þessi mál. Þetta er alveg rjett. Jeg tel það beinlínis embættisskyldu mína, ef þingið vill fela mjer það. Annars lít jeg svo á, að þetta geti ekki verið flokksmál, og það var það ekki heldur í Nd., og það gleður mig, að hið sama er hjer upp á teningnum, enda mun allshn. neðri deildar ekki hafa ætlast til, að það væri flokksmál, því að formaður hennar tjáði sjer það í ljettu rúmi liggja, hvort því væri vísað til stjórnarinnar eða milliþinganefndar.

Ef jeg legg ekki fyrir næsta þing frv. til laga um þau tvö atriði, sem jeg hefi áður nefnt, þá má hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) bera mjer á brýn brigðmælgi. Og jeg vona, að jeg geti lagt fram frumvarp, sem hann að miklu leyti geti felt sig við.

Jóhannes Jóhannesson: Hv. 5. landsk. (JJ) mintist á aðstöðu flokkanna til þessarar tillögu. Að jeg hafi borið hana undir flokkinn, er hinn mesti misskilningur, því að jeg lít svo á, að þetta eigi ekki að vera flokksmál.

En eins og jeg tók strax fram, lít jeg svo á, að það megi ekki lengi dragast að endurskoða þau atriði sveitarstjórnarlaganna, sem tillagan leggur mesta áherslu á. Af því að jeg leit svo á, að kröfur þær, sem fram hafa komið um breytingar á sveitarstjórnarlöggjöfinni, væru rjettmætar, og að jafnframt væri þörf á að samræma þessa löggjöf, þá var jeg með skipun milliþinganefndar til þess að undirbúa þessi mál, og hefði verið með henni áfram, svo framarlega sem hæstv. atvrh. (MG) hefði ekki lýst því yfir, að hann ætlaði að taka tillöguna til greina, ef henni væri vísað til stjórnarinnar, og reyna að afgreiða málið eins fljótt og milliþinganefnd mundi gera. Þar sem nú stjórnin sjálf er mjög fær um að vinna að þessum undirbúningi og á líka kost á að afla sjer mjög ódýrrar aðstoðar, sje jeg mjer ekki annað fært en snúa mjer að því að vísa málinu til stjórnarinnar og tel því þar að sumu leyti betur borgið en hjá milliþinganefnd.

Jónas Jónsson: Það kom ljóst fram í ræðu hv. þm. A.-Húnv. (GÓ), að frumvörpum um breytingu á sveitarstjórnarlöggjöfinni hefir á tveimur síðustu þingum verið vísað til stjórnarinnar með því fororði, að stjórnin legði fram heildarfrv. um þessi mál. En slíkt heildarfrv. er ekki komið enn þá, og víst, að það kemur ekki á þessu þingi. Er það því ekki að ástæðulausu, að allsherjarnefndir þingsins hafa farið þá leið að bera fram þáltill. um skipun milliþinganefndar til þess að athuga þessi mál. Þau sveitarstjórnarlög, sem við búum nú við, eru samin að mestu af milliþinganefnd. En eins og öllum er kunnugt, hafa þau reynst vel, þar til lifnaðarhættir og atvinnuvegir breyttust. Þetta hvorttveggja er því mikil meðmæli með tillögunni.

Snúningur sá, sem kominn er á allsherjarnefndarmenn stjórnarflokksins í þessu máli, virðist stafa af því, að hæstv. atvrh. vill fá málið í sínar hendur. Þykist hann með því geta afgreitt það á ódýrari hátt en með nefndarskipuninni. Það má vel vera, að svo verði, en þá er ekki trygging fyrir, að það verði eins vel af hendi leyst.

Við höfðum hugsað okkur, að milliþinganefnd gæti komist yfir það, sem felst í tillögunni, á fyrri hlutum tveggja vetra. En eftir því, sem hæstv. forsrh. (JM) hefir sagt mjer, mun það óvíst, því að nefnd sú, er undirbjó núgildandi sveitarstjórnarlög, mun hafa setið töluvert lengur.

Mjer líkaði margt vel í ræðu hv. 1. þm. Rang. (EP). Hann sagði rjett frá tildrögum málsins og miklu skýrara en hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), að það var samkomulag nefndanna að bera fram þessa tillögu. En svo kemur þetta fyrir, að strax þegar till. kemur til umræðu í Nd., þá snúast þeir á móti henni hv. þm. V.-Sk. (JK) og 2. þm. N.-M. (ÁJ),

og hið sama skeður hjer. Fylgismenn stjórnarinnar í nefndinni snúast gegn till. Þetta höfuðstökk sitt hefir hv. 1. þm. Rang. (EP) skýrt svo vel, að jeg tel hann hafa vaxið við það. En það get jeg sagt bæði honum og öðrum, að þó að jeg hefði verið stuðningsmaður stjórnarinnar, þá hefði jeg undir engum kringumstæðum treyst mjer til að gera slíka kúvendingu.

Loks vil jeg skjóta þeirri fyrirspurn til hæstv. atvrh., hvort hann vilji taka þetta mál til athugunar þannig, að það af því, sem hann ber fram á næsta þingi, geti verið sjálfstæður hluti í allsherjarkerfi. Því að ef hann aðeins tekur til athugunar þá liði sveitarstjórnarlaganna, sem nefndin telur þurfa að flýta mest, þá tel jeg það kák eitt.

Annars tel jeg mig bundinn við mína fyrri afstöðu og get því ekki greitt atkvæði á móti till. En jeg kann betur við að fá að vita, hvort stjórnin ætli að taka málið til alvarlegrar meðferðar eða ekki.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þáltill. þessi ber það með sjer, að allsherjarnefnd telur endurskoðun sveitarstjórnarlaganna og fátækralaganna svo mikið starf, að ekki sje hægt að ætlast til, að milliþinganefnd geti lokið því á einu ári. Þess vegna er ekki með sanngirni hægt að álasa mjer, þó að jeg sje ekki búinn að endurskoða þá löggjöf síðan í fyrra, því að jeg sje ekki, að rjett sje að gera hærri kröfur til stjórnarinnar en milliþinganefndar.

Þá spurði hv. 5. landsk. (JJ), hvort jeg vildi taka málið til athugunar í heild. Þar til er honum því að svara, að jeg mun gera undirbúning undir það á svipaðan hátt og þáltill. gerir ráð fyrir, en jeg býst ekki við, að hann vilji heita mjer svo löngum lífdögum í þessum stóli, að jeg geti lofað að leiða málið til lykta. (JJ: Við erum vitanlega allir dauðlegir). Satt er það, en ekki allir eins bráðfeigir eins og þeir, sem sitja í ráðherrastólum.

Jeg lít svo á, að það megi vel setja sjerstakan lagabálk um útsvarsskyldu, sem gildi fyrir alt landið. En ef til vill yrði þá að hafa einhver sjerákvæði fyrir ýmsa kaupstaði. Eins hygg jeg, að best mundi vera að hafa kaupstaðalöggjöfina sameiginlega, að því leyti sem unt er, og þá sjerstök ákvæði þar sem nauðsyn krefur. Aftur sveitarstjórnarlögin sjer, eins og nú, og fátækralögin líka sjer. Annars kemur þetta alt til athugunar síðar, og ekki vert að slá neinu föstu að sinni. En jeg álít, að ekkert geri til, þó að sjerstök lög sjeu sett um útsvarsskylduna.

Jeg gleymdi að minnast á sveitfestistímann, sem hv. 5. landsk. drap á. Jeg álít, að það sje hæpið fyrir stjórnina að fyrrabragði að fara að brjóta upp á breytingum á ákvæðum, sem þingið er nýbúið að samþykkja. (JJ: En Alexander!). Jeg sje ekki, hvað hann kemur þessu máli við. Það verður að ganga út frá því, að þingið breyti ekki strax því, sem það hefir samþykt. Hv. þm. (JJ) mintist á hrepp einn, sem hefði orðið illa úti vegna þessara sveitfestisákvæða, en jeg held, að þar liggi aðrar ástæður eigi síður til grundvallar, enda er það álit kunnugra manna, að ef þessi hreppur fær að njóta einhverrar hjálpar nokkur ár, þá sje honum borgið. Og jeg tel alls ekki ólíklegt, að hann geti notið góðs af frv., sem jeg hefi borið

fram á þessu þingi, um breyting á fyrirkomulagi bjargráðasjóðsins.

Ingvar Pálmason: Það er nú búið að tala nokkuð um þetta mál frá ýmsum hliðum. En jeg vil nú samt leyfa mjer að líta á það nokkuð öðrum augum en hjer hefir verið gert, ekki síst vegna þess, að á síðasta þingi flutti jeg hjer mál, sem kom dálítið inn á þetta. Það var mjög lítilfjörleg breyting á sveitarstjórnarlögunum, en eftir minni reynslu af sveitarstjórn í kauptúni, sem er hreppur út af fyrir sig, taldi jeg þá breytingu alveg nauðsynlega. Hv. allshn. þessarar deildar var sammála um frv. þetta, að í því væru nauðsynlegar umbætur, og það var alls ekki af því, að það væri álitið ónauðsynlegt eða ætti að eyða því, að því var vísað til hæstv. stjórnar, því það var tekið skýrt fram í áliti nefndarinnar, að hún væri stefnu frv. fylgjandi, og því var áreiðanlega vísað til stjórnarinnar í þeirri fullu trú, að hún mundi leysa málið. En svo hefir ekki farið. Jeg geri ráð fyrir, að ástæður liggi til þess, að hæstv. atvrh. (MG) hefir ekki leyst þetta mál milli tveggja þinga. Mjer virðist, að til þess geti legið tvær ástæður einkum, önnur sú, að hann hafi ekki haft tíma eða vantað nauðsynleg gögn, hin sú, að hann hafi ekki viljað sinna málinu. Og finst mjer þetta, að nú kemur ekkert frá stjórninni um það mál, einmitt benda á það, að hún hafi ekkert viljað í þessu gera. Jeg spurði hæstv. atvrh. snemma á þessu þingi, hvort von væri á nokkru frá honum í þessu máli, og neitaði hann því alveg. Önnur svör fjekk jeg ekki. Ef hæstv. ráðh. hefði þá sagt, að málið væri í undirbúningi og kæmi sennilega fram á næsta þingi, þá mundi jeg ekki hafa þurft að geta mjer til um ástæður hans. Og það getur vel verið, að hann lýsi þessu yfir nú. En af þeirri reynslu, sem við höfum af því að vísa slíkum málum til stjórnarinnar, þá verð jeg að segja það, að það er ekki mjög ótítt fyrir þá, sem áhuga hafa fyrir því, að einhver breyting komist á í þessum efnum, að þeir verði fyrir vonbrigðum, einkum þegar stjórnin er svo þögul sem nú um það, hvað hún hafi gert eða hvað hún ætli að gera. Nú verð jeg að álíta, af því, sem komið hefir í ljós í þessum umræðum, að annaðhvort hafi hæstv. stjórn ekki viljað láta uppi, hvað hún hafi gert eða gera látið í þessu máli, eða hún hafi ekkert gert til að hrinda málinu áfram. Nú lýsir hæstv. atvrh. því yfir, að það muni vera heppilegast, að stjórnin leysi málið. Og þótt jeg vilji engan veginn fallast á það, þá er það nokkurn veginn víst, að sú leið verður farin. Þess vegna vil jeg nú við þessa umræðu gefa stjórninni nokkrar bendingar um þau atriði, sem jeg tel mestu varða, að verði gaumur gefinn í þessu máli. Fyrst og fremst álít jeg knýjandi nauðsyn bera til þess að taka tillit til þeirra breytinga, sem orðið hafa, er kauptún hafa orðið sjerstök hreppsfjelög út af fyrir sig. Jeg skil það, að hæstv. atvrh. sje slíku ókunnugur, eða hann er a. m. k. furðudulur á þekkingu sína í þessu efni. Þess vegna bendi jeg stjórninni á þetta, þegar hún tekur málið til meðferðar, að hafa það fyllilega í huga að taka þessa bendingu til greina. Mjer er ekki hægt í stuttri ræðu að koma fram með ákveðnar till. að því er snertir þessi hreppsfjelög. En jeg vil mælast til þess, að hæstv. stjórn leiti umsagnar rjettra hlutaðeiganda. Þar með meina jeg stjórnarvöld þessara

hreppa, en ekki sýslunefndir, því þessi hreppsfjelög hafa oft talsvert erfiða aðstöðu gagnvart sýslunni. Vil jeg í því sambandi benda á það, að t. d. Neshreppur í Norðfirði greiðir einn milli $^1/_5$ og $^1/_4$ af öllu sýslusjóðsgjaldi Suður-Múlasýslu. En þó eru 15 hreppar í sýslunni og aðeins 800 menn í Neshreppi. Og enn eru tveir hreppar aðrir í sýslunni, sem líkt er ástatt um og greiða nokkru minna. Þetta er mjög alvarlegt mál, og orsökin til þessa er sú breyting, sem nýlega var gerð á skipulagi sýslusjóðsgjaldsins. Í þessu sambandi vil jeg ennfremur minna á það, að áður var svo ákveðið, að þeir kaupstaðir, sem voru hreppsfjelag út af fyrir sig, gætu fengið heimild sýslunefndar til þess að verja öllu sínu vegagjaldi til vegalagninga innan hreppsins. En í fyrra var þessu breytt þannig, að nú geta þeir ekki fengið heimild til nema helmings af gjaldinu. Sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefir undanfarið veitt á hverju ári þremur hreppum heimild til þess að verja þessu gjaldi til vegalagninga í hreppunum. Nú má hún ekki leyfa nema hálft gjaldið. Á þetta vildi jeg benda, ef það gæti kastað ljósi yfir fleiri atriði, sem kunna að dyljast hæstv. atvrh. Þess ber vandlega að gæta, hversu mjög staðhættir hafa breyst víða hjer á landi á síðustu árum, en einna mest þó sumstaðar í Suður-Múlasýslu og á stöku stað á Vestfjörðum.

Þá ljet hæstv. atvrh. í ljós í ræðu sinni, að það, sem sjerstaklega lægi fyrir stjórninni milli næstu þinga, ef málinu yrði nú vísað til hennar, væri þau tvö atriði, sem tekin eru fram í greinargerð till. En þar er jeg alveg ósammála. Jeg lít svo á, að það sje fyrst og fremst sjálf till., en ekki greinargerðin, sem kemur til greina, ef málinu er vísað til stjórnarinnar, en ekki til milliþinganefndar, því greinargerðin á alveg við milliþinganefndina. Það, sem vísað er til stjórnarinnar, ef svo fer, er að íhuga og undirbúa bæjarstjórnar-, sveitarstjórnar- og fátækralöggjöfina. Þetta er verkefnið, og það verður að koma skýrt fram, að svo sje, því jeg get ekki fyrir mitt leyti sætt mig við það, að vísað sje til stjórnarinnar aðeins þessum tveimur liðum í greinargerðinni. Hitt er spurning, að hve miklu leyti stjórninni endist tími til þess að leggja síðustu hönd á þetta verk alt.

Jeg tek undir það með hæstv. atvrh., að það sje óheppilegt að gera þetta mál að flokksmáli, en því miður dylst mjer ekki, eftir ýmsum sólarmerkjum að dæma, að málið er orðið flokksmál að meira eða minna leyti. Jeg vil benda á það, að flutningsmenn hv. allshn. beggja deilda hafa hvikað frá sínu sameiginlega áliti frá því till. kom fram fyrst, og það lítur sannarlega út í mínum augum sem flokksáhrif. Í þessu sambandi vil jeg benda á það, að ef það hefði t. d. gengið fram í hv. Nd. að vísa málinu til stjórnarinnar, þá er það auðvitaður hlutur, að till. hefði ekki komið hjer til atkvæða.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer skilst, að hv. 2. þm. S.-M. (IP) gæti ekki búist við því, að jeg kæmi með frv. um þetta einstaka atriði, sem hann hreyfði hjer í fyrra, þegar fyrir liggur og tilætlunin er að undirbúa endurskoðun á allri þessari löggjöf í heild sinni. (IP: Hefir það verið tekið til meðferðar?).

Já. Jeg sagði hv. þm. (IP) það þegar í þingbyrjun, að stjórnin hefði tekið málið til meðferðar. Annars var ræða hv. þm. (IP) lítið vinsamleg, og kæri jeg mig ekki um að svara honum í sama tón að sinni; má vera, að tækifæri gefist til þess síðar. Hann hjelt, að jeg hefði lítið vit á því, hvernig til hagaði í stærri þorpum í Suður-Múlasýslu, og nefndi til ákveðið þorp, þar sem jeg væri lítið kunnugur. En það held jeg, að hann geti lítið vitað um, og víst er um það, að varla verður ný löggjöf eingöngu sniðin eftir þörfum Nesþorps i Suður-Múlasýslu, en jeg skil, að það sje kannske eini staðurinn, sem þessi hv. þm. (IP) þekkir vel til.

Þá var hv. þm. (IP) að tala um það, að stjórnin ætti að leita til rjettra hlutaðeigenda um upplýsingar í þessum málum. En við það er þá fyrst að athuga, að jeg talaði einmitt um það í hv. Nd. að fara þessa leið, en flokksmenn hv. þm. (IP) töldu; að lítið mundi á því að græða. Jeg held nú samt, að það mundi koma að nokkru gagni. Jeg hefi að vísu gengið út frá því, að ekki kæmu svör frá öllum, en að þó nokkrir mundu senda svör, og mætti talsvert byggja á því. Jeg er svo kunnugur í sveitum, að jeg veit, að þar eru menn, sem langa hríð hafa gegnt sveitarstjórn og mundu ekki horfa í það að verja nokkurra klukkustunda vinnu til þess að gefa stjórninni upplýsingar um þau atriði, er þeir telja að þurfi að breyta. Hv. 2. þm. S.-M. er einn þeirra manna, og er jeg viss um það, að hann mundi t. d. ekki láta þetta leggjast undir höfuð.

Hv. þm. (IP) sagði, að Neskauptún væri nú látið greiða $^1/_4$ sýslusjóðsgjalds í Suður-Múlasýslu. Þar með er ekkert sagt, hvort þetta sje rjett eða rangt. Það má vel vera, að þetta kauptún sje svo vel statt, að það sje ekki nema sanngjarnt hlutfall. Mjer finst líka grundvöllurinn fyrir niðurjöfnun sýslusjóðsgjalda vera svo góður og tyggur sem yfirleitt er hægt að ætlast til, þar sem $^1/_3$ er greiddur af verkfærum mönnum, $^1/_3$ af fasteignum eftir fasteignamati og $^1/_3$ af skattskyldum eignum og tekjum. Það er víst, að betri grundvöll er ekki auðið að finna, enda er hann nýr, frá 1921, og jeg hefi ekki heyrt því fyr andmælt, að hann væri sanngjarn. Það væri gott að heyra, á hvaða grundvelli hv. þm. (IP) vill þá byggja þetta. Um sýsluvegasjóðsgjaldið er það að segja, að ákvæðunum um það var breytt í fyrra hjer á þingi gegn andmælum mínum, og jeg skil ekki, að það hafi að þýða að koma með frv. í mótsetta átt við það, sem síðasta þing samþykti.

Hv. 2. þm. S.-M. (IP) talaði um það, að till. fjelli burt, ef málinu yrði vísað til stjórnarinnar, en jeg hafi lýst því yfir, að jeg skoði það svo, að málinu verði vísað til stjórnarinnar á sama grundvelli og till. er. Og nú vill hv. þm. (IP) leggja meira í till. en rjett er. Jeg hefi lýst því yfir skýrt og greinilega, að í þáltill. og till. að vísa málinu til stjórnarinnar fælist hið sama, og að það væri ekki ætlast til þess af stjórninni, að hún hefði til fyrir næsta þing nema þau tvö atriði, sem greinargerðin tekur fram. Og ef stjórnin gerir það, þá stendur hún fyllilega við það, sem krafist er af henni.

Hv. þm. gaf það í skyn, að þetta væri orðið pólitískt mál. Jeg fyrir mitt leyti viðurkenni það ekki. En ef svo er, þá hefir eitthvað kvarnast út úr flokki hv. þm. í Nd. Jeg veit ekki, hvort hann hefir

umboð frá þeim mönnum úr hans flokki, sem greiddu atkvæði móti milliþinganefnd, til þess að lýsa því yfir, að þeir hafi gengið í Íhaldsflokkinn.

Ingvar Pálmason: Jeg vil mótmæla, og það kröftuglega, þeim orðum hæstv. atvrh. (MG), er hann sagði, að ræða mín hefði verið óvingjarnleg í hans garð. Jeg veit ekki, hvernig jeg get verið vingjarnlegur við stjórn, sem jeg ekki styð, ef jeg var það ekki nú í ræðu minni. Jeg beindi aðeins þeirri ósk til hæstv. atvrh., að hann tæki til greina nokkrar bendingar um málið yfirleitt, vegna þess, að jeg taldi forlög þáltill. ráðin. Jeg vona líka, að hann athugi þessar bendingar. Og taki hann hjer enn til máls, þá vænti jeg, að hann byrji ekki ræðu sína á því aftur, að jeg hafi mælt til hans óvingjarnlega. Þá er eitt atriði, sem hæstv. ráðh. mintist á í sambandi við ræðu mína, sem sje það, að með breytingu á vegalögunum frá í fyrra hefði sú breyting orðið, að hreppavegagjöld þeirra kauptúna, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, mætti ekki lengur nota til vegalagninga innanhrepps nema að hálfu, en áður að öllu leyti. Hann vitnaði til þess, að hann hefði ekki verið þessu fylgjandi í Nd. í fyrra, og tek jeg það trúanlegt og vænti þess fastlega, að þetta atriði verði athugað við væntanlega breyting á sveitarstjórnarlögunum.

Þá mintist hæstv. atvrh. á dæmi það, sem jeg nefndi, er Neshreppur í Norðfirði greiddi einn næstum $^1/_4$ af öllu sýslusjóðsgjaldi Suður-Múlasýslu, og kvað það enga sönnun, þó að jeg nefndi tölur. Það væru engar upplýsingar í þeim. Jeg býst nú við því, að mjer muni ekki auðnast að færa nóg rök og upplýsingar um þetta atriði nú, en jeg vildi benda á það sem einn lið, sem vert væri að gefa gaum að. Liggur þetta að nokkru leyti í því, eins og vitanlegt er, að skuldlausar eignir í þessum hreppum eru aðallega húsin. Í þorpum eru venjulegast bygð timburhús, en allir vita, hve endingargóð þau eru. Nú er farið eftir 7 ára gömlu fasteignamati, og getur því komið fram mikið misrjetti. Á Austfjörðum standa slík hús venjulega ekki lengur en 20 ár, sjerstaklega við sjó. Og við sjáum það, að þegar 8—10 ár líða milli mats, verður það óábyggilegt.

Jeg ætla ekki að koma fram með neina breytingartillögu, heldur benda á þá agnúa, sem á löggjöfinni eru.

Hæstv. atvrh. sagði, að jeg legði meira í till. en í henni fælist. En ef málið fer til stjórnarinnar, þá er greinargerðin fallin.

Að síðustu sagði hæstv. atvrh., að jeg vildi gera málið að flokksmáli. Jeg veit ekki, hvernig honum dettur það í hug. Jeg hefi áður tekið það skýrt fram, að óheillavænlegt væri að gera það að flokksmáli. Hitt er annað mál, að ýmislegt, sem komið hefir fram, bendir til þess, að það eigi að gera það að flokksmáli, en jeg hefi ekki gefið neitt í skyn um, að jeg ætlaði að gera það. Jeg þykist hafa talað um málið á þeim grundvelli, að það færi til hæstv. stjórnar, þótt jeg hefði talið heppilegra, að það hefði fengið þá afgreiðslu, sem til var ætlast. Af svörum hæstv. atvrh. hefi jeg sjeð, að ýmislegt er undirbúið í málinu, og ættu því að geta legið töluverðar umbætur fyrir næsta þingi.

Jeg sje ekki ástæðu til að orðlengja um þetta. Það, sem kom mjer til að standa upp, var það, að jeg vildi svara

hæstv. atvrh., vegna þess, að hann taldi fyrri ræðu mína miður vingjarnlega.

Jóhann Jósefsson: Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) virðist hafa misskilið það, sem jeg sagði um afstöðu eins flokksbróður hans í hv. Nd. Jeg benti á ummæli hans því til sönnunar, að málið sje ekki flokksmál.

Um nefndarskipunina sjálfa verð jeg að segja það, að jeg get ekki sjeð mun á eyðslu við það að skipa óþarfa nefnd eða óþarft embætti.

Jeg hefi ekki borið fram till. um að vísa málinu til stjórnarinnar til þess, að það skyldi verða því til trafala. Hæstv. stjórn hafði áður lýst yfir því, að gefnu tilefni, að hún væri fús til að taka það að sjer og ráða því til lykta á sama hátt og þáltill. gerir ráð fyrir. Þetta er ekki að svæfa málið. En þar sem stjórnin treystir sjer til þess að afgreiða það, verður það ódýrara en með nefndarskipun.

Atvinnumálaráðherra (MG): Því miður heyrði jeg ekki síðustu ræðu hv. 2. þm. S.-M. (IP), því að jeg þurfti að svara í máli í Nd., en mjer er sagt, að hann hafi sagt, að jeg mundi hafa lítið vit á þessum málum. (IP: Það sagði jeg ekki). Við sjáum nú til, hvað skrifararnir segja um það.

Um sýsluvegasjóðsgjaldið vil jeg aðeins leiða athygli hv. þm. (IP) að því, að jeg tel ekki líklegt, að þingið vilji breyta gerðum sínum um það efni í fyrra. Og jeg man ekki betur en að hv. samþm. hans (SvÓ) væri í fyrra á öfugri skoðun við hv. 2. þm. S.-M., og ætti þetta að sýna, að erfitt er að gera svo að öllum líki, er jafnvel samþingismenn, sem þó hafa sömu hagsmuna að gæta, eru alveg ósammála. Annars vil jeg benda hv. þm. (IP) á, að hann ræðir hjer um breytingu á vegalögunum, en ekki það mál, sem hjer er til umræðu.

Guðmundur Ólafsson: Hv. þm. Vestm. (JJós) kvað óþarft að skipa nefnd og taldi það sama og óþarft embætti. Á því er þó sá mikli munur, að nefndir eru skipaðar til takmarkaðs tíma, en hv. þm. hefir fundist hann þurfa að afsaka sig gagnvart óþörfu embættunum. Það hefir enginn talið nefndina óþarfa, nema því að eins, að hæstv. stjórn gæti gert þetta svo að gagni kæmi, en nú er eftir að sjá, hvað stjórnin gerir í þessu efni.

Ingvar Pálmason: Jeg ætla ekki neitt að minnast á þau orð, er hæstv. atvrh. (MG) gerði mjer upp, en hitt er annað mál, að jeg gaf honum leiðbeiningar, en hann vill ekki taka þær til greina, vegna þess, að þær stríði á móti vilja þingsins, en þó hefir hann lýst yfir því, að hann sje mjer sammála í sumum atriðum. Þetta þykir mjer undarlegt, því að jeg hjelt, að þegar máli væri vísað til stjórnarinnar, þá mundi hún gera sitt besta og leggja til það eitt, er hún teldi rjett, en nú sýnist mjer eitthvað annað. Þó vona jeg, að hæstv. atvrh. geri þær umbætur á lögum þessum, sem þörf er á, enda þótt það verði að taka 1—2 þing.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil benda hv. þm. (IP) á það, að hjer er ekki um það að ræða að vísa vegalögunum til stjórnarinnar, svo að það er ekki við að búast, að jeg taki þeim leiðbeiningum hans vel, sem lúta að endurskoðun vegalaganna. Og jeg held fast við það, að það er ekki hægt að búast við,

að sama þingið, sem setti ný vegalög í fyrra, breyti þeim á næsta þingi í atriðum, sem sjerstaklega voru tekin til athugunar og ollu deilu.

ATKVGR.

Till. frá þm. Vestm. (JJós) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 10:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, SE, BK, EP, GÓ, HSteins,

nei: IP, JJ, EÁ.

Einn þm. (SJ) fjarstaddur.

---

3. Brúargerð á Hvítá í Borgarfirði.

Á 58. fundi í Nd., föstudaginn 17. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um brúargerð á Hvítá í Borgarfirði (A.351).

Á 59. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 73. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. maí, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., föstudaginn 8. maí, var till. aftur tekin til e i n n a r u m r.

Flm. (Pjetur Þórðarson): Jeg hefi áður minst á það við fjárlagaumræður, hve óljúft mjer væri að greiða atkvæði gegn ýmsum nauðsynlegum fjárveitingum, þótt jeg hafi orðið að gera það. Erfiðast hefir mjer þó fallið að setja mig upp á móti ýmsum verklegum framkvæmdum á ríkissjóðskostnað.

Jeg get búist við því, að hæstv. landsstjórn, og ef til vill einhverjum hv. þm., virðist það nokkuð hvatvíslegt af mjer að bera fram slíka tillögu sem þá, er hjer liggur fyrir, eins og nú standa sakir og nú eru horfur um framkvæmd verklegra fyrirtækja af hálfu hins opinbera. Jeg vona þó, að mjer takist að færa sæmileg rök að því, að þetta er ekki eins fráleitt eins og það kann að sýnast í fljótu bragði. En til þess verð jeg þó að drepa á nokkur atriði, sem snerta hinn almenna fjárhag landsins og möguleika á því að stöðva ekki til lengdar mjög nauðsynlegar verklegar framkvæmdir í landinu, eða draga svo mjög úr þeim, sem flestum virðist nú þörf á. Vitanlega snerta þessi atriði öllu heldur óbeinlínis en beinlínis þá tillögu, sem hjer er um að ræða.

Jeg lít nú svo á, að tekjuhalli ríkissjóðs á tekjuhallatímabilinu frá 1917—23 hafi að nokkru leyti verið afleiðing af mistökum Alþingis í skatta- og tollalögum, og má nefna sem byrjun á þeim mistökum úrslitin á baráttunni um að láta dýrtíðar- og gróðaskattinn ná til stórgróðans 1917. Hið sama má segja um úrslit annara tilrauna þá og síðar á þessu tímabili til þess að hækka tolla á óþörfum og ónauðsynlegum aðfluttum vörum.

Jeg er ekki að nefna þetta til þess að sakast um orðinn hlut. En hitt er það, að miklu er alvarlegra, að fenginni slíkri reynslu, ef slík mistök og önnur síst afsakanlegri gerast á þessu þingi, sem þá auðvitað mundi stuðla að enn lengri frestun nauðsynlegra framkvæmda í landinu.

Aukin útgjöld á þjóðinni og einstaklingum hennar eru jafnan viðkvæmt mál, ekki síst vegna þess, hve erfitt er að stilla í hóf um fullkomið jafnrjetti og sanngirni í þeim efnum.

Vjer stöndum líka að þessu leyti ver að vígi en flestar aðrar þjóðir, vegna fátæktar. En hvers vegna erum vjer svona átakanlega snauðir? Ekki vegna þess, að auðsuppsprettur vorar sjeu ekki nógar, saman borið við fólksfjölda. Ekki heldur vegna dugleysis eða athafnaleysis við framleiðslu auðæfanna. Þvert á móti hefir verið vitnað til þess, að vjer stæðum feti framar en aðrar þjóðir hvað snertir dugnað við framleiðsluna. Nei, fátæktin stafar hvorki af því, að auðsuppsprettur sjeu ónógar, nje af dugleysi við framleiðsluna. Menn segja, að það sje svo dýrt að framleiða, að afgangurinn verði lítill eða enginn, vegna kostnaðarins. Þetta er ekki nema hálfur sannleikur. Aðalorsökin til þess, að afgangurinn verður jafnan lítill, er óhóf og eyðslusemi. Óhófleg eyðsla munaðarvara og margra fánýtra hluta, sem engum koma að haldi, glatar þannig árlega afskaplega miklu verðmæti um aldur og æfi, fyrir öldum og óbornum. Þess vegna ætti Alþingi að skuldbinda alla, eldri og yngri, sem gera sig seka um slíkt, til miklu meiri fjárútláta til ríkisins í hvert sinn heldur en nú er og lítur út fyrir að verða að loknu þessu þingi. Fyrst og fremst ætti þetta að ná til tóbaks- og áfengiseyðslu og svo til margs annars, svo að jafnan væri nægilegt fje til framkvæmda nauðsynlegra hluta, svo sem eru sjúkrahús, hafnir, vitar, vegir, brýr o. fl. Og úr því að svo er komið, að Alþingi sjer engar leiðir færar eða vill ekki fallast á að hefta munaðar- og óþarfaeyðsluna nje skattleggja hana svo að dugi til þess að halda sæmilega uppi framkvæmdum, sem ríkinu ber að annast, þá liggur það næst að fara aðra leið og snúa sjer til þeirra manna, sem með sparnaði draga saman nokkurt fje, og fá hjá þeim hagkvæm lán smátt og smátt til hinna allra nauðsynlegustu framkvæmda, sem annars yrðu að bíða, og fá það á líkan hátt og í líku augnamiði og farið er fram á í þessari till.

Það ber mikið á milli, sem vonlegt er, um skoðun mína og hæstv. stjórnar um stefnur til þess að afla ríkissjóði tekna. En um eitt verulegt atriði er jeg henni þó samdóma, og það er að taka ekki nýtt erlent lán til þess að borga með lausar skuldir, svo að á þann hátt mætti losa nokkurt fje til verklegra framkvæmda. En hitt tel jeg alveg sjálfsagt, að taka hagkvæm lán hjá landsmönnum sjálfum, þegar svo stendur á, sem um er að ræða í þessari tillögu, fyrirtæki, sem gefur margfaldan arð fyrir alda og óborna og gefur mönnum alveg sjerstakt tækifæri til þess að spara eitthvað miður nauðsynlegt og leggja fjeð til ávöxtunar á tryggan hátt.

Um aðalefni till. um brúna á Hvítá ætla jeg að vera fáorður. Það er langt síðan hjeraðsmönnum fjær og nær brúarstæðinu var ljóst það mikla hagræði, sem brúin mundi veita í nútíð og framtíð. Sýslurnar báðar hafa með styrk úr ríkissjóði lagt fram mikið fje til vegagerðar báðumegin brúarstæðisins. Vegamálastjóri landsins hefir um fjöldamörg ár stutt hugmyndina um framkvæmd í þessu efni og glætt vonina um skjótari úrslit en nú virðast vera horfur á. Hjeraðsmenn eru yfirleitt sparsamir á alla ónauðsynlega hluti, en aftur á móti vanir við framkvæmdir varanlegra verk-

legra umbóta, eins og raun ber vitni um fyrir þá, sem ferðast þar um eða eru þar nokkuð kunnugir. Það er því eðlilegt, að þeir, sem mestra hagsmuna mundu njóta af því, að þessi brú kæmist á, sjeu dálítið óþreyjufullir, eftir því sem það dregst lengur, enda hafa hjeraðsmenn notað hvert tækifæri til þess að koma óskum sínum og kröfum í þessu máli á framfæri við alla þá, sem á einhvern hátt hafa verið eða eru líklegir til þess að þoka því áfram. Meðal annars hafa á flestum þingmálafundum í hjeraðinu, a. m. k. á seinni árum, verið samþyktar áskoranir til þingsins um að koma brúnni sem fyrst á. Þannig hefir verið í hvert sinn, sem jeg hefi haldið þingmálafund, eða við önur tækifæri, er jeg sem fulltrúi hjeraðsins hefi búist til þings. Þá hefir verið ýtt undir mig til þess að gera mitt til þess að fá málinu hrundið í framkvæmd.

Meðal annars hefi jeg bygt mína till. á því, að á meðan brúin var á sýsluvegi, þá voru hjeraðsmenn reiðubúnir til þess að leggja fram fje að sínum hluta til fyrirtækisins, og mundi á þann hátt hafa liðið styttri tími þar til fyrirtækið komst í framkvæmd, ef ekki hefði bilað það, sem mest reið á, en það var gjaldþol ríkissjóðs til þess að standast kostnaðinn að sínu leyti. En nú og á síðastliðnu ári hefir verið góðæri, og jeg lít svo á, að nú reyni á þrek hjeraðsmanna til þess að gera sjálfir sitt til þess að koma þessari margendurteknu ósk í framkvæmd. Og jeg lít ennfremur svo á, að hjer sje hentugt tækifæri fyrir stjórnina til þess að koma fram umbótum og verklegum framkvæmdum, þrátt fyrir erfiðleika ríkissjóðs, svo að hægt verði að halda lengra áfram á þeirri braut, sem komið var út á áður en kreppan skall yfir.

Jeg vil nú ljúka máli mínu um þessa till. með því að óska þess, að hv. deild taki henni vel og sömuleiðis hæstv. stjórn. Með því að flytja hana hefi jeg gert mitt til þess að ýta undir málið og færa það feti nær því að komast í framkvæmd en annars. Mjer er það ljóst, eins og jeg hefi nú skýrt frá í þessum fáu orðum, að þess er naumast að vænta, að ríkissjóður ráðist sem stendur í stórvirki eins og þetta af eigin efnum. Jeg giska á það, að hv. þdm. sje kunnugt um það svona hjer um bil, hvað slíkt kostar. Að vísu er ekki búið að rannsaka það til hlítar. En hitt er víst, að horfur eru á því, að þetta mundi enn dragast lengi, þrátt fyrir góðan hug þings og stjórnar, ef ekki verður tekinn sá kostur að fá lán hjá góðum mönnum málinu til framkvæmdar. Og eftir því, sem jeg veit best, þá hygg jeg, að stjórnin hafi sjálf, eftir óskum og þörfum ýmsra landshluta, tekið upp þann kost að láta ýms hjeruð hjálpa sjer sem mest sjálf, svo að það sannaðist, að þing og stjórn hjálpar þeim, sem hjálpa sjer sjálfir. Að svo mæltu vil jeg leyfa mjer að vænta þess, að till. mín verði samþ. af hv. deild.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal ekki verða langorður. En jeg vil aðeins segja hv. flm. (Þþ) það, að ef hann hefði viljað ómaka sig til þess að tala við mig eða hv. þm. Borgf. (PO) áður en hann flutti þessa till., þá hefði hann getað sparað sjer þá fyrirhöfn. Þetta mál hefir verið allmikið rætt af stjórninni undanfarna mánuði, að tilhlutun

hv. þm. Borgf. (PO), og þó að það sje enn ekki komið svo langt á veg, að jeg geti sagt um það með ákveðinni vissu, hvenær brúin muni geta komist á, þá er málið þó á þeirri leið, sem hv. flm. óskar. En það getur hann sagt sjer sjálfur, að það er ekki hægt að verja stórfje til þessarar brúargerðar á árinu 1926, og jeg geri mjer ekki vonir um, að það geti orðið af nema litlum undirbúningi undir verkið á því ári, vegna þess, að í fjárlögum þeim, sem nú liggja fyrir, er ekki veitt til brúagerða nema 90 þús. kr. 1926, og af því fje gengur nokkuð til ýmsra smærri brúa og eins til aðgerðar og endurbyggingar á gömlum trjebrúm, sem ekki þykir hæfa annað en að byggja upp. Enda er það svo um þessa brú, sem er einhver sú stærsta, sem enn er ógerð, að hún þarf mikinn undirbúning, sem tekur talsverðan tíma. Jeg hefi átt tal um þetta við vegamálastjóra, og telur hann vafasamt, hvort hægt muni vera að ljúka brúargerðinni á einu ári. Einnig er enn óráðið, hvernig brúin verður gerð, og getur jafnvel verið, að vegamálastjóri þurfi að fara utan til þess að kynna sjer það atriði nánar.

Út af því, sem till. segir um framlag hjeraðsbúa, skal jeg geta þess, að það er undir yfirvegun hjá stjórninni, hvort sú leið skuli yfirleitt farin. Og sökum þess, að það er enn ekki afráðið, þá get jeg ekki sagt neitt endanlegt um það. En það get jeg sagt, að verði að því ráði horfið, þá verður það náttúrlega skoðað sem nokkur mælikvarði fyrir nauðsyn slíkra framkvæmda, hversu mikið hlutaðeigandi hjeruð vilja leggja af mörkum, þó að auðvitað verði að taka líka ýms önnur atriði til greina, svo sem efnahag hjeraðsins og umferð á staðnum og þær ráðstafanir, sem áður kunna að hafa verið gerðar. Það getur vel komið til mála að taka innlend lán til þess að koma upp á skömmum tíma þeim brúm, sem enn eru ógerðar. En þótt að því verði horfið, sem ekki er enn ákveðið, þá hlýtur það að taka fáein ár, því að verkið er svo mikið, að ekki er hægt að leysa það af hendi á skömmum tíma.

Að þessu athuguðu sje jeg ekki ástæðu til þess að leggjast á móti till. hv. þm. Mýra. (Þþ). Og jeg get endað mál mitt með því að endurtaka það, sem jeg byrjaði mitt mál á, að hv. flm. (Þþ) hefði getað fengið þessar upplýsingar, ef hann hefði viljað spyrja mig fyr um málið, engu síður en nú. En till. hans hefir í engu breytt þeim ákvörðunum, sem þegar hafa verið teknar, nje þeim ráðagerðum, sem um hefir verið rætt. En hinar almennu bollaleggingar hv. þm. (Þþ) um fjármál og skattamál yfirleitt skal jeg leiða hjá mjer. Þær koma ekki málinu við, og það yrði aðeins til þess að lengja umræðurnar að fara að tala hjer um þær.

Þórarinn Jónsson: Jeg vildi aðeins gera stutta fyrirspurn til hæstv. atvrh. (MG).

Það væri ofureinfalt mál að fá brýr gerðar, ef ekki þyrfti annað til þess en að fá samþykta þáltill., og gætu sjálfsagt orðið dágóð hrossakaup um slíkt. Þessa leið hefi jeg þó ekki viljað fara og tel það ekki rjetta leið, og þó hygg jeg,að jeg hafi einna mesta ástæðu allra þm. til þess að fara þess á leit að fá svör hjá hæstv. stjórn eða samþykki Alþingis um það, hvenær eigi að hefjast handa að brúa öll þau vötn, sem enn eru óbrúuð á póstleiðinni um Húna-

vatnssýslu. Jeg skal aðeins nefna Hrútafjarðará, sem er skaðræðisvatnsfall og ekki langt síðan þar varð mannskaði. Jeg hefi svo að segja á hverju þingi leitað fyrir mjer um það, hvenær ætti að byrja á þessu verki. Og jeg hefi komist það lengst í samtali við vegamálastjóra,að hægt mundi verða að brúa eina þessa á 1926, og vil jeg nú fá staðfestingu á þessu hjá hæstv. atvrh.

Jeg skal geta þess, í sambandi við þá till., sem hjer er fram komin, að það er að sjálfsögðu gott til þess að flýta fyrir framkvæmd slíkra verka, ef hjeraðsmenn leggja fram allmikið fje. En það er engan veginn rjettur mælikvarði á nauðsynina, því kaupgeta og þörf fara alls ekki ætíð saman. En þörfin verður altaf að sitja fyrir. Með þessu vildi jeg fá skýr svör frá hæstv. atvrh. þessu viðvíkjandi. Og jeg veit, af því sem hann sagði um till., að það mál væri í undirbúningi, að þá muni hitt líka vera í undirbúningi.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það liggur í augum uppi, að þegar málið í heild verður tekið til athugunar, þá koma þær ár líka til greina, sem hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) talaði um. Ennfremur má minnast á það, að fjárveitingu í þessu skyni í fjárl. 1926 hefir enn ekki verið ráðstafað. En þess má vænta, að áður langur tími líði verði ákvörðun tekin um það, hvernig þessu fje verði varið. Verður væntanlega tilefni til að ræða það síðar. En jeg hefi ekki fært þetta enn þá í tal við vegamálastjóra og hefi yfirleitt ekki viljað gera neitt, sem gæti valdið því, að togstreita um þetta byrji nú strax hjer á Alþingi. En ef halda á fjárveitingum fjárlagafrv. innan vissra takmarka, þá er erfitt að stá loforðum til beggja handa. Jeg get persónulega lýst yfir því, að mjer mundi verða mikil gleði að því, ef hægt væri að ljúka byggingu allra þessara brúa á næstu 2—4 árum. En hinsvegar er ómögulegt að segja, hverjar ár og á hvaða ári hver um sig verði bygð.

Þórarinn Jónsson: Hvað snertir frv. til fjárl. fyrir 1926, þá býst jeg ekki við, að það breytist neitt að ráði hjeðan í frá, og tala ekki heldur í því skyni. En mjer skildist á hæstv. atvrh. (MG), að hann væri þegar búinn að ráða við sig að leggja fje til brúar á Hvítá af fjárveitingunni 1926. En mjer finst miklu brýnni nauðsyn að brúa árnar fyrir norðan, sem jeg nefndi, þar sem þær eru í póstleið. Þótt ekki væri nema þess vegna, þá væri skemtilegra að láta þær ganga fyrir. Jeg skýt þessu til hæstv. atvrh., að athuga þetta, þegar kemur til þess að ráðstafa fjenu fyrir 1926.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil, út af þessari þáltill. staðfesta það, að hv. þm. Borgf. (PO) talaði um það við mig, hvort stjórnin mundi ekki taka vel í það að byggja brú á Hvítá, ef hjeraðsbúum tækist að leggja að einhverju leyti fram lánsfje til þess. Jeg svaraði því, að jeg væri auðvitað ekki mótfallinn því, að leitað væri fjárframlaga af hjeraðsbúum til brúargerðarinnar, og taldi, að það mundi ýta undir, að verkið yrði framkvæmt. Hinsvegar sagðist jeg ekki geta fullyrt neitt um það, hvort tilboðið yrði notað eða ekki, þar sem það mundi fara eftir því m. a., hvort þörf væri á lánsfje eða ekki í þessum tilgangi, þegar þar að kæmi.

Þeim hluta þáltill., sem sneri að kaupum á ríkisskuldabrjefum til þessa, hefir stjórnin af sinni hálfu svarað þegar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal aðeins út af orðum hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) láta þess getið, að jeg hefi aldrei sagt neitt í þá átt, að jeg hafi ákvarðað að veita fje til brúargerðar á Hvítá af fjárveitingunni 1926. En hinsvegar bjóst jeg við, að fje þyrfti að veita til undirbúnings væntanlegu brúarsmíði á Hvítá, og ef til vill þyrfti vegamálastjóri að fara utan vegna þess. En vel má vera, að fje til þess verði veitt af öðrum liðum.

Flm. (Pjetur Þórðarson): Jeg get, eftir atvikum, látið ánægju mína í ljós yfir ræðu hæstv. atvrh. (MG) og undirtektum hans í þessu máli. Var mjer raunar kunnugt áður, að hv. þm. Borgf. (PO) hefir jafnan fylgst vel með þessu máli og að hann hefir jafnan stutt allar till., sem stuðlað gátu að framgangi þess. Sömuleiðis gleður það mig, að hv. þm. Borgf. skuli einnig leggja sjerstaka áherslu á þetta mál nú, og engu síður þótt hann hafi farið aðra leið með sínar till. en jeg hefi valið fyrir þessa till. Og þótt hv. þm. (PO) hafi á sjerstakan hátt borið sínar till. um málið fram og án þess að jeg hafi um það vitað, þá fer það ekki í bága við málefnið að neinu leyti. Jeg skildi hæstv. ráðherra svo, að þessu máli væri sæmilega borgið í hans umsjá og að hæstv. stjórn mundi hafa áhuga fyrir því, og má þá vænta, að það komist í framkvæmd áður en langt um líður. Vitanlega má ráða það af orðum hæstv. ráðh., að það geti farið svo, að ekki verði þetta ráð tekið, sem bent er á í till. minni, um sjerstaka sölu ríkisskuldabrjefa, en vel mætti það verða í sambandi við eina allsherjarlántöku á sama hátt.

Í stuttu máli sagt er jeg mjög þakklátur fyrir hinar góðu undirtektir, sem þetta nauðsynjamál hefir fengið, hvað sem þessari till. líður, og vona jeg, að framkvæmd þess fari þar eftir.

Þórarinn Jónsson: Jeg hefi hlustað á svör hæstv. atvrh. (MG) við fyrirspurn minni, og fanst mjer þau vera á þá leið, sem maður svarar um það, sem hann ætlar ekki að gera. Jeg býst því ekki við að spyrja hann oftar um þessa hluti. En eitt vil jeg segja hæstv. ráðherra: þótt hann hefði játað, að byrja ætti á þessu verki sumarið 1926, þá hefði það verið óhætt gagnvart öllum öðrum hjeruðum, svo sjálfsagt er það. Nú vil jeg því gera enn frekari kröfur, þær, að allar ár í Vestur-Húnavatnssýslu verði brúaðar á næsta ári og að fje því, sem veitt er til brúargerða í fjárlögunum, sje eingöngu varið til þessa. Það er nægilegt til þess, enda verður kostnaðurinn mun minni, ef alt verkið er unnið á einu ári, og hefir vegamálastjóri játað, að rjett sje að gera sem mest í einu. Það verður ekki hægt að áfellast stjórnina fyrir að láta vinna þetta verk, en alt, sem gert er til að setja það hjá, er órjettlæti.

Hæstv. atvrh. kvað fyrirhugað að byrja á þessari brú í Borgarfirði, en jeg tel óviðfeldið, að hæstv. stjórn skuli vera að makka við einstök hjeruð um að kaupa ríkisveðbrjef, til þess að þau geti komið einhverju í framkvæmd, sem er órjettmætt gagnvart öðrum hjeruðum. Það verður að krefjast, að slíkt sje gert opinberlega. Þetta gæti

hvert hjerað gert, sem vildi hafa sig til þess að liggja í eyrum stjórnarinnar og bjóða fram fje að láni til einhverra framkvæmda, en jeg tel það með öllu óhæfilegt. Því að það er ekki rjett að láta þau hjeruð sitja fyrir, sem mest geta lagt fram, heldur er þörfin og nauðsynin rjetti mælikvarðinn.

Það er lagt allmikið kapp á að fá þessa tillögu samþykta, til þess að stjórnin geti sagt, að þingið hafi lagt samþykki sitt á þessa ráðstöfun. Annað gæti ekki rjettlætt þetta. Jeg vænti þess fastlega, að hv. deild felli tillöguna, því að verði hún samþykt, mun jeg neyðast til þess að flytja samskonar tillögu um brýr í Vestur-Húnavatnssýslu. Jeg hefði óskað, að hæstv. stjórn hefði vísað tillögunni frá sjer. Þessi aðferð á ekki að eiga sjer stað, og hæstv. stjórn á ekki að fara eftir svona tillögu, þótt hún verði samþykt.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) kvaðst hafa skilið svar mitt á þá leið, að brúm þeim, er hann talaði um, mundi ekki verða sint að sumri. Hann um það, hvaða skilning hann leggur í orð mín, en jeg sagði það óráðið með öllu, hvernig því fje yrði ráðstafað, sem veitt er til brúargerða á næsta ári. Jeg kvaðst ekki vera því mótfallinn, að þessi tillaga yrði samþ., málið væri óútkljáð, og samþykt tillögunnar mundi engin áhrif hafa á úrslit þess.

Klemens Jónsson: Þar sem farið er að ræða um brúargerðir alment, verð jeg að leggja þar nokkuð til málanna. Jeg hefi ekkert við það að athuga, að Hvítá sje brúuð sem allra fyrst, því að mjer er vel kunnugt um, að á því er mikil þörf. Heyrðist mjer hæstv. atvrh. (MG) ekki hafa neitt við það að athuga, heldur skildist mjer af orðum hans, að hann gæti vel fallist á þessa tillögu, og það ekki af þeirri ástæðu, að hv. þm. Mýra. (Þþ) flytti hana nú, heldur hefði verið ákveðið fyrir mánuði, í samráði við hv. þm. Borgf. (PO), að brúin skyldi gerð og verkið framkvæmt með því að selja hjeraðsbúum ríkisskuldabrjef. (**Atvrh. MG:** Nei, nei!). Jeg gat ekki skilið orð hæstv. ráðherra öðruvísi, enda er það ljóst, að hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) hefir skilið þau eins og jeg. Og jeg verð að taka undir með þeim hv. þm., að jeg kann illa við þessa aðferð. Mönnum í mínu kjördæmi hefir alls ekki komið til hugar að fara svo að. Jeg get vel skilið, að hv. þm. V.-Húnv. fari á stúfana og heimti brýr á árnar í Vestur-Húnavatnssýslu, þar sem margar ár í kjördæmi hans eru óbrúaðar enn þá, en standa þó í brúalögum. Og jeg vænti þess, að háttvirtir þingmenn lái mjer ekki, þótt jeg komi á eftir með brú á Bakkakotsá. Þessi brú er í brúalögum og í aðalpóstleiðinni austur í Skaftafellssýslu. Áin er mjög slæmt vatnsfall, jafnvel um hásumar. Jeg hefi ekki farið yfir hana nema í júlí og ágústmánuðum, en jafnan þurft að fá fylgd.

Þegar þess er gætt, að á þessi er í aðalpóstleiðinni austur í Skaftafellssýslu og í miðri blómlegri og fjölbygðri sveit, vænti jeg, að hv. þdm. geti skilið nauðsynina á því, að hún verði brúuð. Og fari svo, að hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) fái því komið fram, að allar ár í hans kjördæmi verði brúaðar á næstunni, sem jeg veit að mikil nauðsyn er á og skal ekki mæla á móti, þá verð jeg að krefjast brúar á Bakkakotsá hið allra fyrsta.

Jeg skal geta þess í þessu sambandi, að eftir að jeg kom á þing bárust mjer

áskoranir frá íbúum Eyjafjallahreppa um að reyna fá brú á þessa á sem fyrst. Jeg sá mjer þó ekki fært að fara fram á fjárveitingu í þessu skyni, og hitt kom mjer ekki til hugar, að snúa mjer til hæstv. atvrh. Aftur átti jeg tal við vegamálastjóra, og kvað hann það ákveðið, í hvaða röð ætti að gera þær brýr, sem væru í brúalögum. Þó gæti það nokkuð farið eftir upphæð þeirri, sem veitt yrði í fjárlögum til brúagerðar, en gerði þó ekki ráð fyrir, að þessi brú yrði með þeim fyrstu. En verði farið að taka aðrar brýr út úr rjettri röð, þá verð jeg, eins og hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), að flytja þingsályktunartillögu um það, að brú sú, sem jeg hefi getið um, verði gerð á næsta sumri, eða ekki síðar en árið 1927.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer skildist á hv. 2. þm. Rang. (KlJ), að hann teldi mig hafa samið við hv. þm. Borgf. (PO) og lofað honum brúnni á ákveðnum tíma. Það er ekki rjett, að jeg hafi sagt þetta. Jeg gat þess, að hv. þm. Borgf. hefði átt tal við mig um málið, og jeg sagði hv. þm. Mýra. (Þþ), að ef hann vildi vita, hvað gerst hefði í því, gæti hann fengið þá vitneskju hjá mjer eða hv. þm. Borgf. Jeg kvað málið enn þá vera óútkljáð, og jeg vænti þess, að það hafi ýmsir heyrt, þótt hv. 2. þm. Rang. (KlJ) og hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) hafi misskilið það, að jeg tók það skýrt fram, að samþykt þessarar tillögu mundi engin áhrif hafa á málið, frekar en það, að stjórnin mundi íhuga, hvort taka skyldi lán til þess að framkvæma þessi mannvirki örar en fjárveitingar fjárlaganna heimila. Annað fje en veitt er í fjárlögum hefir stjórnin ekki til þessara framkvæmda. Jeg veit ekki til, að það sje venja að ráðstafa fjárveitingum áður en fjárlögin hafa verið samþ., og vil jeg vísa því algerlega frá mjer, að jeg hafi það gert.

Jeg læt það ekki skifta mig neinu, hve margar þingsályktunartillögur kunna að koma fram í þessu máli. En hitt vona jeg, að hv. þm. skilji, að ekki verður auðið að fullnægja öllum með þeirri fjárveitingu, sem nú er í fjárlagafrv.

Jón Kjartansson: Jeg verð að lýsa yfir því, að jeg mun greiða atkvæði gegn þessari tillögu, vegna þeirra umræðna, sem fram hafa farið. Mjer skilst það vera upplýst, að einstök hjeruð muni geta fengið brýr á undan öðrum með því að kaupa ríkisskuldabrjef. Jeg verð að taka undir það með hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) og leggja áherslu á að þetta er mjög óheppileg braut, sem verið er að leggja á. Það á að vera nauðsynin ein og ekkert annað, sem á að segja til um það, í hvaða röð á að brúa árnar.

Í mínu kjördæmi eru mörg stórvötn enn þá óbrúuð. Vil jeg sjerstaklega benda á Ásakvíslar, sem menn hafa búist við að fá brúaðar nú í mörg ár. Ef menn hefðu vitneskju um, að þeir gætu fengið þær brýr með því að kaupa ríkisskuldabrjef, veit jeg með vissu, að ekki mundi standa á fjenu, því að kvíslarnar eru afarerfiður farartálmi.

Jeg trúi því ekki, að þingið vilji ganga inn á þessa braut, heldur vænti jeg þess, að það mótmæli fastlega og haldi því fram, að nauðsyn beri að skera úr í hvert skifti.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer heyrðist hæstv. atvrh. (MG) hálfvegis lýsa

eftir yfirlýsingu deildarmanna um það, hvernig þeir hefðu skilið yfirlýsingu hans, og skírskota til þeirra, hvorir færu með rjett mál, hann eða hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) og 2. þm. Rang. (KlJ). Jeg hlustaði vandlega eftir orðum hans, og fanst mjer ekki hægt að misskilja þau nje leggja annað í þau en þessir tveir hv. þm. gerðu. Og út frá því vil jeg eins og þeir mótmæla því, að hæstv. ráðherra sje að semja við uppáhaldsvini sína um að beina fje til kjördæma þeirra, fram hjá þinginu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. þm. Str. (Trþ) er hvergi hræddur að snúa sannleikanum við, þegar jeg á í hlut. Jeg tel hann því ekki vitnisgengan gegn mjer og met hans orð um þetta að engu. En viðvíkjandi hv. þm. V.-Sk. (JK) vildi jeg mega spyrja, hvort hann haldi því fram, að ekki megi taka lán til þess að gera brýr. Þótt hæstv. fjrh. (Jþ) tæki fram, að það gæti ýtt undir framkvæmdir í ákveðnu hjeraði, ef fje væri lagt fram, þá er það svo sem auðvitað, að slíkt lán mundi boðið út til allra landsmanna. Það voru því orð hæstv. fjrh. (Jþ), er hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) veittist að, en ekki mín. Jeg tók það aftur á móti fram, að það væru ekki fjárframlög einstakra hjeraða, sem taka ætti tillit til eingöngu, heldur einnig þörfin og eldri ákvarðanir, og veit jeg ekki, hvort hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) hefir tekið eftir þessum orðum mínum. Mig furðar því satt að segja stórum, að því skuli haldið fram, að jeg hafi gert samning við einhvern einstakan þingmann um þetta efni. Það er hin mesta fjarstæða og lá alls ekki í orðum mínum.

Jón Kjartansson: Jeg vil svara þeirri fyrirspurn hæstv. atvrh. (MG), hvort jeg sje mótfallinn lántöku til brúagerða. Það er síður en svo sje, en jeg vil á ný leggja áherslu á það, að nauðsynin ein á að ráða, hverjar brýr eru gerðar fyrst, en síðan kemur til mála, hvernig eigi að framkvæma verkið, hvort heldur með lántöku eða á annan hátt. En hitt mun jeg alls ekki fallast á, að einstök hjeruð geti farið í kappboð um framkvæmdirnar.

Tryggvi Þórhallsson: Hæstv. ráðherra (MG) brást dálítið reiður við og sagðist ekki hafa lýst eftir mínum vitnisburði um þetta og tæki hann mjög lítt gildan. Jeg er ekki að lýsa eftir ummælum um þennan vitnisburð, en jeg tek það yfirleitt lítið gilt, sem hæstv. ráðherra segir í þessu máli. Þykir mjer það leiðinlegt, að jeg, ólöglærður maður, skuli þurfa að minna hæstv. ráðh. á það, að þegar um vitnaleiðslur er að ræða eins og þessa, þá er það ekki sá, sem fyrir sökinni er hafður, sem á að úrskurða, hvers virði vitnisburður sje. En hvað sem hæstv. ráðherra gerir við vitnisburð minn, þá skal hann gæta þess, að einn af hans eigin flokksmönnum hefir borið vitni mjer samkvæmt í þessu máli.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er ekki nýtt, að hv. þm. Str. (Trþ) ætli að fara að kenna mjer lög. En hann er of ófróður í lögum til þess að taka að sjer kenslu í þeim, og sýndi hann það átakanlegast í ræðu sinni áðan. Jeg þykist hafa numið dálítið í lögum, og að minsta kosti veit jeg það, að sá, sem fyrir sök er hafður, á rjett á að finna að vitnum,

ef honum finst þau ekki vitnisbær. Þetta var það, sem jeg gerði, og það hefði hv. þm. (Trþ) átt að skilja.

Halldór Stefánsson: Það er varla til sú samgöngubót hjer á landi, sem brýnni er en að brúa verstu árnar, sem enn eru óbrúaðar. Þar af leiðandi er þörf á að leita allra ráða til þess, að slíkt sje hægt að gera sem allra fyrst, og er skaðinn einber, hvað sem dregst. Ráðið til þess að flýta þessum framkvæmdum hygg jeg að sje einmitt það, að þiggja og taka lán, sem hjer er um að ræða. Þau lán eru þannig, að telja má hættulaust fyrir ríkissjóðinn að taka þau. Og ef mikið framboð er á slíku fje, þá getur ríkissjóður sett þá kosti um lánskjör, að þau verði ekki sambærileg við nokkur önnur lán. Jeg tel þess vegna rjett að þiggja lán, sem bjóðast til brúagerða og annara jafnnauðsynlegra umbóta, svo að hægt sje að framkvæma slík verk sem fyrst, því það er hin mesta nauðsyn. Álít jeg, að framkvæmdir þær ættu að ganga svo ört sem hægt er að koma við að fá þær framkvæmdar. Og jeg get vel hugsað mjer, að taka mætti þó nokkurt tillit til þess, hver örastur er að bjóða fram fje, því það mun vera þó nokkur mælikvarði á þörfina. Jeg veit, að það væri eðlilegast, að öðru jöfnu, að brúa fyrst þær árnar, sem eru mestar torfærur, en fjárframlag er þó fyrsti möguleikinn til framkvæmda, og finst mjer því, að taka megi nokkurt tillit til þess, hverjir bjóða fram fje.

Mín afstaða til þessa máls er þessi, að jeg mundi ekki vilja neita framboði um lán til þess að vinna eitt af nauðsynlegustu verkum til umbóta í landinu; hygg jeg, að mönnum muni því skiljast, hvers vegna jeg mun greiða atkv. þessari fram komnu till. Jeg skal ekki segja, hvort jeg mundi bera fram samskonar till., ef þessi yrði samþykt, en hitt vil jeg segja, að til eru þær ár í mínu kjördæmi, sem afarbrýn nauðsyn er að brúa. T. d. eru í Vopnafirði tvær ár, sem eru hinar verstu torfærur; máttu heita ófærar alt síðastl. sumar, svo jafn var vatnselgurinn og vöxturinn í þeim. Þegar sýslumaðurinn var í þingaferðum, um hásumarið, varð hann t. d. að fara fyrir ósana.

Út frá þeirri skoðun minni, er jeg hefi nú lýst, mun jeg greiða atkv. með þessari tillögu.

Flm. (Pjetur Þórðarson): Till. þessi finst mjer í raun og veru ekki gefa tilefni til slíkra umræðna, sem hjer hafa fram farið, því hjer er ekki farið fram á annað en að gera sjerstaka tilraun til þess að vita, hvort hjeraðsmenn sjálfir vilji ekki leggja talsvert á sig til þess, að þessi brú komi þeim mun fyr en ella getur orðið. Jeg get ekki felt mig við, að þannig sje litið á, að þessi aðferð sje alveg einstaklega órjettlát, eins og komið hefir fram hjá sumum hv. þdm. Jeg verð að halda því fram, sem og hæstv. atvrh. (MG) hefir sjálfur sagt, að það geti verið, að því verði ekki ráðið sjerstaklega til lykta, hvaða brýr verði að koma fyrstar í röðinni, enda þótt slík till. sem þessi verði samþykt, heldur aðeins að þetta gæti orðið til þess að flýta þeim framkvæmdum, sem til nauðsynlegra umbóta teljast, bæði þessum og öðrum. Með till. þessari er aðeins farið fram á, ef unt væri að koma einhverju til leiðar með því að leita undirtekta hjeraðsmanna, svo að verkið yrði hafið. En ef þessi tilraun hepnast ekki, þá verða framkvæmdir auðvitað að bíða

betri tíma. Það er ekki eins og þingið fari með till. beint að ákveða, að þetta skuli gert, að verkið verði hafið 1926; en ef það tækist að útvega slík lán, þá væri þó nokkru nær, að það yrði heldur fyr hafist handa heldur en annars.

Jón Auðunn Jónsson: Mjer sýnist, að hjer sje komið í nokkurt óefni. Það er vitanlegt, að hv. þm. vilja vera komnir heim um miðja næstu viku. En út af þessu máli, eins og hv. þdm. hafa skilið það, er það einsætt, að það mun rigna niður þáltill. samskonar þeirri, sem fyrir liggur, verði hún samþykt. Til þess að koma í veg fyrir, að þingið tefjist um skör fram við svona mál, sem ekki geta haft sjerstaka þýðingu, vil jeg leyfa mjer að gera það að till. *minni*, að þessari þáltill. verði vísað til hæstv. stjórnar.

ATKVGR.

Till. þm. N.-Ísf. (JAJ) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 12:8 atkv.

E.
Tekin aftur.

Samgöngubætur milli Reykjavíkur og Suðurláglendisins.

Á 60. fundi í Ed., laugardaginn 25. apríl, var útbýtt:

Till frá þál. um, að landsstjórnin skýri þinginu frá, hvað hún hygst fyrir um samgöngubætur milli Reykjavíkur og Suðurláglendisins (A. 390).

Á 61. fundi í Ed., mánudaginn 27. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed, næsta dag, var till. aftur tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 64. fundi í Ed., fimtudaginn 30. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., næsta dag, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Þetta efni hefði mátt ræða í fyrirspurnarformi, en af því að það hefir stundum komið fyrir, að ýmsar stjórnir hafa ekki gefið nein ákveðin svör við fyrirspurnum, rjeð jeg af að hafa þetta form. Eins og menn sjá, liggur í þessari ályktun ósk um að fá að vita, hvað stjórnin kunni að hafa gert í járnbrautar- og vegamálum á Suðurláglendinu, og svo hvað hún hygst að gera í náinni framtíð. Það er öllum kunnugt, að skömmu áður en núverandi stjórn tók við var lokið rannsókn, sem útlendur verkfræðingur gerði um framkvæmanleik málsins, og þá var jafnframt athugað, hvað kostaði að leggja veg, sem væri fær bæði sumar og vetur, hjer um bil sömu leið. Mjer er kunnugt um aðeins óútkomna ritgerð um þetta efni. Jeg hefi ekki sjeð hana sjálfur, en hefi frjett af henni, og þar sem jeg hygg, að hún sje eftir vegamálastjóra, býst jeg við, að hæstv. atvrh. (MG) sje kunnugt um þær niðurstöður, sem hann hefir komist að.

Það hefir verið skýrt frá því í helsta blaði Norðmanna, „Tidens Tegn", að útlent fossafjelag mundi ætla að virkja Urriðafoss. Einnig er því haldið fram, að nú væri þetta fjelag að komast að samningum við stjórnina um sjerleyfi. Jeg þykist vita, að þetta sje eitthvað orðum aukið; en þar sem Sunnlendingar

líta svo á, að þessi leið kynni að bæta úr samgöngumálum þeirra, væri æskilegt, ef hæstv. atvrh. vildi skýra frá, ef það er ekki sjerstakt leyndarmál, hvað hæft er í þessu. Hvað virkjun fossanna viðvíkur, hefi jeg aldrei lagt mikinn trúnað á, að þetta fjelag hefði kraft til að framkvæma mikið í því efni, en það, sem hjer um ræðir, er ekki virkjunin, heldur hitt, að fjelagið ætli að leggja járnbraut í sambandi við hana. Það fer að líða að því, að Flóaáveitan verði tilbúin. Það er stærsta áveitan, sem gerð hefir verið hjer á landi, og líklega sú stærsta, sem yfirleitt er hægt að gera hjer, og þessu fyrirtæki verður að fylgja samgöngubót, ef vel á að vera. Kostnaðurinn verður svo mikill á þessa fáu bændur, að þeir hljóta að flosna upp frá búum sínum, en ekki er líklegt, að það takist að fjölga býlunum, nema samgöngubót fáist. En það er einungis um tvær leiðir að ræða, annaðhvort járnbraut eða veg, sem er fær alt árið. Þar sem nú slíkur vegur mundi verða ákaflega dýr, er þetta alt þess eðlis, að ástæða er til að óska, að stjórnin skýri frá ráðagerðum í þessu efni. Jeg býst reyndar við, að stjórnin segi, að eins og nú standa sakir, geti hún ekki gert neitt í þessu máli, þar sem landið sje svo skuldugt. En nú vill svo til, að hæstv. fjrh. (Jþ) hefir látið sjer mjög ant um þetta mál og skrifað talsvert um það. Þegar því loksins er búið að gera þá áætlun, sem óhætt mun vera að byggja á, veit jeg, að menn búast við því, þó að hv. 1. þm. Reykv. og hæstv. fjrh. (Jþ) sje ekki atvrh., að hann láti sig málið skifta. Í öðru lagi man jeg ekki betur en að þegar hæstv. forsrh. (JM) bauð sig fram til þings, ljeti hann það í ljós, að þessi lausn á samgöngumálunum lægi sjer mjög á hjarta. Jeg geri því ráð fyrir, að hann muni gera sitt til að halda þræðinum óslitnum.

Þá kem jeg að því atriði, sem jeg býst við að jeg megi segja, að sje mótbárurnar gegn þessu. En það er kostnaðurinn. Jeg er ekki með þessari tillögu að óska eftir öðru en skýringu, en þó að við losnum við eitthvað af okkar skuldum á næstu 3—4 árum, eins og gert er ráð fyrir, þá ætti það að vera öllum ljóst, að hvort sem gerður er bílvegur fyrir einar 3—4 miljónir, eða lögð járnbraut fyrir 6 miljónir, þá er ókleift að gera það nema með láni. Jeg býst við, að Sunnlendingar verði orðnir langeygðir eftir þessu, ef þeir eiga að bíða eftir, að það verði gert með framlögum, eins og t. d. Hróarstunguvegurinn. Það er því engin afsökun, þó að landið sje skuldugt, því að annaðhvort er þetta ekki gert, eða þá með láni. Nú er svo ástatt, að þessi mikla jarðabót, sem verið er að gera fyrir austan, kemur að litlu gagni, og verður meira að segja til bölvunar, ef ekkert er gert til að gera mögulegt að flytja bæði hey og landbúnaðarafurðir hingað. Bændurnir flosna upp frá búum sínum, þegar þeir þurfa að borga fyrir þessa stórfeldu umbót, sem gefur þeim of litlar tekjur til að standast vexti og afborganir.

Þessa umbót er þegar búið að gera á Skeiðunum og er nú verið að gera í Flóanum. En allar þessar áveitur verða tóm fásinna, ef ekki á að fjölga fólki, en það verður aðeins gert með samgöngubótum. Jeg vona því, að stjórninni sje ljóst, að annaðhvort er Flóaáveitan fjarstæða, eða að samgöngubætur verða að fylgja á eftir. Jeg býst þá við, að jeg

hafi fullskýrt, hvað jeg á við, sem sje að fá að vita, hvaða aðgerðir á að byggja á áætlunum hins norska verkfræðings, og hvort nokkuð sje hæft í því, sem „Tidens Tegn" segir um samningana við „Titan", hverju „Titan" lofaði, ef fjelagið fengi sjerleyfi, og hvort það hefði lofað að byggja járnbraut.

En ef „Titan" hefir engu verið heitið, hvað er þá hugsað um málið? Eða hefir ekki vegamálastjóri gert áætlun um nýtískuvegi, sem haldið yrði auðum með snjósköfu, og hvað mundi sá vegur kosta? Eða vill stjórnin heldur járnbraut? Eða hafa ekki verið gerðar áætlanir um Flóaáveituna og aðrar framkvæmdir á Suðurlandi í sambandi við það mál? Jeg hygg, að af þessu sje ljóst orðið, að hæstv. atvrh. (MG) ætti að hafa eitthvað, sem honum þætti gaman að skýra þinginu frá, og sama ætti að vera um hæstv. forsrh. (JM). Hann hefir áður sagt, að sjer væri þetta mál áhugamál, enda er þessu svo varið, að allar framkvæmdir í þessu máli hljóta að verða gerðar af allri stjórninni í sameiningu og þá ekki síst af hæstv. forsrh.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hafði fremur haldið, að hv. 5. landsk. (JJ) mundi bera fram fyrirspurn til stjórnarinnar um þetta efni, en ekki koma fram með þáltill. Það er sem sje óþarfa fyrirhöfn að vera fyrst að samþykkja þál. og spyrja síðan. Till. til þál. er því alveg óþörf. Þess vegna tek jeg þetta mál eins og það væri fyrirspurn til stjórnarinnar, og mun jeg svara því, sem jeg get, og gerir svo hv. 5. landsk. (JJ) það, sem hann vill í þessu. Þó teldi jeg rjettast, að hann tæki þessa till. til þál. aftur, til þess að ekki þurfi að ræða málið oftar. (JJ: Jeg er við þessu búinn).

Í ræðu hv. 5. landsk. var aðallega þetta tvent: 1. Hvað væri nauðsynlegt að gera til samgöngubóta á Suðurlandi? 2. Hvað búið væri að gera í þessu, með sjerstöku tilliti til virkjunar á Urriðafossi í Þjórsá?

Um fyrra atriðið er það að segja, að það er rjett, sem hv. 5. landsk. nefndi, að vegamálastjóri hefir í smíðum ritgerð um samgöngubætur á Suðurlandi, en þar sem ritgerðin er ekki komin út enn og jeg hefi alls ekki sjeð hana, veit jeg ekki, hvað í henni stendur, og get því ekki tekið afstöðu til tillagna hans, meðan mjer eru þær ókunnar. En prentun þessarar ritgerðar mun verða lokið næstu daga, og mun þá verða reynt að útvega þingmönnum eintök af henni, svo að þeir geti kynt sjer hana áður en þeir fara af þingi. Annars er það svo, að engin ákvörðun er tekin um samgöngubætur á Suðurlandsundirlendinu, enda geri jeg ekki ráð fyrir, að neinn hafi við því búist, þar sem þingið ákvað í fyrra að sleppa öllum verklegum framkvæmdum í ár, og af fjárlagafrv. fyrir árið 1926 sjest, að til járnbrautarlagningar er ekki heldur ætlað fje það ár. Hinsvegar get jeg getið þess, að stjórnin hefir rætt þetta mál og hefir fullan áhuga á því, en þar sem engin ákvörðun er tekin, ræður af líkum, að jeg finn enga ástæðu til að skýra frá því, sem á góma hefir borið hjá stjórninni. Jeg geri ráð fyrir, að einhverjar tillögur muni ef til vill verða bornar fram um þetta mál á næsta þingi, enda er Flóaáveitunni, sem hv. þm. setti rjettilega í samband við þetta mál, ekki lokið enn, en ráð er fyrir gert, að henni verði lokið á þessu ári, svo að þetta sumar verði

hið síðasta, sem Flóinn verður áveitulaus. En svo er að vita, hvernig áveitan reynist. Sumir hafa spáð vel fyrir þessu fyrirtæki og vænta góðs af, en aðrir hafa spáð illa um það. Jeg er einn af þeim, sem vel hafa spáð um þessa áveitu og vona, að hún reynist vel, en meðan henni er ekki fullokið er ofsnemt að kveða upp nokkurn dóm um það, hvernig hún muni reynast.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) talaði um, að bændur á áveitusvæðunum mundu flosna upp af jörðum sínum, ef samgöngur austur þangað yrðu ekki bættar eða annað gert til að ljetta þeim að bera byrðarnar af áveitunni. En þetta tel jeg ástæðulausan ótta, því að jeg geri ekki ráð fyrir, að ríkissjóður muni ganga fast eftir greiðslum af lánum bænda til áveitunnar, nema víst sje áður, að þeir sjeu færir um að greiða. Jeg er því ekki eins hræddur um afkomu bænda þar eystra framvegis eins og hv. þm. (JJ). En aðalatriðið í þessu máli er það, að áveitan beri sig, og eitt af því, sem vantar til þess, að það geti orðið, eru bættar samgöngur. En það er fleira, sem gera þarf, en samgöngubætur. Það þyrfti t. d. nauðsynlega að koma þar á fót stóru rjómabúi o. fl. (SE: Og margarineverksmiðju). Hún er til austur í Hreppum, og það ætti að nægja hv. 1. landsk. (SE).

Þá er hitt atriðið, sem hv. flm. (JJ) spurði um, samningarnir við „Titan". Jeg held, að jeg geti ekki svarað því betur með öðru en að lesa upp tvö brjef, sem stjórnin hefir látið rita til tveggja manna hjer í bænum um þetta mál, þeirra kaupm. Sturlu og Friðriks Jónssona. En þar eð jeg hefi lesið bæði brjefin áður fyrir hv. Nd., vænti jeg, að skrifararnir þurfi ekki að taka þau upp hjer, því að nóg er, að brjefin sjeu birt einu sinni í þingtíðindunum. Brjefin hljóða svo: (Sjá B-deild 1660—1661).

Jeg skal geta þess, að ástæðan til síðara brjefsins var sú, að þessir menn komu til stjórnarinnar og skýrðu henni frá, að óhugsandi væri að ætlast til, að Urriðafoss yrði tekinn til virkjunar, nema járnbraut yrði lögð austur þangað áður. Það þyrfti að flytja þangað austur ýms tæki og vjelar, sem væru svo þung og erfið í flutningum, að ómögulegt væri að flytja þau nema á járnbraut. Svar við þessari málaleitun hefi jeg nú lesið hjer fyrir hv. deild, og sjest af því, að málinu er mjög skamt komið enn þá. Þar segir ekki annað en að ráðuneytið er fúst til að taka upp samninga um þetta mál.

Forsætisráðherra (JM): Jeg furða mig stórlega á því, að hv. 5. landsk. (JJ) skuli að nokkru beina til mín máli þessu, sem alls ekki snertir mitt embætti. Hæstv. atvrh. (MG) hefir svarað fyrir hönd ráðuneytisins, þar eð málið heyrir undir hann. Annars er inntak tillögunnar í frekasta lagi vanhugsað. Eftir því ætti hv. deild fyrst að samþykkja áskorunina, og svo ráðuneytið að gefa skýrslu. Nú er það auðsætt, að eftir að tillagan er samþykt, er umræðum lokið og ekki tækifæri lengur til að svara. Skal jeg ekki um það ræða frekara, aðeins benda á þetta.

Sigurður Eggerz: Jeg skal að vísu játa, að jeg hefi ekki nýlega athugað fossalöggjöfina, en mjer skildist á ræðu hæstv. atvrh., að hann liti svo á, að stjórnin hefði nú heimild til að veita virkjunarleyfi á fossum án þess að bera þau mál undir þingið En á það vildi jeg

leggja áherslu, að ef sjerleyfislöggjöfin yrði ekki samþykt á þessu þingi, þá yrði ekkert sjerleyfi, sem nokkru skiftir, veitt án samþykkis þingsins.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg skal játa, að hæstv. atvrh. (MG) hefir svarað allítarlega sumum þáttum í ræðu minni. Stjórnin hefir nú sagt nokkuð frá skiftum sínum við „Titan", og eins og sjá má af brjefi hæstv. stjórnar, mun ekki vera mikil von fyrir menn eystra um, að fjelagið ráðist í að gera samgöngubætur á Suðurlandi. En maður veit nú, hvað stjórnin hefir lagt til þessa máls.

Háttv. 1. landsk. þm. (SE) bar fram fyrirspurn til stjórnarinnar, sem jeg vil víkja að nokkrum orðum, áður en jeg tek til athugunar svar hæstv. stjórnar við spurningum mínum. Enda þótt jeg telji hugsanlegt, að komið gæti til mála, að samningar næðust milli þingsins og einhvers erlends iðnaðarfjelags, álít jeg þó, að stjórnin sjálf geti ekki samið um slík stórmál, og í því sambandi vil jeg leyfa mjer að finna að forminu á brjefi hæstv. atvrh. (MG), því að bæði jeg og margir aðrir, innan þings sem utan, álítum, að stjórnin hafi enn þá alls enga heimild til þess að veita slík sjerleyfi, hvorki um virkjun nje annað, og geti enga slíka samninga gert, meðan sjerleyfislögin eru ekki gengin í gildi, án þess að spyrja þingið áður um þau mál. Jeg álít, að þingið geti alls ekki sætt sig við, að nokkur stjórn, þessi eða hver sem væri, semji um önnur eins stórmál og járnbrautarlagningu eða fossavirkjun án þess að gefa þinginu tækifæri til að láta álit sitt uppi um það.

Nú má að vísu svara því til, að þingið sitji ekki nema lítinn hluta úr ári og að stjórnin verði að halda þræðinum óslitnum í þeim málum, sem koma fyrir milli þinga.

Jeg þóttist heyra það á svari hæstv. atvrh., að hann áliti, að það gæti komið til mála, að stjórnin veitti leyfi milli þinga til virkjunar á jafnstóru vatnsfalli og Urriðafoss er, eða að hún gerði bindandi samninga um járnbrautarlagningu. Jeg veit, að hæstv. atvrh. skilur vel nauðsynina á því að halda slíkum málum vakandi milli þinga, og að leita hófanna um hitt og þetta getur verið mjög gagnlegt, en hitt veit hæstv. ráðh. vel að er nú mikið deiluatriði meðal margra þm. og annara, hvort stjórnin hafi heimild til að gera bindandi samninga um stórmál eins og þetta án vitundar þingsins. Það má vel skilja af þessum brjefum, að ef aðiljar brjefanna hefðu haft þegar nægilegt fjármagn til að hefjast handa um einhverjar framkvæmdir, þá væri stjórnin reiðubúin til að gera við þá bindandi samninga, hvað sem Alþingi segði, ef aðeins stjórnin sjálf áliti, að þeir samningar væru hagfeldir. En þessar samningaumleitanir „Titans" hafa í rauninni aðeins „teoretiska" þýðingu, því markmið fjelagsins er sem stendur hvorki að virkja fossa nje leggja járnbrautir, heldur aðeins að lifa, því eins og nú er, er ekki glæsilegt útlit þess háttar stóriðju. Ef við lítum t. d. til Noregs, þar sem fossavirkjanir hafa verið allmikið framkvæmdar, sjáum við, að þar eru margar stórar og fullkomnar orkustöðvar, sem standa ónotaðar, vegna þess, að ekki svarar kostnaði að starfrækja þær. Jeg var í Noregi í fyrra, og þar vissi jeg til, t. d. í Harðangri, að tvær stórar stöðvar stóðu ónotaðar, og var þó önnur þeirra mjög fullkomin og rjeð yfir mikilli orku. Þær höfðu verið bygðar á stríðs-

árunum, en stóðu nú ónotaðar. Það eru því tálvonir einar að ætla, að þeir menn, sem fje hafa, leggi það í slík fyrirtæki hjer, þegar ekki þykir borga sig að gera það erlendis, þar sem öll aðstaða er betri. Jeg skal benda á, að hjer þarf járnbraut áður en til virkjunar kæmi, sem kostar líklega tugi milj. kr. Það þarf hafnir, bryggjur, skipastól til inn- og útflutninga o. s. frv. Það eru því tálvonir að ætla, að erlend stóriðjufjelög leysi okkur úr samgönguvandræðunum. Þetta getur átt sjer stað sumstaðar erlendis, og þó aðeins þar, sem öll aðstaða er góð, en við sjáum, hvernig það er í Noregi. Það eru því litlar vonir um, að erlent fjármagn komi okkur að nokkrum notum, en það útilokar þó ekki, að stjórnin haldi augum og eyrum opnum viðvíkjandi þessum málum, en hitt kemur ekki til mála, að gera um þau bindandi samninga án vitundar þingsins.

Svar hæstv. atvrh. viðvíkjandi „Titan" var miklu ítarlegra en um hitt atriðið. Jeg mun síðar víkja að spurningu hv. 1. landsk. (SE). En um hitt atriðið hefir hæstv. stjórn látið minna uppi. Þó tel jeg þá upplýsingu dálitla úrlausn í málinu, að stjórnin lofar að leggja tillögur um samgöngubætur á Suðurlandi fyrir næsta þing; en jeg bjóst við, að hæstv. stjórn mundi fást við að láta uppskátt, hvort hún kysi heldur járnbraut eða nýtískuvegi, því kunnugt ætti þó stjórninni að vera um niðurstöður verkfræðingana um þau atriði. En hæstv. forsrh. (JM) hefir ekki sjeð ástæðu til að fara nánar út í þá hlið málsins fyrir sitt leyti. Jeg get þó ekki betur sjeð en að þingið eigi kröfu til að fá að vita, hvaða aðallínum stjórnin ætlar að fylgja í þessu máli. Landsmenn bíða með óþreyju eftir vitneskju um það, enda á einn fjórði hluti þeirra beinlínis hlut að máli.

Jeg get ekki lýst ánægju minni yfir ræðu hæstv. forsrh. Hjá honum kom engin viðleitni fram til að skýra málið, og það lítið hann sagði var mjög fávíslegt. Hann sagði, að jeg þyrfti ekki að spyrja sig um þetta mál. Jeg verð að taka þessi orð hans svo, að heimskulegt sje að ætlast til, að hann efni loforð sín, eða hafi skoðun um stór mál.

Það er ekki nægilegt að heyra skoðun hæstv. atvrh. á þessu máli. Hæstv. forsrh. hefir oft látið þá skoðun í ljós, að ekki þyrfti að vera samkomulag innan stjórnarinnar um mál sem þessi, heldur gæti einn ráðherranna tekið ákvörðun upp á eigin spýtur — og þá líklega ekki síst sá, sem er þeirra æðstur, sem sje forsrh. Jeg tel það ekki heldur góðan fyrirboða, að hæstv. fjrh. er ekki staddur við þessar umræður. (**Atvrh. MG:** Hann er bundinn við umræður í Nd.). Hæstv. atvrh. er sá ráðherrann, sem best hefir komið fram í þessu máli, enda þótt hann hafi engu lofað. En ekki tel jeg það næga ástæðu fyrir hæstv. fjrh. að vera fjarverandi umræður í þessu máli, þó að verið sje nú í hinni deildinni að stofna embætti handa dr. Alexander, sem Íhaldsflokkurinn vildi losa frá háskólanum í fyrra.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get vel skilið, að hv. flm. (JJ) skoði þessa ómerkilegu þáltill. sem eitthvert stórmál. Í mínum augum er till. aðeins hjegómleg ómynd, sem er borin fram aðeins til að láta bera á sjer. Það er máske vorkunn, þótt ræður hv. 5. landsk. (JJ) verði einatt mestmegnis þvaður, en að

hann þurfi að láta svona skjal fara frá sjer, það sýnist mjer óþarfi. Er menn setjast niður til að skrifa, er ekki ósanngjarnt, að þeir athugi sig ofurlítið.

Hv. flm. á enga heimtingu á, að jeg fari að skrifta fyrir honum í þessu máli. Þótt jeg hafi sagt, að ráðherrarnir gætu borið fram mál, hver í sinni grein, eins og rjett er, þá kemur það ekkert þessu máli við. Jeg hefi jafnan verið járnbrautarmálinu fylgjandi og jafnvel borið fram frv. um það. (JJ: Hvar er það stjfrv.?). Annars hefði jeg helst ekki átt að eyða einu orði um þessa þáltill. A. m. k. hefði slík till. ekki átt að koma fram fyr en ekkert var annað að gera hjer í deildinni. (JJ: Er járnbrautin þá ómerkileg?).

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vona, að ekki þurfi að vera miklar deilur um þetta mál. Mjer virðist vera samkomulag um það að skoða þáltill. þessa sem fyrirspurn, og hefi jeg svarað henni sem slíkri.

Jeg vil þá víkja að spurningu hv. 1. landsk. (SE) um það, hvort stjórnin hugsaði sjer að veita leyfi til að hagnýta sjer fossaorkuna án þess að bera það undir þingið. Um það hefir engin ákvörðun verið tekin. En um heimildina til þess get jeg vísað til fossalaganna, því að þar er víða gert ráð fyrir, að stjórnin veiti sjerleyfi. Hins vegar hafði jeg hugsað mjer, ef til kæmi, að stjórnin mundi í veitingu sjerleyfa fara eftir frv. því um vatnsorkusjerleyfi, sem 3 síðustu stjórnir hafa lagt fyrir þingið. Hefi jeg litið svo á, að hver stjórn mundi vítalaus af þessu, þar sem allar stjórnir, og þar á meðal hv. 1. landsk. (SE), hafa bundið sig við það frv. í meginatriðum, með því að leggja það fyrir þingið. En þar sem nú þetta frv. liggur enn fyrir þinginu og vonandi verður nú samþykt, er óþarft um þetta að ræða frekar, því að frv. sker úr, hvenær stjórn á að veita sjerleyfi og hvenær Alþingi.

Hv. flm. (JJ) taldi sig að vísu ekki fyllilega ánægðan með svar mitt, en þó svo, sem við mátti búast af ákveðnum stjórnarandstæðingi.

Ástæðan til þess, að hæstv. fjrh. (JÞ) er ekki staddur hjer, er sú, að hann er bundinn við umr. í Nd. Það munaði satt að segja litlu, að jeg væri einnig fjarverandi við þessa umræðu, því að jeg hafði ekki búist við, að málið yrði tekið svo fljótt fyrir. (JJ: Jeg bjóst ekki heldur við því). Þá var ekki von, að fjrh. vissi um það. En þótt hann sje ekki viðstaddur hjer nú, veit jeg, að áhugi hans á þessu máli er hinn sami og fyr. Hann hefir verið framkvæmdarstjóri Flóaáveitunnar og ber það fyrirtæki mjög fyrir brjósti. En eitt aðalskilyrðið fyrir því, að það fyrirtæki komi að fullu gagni, eru bættar samgöngur austur.

Eggert Pálsson: Úr því að nokkrar umr. virðast ætla að verða um þetta mál, vildi jeg einnig segja nokkur orð.

Jeg hefi jafnan verið mjög fylgjandi samgöngubótum milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur. Suðurlandsundirlendið er að mínu áliti frjósamasti og fegursti blettur landsins. En sá hængur er á frá náttúrunnar hendi, að telja má það hafnlaust með öllu og því útilokað frá samgöngum á sjó. Það virðist því vera svo, að náttúran hafi ætlast til, að hjeruð þessi fengju samband við Faxaflóa. En eins og víða annarsstaðar, hefir náttúran þó lagt þar örð-

ugleika í veginn, sem hún þó vafalaust ætlar oss mönnunum að yfirstíga.

Allar þær umbætur á sviði landbúnaðarins þar eystra, svo sem fyrirhleðslu við Þverá, Skeiðaáveituna og Flóaáveituna, sem jeg hefi stutt, hefi jeg stutt með það fyrir augum, að járnbraut yrði lögð austur. Að mínu áliti hefði verið heimska að fleygja fje í slík fyrirtæki að öðrum kosti, og get jeg undirstrikað ummæli hv. flm. (JJ) um það. Ef járnbrautin verður ekki lögð, verða fyrirtæki þessi til þess eins, að gera hlutaðeigendur fjelausa. Má þegar sjá þess dæmi um Skeiðaáveituna. Bændur geta ekki greitt tugi þúsunda á ári hverju með því búskaparlagi, sem nú er þar. Fólk vantar til að byggja upp landið, þegar búið er að endurbæta það. Hjer þurfa því samgöngur að batna og haldast í hendur við jarðabæturnar. Að öðrum kosti er alt unnið fyrir gíg.

Vjer þar eystra höfum haft dæmi fyrir oss frá aldaöðli upp á þetta, þar sem er Safamýri. Hún hefir legið ónotuð að mestu árum saman og grasið fúnað niður, eingöngu af því, að fólk skorti til að hagnýta sjer það. Eins gæti farið um Flóann, þótt áveitan hepnist, ef samgöngur verða áfram í sama horfi og nú.

Talað hefir verið um tvær leiðir í samgöngumálunum. Önnur er sú, að leggja járnbraut austur, en hin að leggja bílvegi og nota bifreiðar til flutninga. Fyrst og fremst þarf að gera sjer ljóst, hvora þessa leið eigi að fara, en á það hefir brostið, ekki síst hjá þeim, sem mestu ráða. En þótt svo færi, að samkomulag yrði um það, að járnbrautin yrði valin, er enn um tvent að gera, hvort veita skuli einstöku fjelagi einkaleyfi til járnbrautarlagningar, í sambandi þá við fossavirkjun, eða hvort ríkið annist byggingu brautarinnar. Um fyrra atriðið er það að segja, að fossafjelagið „Ísland" er eina fossafjelagið, sem jeg hefi getað borið traust til í þessu efni. Bæði hafði það yfir miklu fjármagni að ráða, og auk þess stóðu þeir menn að því, er treysta mátti og vænta góðs af. En við önnur slík fjelög hefir mjer jafnan þótt sitthvað athugavert. Þrátt fyrir það veit jeg, að menn eystra hafa mikla trú á fjelögum þessum og vænta mikils af þeim. Má því vera, að rjett væri að veita einhverju slíku fjelagi sjerleyfi um ákveðinn tíma og með þeirri skuldbindingu, að það hefði lagt járnbrautina á 3—4 árum, og öðrum nauðsynlegum skilyrðum, svo að í ljós kæmi, hve mikið væri á slíkum fjelögum að byggja.

Þá er hin leiðin, að ríkið sjálft annist brautarlagninguna. Þrátt fyrir áhuga minn á þessu máli hefi jeg þó ekki álitið það fært ríkinu enn sem komið er að ráðast í slíkt. Til þess þyrfti að taka lán, en áður en svo yrði gert þarf að grynna á þeim skuldum, sem fyrir eru. En undir eins og raknar úr, vænti jeg þess, að þetta mál verði tekið upp á heppilegum grundvelli.

Hvað svar hæstv. atvrh. (MG) snertir, þá er jeg ánægður með það, og ber einnig ótakmarkað traust til hinna ráðherranna í þessu máli. Að vísu veit jeg, að þeir sjá ekki fært að ráðast í slíkt fyrirtæki nú án þess að sjerleyfi verði veitt. En slíkt sjerleyfi gæti haft miklar og alvarlegar afleiðingar í framtíðinni, og þarf því að ganga að því máli með mikilli varfærni. Þótt mörgum kunni máske nú að rísa hugur við að leggja á ríkissjóð kostnað þann, sem af járn-

brautarlagningu austur stafar, þá er jeg þeirrar skoðunar, að það fyrirtæki muni í framtíðinni borga sig og bera sig vel. Jeg veit, að ef slík samgöngubót kæmist á, þá á Suðurlandsundirlendið sjer ekki aðeins bjarta framtíð fyrir höndum, heldur getur líka sjálf járnbrautin orðið að beinni tekjulind fyrir ríkissjóð, ef menn vilja svo vera láta.

Sigurður Eggerz: Vegna þess, að jeg vissi ekki, að þetta mál mundi vera á dagskrá, hefi jeg ekki getað kynt mjer vatnalöggjöfina svo, að jeg geti sagt um, hvort hún heimilar stjórninni að veita sjerleyfi án samþykkis þingsins. En jeg vil enn leggja áherslu á það, að ef sjerleyfislöggjöfin verður ekki afgreidd frá þinginu, þá megi stjórnin ekki veita stærri sjerleyfi án þess að leita samþykkis þingsins. Að gera það teldi jeg mjög óhyggilegt af stjórninni, jafnvel þó einhverja heimild mætti finna fyrir því, þar sem hjer getur verið um svo stórvægilegt mál að ræða fyrir þjóðina.

Flm. Jónas Jónsson: Jeg og hv. 1. þm. Rang. (EP) erum mjög sammála í þessu máli. Mjer þótti vænt um að heyra það, að honum þótti varhugavert, að þessar samgöngubætur yrðu faldar einu fjelagi með sjerleyfi, og þótti gott, að stjórnin skyldi heyra það úr fleiri en einni átt.

Mjer þykir undarlegt, hve illa hæstv. forsrh. (JM) bregst við í máli þessu. Er engu líkara en að stungið hafi verið í viðkvæmt kaun á líkama hans. Jeg get ekki skilið þetta öðruvísi en svo, að hann treystist ekki til að efna sín fyrri loforð. Hann var meira að segja svo ógætinn að segja, að þetta mál hefði átt að bíða til þingloka. Þetta er góð sönnun um áhuga hæstv. forsrh. á málinu.

Jeg hjelt, að jeg væri að gera hæstv. forsrh. greiða með því að benda honum á, hvað hann hefði átt að vera búinn að gera og hvað hann ætti að gera. En tómlæti hans er svo mikið, að hann fer að tala eins og maður með tæplega fullu ráði um form þáltill. Hann læst ekki skilja, að hún er í alveg rjettu formi. Hefði hæstv. forsrh. haft eitthvað að segja, lá beinast við að samþ. till., sem sýndi, að þingið vildi vita, hvernig málum væri komið. Síðan gat stjórnin verið við því búin einhvern daginn að gefa upplýsingar. En öll þessi barnalegu gremjuorð hæstv. forsrh. sýna, að jeg hefi farið alveg rjetta leið gagnvart honum. Hann telur málið svo ómerkilegt, að ekki taki að gera grein fyrir því. Hann hefir sýnt hjer í dag, að hann er algerlega áhugalaus um málið, en hefir þó einhverskonar sljótt samviskubit út af því, að kosningaloforðin síðustu hafi ekki verið haldin sem best. Áskorunin, sem samþ. var við Þjórsárbrú í vetur á fjölmennum fundi, hefði átt að nægja til þess, að hæstv. forsrh., ef hann vildi vera trúr loforðum sínum, gerði grein fyrir því, hvað formaður stjórnarinnar ætlaði sjer í þessu máli. Það nær ekki nokkurri átt, að formaður stjórnarinnar viti ekki, hvernig taka skal á stærstu málunum.

Hæstv. forsrh. sýnist nokkuð gleyminn á það, sem hann lofar kjósendunum, þegar hann biður um fylgi. Hann sýnist ekki líklegur til þess að láta tilfinningarnar bæta upp það, sem vitinu er áfátt.

Forsætisráðherra (JM): Mjer hefir ekki dottið í hug að ræða þetta mál við

hv. 5. landsk. (JJ). Jeg vildi aðeins láta í ljós, að mjer þykir merkilegt, að jeg skuli ekki fá að vera í friði fyrir hv. 5. landsk. í þessu máli. Jeg skil ekki, hvaða ástæðu hann sjer til þess að ráðast á mig út af þessu, þegar hæstv. atvrh. (MG) hefir svarað fyrir stjórnarinnar hönd og hv. þm. (JJ) telur sig ánægðan með svarið. (JJ: Þeir, sem sofa, þurfa að vakna. Jeg tel framkomu hv. þm. blátt áfram ósiðlega. Jeg þykist ekki þurfa að svara honum neinu um áhuga minn í þessu máli. Hjer kemur bara fram þessi leiða tilhneiging hv. 5. landsk., að blaðra um öll mál, hvort sem ástæða er til eða ekki. Mjer þykir leiðinlegt að þurfa að kýta við þennan hv. þm. (JJ) að ástæðulausu. Jeg skal aðeins taka það fram, að jeg hygg, að enginn annar þm. hafi sýnt meiri áhuga á járnbrautarmálinu en jeg.

Atvinnumálaráðherra (MG): Út af því, að hv. 1. landsk. (SE) var að brýna fyrir stjórninni að veita ekki stór sjerleyfi, skal jeg geta þess, að jeg geri ráð fyrir, að sjerleyfislagafrv. gangi fram á þessu þingi, og þar eru reglur settar um, hvenær stjórn og hvenær þing á að veita sjerleyfi.

Hv. 5. landsk. (JJ) þarf jeg ekki að svara öðru en því, að það er ekki rjett, að hæstv. forsrh. (JM) hafi kallað þetta mál, um samgöngubætur austur, ómerkilegt. Það var till. sú til þál., sem hjer liggur fyrir til umr., er hann kallaði ómerkilega.

Flm. (Jónas Jónsson): Þáltill. þessi er tekin aftur.

F.
Ekki útræddar.

1. Strandferðir.

Á 12. fundi í Ed., mánudaginn 23. febr., og á 14. fundi í Nd., s. d., var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um strandferðir (A. 82).

Á 2. fundi í Sþ., miðvikudaginn 23. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 3. fundi í Sþ., föstudaginn 27. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Það má vel segja, að það sje dálítið óvenjuleg aðferð, sem við flm. þessarar till. höfum viðhaft til þess að hrinda af stað þessu máli, sem þó heyrir í sjálfu sjer undir tvær nefndir í þinginu. En ástæðan er sú, að það hefir viljað brenna við á undanförnum þingum við afgreiðslu þeirra mála, sem till. fjallar um, að togstreita hefir átt sjer stað milli einstakra þm. um þessi mál, vegna hagsmuna einstakra kjördæma, og starfsfyrirkomulag þingsins hefir verið það, að þessu máli hefir verið ráðið til lykta í kyrþey, og samgöngumálanefndir þingsins hafa ekki tekið fult tillit til heildarþarfa landsmanna allra. Þessi tillaga á að miða til þess að marka skýrari línur í strandferðamálinu. Í stuttu máli, eins og till. ber með sjer, viljum við fá strandferðirnar bættar frá því sem nú er. Skal stjórn og þing þar njóta aðstoðar sjerfróðra manna, eins og t. d. forstjóra Eimskipafjelags Íslands. Þessar umbætur á strandferðunum, sem till. miðar að, eiga að nást sumpart með því að nota betur þann skipakost, sem nú er til umráða, og sumpart með því að fá sjer fleiri skip. Skal jeg nú víkja að einstökum liðum tillögunnar.

Fyrsti liðurinn, að fjölga strandferðum „Esju", einkum haust og vor, styðst við þörf fólksins að komast fljótt milli hjeraða, vegna atvinnuleitar og vegna skólagöngu. Þá mælir með þessum lið þörf ríkissjóðs að láta skipin vinna betur fyrir sjer en gert hefir verið áður, til þess að sem mestar tekjur fáist af útgerð ríkissjóðs, með sem minstum tilkostnaði,

Í greinargerð þessarar till. okkar sjest á skýrslu þeirri, sem þar fylgir um strandferðirnar, að vöruflutningaþörfin

er einna mest á haustin. Í öðru lagi sjest þetta enn betur á skýrslu samgöngumálanefndar frá því í fyrra. Þá hafði strandferðaskipið verið látið fara tvær hraðferðir kringum land. Að vísu var það um mitt sumar, þegar minst var þörf fólksflutninga; hraðferðir þessar tóku ca. 8—9 daga hvor, og varð tekjuhalli útgerðarinnar fyrir þessar ferðir aðeins eitthvað um 2—3 þús. kr. En tekjuhalli hinna venjulegu 20—23 daga ferða er að jafnaði milli 15 og 20 þús. kr. Þetta er auðskilið mál og hlýtur að vera svo, að kostnaðurinn sje meiri við hægfara ferðirnar með mörgu viðkomustöðunum. Jeg vil aftur minnast á þessar tvær hraðferðir, sem farnar voru í ágúst 1923 og nálega borguðu sig; hefðu þær verið farnar að vori eða hausti, mundu þær að líkindum alveg hafa borgað sig. Jeg verð að miða við þessar eldri skýrslur (frá 1923), því þær sanna ljóslega, að hraðferðir, sem farnar eru á lakasta flutningatíma ársins, borga sig betur en löngu ferðirnar um mesta annatíma ársins, á haustin. Á haustin streymir fólkið í útlendu skipin, sem fara þessar ferðir á styttri tíma en þau innlendu, og verða það því útlendir menn og fjelög, sem fleyta rjómann ofan af í þessum efnum. Allur hagnaður fer út úr landinu, til þess „Sameinaða“ og „Bergenska“. Jafnvel lítt hæft mannflutningaskip, eins og t. d. „Diana“, hefir verið mjög mikið notað, vegna þess, að með því hafa fengist fljótar ferðir milli Norðurlands og Reykjavíkur. Það er því sjálfsagt í baráttunni milli íslensku útgerðarinnar annarsvegar og erlendu skipanna að nota „Esju“ betur en gert hefir verið, láta hana fara fleiri hraðferðir. Þá renna ekki fargjöldin og flutningsgjöldin eins ört til erlendu útgerðarfjelaganna. Sú eina mótbára, sem enn hefir heyrst gegn þessu, er sú, að þótt þetta sje alt rjett, sje ekki hægt að breyta þessu. „Esjan“ þurfi að koma sem víðast við, því ekki sje í önnur hús að venda með flutningaskip, vegna smáhafnanna.

Viðvíkjandi C-lið till. getur vel verið, að á því finnist einhverjir meinbugir í svipinn, að „Suðurland“ fari einu sinni á mánuði til Breiðafjarðar, t. d. ef nú væri þegar búið að semja um Borgarnesferðirnar við eigendur skipsins, og gæti þetta hvorttveggja því rekist á. En þá viljum við flm. þessarar till., að skipalaginu verði breytt að ári, því það er alveg óviðunandi, að stór hjeruð, stórir hlutar af landinu, eins og Breiðafjarðarhjeruðin öll, sjeu látin vera svo að segja samgöngulaus. Það hefir verið reynt að bæta úr þessu samgagnaleysi á Breiðafirði með Svansútgerðinni, en hún svaraði ekki kostnaði. Líklega hefir þetta stafað af því, að „Svanur“ var aðeins flóabátur, ætlaður aðallega til ferða innan Breiðafjarðar. Enn fremur var þessi bátur mjög illa lagaður fyrir og laklega útbúinn til fólksflutninga, og hefir það atriði einnig valdið nokkru um, að tekjuhalli varð á þessari útgerð. En það allra mesta, sem gert hefir verið til þess að bæta úr þessu samgönguleysi Breiðafjarðarhjeraðanna, hefir verið það, að „Esja“ hefir verið látin fara eina ferð inn á Hvammsfjörð, alla leið inn að Búðardal Er það þó hálfgert óyndisúrræði að láta skipið, sem máske hefir 150—200 farþega innanborðs, flest langferðamenn, sem þurfa að flýta sjer, fara þennan langa krók. Ferðir um Breiðafjörð eru tafsamar mjög strandferðaskipum, og þarf að sæta sjávarföllum; verður þetta því allmikil töf

skipum og bagaleg farþegum, sem lengra þurfa að fara. Og svo kemur þetta hjeruðum umhverfis Breiðafjörð að sáralitlu gagni. Þetta fullnægir hvergi nærri samgöngu- og flutningaþörf Dalasýslu, þó að dálítið betra sje en ekki, og Barðastrandarsýsla hefir alls engin not þessara ferða „Esju“ um Hvammsfjörð. Hið eina, sem gert hefir verið til að greiða fyrir samgöngum við Barðastrandarsýslu, hefir verið það, að skip eru nokkrum sinnum látin koma við í Flatey, en það er auðvitað alveg ófullnægjandi. Í greinargerð okkar flm. fyrir þessari till. höfum við bent á þá staðreynd, að sum hjeruð Borgarfjarðar- og Mýrasýslna, sem hafa einna bestar samgöngur við nágrenni sitt (um 30 ferðir til og frá Rvík á ári), bera augljós merki vaxandi velmegunar og aukinnar menningar, og er það gleðilegur vottur um hin heillavænlegu áhrif bættra samgangna við og um Faxaflóa. En því á þá að láta næsta stóra flóann, Breiðafjörðinn, 3—4 stórar sýslur, fjölbygðar sveitir, verða svo herfilega út undan? Það er á engan hátt forsvaranleg meðferð á íbúum þessara hjeraða. Úr þessu verður alls ekki bætt með einni eða tveim ferðum „Esju“ eða skips af því tæi. En aftur á móti má fullyrða það, að þó að „Suðurland“ fari þessar ákveðnu 30 árlegu ferðir til Borgarness, er það alls ekki fullnotað eins og hægt væri. Jeg sje því ekki annað en að Suðurlandsútgerðin gæti vel bætt við sig þessum Breiðafjarðarferðum líka. Og þó að við höfum áætlað 12 ferðir árlega til Breiðafjarðar, getur verið, að menn verði að sætta sig við eitthvað færri ferðir; en þrátt fyrir það yrðu þessar auknu Suðurlandsferðir til Breiðafjarðar til stórhagnaðar bæði fyrir Breiðafjarðarhjeruðin og Reykjavík.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að B-lið tillögu okkar, sem er um það að halda úti hæfilegu skipi til strand- og flutningaferða milli Hornafjarðar og Langaness. Jeg hefi átt tal um þetta við framkvæmdarstjóra Eimskipafjelags Íslands, hr. Nielsen, og er hann þessu fremur hlyntur, og þó að hann hafi ekki fallist á alt það, sem till. fer fram á, munar ekki miklu frá skoðunum hans, og sumt í till. er sett þar óbeinlínis samkvæmt bendingu hans. Hans álit er það, að nota skyldi til þessara ferða skip ca. 100 smálestir að stærð. Hann nefndi mjer í þessu sambandi norskan bát af líkri stærð og „Brimnes“, sem um aldamótin hefði verið notaður þar eystra til slíkra flutninga, með mjög góðum árangri. Jeg skal fúslega játa, að það eru meiri örðugleikar á því að taka nýtt skip á leigu en nota „Suðurland“ betur en gert hefir verið. En jeg hygg, að ef þetta yrði þó samþ., mundi hr. Nielsen hafa einhverjar upplýsingar handbærar um kostnaðinn við þetta leiguskip, og gæti það flýtt mjög fyrir og ljett undir störf samgöngumálanefnda þingsins, þegar þetta mál kæmi fyrir þær. Jeg hygg, að það verði heppilegast að taka lítið norskt skip á leigu til þessara ferða. Norsku skipin eru að ýmsu leyti ódýrari en önnur skip og hentugri okkar þörfum. Við höfum í till. tilnefnt þessa staði, Hornafjörð og Skálar, sem endastöðvar þessara ferða. Það er vegna þess, að þetta eru mjög stórir útgerðarstaðir austur þar, en samgönguleysi er vitanlega stórbagalegt allri útgerð, þótt minni væri en er á þessum stöðum. Þannig veit jeg til þess, að þórhallur

kaupmaður Daníelsson á Hornafirði hefir orðið að leigja skip til flutningaferða, milli Hornafjarðar og Austfjarða, og er ekki hægt að bera á móti því, að þar hefir hann í raun rjettri tekið á sig skyldu ríkisins að bæta úr samgönguþörfinni. En það má alls ekki búast við því, að einstakir menn muni framvegis halda uppi slíkum ferðum fyrir ríkið með tapi fyrir sjálfan sig. Þýðir ekki að benda á hinn óbeina hagnað í þessu sambandi, sem þessir menn auðvitað hafa haft af því fyrir sig og útgerðina, að þessar ferðir voru farnar, þótt þær bæru sig ekki að öðru leyti. Reynslan er löngu búin að sýna það, að „Esjan" fullnægir ekki samgönguþörf Hornafjarðar; til þess er það skip of stórt. Á Hornafirði eru sömu annmarkarnir og á Hvammsfirði á Breiðafirði, að sæta verður sjávarföllum, og tefur það strandferðaskipin 6—12 stundir í sumum ferðunum. Þá ber og á það að líta, að mikill hluti Austfjarða, þ.e. Suður-Múlasýsla, hefir sama og ekkert fje fengið úr ríkissjóði til vegagerða eða annara samgöngubóta á landi. Stafar þetta af því, að landslagi er þar þannig háttað, að samgöngur allar verða greiðastar á sjó, ef þeirra væri kostur. Mælir því öll sanngirni með því, að í þessar samgöngubætur verði ráðist, ekki eingöngu vegna Hornafjarðar og Skála, heldur og vegna brýnna nauðsynja þessara hjeraða allra.

Suður-Múlasýsla er í þessu efni ekki óáþekt sett og sum hjeruð í Noregi, þar sem allar samgöngur eru á sjó. Þar eru notuð lítil gufuskip til þessara ferða, og sumstaðar eru þar farnar 3—4 ferðir á dag milli hafna. En við þurfum nú ekki að hugsa okkur svo hátt að jafnast við Norðmenn í þessu; veldur því fámennið og stærð landsins.

Þá er aðeins eftir að geta um D-lið till. Hr. Þórólfur Beck hefir látið í ljós þá skoðun, að mikið mætti bæta Esjuferðirnar fyrir farþega, ef landið hefði á leigu dálítið vöruflutningaskip á mesta annatímanum, einkum á haustin og fyrri hluta vetrar. Það mundi langhentugast að leigja fremur lítið skip til þessara vöruflutninga milli aukahafna og minni kauptúna. Ef skipið væri tekið á leigu frá því snemma á hausti til áramóta, mesta annatíma ársins, er enginn vafi á því, að það mundi borga sig. Á þessum tíma árs er mikil þörf vöruflutninga; sláturafurðir þurfa að komast í burt frá smærri höfnunum, og ýmsar vörur og vetrarbirgðir verða að fást fluttar frá smærri kauptúnunum til smáhafnanna víðsvegar um land. Jeg tel það sjálfsagt, að skip þetta hafi sama vöruflutningataxta og Eimskipafjelag Íslands, og að þar verði „gennemgaaende Takst", svo að landsmenn þurfi ekki að greiða margsinnis flutningsgjald fyrir sömu vörusendingu. Jeg er hæstv. forseta (JóhJóh) þakklátur fyrir, hversu hann hefir vikist greiðlega undir að flýta fyrir meðferð þessa máls, og jeg vænti þess, að þessi tillaga okkar verði samþykt og komið í framkvæmd sem fyrst. Jeg er fullviss um, að það verður þjóðinni til mikilla hagsbóta að taka flutningana með ströndum landsins algerlega í sínar hendur.

Jeg skal játa, að kostnaðurinn við þetta fyrirkomulag verður meiri en nú er. En svo er og um vegi og viðhald vega. Það er beinn kostnaður, en þó nauðsyn. Líkt er og um strandferðir.

Tilætlunin er ekki, að útgerðin beri sig reikningslega. Ávinningurinn er hinn óbeini hagnaður, sem fólginn er í því, að fólkið og vörurnar kemst á ákvörðunarstað fyr og á ódýrari hátt en annars.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg get tekið undir það, sem hv. aðalflm. þessarar tillögu (JJ) tók fram í byrjun ræðu sinnar, að það sje óvanalegt að bera fram þáltill um svona efni, tillögu, sem gengur út á að skora á ríkisstjórnina, að hún í samráði við forstjóra Eimskipafjelags Íslands og samgöngumálanefndir Alþingis taki til athugunar, hvort ekki sje tiltækilegt að breyta skipulagi strandferðanna nú á þessu ári og framvegis, þannig að fjölga hraðferðum „Esju", að halda úti hæfilegu skipi til strandferða og flutningaferða milli Hornafjarðar og Austfjarða, að láta „Suðurland" fara að minsta kosti einu sinni í mánuði strandferð um Breiðafjörð og að leigja ca. 300 smálesta skip til flutningaferða með ströndum fram frá septemberbyrjun til ársloka.

Jeg lít nú svo á, að tillaga þessi sje alveg óþörf, því að stjórnin hefir verið og er fús til að ræða um þetta við samgöngumálanefndir þingsins, eins og hún hefir altaf gert. Jeg sje því ekki, að tillagan hafi aðra þýðingu en þá að benda á þessar leiðir, sem alls ekki eru nýjar. En það hefði mátt gera eins vel með einföldu brjefi. Jeg læt mjer því í ljettu rúmi liggja, hvort tillaga þessi verður samþykt eða ekki, því að það, sem tillagan fer fram á, verður tekið til athugunar, að svo miklu leyti sem það er hægt, hvort sem hún verður samþykt eða ekki.

Úr því að hv. flm. (JJ) fór nákvæmlega inn á hvern einstakan lið tillögunnar, skal jeg með fáum orðum gera hið sama, og tek liðina eftir þeirri röð, sem þeir eru í tillögunni.

Í A-lið er farið fram á að fjölga hraðferðum „Esju". Þar til er því að svara, að stjórn Eimskipafjelagsins hefir þegar gert uppkast að áætlun fyrir þetta ár. Er þar gert ráð fyrir hraðferðum, sem taka rúma viku, með viðkomu á 13 stöðum. En ætlist hv. flm. til þess að fá hraðferðir, sem taki ekki nema 7—8 daga, með viðkomu 25—30 höfnum, vil jeg benda honum á, að slíkt er ómögulegt, því að framkvæmdarstjóri Eimskipafjelags Íslands hefir leitt rök að því, að skipinu veiti ekki af þessum tíma til þess að koma á allar þessar hafnir, án þess þó að tefja nokkurn hlut og með því að sigla jafnan með fullri ferð. En eins og vitanlegt er, fer ekki svo lítill tími til að flytja úr og í skipið á höfnum farþega og flutning. Er þá sjáanlegt, að 7—8 dagar til slíkra ferða er alt of stuttur tími, alt að þriðjungi of stuttur. Uppkast þetta að áætlun „Esju" er jeg fús til að afhenda samgöngumálanefndum þingsins.

Að hraðferðirnar beri sig betur en hinar strandferðirnar, eins og hv. flm. (JJ) vildi halda fram, held jeg, að ekki sje rjett, og byggi jeg það á reikningi „Esju" fyrir síðastliðið ár. Hugmyndin um þessar hraðferðir er bygð á því, að tafsamt sje fyrir skipið að koma á margar hafnir og taka þar flutning. En þess ber að gæta, að 1924 eru flutningsgjöldin aðaltekjugrein skipsins, því að þau nema þá 165 þús. kr., en fargjöldin 132 þús. kr. Hjer verður því fyrst og fremst að athuga, hvort gjaldið fyrir flutninginn vegur ekki á móti töf skipsins. Og

í öðru lagi verður að taka tillit til þess, að oft er mjög mikil þörf fyrir að koma flutningi á milli hafna, alveg eins mikil og að flytja farþega, og þegar skipið er komið á höfnina, er töf við að taka slíkan flutning oft sáralítil, því venjulegast er hann fluttur út í sömu ferðinni og póstur og farþegar. Get jeg því ekki annað sjeð en það sje hyggilegra að láta sama skipið taka farþega og flutning en að láta annað skip koma rjett á eftir til þess að taka slíkan flutning. Jeg sje því ekki, að það sje fjárhagslega hyggilegt að hugsa sjer yfirleitt hraðferðir til fólksflutninga, með fáum viðkomustöðum, og annað skip, sem tíni upp flutningsgóss, enda mundi þetta hið versta, sem hægt væri að gera þeim, sem búa í nánd við smáhafnirnar, t. d. á Húnaflóa, Skagafirði og Vestfjörðum. Ef alltíðar Esjuferðir eru af þessum höfnum teknar, hafa þær aðeins „Goðafoss" til þess að halda uppi ferðum, og það eru einmitt slíkar hafnir, sem hafa mest gott af „Esju". Það væri því spor aftur á bak, ef aðeins ætti að láta „Esju" koma við á stærri höfnum, jafnvel þótt einhver flutningsdallur ætti að koma við á smáhöfnunum.

Annars getur það verið álitamál, hvað kallað er hraðferðir. En jeg skil, að hjer sje átt við ferðir, sem taka 7—8 daga hver, með viðkomu á 13—15 höfnum.

Hv. flm. (JJ) mintist á, að það væri leiðinlegt að horfa á útlend skip taka farþega og flutning að norðan og flytja hingað suður. Þetta er alveg rjett. En það er nú svo, að fólk vill eðlilega helst fara með því skipinu, sem fljótast er í förum. Á þessu er ekki hægt að ráða bót með öðru móti en því að hafa skip, sem gengi milli Akureyrar og Reykjavíkur og hefði ekki aðra viðkomustaði en t. d. Ísafjörð og Seyðisfjörð. Ætti nú að haga ferðum „Esju" þannig, hefði hvorki Húnaflói, Skagafjörður eða Vestfirðir neitt gagn af henni. En það eru einmitt þær hafnir, sem hugsað er fyrir með strandferðunum, því að þær eru einmitt gerðar sjerstaklega vegna slíkra hafna. Því að stóru hafnirnar hafa nógar ferðir, þó að „Esja" sje ekki látin koma þar við. Á smáhöfnunum er vöruflutningurinn vitanlega stundum til skaða og tafar fyrir fólkið, en oft er þó, eins og jeg tók fram áðan, fólk og flutningur flutt fram í sama bátnum, og verður því töfin við að taka flutninginn tiltölulega lítil.

Þá kem jeg að B-lið tillögunnar, um að halda úti hæfilegu skipi til strandferða og flutningaferða milli Hornafjarðar og Austfjarða, alt að Skálum á Langanesi. Mjer skildist svo á hv. flm., að hann hefði það eftir framkvæmdarstjóra Eimskipafjelags Íslands, að hann væri þessu samþykkur. (JJ: Ekki langt frá því). En jeg talaði við framkvæmdarstjórann í morgun, og sagðist hann ekki mundu setja sig á móti þessum ferðum, ef þingið vildi kosta til því, er þyrfti til að halda þeim uppi, en það mundi verða frá 40—50 þús. kr. Annars fanst honum nóg að láta bát ganga frá Hornafirði til Austfjarða, bát, sem gæti flutt vörur og farþega í leiðina fyrir „Esju". Þetta hefir og verið gert undanfarið, þó að styrkurinn til þess væri lítill síðastliðið ár, en það var líka lítið fje, sem var til skifta.

Þessi liður tillögunnar er því aðallega útgjaldaliður, og þýðir því ekki að ræða

um hann frekar, því að ekki verður ákveðið nú, hvort fje verður veitt í þessu skyni.

Þá er C-liður tillögunnar, að láta „Suðurland" fara a. m. k. einu sinni á mánuði strandferð um Breiðafjörð. Út af þessum lið skal jeg taka það fram, að það er þegar búið að semja við stjórn Eimskipafjelags Suðurlands um ferðirnar til Borgarness. En það er ekki því til fyrirstöðu, að skipið geti farið þessar ferðir til Breiðafjarðar, og var búið að taka upp samninga við stjórn fjelagsins áður en tillaga þessi kom fram, einmitt um þessar ferðir. Hafði stjórnin sent erindi til samgöngumálanefnda þingsins, þar sem farið var fram á að fá heimild til að semja við stjórn Suðurlandsfjelagsins um 10 ferðir til Breiðafjarðar, gegn ákveðinni þóknun fyrir hverja ferð. Var þetta gert til þess að reyna að losa „Esju" við að fara inn á Hvammsfjörð. Síðast í morgun talaði jeg við formann fjelagsins, og eru miklar líkur til, að saman gangi með samningana. Spurningin er aðeins sú, hvort hann getur búið til áætlun, sem hægt verður að ganga inn á.

Það er rjett hjá hv. flm., að samgöngurnar við Breiðafjörð hafa verið frekar slæmar, þó að sjerstaklega hafi svo verið fyrir vesturpart hans. En að þar hafi engar samgöngur verið síðastliðið ár, er alls ekki rjett, þar sem bæði „Esja" og „Svanur" gengu þangað, og „Skaftfellingur" var styrktur þangað eina ferð, auk þess sem Flateyingum var greiddur dálítill styrkur til flutninga frá landi út í Flatey.

Um síðasta lið tillögunnar er það að segja, að jeg hygg hann fyllilega á rökum bygðan. Stjórn Eimskipafjelags Íslands telur fulla nauðsyn á að fá lítið flutningaskip, sem gengi frá 1. október til miðs desembers, til þess að ljetta undir flutninginn með „Esju". Hefir því framkvæmdarstjóri fjelagsins snúið sjer til Noregs og leitað tilboðs um slíkt leiguskip, en ekki fengið enn þá fullnægjandi svar, aðeins brjef, sem skýrir frá, að enn þá hafi ekki tekist að útvega það. Kostnaðinn við þetta áætlar framkvæmdarstjórinn 20—25 þús. kr. Verði nú að þessu horfið á þessu ári, er sýnilegt, að fjárhæðir þær, sem veittar eru til strandferða, verða alt of litlar, því jeg geri ráð fyrir, að verði þetta ákveðið fyrir árið 1926, þá eigi og hið sama að gilda fyrir árið 1925. Verður því að leita aukafjárveitingar fyrir þeirri fjárhæð, sem væntanlega þarf að greiða umfram það, sem veitt er.

Að síðustu skal jeg geta þess, að mjer er alveg sama, hvort tillaga þessi verður samþykt eða ekki, því að jeg tel hana þýðingarlausa, að öðru leyti en því að vekja til umhugsunar um þessi atriði. Geta má og þess, að til orða hefir komið að senda póstmann með „Esju", til þess að sjá um, að pósturinn úr henni komist reglulega í land, því að á því hefir þótt bera, að í raun og veru hafi oft farið í land á höfnum meira af pósti en fara hefir átt þangað, en ekki verið hægt að koma honum til baka, af því að skipið hefir staðið svo stutt við. Hefir svo stundum þurft að senda þetta með landpóstum, sem vitanlega hefir haft aukakostnað í för með sjer.

Jón Kjartansson: Jeg er samþykkur tillögu þessari, að því leyti sem hún getur orðið til þess að bæta samgöngurnar. En mjer finst hv. flm. alveg hafa gleymt Suðurlandsundirlendinu.

Það er vitanlegt, að Skaftafells- og

Rangárvallasýslur eru langverst settar af öllum sýslum landsins hvað strandferðirnar og allar samgöngur snertir. Jeg vil því vekja athygli Alþingis á því, ef fara á að taka strandferðamálið til nýrrar athugunar nú, að þá er með öllu ómögulegt að sleppa þessum sýslum, og þá sjerstaklega Vestur-Skaftafellssýslu. Því eins og kunnugt er, verður hún að hafa samgöngur sjóleiðina, því landleiðin hefir svo margar og miklar torfærur, að hún verður ekki notuð.

Vestur-Skaftafellssýsla getur ekki notið góðs af ferðum „Esju", því á það er ekki að treysta, að hún geti komið þar við, þó að hún eigi þangað áætlun, og verður Vestur-Skaftafellssýsla þess vegna að hafa sjerstakar bátsferðir, líkt og nú er með „Skaftfelling". En Alþingi verður, til þess að þær ferðir geti haldið áfram, að veita ríflegan styrk til þessa báts, svo að hann geti haldið uppi ferðum á þessu hafnlausa svæði.

Tryggvi Þórhallsson: Aðeins stutt athugasemd til varúðar, ef tillaga þessi verður samþykt, því að þó hún bindi ekki enda á þetta, má gera ráð fyrir, að verði hún samþykt, hafi hún áhrif á, hvernig strandferðum verði skipað framvegis.

Þótt við eigum nú vitanlega allir að vera þingmenn fyrir alt landið, ber okkur og jafnframt skylda til að sjá um, að ekki sje gengið á rjett þeirra hjeraða, sem hafa sent okkur.

Nú er svo um mitt hjerað, að það hefir ekki fengið þumlungslangan spotta af akvegi og verður því að hafa alla sína aðdrætti á sjó. Þar sem því ekki verður bygt þar á öðru en strandferðunum, á það fulla kröfu á, að þær verði þar sem hagstæðastar. Jeg vil því beina því til hæstv. stjórnar og hv. samgöngumálanefnda, að ef fara á að taka strandferðirnar til athugunar nú og gera á þeim gagngerðar breytingar, þá verði það ekki gert á þann hátt, að slík hjeruð sem þetta missi nokkurs í, því að samgöngurnar þar mega síst vera verri en þær eru nú. Að síðustu get jeg tekið undir það með hæstv. atvrh. (MG), að þörfin fyrir að koma flutningi milli hafna á Norðurlandi er mikil. Vænti jeg því, að sú aðferð verði ekki viðhöfð hjer að taka lambið frá fátæka manninum og slátra því fyrir hinn ríka.

Þorleifur Jónsson: Þess gerist ekki þörf að tala mikið með tillögu þessari, því að hv. fyrsti flutningsmaður hennar, 5. landsk. þm. (JJ), tók alt það fram, sem nauðsyn bar til. En út af þeim ummælum hæstv. atvrh. (MG), að hjer væri óvenjuleg aðferð höfð, vildi jeg taka það fram, að okkur fanst ekki vanþörf vera á að vekja máls á þessu, þar sem ekkert bólaði á neinu frá stjórninni í þessa átt. Getur því ekki undarlegt talist, þó að hafið sje umtal um þetta þýðingarmikla mál.

Vænti jeg svo, að tillaga þessi verði ekki látin gjalda þess, þó að hún þyki ekki sem formlegust í eðli sínu.

Esjuferðirnar, sem ríkið kostar um þessar slóðir, eru algerlega ófullnægjandi, enda þótt þær kunni að vera þolanlegar þar, sem önnur skip fara um, eins og t.d. „Goðafoss", sem kemur á allmargar hafnir norðanlands. (**Atvrh. MG:** „Goðafoss" kemur líka víða við á Austfjörðum). Satt má það vera, en þá verða margar smáhafnir algerlega út undan, eins og t. d. Stöðvarfjörður og Breið-

dalsvík. (**Atvrh. MG**: Svo er líka um Norðurland). Jeg skal ekki fara að metast um þetta, en það er ómótmælanlegt, að samgöngurnar um suðurhluta Austfjarða eru með öllu ófullnægjandi. Það þarf ekki annað en að nefna Hornafjörð, þar sem „Esja“ kemur að ósnum eða í hann tvisvar eða þrisvar á ári. Að vísu hefir verið veittur örlítill styrkur til ferða meðfram ströndum á þessu svæði haust og vor, en sá styrkur er svo lítill, að hann kemur að litlu eða engu gagni.

Jeg held, að þótt einungis sje litið á kostnaðarhliðina, þegar um strandferðir er að ræða, ætti engum að dyljast sá óbeini gróði, sem af þessu leiðir. Flutningabrautin er sjálfgerð, og þarf engu til hennar að kosta, og það gagn, sem af strandferðunum leiðir, verður ekki með tölum talið. Hæstv. atvrh. (MG) ljest vera vantrúaður á, að það kæmist í framkvæmd, að sjerstakur flutningabátur gengi um Austfirði. Sjálfsagt hefir það töluverðan beinan kostnað í för með sjer fyrir ríkissjóð, en óbeini hagnaðurinn verður eflaust ekki svo lítill.

Eins og kunnugt er, er nú rekin mikil útgerð á Hornafirði, og eru strandferðir þangað og þaðan því bráðnauðsynlegar fjóra vertíðarmánuðina, og þá ekki síður um haustmánuðina, til að koma frá sjer afurðum og draga að sjer lífsnauðsynjar. Á Skálum á Langanesi er líka allmikil útgerð, og hafa borist þaðan kvartanir yfir samgangnaleysi.

Það þarf enginn að efast um, að þessar ferðir mundu margborga sig, þótt óbeinlínis sje. Þótt 30 smálesta bátur annist nú ferðir á þessum slóðum, þá er það fyrst og fremst ófullnægjandi og þar að auki alls ekki forsvaranlegt að nota slíkt kríli til mannflutninga í hrakviðrum á haustin. Því væri ekki úr vegi að bæta úr skák af þeirri ástæðu einni. Sennilega yrði þetta nýja fyrirkomulag nokkru dýrara. Þó mundi bátur, sem til þessara ferða væri ætlaður, spara „Esju“ viðkomu á ekki allfáum höfnum, sem hún nú kemur við á, og væri þá höggið nokkurt skarð í kostnaðinn.

Eitt er víst, að þótt ríkissjóður sje í kreppu, verður ekki úr henni bætt með því að skera við nögl sjer fjárframlög til samgangna í landinu. Það er alviðurkent og margsannað, að samgöngurnar eru aðalskilyrðið fyrir vexti og viðgangi atvinnuveganna.

Jeg vona því, að þetta mál verði þegar tekið til rækilegrar athugunar, og að mestu verði farið eftir tillögum vor flutningsmanna. Jeg skal að endingu geta þess í tilefni af ræðu hæstv. atvrh., að ef svo fer, að Austfjarðabáturinn fæst ekki að sinni, þá mun jeg fara fram á, fyrir tilmæli kjósenda minna, að styrkur sá, er veittur hefir verið undanfarið til þessara ferða, verði hækkaður upp í 15000 kr. á þessu þingi.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg vildi segja hjer fáein orð út af ræðu hæstv. atvrh. (MG). Hann talaði um, að varhugavert væri að koma fram með þáltill. í þessa átt, í stað þess að senda brjef til stjórnarinnar eða samgöngumálanefnda. Jeg hefi annað álit á þessu atriði. Þingið má ekki telja eftir tímann, þegar um slíkt stórmál er að ræða. Slíkt mál sem þetta á að ræða í sameinuðu þingi, til þess að fá heildaryfirlit yfir skoðanir þingmanna. Það er í raun og veru sama og að vísa málinu til nefndar, enda er hjer ekki farið fram á annað.

Þessi undirbúningur málsins hefir

þegar haft nokkur áhrif. Forstjóri Eimskipafjelags Íslands hefir rannsakað kostnaðinn við Austfjarðabátinn og haustbátinn.

Jeg skal þegar taka það fram, að jeg tel strandferðunum hafa verið breytt í lakari átt síðastliðið ár. T. d. má geta þess, að árið 1923 fór „Esja" tvær ferðir, sem tóku ekki nema 9 daga, en á árinu 1924 hefir hún engar ferðir farið svo hraðar. Þegar hæstv. atvrh. sjer, að hjer er um alvarlegan meiningarmun að ræða, þá ætti hann ekki að hafa á móti því, að málið sje rætt opinberlega. Það getur engum ilt gert, en aðeins orðið til skýringar og skilnings á nauðsyn málsins.

Viðvíkjandi því, sem sagt er í athugasemdunum við till. þessa, að ætlast er til, að „Esja" gæti farið 25 ferðir á ári, hverja á 8—9 dögum, þá held jeg, án þess að jeg vilji gera lítið úr forstjóra Eimskipafjelagsins, að þetta sje ekki ofætlun, einkum þar sem skipstjórinn á „Esju" hefir lýst yfir því við einn af flm., að hann treysti sjer til þessa, en þó því að eins, að skipið þurfi ekki að flytja vörur til þeirra hafna, þar sem bryggjur eru ekki fyrir hendi. En þetta mun jeg ekki gera að deiluefni, því að úr þessu ætti rannsókn nefndarinnar að skera. Þá ljet hæstv. atvrh. svo um mælt, að ekki væru neinar sannanir fyrir því, að hraðferðirnar bæru sig betur en hinar hægari, og var hann yfirleitt á þeirri skoðun, að hægari ferðirnar gæfu meira af sjer, enda má það til sanns vegar færa, að þær gefi meiri farmgjöld af sjer, þar sem skýrsla um síðastliðið ár gefur líka allmikið undir fótinn í þessu efni. Þar koma nefnilega til greina tvær utanlandsferðir, til Kaupmannahafnar og Leith, og í þeim var einmitt flutt mikið af vörum, eins og skýrslan ber með sjer, en lítið af farþegum. (Atvrh. MG: Jú, töluvert af farþegum líka). Ekki frá Leith, býst jeg við. Annað atriði kemur og til greina. Af því, hve skipið fer hægt — er 25, 23, 22, 20 og 19 daga á leiðinni — leiðir auðvitað það, að fólki, sem liggur á að flýta sjer, veigrar sjer við að taka sjer far með því. Menn kjósa fremur fjögra daga ferð milli Reykjavíkur og Akureyrar heldur en tíu daga ferð. Fólkið hleðst í útlendu skipin, vegna þess, hve hratt þau fara í samanburði við hin íslensku.

Jeg vil aftur víkja lítið eitt að þessum tveim níu daga ferðum um mitt sumar 1923, einmitt á þeim tíma, þegar minst er um vöruflutninga. Farmgjöld í ferðum þessum voru lítil, 2000 kr. í annari, 3000 kr. í hinni. Fargjöldin námu hinsvegar 8000 kr. í annari og 7000 kr. í hinni. Hraðferðirnar mundu hafa stórum aukin fargjöld í för með sjer, en vöruflutningar með hverri ferð hinsvegar minka. Það er næsta augljóst, hve óþægilegar og dýrar þessar löngu ferðir eru skólafólki og verkafólki, sem þarf að komast leiðar sinnar á skömmum tíma. Það er nauðsynin á því að ferðast hratt, sem gerir breytinguna óhjákvæmilega. Úr því að þessar tvær ágústferðir, sem jeg hefi getið um, urðu með litlum tekjuhalla, einmitt á þeim tíma, þegar minstur er fólksstraumurinn og nær engar vörur, þá held jeg, að engin ástæða sje til að ætla, að hraðferðirnar beri sig ver en hinar, heldur þvert á móti.

Þá töluðu þeir hæstv. atvrh. og hv. þm. Str. (Trþ) um það, að með þessu fyrirkomulagi færu einstöku hafnir á mis við þær viðkomur, er þær ættu nú

við að búa. Jeg skal reyna að skýra þetta nokkuð. Þrjár 9 daga ferðir koma hjer um bil með hinu breytta fyrirkomulagi í stað einnar 25 daga ferðar áður. Strandasýsla, Húnaflói og Skagafjörður, sem hv. þm. einkum nefndu í þessu sambandi, fengju tvær viðkomur í hverri ferð. Satt er það, að þetta kynni að vera einhver skaði fyrir sumar hafnir, en þar á móti legg jeg hlunnindi af fleiri ferðum en áður. Þar að auki geta Goðafossferðirnar bætt úr þessu. Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að hver þingmaður ætti að vera þingmaður hjeraðs síns og alls landsins í senn. Þessi þáltill. gengur í þá átt að ákveða strandferðir fyrir alt landið og tryggja öllu landinu og um leið öllum hjeruðunum betri samgöngur á þessu sviði en áður.

Mjer þótti leiðinlegt, hve mikið hæstv. atvrh. hafði á móti Austfjarðabátnum. Hann sagði, að ef ætlaðar væru til hans 45 þús., þá væri þetta aðallega kostnaðaratriði. Nú er varið árlega 30 þús. til ferða milli Reykjavíkur og Borgarness. Hjer er talað um 45 þús. í sama skyni til ferða, sem fjórar sýslur njóta góðs af, og getur ekki virst sanngjarnt að neita þeim um þann styrk, eftir samanburð við styrkinn til Borgarnesferðanna. Hjer er vitanlega um beinan kostnað að ræða — og óbeint gagn, sem vafalaust verður eins þungt á metunum.

Þá kvartaði hv. þm. V.-Sk. (JK) yfir því, að við flm. hefðum gleymt Skaftfellingum. Þetta er þó ekki alls kostar rjett. Hjer var hvorki óvilja eða gleymsku til að dreifa, heldur hinu, að við álitum, að í bili nægði „Skaftfellingur" á þessum slóðum og sá styrkur, er hann nýtur úr landssjóði til ferðanna. Hitt skal jeg játa, að jeg skal verða síðastur manna til að leggja stein í götu hv. þm. V.-Sk. (JK), ef hann reynir að bæta samgöngurnar austur þar. En hjer stendur einnig nokkuð sjerstaklega á. Það mun vera í aðsigi, að Eimskipafjelag Íslands leggi upp vörur á vorin þar eystra, án þess að láta menn gjalda hafnleysisins í farmgjaldi, og er það þýðingarmikil umbót. Annars minnir mig, að hv. þm. V.-Sk. hafi einhvern tíma látið þá skoðun í ljós, að hann teldi Skaftfellingum hag að einangruninni og að hún hlífði heimilisfriði og siðferði við veraldarágangi. Er hann því að líkindum móti auknum samgöngum við kjördæmi sitt.

Hákon Kristófersson: Við flm. þessa máls komum okkur þegar í þingbyrjun saman um að flytja það hjer. Jeg get þrátt fyrir það fallist á þá skoðun hæstv. atvrh. (MG), að sama tilgangi hefði mátt ná með brjefi til stjórnarinnar eða samgöngumálanefnda. En þó hygg jeg, að sú leið, sem farin hefir verið, verði þó eins happadrjúg, til að vekja athygli á málinu.

Þátttaka mín í þessu máli nær aðeins til C-liðsins, og mun jeg því ekki víkja að hinum liðunum. Það munu flutningsmenn þeirra sjálfir gera. Það er ekki svo að skilja, að jeg sje mótfallinn hinum liðunum, en mig brestur kunnugleika til þess að dæma um þá. En hv. aðalflm. (JJ) hefir nú sýnt, hvílík nauðsyn er á þeim, og þarf jeg því ekki að fara út í það. En jeg vil þakka honum mjög hlýleg ummæli um þann lið till., sem jeg á hlut í.

Hæstv. atvrh. sagði, að á þessu svæði, sem C-liðurinn ræðir um, hefði mb. „Svanur" haldið uppi strandferðum

Þetta er að vísu satt, að Svanur hefir að nokkru leyti annast ferðirnar á þessu svæði, þ. e. a. s. að sunnanverðu á Breiðafirði, en mjög hafa menn verið óánægðir yfir því, hvernig þær hafa verið ræktar, þótt þær hafi kostað ríkissjóð mikið fje. Og jeg held, að mjer sje óhætt að segja, að nú sje á daginn komið, að betra hefði verið, að sá farkostur hefði aldrei verið tekinn. Er þetta ekki út í bláinn sagt, heldur get jeg sannað það skjallega með erindum, sem nú liggja fyrir Alþingi. Þess ber og að gæta, að mb. „Svanur" hefir aðeins haldið uppi ferðum við sunnanverðan Breiðafjörð og svo innanfjarðar, en ekki að norðanverðu. Þar hefir að vísu verið mótorbátur, sem fengið hefir landssjóðsstyrk, en altaf hefir verið dregið úr þeim styrk, og var hann minstur síðastliðið ár eða rjettara sagt sama sem enginn. Það, sem mjer gekk til þess að vekja menn til umhugsunar um þetta mál, var það, að jeg vildi, að athugað yrði, hvort ekki mundi hægt að láta „Suðurlandið", sem nú gengur aðeins til Borgarfjarðar, annast einnig ferðir við Breiðafjörð, bæði að norðan og sunnan. Bjóst jeg við, að í rauninni gæti skipið int þessar ferðir af hendi, en mig skorti þekking á, hve mikinn tíma það mætti missa frá Borgarfjarðarferðunum. Eftir nánari yfirvegun á því máli býst jeg þó við, að þetta geti ekki verið samrýmanlegt.

Við, sem búum við þennan hluta fjarðarins, höfum fundið mjög til þess, hve samgöngur eru þar erfiðar, enda hygg jeg, að sú sýsla verði verst úti að því er þau mál snertir, að Skaftafellssýslu undantekinni. Og skal jeg taka það hjer fram gagnvart því, sem hv. þm. V.-Sk. (JK) sagði, að jeg skal verða manna seinastur til að hindra það, sem orðið gæti til samgöngubóta fyrir kjördæmi hans, enda hygg jeg og, að jeg hafi sýnt það bæði nú og á fyrri þingum.

En jeg vildi mega hjer minna á, að fyrir nokkrum árum flutti jeg ásamt þáverandi þm. Str. (MP) till. um, að mæld yrði leiðin frá Flatey til Hagabótar. Er þetta örstutt leið, en svo hefir viljað til, að hæstv. landsstjórn hefir aldrei fundið hvöt hjá sjer til þess að verða við þeirri beiðni. Hefir sennilega fjárhagurinn ráðið því, en ekki aðrar hvatir, að úr því hefir ekki orðið til þessa. Eins og gefur að skilja, eru það lífsskilyrði fyrir hvert hjerað, að samgöngur og sambönd við önnur hjeruð sjeu í góðu lagi, því óhætt mun að slá því föstu, að góðar samgöngur á sjó og landi sjeu mjög sterkur þáttur í afkomuskilyrðum hvers hjeraðs.

Komið hefir til mála, að „Suðurlandið" færi ferðir til Breiðafjarðar, en jeg ætla, að það muni ekki útrætt mál, og hefi jeg meira að segja heyrt, að eigendur þess hafi hvikað frá sínum upphaflegu tilboðum.

Hvað viðkemur 1. lið till., þá verð jeg að segja, að jeg fyrir mitt leyti hefi ætíð verið dálítið óviss um, hve hagkvæmar þessar hraðferðir væru fyrir landið yfirleitt, og þær mundu aðeins geta átt sjer stað, eins og hv. aðalflm. (JJ) sagði, um hásumarið.

Um B-lið till. hefir ætíð verið allmikill meiningarmunur í samgmn., bæði fyr og síðar, en hv. aðalflm. (JJ) hefir gert mjög ljósa grein fyrir, hve mikil nauðsyn ber til þessa, og vil jeg síst gera lítið úr því.

Jeg skal viðurkenna, að framkoma þessarar þáltill. hefir orðið til annars en jeg ætlaði. Jeg bjóst við, að flutn-

ingur hennar yrði ekki þannig, að hann lengdi þingtímann, en nú hefir sýnt sig, að miklar en ástæðulausar umr. hafa spunnist um þetta mál, sem að sumra dómi er harla lítilfjörlegt. Að svo sje, get jeg nú ekki sjeð, enda hefir mest verið rætt um það í pukri, hve málið væri ómerkilegt, fánýtt og vanhugsað, og að við flm. höfum eigi rent huga til annara hjeraða en okkar eigin, en slíkir sleggjudómar eru algerlega ómaklegir, a. m. k. hvað mig snertir. En því vil jeg lýsa yfir, að mjer kom síst til hugar að ganga á rjettindi nokkurs hjeraðs nje hv. þm. með flutningi þessarar till. Og í annan stað ætla jeg, að hún hafi verið rækilega yfirveguð, og vona, að hún verði til meiri bóta þessu máli en þótt brjef líks efnis hefðu verið rituð samgmn. þingsins.

Jeg vil og geta þess, að þeir samningar, sem nú eru á leiðinni milli hæstv. landsstjórnar og eigenda „Suðurlands", snúast að mestu um ferðir við Breiðafjörð sunnanverðan og svo innanfjarða, og því sýnist svo, sem sá hluti, sem norðan er fjarðarins og tekur yfir fjórar sveitir, verði eins samgöngulaus og verið hefir. Nú gefur að skilja, að þessi þáltill. getur vakið mann til alvarlegrar íhugunar um, hversu úr þessu megi bæta, og væri þá mínum tilgangi náð, ef á einhvern hátt rættist úr því í framtíðinni, þótt ekki yrði það nema að litlu leyti nú í ár.

Jeg vil og skjóta því til hæstv. stjórnar, hvort hún sjái sjer ekki fært að framkvæma nú þá till., sem jeg gat um áðan, að við hv. þáverandi þm. Str. (MP) hefðum flutt hjer fyrir nokkrum árum. Hefði það mjög mikla þýðingu að því er snertir skipaferðir til þessara hjeraða, sjerstaklega hvað sambandið við Reykjavík snertir, og mundi ekki lítið greiða fyrir kjötflutningnum einkanlega.

Jeg mun svo ekki tefja þessar umr. lengur, en jeg vænti þess, að ef þessi þáltill. verður samþ., þá muni hún leiða til mjög mikilla bóta á strandferðunum hjer við land.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) sagði, að ástæðan til þessarar þáltill. væri sú, að ekki hefði bólað á, að stjórnin ætlaði að bera fram neinar brtt. í þessu máli. Jeg held nú, að hann hefði ekki getað búist við, að slíkar brtt. lægju fyrir í byrjun þings, því að venjan hefir verið sú, að stjórnin hefir fyrst ráðgast um öll slík mál við samgmn. þingsins. Jeg minnist þess ekki heldur, að hv. þm. (ÞorlJ) hafi nokkru sinni spurt mig að því, hvort jeg hygði á nokkrar breytingar, svo að hann hefir ekki getað vitað neitt um þetta. Honum þótti styrkurinn til Austfjarðabátsins lítill, og viðurkenni jeg, að svo er. En um þetta er það að segja, að það er þingið, sem ákveður fjárveitinguna til slíkra hluta, og mig má aðeins saka um það, ef hv. þm. (ÞorlJ) finst styrknum ranglega skift. **(ÞorlJ:** Það geri jeg ekki). Úr því að svo er, að hv. þm. (ÞorlJ) vill ekki gera það, þá get jeg ekki tekið orð hans frekar til mín en aðrir hv. þm. Það er vitanlegt, að við verðum að skera allar fjárveitingar við nögl, og þótt jeg viti, að styrkurinn, sem hjer um ræðir, er helst til lítill, verð jeg hinsvegar að álíta, að sá styrkur, sem nú er farið fram á til þessa, 15 þús. kr., sje óþarflega hár.

Jeg skal ekki deila um gagnsemi þessarar þáltill. við hv. aðalflm. (JJ). Mjer

stendur alveg á sama um hana og sýnist hún gera hvorki til nje frá í málinu. Hv. þm. (JJ) sagði, að þessar umr. væru jafngagnlegar og að málið væri skoðað í nefnd. En hjer stendur ekki svo á, að verið sje að ræða málið eftir að það kemur úr nefnd, og þingsköp vor eru á því bygð, að á þeim umr. sje mest að græða. Úr þessu mætti bæta með því að fresta nú umr. og láta athuga málið í nefnd áður en það væri tekið fyrir aftur, og teldi jeg þá aðferð langheppilegasta fyrir málið. Jeg ætla ekki að koma með neina till. í þá átt, en jeg teldi ekki óheppilegt, að stjórnin fengi nú að ráðgast um þessar till. við hv. samgmn. og Eimskipafjelagsstjórnina, og að það yrði síðan rætt. Skýt jeg þessu til hv. aðalflm. (JJ).

Hv. þm. (JJ) talaði um, að breytingar hefðu verið gerðar á áætlun „Esju" fyrir 1924. Getur vel verið, að svo hafi verið. Jeg var ekkert við samning þeirrar áætlunar riðinn. En mjer getur ekki heldur fundist það neitt undarlegt, þótt prófað sje fyrir sjer, hvaða áætlun muni leiða til minsts tekjuhalla og komi þó landinu að jafnmiklum notum og aðrar áætlanir. Um þá áætlun, sem nú liggur fyrir, segir stjórn Eimskipafjelagsins, að hún hafi nálega verið heilt ár að semja hana, og geri jeg satt að segja ekki ráð fyrir, að hv. þm. geri betur, þótt þeir ræði nú málið hjer í 1—2 eða 3 klukkutíma. Um A-lið þáltill. segir stjórn Eimskipafjelagsins svo í brjefi til mín:

„. . . viljum vjer taka það fram, að því er A-lið tillögunnar snertir, að vjer teljum eigi fært að fjölga hraðferðum fram yfir það, sem gert er ráð fyrir í áætlunaruppkasti þessu, þar eð sú fjölgun þeirra myndi hafa það í för með sjer, að minni hafnirnar á landinu yrðu þá mjög illa settar með samgöngur alt strandferðatímabilið. Vjer höfum nú í undir það heilt ár unnið að áætlunaruppkasti þessu í aðaldráttunum, og eftir þeirri reynslu, sem vjer höfum fengið í þessu efni, virðist oss eigi vera veruleg þörf fyrir hraðferðir (ca. 8—10 daga ferðir) nema í maí og júní á vorin, og í september og október á haustin, auk hraðferðar snemma í júlí vegna fólks þess, sem komast þarf norður fyrir síldveiðitímann þar ...."

Samkv. þessu hefir svo áætlunaruppkastið verið búið til, ekki á meðan þessi þáltill. var á ferðinni, heldur hefir það tekið undir heilt ár. Og þess má geta, að ekki er gert ráð fyrir í uppkasti þessu, að nein ferð taki meira en 15—16 daga.

Út af því sem hv. aðalflm. (JJ) sagði viðvíkjandi hraðferðum, sem tækju 8 daga, en þó yrði komið við á 25 höfnum, þá vil jeg leyfa mjer að lesa, hvað stjórn Eimskipafjelagsins segir um það atriði:

„Að „Esja" komi við á 25—27 höfnum á 7—8 dögum, eins og gert er ráð fyrir í greinargerðinni fyrir tillögunni, er algerlega ómögulegt, með því að siglingaleiðin ein kringum land með svo mörgum viðkomum er um 1400 sjómílur eða lengri en frá Reykjavík til Kaupmannahafnar".

Á þessu sjer hv. aðalflm. (JJ), að það er ekki rjett, sem hann segir í greinargerðinni um þetta atriði. (JJ: Jeg byggi líka á góðum heimildum). Það veit jeg ekki. Jeg hefi fyrir mjer orð framkvæmdarstjórans, og hann sagði við mig í morgun, að ef þessar skyndiferðir ættu að takast, yrði að

reka þennan skipstjóra, sem nú er, og setja annan, sem hann tilnefndi, sem sje hv. 5. landsk. (JJ).

Hv. þm. (JJ) sagði, að fólkið færi síður frá Akureyri til Reykjavíkur, ef ferðirnar væru ekki beinar. Vitaskuld, en þarf ekki um aðra að hugsa en þá, sem fara vilja frá Akureyri til Reykjavíkur? Á að sleppa öllum höfnunum á Skagafirði, Húnaflóa, Vestfjörðum? Ef þetta er ekki að snúa við hugmyndinni um strandferðir, þá veit jeg ekki, hvernig það verður gert. Í þeim hraðferðum, sem hjer er farið fram á, er aðeins talað um einn viðkomustað á Húnaflóa, sennilega Blönduós, og þá verður Strandasýsla algerlega út undan og Vestur-Húnavatnssýsla sömuleiðis, og Skagafjarðarsýsla fær aðeins einn viðkomustað. En það eru einmitt smáhafnirnar, þar sem skip sjaldan koma, sem hugsa verður fyrir að fái sambönd við aðalhafnirnar. Ekki eingöngu við Reykjavík. Strandasýsla þarf að hafa greiðar samgöngur við Ísafjörð, Skagafjarðarsýsla við Akureyri, og til þess að þetta sje, er einmitt strandferðaskipið ætlað. Vitaskuld er þá ekki hægt að ná þeim farþegum, sem hafa aðra skipsferð beina. Hugsum oss, að við hv. aðalflm. (JJ) værum staddir á Akureyri og þyrftum að komast sem fyrst til Reykjavíkur. Við gætum nú valið um „Ísland“ og „Esju“. „Ísland“ færi beint, kæmi ef til vill aðeins við á Ísafirði, en „Esja“ yrði að koma á Sauðárkrók, Blönduós, Ísafjörð og í Stykkishólm. Sjálfsagt veldum við „Ísland“. Það er nú svo, að þessi útlendu fjelög hugsa aðeins um aðalhafnirnar, sinn eigin hag, ekki gagn landsins. En við getum ekki farið svo að, við verðum að hugsa um smáhafnirnar fyrst og fremst.

Hv. þm. (JJ) tilfærði töluvert úr skýrslunni fyrir 1923. Jeg hefi hana ekki, hefi afhent hana hv. samgmn. En jeg játa, að með till. í heild muni Austfjörðum vera vel borgið, en aftur Norðurlandi og Vestfjörðum meira gleymt. Vestfirðirnir eru margir, og jeg viðurkenni, að strandferðir eru þar ónógar, ekki aðeins á Breiðafirði, heldur og á öðrum fjörðum.

Mjer skildist hv. þm. (JJ) hneykslast á því, að jeg taldi það fjárhagsatriði, hvort veita ætti styrk til nýs báts á Austfjörðum. Jeg ætla það enn. En jeg get ekki fallist á, að rjett sje að taka Borgarfjarðarbátinn til samanburðar, því að hann er til mikilla póstflutninga og flytur þar að auki margt fyrir önnur hjeruð en Borgarfjörð, einkum farþega. En þegar jeg sagði, að þetta væri fjárhagsatriði, þá meinti jeg að sjálfsögðu, að það væri fjárveitingaratriði. Það er undir þinginu komið, hvort það vill veita fje til þessa báts. En framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins sagði mjer, að hann byggist við, að þessi bátur hefði sáralítið að gera, nema suma tíma á árinu.

Hv. þm. Barð. (HK) þarf jeg litlu að svara. Hann hjelt, að eigendur „Suðurlands“ hefðu tekið aftur tilboð sín. Það er ekki rjett. Þeir voru að vísu dálítið óánægðir með það tilboð, er þeir gerðu, en jeg hygg, að þeim verði haldið fast við það og að samningar takist um 8—10 ferðir. Tilboð þeirra hljóðaði upp á alt að 10 ferðum, og þeir hafa komið með áætlunaruppkast, sem tekur yfir 9 ferðir. Hve langt vestur farið verður, er ekki afgert.

Um mæling á sjóleiðinni frá Flatey til Hagabótar man jeg ekki til að nein till. hafi komið fram, en jeg skal ekki

rengja hv. þm. (HK) um það. En sannleikurinn er sá, að erfitt er að framkvæma slíkt, því að við höfum ekki önnur skip til þess en strandvarnaskipin, og þau hafa nóg annað að gera. En jeg skal hafa þetta í huga, og sje leiðin stutt, má vera, að það megi framkvæma það áður en mjög langt líður.

Forseti (JóhJóh): Umr. hafa nú staðið í tvær klst., og enn hafa nokkrir hv. þm. beðið sjer hljóðs. Er sjáanlegt, að verði umr. haldið áfram, þá verður ekki af deildarfundum í dag. Jeg ætla, því, í samráði við hv. aðalflm. (JJ), að taka málið af dagskrá.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

2. Einkasala á steinolíu.

Á 71. fundi í Nd., mánudaginn 4. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um einkasölu ríkisins á steinolíu (A. 443).

Á 72. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

Fyrirspurnir.

1. Utanríkismál.

Á 10. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. febr., var útbýtt:

Fyrirspurn til utanríkisráðherra Íslands um utanríkismál (A. 58).

Á 11. fundi í Nd., næsta dag, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 20 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., fimtudaginn 16. apríl, var fyrirspurnin tekin til umr., með því að forsætisráðherra hafði tjáð sig búinn til þess að svara henni

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., næsta dag, var fyrirspurnin aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Jónsson): Viðskifti þjóðríkis við önnur þjóðríki eru vandasömustu málin, sem það á úr að ráða. Undir þessum málum er hagur hvers ríkis kominn fremur öllum öðrum málum. Má þar minna á samninga um verslun og siglingar, tollsamninga og fjármálaviðskifti allskonar, er snerta fjárhag ríkisins og atvinnuvegi þjóðarinnar, beint og óbeint.

Undir meðferð utanríkismálanna er og kominn heiður þjóðarinnar og virðing annara þjóða fyrir ríkinu. Jeg er ekki mikill sagnfræðingur, en jeg vil minna á það til dæmis, hvern heiður Vesturheimsmenn höfðu af sendiför Franklins til Frakklands og hve mikla þýðingu það hafði fyrir það ríki, sem þá var að verða til. Eins vil jeg minna á það, er Rómverjar hinir fornu áttu í höggi við Pyrrhos og sendu á fund hans sendimann sinn Fabricius. Ljet Pyrrhos reyna alt til þess að freista hans, bæði gull og gersemar, og síðasta daginn ljet hann svifta tjaldinu að baki Fabriciusi, og stóð þar þá fíll og teygði að honum ranann. Það dýr hafði Fabricius aldrei fyr sjeð, en brá sjer þó hvergi og ljet ekkert á sjer finna. Um þennan mann sagði ráðgjafi Pyrrhosar konungs: Ille est Fabricius, qui difficilius ab honestate quam sol a suo cursu potest averti. (BSv: Hjer veitti ekki af versio!). Þetta er latína, og þeir menn, sem ekki finna þörf á latínuskóla, verða ekki í vandræðum að skilja þetta og þurfa því enga versio. Þeir eru þá búnir að læra nóg. Hv. deild vildi nýlega engan latínuskóla, og því legg jeg þetta ekki út. Það er gefinn hlutur, að sú þjóð, er rækir ekki utanríkismál sín, sendir engan Fabricius og fer á mis við heiðurinn af því að eiga

sendimann, sem slíkur orðrómur vex af. Og undir meðferð utanríkismálanna er beinlínis komið frelsi þjóðarinnar og sjálfstæði. Skal jeg þessu til sönnunar benda á dæmi, er liggur ekki eins langt aftur í tímanum og það, er jeg nefndi síðast. Það er frá þjóðverjum. Bismarck lagði jafnan áherslu á það, að þjóðverjar hjeldu vináttu við Rússa. Og hefði þeirri stefnu verið fylgt, þá væri ekki komið svo fyrir þjóðverjum sem nú er. Þá hefðu þeir aldrei einangrast og aldrei bugast. Þetta getur skynsamleg og góð meðferð utanríkismálanna þýtt.

En í þessu liggur það, að viðskifti vor við önnur þjóðríki eru hættulegustu málin, sem vjer höfum með höndum. Hjer á við undirstaðan: do ut des. En þá er þess gætanda, að vjer gefum ekki of mikið fyrir pípuna, eins og Franklín mundi sagt hafa, og hins, að skera ekki of mjög við neglur sjer, svo ekkert vit geti orðið úr samningum, sem vjer verðum að gera við aðrar þjóðir. Það er til dæmis að taka, þegar gerðir eru slíkir samningar sem Spánarsamningurinn. Þá er ekkert vit að spara þær sendifarir, sem þá voru um hönd hafðar, bæði ferð sendiræðismanns, sem þá var í Miðjarðarhafslöndunum, 1921, og sendiherrans 1922. Það er þeim að þakka, að samningurinn tókst svo vel, sem raun varð á. Hitt er sjálfsagt um þessi mál, sem öll önnur, að ausa ekki fje út til þeirra að óþörfu. Og í þessu máli var hreinn óþarfi að senda bindindismenn suður á Spán til þess reyna vínin. Og það var líka óþarfi að senda menn til Noregs, sem ekkert gátu gert. Í þessum málum sannast það, að þar geldur hagur þjóðarinnar allra afglapa. Þar á við hið fornkveðna: Quia quid delirant reges, plectuntur Achivi.

Heiður þjóðarinnar er líka í veði, ef utanríkismálum hennar er ekki sint á rjettan hátt. Menn mega ekki vera hjer of þröngsýnir, eins og t. d. að láta það viðgangast að kalla sendiherra heim úr öðrum ríkjum, svo sem þegar Björn Sigurðsson var kallaður heim úr Lundúnum, í stað þess að hann hefði átt að vera þar alt til þessa dags, og fleira af líku tæi, sem jeg nefni ekki.

Vjer megum ekki heldur vera heimskir, svo sem til dæmis að láta það undir höfuð leggjast að nota rjett 7. greinar sambandslaganna, sem veitir Íslandi rjett til þess að láta sína eigin menn fara með utanríkismál landsins. Kem jeg seinna að þessu, í sambandi við spurningar þær, er jeg ber hjer upp, þegar jeg hefi lokið þessum stutta inngangi.

Vjer megum ekki heldur vera hvefsnir eða áreitnir við önnur ríki, með því t. d. að hafa minni háttar sendimann hjá þeim en þau hafa hjá oss. Á jeg hjer sjerstaklega við Danmörku. Það lá við borð, að við færum líkt að við Noreg í sambandi við samningana um kjöttollinn. En sem betur fór, sýndu Íslendingar ekki hvefsni eða áreitni í því máli.

Vjer megum ekki heldur vera reikulir eða huglausir. En það er hreint og beint hugleysi, þegar stjórnin og þingið hugsar fyrst og fremst um þetta: Hvað skyldi sambandsþjóðin segja? Hvað koma henni við vor efni, ef vjer gerum það, sem rjett er, og göngum ekki á hluta annara. Hugleysið býður heim annara yfirráðum. Þegar hver og einn finnur, að vjer erum ekki á verði og gætum ekki rjettarins, þá er ásælnin ætíð vakandi. Vjer megum auðvitað ekki svíkja aðra eða vera óhreinlyndir nje ógætnir. En allra síst megum vjer

vera lítilsigldir. Ef vjer gætum eigi allra þessara hluta, þá er frelsi vort í veði. Og ef vjer köstum allri vorri áhyggju upp á umboðsmenn vora og göngum í þeirra bandi, þá venst þetta þjóðarlamb svo trúlega undir, að engin von er til, að sambandslögin fáist leiðrjett eða samningunum sagt upp eftir 1940. Þá glötum vjer frelsi voru og sjálfstæði og heiðri vorum, sakir svefns og gáleysis.

En ef vjer förum rjett með þessi mál, þá verður ekkert þessari þjóð til jafnmikillar blessunar. Verslun og siglingar blómgast, álit og traust þjóðarinnar vex, fjárviðskifti auðveldast og hagurinn batnar. Þá hlöðum vjer þessari þjóð lofköst þann, er lengi stendur. Þá er borgið því, sem dýrmætast er, frelsinu. Þá erum vjer í sannleika sjálfstæð þjóð, og ekki fyr.

Nú verður því ekki neitað, að í utanríkismálunum hefir þjóð, þing og stjórn verið sinnulaust. Jeg hefi spurt sjálfan mig, af hverju það kæmi. Hvort það kæmi af skilningsleysi. En þó hefi jeg ekki getað sannfært mig um, að svo væri, sökum þess, að frá gáfnahliðinni eru Íslendingar nægilega vel gefnir til þess að skilja þetta.

Jeg hefi bæði í ræðu og riti reynt að skýra fyrir Íslendingum, hversu mikilvæg þessi mál eru, en þeir hafa jafnan skelt við skolleyrunum. En það getur samt varla verið skilningsleysi á svo augljósri skoðun að kenna, þetta andvaraleysi þeirra. Jeg hefi þá næst spurt sjálfan mig, hvort oftraust á skriflegum samningi muni geta valdið þessu. En það væri harla einkennilegt um oss, sem ættum að muna, hversu ónógur gamli sáttmáli reyndist oss til verndar sjálfstæði voru og hversu erfitt oss reyndist að verða frjáls þjóð og fá þau rjettindi viðurkend, er skriflegt og ágætt skjal heimilaði oss, ef vjer nú vildum lifa upp óglæsilegan þátt sögu vorrar og ljetum hinn nýja sáttmála vorn grotna niður. En vera má, að stærsta orsökin sje raunar sú, að þrátt fyrir vora löngu og torsóttu frelsisbaráttu, þá hefir sigur sá, er vanst 1918, verið sofandans sigur. Og þótt einstakir menn kynnu að nota sjer þá aðstöðu, sem heimsstyrjöldin skapaði, þá var langur vegur frá, að þjóðin sjálf kynni að meta það, því hún var þá þegar sofnuð vært og sefur enn. Þetta hefir mjer verið deginum ljósara alla tíð, enda ekki legið á liði mínu að vekja þjóðina til umhugsunar um þetta mál, og mun jeg ekki hætta að tala um það, meðan nokkur neyðist til að hlusta á það. Menn muna, að jeg hefi oft hjer á hinu háa Alþingi rætt þessi mál, og fyrir 2 þingum út af 1. fyrirspurninni hótað hæstv. stjórn vantrausti, ef hún ljeti eigi til sín taka. Varð jeg víst minni maður að, því að jeg sá í hendi mjer, að vantraustið myndi verða felt, og var þá spilt fyrir góðu máli og ver farið en heima setið. Jeg gerði því eigi það, sem jeg hafði heitið hæstv. stjórn. — Sá vægir, sem vitið hefir meira.

Fyrsta spurning mín er sú, hvort nokkur ráðherra hafi verið skipaður af konungi til að vera utanríkismálaráðherra Íslands. Því spyr jeg þessa, að í 7. gr. sambandslaganna frá 1918 er svo fyrir mælt, að ríkjasamningar, sem Danmörk gerir eftir að lögin eru komin í gildi, skuldbindi ekki Ísland, nema samþykki rjettra íslenskra stjórnarvalda komi til. En hver eru þessi rjettu íslensku stjórnarvöld? Því svarar stjórnarskráin, og auðvitað eru þau: Alþingi, konungur Íslands og utanríkis-

málaráðherra Íslands. En hví er það, að hjer vantar þann ráðherra, sem getur borið ábyrgð á þessum málum og á að fara með þau?

Mjer hefir altaf verið óskiljanlegt, hvers vegna stjórnin hefir ekki gert annað eins og það að útnefna þennan ráðherra. Það þarf enga mótspyrnu að óttast, t. d. frá Danmörku, enda kemur Dönum ekki meira við, hvað vjer nefnum vora ráðherra en oss kemur við, hvað þeir kalla sína. Rjettur beggja ríkjanna er gagnkvæmur. Jeg skal játa, að stjórnarskránni mun raunar fullnægt, ef einhver íslenskur ráðherra ber ábyrgð á þessum málum. En mjer er samt jafnóskiljanlegt, að þessi mál skuli ekki vera falin sama ráðherra hjer sem öll önnur ríki fela þau. Er það vegna þess, að oss sje svo hugleikið að fara í felur með sjálfstæði vort?

Jeg hefi spurt, hvort skilja ætti kgúrsk. 30. des. 1924 svo, að þar með sje stofnað sjerstakt ráðuneyti í utanríkismálum vorum. Sje það, ættu öll brjef, sem frá því ráðuneyti koma, að bera það með sjer, að þau væru frá utanríkisráðuneyti Íslands, til þess að önnur ríki mættu sjá, að vjer erum sjálfstætt viðskiftaríki með fullum rjetti til að fara með utanríkismál vor. Sje þetta ekki gert, þá vekur það þann grun hjá erlendum þjóðum, að vjer höfum ekki slíkan rjett. Heimurinn hefir annað að gera en að standa með sambandslögin í hendinni og reyna að skýra þau og skilja. Íslendingar verða sjálfir að sýna heiminum fram á rjett sinn og skýra sjálfir og skilja sín lög.

Þá hefi jeg ennfremur spurt, hvort utanríkismál Íslands verði látin hafa sína eigin skrifstofu. Stendur ekki á sama, hvort utanríkismálin verða látin rekast eins og hornaskellur úr einni skrifstofunni í aðra og eiga engan samastað. Hvernig á dómsmálaráðherrann að smala öllu því saman, er snertir utanríkismál landsins, meðan svo er? Það tekur enginn ráðherra slíkar snattferðir að sjer. Utanríkismálaráðherrann verður að hafa undir sjer mann, er sjerþekkingu hafi á þessum málum og skilyrði til að geta afgreitt þau fljótt og vel. Þeirra eiginda verður ekki með sanngirni krafist af mönnum í hinum skrifstofunum, sem hafa ólík mál til meðferðar. — Jeg býst við, að hæstv. stjórn láti sjer segjast og setji bráðlega upp sjerstaka skrifstofu fyrir utanríkismálin, enda myndu hv. þm. eigi láta þá stjórn sitja við völd, sem það gerði ekki, og sá þm. á ekki að eiga hjer sæti, sem ekki gengur ríkt eftir, að þetta verði gert.

Þá hefi jeg spurt, hvort danskir umboðsmenn Íslands sjeu handfólgnir þjóðhöfðingjum. Veit jeg ekki til, að svo hafi verið gert, og er nauðsyn þess þó auðsæ. Ef Danir eiga að fara með þessi mál um ákveðinn tíma, verður að krefjast þess, að stjórnir þeirra ríkja, er þessir umboðsmenn eiga mök við, sjeu látnir vita, að þeir hafa umboð frá konungi Íslands. En konungur Danmerkur og Íslands er annar konungur en sá, er nefnist konungur Íslands og Danmerkur, því að á störfum hans bera vorir ráðherrar einir ábyrgð, en þeir bera ekki ábyrgð á því, sem konungur Danmerkur og Íslands gerir. Hjer er um tvö konungsembætti að ræða, þótt sami maður gegni þeim báðum. Þessa verður að gæta, er danskir umboðsmenn eru látnir fara með mál vor.

Næsta spurningin er, hvort þessir umboðsmenn hafi fengið fyrirsögn um

verk sín frá utanríkisráðherra Íslands. Slíka fyrirsögn um, hvernig þeir eigi að haga sjer í hvert skifti, fá þeir jafnan mjög nákvæma frá sinni stjórn, og ættu þá líka að fá það hjá stjórn Íslands, í málum þessa ríkis. En því spyr jeg þessa, að jeg hefi sjeð skjöl frá dönskum utanríkisþjónustumönnum, sem voru undirskrifuð svo sem vjer værum hluti af danska ríkinu, og benti ekkert á, að neitt umboð frá Íslandi ætti sjer stað. Þeir hafa líka ýms dönsk merki, svo sem stimpla, svo að engum dettur í hug, að það, sem þeir vinna, sje gert fyrir aðra en Dani. Þess skal getið, að hæstv. stjórn mun hafa gert nokkuð til að ráða bót á þessu, með því að senda íslenska fána og ríkismerki, en það þarf árlega að líta eftir því, hvort þetta sje alstaðar eins og það á að vera.

Í 7. lagi hefi jeg spurt, hvort stjórnin hafi þann sið að nota þessa umboðsmenn sem oftast eða sem sjaldnast. Þess ber að gæta, að Danmörk tók að sjer af velvild til Íslands að fara með þessi mál og ber ekkert úr býtum fyrir, svo að ekki er rjett að ómaka þessa umboðsmenn að óþörfu. Tilefni til að spyrja þessa gafst, er þrír þýskir menn fengu heiðurskrossa frá Íslandi ekki fyrir alls löngu. Þeir skrifuðu mjer og ljetu auðvitað í ljós mikla gleði yfir þessum heiðursmerkjum og lýstu því, hve hissa þeir hefðu orðið, er þeir fundu brjefin með þeim á borðinu hjá sjer. En brjefin voru frá der dänischen Legation in Berlin. Hjer var alveg óþarft að fara þessa krókaleið. Það mátti alveg eins afhenda þýsku sendisveitinni í Kaupmannahöfn þessa krossa. Hitt breiðir aðeins út þá skoðun, að Ísland sje dönsk nýlenda.

Jeg get látið fá orð nægja um 8. spurninguna, því að jeg hefi minst efnis hennar í öðru sambandi. Aðeins vil jeg árjetta það við stjórnina, að hún láti ekki undir höfuð leggjast að senda dönskum umboðsmönnum Íslands öll merki, svo sem fána, skjaldarmerki og stimpilmerki, svo að það sjáist, að það sje gert fyrir hönd Íslands, sem þeir vinna í okkar þágu. Má ekki til minna ætlast en að við gerum þetta. Vildi jeg þá um leið benda á, að vöntun slíkra tákna gæti valdið misskilningi og jafnvel óþægindum fyrir Danmörku, ef hún væri kvödd til ábyrgðar fyrir eitthvað, sem Ísland ætti að svara til saka fyrir.

Þá kem jeg að 9. spurningunni, þeirri, er jeg legg mesta áherslu á. Svo stendur í 7. grein sbl., 4. liði, að engir ríkjasamningar, sem Danmörk geri, skuli skuldbinda Ísland nema samþykki rjettra íslenskra stjórnarvalda komi til. Þannig er enginn milliríkjasamningur gildur fyr en hann hefir hlotið undirskrift konungs og viðkomandi utanríkisráðherra. — Annars er það oft svo, að menn eru valdir af báðum samningsríkjum til þess að gera samninga. En þeir samningar ganga eigi fyr í gildi en þeir hafa verið staðfestir með undirskrift þjóðhöfðingjanna og utanríkisráðherranna.

Jeg þekki líka annað samningsform, skeytaformið. En skv. stjskr. og sbl. getur Ísland ekki gert neina samninga á þennan hátt. En hefir nú hæstv. stjórn gætt þessa? Og hverri venju hefir hún fylgt? Samningur, sem danskur ráðherra undirskrifar með konungi Íslands, er brot á móti stjórnarskrá Íslands og grundvallarlögunum dönsku og samningurinn ógildur og hinn samningsaðilinn gabbaður. Og ef konungur Danmerkur staðfestir íslenskan samning

með undirskrift dansks ráðherra, þá er þar með rofin stjórnarskrá vor og rofinn sambandssamningurinn og hinn samningsaðilinn gabbaður með ógildum samningi.

Þetta skildi Alþingi og undirstrikaði með 17. gr. stjskr. Framvegis verður því að gæta þess, að allir utanríkissamningar snertandi Ísland verði staðfestir af konungi Íslands og Danmerkur og utanríkisráðherra Íslands, en svo hefir ekki verið gert hingað til. Önnur meðferð þeirra mála er misbrúkun samningsins 1918, og fer í bága við okkar hagsmuni. Jeg man, að þegar þessi samningur var á ferðinni, þá töldu ýmsir óhætt að samþykkja hann vegna þess, að jeg var honum fylgjandi. Jeg ber því mikla ábyrgð á þessu máli og get eigi látið mjer lynda, að framkvæmdin dragi úr þeim rjetti, er vjer sömdum um oss til handa. Jeg krefst þess, að reynt sje að halda samningsrjetti vorum hátt, og fremur að auka en minka þann rjett, sem í samningunum fólst.

10. spurningin er á þá leið, hvort stjórnin telji það sæma Íslandi að fela þegnum annara ríkja sendiherrastöður fyrir okkur. Þykist jeg raunar vita, að hæstv. stjórn telji það ekki mega eiga sjer stað, enda mun ekkert ríki hafa leyft sjer slíkt, nema Svertingjaríki eitt suður í Afríku, en það er víst ekki svo langt komið á menningarbrautinni, að það megi verða til fyrirmyndar.

Tek jeg það fram, að það er ekki af óvináttu við þann, sem nú hefir á hendi sendiherrastöðu fyrir oss í Kaupmannahöfn. Þessi danski ríkisborgari hefir víst reynst vel í sínu starfi, og hefði hann kosið sjer eða fengið íslenskan þegnrjett með lögum, þá myndi jeg ekki hafa amast við þessu.

Jeg tala um þetta vegna þess, að jeg hefi áður reynt að leiða rök að því hjer á þingi, að nauðsynlegt væri að hafa sendiherra í Danmörku, og nú, þar sem jeg hefi talað um þjóðerni mannsins, hefi jeg gleymt einu atriði, sem sje því, að þessi sami maður er undirmaður danska utanríkisráðherrans. Hann er fulltrúi Íslands í utanríkisráðuneytinu, en talinn danskur embættismaður, og getur því ekki um leið verið samningamaður við þennan sama yfirmann sinn. Manninum er þannig sköpuð staða, er enginn ætti að taka að sjer. Það er ekki nema sjálfsögð hæverskuskylda við Dani, sem hafa hjer sendiherra, að stjórnin sendi sem fyrst sendiherra til Danmerkur.

Þó að jeg spyrji, hvort stjórnin telji Dani hafa sendiherra hjer, er það ekki, eins og sagt var í dönsku blaði fyrir skömmu, af því, að jeg sje óánægður með þann sendiherra, sem nú er hjer, heldur af því, að jeg veit, að svo hagar til, að danski sendiherrann heyrir undir forsætisráðuneytið danska, en ekki utanríkisráðuneytið. Meðan utanríkismál heyra ekki undir forsætisráðuneytið, er sá sendiherra ófullnægjandi. Það er ekki hægt að heimta af Dönum, að öðruvísi sje til hagað gagnvart okkur eða á neinn sjerstakan hátt, því að það stendur í samningnum frá 1918, að hvort ríkið fyrir sig ráði þessu; en jeg vil spyrja, hvort stjórnin telji ekki ástæðu til að tala sig saman við dönsku stjórnina um að hafa reglulegan sendiherra.

Mjer kom það undarlega fyrir sjón-

ir, þegar fyrv. sendiherra Dana hjer var gerður að konsúl vestur í Ameríku. Aðeins París eða London hefði átt að geta komið til mála, eftir að hann hafði verið hjer.

Þá hefi jeg gert grein fyrir 11. og 12. spurningunum. Jeg hefi hjer komið inn á, hvernig stjórnin eigi að senda sendiherra til Danmerkur. Íslenski sendiherrann verður sendur af konungi Íslands og Danmerkur til Danakonungs. Hann á að hafa meðmælaskjal frá honum og vera handfólginn konungi Dana af konungi Íslands og hans stjórn. Konungarnir eru tveir, þó að þeir sjeu sami maðurinn.

Jeg hefi spurt, hvers eðlis staða fyrirhugaðs sendimanns í Miðjarðarhafslöndunum sje, af því að, eins og jeg sagði í gær, mjer þykir óhæfilegt, að ríkið láti einstakar stofnanir borga hluta af kaupi manns, sem á að vera embættismaður ríkisins. Það eru ekki frekar bankarnir en landslýður yfirleitt, sem gagn hafa af sendimanninum. Þeir eru aðeins milligöngustofnanir milli landslýðs og ríkis, og um leið og þeir hafa hag af þessu, hefir og alþjóð manna hag af því.

En hjer er tækifæri til að nota ákvæði 7. gr. sambandslaganna, 3. lið, sem sje að senda sjerstakan sendiherra, sem á að vera handfólginn þjóðhöfðingja þess lands, sem sent er til. Ef jeg ætti við hrekkjótta menn, mundi jeg halda, að þeir hefðu gert sig svo hlægilega að láta bankana borga, til þess að útiloka sig frá að þurfa að fara eftir 7. gr. sambandslaganna, 3. lið.

14. spurningin hjer kom fram af því, að í greinargerð fyrir fjárlagafrv. stóð athugasemd, er gefur í skyn, að breyting á meðferð utanríkismálanna hafi valdið till. um, að ríkisráðskostnaðurinn yrði hækkaður. Jeg hefi sjálfur fengið vitneskju um, hvernig á þessu stendur, en bið hæstv. ráðh. að segja hið sama opinberlega.

Þá er síðasta spurn. Hvað hefir stjórnin gert til þess að fá viðurkenningu annara þjóða en Danmerkur á fullveldi Íslands, með þeim hætti, sem tíðkast í heiminum, að senda sendiherra sína til þeirrar þjóðar, sem hefja á ríkjaviðskifti við? Hvað hefir hún gert?

Jeg veit það ekki. Undanfarandi stjórnir hafa ef til vill gert mikið. En jeg veit, að þetta er nauðsynlegt. Það er varla talandi um, að sjálfstæði landsins sje viðurkent, fyr en önnur ríki taka upp ríkjaviðskifti við það, vegna þess, að umboðsmenn, sem fara með utanríkismál Íslendinga, eru ekki handfólgnir þjóðhöfðingjunum. Það duga ekki konsúlar eða ræðismenn, heldur eiga að vera ríkissendimenn eða diplomatar.

Það er rjett, að það sje venja að senda slíka menn til konungs í því landi, sem þeir eiga að vinna í, en hjer er um undantekning að ræða, þar sem konungurinn situr ekki í landinu, en sú ábyrga stjórn er í landinu, og því eiga sendimenn ríkja að koma við hjá konungi Íslands í Kaupmannahöfn, til þess að sýna honum þar brjef sín, en búa síðan á Íslandi. Það er enginn annar vegur til framkvæmda, og ástandið bendir á, að enginn, sem hugsar rjett, geti neitað, að svo eigi það að vera. Stundum vill svo til, að konungur er hjer sjálfur. Þá má fara til hans; en þegar hann er ekki hjer, á að eiga viðtal við hans ábyrgu stjórn. Konungur ræður einn engu, en verður að hafa utanríkisráðherra Íslands til að skrifa undir með sjer.

það væri gaman að heyra, hversu mikla áherslu landsstjórnin hefir lagt á þetta, og hver svör aðrar þjóðir hafa gefið. Að því er jeg veit best, hafa sumar þjóðir svarað því, að við hefðum engan sendimann hjá þeim. Það hefir verið sagt, að við hefðum umboðsmann. Þá segja þær nei, og mjer hefir skilist, að þessir umboðsmenn væru ekki handfólgnir þjóðhöfðingjum.

Jeg býst við, að margt af því, sem jeg vildi vera láta, sje ógert enn. En jeg hefi ekki borið fram spurningarnar til þess að sakast um orðinn hlut, heldur til þess að fá að heyra, hvernig stjórnin lítur á málið. Jeg vil, að alt kapp sje lagt á að lagfæra sem fyrst það, sem er ekki þegar búið að lagfæra. 1. des. 1918 átti að vera nákvæmlega hugsað fyrirkomulagið á öllu þessu, og þá hefði engin mótstaða komið fram. En þessi margra ára svefn hefir ef til vill vakið vonir hjá hinni þjóðinni, svo að hún verði óánægð með framkvæmdirnar. En það verður að gera það, sem gera ber í þessu máli. Eins og jeg hefi tekið fram, að þegar það er farið að koma í ljós, að stjórn landsins hefir ekki viljað leggja fulla alúð við meðferðina á utanríkismálunum, er jeg þess fullviss, að þingmenn segja við hana: „Far þú, við viljum aðra betri stjórn". Segi þeir það ekki, munu kjósendur þeirra segja við þá: „Far þú, við viljum aðra betri þingmenn".

Forsætisráðherra (JM): Jeg þarf ekki að svara fyrirspurn hv. þm. Dala. (BJ) í mjög löngu máli. Margar af spurningunum eru svo ákveðnar og ljósar, að í rauninni nægir að svara þeim annað tveggja með jái eða neii.

Um 1. spurninguna verð jeg að fara fáeinum orðum. — Þegar ráðherrum var fjölgað 1917, voru sett á fót þrjú fagráðuneyti: dóms- og kirkjumálaráðuneyti, atvinnu- og samgöngumálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti, auk þess að ákveðið var, að einn ráðherranna hefði forsæti í ráðuneytinu. Síðan hefir þetta haldist þannig, að í hvert sinn er nýtt ráðuneyti er myndað eru skipaðir auk forsætisráðherra, dóms- og kirkjumálaráðherra, atvinnu- og samgöngumálaráðherra og fjármálaráðherra. Í starfsskiftingunni voru ekki nefnd utanríkismál í fyrstu, eins og ekki er heldur við að búast. En eftir 1918 var öðru máli að gegna um þetta. Sú venja komst brátt á, að forsrh. hefði með utanríkismálin að sýsla, en „formelt" eða skjalfest kom það ekki fyr fram í konungsúrskurðum um starfsskifting milli ráðherranna en í úrskurði rjett fyrir nýár síðastl. (29. des.), sbr. auglýsingu forsrh. 30. des. f. á. Í þeim úrskurði eru utanríkismálin falið forsrh., og var það að hvötum hv. þm. Dala., að þetta var gert beint með konungsúrskurði. Það kann að vera, eins og prófessor Einar Arnórsson segir í nóv.—des.-hefti Eimreiðarinnar síðasta ár, að það skifti „ekki miklu máli í verki og framkvæmd, hvort ákveðnum ráðherra eru með sjerstökum konungsúrskurði mál þessi falin" eða ekki, en það á að sjást, eins og hann segir, „að Ísland hafi sín eigin utanríkismál, og eini vegurinn til þess er að kveða á um það, að einhver ákveðinn ráðherra fari með þau". Það er aðalatriðið. — Hitt skiftir í mínum augum engu, hvort ráðherra er skipaður sjerstaklega með nafninu utanríkisráðherra. Svo hefir

fyrirrennari minn, hv. 1. landsk. (SE), eflaust litið á það.

Um 2. þeirri spurningu verður að svara neitandi. Forsætisráðuneytið fer með utanríkismálin, alveg eins og t. d. dóms- og kirkjumálaráðuneytið fer með mentamál, heilbrigðismál o. s. frv. — Sjerstakt ráðuneyti fyrir utanríkismál er ekki sett á stofn.

Um 3. Á brjefhausa er prentað „Forsætisráðherrann". Undirskrifað eitt nafn — forsætisráðherra — eins og tíðkast um slík mál.

Um 4. Eins og hv. þm. Dala. er kunnugt, er enginn utanríkismálaskrifstofa til. Við hv. þm. Dala. höfum áður talast við um nauðsyn þess að hafa utanríkismálin út af fyrir sig, og jeg gerði tilraun til þess árið 1921, með því að jeg fjekk mjer til aðstoðar mann, er að mínum hvötum hafði kynt sjer meðferð utanríkismála í Kaupmannahöfn; út af þessu var gert mikið veður; samt varð nokkurt framhald á því í tíð fyrirrennara míns; nú er það að mestu fallið niður. En um nauðsynina á því að hafa mann eða menn ráðherra til aðstoðar við utanríkismálin, einhverja skrifstofu fyrir þau, er jeg samdóma hv. þm. Til þess þarf fje. Vegna sparnaðaranda þingsins í fyrra þorði jeg ekki að fara fram á þetta, en það mætti máske athuga það síðar, er þingið sýnist hafa breytt mjög skoðun sinni um nauðsyn sparnaðar.

Um 5. Danskir sendimenn, sendiherrar, konsúlar, eru „akkrediteraðir", hver á sínum stað, sem sendimenn konungs Danmerkur og Íslands.

Um 6. Danskir sendiherrar og konsúlar hafa skriflega fyrirsögn um það að gæta utanríkismála Íslands jafnt utanríkismálum Dana, aðstoða Íslendinga erlendis jafnt sem Dani. Í fyrirspurninni er það og sjerstaklega tekið fram, að í öllum afgreiðslum snertandi Ísland skuli þess getið, að það sje „pour l'Islande", í umboði Íslands, eða „paa Islands Vegne", annaðhvort í texta afgreiðslunnar eða við undirskriftina.

Ef þetta er ekki gert af einhverjum dönskum konsúl, þá er það yfirsjón, vanræksla þess manns. Fyrirsögnin er skýr, enda er hv. þm. kunnugt um þetta.

Um 7. Aðstoðar utanríkisráðuneytisins danska er neytt, er á þykir þurfa að halda. Skal jeg taka það fram, að jeg get ekki fallist á skoðun hv. þm. (BJ) um þetta efni. Jeg álít, að vjer eigum að notfæra oss þá aðstoð í enn meira mæli en gert hefir verið. Jeg lít svo á, að það sje hagur fyrir oss að hafa rjett til að gera þetta, án þess að kosta nokkru verulegu til. Jeg hefi áður bent hv. þm. (BJ) á það, að um þetta eru gerðir samningar, svo að hjer er ekki um annað að ræða en það, sem vjer eigum beint heimting á, en er engin gjöf.

Sú aðstoð, sem vjer á þennan veg fáum hjá utanríkisráðuneytinu danska, sendiherrum og konsúlum, er jafnan látin í tje með ljúfu geði; jeg hefi að minsta kosti aldrei orðið annars var en að þeir, er þeirra hefir verið leitað, láti aðstoð sína í tje með ánægju.

Það atriði, er hv. þm. mintist á — sending heiðursmerkja — er algerlega fyrir utan utanríkismálin.

Um 8. Allir sendiherrar og aðalkonsúlar hafa fengið skjaldarmerki Íslands, og ennfremur allir þeir konsúlar og vicekonsúlar, er nokkuð verulega hafa með íslenskar afgreiðslur að gera. Vegna kostnaðar, sem Ísland borgar, hefir ekki öðrum verið sent þetta. Sumir

sendiherrarnir nota ekki skjaldarmerkin, hvorki íslensk eða dönsk, þ. e. a. s. ekki á þeim stöðum, sem þetta er ekki áður. Flögg íslensk hafa þeir allir fengið, með fyrirsögn um að flagga á ákveðnum dögum, og að öðru leyti eftir því, sem siður er á hverjum stað.

Um 9. Það hefir ekki ávalt verið fenginn konungsúrskurður um samþykt á samningum, því að stundum hefir orðið að svara svo fljótt, að látið hefir verið nægja samþykt ráðherra. Það verður víst að játa það annars, að hvorki fyrv. forsrh. nje jeg höfum veitt þessu máli nægilega athygli, þangað til í haust, að jeg fór að rannsaka málið, að miklu leyti að hvötum hv. þm. Dala. Honum er annars nokkuð kunnugt um, hvað gerst hefir í því, og vona jeg, að framkvæmdir í því máli geti orðið þannig, að hann megi vel við una. Þetta er þannig lagað mál, að jeg að svo stöddu vil ekki segja meira.

Um 10. Jeg skal fyrst láta þess getið, sem jeg hefi sagt nýlega hjer í deildinni, að jeg er samdóma hv. þm. Dala. um nauðsyn og nytsemi þess að senda og hafa beint sendiherra íslenskan, vel hæfan mann, í Kaupmannahöfn. En nú vantar til þess fjárveiting þingsins.

Það er annars ekki ótítt, að ríkisins stjórnir feli sendiherra annars ríkis, annars ríkis þegni, að fara með mál sín á einhverjum stað. Hitt veit jeg ekki, hvort annars eru dæmi til, að ríkisstjórn skipi annars ríkis þegn fyrir sendimann, chargé d'affaires, fyrir sig.

Samt sem áður verð jeg að telja það vel sæma fyrir oss að hafa Jón Krabbe chargé d'affaires fyrir oss í Kaupmannahöfn um sinn, úr því að vjer getum ekki haft þar reglulegan sendiherra, vegna þess, að fjárveitingin til þess var feld niður á þinginu í fyrra. Jeg held, að það sje nær einasta úrræðið til þess að hafa þar „diplomatiskan" erindreka, meðan ekki fæst fjárveiting til hins.

Og jeg held einmitt, að þetta megi vel sama, af því að það er Jón Krabbe. Þessi maður hefir nú farið með Íslandsmál í Kaupmannahöfn og víðar í meira en fjórðung aldar, um langan tíma veitt þeim beint forstöðu. Það er maður, sem nýtur fullkomins trausts, bæði hjer og í Danmörku, og er mjög mikils metinn; og þótt hann hafi ekki íslenskan ríkisborgararjett, heldur danskan, þá er hann mjög góður Íslendingur, átti íslenska móður, er af góðu íslensku bergi brotinn. Lífsstarf hans hefir verið mest fyrir Ísland. Í sjálfstæðismáli voru studdi hann afdráttarlaust málstað vorn. — Þótt það megi segja, er fljótt er á litið, að þetta sje ekki eins vel viðkunnanlegt, að hafa hann fyrir chargé d'affaires, af því að hann er danskur ríkisborgari, þá er á það lítandi, að það er Jón Krabbe, maður, sem auk þess, sem jeg hefi talið áður, gerði oss ómetanlegt gagn meðan á styrjöldinni stóð.

Um 11. Þessari spurningu hefi jeg svarað hjer í deildinni nýlega. Frá minni hálfu stendur ekki annað fyrir en að nauðsynlega fjárveiting vantar. En þegar hún fæst, og hæfur maður, mun ekki standa á mjer.

Um 12. Já, Danir hafa sendiherra hjer.

Um 13. lið. Eftir frumvarpinu um þennan sendimann sýnist það ljóst, að hjer sje að ræða um sendimann, hliðstæðan samskonar sendimönnum og ýmissa annara þjóða — fiski-, landbúnaðarráðunaut — Fiskerikonsulent, Landbrugskonsulent. Ef fela ætti honum eitthvert „diplomatiskt" erindi, mætti

sennilega koma því svo fyrir, í samráði við utanríkisráðherrann danska.

Um 14. Ríkisráðskostnaðurinn stendur ekki í neinu sambandi við utanríkismálin.

Um 15. Mjer er ekki kunnugt um, að nokkrar sjerstakar ráðstafanir hafi verið gerðar af vorri hálfu til þess að fá viðurkenningu annara ríkja (en Danmerkur) á fullveldi Íslands, að undantekinni tilkynningu Danmerkur til erlendra ríkja um það, að hún hafi viðurkent Ísland fullvalda (sbr. 19. gr. sambandslaganna). Þessi tilkynning var send út um allan heim þegar eftir staðfesting sambandslaganna 1918.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Jónsson): Jeg vil biðja menn að taka eftir því, að jeg hefi beint fyrirspurn minni til utanríkisráðherra Íslands, og hefi nú þegar fengið svar. Virðist þá sú einfalda og rjetta ályktun verða af því dregin, að hjer sje til utanríkisráðherra. Jeg býst ekki við, að neinn annar hefði farið að svara henni en sá, sem var utanríkisráðherra.

Hæstv. ráðh. (JM) sagði, að við værum ósammála um nafnið, hvort það hefði nokkra þýðingu; en jeg hefi altaf lagt áherslu á, að það hefði mjög mikla þýðingu. Það þýðir það, að stjórnir annara ríkja, sem viðskifti hafa við Ísland á einhvern hátt, fá með hverju brjefi, sem kemur frá utanríkisstjórninni, að sjá það, að á Íslandi er utanríkisstjórn, sem hægt er að semja við. En ef þær sjá ekkert nema mannanöfn, vita þær ekkert, hvort þessir menn hafa heimild til að fara með þessi mál. Jeg held, að hæstv. forsrh. (JM) ætti að halda áfram þessari venju, að vera utanríkisráðherra, eins og hann hefir tekið á móti fyrirspurninni sem slíkur. Hann ætti að setja á hvert brjef, sem hann skrifar, efst í horninu: Utanríkisráðherra Íslands. Þá er það víst, að þjóðirnar sjá, að hjer er ríki, sem hefir utanríkisviðskifti við aðrar þjóðir.

Hinsvegar get jeg verið ánægður með svar hæstv. forsrh. við 4. spurningunni, því að þar er hann mjer sammála að öllu leyti. Aftur get jeg ekki látið mjer lynda, að sú venja haldi áfram, sem tíðkast hefir hingað til, að danskir umboðsmenn Íslands í ýmsum löndum sjeu ekki handfaldir þjóðhöfðingjum eða stjórnum þar, sem embættismenn Íslands, til þess að menn viti, að Ísland hefir þarna fulltrúa. Þetta atriði hefir tvær hliðar. Önnur snýr að þeim Íslendingum, sem þurfa að njóta aðstoðar þeirra, eða það er íslenska stjórnin, sem þarf að nota þá, og hin snýr að útlendingum úti í frá.

En það, sem er aðalatriðið fyrir Ísland, er það, að hver þjóð viti, að hjer er um ríki að ræða, sem fer sjálft með sín eigin utanríkismál. Annars skal jeg fara fljótt yfir sögu. Jeg sje, að þetta er að líkindum ekki mjög mikið íslensku stjórninni að kenna, hversu óljóst og illa hefir verið gengið frá ýmsum þeim skjölum, sem danskir ræðismenn hafa látið öðrum þjóðum í tje og snerta íslensk mál. Jeg hefi sjeð ýms eintök, þar sem eiginlega alt vantar, nema þar er stimpill, sem segir, að skjalið sje frá dönsku „konsulati".

En hinsvegar vil jeg nota tækifærið að skora á hæstv. stjórn að láta líta eftir þessu og heimta af umboðsmönnum, að þeir hafi þetta alt í lagi alstaðar. Ímynda jeg mjer, að ekki sje of mikið heimtað, þótt hafður væri sjer-

stakur stimpill, þar sem stæði: Fyrir Ísland.

Það, sem mjer líkaði best í svari hæstv. utanríkisráðherra (JM), var svar hans við 9. spurningunni, því að það er höfuðspurningin. Þóttist jeg skilja hann svo, að hann ætlaði að láta verða fulla framkvæmd á því, að allir samningar yrðu gerðir af konungi og staðfestir af honum. Hitt skiftir ekki máli, hvort samningarnir væru gerðir með „nótum" eða orðsendingaskiftum eða ekki, aðeins að sá siður væri tekinn upp að staðfesta þá með konungsúrskurði á eftir. Með þessu væri stjórnarskránni fullnægt, en þar stendur, að konungur geri samninga við önnur lönd. En stjórnarskráin gerir ekki ráð fyrir neinum öðrum samningum en þeim, sem konungur gerir.

Hún var eiginlega ekki rjett sett fram hjá mjer, 10. spurningin; en í ummælum mínum kom það þó í ljós, hvað var aðalástæðan fyrir mjer, að jeg get vel fengið norskan, sænskan eða enskan mann til að fara með mín mál í Danmörku eða Frakklandi, en ekki enskan mann til að fara með þau á Englandi, sænskan í Svíþjóð, danskan í Danmörku. Á þetta lagði jeg áherslu. En það er einmitt danskur þegn, sem fer með mál Íslands í Danmörku. Jeg hefði ekki á móti því, þótt stjórnin fengi norskan sendiherra til að fara með íslensk mál í Danmörku um stundarsakir. Það er ekkert hneyksli. En hitt er í sjálfu sjer hneyksli, án þess að jeg vilji neitt sveigja að þessum manni, því að hann á alt gott skilið af mjer. En hann hefir þennan eina galla, sem gerir hann óhæfan til þessa, sem sje að hann er danskur þegn og auk þess fulltrúi utanríkisráðuneytisins danska og undirmaður þess manns, sem hann á að semja við.

Hæstv. utanríkisráðherra (JM) sagði, að stjórnin vildi gjarnan senda sendimann til Danmerkur. Álítur hann nauðsyn á þessu, en sagði, að aðeins vantaði fjárveitingu. Mjer skilst eftir því, að stjórnin ætti að leggja hnefann á borðið og segja við þingmenn: Hversu líst þjer hnefi sjá? Ef þið viljið ekki leyfa mjer að gera það, sem er alveg nauðsynlegt að gera, ef þið leyfið mjer ekki að leggja út í sjálfsagt gróðafyrirtæki fyrir þjóðina, þá vil jeg ekki vera þjónn þessa þings. Þetta skilst mjer að hæstv. stjórn ætti að gera, og jeg hygg, að hv. þm. myndu þá þegar láta sjer segjast. Það hlýtur að vera af því, að málið er þeim ekki ljóst, að þeir feldu niður borgun til sendiherrans. Þeim þarf að skiljast, að þetta er sannarlegt gróðafyrirtæki fyrir Ísland, fyrir ríkissjóðinn meira að segja, ef ekki beint, þá óbeint. Jeg nefndi í ræðu minni um sendiherrann á dögunum allálitlegar upphæðir, sem okkur hafa græðst við það að hafa góðan sendiherra. Um einar 45 þús. munar ekkert í samanburði við þær.

En jeg segi eins og Flosi frændi minn mælti forðum, er hann var ilt verk að vinna, en nú er jeg að vinna gott verk: „Meguð þér nú vel bíða þess, er eldrinn vinnr þá". Því að af þessu máli mun upp koma sá eldur, að jeg bíð óhræddur þess, að yfir ljúki.

Forsætisráðherra (JM): Það er aðeins örstutt athugasemd út af þessu nafni, utanríkisráðherra. Þar er jeg ekki sammála hv. fyrirspyrjanda (BJ), að það sje okkur sjerstaklega nauðsynlegt. Enda tíðkast það ekki með öllum þjóð-

um. T. d. í Bandaríkjunum er það ekki talin þörf og ekki heldur á Spáni. Þetta er því ekki eins sjálfsagt og hv. fyrirspyrjandi lætur í veðri vaka.

2. Selaskot á Breiðafirði.

Á 17. fundi í Nd., fimtudaginn 26. febr., var útbýtt:

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um undirbúning lagabreytingar um selaskot á Breiðafirði (A. 98).

Á 21. fundi í Nd., næsta dag, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 16 shlj. atkv.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal leyfa mjer að lýsa yfir því, að jeg er hvenær sem er albúinn þess að svara fyrirspurn þessari. Getur því hæstv. forseti tekið hana á dagskrá, þegar honum sýnist.

Forseti (BSv): Jeg skal minnast þessara orða hæstv. atvrh. (MG), jafnframt því sem jeg þakka honum fyrir, að mál þetta getur fengið greiða afgreiðslu.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 6. mars, var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Jónsson): Jeg hefi komið fram með þessa fyrirspurn sakir þess, að á síðasta þingi var stjórninni falið með rökstuddri dagskrá að leita álits sýslunefnda Dala- og Snæfellsnessýslna um þetta mál. Þar sem jeg hefi ekkert um þetta heyrt síðan, vildi jeg óska, að hæstv. stjórn lýsti því yfir á þingi nú, hvað hún hefir gert í málinu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Dagskrá sú, er hv. þm. Dala. (BJ) spyr um, var afgreidd til atvinnumálaráðuneytisins 3. apríl f. á. En 7. s. m. skrifar ráðuneytið sýslunefndum Snæfellsnes-, Dala- og Barðastrandarsýslna og leitar álits þeirra um málið. Að vísu var ekki í dagskránni farið fram á að bera mál þetta undir sýslunefnd Barðastrandarsýslu. En af því að stjórnin var svo vel að sjer í landafræði, að hún vissi, að Barðastrandarsýsla lá sömuleiðis að Breiðafirði, þá bar hún mál þetta undir sýslunefnd þeirrar sýslu einnig. En svar hefir ekkert komið þaðan.

Með brjefi, dags. 31. maí f. á., tilkynnir sýslumaðurinn í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu: „Sýslunefndin samþykti með 6 atkvæðum af 12 að mæla með frv. eins og það liggur fyrir".

Svar sýslumannsins í Dalasýslu hljóðar svo: „Sýslunefndin leggur eindregið til, að frumvarpið verði sem fyrst að lögum. Samþykt í einu hljóði".

Þetta mun vera það, sem hv. fyrirspyrjandi vildi fá að vita. Vænti jeg því, að þetta nægi.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Jónsson): Fyrspurninni er fullsvarað, og læt jeg mjer vel líka.

Hákon Kristófersson: Jeg vildi mega spyrja hæstv. atvrh. (MG), hvort það muni rjett, sem mjer heyrðist, að sýslunefnd Barðastrandarsýslu hefði verið skrifað um þetta mál?

Atvinnumálaráðherra (MG): Já, henni var skrifað, en svar hefir ekkert komið.

Hákon Kristófersson: O jæja. Það hefir týnst.

---

3. Starfsemi erl. vátryggingarfjelaga hjer.

Á 76. fundi í Nd., laugardaginn 9. maí, var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um starfsemi erlendra vátryggingarfjelaga hjer á landi (A. 514).

Á 77. fundi í Nd., mánudaginn 11. maí, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 15 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. maí, var fyrirspurnin tekin til umr., með því að atvinnumálaráðherra hafði tjáð sig búinn til þess að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Jónsson): Jeg hefi leyft mjer að flytja þessa fyrirspurn til hæstv. stjórnar, sakir þess, að mjer hefir borist brjef frá manni, sem að mínu viti er mjög fróður um þessi efni, þar sem hann telur áreiðanlegt, að af Dana hálfu sje á þessu sviði gerð tilraun til að hafa einokun á Íslandi, m. ö. o. að hið svonefnda „Dansk Tarifforening" ætli sjer að leggja Ísland við Danmörku að því er þetta snertir. Taxtar þessa hrings gilda fyrir „Kongeriget Danmark", og þar með er Ísland talið og óefað Færeyjum ekki gleymt. Jeg sje nú ekki annað en að það væri heppilegast og rjettast, að Ísland væri laust við Danmörk í þessum málum sem öðrum, því að jeg býst við, að vjer munum hjer einfærir og þurfum ekki að nota Dani sem milliliði.

Ef það er rjett, sem jeg dreg út úr fyrnefndu brjefi, sýnist mjer full ástæða til þess, að þetta mál sje rannsakað, og því er það fyrirspurn mín til hæstv. stjórnar, hvort hún vill rannsaka málið til næsta þings og gefa þá skýrslu um, hvað sú rannsókn leiðir í ljós. Þarf sú skýrsla ekki að vera í neinu sjerstöku formi. T. d. getur hæstv. stjórn komið fram með lagafrv. um þetta efni, ef hún telur það nauðsynlegt. Mjer er kunnugt um, að enskt fjelag hefir orðið að fara til Kaupmannahafnar frá Lundúnum til þess að fá leyfi til að vátryggja á Íslandi. Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en mjer sýnist, að full ástæða sje til að rannsaka málið. Er mjer kunnugt um, að ýmsir danskir fjesýslumenn hafa fullan hug á að hafa Ísland fyrir mjólkurkú eða sem „bíland" norður í hafi. En eins og jeg hefi lýst yfir, þá mun jeg gera mig ánægðan með það, að hæstv. stjórn svari nú því einu, að hún skuli taka málið til rannsóknar til næsta þings og gera þá grein fyrir, hvernig sakir standa.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg þarf ekki að segja nema örfá orð, úr því að hv. fyrirspyrjandi gerir ekki frekari kröfur. Jeg hefi ekki neitt á móti því að rannsaka málið til næsta þings og leggja þá fram skýrslu um rannsóknina. Þá

hefi jeg svarað hv. þm. (BJ) því, sem hann bað um.

Jeg vil aðeins geta þess, að eftir það, að þessi fyrirspurn kom fram, komu til mín tveir tryggingarfróðir menn og sögðu, að ýmislegt í umræddu brjefi væri bygt á misskilningi. Jeg svaraði þeim því, að jeg hefði ekki tíma til að setja mig inn í málið að sinni, en skyldi rannsaka það síðar. Og nú hefi jeg lofað, að sú rannsókn skuli fram fara fyrir næsta þing.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Jónsson): Jeg er alveg ánægður með svör hæstv. atvrh. (MG). Vitanlega fer jeg ekki fram á annað nú en það, sem jeg sagði í upphafi, að rannsókn verði hafin. En viðvíkjandi þeim tveim mönnum, sem vildu afsaka Danina og vefengja brjefið, sem jeg mintist á, vil jeg drepa á, að mjer er kunnugt um mann einn, sem hafði fult umboð frá Lundúnum, eftir því sem fyrirskipað er í íslenskum lögum. En hann varð að fara til Danmerkur til þess að fá leyfi til að fá iðgjöldin borguð í íslenskum krónum. Jeg skil nú ekki, hvaða leið liggur um Danmörk frá Lundúnum til þess að fá að láta íslenskar krónur liggja í íslenskum bönkum.

4. Útsala á Spánarvínum í Vestmannaeyjum.

Á 63. fundi í Ed., miðvikudaginn 29. apríl, var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um útsölu á Spánarvínum í Vestmannaeyjum (A. 406).

Á 64. fundi í Ed., næsta dag, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., föstudaginn 1. maí, var fyrirspurnin aftur tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð í e. hlj.

Á 71. fundi í Ed., föstudaginn 8. maí, var fyrirspurnin tekin til umr., með því að dóms- og kirkjumálaráðherra hafði tjáð sig búinn til þess að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Jósefsson): Jeg hefi leyft mjer að flytja þessa fyrirspurn til stjórnarinnar út af erindi, sem mjer hefir verið sent frá bæjarstjórninni í Vestmannaeyjum. Eftir því, sem þar kemur fram, er það ljóst, að bæjarstjórnin er yfirleitt mótfallin því, að útsalan á Spánarvínum haldi áfram í Eyjunum, og um 1000 manns hafa tjáð sig sammála bæjarstjórninni, samkv. skjali, sem mjer hefir borist. Á síðasta þingi komu fram í þessari hv. deild samskonar tilmæli frá Siglfirðingum, og var flutt þáltill. í tilefni af þeim áskorunum. Út af þeirri reynslu, sem þá fjekst, hefi jeg ekki sjeð mjer fært að flytja þáltill. um þetta mál, en talið rjettara að fara fyrirspurnarleiðina. Vitaskuld er það öllum vitanlegt, að það, að þjóðin hefir orðið að leyfa innflutning þessara svonefndu Spánarvína, stafar af nauðungarráðstöfun annarar þjóðar. Hvernig varið er þessum samningum milli þessarar erlendu þjóðar og okkar þjóðar, er mjer ekki fullkunnugt. Þess vegna flyt jeg þessa fyrirspurn. Jeg býst og við, að það sje ætlun annara, er

losna vilja við Spánarvínin, að Spánarsamningarnir sjeu ekki svo úr garði gerðir, að nauðsynlegt sje að hafa útsölu á vínunum á öllum þeim stöðum, þar sem hún er nú. Að því er Vestmannaeyjar snertir, þá væri það mjög æskilegt, að hægt væri að hafa einhverjar hömlur á vínsölunni, einkum á vetrarvertíðinni. Þá getur það verið mjög óheppilegt, að menn geti náð sjer þar í vín alveg takmarkalaust. Eins og hv. þdm. vita, koma þangað á vertíðinni menn úr öllum hjeruðum landsins, margir ungir og efnilegir menn, og að mínu áliti væri það mjög æskilegt, ef hægt væri að leggja einhverjar hömlur á útsöluna með Spánarvínin í Eyjunum þann tímann, sem þar er margmennast.

Þegar stjórnin neyddist til að leyfa innflutning Spánarvína, voru menn sjer þess meðvitandi, að annar aðalatvinnuvegur landsins var í hættu, vegna ráðstafana þeirra, er Spánverjar höfðu gert.

Þingið var svo að segja á einu máli um það, að of hættulegt væri að komast í tollstríð við Spánverja. En það hefði mátt leyfa innflutning á vínum án þess að setja upp útsölustaði hingað og þangað, og veit jeg ekki, hvers vegna það var gert, eða hvort Spánverjar hafa krafist nokkurs í því efni. Það mundi hafa mikil áhrif á vínnautn úti um land, ef vínin væru aðeins seld hjer í Reykjavík og menn yrðu að panta þau hjeðan.

Því hefir verið haldið fram opinberlega fyrir skemstu, að þessi tilhögun með útsölustaði sje ekki nauðsynleg vegna samninganna við Spánverja. Ef hún er ekki nauðsynleg — sem jeg vona að hæstv. stjórn upplýsi — og sjái stjórnin sjer fært að breyta um fyrirkomulagið á útsölu vínanna, þá væri það að mínu áliti mjög æskilegt og nauðsynlegt, að svo væri gert.

Forsætisráðherra (JM): Það er rjett hjá hv. þm. Vestm. (JJós), að Siglfirðingar hafa óskað eftir því að losna við útsöluna hjá sjer, og það mál var athugað hjer á þinginu í fyrra. Í sumar komu áskoranir frá þeim og mörgum þar í grend, og eins frá stórstúkunni, um það að losa Siglufjörð við vínsölu, um síldveiðitímann að minsta kosti. Í sjálfu sjer gæti verið mjög mikil ástæða til þess að verða við því á þeim stað.

Fyrir skemstu kom og sendinefnd frá Hafnfirðingum með þá beiðni, að útsalan þar yrði lögð niður.

Eftir því, sem mig minnir, var það í óþökk kaupstaðanna, að útsala vína var sett í hverjum þeirra. Þó hygg jeg, að engin mótmæli hafi komið frá Vestmannaeyjum í upphafi. Jeg get vel skilið ósk eyjabúa nú, eftir að reynsla er fengin, um að verða lausir við vínsöluna þar.

Í samningunum við Spánverja, sem prentaðir eru í Stjórnartíðindunum fyrir nokkru, er ekkert tekið beint fram um það, að vínverslunin hafi útsölur úti um land. Fyrverandi stjórn tók það ráð að setja útsölur í kaupstaðina alla, en hvergi annarsstaðar. Hygg jeg, að þetta hafi verið skynsamlegt, og þess er jeg fullviss, að fyrv. stjórn hefir ekki viljað fara lengra í þessu efni en hún taldi nauðsynlet.

En öllum málaleitunum, sem komið hafa til mín um það að leggja niður útsölur, hefi jeg svarað á þann hátt, að jeg treysti mjer ekki til þess.

Svar mitt verður því hjer hið sama

sem áður, að jeg treysti mjer ekki til að leggja niður vínsöluna í Vestmannaeyjum. Hitt er annað mál, að ekki er það nema gott, ef hægt væri að finna ráð til að hindra þar sem unt er misbrúkun við söluna, og vil jeg skjóta því til bæjarstjórnarinnar þar. Í það vildi jeg vel taka.

Sigurður Eggerz: Jeg þakka hæstv. forsrh. (JM) fyrir ummæli hans um aðgerðir fyrri stjórnar í þessu máli. Jeg ætlaði fyrst að hafa aðeins eina útsölu á vínunum, en eftir að hafa ráðgast um það við samningamenn Íslands og aðra, sem best vit höfðu á því máli, sá jeg mjer ekki fært að fara skemra en þetta, að hafa útsölu í hverjum kaupstað. Og með því áleit jeg að settar væru þær takmarkanir, sem framast væri unt að setja, til þess að engu væri stofnað í hættu um fisksöluna.

En síðan hafa bannmenn verið með sífeldar árásir á mig fyrir þetta og síðast blað á Ísafirði, sem segir, að jeg verði íklæddur skömm til dauðadags fyrir afskifti mín af þessu máli. Jeg vil segja það hjer á Alþingi, að jeg álít þessar sífeldu hnippingar bannmanna í mig hinn mesta ódrengskap. Það er nú svo að segja enginn ágreiningur um, að hjá því varð ekki komist að gera samninginn við Spánverja, en þar sem nú ekki varð komist hjá því, þá varð ekki heldur hjá því komist að framkvæma samninginn á þann hátt, að í framkvæmdinni yrðu ekki búnir til nýir ásteytingarsteinar fyrir fisksöluna.

Áreiðanlega verður það aldrei til neinnar gæfu fyrir bannmálið að skjóta örvum sínum að þeim, sem fastast og trúlegast hafa staðið með því máli. Og sannfærður er jeg um það, að þeir, sem nú skjóta örvunum, mundu hafa gert alveg það sama og jeg, ef þeir hefðu farið með ábyrgðina.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Jósefsson): Jeg hefi nú heyrt undirtektir hæstv. forsrh. (JM) um málið, og þær voru ekki öðruvísi en búast mátti við. Út af því, sem hv. 1. landsk. (SE) sagði, en hann var þá í stjórn, er samningurinn var gerður, þá efast enginn um, að hann hafi viljað takmarka útsölurnar sem mest. Jeg veit ekki, hvað hann átti við með árásum á sig, en vil hjer með fullvissa hv. þm. um það, að þessi fyrirspurn er engin árás á hann. **(SE:** Jeg skildi það).

Eins og tekið hefir verið fram, eru þessir samningar við Spánverja gerðir af því, að stjórnin sá sig til neydda. Hæstv. forsrh. sagði nú, að það væri raunar ekki tekið neitt fram um það í samningnum, að útsölur ættu að vera í kaupstöðunum, en stjórnin hefði litið svo á, að minna mætti ekki gera. Að útsala á vínum í Vestmannaeyjum hafi verið sett upp mótmælalaust af hálfu kaupstaðarins, mun vera rjett, enda hefi jeg ekki haldið öðru fram. En hafi bæjarstjórn þar ekki hreyft neinum mótmælum, þá mun það vera af því, að hún hefir álitið, að þetta væri óhjákvæmilegt. **(Forsrh. JM:** Alveg rjett). Ef bæjarstjórn hefði verið sjer þess meðvitandi, að hún gæti komið í veg fyrir, að útsala væri sett þar, þá er líklegt, að hún hefði gert það.

Jeg hlýt að fallast á þær ástæður, er hæstv. forsrh. bar fram um það, að stjórnin sjái sjer ekki fært að verða við tilmælum Vestmannaeyja um að leggja alveg niður útsöluna, og verð að sætta mig við það í bili. En jeg þakka honum

fyrir, að hann er fús á að koma einhverjum hömlum á útsölu vínanna, til þess að fyrirbyggja ofnautn. Jeg býst við því, að þetta mál verði tekið upp af bæjarstjórn Vestmannaeyja og að hún og hæstv. forsrh. geti komið sjer saman um einhverjar reglur, sem verði til bóta.

Ingvar Pálmason: Hv. 1. landsk. (SE) taldi ráðstafanirnar með útsölu Spánarvínanna hafa verið gerðar á besta hátt, og þóttist hafa fengið staðfestingu á því hjá eftirmanni sínum, hæstv. forsrh. (JM). En hann vildi láta það koma fram hjer á Alþingi, að hann hefði orðið fyrir ámæli af bannmönnum fyrir framkomu sína í málinu. Jeg skal nú ekki fara mörgum orðum um þetta atriði, en vegna þess, að þessum ásökunum er beint að bannmönnum, þá get jeg ekki setið þegjandi hjá.

Jeg skal þá fyrst skýra frá því, hvernig jeg sem bannmaður lít á þessa ráðstöfun fyrverandi ráðherra (SE). En það, sem jeg segi um málið, er mín eigin skoðun og sagt á eigin ábyrgð. Hv. 1. landsk. sagði, að ekki hefði komið til mála að semja við Spánverja um útsölustaði, enda er ekkert tekið fram um það, hvort útsölustaðirnir skuli vera 1 eða 100. Það er aðeins tekið fram, að stjórnin megi ekki leggja neinar hömlur á sölu vínanna.

Jeg lít óhikað svo á, að nóg hefði verið að hafa einn útsölustað og að þáverandi stjórn hafi verið heimilt að ákveða það. Í samningnum er hvergi bent til hins gagnstæða. Á Íslandi eru nú um 100 þúsundir manna, og þótt samgöngur sjeu ekki góðar, þá ætti þó að vera nóg að hafa hjer eina áfengisútsölu. Þótt jeg viti, að hv. fyrv. ráðh. hafi breytt eftir bestu sannfæringu, þá hefir hann þó farið alt of langt, er hann ákvað fleiri útsölustaði. Og nú verður ekki úr því dregið lengur. Jeg byggi ekkert á orðum hæstv. forsrh. (JM) áðan, um að setja hömlur á vínsöluna í kaupstöðunum, því að það væri einmitt brot á samningunum, þar sem það er tekið fram, að stjórnin megi ekki hindra sölu á neinn hátt. Og eftir því, sem bæirnir stækka, má því frekar búast við, að útsölustöðum fjölgi, og geta þeir eftir nokkur ár verið orðnir 10—20.

Jeg hefi viljað láta þessa skoðun mína koma hjer fram á Alþingi. Jeg held því ekki fram, að hv. fyrv. ráðherra (SE) hafi viljað draga úr krafti bannlaganna, heldur að hann hafi ekki farið rjett að. Og flestir bannmenn munu líta á þetta mál eins og jeg.

Jeg er nú svo sinnaður, að mjer finst, að af þessum 100 dögum, sem Alþingi situr, þá sje ekki svo mörgum dögum, varið til þess að ræða bindindi, að jeg geti ekki haft góða samvisku fyrir það, þótt jeg kunni að eyða svo sem einum tíma til að tala um það mál, því að afleiðingin af Spánarvínunum hefir orðið ill fyrir alt landið og fyrir bannmálið. Jeg skal nú samt ekki orðlengja meira um þetta.

Sigurður Eggerz: Jeg fjekk staðfestingu á því, að jeg fór ekki með rangt mál áðan um ámæli bannmanna á mig. Hv. 2. þm. S.-M. (IP) sagði, að ef hann hefði mátt ráða, þá hefði ekki verið hafður nema einn vínútsölustaður á landinu. En hvað mundi hann hafa gert, ef formaður samninganefndarinnar íslensku og þeir, sem mest vit höfðu á málinu, hefðu ráðið honum til að haga fyrirkomulaginu eins og jeg gerði?

Mundi hann hafa þorað að haga framkvæmdum svo, að hætta hefði orðið á því, að samningunum hefði verið sagt upp? Hver í þessu landi hefði þorað að taka þá ábyrgð á sig?

Forseti (HSt): Jeg leyfi mjer að áminna hv. þdm. um að halda sjer betur við mál það, sem á dagskrá er, þ. e. útsölu vínsins í Vestmannaeyjum, og leyfi jeg ekki, að svo langt verði vikið frá því efni sem gert hefir verið.

Jónas Jónsson: Það, sem gaf mjer tilefni til að taka til máls, var sjerstakt atriði í ræðu hv. 1. landsk. (SE), er hann bar sig upp undan því, hversu vanþakklátt starf hann hefði haft með höndum. Hann hefði ávalt verið móti víninu sjálfur o. s. frv. En jeg vil þá minna hann á, að bæði hann sjálfur og aðrir fóru ekki þá eðlilegustu leið, sem til var, þ. e. að bera málið undir atkv. þjóðarinnar. Jeg hefi ávalt viljað, að sú leið hefði verið farin, og benti á hana 1923, en það kom fyrir ekki. Forustumenn landsins þorðu ekki þá að leggja málið undir dóm þjóðarinnar. En þegar menn þora ekki að leggja sinn málstað undir dómsúrskurð þjóðarinnar, verða menn að sætta sig við, þó að dómarnir verði misjafnir.

VIÐBÆTIR

Yfirlit um alþingiskostnað

frá 1. janúar til 31. desember 1924.

I. Þingfararkaup alþingismanna *(fylgiskjal I.)* . . . . . kr. 75595.96

II. Goldið starfsmönnum:

A. Föst laun . . . . . kr. 6080.00

B. Lausum starfsmönnum [skrifst. og prófarkal. (þar í aðstoð við útgáfu á umræðum) kr. 10395.60, skjalavarsla kr. 1260.00, lestrarsalsgæsla kr. 1182.50, innanþingsskriftir kr. 11066.00, dyra- og pallavarsla kr. 2490.00, þingsveinsstörf kr. 1498.00] . . . . . — 27892.10

——— — 33972.10

III. Útgáfukostnaður Alþingistíðinda og Landsreikninga og önnur prentun:

1. Útgáfukostnaður Alþingistíðinda:

A. Skjalapartur og þingskjöl [Samningur 3. maí: Arkarverð með sjerprentunum kr. 175.00, kápuverð kr. 15.00]:

a. Samkvæmt munnlegum samningi: 20 arkir A-deildar án sjerprentana, 1 kápa kr. 2742.50

b. Samkvæmt samningi 3. maí: 109½ örk A-deildar með sjerprentunum, 6 kápur — 19252.50

c. Uppprentun þskj. og framyfirprentun . — 308.60

——— kr. 22303.60

B. Umræðupartur [Samningar 3. maí: Arkarverð kr. 117.00, í aðalefnisyfirliti kr. 189.00, kápuverð kr. 14.00]: B-deild (149½ örk, 8 kápur) kr. 17603.50, C-deild (83 arkir, 4 kápur) kr. 9767.00, D-deild (37½ örk, 2 kápur) kr. 4415.50, Aðalefnisyfirlit (5½ örk, 1 kápa) kr. 1053.50, Viðbætir (yfirlit um alþingiskostnað 1923, 1 örk, munnl. samn.) kr. 157.00. . . . . — 32996.50

C. Pappír í skjalapart og umræður o. fl., keyptur í heildsölu erlendis (296 ris) *(fylgiskjal II.)*	kr. 4908.39			
D. Útsending (burðareyrir kr. 1851.75, vinna við umbúnað og útburð kr. 419.00, umbúðir kr. 103.00)	— 2373.75			
		kr. 62582.24		
2. Útgáfukostnaður Landsreikninga ásamt launum yfirskoðunarmanna:				
A. Til yfirskoðunarmanna (þriggja) 1000 kr. til hvers + verðstuðulsuppbót (52%)	kr. 4560.00			
B. Prentkostnaður og heftingar	— 3645.25			
		— 8205.25		
3. Önnur prentun (lagaprentun o. fl. kr. 1267.46, brjefhausa, aðgöngumiða o. fl. kr. 99.88, vinna við fjölritun á dagskrám o. fl. kr. 581.00)		— 1948.34		
			kr.	72735.83
IV. Bókband (kr. 292.65), bækur (kr. 260.40), ritföng (kr. 934.25)			—	1487.30
V. Ljós, hiti, ræsting og viðhald á húsi og munum:				
1. Ljós (kr. 857.19) og ljósfæri (eftirstöðvar af raflagnarkostnaði, kr. 1801.80)		kr. 2658.99		
2. Hiti		— 3522.00		
3. Ræsting (ræstingarvinna kr. 1968.90, ræstingarvörur kr. 319.21)		— 2288.11		
4. Viðhald á húsi		— 1306.58		
5. Viðhald á munum		— 561.71		
			—	10337.39
VI. Önnur gjöld:				
1. Aðstoð og aukavinna		kr. 85.00		
2. Símagjöld Alþingis (talsímaleiga o. fl.)		— 609.65		
3. Símanot þingmanna (símtöl og símskeyti kr. 3620.75 *(fylgiskjal I.)*, forsetaskeyti kr. 105.00, símavarsla kr. 880.00.)		— 4605.75		
4. Þinghúsgarðurinn		— 418.85		
5. Opinber gjöld		— 1837.59		
	Flyt	kr. 7556.84	kr.	194128.58

		Fluttar kr.	7556.84	kr. 194128.58
6. Ýms gjöld:				
A. Minningargjafir til Landsspítalasjóðs Íslands á útfarardegi þriggja fyrv. alþingismanna: dr. Jóns Þorkelssonar, sjera Sigurðar Jenssonar og sjera Sigurðar Stefánssonar	kr.	150.00		
B. Auglýsingar, frímerki o. fl.	—	146.50		
			— 296.50	
				— 7853.34
				Samtals kr. 201981.92

Skrifstofu Alþingis, 6. febr. 1925.

Jón Sigurðsson.

Skilagrein

um greiðslur í ríkissjóð frá skrifstofu Alþingis á árinu 1924.

1. Fyrir seld Alþingistíðindi	kr.	382.50
2. Fyrir selda Landsreikninga	—	4.50
3. Fyrir seldar gaspípur o. fl. úr Alþingishúsinu	—	79.70
Samtals	kr.	466.70

Skrifstofu Alþingis, 6. febr. 1925.

Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

Þingfararkaup alþingismanna 1924

og símanot á kostnað Alþingis s. á.

Nöfn	Dagpeningar og verðstuðulsuppbót			Ferðakostnaður alls	Þingfararkaup	Símanot á kostnað Alþingis
	Dagpeningar	Uppbót	Dagpeningar og uppbót alls			
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Ágúst Flygenring, 1. þm. G.-K., í Hafnarfirði	1020.00	530.40	1550.40	. . . .	1550.40	44.05
Árni Jónsson, 2. þm. N.-M., á Vopnafirði	1236.00	642.72	1878.72	112.00	1990.72	91.85
Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf., í Reykjavík	996.00	517.92	1513.92	. . . .	1513.92	119.40
Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ., í Reykjavík	996.00	517.92	1513.92	. . . .	1513.92	438.90
Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf., á Þverá	1272.00	661.44	1933.44	209.00	2142.44	66.85
Bjarni Jónsson, þm. Dala., í Reykjavík	996.00	517.92	1513.92	. . . .	1513.92	. . .
Björn Kristjánsson, 2. þm. G.-K., í Reykjavík	996.00	517.92	1513 92	. . . .	1513.92	8.55
Björn Lindal, þm. Ak., á Svalbarði	1260.00	655.20	1915.20	134.00	2049.20	59.45
Eggert Pálsson, 1. þm. Rang., á Breiðabólsstað	1104.00	574.08	1678.08	385.00	2063.08	31.75
Einar Árnason, 1. þm. Eyf., á Eyrarlandi	1260.00	655.20	1915.20	134.00	2049.20	100.00
Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv., í Ási	1176.00	611.52	1787.52	267.00	2054.52	183.60
Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M., á Torfastöðum	1296.00	673.92	1969.92	184.00	2153.92	20.10
Halldór Steinsson, þm. Snæf., í Ólafsvík	1188.00	617.76	1805.76	75.00	1880.76	58.75
Hákon Kristófersson, þm. Barð., í Haga	1248.00	648.96	1896.96	158.00	2054.96	84.65
Hjörtur Snorrason, 3. landsk. þm., í Arnarholti	1260.00	655.20	1915.20	140.00	2055.20	28.25
Ingibjörg H. Bjarnason, 6. landsk. þm., í Reykjavík	996.00	517.92	1513.92	. . . .	1513.92	. . .
Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ., í Fjósatungu	1284.00	667.68	1951.68	224.00	2175.68	279.05
Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., á Norðfirði	1260.00	655.20	1915.20	131.00	2046.20	3.60
Jakob Möller, 3. þm. Reykv., í Reykjavík	996.00	517.92	1513.92	. . . .	1513.92	. . .
Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., í Vestmannaeyjum	1128.00	586.56	1714.56	50.00	1764.56	321.25
Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf., í Reykjavík	996.00	517.92	1513.92	. . . .	1513.92	. . .

Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf., á Ísafirði . . . . . .
Jón Baldvinsson, 2. þm. Reykv., í Reykjavík . . . . . .
Jón Kjartansson, þm. V.-Sk., í Reykjavík . . . . . .
Jón Magnússon, 4. landsk. þm., í Reykjavík . . . . . .
Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., á Reynistað . . . . . .
Jón Þorláksson, 1. þm. Reykv., í Reykjavík . . . . . .
Jónas Jónsson, 5. landsk. þm., í Reykjavík . . . . . .
Jörundur Brynjólfsson, 2. þm. Árn., í Skálholti . . . . . .
Klemens Jónsson, 2. þm. Rang., í Reykjavík . . . . . .
Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf., í Reykjavík . . . .
Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv., í Reykjavík . . . . . .
Magnús Torfason, 1. þm. Árn., á Eyrarbakka . . . . . .
Pjetur Ottesen, þm. Borgf., á Ytrahólmi . . . . . .
Pjetur Þórðarson, þm. Mýra., í Hjörsey . . . . . .
Sigurður Eggerz, 1. landsk. þm., í Reykjavík . . . . . .
Sigurður Jónsson, 2. landsk. þm., á Ystafelli . . . . . .
Sigurjón Jónsson, þm. Ísaf., á Ísafirði . . . . . .
Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M., í Firði . . . . . .
Tryggvi Þórhallsson, þm. Str., í Reykjavík . . . . . .
Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk., í Hólum . . . . . .
Þórarinn Jónsson, þm. V.-Húnv., á Hjaltabakka . . . . .

Hreyfilbátsferð til Akraness, til þess að sækja þingmann

Samtals

1212.00	630.24	1842.24	65.00	1907.24	181.95
996.00	517.92	1513.92	. . . .	1513.92	0.35
996.00	517.92	1513.92	. . . .	1513.92	35.90
996.00	517.92	1513.92	. . . .	1513.92	0.35
1212.00	630.24	1842.24	235.00	2077.24	111.15
996.00	517.92	1513.92	. . . .	1513.92	120.45
996.00	517.92	1513.92	. . . .	1513.92	518.35
1056.00	549.12	1605.12	242.00	1847.12	37.65
996.00	517.92	1513.92	. . . .	1513.92	. . .
996.00	517.92	1513.92	. . . .	1513.92	6.60
996.00	517.92	1513.92	. . . .	1513.92	2.60
1044.00	542.88	1586.88	242.00	1828.88	18.60
1020.00	530.40	1550.40	15.00	1565.40	102.10
1128.00	586.56	1714.56	185.00	1899.56	11.75
996.00	517.92	1513.92	. . . .	1513.92	. . .
1296.00	673.92	1969.92	284.00	2253.92	68.55
1212.00	630.24	1842.24	65.00	1907.24	114.40
1248.00	648.96	1896.96	156.00	2052.96	47.25
996.00	517.92	1513.92	. . . .	1513.92	17.15
1332.00	692.64	2024.64	395.00	2419.64	119.40
1164.00	605.28	1769.28	250.00	2019.28	166.15
. . . .	. . .	. . . .	50.00	50.00	. . .
46848.00	24360.96	71208.96	4387.00	75595.96	3620.75

Fylgiskjal II.

Skilagrein

fyrir prentpappír í Alþingistíðindi 1924.

I. Pappírsleifar frá f. á. samkvæmt síðasta þingreikningi $106^{13}/_{20}$ ris, kr. 1673.39
II. Pappír, keyptur frá útlöndum á árinu . . . . . 296 — — 4908.39

Alls $402^{13}/_{20}$ ris, kr. 6581.78

Jafnaðarverð ca. kr. 16.35 risið.

Af pappír þessum hefir farið:

1. Í *skjalapart og þingskjöl* $153^{1}/_{2}$ ris . . . . . kr. 2509.73
2. Í *umræðupart* $227^{1}/_{5}$ ris . . . . . — 3714.72
3. Til *fjölritunar á dagskrám o. fl.* $3^{1}/_{4}$ ris . . . . . — 53.14

— 6277.59

En eftir er óeytt $18^{7}/_{10}$ ris, kr. 304.19